Alþingi 1955.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1955, laugardaginn 8. október, var sjötugasta og fimmta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fimmtugasta og áttunda aðalþing í röðinni, en nítugasta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Kristján Bjarnason á Reynivöllum steig í stólinn og lagði út af Lúk. 10. kap. 38.—42.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Andrés Eyjólfsson, þm. Mýr.
2. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
3. Bergur Sigurbjörnsson, 8. landsk. þm.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
6. Brynjólfur Bjarnason, 2. landsk. þm.
7. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
8. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
10. Finnbogi R. Valdimarsson, 6. landsk. þm.
11. Gils Guðmundsson, 8. þm. Reykv.
12. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
13. Gísli Jónsson, þm. Barð.
14. Guðmundur Í. Guðmundsson, 10. landsk. þm.
15. Gunnar Jóhannsson, 4. landsk. þm.
16. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
17. Gylfi Þ. Gíslason, 1. landsk. þm.
18. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
19. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
20. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
21. Ingólfur Flygenring, þm. Hafnf.
22. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
23. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
24. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
25. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
26. Jónas Rafnar, þm. Ak.
27. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
28. Karl Guðjónsson, 9. landsk. þm.
29. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
30. Ólafur Thors, þm. G-K.
31. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
32. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
33. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
34. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
35. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
36. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
37. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
38. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi nema 9. landsk. þm. (KGuðj), sem hafði fengið fjarvistarleyfi.

Enn fremur var á fundinum Kristinn Gunnarsson, 7. landsk. (vara)þm.

Ókomnir til þings voru:

1. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
2. Eggert Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
3. Einar Ingimundarson, þm. Siglf.
4. Emil Jónsson, 5. landsk. þm.
5. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
6. Hermann Jónasson, þm. Str.
7. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
8. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
9. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
10. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
11. Lúðvík Jósefsson, 11. landsk. þm.
12. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
13. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
14. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 10. sept. s. l. var gefið út forsetabréf, svo hljóðandi:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

„Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1955 skuli koma saman til fundar laugardaginn 8. okt. n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu

eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 10. sept. 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um, að reglulegt Alþingi 1955 skuli koma saman til fundar laugardaginn 8. okt. 1955.“

Samkvæmt bréfi því, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá því er Alþingi var stofnað, eru nú 1025 ár, frá því er Alþingi var endurreist og kom saman af nýju fyrir 110 árum, er þetta 90. samkoma þess, en frá því að það fékk aftur löggjafarvald fyrir 81 ári, er þetta þing hið 75. í röðinni, en 58. aðalþing.

Á því sumri, sem nú er senn liðið, hefur verið einna tíðræddast um óþurrkana miklu og langviðrin á Suður- og Vesturlandi. En fyrir nokkrum árum gekk sams konar hallæri yfir Norður- og Austurland, og fylgdi þá harðindavetur óþurrkasumri. Á einum sex árum hafa því allar sveitir landsins að kalla fengið að reyna þá mestu óþurrka og erfiðustu heyskapartíð, sem orðið getur á voru landi. Og lengur þó hefur síldarafli brugðizt hvert sumar af öðru, og varðar það hag flestra, sem bjargast við sjávarafla. Hallæri má að nokkru leyti telja í tölum, en þó er hitt ekki síður hugraun fyrir þá, sem eiga sitt undir sól og vindi, að sjá lítinn árangur undirbúnings og allra starfa sinna um sjálfan bjargræðistímann. Hugurinn hrekst eins og heyið. Þetta er ekki nýtt í sögu landsins, og í Konungsskuggsjá, sem rituð er fyrir sjö öldum, stendur svo: „Það er og stundum, að jörð gefur ýrinn ávöxt og góðan, og mega menn þó ekki njóta, því óáran er í lofti, og spilla veður öllum ávöxtum í þann tíma, er hirða skyldi.“

Vér þekkjum öll hallærissögu fyrri alda: heyleysi, ýmist af grasbresti eða óþurrkum, nema hvort tveggja væri, skepnufellir og loks vergangur og manndauði. Um þetta segir í Konungsskuggsjá: „Svo kann og stundum að verða, að allir ágallar berist í senn .... og nálega mun vera kallað landsauðn, ef allir koma í senn og standa þrjá vetur.“ En það, sem nú er nýtt, er það, hvernig hallæri kemur niður á almenningi og hvernig afleiðingum þess verði afstýrt við hina nýju búnaðartækni, við hinar auknu samgöngur og raunar gerbreytt þjóðfélag og þingstörf.

Það hafa margar plágur herjað þessa þjóð: heyleysi, aflabrestur, hafís, jarðeldar og pestir, auk erlendrar ánauðar, en af henni leiddi margra alda verzlunar- og verðlagshallæri. Nú er þjóðin sjálfstæð og verzlunin innlend. Drepsóttir ná aldrei aftur sínum gömlu tökum. Við jarðelda ræður enginn, en þó er þess gott að minnast, hvernig tekið var með samhjálp og sjálfboðavinnu á móti síðasta öskufalli. Hafísinn hefur enn ekki heimsótt nýja tímann, og væri ekki úr vegi, að það væri athugað í tæka tíð, hvernig honum skuli mætt með vopnum nútímans, því að nægilega skilmerkilegar lýsingar eru til á því, hvernig hann hefur hagað sér og hans fylgifiskar, til þess að byggja á því varanlega og trausta varnaráætlun.

Viðureignin við óþurrka og aflabrest mun lengi standa, og þó ekki sambærileg aðstaða þjóðarinnar nú við það, sem var fyrr á öldum. Landhelgin hefur verið stækkuð, og vel búin veiðiskip sækja nú um allan sjó. Gamlar og nýjar aðferðir við heyþurrkun munu breiðast óðfluga út eftir reynslu síðasta sumars, og það má kalla merkilegt, að ekki skuli verr hafa farið en raun er á eftir svo látlausan vatnsaga. Vér erum þess allir fullvissir, að Alþingi muni takast að greiða svo úr með skipulagningu og stuðningi, að ekki verði talað um hallærisástand í hinni gömlu merkingu.

Ég gat þess áðan, að þjóðskipulag og þingstörf eru í mörgu gerbreytt fyrir stöðuga þróun, þó að ekki verði það kölluð bylting, nema borið sé saman upphaf og endir nokkuð langs tímabils. Hugsunarhátturinn hefur breytzt með batnandi hag. Samstarf þegnanna er orðið mikið og margbreytilegt. Afskipti Alþingis af ræktunarmálum, útvegsmálum, rafmagnsmálum, byggingarmálum og tryggingamálum, svo að aðeins fátt sé talið, eru tákn hins nýja tíma. Það, sem gert er til að fjölskyldur geti bjargazt og eignarrétturinn verði almennur, er unnið fyrir þjóðarheildina. Þó að oft séu átök hörð á líðandi stund, þá hefur reynzt svo um flesta meiri háttar löggjöf síðustu áratuga, að engir vilja stíga sömu sporin aftur á bak. Og á sama hátt er nú jafnan sinnt ýmsum óvelkomnum viðfangsefnum, þegar að kreppir hjá einstökum héruðum eða atvinnugreinum, því að alltaf er styrkur betri en hrun.

„Styrkur“ er máske ekki vinsælt orð, en ætti þó að vera það, þegar þjóðfélagið styrkir sjálft sig, um leið og það styður aðra. Styrkir eiga stundum ekki saman nema nafnið. Þegar t. d. veittir eru styrkir á mestallan útflutning í einhverju formi, þá eru það í rauninni atvinnuvegirnir, sem styrkja sig sjálfir. Stjórn og þing hefur þar úthlutunina, sem á allan hátt er þó miklu flóknari en gömlu hlutaskiptin voru, þegar formaðurinn sneri sér undan og sagði: „Hver skal þar?“ Í nútímaþjóðfélagi er hvor tveggja hættan til, að misskipt sé og að úthlutað sé meiru en aflað er, og á ég þar við allar meiri háttar fjárhagsákvarðanir, hvort sem þær eru teknar af þingi, stjórn, samtökum einstaklinga eða sjálfstæðum stofnunum. Hagkerfið hefur sín lögmál, sem ekki verða brotin, án þess að afleiðingin verði nokkurs konar hallæri, sem ekki verður rakið til náttúruafla, heldur vanhyggju eða kapps þeirra, sem á málum halda. Ég legg engan dóm á núverandi ástand eða væntanleg úrræði. Hér verður jafnan nokkur ágreiningur og meðalhóf vandratað, en bjargast, ef engin óáran er í mannfólkinu sjálfu.

Ég er þeirrar trúar, að þó að mörg viðfangsefni séu flókin í nútímaþjóðfélagi og erfið viðfangs, þá sé oss Íslendingum sízt verr trúandi en öðrum stærri þjóðum til að leysa þau. Það er ánægjuefni, hvað áunnizt hefur í viðureign við gamlar landplágur, og í löggjafarstarfi síðustu áratuga er skýrt samhengi og stefna. Hjá fámennri þjóð á margt að verða einfaldara og auðskildara en í fjölmenninu, og þó að hrjúft kunni

að vera á yfirborðinu, þá er samhugurinn ríkur undir niðri og hvötin sterk til að skapa göfugt og glæsilegt þjóðlíf í landinu.

Að svo mæltu árna ég Alþingi allra heilla í störfum sínum, og ég bið alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, Ólafur Thors, mælti: „Ísland lifi.“ Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram. Ég bið hann um að taka sæti.

Forseti Íslands tók sér síðan sæti í þingsalnum, en aldursforseti, Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (JörB): Áður en Alþingi tekur til starfa að þessu sinni, vil ég minnast nokkrum orðum fyrrverandi þingmanns, er látizt hefur frá því er síðasta þingi sleit. Er það Jóhann G. Möller forstjóri, sem varð bráðkvaddur að heimili sínu 21. ágúst s. l., 48 ára að aldri.

Jóhann Georg Möller fæddist 28. maí 1907 á Sauðárkróki, sonur Jóhanns Georgs Möllers verzlunarstjóra þar og konu hans, Þorbjargar Pálmadóttur prests í Hofsósi Þóroddssonar. Hann útskrifaðist úr menntaskólanum í Reykjavík 1928 og hóf síðan laganám við Háskóla Íslands, en varð innan skamms að hverfa frá því námi sökum vanheilsu. Árið 1933 gerðist hann starfsmaður hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, var þar fyrst bókari, síðan skrifstofustjóri, þar til hann árið 1947 var skipaður forstjóri Tóbakseinkasölu ríkisins, en það starf hafði hann á hendi til dauðadags.

Jóhann G. Möller gerðist þegar á unga aldri mjög áhugasamur um þjóðmál. Á skólaárum sínum tók hann að kynna sér fræðileg stjórnmálarit, og er það sammæli þeirra, sem bezt þekkja til, að hann hafi snemma ævi sinnar gerzt mjög fjölfróður um þjóðmál og þjóðmálastefnur. Lét hann einnig talsvert að sér kveða í þjóðmálaátökum, og við alþingiskosningar 1937 var hann kjörinn varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Á Alþingi 1937, 1938 og 1939 átti hann sæti um stundarsakir í forföllum, en tók sæti Péturs Halldórssonar á Alþingi að honum látnum og sat á fjórum þingum á árunum 1941—1942. Af öðrum störfum hans að opinberum málum skal það nefnt, að í landsbankanefnd átti hann sæti frá 1944 til dauðadags og á árunum 1951—1952 starfaði hann í nefnd þeirri, sem vann að undirbúningi áfengislaganna, er nú gilda.

Jóhann G. Möller var í eðli sínu alvörumaður, en þó léttur í máli og glaður á vinafundum. Honum var sýnt um að brjóta margþætt og torráðin vandamál til mergjar. Rökvís var hann á málþingum og gat sótt og varizt af kappi, en jafnan reyndist hann prúðmenni og drengur góður. Ungur að árum þótti hann líklegur til mikils frama í þjóðmálum vegna þekkingar og mannkosta, en vanheilsa olli því, að hann gat ekki, þegar fram í sótti, beitt sér eins og efni stóðu til og hlaut því að hlífa sér við stórræðum.

Einnig vil ég minnast með fáeinum orðum fyrrverandi ráðherra, Jóhanns Sæmundssonar prófessors, sem lézt í landsspítalanum 6. júní s. l., fimmtugur að aldri.

Jóhann Sæmundsson fæddist á Elliða í Staðarsveit á Snæfellsnesi 9. maí 1905. Foreldrar hans voru Sæmundur bóndi þar Sigurðsson og kona hans, Stefanía Jónsdóttir bónda á Kálfárvöllum Jónssonar. Hann útskrifaðist úr menntaskólanum í Reykjavík 1926 og lauk læknisfræðiprófi í Háskóla Íslands fimm árum síðar, 1931. Næstu ár var hann við framhaldsnám og starf í sjúkrahúsum erlendis, en 1935—1937 var hann aðstoðarlæknir í lyflæknisdeild landsspítalans og stundaði jafnframt almennar lækningar í Reykjavík. 1937 var hann ráðinn yfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins og gegndi þeim starfa til 1948. Þó varð þar hlé á um fimm mánaða skeið, frá 22. des. 1942 til 19. apríl 1943, er hann var félagsmálaráðherra í ráðuneyti Björns Þórðarsonar. Árið 1948 varð hann prófessor í lyflæknisfræði við Háskóla Íslands og yfirlæknir í lyflæknisdeild landsspítalans og hafði þau störf með höndum til æviloka. Skömmu áður en hann tók við prófessorsembætti, vann hann sér doktorsnafnbót við Karolinsku stofnunina í Stokkhólmi. Í læknaráði átti hann sæti frá stofnun þess, 1942.

Jóhann Sæmundsson var gæddur fjölþættum gáfum, var hugkvæmur, áhugasamur og ötull starfsmaður, þótt löngum ætti hann við þungbæran sjúkdóm að stríða. Aðalstarf sitt vann hann á sviði læknisfræði og heilbrigðismála. Í læknisstarfi hlaut hann miklar vinsældir og vann hylli og traust sjúklinga með alúð og nærgætni í viðmóti, en glöggskyggni og kunnáttu við lækningar.

Veigamikinn þátt starfs síns að heilbrigðismálum vann hann á vegum Tryggingastofnunar ríkisins og átti hlut í samningu almannatryggingalaganna frá 1946, einkum ákvæða þeirra um heilsugæzlu. Munu umbætur þær, sem í tryggingalöggjöfinni fólust, hafa verið honum að skapi sem önnur mannúðarmál. Var honum jafnan hugleikið að vinna að umbótum í félagsmálum, og mun það hafa leitt til þess, að hann tók við meðferð þeirra mála í ríkisstjórn, þótt innan skamms teldi hann sér skylt að biðjast lausnar, er honum þótti Alþingi hafa vikið frá réttri stefnu í mikilvægum málum.

Jóhann Sæmundsson var geðríkur að eðlisfari, en hafði öruggt vald á skapsmunum sínum. Hann var stefnufastur og ótrauður baráttumaður, ef því var að skipta, en gætti þó jafnan hófsemi í málflutningi. Honum var lagið að setja hugsanir sínar skýrt og skipulega fram í ræðu og riti, og frábær kennari var hann talinn. Mannhylli naut hann í ríkum mæli, enda glaðvær í vinafagnaði og átti auðvelt að blanda geði við aðra. Vanheilsu sína bar hann með fágætu æðruleysi og stillingu.

Þjóðin á hér á bak að sjá tveim mætum mönnum, sem báðir hafa hnigið að velli fyrir aldur fram og mikill mannskaði er að.

Ég vil biðja þingheim að votta minningu þeirra virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingheimur reis úr sætum. — Síðan gekk forseti Íslands út úr þingsalnum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Aldursforseti (JörB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 8. okt. 1955.

Með því að Eggert Þorsteinsson, 7. landsk. þm., verður erlendis næstu 2—3 vikur, leyfi ég mér fyrir hans hönd, með skírskotun til 3. mgr. 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður, Kristinn Gunnarsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Haraldur Guðmundsson,
form. þingflokks Alþýðuflokksins.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þessi hv. þm. hefur áður tekið sæti hér á Alþingi, svo að það þarf engin athugun að fara fram á kjörbréfi eða kosningu hans.

Þar sem allmikið vantar af hv. þm., halda störf þessa fundar ekki áfram frekar í dag. Er fundinum frestað til mánudags, 10. okt., og verður þá fram haldið á venjulegum tíma, kl. 1.30. Fundinum er frestað.

Mánudaginn 10. okt., kl. 1.30 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Þessir þingmenn voru nú til þings komnir, auk þeirra, sem áður eru taldir:

1. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
2. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
3. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
4. Lúðvík Jósefsson, 11. landsk. þm.
5. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
6. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Allir þingmenn, sem til þings voru komnir, voru á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf., og Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Minning Stefáns Stefánssonar.

Aldursforseti (JörB): Áður en störf þessa fundar hefjast að nýju, vil ég minnast nokkrum orðum látins fyrrverandi þingmanns, Stefáns Stefánssonar í Fagraskógi. Hann andaðist í sjúkrahúsi hér í bænum í fyrradag, laugardaginn 8. október, 59 ára að aldri, eftir langvinna vanheilsu.

Stefán Stefánsson fæddist í Fagraskógi á Galmarströnd í Eyjafjarðarsýslu 1. ágúst 1896. Faðir hans var Stefán Baldvin alþingismaður og bóndi þar Stefánsson prests, síðast á Hálsi í Fnjóskadal, Árnasonar, en kona Stefáns alþingismanns og móðir Stefáns yngra var Ragnheiður Davíðsdóttir prófasts á Hofi í Hörgárdal Guðmundssonar.

Hann brautskráðist úr menntaskólanum í Reykjavík 1918 og lauk lögfræðiprófi við Háskóla Íslands 1923, gerðist þá fulltrúi bæjarfógetans í Reykjavík og gegndi því starfi til 1925, en þá reisti hann bú í Fagraskógi að föður sínum látnum og bjó þar rausnarbúi til æviloka. Um skeið, eftir að hann kom norður, gegndi hann fulltrúastarfi hjá bæjarfógetanum á Akureyri, en helgaði sig brátt að mestu bóndastarfinu einu saman, hafði þó á hendi, auk þingmennsku í samtals rúman áratug, hreppsstjórn frá 1926 og átti sæti í sauðfjársjúkdómanefnd frá 1943. Hann var landskjörinn þingmaður 1937—1942 og 2. þm. Eyfirðinga frá hausti 1947 til 1952, en varð að hverfa af þinginu og láta sæti sitt í hendur varamanni 1951 sakir heilsubrests, sem hann hafði kennt alllengi, en þá var mjög tekinn að ágerast. Alls sat hann á 14 þingum.

Stefán Stefánsson var umsvifamikill bóndi og bar mjög fyrir brjósti hag bændastéttarinnar. Orð er á því gert, hvílíkt karlmenni hann var og hamhleypa til vinnu, að hverju sem hann gekk, meðan hann hélt heilsu. En eins og á var drepið, laust hann á miðjum aldri, fyrir nærfellt tíu árum, fátíður sjúkdómur, sem ekki varð bót á ráðin, en elnaði smám saman, unz til bana dró, og olli honum, þegar fram í sótti, miklum líkamlegum og andlegum þjáningum.

Stefán Stefánsson var áhugasamur um stjórnmál og héraðsmál, og honum var létt um, meðan heilsan leyfði, að setja fram skoðanir sínar í ræðu. Á þingi þótti hann athugull og tillögugóður í almennum málum, en þar var hann þó framar öllu ötull talsmaður stéttarbræðra sinna, bænda landsins. Hann var maður vel gefinn, fyrirmannlegur og friður sýnum, trygglyndur og vinsæll.

Ég vil biðja þingheim að votta minningu þessa merka bónda virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingheimur reis úr sætum.]

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,

með 31 atkv. — 14 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.,

með 30 atkv. — 14 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.,

með 30 atkv. — 14 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista SkG, en á B-lista EI. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Einar Ingimundarson, þm. Siglf., og
Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu án atkvgr.:

Lárus Jóhannesson (B),
Hermann Jónasson (A),
Einar Ingimundarson (B),
Gísli Guðmundsson (A),
Sigurður Guðnason (C).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Pétur Ottesen (D),
Helgi Jónasson (B),
Jónas Rafnar (D),
Halldór Ásgrímsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Magnús Jónsson (D),
Hannibal Valdimarsson (A),
Jón Kjartansson (D),
Karl Kristjánsson (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Jóhann Jósefsson (D),
Hermann Jónasson (B),
Ólafur Thors (D),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Bjarni Benediktsson (D),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

Varamenn:
Björn Ólafsson (D),
Eysteinn Jónsson (B),
Gunnar Thoroddsen (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Jóhann Hafstein (D),
Haraldur Guðmundsson (A).

3. Allsherjarnefnd.

Jóhann Jósefsson (D),
Bernharð Stefánsson (B),
Jón Sigurðsson (D),
Eiríkur Þorsteinsson (B),
Karl Guðjónsson (C),
Sigurður Ágústsson (D),
Emil Jónsson (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Jón Pálmason (B),
Andrés Eyjólfsson (A),
Jónas Rafnar (B),
Eiríkur Þorsteinsson (A),
Gunnar Jóhannsson (C).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Andrési Eyjólfssyni, þm. Mýr. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Andrés Eyjólfsson, þm. Mýr.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
4. Brynjólfur Bjarnason, 2. landsk. þm.
5. Finnbogi R. Valdimarsson, 6. landsk. þm.
6. Gísli Jónsson, þm. Barð.
7. Guðmundur Í. Guðmundsson, 10. landsk. þm.
8. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
9. Hermann Jónasson, þm. Str.
10. Ingólfur Flygenring, þm. Hafnf.
11. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
12. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
13. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
14. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
15. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
16. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
17. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Hermann Jónasson var ókominn til þings. Allir aðrir þdm. voru á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Karl Kristjánsson og Sigurð Ó. Ólafsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Gísli Jónsson, þm. Barð.,

með 12 atkv. — 4 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 12 atkv. — 4 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.,

með 12 atkv. — 4 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var SÓÓ, á B-lista KK. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn., og
Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.

Sætaskipun.

Eftir till. þm. Seyðf. (LJóh) voru leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv. þau afbrigði frá þingsköpum, að ekki skyldi hlutað um sæti, heldur skyldu þdm. sitja eins og þeir höfðu í upphafi fundar skipað sér í sæti.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 11. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru BSt, KK, HG; á B-lista GíslJ, LJóh; á C-lista var BrB. — A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 7 atkv., C-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Bernharð Stefánsson,
Gísli Jónsson,
Karl Kristjánsson,
Lárus Jóhannesson,
Haraldur Guðmundsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru VH, AE, GÍG; á B-lista SÓÓ, JK; á C-lista BrB. — A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 7 atkv., C-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Vilhjálmur Hjálmarsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Andrés Eyjólfsson,
Jón Kjartansson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kosnir án atkvgr.:

Páll Zóphóníasson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B),
Andrés Eyjólfsson (A),
Jón Kjartansson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru VH, BSt, GÍG; á B-lista JJós, IngF; á C-lista var BrB. — A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 7 atkv., C-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Vilhjálmur Hjálmarsson,
Jóhann Jósefsson,
Bernharð Stefánsson,
Ingólfur Flygenring,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

5. Iðnaðarnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru HermJ, GÍG, PZ; á B-lista GíslJ, JJós; á C-lista BrB. — A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 7 atkv. og C-listi 2 atkv. Samkv. því hlutu kosningu:

Hermann Jónasson,
Gísli Jónsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Jóhann Jósefsson,
Páll Zóphóníasson.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru VH, HG, KK; á B-lista GíslJ, IngF; á C-lista FRV. — A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 7 atkv., C-listi 2 atkv. Samkv. því voru kjörnir:

Vilhjálmur Hjálmarsson,
Gísli Jónsson,
Haraldur Guðmundsson,
Ingólfur Flygenring,
Karl Kristjánsson.

7. Menntamálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru BSt, AE, HG; á B-lista IngF, SÓÓ; á C-lista BrB. — A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 7 atkv. og C-listi 2 atkv. Samkv. því hlutu kosningu:

Bernharð Stefánsson,
Ingólfur Flygenring,
Andrés Eyjólfsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Haraldur Guðmundsson.

8. Allsherjarnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru PZ, HermJ, GÍG; á B-lista LJóh, SÓÓ; á C-lista BrB. — A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 7 atkv., C-listi 2 atkv. Samkv. því hlutu kosningu:

Páll Zóphóníasson,
Lárus Jóhannesson,
Hermann Jónasson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Jörundi Brynjólfssyni, 1. þm. Árn., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
2. Bergur Sigurbjörnsson, 8. landsk. þm.
3. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
4. Eggert Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
5. Einar Ingimundarson, þm. Siglf.
6. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
7. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
8. Emil Jónsson, 5. landsk. þm.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
10. Gils Guðmundsson, 8. þm. Reykv.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
12. Gunnar Jóhannsson, 4. landsk. þm.
13. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
14. Gylfi Þ. Gíslason, 1. landsk. þm.
15. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
16. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
17. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
18. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
19. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
20. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
21. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
22. Jónas Rafnar, þm. Ak.
23. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
24. Karl Guðjónsson, 9. landsk. þm.
25. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
26. Lúðvík Jósefsson, 11. landsk. þm.
27. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
28. Ólafur Thors, þm. G-K.
29. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
30. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
31. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
32. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
33. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
34. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Allir þdm., sem til þings voru komnir, voru á fundi, en ókomnir til þings voru 7. landsk. þm. (EggÞ), 5. landsk. þm. (EmJ), 2. þm. N-M. (HÁ), 1. þm. Rang. (IngJ), þm. Ísaf. (KJJ) og þm. Borgf. (PO). Í stað Eggerts Þorsteinssonar var á fundinum varamaður hans, Kristinn Gunnarsson.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson og Pál Þorsteinsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.,

með 18 atkv. — 11 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.,

með 18 atkv. — 10 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Jónas Rafnar, þm. Ak.,

með 17 atkv. — 10 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, á B-lista MJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf., og
Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.

Að till. forseta voru samþ. með 20:2 atkv. þau afbrigði frá þingsköpum að fresta að hluta um sæti.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 11. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu ýmist fram tveir eða þrír listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Skúli Guðmundsson (B),
Jón Pálmason (D),
Gylfi Þ. Gíslason (B),
Jóhann Hafstein (D),
Karl Guðjónsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Ásgeir Bjarnason (B),
Sigurður Bjarnason (D),
Eiríkur Þorsteinsson (B),
Magnús Jónsson (D),
Karl Guðjónsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Ásgeir Bjarnason (B),
Jón Sigurðsson (D),
Gísli Guðmundsson (B),
Jón Pálmason (D),
Sigurður Guðnason (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Ottesen (D),
Eiríkur Þorsteinsson (B),
Sigurður Ágústsson (D),
Lúðvík Jósefsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Skúli Guðmundsson (B),
Gunnar Thoroddsen (D),
Eggert Þorsteinsson (B),
Einar Ingimundarson (D),
Bergur Sigurbjörnsson (F).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Helgi Jónasson (B),
Jónas Rafnar (D),
Páll Þorsteinsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (D),
Hannibal Valdimarsson (B).

7. Menntamálanefnd.
Páll Þorsteinsson (B),
Gunnar Thoroddsen (D),
Halldór Ásgrímsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (D),
Gils Guðmundsson (F).

8. Allsherjarnefnd.
Jörundur Brynjólfsson (B),
Björn Ólafsson (D),
Ásgeir Bjarnason (B),
Einar Ingimundarson (D),
Gunnar Jóhannsson (C).

Sætaskipun.

Á sama fundi var hlutað um sæti deildarmanna, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Sigurður Guðnason,
9. — — Jón Sigurðsson,
10. — — Björn Ólafsson,
11. — — Gunnar Jóhannsson,
12. — — Lúðvík Jósefsson,
13. — — Eiríkur Þorsteinsson,
14. — — Karl Guðjónsson,
15. — — Kjartan J. Jóhannsson,
16. — — Helgi Jónasson,
17. — — Einar Ingimundarson,
18. — — Jörundur Brynjólfsson,
19. — — Emil Jónsson,
20. — — Pétur Ottesen,
21. — — Bergur Sigurbjörnsson,
22. — — Hannibal Valdimarsson,
23. — — Eggert Þorsteinsson,
24. — — Sigurður Ágústsson,
25. — — Einar Olgeirsson,
26. — — Jónas Rafnar,
27. — — Gylfi Þ. Gíslason,
28. — — Gunnar Thoroddsen,
29. — — Halldór Ásgrímsson,
30. — — Gils Guðmundsson,
31. — — Jóhann Hafstein,
32. — — Gísli Guðmundsson,
33. — — Skúli Guðmundsson,
34. — — Jón Pálmason,
35. — — Ásgeir Bjarnason.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um fræðslukvikmyndir o. fl.).

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl. [14. mál] (stjfrv., A. 14).

Á 4. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Á öðru þingi Norðurlandaráðsins, sem haldið var í ágúst 1954, var því beint til hlutaðeigandi ríkisstj. að koma á hjá sér tollfrjálsum innflutningi á tilteknum menningartækjum. Var þar fyrst og fremst átt við fræðslukvikmyndir og fræðandi skuggamyndir, enda væru þessi tæki flutt inn af fræðslumálastjórnum landanna og komin frá viðurkenndum erlendum vísinda- og menntastofnunum.

Ríkisstj. álítur rétt, að við komum á hjá okkur þessari skipan, og leggur því til, að þetta frv. verði samþ. og gert að lögum, en í því felst heimild ríkisstj. til handa til þess að veita þessar undanþágur.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 37).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Með þessu frv. er farið fram á heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum erlendum vísinda- og menntastofnunum. Var frv. um þetta efni borið fram á þinginu í fyrra, en varð þá ekki útrætt. Tildrögin eru þau, að á öðru þingi Norðurlandaráðsins, í ágúst 1954, var því beint til ríkisstjórna Norðurlandanna að koma á hjá sér tollfrjálsum innflutningi þeirra tækja, sem hér um ræðir.

Fjhn. hefur athugað frv. og fellst á, að það sé rétt að setja slíka löggjöf, og mælir því með, að það verði samþ. óbreytt. Þetta er frv. nokkuð sérstaks eðlis, og eins og stendur í athugasemdum við frv., er það borið fram vegna þess, að fulltrúar Íslands hafa fallizt á það við fulltrúa annarra Norðurlandaþjóða að mæla með slíkri löggjöf. Þess vegna er það, að a. m. k. meiri hluti n. lítur svo á, að jafnvel þó að svo kunni að fara, að tollskránni verði breytt eitthvað frekar á þessu þingi, þá sé rétt að blanda ekki þeim atriðum saman við þetta mál og láta þetta frv. ganga fram óbreytt, hvað sem líður öðrum breytingum, sem menn kynnu að vilja gera á tollskránni, því að slíkar breytingar, sem menn kynnu að vilja gera, orka ef til vill tvímælis og gætu orðið til þess að torvelda framgang þess atriðis málsins, sem þetta frv. fjallar um.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 6. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 8. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 133).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég var því miður ekki viðstaddur í d., þegar mál þetta kom til 2. umr. í gær og var vísað til 3. umr., en mér hafði verið falið að hafa framsögu í málinu af hálfu hv. fjhn., og vil ég biðja hæstv. forseta afsökunar á því.

Efni frv. þessa, sem þegar hefur verið afgr. samhljóða frá Ed., er það, að niður verði felld aðflutningsgjöld af fræðslukvikmyndum og skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum erlendum vísinda- og menntastofnunum. Mál þetta á rót sína að rekja til þess, að á öðru þingi Norðurlandaráðsins, haustið 1954, var því beint til hlutaðeigandi ríkisstjórna að létta af tollum á innflutningi þeirra menningartækja, sem ég nefndi áðan. Til þess að það sé hægt hér, þarf að breyta ákvæðum í tollskrárlögum, og er það lagt til með þessu frv. Hin Norðurlöndin munu hafa gert hjá sér sams konar ráðstafanir og felast í þessu frv., og virðist fullkomlega eðlilegt og réttmætt, að slíkar ráðstafanir verði gerðar hér.

Viðstaddir nm., sem voru fjórir, mæltu með því, að frv. næði fram að ganga óbreytt. Einn nefndarmanna, hv. 9. landsk. þm. (KGuðj), var fjarverandi úr bænum, þegar málið var tekið fyrir í n., en hefur tjáð mér, að hann sé frv. *einnig* meðmæltur.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 137).

---

2. Verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 3. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég lýsti því yfir í lok síðasta Alþingis fyrir hönd ríkisstj., að ríkisstjórnin mundi leggja til við hv. Alþ., að frá *næstu áramótum* yrðu greiddar fullar vísitöluuppbætur á öll laun opinberra starfsmanna. Ástæður fyrir þessari yfirlýsingu voru greindar þá greinilega, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær, en það frv., sem hér liggur fyrir, er að þessu einu leyti frábrugðið því frv., sem gert var að lögum á síðasta þingi um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umræðu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessu frv. leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstjórnar, hvaða fréttir hann hafi að segja hv. Alþ. af setningu nýrra launalaga.

Hæstv. fjmrh. gaf þær yfirlýsingar oftar en einu sinni á síðasta Alþingi, að frv. að nýjum launalögum mundi verða lagt fyrir næsta Alþ., að því er manni skildist þegar í upphafi þess. Ég hef haft þær fregnir, að nefnd sú, sem starfað *hafi að endurskoðun launalaganna, hafi þegar* lokið störfum. Ýmsir þm. munu því hafa vænzt þess, að meðal hinna fyrstu stjfrv., sem lögð yrðu fyrir hið háa Alþingi, yrði einmitt frv. til nýrra launalaga. Það hefur ekki enn verið lagt fram. *Ég vil því nota þetta tækifæri til að spyrja* hæstv. ráðh., hvað af þessu máli sé að frétta.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Því var lýst yfir á síðasta Alþ., að ríkisstj. mundi beita sér fyrir *því að leggja fyrir það þing, sem nú er að hefjast*, frv. til nýrra launalaga. Þetta verður gert, og geri ég mér vonir um, að þess verði ekki langt að bíða, að þetta frv. verði lagt fyrir hv. Alþ. Og það mun a. m. k. verða lagt fyrir svo snemma að það verði vandalaust fyrir hv. Alþ. að afgreiða málið fyrir áramót, en að sjálfsögðu var gert ráð fyrir því, að hin nýju launalög öðluðust gildi um næstu áramót. Nefndin, sem hefur starfað að þessu máli, hefur lokið störfum og skilað *til ríkisstj. áliti, sem er í athugun hjá henni*, áður en málið verður lagt hér fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 132).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. og hefur að geyma tillögur um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna frá næstu *áramótum*. Eins og fram er tekið í athugasemdum við frv., mun það vera svo, að flestir starfsmenn við einkafyrirtæki fái nú þegar greidda verðlagsuppbót eftir þeirri reglu, sem gert er ráð fyrir samkv. frv. að gildi um verðlagsuppbót til opinberra starfsmanna frá byrjun næsta árs.

Frv. var sent fjhn. til athugunar, og meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir. Einn nm., hv. þm. A-Húnv. (JPálm), kvaðst vera á móti frv., en gerði ekki ráð fyrir að gefa út sérstakt nál. Annar nefndarmaður, hv. 9. landsk. (KGuðj), var fjarverandi, þegar málið var afgreitt, eins og skýrt er frá í nál. á þskj. 132.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og kunnugt er, hef ég frá upphafi verið andvígur þeirri verðskrúfu, sem vísitölu- og verðlagsuppbótafarganið hefur leitt af sér. Þess vegna get ég ekki samþykkt slíkt frv. sem þetta, því að það fer

fram á að afnema allar takmarkanir á greiðslu verðlagsuppbóta til opinberra starfsmanna og borga alveg upp í topp, sem ekki hefur nú lengi verið. Frá mínu sjónarmiði er þess vegna þetta frv. byggt á reglunni: Því vitlausara, því betra. Ég skal ekkert fara lengra út í það, en að sjálfsögðu greiði ég atkv. gegn þessu máli.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að láta með örfáum orðum í ljós undrun mína yfir ummælum hv. þm. A-Húnv. Honum, sem á sæti í þeirri n., sem þetta mál hefur fengið til meðferðar, hlýtur að vera kunnugt um, að allar þær stéttir, sem hafa frjálsan samningsrétt um kaup sitt og kjör, hafa þegar fengið í samninga sína, að verðlagsuppbót skuli greidd að fullu á þeirra grunnkaup. Nú kemur mér mjög á óvart, og það hlýtur að teljast köld kveðja í garð opinberra starfsmanna, ef þeir eiga að vera eina launamannastéttin í landinu, sem á ekki að njóta hliðstæðra kjara. Ég heyrði engin rök af hálfu hv. þm. fyrir því, að það skyldi gilda um opinbera starfsmenn eina, að þeir fengju ekki greidda fulla verðlagsuppbót á kaup sitt, eftir að það hefði verið viðurkennt óbeint af hálfu ríkisvaldsins, að allar aðrar stéttir skuli fá slíka verðlagsuppbót á sitt kaup. Ég sakna raka fyrir þeirri staðhæfingu af hálfu hv. þm. A-Húnv. Því mætti út af fyrir sig halda fram, að engin stétt ætti að fá greidda fulla verðlagsuppbót á kaup sitt, þ. e., að verðlagsuppbótin ætti að skerðast, ef tekjurnar ná vissu marki. En það eru engin skynsamleg rök til fyrir því að láta það gilda um eina stétt launamanna í landinu, þ. e. opinbera starfsmenn. Ég vil óska þess, að hv. þm. geri nánari grein fyrir því, hvaða rök hann telur til þess, að opinberir starfsmenn skuli að þessu leyti eiga að sitja við allt annað og lægra borð en allar aðrar launastéttir í þjóðfélaginu.

Jón Pálmason: Herra forseti. Út af þessum ummælum frá hv. 1. landsk., sem fela það fyrst og fremst í sér, að ég hafi ekki fært nein rök fyrir andstöðu minni gegn þessu frv., skal ég segja örfá orð, enda þótt ég hafi fært full rök fyrir minni skoðun á opinberum vettvangi, þó að það hafi ekki verið hér. Í fyrsta lagi vil ég segja það, að þó að það hafi verið ákveðið um margar aðrar stéttir, að þær fengju fulla verðlagsuppbót, þá hefur það ekki verið ákveðið hér á Alþingi. Alþ. hefur fyrst og fremst um það að fjalla, hvort þeir starfsmenn, sem eru beint hjá ríkinu, skuli njóta þessara kjara eða ekki, og þess vegna kemur fyrst og fremst til Alþingis kasta að ákveða, hvort þarna skuli fara í topp. Ég skal játa, að sú regla, sem hefur gilt um opinbera starfsmenn varðandi verðlagsuppbót, hefur ekki verið sanngjörn, vegna þess að launamismunurinn er svo tiltölulega lítill til þess að gera. Ég játa, að sú regla hefur ekki verið sanngjörn, því að hitt væri miklu eðlilegra, bæði varðandi þá og aðra, sem þessi verðlagsuppbót tekur til, að það væri borguð viss prósenta af henni til allra aðila.

Nú er hér oft talað um, að það þurfi að stöðva dýrtíð og það þurfi að stöðva verðbólgu, en þeir sömu menn sem hæst tala um það ganga fremstir allra í því að skrúfa verðbólguna sem mest upp, því að hún skrúfast ekki upp á neinu eins og þessu verðuppbótafargani. Ég er þeirrar skoðunar og hef hvorki farið dult með það við hv. 1. landsk. né aðra menn, að ef á að gera einhverja stöðvun á dýrtíð í okkar landi, þá verði einhvers staðar að byrja að stöðva, og Alþ. hefur ekki aðra aðstöðu betri og ef það er nokkur vilji fyrir því að stöðva, þá verður að stöðva á þeim starfsmönnum, sem eru hjá ríkinu og eru þannig settir, að helzt allir þegnar þjóðfélagsins vilja komast inn í þær stéttir.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um málið. Ég veit, að það er þýðingarlaust. Það er í öllum flokkum þingsins meiri hluti þeirra manna, sem hafa hagsmuna að gæta í þessu efni, og þó að við þeir örfáu menn, sem erum andvígir þessari uppskrúfunarstefnu, greiðum atkv. gegn henni, þá hefur það ekki neina þýðingu. Það er ljóst, að við erum í vonlausum minni hluta, eins og sakir standa, en við eigum þó a. m. k. þann rétt að samþykkja ekki frv. eins og þetta.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég heyrði enn engin rök fyrir því, að réttmætt væri eða sanngjarnt, að opinberir starfsmenn væru eina launastéttin í landinu, sem fengi ekki greiddar fullar vísitöluuppbætur á kaup sitt, eftir að allar þær stéttir, sem semja frjálst um kaup sitt við atvinnurekendur sína, hafa fengið viðurkenndan rétt sinn til fullrar vísitöluuppbótar á kaup sitt. Slík rök heyrði ég ekki, enda eru þau varla til. Það eina, sem hv. þm. hafði um málið að segja, var, að hann væri á móti hinni svokölluðu vísitöluskrúfu, að því er mér skilst því kerfi, að menn fengju uppbætur á kaup sitt í hlutfalli við hækkandi dýrtíð. Hv. þm. er á móti þessu að því er launamenn snertir. Ég hef aldrei heyrt hann segja eitt orð gegn þessu kerfi að því er hans eigin stétt snertir, þ. e. bændurna. Bændurnir búa við nákvæmlega sama fyrirkomulag í þessum efnum og launamenn. Og að því leyti er hagur bændanna betur tryggður en launamanna, að þeir fá sjálfkrafa á kaup sitt sams konar uppbætur og launamenn í bæjunum fá ef til vill í löngum og hörðum vinnudeilum. Bændur fá fyrirhafnarlaust vísitöluuppbætur sínar, en launþegar verða að berjast fyrir hækkuðu grunnkaupi. Vísitöluuppbætur hafa að vísu verið viðurkenndar sem samningsatriði fyrir langa löngu. Það kostaði mikla baráttu í upphafi, en bændur fá hvort tveggja bætt upp sjálfkrafa, bæði þá grunnkaupshækkun, sem launamenn berjast fyrir í vinnudeilum, og svo vísitöluuppbótina. Þetta er hv. þm. enginn þyrnir í augum. Hann tekur uppbót á laun sín sem bónda og finnst ekkert við það vera að athuga, hann telur það ekki vera neina verðbólguskrúfu og ekki gera þjóðfélaginu neitt illt. En þegar um er að ræða verðbætur á laun launamanna vegna hækkandi dýrtíðar og aðeins vegna hækkandi dýrtíðar, þá sér hann þar mikinn voða á ferðum.

Þetta verður ekki kallað samræmi í málflutningi, og ég endurtek að síðustu, að það hafa engin rök verið flutt fram fyrir því, að réttmætt sé eða sanngjarnt að búa verr í þessum efnum að opinberum starfsmönnum en öðrum starfs-

stéttum þjóðfélagsins, enda væri það sízt sanngjarnt með tilliti til þess, að opinberir starfsmenn hafa um mörg undanfarin ár alltaf dregizt aftur úr öðrum starfsstéttum hvað launahækkanir snertir, og mætti sanna það með tölum, ef ekki væri búið að marggera það hér á þessum stað. En þröngsýni eins og sú, sem kemur fram í afstöðu hv. þm. A-Húnv., hlýtur að gegna furðu, eftir að það er viðurkennt sjónarmið, að það sé a. m. k. ekki rétt að láta opinbera starfsmenn dragast árum saman aftur úr öðrum starfsstéttum í þjóðfélaginu. Maður ætti að geta treyst því, að slíkum sjónarmiðum yrði ekki gert hátt undir höfði hér á hinu háa Alþingi, og ég vona, að þeir þm. reynist fáir, sem ljá sjónarmiðum hv. þm. lið í atkvæðagreiðslu um málið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Hæstv. forseti segir, að ég ætli að gera stutta athugasemd, en ég vil benda honum á, að ég hef framsögumannsrétt, vegna þess að ég er minni hluti nefndar. (**Forseti:** Hv. þm. hefur ekki gefið út sérstakt nefndarálit.) Það er ekki nein skylda fyrir minni hl. að gefa út nál., og það er áreiðanlegt, að undir öllum kringumstæðum hefur minni hl. í n. fullan ræðutímarétt án tillits til þess, hvort hann gefur út nál. eða ekki. En sleppum nú því. Ég ætlaði ekki að nota öllu meiri tíma en athugasemdatíma.

Út af æsingu hv. 1. landsk. (GÞG) út af mínu áliti vil ég segja, að það er alveg öruggt og víst, að bændastéttin á Íslandi hefur aldrei haft forustu um að koma á þeirri verðskrúfu, sem vísitalan og verðuppbótafarganið hefur leitt yfir þessa þjóð. Hún hefur ekki haft forustuna um neitt slíkt. Og þó að bændastéttin hafi fengið þann rétt eftir mikla baráttu, að það sé tekið tillit í afurðaverði til þess tilkostnaðar, sem vinnan leiðir af sér, þá er það allt annað mál en um er að ræða, þegar verið er að lögfesta vísitölu- og verðlagsuppbótina, sem var í upphafi lögfest fyrir atbeina og eftir kröfu opinberra starfsmanna. Það er ekki rétt, sem margir hafa haldið fram að það hafi verið verkalýðsfélögin eða verkamannastéttin, sem hafi haft forustuna í þessu vandræðamáli, heldur voru það opinberir starfsmenn og engir aðrir. Og ef það á nokkurn tíma að stöðva þessa vitleysu, þá verður að stöðva hjá þeim, annars er það ekki hægt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér sýndist nú hlaupinn æsingur í hv. þm. A-Húnv. (JPálm) líka. Á því kenndi pontan talsvert. En ég vildi aðeins segja þetta við hv. þm.: Í fyrsta lagi er það misskilningur hjá honum, að það, sem um sé að ræða við verðlagningu landbúnaðarafurða, sé aðeins að taka tillit til breytinga á kostnaði, þegar verð landbúnaðarvara er ákveðið og hækkað ár frá ári. Þar er einnig tekið tillit til breytinga á kaupgjaldi bóndans, sem miðaðar eru við þær breytingar, sem árið áður hafa orðið á kaupgjaldi launþega í bæjum, þannig að það er um að ræða nákvæmlega sams konar vísitöluverðlagsskrúfu, sem hann nefndi svo, við ákvörðun á verði á landbúnaðarafurðum og við ákvörðun á kaupgjaldi launþega í bæjum. — Svo sagði hv. þm., að bændastéttin hefði aldrei haft neina forustu í verðbólgukapphlaupinu. Ég vil minna hv. þm. á það, ef hann kynni að vera búinn að gleyma því, að það, sem fyrst og fremst hækkaði verðlag hér á fyrstu stríðsárunum, var verðhækkun landbúnaðarafurða. Þessu ætti forustumaður í bændastétt ekki að hafa gleymt. Sú verðhækkun, sem varð á fyrstu stríðsárunum tveimur, átti að mestu leyti rót sína að rekja til hækkunar á verði innlendra afurða, og um það verður launþegum eða launþegasamtökum ekki kennt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:1 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 28. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Ed., 5. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 140 og 141).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur ekki orðið sammála um þetta frv. Hv. þm. Barð. (GíslJ) gefur út sérstakt nál. og leggur til, að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá, sem ég skal aðeins nefna síðar. Hv. 4. þm. Reykv. (HG) var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi málið, en við hinir 3 nm. leggjum til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Þetta mál er mjög einfalt; það er aðeins um það að fella niður frá áramótum næstu þá skerðingu dýrtíðaruppbótar, sem verið hefur á hærri launum. Þetta mun kosta ríkissjóð fé að vísu, en meiri hl. n. lítur svo á, að þetta sé að verða óhjákvæmilegt. Auk þess mun hæstv. ríkisstj. hafa gefið fyrirheit um það á. m. k. að leggja þetta til við Alþ. og haft til þess a. m. k. eitthvert fylgi, sem hún vissi um. Með því að ákveða laun misjöfn, eins og gert er í launal., viðurkennir ríkisvaldið, að það eigi að vera viss munur á launum eftir því, hver staðan er, hvað ábyrgðarmikil hún er og kannske líka að einhverju leyti hve há hún er eða virðuleg. En ef sá háttur er hafður á, sem verið hefur, að full kaupgjaldsvísitala er greidd á lægri launin, en

ekki á hærri launin, þá raskast auðvitað það hlutfall, sem löggjöfin með setningu launal. hefur ætlazt til að væri á milli hinna einstöku flokka, þannig að munurinn verður minni á hærri launum og lægri en til var ætlazt. Þess vegna er það auðvitað alveg rökrétt, ef dýrtíðaruppbót er greidd á laun á annað borð, að hún sé á öll launin, hvort sem þau eru há eða lág, því að ef það er ekki gert, verður að líta á hana sem fátækrahjálp, en ekki dýrtíðaruppbót í venjulegri merkingu þess orðs. Hitt er svo annað mál, að það má játa, að þeir, sem hærra eru launaðir, þola betur en hinir að öllum líkindum, að þeirra dýrtíðaruppbót sé skert.

Um álit hv. minni hl. skal ég ekki ræða, fyrr en hann hefur gert nánari grein fyrir afstöðu sinni. Þó vil ég nú þegar benda á, að annað meginatriðið í dagskrártill. fær ekki staðizt að mínu áliti, þar sem vísað er til, að það liggi fyrir þinginu frv. til nýrra launalaga, því að ákvæðin um dýrtíðaruppbót hafa alltaf verið í sérstökum lögum og eru það nú, og í sjálfu launalagafrv. er gert ráð fyrir því, að til séu lög um verðlagsuppbót. 23. gr. frv. hljóðar svo:

„Á laun samkv. 1. gr. laga þessara skal greiða verðlagsuppbót eins og hún er ákveðin á hverjum tíma samkv. lögum."

Að öðru leyti skal ég að sjálfsögðu ekki ræða um álit minni hl., fyrr en frekar heyrist frá honum.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða langt mál um tillögur mínar í þessu máli; þær eru hv. dm. kunnar frá fyrri þingum og koma auk þess mjög greinilega fram í því nál., sem ég hef gefið út á þskj. 141, og get því að langmestu leyti vísað til þess, sem þar er sagt.

Ég vil þó rétt aðeins benda á, eins og reyndar tekið er fram í nál., að ég tel, að hér sé stefnt að öfugu takmarki með því að afnema skerðinguna á verðlagsuppbótinni. Ég tel, að það sé heppilegri leið í sambandi við dýrtíðarmálin í heild að halda skerðingunni og færa takmarkið, 34560 kr., niður á við smátt og smátt, en afnema það ekki, og færi fyrir því þau rök, sem tekið er fram í nál., m. a. það, að reynslan hefur sýnt, að með því að greiða fulla verðlagsuppbót á laun almennt verður dýrtíð í engu landi stöðvuð og ekki frekar hér en annars staðar, og þess vegna sé farið í öfuga átt að því takmarki, sem allir vilja stefna að: að treysta gjaldmiðil landsins og halda dýrtíðinni niðri í landinu. Ég hef einnig bent á í nál., að með breytingum á skattalögunum var hlutur þeirra manna, sem urðu að búa við skerðinguna á verðlagsuppbótinni, bættur allverulega, þar sem þeir héldu meiru af sínum launum, eftir að þeim lögum var breytt, og eru því betur settir en var, þó að ekki sé gerð á sú breyting, sem hér er lögð til. Ég hef enn fremur bent á, að einmitt þessi flokkur launamanna hefur á mörgum sviðum alls konar möguleika til þess að afla sér aukatekna umfram aðaltekjurnar, og er hv. þm. það einnig ljóst. Skal ég m. a. benda á í sambandi við það, að svo að segja hver og einn einasti kennari við menntastofnanirnar í Reykjavík hefur auk sinna launa eins mikið í aukatekjur fyrir kennslu við sömu stofnanir, en slíka möguleika hafa ekki hinir lægra launuðu, hvorki starfsmenn ríkis og bæja né aðrir lægra launaðir menn í þjóðfélaginu, og er þetta allt tekið fram í nál., auk þess sem ég bendi á í nál., að nú liggur fyrir Alþingi nýtt frv. til launalaga, og ef það frv. verður samþ., þá er sýnilegt, að þessi lög, sem hér er verið að setja, verða afnumin aftur á þessu sama þingi, ef búið verður að samþykkja frv., því að sjálfsagt er að taka þá þessi ákvæði upp í hin nýju launalög. Hv. frsm. sagði, að ríkisstj. muni hafa gefið loforð um að leggja þetta frv. fyrir Alþingi. Ég sé ekki annað en hún hafi staðið við það loforð. Frv. hefur verið lagt fram og rætt, en hins vegar hefur ekki hæstv. ríkisstj. getað lofað því, að það skyldi verða gert að lögum, því að til þess þarf samþykki meiri hluta Alþingis, og sé ég enga ástæðu til að samþykkja frv. af þeim ástæðum einum, þó að hæstv. ríkisstj. hafi gefið loforð um að leggja frv. fyrir.

Hv. frsm. sagði einnig, að það væri sýnilegt, að það þyrfti að vera launamismunur eftir því, hver sú staða væri, sem verið er að launa fyrir. Það er alveg rétt, og er tillit tekið til þess í launalögunum. Hins vegar er það ekki ófrávíkjanlegt grundvallaratriði, að verðlagsuppbótin þurfi að greiðast 100% á öll launin, og kemur þar margt til greina, m. a. fjárhagsmál þjóðarinnar í heild, og í þessu tilfelli hér, eins og ég hef bent á, að það sé síður en svo nokkurt ranglæti að skerða launin við hátekjumenn vegna þeirrar aðstöðu, sem þeir hafa á öðrum sviðum, þegar þjóðarbúið krefst þess, og að það sé þá einnig rétt að fara aðra leið í þeim málum en hér er farið, eins og ég hef bent á.

Um hitt atriðið, sem hv. frsm. sagði, að fyrra meginatriðið í rökstuddu dagskránni fengi ekki staðizt, þá get ég ekki fallizt á, að það sé réttur skilningur. Rökstudda dagskráin, sem ég legg til að samþykkt verði, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að lagt hefur verið fram af ríkisstj. frv. til nýrra launalaga á þessu þingi, sem fjárhagsnefndir beggja deilda eru sameiginlega að athuga, og með því að afnám skerðingar á verðlagsuppbót og launagreiðslur torveldar að hamla á móti vaxandi dýrtíð í landinu, þykir ekki rétt að samþykkja þetta frv., og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá."

Ef þetta frv. er fellt, þá gilda sömu ákvæði um þessi mál og gilda í dag, þ. e., að launin verða greidd með skertri uppbót, þar til ný launalög hafa verið samin, svo að mér er alveg óskiljanlegt, hvernig hv. frsm. fær það út úr þessu orðalagi, að dagskráin geti ekki staðizt.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar. Ég vildi gera afstöðu mína skýra til þessa máls, eins og ég hef gert áður, og legg því til, að rökstudda dagskráin verði samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég skal taka það fram strax, að ég er hv. frsm. minni hl. sammála um sumt af því, sem hann nú sagði, þó að það leiði ekki til sömu niðurstöðu hjá mér og hjá honum, að fella beri þetta frv. eða sama sem fella það.

Ég er því alveg sammála, að greiðsla verðlagsuppbótar óskertrar leiðir til þess, að erfiðara mun að stöðva dýrtíðarflóðið. En þetta gildir ekki einasta um hærra launaða embættismenn, heldur alla, sem verðlagsuppbót fá. Það mundi ekki standa á mér að samþykkja takmörkun á því að greiða verðlagsuppbót, ef samkomulag gæti orðið um að fylgja slíku máli fram. En hitt er það, að ég sé ekki ástæðu til þess, að nokkrir menn í landinu séu teknir algerlega út úr og allt annað látið gilda fyrir þá en alla aðra. Það mun komið svo í gegnum samninga við stéttarfélög, að svo til allir launamenn hafa verðlagsuppbót á laun sín alveg óskerta, og sé ég ekki, hvers vegna á að taka nokkra af opinberum starfsmönnum út úr, úr því að þetta er meginregla í landinu. Mér virðist það hvorki sanngjarnt né heldur að ég búist við, að ríkinu verði þá jafnvel til um menn í vandasamar stöður, ef svo er gert, því að það eru ýmis fyrirtæki í landinu, sem borga engu síður laun en ríkið, og fyrir utan einkafyrirtæki má þar til nefna sum bæjarfélög, eins og t. d. Reykjavíkurborg, sem mér virðist að muni í mörgum tilfellum greiða hærri laun en ríkið, a. m. k. liggja erindi fyrir fjárhagsnefndum frá starfsmönnum, sem krefjast að verða færðir upp um launaflokk eða launaflokka og bera sig saman við hliðstæða starfsmenn Reykjavíkurbæjar. Það er vegna þess, að þetta er aðeins jafnréttiskrafa, að ég tel verða að samþykkja þetta frv. Hitt er svo annað mál, að þessi verðlagsuppbót, ekki einasta þessara fáu manna, sem hér um ræðir, heldur verðlagsuppbótin yfirleitt, leiðir vitanlega til vaxandi dýrtíðar og verðskrúfu, ef hún helzt áfram algerlega óskert. En ég held, að það breyti ákaflega litlu í þessu efni, þó að þessir fáu menn, sem hér um ræðir, séu ekki sömu réttinda aðnjótandi og aðrir.

Hv. frsm. minni hl. nefndi það, að þessir menn mundu hafa margvíslega möguleika til aukatekna, og tók sérstaklega dæmi af kennurum hér í Reykjavík. Ég hygg, að kennarar séu yfirleitt ekki með hæst launuðu mönnum í landinu, og það er tæplega hægt að ákveða launalög með tillíti til þess, að menn geti haft aukatekjur utan við starfið og starfsgreinina. Það ætti vitanlega að ætla hverjum embættismanni það mikið starf, að það sé fullt starf fyrir hann, og ef hann er sá starfsmaður, að hann getur innt starf sitt — fullt meðalmannsstarf — vel af hendi, þá sé ég ekki annað en að hann sé vel að því kominn, þó að hann leggi meira á sig en til þess þarf og afli sér einhverra aukatekna. Ég efast t. d. ekkert um, að hv. þm. Barð. gæti unnið tveggja manna verk. (**Dómsmrh.**: Gerir hann það ekki?) Ja, ég hugsa, að hann hafi gert það a. m. k. meðan hann var form. fjvn., að þá hafi hann unnið tvöfalt á við aðra þm. að þingmálum.

Hv. þm. sagði, að þetta frv., þótt það yrði að lögum, mundi verða afnumið hvort sem er, þegar launalögin verða samþykkt. Ég sé ekki, að það muni liggja fyrir, því að launalögin gera einmitt, eins og ég sagði áðan, ráð fyrir sérstökum lögum um verðlagsuppbót, svo að það kemur ekki til greina. Annars get ég látið útrætt um þetta, því að vitanlega heldur hver sinni meiningu um þetta mál.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 141 felld með 9:2 atkv.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 26. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 164).

3. Skemmtanaskattur.

Á 17. fundi í Ed., 14. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1956 [96. mál] (stjfrv., A. 110).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Þetta frv. er um endurnýjun eða áframhaldandi gildi sams konar heimildar sem verið hefur undanfarin ár og er að öllu leyti óbreytt. Ég tel því ástæðulaust að fjölyrða um málið, heldur legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 121).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að heimilað verði að innheimta skemmtanaskatt á næsta ári með sama álagi og verið hefur undanfarið. Fjhn. hefur athugað frv., eins og sjá má á nál. hennar á þskj. 121, og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 4. þm. Reykv., var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt, og skal ég ekki segja um hans afstöðu.

Nefndin leit svo á, að það veitti sízt af öllu af því að framlengja þetta álag á skemmtanaskattinn nú, svo að þær stofnanir, sem skattsins njóta, fái þær tekjur, sem þær hafa haft undanfarið. Það mun vera svo, að þeim þykir það of lítið, og færa rök fyrir sínu máli nokkur. Til dæmis er það, að hér fyrir hv. d. liggur lagafrv., er hjá n. til meðferðar, um að skerða hluta þjóðleikhússins af skemmtanaskattinum og láta ganga til félagsheimila.

Nú er það auðvitað, að þeir, sem hafa yfirstjórn félagsheimilanna, mæla eindregið með þessu frv., en þjóðleikhúsið mælir fastlega á

móti því og vill, að allur skemmtanaskatturinn renni til þjóðleikhússins, eins og var í upphafi, þegar skemmtanaskatturinn var á lagður.

Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það, að það er víst sízt af öllu, að það megi skerða þær tekjur, sem þessar stofnanir, þjóðleikhúsið, félagsheimilin o. fl., hafa haft af skemmtanaskattinum undanfarið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 158).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 172).

---

4. Gjaldaviðauki 1956.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1956 með viðauka [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hafa nokkur gjöld til ríkisins verið innheimt með viðaukum. Þetta eru aðallega gjöld, sem eru tiltekin miðað við magn, og hefur því með breyttu verðlagi verið talið eðlilegt að leggja á þau viðauka. Sömu ástæður og áður eru fyrir hendi að því leyti til, að það er full þörf á því að innheimta þessa gjaldaviðauka, og því er þetta frv. fram borið. Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 38).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1956 með viðauka er ekki neitt nýmæli, því að lög sama efnis hafa verið framlengd ár frá ári á undanförnum þingum. Fjhn. hefur athugað frv., og er hún sammála um, að ekki veiti af því að framlengja þennan tekjuauka enn á næsta ári. Ég fyrir mitt leyti vildi gjarnan óska þess, að það þyrfti ekki meira til en að framlengja þá tekjustofna, sem gilt hafa undanfarin ár, en mér sýnast öll sólarmerki þannig, að ekki muni nú veita af að bæta við tekjur ríkissjóðs í stað þess að draga úr þeim. Ef á að leggja fram fé til atvinnuleysistrygginganna samkv. því, sem ríkisstj. hefur gefið fyrirheit um, ef á að bæta að einhverju leyti það tjón, sem leitt hefur af ótíðinni hér á Suður- og Vesturlandi, og ef á svo þar að auki að bæta upp verð á síld, sem veidd er hér við Suðurland í haust, ofan á allt annað, sem áður hefur verið og er, þá vil ég sízt af öllu ábyrgjast, að þeir tekjustofnar, sem nú eru fyrir hendi og framlengdir verða sjálfsagt, nægi í allt þetta, þannig að það er sízt af öllu ástæða til að efast um, að ríkið þurfi að hafa þá tekjustofna, sem það hefur haft undanfarin ár. Þess vegna er það líka, að fjhn. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frumvarps.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 6. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 8. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 190).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 13, hefur gengið gegnum hv. Ed. og verið samþykkt þar óbreytt. Það fjallar um það að framlengja viðauka á nokkrum tekjuliðum ríkisins og er óbreytt frá því, sem verið hefur undanfarin ár, að framlengja viðauka við þessi gjöld, sem eru vitagjald, stimpilgjald og gjald skv. 9. kafla laga um eftirlit með skipum og sömuleiðis gjald af innlendum tollvörutegundum. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og orðið á einu máli um að mæla með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir. Ég vil því fyrir n. hönd mæla hið bezta með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 197).

---

5. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um framlengingu bráðabirgðaákvæða).

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl. [15. mál] (stjfrv., A. 15).

Á 4. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Fyrir nokkrum árum — ég man nú því miður ekki á stundinni hvenær — voru lögfestir viðaukar á vörumagnstoll og verðtoll, svo sem greinir í 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, en ætíð hafa þessi ákvæði gilt eitt ár í senn. Jafnframt var á sama tíma ákveðið að heimila ríkisstj. að fella alveg niður aðflutningsgjöld af vissum vörutegundum, og eru þær greindar í 3. gr. þessa frv. Þau ákvæði hafa einnig verið framlengd nú um hríð undanfarin ár.

Af ástæðum, sem ég hef þegar greint í sambandi við annað frv., sem hér var á undan á dagskránni, leggur ríkisstj. til, að þessi ákvæði verði framlengd, og leggur því fyrir þetta frv. Er það ósk mín, að því gæti orðið vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umræðu.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. ásamt öðru, sem nú hefur verið afgreitt frá deildinni til 2. umr., fjallar um framlengingu á gildandi gjaldaákvæðum.
Ég er sammála hæstv. fjmrh. um það, að þar sem gjöldin, tollarnir, eru lögð á magn eða eiginingu, sé alveg óhjákvæmilegt og eðlilegt að fylgjast með verðbreytingunum með því að taka álag á grunntollana, ef svo mætti segja, eins og lagt er til í þessum frv. Ég er því samþykkur öllum greinum þessa frv. nema B-lið 1. gr., en það er verðtollurinn. Um hann gildir allt annað en um vörumagnstolla, þar sem tollarnir eru lagðir á ákveðið vörumagn eða ákveðna einingu. Verðtollurinn hækkar af sjálfu sér með hækkuðu verði, og því er ekki ástæða til þess að leggja á hann viðaukatoll vegna breytts verðlags, því að sá tollur hækkar, eins og ég áður sagði, sjálfkrafa með hækkuðu verðlagi í íslenzkum krónum á þeim vörum, sem keyptar eru og fluttar inn.
Samkv. fjárlagafrv. fyrir 1956, sem hæstv. ráðh. hefur lagt fram, er gert ráð fyrir, að verðtollurinn verði að meðtalinni þessari álagningu um 155 millj. kr. Telst mér því svo til, að þessi 45% álagning á verðtollinn, sem hér ætti að heimila, svari til nálægt 50 millj. kr. af þessari upphæð. Það liggur í augum uppi, að álagning slík sem þessi í viðbót við fyrri tolla að viðbættri svo álagningu milliliða, sem með vöruna verzla, hlýtur að koma fram í verðlagi varanna, auka dýrtíðina, hækka vísitöluna með þeim afleiðingum, sem öllum eru kunnar.
Ég vildi því leyfa mér að skjóta því til hæstv. ráðherra, með tilliti til hinnar greinargóðu skýrslu, sem hann hefur gefið um afkomu ársins 1954, hvort hann sæi sér ekki fært að fella þetta álag niður eða a. m. k. lækka það verulega frá því, sem hér er um að ræða. Ég vænti, að hv. fjhn., sem væntanlega fær málið til umr., athugi þessa hlið málsins með hæstv. ráðherra.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 42, 36).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem nú er tekið til umr., er stjórnarfrv. og gamall kunningi, af því að það er frv. til laga, sem hafa verið framlengd frá ári til árs nálega óbreytt um alllangt skeið. Eins og það liggur nú fyrir, er það alveg óbreytt frá fyrra ári.
Fjárhagsnefndarmenn, fjórir af fimm, mæla með því, að frv. verði samþykkt efnislega óbreytt. Einn nm. aftur á móti, hv. 4. þm. Reykv., flytur á þskj. 36 till. til breytinga á frv. Hún er um það, að B-liður 1. gr. frv. falli niður, þ. e.

a. s. álagið á verðtollinn. Sú till. felur í sér a. m. k. 50 millj. kr. lækkun á tekjum ríkissjóðs á næsta ári, ef miðað er við frv. það til fjárlaga, sem fram hefur verið lagt. Vitað er þó, að þetta fjárlagafrv. er þannig, að á það vantar útgjöld svo að tugum milljóna skiptir, sem ég tel víst að hv. 4. þm. Reykv. muni engu síður en aðrir telja óhjákvæmileg útgjöld. Er því till. hans á þskj. 36 a. m. k. allhraustleg, og munu varla aðrir en þeir, sem hafa ekki áhuga á, að fjárlögin verði hallalaus, þegar þingið afgreiðir þau, geta lagt till. lið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um till. fleiri orðum. Meiri hl. fjhn. leggur að sjálfsögðu til, að hún verði felld. En eins og segir í nál., eru á frv. formgallar, sem stafa af því, að það er stílað sem breytingar á lögum um tollskrá o. fl. frá 1939, en í fyrra voru heildarlög um tollskrá o. fl. sett, og misstu þá lögin frá 1939 gildi sitt. Fjhn. leggur einróma til, að frv. verði leiðrétt að þessu leyti, og eru till. hennar á þskj. 42 um það. Ég tel, að þessar till. þurfi ekki skýringa við, en einboðið fyrir hv. þm., hvaða afstöðu sem þeir taka annars til frv., að samþ. þær tillögur.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. tók fram, flyt ég brtt. á þskj. 36 um, að B-liður 1. gr. þessa frv. falli niður, en í B-lið er ákveðið, að verðtollurinn skuli innheimtur með 45% álagi.

Ég benti á það þegar við 1. umr., að verðtollurinn sé að því leyti ólíkur öðrum tollum, sem á eru lagðir, að hann er bundinn við verðgildi vörunnar og hækkar eftir því, sem verð hennar hækkar, í staðinn fyrir að flestir hinna tollanna eru bundnir við magn. Af því leiðir, að með hækkandi vöruverðlagi eða lækkandi gildi krónunnar hækkar tollurinn í krónutölu sem því svarar. Þess vegna er óeðlilegt að leggja sérstakt álag ofan á þennan toll, þó að aðrir tollar þurfi að hækka til samræmis við vaxandi dýrtíð — þeir tollar, sem miðaðir eru við magn.

Hv. frsm. (KK) veit einnig, að þegar viðaukinn var lagður á verðtollinn á sínum tíma, var það gert í sérstökum tilgangi, áður en gengislækkun var framkvæmd, og einmitt var gert ráð fyrir því í sambandi við gengislækkunina og þá hækkun á verðtollinum, sem af henni stafaði að krónutölu, að hægt yrði að fella niður þennan viðauka. (Gripið fram í.) Það er rétt, að hann var lækkaður niður í 45%.

Hv. þm. segir, að það muni kosta ríkissjóðinn um 50 millj. kr. að fella þennan verðtollsviðauka niður. Mér reiknast, að miðað við fjárlagafrv. sé það um 48 millj., svo að það skeikar ekki miklu. Í því sambandi skal ég geta þess, að ég léði máls á því í fjhn., þegar þetta mál var til umr., að taka til athugunar, ef nefndarmenn vildu ganga til móts við mig og gera nokkra lækkun á verðtollsviðaukanum, t. d. niður í 20—25%, en það fékk engar undirtektir í nefndinni.

Hv. þm. segir, að það sé furðulegt, að ég, sem sjálfsagt óski aukinna útgjalda á fjárlögum, skuli vera með því að rýra tekjur ríkissjóðs á þennan hátt. Ég hef nú ekki verið frekari til fjárins en aðrir í kröfum mínum til ríkissjóðs, — ég meina það nú ekki um sjálfan mig persónulega, enda meinti hann það ekki heldur, — en yfirleitt til fjárframlaga úr ríkissjóði án þess að gera grein fyrir, hvernig tekna skyldi aflað til þeirra framkvæmda.

En í sambandi við þessa fullyrðingu hv. frsm. vil ég minna hann á upplýsingar hæstv. fjmrh., sem hann gaf við fjárlagaumr. í hv. Sþ. nú fyrir skömmu. Hann taldi, að eftir því sem séð væri og ætla mætti um útkomu ársins 1955, mætti telja víst, að tekjurnar færu a. m. k. nokkuð yfir 100 millj. kr. fram úr áætlun, og í yfirliti yfir árið 1954, sem útbýtt hefur verið til þingmanna ásamt fjárlagafrv., liggur skjalfest, að umframtekjurnar hafa orðið um 108 millj. kr. árið 1954. Það er að vísu rétt, að mikið af þessu fé hefur verið notað, sumpart fyrir það, að einstakir liðir fjárlaganna hafa farið fram úr áætlun af ýmsum ástæðum, sem of langt mál yrði að rekja hér, og sumpart fyrir það, að því hefur verið varið til annarra hluta, sem hæstv. ríkisstj. hefur talið að þörf hafi verið að leggja fé til og fengið stundum samþykki Alþingis eftir á.

Ég verð að segja, að ég sé þess engin merki, að frv., sem nú liggur fyrir til fjárlaga fyrir næsta ár, sé með öðrum hætti en undanfarið. Það er því enginn vafi á því, að það eru sömu varlegu útreikningarnir við áætlun teknanna, sem þar er miðað við, eins og verið hefur, enda sést það, ef borið er saman yfirlitið 1954 og fjárlagafrv. nú.

Af þeim sökum er því ekki hægt að mæla með þessu frv., nema ætlunin sé, að svo varlega sé áætlað enn í fjárlögunum, að þau standist það, að bætt sé á þau miklum útgjaldaauka, sem síðan yrði jafnaður með því að hækka þá tekjuliði, sem fyrir eru. Auk þess er þess að geta, að hæstv. fjmrh. hefur beinlínis boðað í fjárlagaræðu sinni, að vænta mætti tillagna frá honum um nýjar álögur, og er þá rétt að athuga, þegar till. koma fram, hvort þær kynnu að vera réttmætari á einhvern hátt en þessi tollauki, sem hér er um að ræða.

Ég skal ekki hafa um þetta lengra mál og vil vænta þess, að hv. deildarmenn greiði till. atkvæði.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. (HG) hefur nú gert grein fyrir till. sinni, og má segja, að sú grg. hafi varla verið annað en þær ágætu óskir, sem við berum náttúrlega allir í brjósti, að hægt hefði verið að lina á útgjöldum þegnanna. Hann benti á það, að þessi tollur hækkar með hækkandi verðlagi, og það er að vísu rétt. En þó er hann lagður á erlendu vöruna, innkaupsverð hennar og líklega flutningsgjöld, og þegar verðlagið innanlands stígur hraðar en verðlag aðkeyptra vara, eins og hefur verið að undanförnu yfirleitt, þá má segja, að þessi tollur lækki samhliða því, sem verðlagið innanlands hækkar, og verði því léttari en áður. Í stjórnartíð Alþfl. mun álagið á tollinn hafa verið 60%, og þá var þó þörfin fyrir álagninguna minni en hún er nú, vegna þess að fjárl. voru miklu lægri og margt hefur komið til, sem standa þarf straum af fyrir ríkissjóðinn síðan. Ég held þess vegna, að hv. 4. þm. Reykv. þurfi

ekki sérstaklega að vera óánægður með tollálagið fyrir næsta ár um 45%.

Ég gerði ráð fyrir því, að hv. þm. mundi vegna flokks síns fyrst og fremst hafa áhuga á því, að þeir útgjaldaliðir, sem tilkynnt hefur verið að enn væru ekki komnir inn á fjárl., yrðu teknir inn í þau. Það eru útgjöld vegna hækkandi launalaga. Gizkað er á, að þau verði 20 millj. Vegna greiðslu ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga munu vera áætlaðar um 14 millj. Enn fremur er sennilegt, að hækka þurfi greiðslur úr ríkissjóði vegna almannatrygginganna, mér er sagt um ekki minna en 6 millj. — kannske meir. (Gripið fram í.) Já, hvað þá, ef það er meira, eins og hv. 4. þm. Reykv. skýtur nú inn í að það verði. Þarna eru um 40 millj. Og þegar þetta liggur fyrir, finnst mér það satt að segja fullhraustlegt, eins og ég sagði áðan, að flytja lækkunartill. á tekjum ríkissjóðs um nálega 50 millj. og jafnvel þótt tekjuafgangur, sem búið er að eyða, hafi verið frá síðasta ári.

Í sjálfu sér er það svo, að þar sem tekjur ríkissjóðs byggjast mjög mikið á verzluninni og kaupgetu manna, þá er óvarlegt að gera ráð fyrir því og byggja á því, að hún geti orðið áfram eins og hún hefur verið á þessu og síðasta ári.

Fleira tel ég ekki ástæðu til að taka fram. Ég hygg, að það liggi ljóst fyrir, að brtt. fær ekki staðizt, því miður.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Mér virðist liggja einkennilega mikið á að afgreiða þetta mál frá þessari hv. deild. Ég held hins vegar, að þetta mál sé þannig vaxið, að mikil nauðsyn beri til að láta það fá mjög gaumgæfilega athugun, eins og nú er ástatt í okkar efnahagslífi.

Þessi hækkun, sem hér um ræðir, á tollum var fyrst sett í lög árið 1946. Það var eitt af fyrstu verkum þeirrar stjórnar, sem tók við af nýsköpunarstjórninni, þ. e. a. s. stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar. Þá átti það að vera bráðabirgðafjáröflun til stuðnings útflutningsatvinnuvegunum og átti þá að gilda aðeins eitt ár. Síðan var söluskatturinn lagður á í sama skyni. Þessar miklu tollahækkanir áttu að koma í staðinn fyrir gengislækkun, sem mjög var rædd þá þegar, og það var oft komizt svo að orði, að hér væri um dulbúna gengislækkun að ræða. Síðan var stórkostleg gengislækkun framkvæmd, og meðal þeirra raka, sem færð voru fram fyrir kostum hennar, var það, að hún kæmi í staðinn fyrir þessa miklu tolla og skatta, sem þá væri hægt að lækka. En raunin varð ekki sú, að þessar tollahækkanir væru látnar niður falla, heldur voru þær framlengdar ár frá ári, og nú er farið fram á, að það verði gert einu sinni enn, víst í áttunda sinn.

Þetta eru því ekki neinir bráðabirgðatollar lengur, heldur fastur tekjustofn, og ekki til stuðnings útflutningnum sérstaklega, heldur almennt eyðslufé ríkissjóðs.

Nú eru það skrýtin vinnubrögð að vera að samþykkja þessar tollahækkanir á hverju ári, þó að þær séu í raun og veru orðnar fastur tekjustofn, og maður hlýtur að spyrja: Hvers vegna er þetta ekki fært inn á tollskrána? En það hefur sýnilega orðið fastur siður, að í hvert skipti, sem tollar eru hækkaðir, er látið í veðri vaka, að hér sé aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða til þess að afla fjár til einhverra sérstakra þá óhjákvæmilegra útgjalda. Þessi leið er farin vegna þess, að tollahækkanir, sem raunar eru ætlaðar til frambúðar, eru eins konar feimnismál.

Nú gengur mikið dýrtíðarflóð yfir landið og stofnar afkomu þjóðarinnar í mikla hættu, ef ekki verður rönd við reist. Þetta ætti að vera það vandamál, sem þingið einbeitti sér að því að leysa, þegar það kemur saman. En það örlar ekki á því. Og þessi flýtir á afgreiðslu tollahækkananna spáir ekki góðu um hugarfar stjórnarflokkanna í þessum efnum.

Nú eru tollar og óbeinir skattar orðnir fast að hálfum milljarði samtals á fjárlögum, og þar við bætist svo bátagjaldeyririnn og togaraskatturinn, sem nema á annað hundrað milljónum króna. Hlýtur að vera hverjum manni ljóst, hversu gífurlegan þátt þessir óbeinu skattar eiga í dýrtíðinni. Hv. frsm. meiri hl. heldur því fram, að vegna væntanlegra aukinna útgjalda sé ekki aðeins nauðsynlegt að framlengja alla þá skatta, sem til þessa hafa hvílt á þjóðinni, heldur jafnvel að bæta nýjum við. Þetta er raunar það sama sem hæstv. fjmrh. tilkynnti í fjárlagaræðu sinni. Ekkert tillit er tekið til þess, að rekstrarafgangur s. l. árs var fast að 100 millj. kr., eða hefur raunar verið a. m. k. 100 millj. kr., eftir því sem nú er upplýst, og auðsætt er, að með aukinni dýrtíð hækkar upphæð óbeinu skattanna að sama skapi. Ekki sjá fulltrúar stjórnarflokkanna heldur neina leið til þess að afla aukinna tekna, aðra en þá að hækka tolla og óbeina skatta; a. m. k. hefur það ekki komið fram enn. Ég geri því ráð fyrir, að ef till. hv. 4. landsk. verður borin undir atkvæði nú, þá séu örlög hennar þegar ráðin, eins og greinilega kom fram í ræðu hv. frsm. (KK). Mér finnst hins vegar þetta mál og dýrtíðarvandamálið allt vera svo mikilvægt, að ekki sé rétt að hrapa að afgreiðslu þess nú á stundinni.

Fyrir hv. neðri deild liggur annað mál náskylt þessu og ekki hægt að skilja frá því, en það er framlenging söluskattsins. Nú vildi ég leggja til, að þessu máli yrði frestað og að fjárhagsnefndir beggja deilda kæmu saman og ræddu þessi mál í sameiningu af fullri alvöru, gerðu gaumgæfilega athugun á því, hvort hægt væri að komast að samkomulagi um einhverja lækkun, sem orkað gæti í þá átt að draga úr dýrtíðaröldunni, samfara öðrum ráðstöfunum í því skyni. Það er ekki víst, að ráðið yrði að afnema þessa skatta á öllum vörum, þ. e. a. s. þá skatta, sem felast í þessu frv. og frv. um framlengingu söluskattsins, heldur öllu fremur endurskoðun á öllu tolla- og skattakerfinu í því skyni að draga eitthvað úr hinu háa verðlagi á þeim vörum, sem mesta þýðingu hafa í neyzlu almennings.

Hvað sem líður hugmyndum manna nú að lítt rannsökuðu máli um tekjuþörf ríkissjóðs og þeim áætlunum, sem fyrir liggja um tekjur ríkissjóðs á næsta ári, tel ég það vera beinlínis ábyrgðarleysi af þinginu, eins og nú er ástatt, að gera enga tilraun til slíkrar rannsóknar, til slíkrar sameiginlegrar athugunar, og enda þótt ýmis aðkallandi mál liggi fyrir þinginu, þá held

ég, að dýrtíðarmálið í heild sinni sé tvímælalaust mest aðkallandi.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Út af till. hv. 2. landsk. þm. um að fresta þessu máli og fyrirspurn hæstv. forseta til n. um það, hvort hún vildi á það fallast, vil ég taka fram, að ég fyrir mitt leyti sé ekki ástæðu til þess að fresta þessu máli nú, þó að ég skuli viðurkenna, að það mundi ekki gera mikinn skaða, þó að því væri frestað um sinn.

Það er þó ekki sökum þess, að ég sé ekki hv. 2. landsk. þm. sammála um það atriði út af fyrir sig, að þörf sé á að taka fjármál ríkisins, tekjur þess og gjöld, til gaumgæfilegrar athugunar og það sem allra fyrst, t. d. af fjárhagsnefndum þingsins og fjvn. og yfirleitt þinginu í heild sinni. En ég tel ekki þörf á að fresta þessu máli þrátt fyrir þetta, vegna þess að sú rannsókn getur alls ekki leitt til þess, að tekjustofnar ríkissjóðs, sem hann nú hefur, verði lækkaðir. Það er óhugsandi, eftir því sem gjöld ríkisins hafa verið undanfarið og eftir því sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið loforð, sem þingið væntanlega staðfestir, sem ég skal þó ekki fullyrða um. Þess vegna held ég, að af þeim ástæðum, sem hv. þm. nefndi, sé alls engin ástæða til að fresta þessu máli.

Úr því að ég fór að kveðja mér hljóðs og nokkuð til kvaddur, get ég ekki látið hjá líða að mótmæla því, sem virtist koma fram hjá hv. 2. landsk. þm. og hv. 4. þm. Reykv., að hér væri um skattahækkun að ræða. Hér er aðeins um það að ræða að halda þeim tekjustofni óbreyttum, sem verið hefur undanfarin ár. Það var líka rangt, sem hv. 2. landsk. þm. sagði, að það hefðu ekki verið lækkaðir skattar í sambandi við gengislækkunina. Verðtollurinn var með hærra álagi, það var verulega lækkað, um leið og gengisbreytingin var samþykkt. Annars er ég því sammála, sem hann sagði, að ég teldi það réttara með tekjustofna, sem framlengdir eru ár frá ári, að setja það ákveðið inn í viðeigandi lög og vera ekki að þessum árlegu framlengingum, og fyrir mér er það ekkert „feimnismál", að það þurfi að leggja skatta á þjóðina til þess að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru og ríkisstj. hefur verið knúin til að gefa loforð um að uppfylla, hvort sem hún fær þingfylgi fyrir því eða ekki. Ég er ekkert feiminn við það, því að það er nú einu sinni svo með ríkissjóðinn, að það er engin yfirnáttúrleg uppspretta af peningum, sem í hann rennur, né heldur að það rigni peningum ofan úr himni í ríkissjóðinn. Þeir, sem gera sífelldar kröfur til ríkissjóðs, verða að vita, að það er ekki hægt að fullnægja þeim á annan hátt en með sköttum og tollum.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil í tilefni af ræðu hv. 2. landsk. (BrB) og þeim ummælum, sem hér hafa fallið, segja það, að ég mun taka þessa till. mína aftur til 3. umr. í trausti þess, að málið fái athugun fyrir þann tíma, og ef möguleiki opnaðist fyrir viðræðum á víðari grundvelli en þetta, þá mundi ég gjarnan vilja taka þátt í þeim.

Viðvíkjandi því, sem hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Eyf. (BSt), sagði hér áðan, að þeir, sem gerðu kröfur til ríkissjóðsins, yrðu að vera við því búnir að sjá honum fyrir tekjum, þá má að vissu leyti kannske segja, að það sé rétt. En ég man ekki betur en að hér rigni árlega og séu jafnvel samþ. frv. og till. frá honum og hans flokksmönnum um aukin útgjöld úr ríkissjóði, án þess að nokkrar till. fylgi þeim um, hversu fjár til þess skuli aflað. — En till. mína tek ég aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 36 tekin aftur til 3. umr.
— 42,1 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 42,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Á 9. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 62, 36).

Haraldur Guðmundsson: Ég tók till. á þskj. 36 aftur til 3. umr. og lét mér detta í hug, að til þess gæti komið, að fjhn. samkvæmt fram kominni ábendingu vildi athuga efni hennar nánar. Nú hefur ekki verið haldinn fundur í nefndinni, mér er ekki kunnugt um, að neitt hafi gerzt í málinu síðan, og hæstv. forseti hefur tekið málið á dagskrá, svo að ég vil því óska eftir, að till. komi til atkv. nú við þessa umræðu.

Ég sé ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem hér var sagt við 1. og 2. umr., en ég skal visa til þess, sem hv. 2. landsk. sagði hér við síðustu umr., að þessi verðtollsviðauki var upp tekinn beinlínis í því skyni að afstýra gengislækkun. Um leið og hún var ákvörðuð, mátti því vænta, að þessi liður yrði felldur niður, en svo hefur ekki orðið, eins og kunnugt er.

Ég skal geta þess, að þó að málið fari til Nd., þá er að sjálfsögðu eftir sem áður opið, ef fjhn. vill sinna því, að ræða um möguleika á breyttri tekjuöflun fyrir ríkissjóð frá því, sem nú er.

ATKVGR.
Brtt 36 felld með 10:3 atkv.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 10. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 191).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og er ekki annað en staðfesting á þeirri löggjöf, sem nú gildir í þessu efni og hefur verið framlengd hér á fyrri þingum. Fjhn. mælir með samþykkt þess, nema hvað tveir þm. hafa fyrirvara um andstöðu gegn B-lið 1. gr., eins og fram kemur í nál. á þskj. 191, en þeir eru báðir andvígir því ákvæði, sem þar er um álag á verðtollinn, en það er minni hluti nefndarinnar, hv. 9. landsk. og 1. landsk. Að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 198).

---

6. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Svo sem fjárlagafrv. ber með sér og nánar verður rætt, þegar almennar umr. um fjármál fara fram á hv. Alþingi, sem verður mjög bráðlega, má ríkissjóður ekki neins í missa af tekjum þeim, sem hann hefur haft. Hér er því lagt til í þessu frv. að framlengja söluskattinn eins og hann hefur verið.

Leyfi ég mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þá er þetta frv. komið fram enn einu sinni, og hefur hæstv. ríkisstj. ekki einu sinni haft svo mikið við að breyta því, að hún geri það lögfræðilega sæmilega úr garði Þetta frv. er enn þá þannig, að 3. kafli úr lögum, sem sett voru 1948, er látinn gilda og þó ekki greinarnar allar, heldur aðeins ákvæðin um tekjuöflun, dreifð hér og hvar innan um greinarnar. Þetta er búið að minnast á við hæstv. ríkisstj. ár eftir ár, að hún a. m. k. gangi frá þeim álögum, sem hún leggur á landsfólkið, í sæmilega lögfræðilegu formi. Ekki einu sinni svo mikið hefur hæstv. fjmrh. látið vinna enn sem komið er. — En það er nú ekki verst. Því hefur verið lofað ár eftir ár, og sérstaklega var því lofað í hvert skipti, sem verið var að leggja einhvern nýjan skatt á fólkið í landinu, að þetta væri bráðabirgðaskattur, þetta væri aðeins til eins árs og síðan yrði það ekki lengur látið haldast. Þegar þessi skattur, sem hér er um að ræða, var lagður á, átti að verja honum í alveg sérstöku skyni, og í upphafi 3. kaflans, þessa kafla, sem enn einu sinni er framlengdur, þannig þó, að fellt er niður úr honum allt, sem ekki er til tekjuöflunar, og þar með náttúrlega líka inngangurinn, hljóðaði inngangurinn svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands."

Ábyrgðin um verð á útfluttri vöru er nú löngu afnumin, en hins vegar hefur þessi skattur upp á síðkastið alveg sérstaklega orðið til þess að hækka og auka dýrtíðina innanlands.

Hæstv. fjmrh. er nýbúinn að leggja fyrir okkur yfirlit yfir afkomu ríkisins síðasta ár, og þá fara tekjurnar um 100 millj. kr. og jafnvel yfir það fram úr áætlun, m. ö. o., enn einu sinni sýnir það sig, að þessi skattur er ekki nauðsynlegur. Það hefur komið fyrir líka á undanförnum árum, að það, sem tekjurnar fara fram úr áætlun, hefur verið meira en sem numið hefur öllum söluskattinum, og það mun fara eitthvað svipað núna. Að minnsta kosti er svo, að það er engum blöðum um það að fletta, að stórum hluta af söluskattinum hefði mátt sleppa á undanförnum árum.

Að vísu kemur hæstv. fjmrh. nú og segir í sinni stuttu framsögu fyrir þeim 100 millj., sem hann vill fá, að ríkissjóður megi einskis í missa, og þetta syngur hann ár eftir ár, alltaf sama lagið, næstum sömu orðin, og alltaf er það orðið umbreytt í hreinasta háð, þegar hann skilar svo reikningunum. Í þetta skipti skilaði hann reikningunum það snemma prentuðum til okkar, að það var áður en hann flutti þessa framsöguræðu um söluskattinn, svo að raunverulega löðrungar hann sjálfan sig, um leið og hann er nú að fara fram á, að Alþingi samþykki þessar álögur enn á ný. Það, sem er þó verst í þessu öllu saman, er, að hæstv. ríkisstj. hefur lofað því á undanförnum árum, hún lofaði því í vetur, og hæstv. fjmrh. hefur hvað mest talað um það, að það þurfi að draga úr dýrtíð, en á sama tíma er eins og hæstv. fjmrh. sjálfur geri leik að því að auka dýrtíðina með því að viðhalda álögum, sem ekki væri nauðsynlegt að leggja á þjóðina, en verða til þess að hækka stórkostlega alla dýrtíð í landinu og allan framleiðslukostnað. M. ö. o.: Í staðinn fyrir loforðin um að létta af sköttum svo fljótt sem hægt væri er haldið öllum þeim þungu sköttum, og jafnvel þótt þeir reynist óþarflega þungir, þá eru þeir ekki léttir. Þó er máske ekki einu sinni hæstv. fjmrh. verstur í þessum efnum, heldur er öll ríkisstj. sek um það að skipuleggja dýrtíðar-

flóð í þjóðfélaginu og þyngja í sífellu dýrtíðina á almenningi. Það er eins og sú sama regla sem gildir hér í fjárlögunum hjá hæstv. fjmrh. hafi alveg sérstaklega þetta sumar verið gerð að höfuðstefnu ríkisstj., að margfalda dýrtíðina, hefna sín á almenningi með því að auka dýrtíðina á öllum sviðum. Það hefur engu líkara verið, síðan við skildum hér á síðasta þingi, en að ríkisstj. hafi farið beint út til allra aðila í landinu, sem ráða verðlagningu, og sagt við þá: Aukið þið nú hver á sínu sviði verðlagið eins og þið frekast getið. — Síðan kyrja blöð ríkisstj.: Dýrtíðin vex, það er allt kauphækkuninni að kenna. — Og þessi sama ríkisstj. veit, að kaupið er ekki orðið það sama í dag og það var 1947, fyrir átta árum, þrátt fyrir kauphækkanirnar síðasta vor; er ekki orðið það sama að tiltölu og miðað við dýrtíð.

Sú sama stefna hæstv. ríkisstj. sem kemur fram í þessari till., að framlengja enn þá einu sinni söluskattinn óbreyttan og gera þannig af hálfu ríkisvaldsins skipulagðar ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina, hefur verið framkvæmd í þjóðfélaginu á síðustu mánuðum með slíkum krafti, að allt landsfólkið stynur undir því dýrtíðarflóði ríkisstj. núna. Þetta er nauðsynlegt að taka fram, og þetta verður nauðsynlegt að taka fram í sambandi við þær till., sem ríkisstj. kemur til með að gera hér, ekki síst vegna þeirra blekkinga, sem hún hefur sjálf í frammi í sambandi við það, hver sé undirrót þess dýrtíðarflóðs, sem ríkisstj. skipuleggur nú gegn alþýðu manna. Það þarf að koma greinilega fram í þessu sambandi þáttur fjmrh. þar í, en annars þáttur ríkisstj. almennt, að það er hennar stefna og hefur verið hennar höfuðstefna á undanförnum árum að láta auka dýrtíðina, eins og hún frekast hefur getað, og gera ekkert til þess að draga úr henni.

Mér dettur aðeins í hug í þessu sambandi, ekki síst vegna þeirra stórkostlegu aðgerða, sem ríkisstj. gerði að sínu aðalmáli á síðasta þingi, húsnæðismálalöggjafarinnar, að það mætti ef til vill minna aðeins á það, hvernig hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar hafa skipulagt dýrtíðaraukninguna á undanförnum árum í sambandi við þau mál. Fyrir 10 árum var húsaleiga hér í Reykjavík á 3 herbergja íbúð almennt um 150 kr. á mánuði, a. m. k. í öllum þeim húsum, sem þá voru nokkurra ára gömul, tveggja til þriggja ára. Nú í dag er húsaleiga fyrir 3 herbergja íbúð í Rvík 1500—2000 kr., og hún hækkaði víða, eftir að ríkisstj. gaf út sínar fyrirskipanir til auðmannanna í landinu um að keppast um að hækka eins og hægt væri allt verðlag, í vor úr 1500 upp í 2000 kr., þegar menn þóttust sjá, að það væri algerlega búið að gefa laust, sleppa öllum hömlum af hálfu ríkisstj. á dýrtíðinni í landinu. M. ö. o.: Húsaleiga hér í Rvík á húsnæði, sem a. m. k. um það leyti sem verkamannabústaðirnir voru settir fyrir 25 árum taldist hæfilegt fyrir almenning og telst með því minnsta núna, er komin upp í 1500—2000 kr., er tíföld og meira en það á við það, sem hún var 1945. Og þetta er fyrir tilstilli ríkisstj. og hennar flokka, þeirra flokka, sem afnámu húsaleigulögin, afnema öll verðlagsákvæði og sleppa allri dýrtíðinni lausri og ýta undir auðmannastéttina í Rvík og alla þá, sem aftan í henni hanga, um að hækka dýrtíðina eins og frekast sé hægt. Á sama tíma sem húsaleigan hefur tífaldazt og meira, hefur kaup tvöfaldazt. Kaup Dagsbrúnarmanns, sem 1946 var um 8 kr. á tímann, er nú um 16 kr. Ef reiknað er með, að húsaleiga í t. d. þriggja herbergja íbúð sé 1600 kr., þá er það helmingurinn af mánaðarkaupi Dagsbrúnarmanns fyrir 8 tíma vinnu á dag. Þetta er ástand, sem þekkist ekki neins staðar á Norðurlöndum, að verkamenn þurfi að greiða helminginn af sínu mánaðarkaupi í húsaleigu, nema hér á Íslandi, beinlínis skipulagt af hálfu núverandi stjórnarflokka. Og það er ekki nóg með, að þeir, sem verða að leigja, verði að búa við svona kjör, heldur verða þeir, sem eru að byggja yfir sig og eiga að heita að búa í eigin húsnæði, að reikna sér svona leigu til þess að standa undir sínum íbúðum vegna þess okurs, sem hæstv. ríkisstj. hefur skipulagt viðvíkjandi lánum. Það hefur verið hennar stefna, yfirlýst frá því að Marshalllánin voru tekin, að hækka í sífellu vextina, og það hefur verið hennar stefna í mótsetningu við það, sem var fyrrum, þegar lán til verkamannabústaðanna voru upp í 42 ára lán með 2% vöxtum, að láta menn ekki fá nema tiltölulega stutt lán í bönkunum, sem hún ræður og ber ábyrgð á, og hækka vextina upp í 5 og 5½%, þannig að menn verða nú líka í þeim íbúðum, sem menn eiga sjálfir og eru að byggja sér, að reikna þessa sömu háu húsaleigu, enda hefur braskið, sem ríkisstj. hefur gefið lausan tauminn, og það hefur verið hennar höfuðstefna, blómgazt þannig, að ég get t. d. nefnt dæmi um íbúð, sem fyrir tveim árum kostaði 140 þús. kr., þriggja herbergja kjallaraíbúð hér í Rvík, var árið eftir seld á 190 þús. og í ár á 230 þús. Þá geta menn reiknað út, að hjá þeim, sem kaupir íbúð á 230 þús. kr. og verður að búa í henni sjálfur, er leigan, þó að hann reikni ekki nema 10% í vexti og viðhald, komin upp í 2000 kr. á mánuði fyrir þriggja herbergja íbúð. Það er þetta brask, sem ríkisstj. hefur skipulagt í þjóðfélaginu, hefur ýtt undir, hefur hleypt lausu á almenning. Þær smáu viðnámsráðstafanir, sem verkalýðssamtökin hafa gert og verkamenn hafa orðið að fórna miklu fyrir, standa í margra vikna verkföllum, leiða til þess, að verkamenn hafa aðeins tvöfalt kaup á við það, sem var fyrir 10 árum, á meðan ríkisstj. lætur tífalda húsaleiguna, og þá er ástandið þannig, að hæstv. ríkisstj. ýtir undir gróðafíknina, dýrtíðarauknunguna, það, sem hæstv. fjmrh. mundi stundum hafa kallað verðbólguna, og reynir svo í sínum áróðri að skella skuldinni á verkamenn, ef þeir leyfa sér að sýna smávægilegt viðnám á móti þessari óþolandi dýrtíðarauknungu ríkisstjórnarinnar. Ég hef minnzt á húsaleiguna sem dæmi, vegna þess að það var málið, sem ríkisstj. lofaði á síðasta þingi að skyldi verða bætt úr, og hún færir vafalaust nú fram sínar ástæður til þess að koma fram með skýringar á, hvað hún hafi unnið þar mikil afrek.

En það er ekki aðeins á þessum sviðum, sem snerta almenning mest, sem dýrtíðarauknungin kemur þannig niður. Ég vil aðeins í sambandi við þessar till. hæstv. ráðh. um að framlengja söluskattinn einu sinni enn þá minna á eitt atriði, sem hæstv. fjmrh. finnst vafalaust lítið atriði.

Allur þessi söluskattur lendir m. a. á öllum vélum til framleiðslu, öllum vélum til stofnunar nýrra fyrirtækja, og það jafnt þeirra fyrirtækja, sem þörfust eru talin og ríkið takmarkar með sérstökum lögum, hvernig leggja megi á, sem til þeirra, sem væru mikil gróðafyrirtæki. Eitt af því t. d., sem söluskatturinn leggst á og hæstv. ráðh. gerir ekki neinar till. um að breyta hér, eru allar vélar til raforkuframleiðslu.

Þegar hæstv. ríkisstj. með sínu mikla yfirlæti tók við völdum, áttu raforkumálin að vera eitt af þessu stóra, sem hún ætlaði að gera í landinu. Allar þær áætlanir, sem hún hafði í upphafi, hefur hún ýmist verið að smáminnka eða hún hefur verið að *fresta þeim. Ég veit ekki, hvort* hún hefur verið að fresta þeim fram yfir það, að stjórnin félli, þannig að hún gæti gert allar ráðagerðirnar að kosningamáli einu sinni enn þá, eða hvort það er bara það almenna stjórnleysi hennar á öllum efnahagsmálum þjóðfélagsins, sem veldur frestuninni. En mér er sérstaklega vel kunnugt um eitt af þeim fyrirtækjum, sem söluskatturinn lendir þannig á með miklum þunga, eitt af þeim fyrirtækjum almennings, sem ríkið með alveg sérstökum lögum þó vildi reyna að tryggja að legðu ekki mikið á. Þessi söluskattur lendir á öllum raforkuvélum til allra virkjananna, sem nú er verið að undirbúa, og hefur lent á þeim undanfarin ár, þ. á m. Sogsvirkjuninni. Hin nýja Sogsvirkjun kostaði, eins og ég hef sagt hér frá áður, 195 millj. kr. Af þessum 195 millj. kr. voru 25 millj. kr. söluskattur og aðrir tollar til ríkisins af vélunum, mestmegnis söluskattur, 9 millj. kr. voru vextir, meðan á byggingunni stóð, vextir til banka ríkisins. 35 millj. kr. af 195 millj. voru skattur til hæstv. ríkisstjórnar. Síðan bætast þessar Eysteinsmilljónir, þessar 35 milljónir, við allan stofnkostnað Sogsvirkjunarinnar, reiknast síðan með á eftir í öllu því, sem lagt er á, og verða þannig beinlínis til þess að hækka dýrtíðina í þjóðfélaginu. Ég þekki ekki nokkurt ríki um víða veröld, sem hefur þessar aðferðir við stofnsetningu ríkisfyrirtækis. Ríkið á helminginn, Reykjavíkurbær helminginn, og fyrirtækið er rekið sérstaklega með almenningshag fyrir augum, og í lögum hér frá Alþ. er ákveðið, að það má ekki leggja nema 5% á kostnaðarverð raforkunnar frá þessu fyrirtæki. En ríkisstj. sjálf tekur, áður en þessi 5% eru lögð á, í stofnkostnaðinn þarna 35 millj. kr., 25 millj. kr. þar af í söluskatti og öðrum tollum til ríkisins, og er söluskatturinn þó þar mestur. Sama máli kemur auðvitað til með að gegna nú með þær virkjanir, sem fyrirhugaðar eru á Vestur- og Austurlandi, og ég þykist vita, að einn af erfiðleikunum við að útvega fé til þessara fyrirtækja núna er sá að útvega fé til þess að borga ríkisstj. skattana, sem lagðir eru á þessi fyrirtæki, áður en þau verða til.

Ég hef hvað eftir annað hér á Alþingi sýnt fram á nauðsynina á því, að hægt verði að ráðast í þá nýju Sogsvirkjun snemma, vegna þess að hér vofa stórvandræði yfir, ef Sogsvirkjun getur ekki tekið til starfa í síðasta lagi að tveim árum liðnum, fyrir utan stórkostlegt tap á öllum rekstri Sogsvirkjunarinnar og rafmagnsveitnanna. Hugsanleg er minnkun eða stöðvun áburðarverksmiðjunnar eða annað slíkt. Og það er vitanlegt, að það virðist hafa gengið a. m. k. allerfiðlega fyrir hæstv. ríkisstj., að svo miklu leyti sem hún hefur með þessa lánaútvegun að gera, að útvega lán til þessa fyrirtækis, sem er þó eins bráðnauðsynlegt og eins öruggt fyrirtæki til greiðslu og Sogsvirkjunin er. En eitt af því, sem skapar vandræði í þessu, er, að af þeirri Sogsvirkjun, sem nú á að leggja í og nú kostar sínar 120 millj., verða upp undir 20 millj. kr. söluskattur og tollar til ríkisins. Þetta er engin búmennska, en þetta er ákaflega gott ráð til þess að auka dýrtíð, og það virðist vera það eina, sem ríkisstj. hefur verulegan áhuga á.

Ég álít þess vegna, að það ætti að taka þessi mál til alvarlegri athugunar en gert hefur verið undanfarið, og það er ef til vill ekki alveg ómögulegt, að það væri hægt. Það er vitanlegt, að það er orðið hálfórótt í stjórnarherbúðunum. Þær *hafa ekki beinlínis* verið *neitt kærleiksheimili* á undanförnum árum, en nú ganga þó hótanirnar, svo að maður ekki tali um klögumálin, á víxl, og það svo hávært, að í blöðum ríkisstj. bergmálar raunverulega meira baráttan á milli stjórnarflokkanna innbyrðis heldur en nokkurn tíma baráttan við stjórnarandstæðingana.

Nú þætti mér þess vegna gaman að vita, ef það er meiningin hjá stjórnarflokkunum og þeir hafa þegar komið sér saman um það að sundrast í vetur og jafnvel stofna til kosninga næsta vor, hvort þeir hafa samt komið sér saman um að framlengja fyrst jafnósvífið og undanfarin ár allar álögur á almenning í landinu. Er það samkomulag? Á að gera öllum nýjum fyrirtækjum í landinu, raforkuverum og öllum öðrum fyrirtækjum, jafnerfitt og verið hefur með, að þau verði sett á stofn? Á að gera almenningi jafnþungt fyrir að greiða? Á að skipuleggja dýrtíðina jafnósvífið og gert hefur verið undanfarið og koma svo eftir nýárið og segja: Ja, við erum á móti öllum þessum tollum og alveg á móti því að vera að gera svona erfitt fyrir raforkuverin og annað slíkt? M. ö. o.: Ætla t. d. Framsfl. og Sjálfstfl. fyrst að samþykkja öll þessi lög og koma svo með þingsályktanir eftir nýárið um að fella niður svo og svo mikið af söluskattinum? Það væri mjög fróðlegt að fá að vita um þessi vinnubrögð. Þau væru nefnilega alveg í *samræmi* við það, sem við erum að sjá öðru hverju, jafnvel með þeim þáltill., sem þegar eru komnar fram nú á fyrsta degi þingsins hjá stjórnarflokkunum. Þau væru í samræmi við vinnubrögðin, eins og þegar ríkisstj. var að gefa yfirlýsingar um, að radarstöðvarnar hérna væru hernaðarleyndarmál og þess vegna yrðu að vera amerískir hermenn í þeim, og um leið komu þá þingmenn stjórnarflokkanna fram með till. um, að það væru eingöngu Íslendingar í radarstöðvunum. Þess vegna gæti ég búizt við, að eftir nýárið kæmi annaðhvort Frams.- eða Sjálfstfl. fram með till. um að fella niður meginið af söluskattinum, eftir að þeir væru búnir núna fyrir nýárið, meðan verið væri að afgreiða fjárlögin, að knýja söluskattinn í gegnum þingið. Þess vegna vek ég máls á þessu núna. — Hins vegar vil ég mjög eindregið mælast til þess við fjhn., að hún athugi nú söluskattslögin af fullri alvöru.

Það sýnir sig ár eftir ár, að þetta eru ekki aðeins óréttlátar álögur á almenning, sem koma þungt niður á honum, verka eins og verstu tollar, heldur eru þetta líka að mjög miklu leyti óþarfar álögur á almenning. Og þó að meiri hl. fjhn. hafi engan áhuga á réttlætinu, þá hefur hann kannske einhvern áhuga á því, sem væri óþarfi. Það væri þess vegna kannske hugsanlegt, að hann væri til í að skera eitthvað ofur lítið niður af því, sem auðséð er að ríkissjóður vel mætti við að missa, og þá er það fyrst og fremst sá hluti af þessum álögum, sem lendir þyngst á almenningi, og í öðru lagi sá hluti, sem verður til þess að auka beinlínis dýrtíðina í landinu, eins og söluskatturinn á þau framleiðslutæki, sem framleiða þá nauðsynjavöru, sem almenningi er sérstök þörf á og almennt þykir frekar rétt að reyna að halda niðri verði á. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að hv. fjhn. sýni nú nokkurt sjálfstæði gagnvart hæstv. ríkisstj. í þessum málum og þrautreyni, hvort ekki mætti knýja fram á þessum þyngstu og stærstu álögum í sambandi við fjárlögin nokkra breytingu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 192, 32).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er stjórnarfrv. og er um framlengingu á gildi 3. kafla laga nr. 100 frá 1948, en í þeim kafla eru ákvæðin um söluskatt, og er lagt til með þessu frv., að þau ákvæði verði framlengd fyrir árið 1956. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar og sannfært sig um, að frv. er nákvæmlega samhljóða þeim lögum, sem nú gilda og sett voru fyrir ári, en gildi þeirra takmarkað við eitt ár, og falla þau úr gildi nú um næstu áramót.

Það mun öllum ljóst, að það er þörf fyrir þessar tekjur í ríkissjóð á næsta ári ekki síður en áður, þó að n. hafi að vísu ekki orðið sammála um að mæla með frv. Það liggur fyrir nál. hér frá meiri hl. á þskj. 192, og leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Þetta er mál, sem hv. þdm. er vel kunnugt, því að frv. um sama efni hafa verið lögð fyrir að undanförnu, þegar leið að árslokum, til þess að fá þessar framlengingar fyrir eitt ár í senn.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er um framlengingu á söluskattinum, og er það margrætt hér í deildinni, eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. tók hér fram, og skal ég því ekki fjölyrða um það. Það er samt vert að rifja það upp, að þegar þessi lög voru sett árið 1948, var það gert í því skyni að greiða útflutningsuppbætur á sjávarafurðir til þess að komast hjá gengisfellingu. Síðan gerðist það, að gengið var samt sem áður fellt, og þar að auki var komið á sérstöku fyrirkomulagi um sölu gjaldeyris að verulegum hluta þess, sem fæst fyrir sjávarafurðir, þ. e. a. s. bátagjaldeyriskerfinu, og hefði þá ástæðan fyrir söluskattinum átt að vera fallin niður, enda hefur það verið svo nú um mörg undanfarin ár, að umframtekjur ríkissjóðs hafa numið nokkuð svipaðri upphæð og þeirri, sem söluskatturinn hefur gefið.

Nú má það vel rétt vera, að ríkið hafi fulla þörf fyrir þær tekjur, sem söluskatturinn gefur, en við, minni hl. fjhn. þessarar deildar, lítum svo á, að það væri réttlátara að taka þann skatt, sem ríkið kynni að þurfa til þess að ná saman endum á sínum fjárreiðum, með öðrum hætti en hér er gert, enda viðurkennt, að þessi skattur kemur mjög hart niður á láglaunamenn, hann er alger neyzluskattur, sem leggst með nokkuð svipuðum þunga á allar vörur og verkar þannig á heimilin, að sá, sem á flest börnin, hefur fyrir flestum að sjá í sinni framfærslu, verður að gjalda mest af þessum skatti, vegna þess að hann kemst ekki hjá því, að hans þarfir eru meiri en þeirra, sem fyrir litlum heimilum hafa að sjá.

Nú er það hins vegar sýnt, að meiri hl. fjhn. leggur til, að skatturinn verði framlengdur, og má þá gera ráð fyrir því, að svo verði, þótt við í minni hl. n. leggjum til, að frv. verði fellt. Við leggjum því fram nokkrar brtt. við frv. og áskiljum okkur auk þess rétt til þess að fylgja öðrum brtt., sem fram eru komnar eða fram kunna að koma um þetta mál. Brtt. okkar liggja að vísu ekki fyrir þd. frekar en nál., en það mun vera rétt ókomið, er sem sagt í prentun. Till. okkar til breytinga á lögunum eru um það, að ríkissjóður skuli fá til ráðstöfunar þrjá fjórðunga af þessum skatti, en ¼ hluti hans skuli renna til jöfnunarsjóðs og ganga þaðan til sveitarfélaga landsins, enda eru þau mjög aðþrengd um tekjustofna.

Ef svo skyldi fara, að nál. okkar, sem við hv. 1. landsk. stöndum að, yrði ekki komið áður en þessari umr. lýkur né okkar brtt., sem þar eru prentaðar, vil ég biðja hæstv. forseta um að taka hér við okkar brtt. og afgreiða þær þá sem skriflegar brtt.

Forseti (SB): Mér hafa borizt skriflegar brtt. frá hv. minni hl. fjhn. Þar sem þær hafa ekki verið lesnar, verð ég að lesa þær, áður en afbrigða verður leitað. Brtt. eru um það, að á eftir 3. gr. komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi: [Sjá þskj. 195].

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 195) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég hef hér ásamt hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) borið fram allmargar og ýtarlegar brtt. við þetta frv. Þessar brtt., sem við berum nú fram við þetta mál, bárum við fram í frumvarpsformi í fyrra. Þær voru þá ýtarlega ræddar og skýrðar, og tel ég því ástæðulaust að fara um þær mjög mörgum orðum. Efnislega eru þessar till. á þá leið, að

felldur verði niður hluti af söluskattinum; söluskattur, sem nú er innheimtur af vörum í smásölu, verði felldur niður, og söluskattur, sem innheimtur er af þjónustu og innlendum iðnaðarvörum, verði felldur niður, og einnig verði felldur niður söluskattur af ýmsum nauðsynjum til framleiðsluatvinnuveganna, þ. e. a. s. til sjávarútvegs og landbúnaðar. Hinn meginkafli frv. fjallar svo um það, að eftir að þessar ráðstafanir hafi verið gerðar, verði tekið upp verðlagseftirlit og verðlagsákvarðanir og Alþýðusambandi Íslands falið þetta verðlagseftirlit og þessar verðlagsákvarðanir, þ. e. a. s., að í n., sem hefði með þau mál að gera, yrðu kosnir þrír menn, tveir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambandsstjórnar, en einn skipaður af ráðherra.

Þegar við bárum þetta mál fram í frumvarpsformi á þinginu í fyrra, stóð svo á í íslenzku efnahagslífi, að þar voru að gerast stórir hlutir. Alþýðustéttirnar gátu ekki unað lengur því hlutskipti, sem þeim var búið. Það hafði verið gengið svo á rétt þeirra með alls konar verðlagshækkunum á flestöllum vörum, sem fáanlegar voru í landinu, og það hafði enn fremur verið gengið svo hart að þeim með álögum af hálfu hins opinbera, bæði ríkis og bæjarfélaga, að sýnilegt var og viðurkennt af öllum, bæði málsvörum alþýðustéttanna og eins andstæðingum alþýðustéttanna, þ. e. a. s. núverandi stjórnarflokkum, að þess væri full þörf, að alþýðustéttirnar fengju sinn hlut eitthvað réttan.

Við þjóðvarnarmenn lýstum þá yfir þeirri skoðun sem stefnu okkar í málinu, að þá og því aðeins mætti takast að bæta kjör alþýðunnar, þegar með völd í landinu færi stjórn, sem væri alþýðustéttunum andvíg og andstæð og hefði vald til þess að eyðileggja allar kjarabætur, sem alþýðan gæti náð eftir venjulegum leiðum, að farið væri inn á þá braut að lækka verðlag og lækka skatta til ríkisins. Við bentum einnig á, að ef þessi leið yrði ekki farin, þá mundi efnahagslíf okkar lenda í algeru öngþveiti, því að milliliðir og aðrar okurstéttir í þjóðfélaginu mundu nota hvað lítilfjörlega hækkun sem verkalýðurinn *fengi á kaupi sínu í krónutölu* til stórfelldra hækkana á alls konar álagningu og þjónustu, sem þessar stéttir reka. Þetta sjónarmið var raunverulega viðurkennt að væri rétt, þó að engir fengjust til þess að breyta í samræmi við það. Það virtist á þeim tíma, að það væru ekki aðrir aðilar í þjóðfélaginu en Þjóðvfl. einn, sem vildi draga raunhæfar og rökréttar ályktanir af þessum niðurstöðum. Og þess vegna var sú ólánsstefna farin að hækka kaup verkafólks að krónutölu, sem milliliðirnir og braskararnir hafa tekið aftur af því margfalt með hækkunum á vörum, sem eru ekki í samræmi við þá 10% hækkun, sem verkamenn fengu á kaup sitt. Einnig þetta er viðurkennt. Og það er nú viðurkennt af öllum, að þessi þenslustefna hafi þegar beðið skipbrot, að það sé ekki lengur fært að halda áfram sömu fjármálastefnu og núverandi stjórnarflokkar hafa haldið fram, síðan þeir tóku við völdum í þessu þjóðfélagi; ef efnahagslíf þjóðarinnar eigi ekki að reka í algert strand, verði nú að skipta algerlega um stefnu og taka upp aðra stefnu. Enn þá hefur henni ekki verið lýst, en ljóst er, að hún verður í öllum meginatriðum að vera algerlega frábrugðin þeirri stefnu, sem Sjálfstfl. og Framsfl. hafa haft í þessu máli. M. ö. o.: Stjórnarflokkarnir eru sjálfir orðnir sammála um, að það, sem Tíminn hefur gefið nafnið fjármálastjórn Eysteins Jónssonar og lofsungið á undanförnum árum, sé hrein vitleysa og sé að leiða þjóðina í glötun. Þetta er það, sem raunverulega er viðurkennt af öllum landsmönnum í dag, einnig framsóknarmönnum.

Nú skal ég viðurkenna það, að þær till., sem við þjóðvarnarmenn bárum fram á sínum tíma í fyrravor, þ. e. a. s. mánuði fyrir verkföll, mundu að sjálfsögðu ekki hafa jafnmikil áhrif í svip, ef þær væru framkvæmdar nú. Það hefur verið unnið það tjón í þessu þjóðfélagi, að þær mundu ekki bera *sama árangur í dag, ekki í svip. Hins* vegar skal ekkert fullyrt um, og það getur að sjálfsögðu enginn fullyrt um það, hvort þær, er til lengdar léti, hefðu ekki sömu áhrif í för með sér.

Nú veit ég það, að hæstv. fjmrh. og menn, sem hugsa eitthvað svipað og jafnsnjallt í fjármálum og hann, munu koma og segja, að það séu einkennilegar till. af hálfu þjóðvarnarmanna nú, þegar sýnilegt sé, að útgjöld ríkisins aukist mjög mikið, að bera þá fram till. um að lækka tekjustofna ríkisins, þetta mundi þýða stórkostlegan greiðsluhalla hjá ríkissjóði, eða þá að finna yrði annan skattstofn, sem væri ekki neitt betri. Þetta er að vísu ákaflega mikil speki og stór sannleikur, enda ekki við öðru að búast úr fjármálahorni ríkisstj. Vissulega lækka tekjur ríkissjóðs, ef skattur er lækkaður; það ætti hér um bil hvert mannsbarn að geta sagt sér sjálft. Hitt er svo allt annað mál, hvort greiðsluhalli á fjárlögum þyrfti að vera eða yrði jafnmikill og skattlækkunin gæfi til kynna í upphafi. Þess skyldu menn minnast, að þegar söluskattur eða hluti af söluskatti yrði afnuminn, þá yrði óhjákvæmilega að taka upp verðlagseftirlit, annars væri engin trygging fyrir því, að vörurnar lækkuðu um það, sem söluskattslækkuninni næmi. En ef á annað borð *væri tekið upp verðlagseftirlit*, þá mundi fleira vera lækkað í þessu þjóðfélagi en söluskatturinn. Afleiðingin af þessum lækkunum yrði sú, að vísitala lækkaði, en afleiðingin af vísitölulækkun yrði aftur lækkun á flestöllum útgjaldaliðum ríkissjóðs, svo að ríkisútgjöldin mundu þá líka lækka. Það er ekki á mínu færi *né nokkurs manns hér inni* að reikna það út, hvort þyngra yrði í fjárlögunum, lækkunin á söluskattinum eða lækkunin á gjöldum ríkissjóðs. En það yrðu ekki aðeins útgjöld ríkissjóðs, sem lækkuðu. Allur framleiðslukostnaður í landinu mundi líka lækka við þessar aðgerðir. Þar með mundu lækka útgjöld, sem ríkissjóður hefur af því, við hve erfið kjör atvinnuvegirnir búa nú í dag. Þetta mundi líka spara ríkissjóði útgjöld. Og að öllu samanlögðu vil ég ekki taka ábyrgð á því að halda neinu fram um það, hvort þetta yrði meira eða minna en lækkun sú á söluskattinum, sem hér er farið fram á. En nú er viðurkennt af öllum, að einmitt þessa lækkunarstefnu verður að fara, ef takast á að bjarga íslenzku efnahagslífi. Og þessi lækkunarstefna

verður að sjálfsögðu aldrei framkvæmd, svo að ég noti nú hálfgerða framsóknarheimspeki, nema byrja einhvern tíma á því að lækka einhvern hlut. Og hvar skyldi eiga að byrja, ef ekki hjá því opinbera? Ég vil mælast til þess, ef hæstv. fjmrh. eða einhverjir af hv. þm. stjórnarflokkanna fara að fetta fingur út í þessar tillögur okkar, að þeir geri grein fyrir því og rökstyðji það, hvar á að byrja að lækka í þessu þjóðfélagi, ef ekki hjá því opinbera, og ég vil enn fremur mælast til þess, að þeir geri grein fyrir því, hvenær þeir hafa hugsað sér að snúa við á þeirri óheillabraut, sem þeir hafa sjálfir búið til í íslenzkum fjármálum á undanförnum árum.

Þetta eru spurningar, sem ég og aðrir alþm. og þjóðin öll á heimtingu á að fá svarað. Ég býst enn fremur við því, að sú framsóknarspeki gæti skotið upp kollinum í þessum umræðum, að við þm. Þjóðvfl. hefðum borið fram till. við umr. fjárlaga um það að hækka tekjuáætlun vegna söluskatts. Þetta er rétt. Þetta höfum við gert, vegna þess að við höfum svo litla trú á skynsemi af hálfu stjórnarflokkanna eða velvild eða stjórnvizku, að við væntum þess naumast, að brtt. okkar til lækkunar á söluskattinum verði samþykktar. En ef þær verða ekki samþykktar, þá viljum við að sjálfsögðu, að söluskatturinn sé áætlaður rétt í fjárlögunum, og það er eina ástæðan til þess, að við berum fram till. um að hækka áætlun á söluskattinum í fjárlögum. Við viljum ekki og munum aldrei greiða atkvæði hér með till., sem við vitum að eru rangar. Við höfum ekki gert það hingað til og munum ekki gera það hér eftir.

Það hefur komið fram á þessu þingi lofsverður áhugi hjá tveimur flokkum um að taka upp verðlagseftirlit og verðlagsákvarðanir. Ég fagna þessum áhuga. Þessi áhugi hefur komið fram hjá Sósfl. og Alþfl. Ég minnist þess, að áhuginn hjá þessum flokkum í þessu efni var harla lítill, þegar hann skipti hvað mestu máli, þ. e. a. s. á þinginu í fyrra fyrir verkföllin. Þá bárum við þjóðvarnarmenn fram frv. um að taka upp verðlagseftirlit og afhenda Alþýðusambandi Íslands yfirráð yfir því verðlagseftirliti. Þessu frv. var vísað til n., þar sem bæði Sósfl. og Alþfl. áttu fulltrúa, og hvorugur þessara fulltrúa skilaði áliti um frv., enda þótt þeir hefðu ótal tækifæri til þess. Slíkur var áhugi þeirra þá. Og þegar Alþfl. burðast nú við að láta líta svo út sem hann hafi einhvern áhuga á þessu máli nú á þessu þingi, þá er það í því formi að afhenda einhverjum allt öðrum mönnum og allt öðrum aðilum eftirlit með verðlagseftirliti í landinu heldur en verkalýðsstéttunum. Alþfl. ber fram frv. um það að afhenda milliliðunum sjálfum yfirráð yfir verðlagsákvörðunum. Samkv. þeirra till. á Samband íslenzkra samvinnufélaga og samtök kaupmanna að hafa tvo menn í verðlagseftirlitsnefndinni, íhaldssöm ríkisstjórn að skipa þann þriðja og þar með meiri hlutann. Væntanlega ætlast þeir svo til þess, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skipi íhaldsmann í n. sem fjórða manninn, og síðan á Alþýðusambandið af náð að fá einn, sennilega eins konar áheyrnarfulltrúa, sem þó má klína á skömminni af starfi slíkrar nefndar.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, ræddum við þjóðvarnarmenn þetta mál mjög ýtarlega á þinginu í fyrra, bæði í framsögu um málið og eins við eldhúsdagsumræður hér á þingi. Þess vegna veit ég, að þingmönnum er málið ljóst, og af þeim sökum tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða neitt frekar um þessar till., nema tilefni gefist til. Ég sé, að hv. fjhn. hefur ekki haft áhuga á því að taka þessar till. upp að neinu leyti. Fulltrúar Alþfl. og kommúnista í þeirri n., sem eru þeir sömu og í fyrra, hafa enn ekki neinn áhuga á þessu. Þeim er það ekkert kappsmál, að alþýðusamtökin fái yfirráð yfir verðlagsmyndun og verðlagsákvörðunum í þjóðfélaginu, og ég hef því litla von um, eins og ég hef áður tekið fram, að tillögurnar nái fram að ganga að þessu sinni. En það er spá mín, að svo mikil sé gæfa íslenzkrar þjóðar, að þetta mál nái fram að ganga þrátt fyrir andstöðu þeirra, sem nú sitja á Alþingi Íslendinga, þó að síðar verði.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það lagði í eyru mér inn í hliðarherbergi, að hv. 8. landsk. þm. lét út úr sér nokkur fúkyrði í garð Alþfl. í sambandi við afstöðu hans til verðlagseftirlits, eitthvað í þá átt, að nú væri Alþýðuflokkurinn að — **(Forseti:** Ég bið hv. þm. afsökunar, en ég vil vekja athygli bæði þessa hv. þm. og þess hv. þm., sem lauk nýlega máli sínu, á því, að verðlagseftirlit er ekki fyrst og fremst hér til umræðu; það er allt annað mál. Og ég vil beina því mjög eindregið til hv. þingmanna, að þeir fari ekki jafngersamlega út fyrir umræðuefnið og gert hefur verið í síðustu ræðu og horfur eru nú á.) Herra forseti. Ég mælti þessi orð mín eingöngu að gefnu tilefni af hálfu hv. 8. landsk. þm. og ætla mér aðeins að andmæla ummælum hans í örfáum orðum, en alls ekki að ræða verðlagseftirlit almennt.

Þessi ummæli hv. 8. landsk. benda til svo fullkominnar fáfræði um það, sem gerzt hefur á Alþ. undanfarin ár, að mig rekur í raun og veru í rogastanz að heyra þetta. Jafnvel þó að þetta sé fyrsta kjörtímabilið, sem hv. þm. situr á þingi, ættu hér ekki að vera menn, sem eru svo fullkomlega fáfróðir um það, sem gerzt hefur á þingum, sem þeir hafa ekki setið á, að þeir láti sér önnur eins ummæli um munn fara.

Það hefur verið eitt helzta baráttumál Alþfl., frá því að verðlagseftirlit var hér fyrst sett á 1938, að auka það og efla. Alþfl. hefur flutt um það ótal frumvörp, að nauðsyn væri á því að halda hér uppi öflugu verðlagseftirliti. Það frv., sem hann flytur núna og liggur fyrir þessu þingi, flytur hann í annað sinn. Það frv. er rækilega undirbúið og að öllu leyti margfalt skynsamlegra en þær till., sem þessi hv. þm. ásamt samflokksmanni sínum hefur leyft sér að flytja varðandi það, að verðlagseftirliti sé komið upp, en kjarninn í þeim till. er, að verðlagseftirlitið skuli sett í hendur Alþýðusambandsins, sem eru ópólitísk samtök vinnandi fólks í landinu.

Það er áreiðanlega einsdæmi, að nokkrum þm. detti í hug að láta stéttarsamtök fá algert úrslitavald yfir öllu verðlagi í landinu. Þeim málum þarf að skipa öðruvísi, með meiri varúð og meiri skynsemi en þar er lagt til. Að öðru

leyti eru tillögurnar mjög gallaðar, og er það kannske ekki undarlegt. En hitt kemur manni mjög á óvart, að stóryrðum og fúkyrðum skuli vera stefnt að þeim flokki þessa þings, sem fyrst og ötullegast og mest hefur barizt fyrir því, að öflugu og skynsamlegu verðlagseftirliti sé haldið uppi í landinu. Og sízt hefði maður átt að geta búizt við slíkum fúkyrðum af hálfu manna, sem hafa ekki sýnt sig að því að flytja skynsamlegri tillögur um verðlagseftirlit en þessi hv. þingmaður.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að gera margar athugasemdir við þessa ræðu. Hv. 1. landsk. þm. tók það fram, að hann hefði verið í hliðarherbergi. Mér heyrðist á ræðunni, að hann mundi hafa verið miklu lengra frá þingsalnum en í hliðarherbergi, því að hann talaði hér um einhverja hluti, sem ég hef alls ekki talað um og alls ekki nefnt, eins og það, hvort Alþfl. hafi einhvern tíma flutt frv. um verðlagseftirlit. Á það minntist ég ekki. Ég talaði aðeins um afstöðu Alþfl. og þá sérstaklega þessa hv. þm. til frv., sem við þm. Þjóðvfl. fluttum hér í fyrra; annað ekki. Og hann gat ekki á nokkurn hátt bót mælt framkomu sinni og afstöðu þá. Um það, hvort okkar frv. sé skynsamlegra eða óskynsamlegra en frv. Alþfl., skal ég lofa þessum hv. þm. að dæma fyrir sig. Ég þykist vita, að ef hann hefur einhvern tíma flutt eitthvert mál, þá áliti hann það þaðan í frá skynsamlegra en allt annað, sem allir aðrir geti nokkurn tíma flutt, og hann má vel hafa þá skoðun fyrir mér. Ég ætla sannarlega ekki að ræna hann þeirri barnatrú.

Um hitt atriðið og þau orð, sem hann sagði hér um alþýðusamtökin, væri freistandi að segja ofur lítið. En ég ætla ekki að gera það. Ég ætla að eftirláta alþýðusamtökunum sjálfum það hlutskipti.

ATKVGR.
Brtt. 32,1 felld með 19:10 atkv.
1. gr. samþ. með 19:8 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19:4 atkv.
Brtt. 32,2 felld með 19:7 atkv.
— 195 felld með 19:8 atkv.
4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 32,3 tekin aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:4 atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 15. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur að geyma ákvæði um framlengingu söluskattsins eitt ár. Eins og fjárlagafrv. ber glöggt með sér, er full þörf á því, að ríkissjóður haldi þessum tekjustofni á næsta ári, og leyfi ég mér að vísa til þess varðandi ástæður fyrir frv.

Það er mikil nauðsyn á, að úr þessu máli verði skorið fyrir áramót, og vil ég því leyfa mér að óska þess við hæstv. forseta, að hann greiði fyrir málinu gegnum deildina, og hv. fjhn., að hún afgreiði málið skjótt frá sér, en til hennar legg ég til að málinu verði vísað að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 206 og 210, 211).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Meiri hl. hv. fjhn. hefur falið mér að gera grein fyrir áliti sínu, og það get ég gert í mjög stuttu máli. N. klofnaði um afgreiðslu málsins, og við erum þrír, sem skipum meiri hl. Einn nm., hv. þm. Seyðf. (LJóh), gat ekki mætt á fundinum við afgreiðslu málsins, en hann hefur tjáð mér utan funda, að hann sé samþykkur áliti meiri hl. Má því telja, að fjórir nm. af fimm séu einhuga í málinu og leggi til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hins vegar hefur hv. 4. þm. Reykv. (HG) andstöðu við málið og hefur skilað nál. og brtt.

Frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. sem efnislega alveg óbreytt framlenging á gildandi lögum um tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Meiri hl. n. gekk til hreins um, að þetta er rétt. Frv. felur ekkert í sér annað en framlengingu um eitt ár á gildandi ákvæðum, hvorki meira né minna.

Meiri hl. lítur svo á, að hjá þessari tekjuöflun verði alls ekki komizt, þegar litið er á frv. til fjárl. fyrir 1956, sem búið er að fara gegnum 2. umr. hér í þinginu, og þá hækkun, sem allir vita að er óhjákvæmileg við 3. umr. á útgjaldahlið frv.; það getur engum dulizt, að söluskattsins er full nauðsyn áfram. Það má segja, að oft hafi verið þörf, en nú sé nauðsyn.

Hv. 4. þm. Reykv. er á annarri skoðun eða a. m. k. er hann andvígur söluskatti, og í nál. á þskj. 210 gerir hann grein fyrir þessari andstöðu. Þar sem það eru gamalkunn rök, sem hafa komið fram við umr. þessa máls á undanförnum árum, sé ég ekki ástæðu til að tefja tímann með að fara út í þau. En hv. 4. þm. Reykv. gerir ráð fyrir því líka, að þessi rök hans verði ekki tekin til greina, og þar af leiðandi kemur hann fram með brtt., sem er um það, að mér sýnist, að ¼ hluti söluskattsins verði látinn ganga til þess að greiða hann sveitarfélögunum eftir fólksfjölda í þeim samkvæmt manntali næstliðins árs og þó með þeirri takmörkun, að ekkert sveitarfélag fái greiðslu,

er nemi meiru en 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í viðkomandi bæjar- eða hreppsfélagi.

Nú er það svo með mig, að ég skal síðastur manna verða til þess að mæla gegn því, að sveitarfélögin séu í erfiðleikum með tekjuöflun sína, og það færi vel á því, að Alþ. liti til þeirra og greiddi fyrir því, að þau gætu aflað tekna á rýmri hátt en áður og með hentugri aðferðum, því að vitanlega stækkar þeirra þörf fyrir tekjuöflun eins og ríkissjóðsins. En þrátt fyrir það að ég sé þessarar skoðunar, sé ég ekki, að nokkurt vit sé í því að gera ráð fyrir, að ríkið geti staðið af fjórða parti af þessari tekjuöflun, og þess vegna get ég ekki mælt með eða stutt þessa till.

Hins vegar get ég lýst því yfir persónulega, að mér þætti það geta vel komið til mála að hækka söluskattinn t. d. um 25% og ætla sveitarfélögunum þann hlut, sem þá fengist fram yfir, t. d. gegn því, að þau legðu niður að leggja á veltuútsvör eða takmörkuðu þau a. m. k. frá því, sem nú er. Ef sú till. lægi fyrir, en það er ekki, mundi ég hafa aðra afstöðu til hennar en þessarar till., af því að ég viðurkenni þörf sveitarfélaganna, en ég veit svo vel þörf ríkissjóðsins, að til mála getur ekki komið að skerða tekjuöflun þessa, eins og hún er hugsuð samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir.

Nú sé ég enga ástæðu til þess að hafa lengri framsögu. Málið er svo margrætt á undanförnum árum, og tími deildarinnar er naumur. Ég mun þess vegna varla taka til máls aftur, nema eitthvað nýtt komi fram af hálfu andstæðinga þessarar tekjuöflunar.

Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Það er fullkomlega rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að rökin með og móti söluskattinum eru svo alþekkt, að óþarft er að eyða mjög löngum tíma í að gera grein fyrir þeim. Þau rök, sem fram eru borin fyrir álagningu söluskattsins, eru í fæstum orðum þau, að þörf ríkissjóðs til tekna sé svo mikil, að ekki verði komizt hjá að halda þessum skatti. Ég vil ekki neita því, að eins og nú stendur á, er bersýnilegt, að þörf ríkissjóðs fyrir tekjur er brýnni en hún hefur verið á undanförnum árum. Þá hefði mátt sleppa söluskattinum að miklu leyti án þess að baka sérstaka erfiðleika fyrir ríkissjóðinn, en nú er augljóst, að það mundi baka honum mikla fjárhagslega örðugleika. Það réttlætir þó ekki að halda söluskattinum í því horfi, sem nú er.

Annars staðar, þar sem söluskattur er á lagður, er hann víða mismunandi eftir því, á hverjar vörur hann er lagður. Hann er hærri á vörum, sem eru miður nauðsynlegar, og lægstur á þeim, sem er alveg óhjákvæmilegt að nota. Einnig mun það vera einsdæmi, ætla ég, að á sömu vöruna og það jafnalgenga nauðsynjavöru fyrir allan almenning og brauðvörur skuli skatturinn lagður jafnoft og gert er hér, því að einmitt á slíka vöru, almenn matbrauð, er skatturinn lagður a. m. k. tvisvar sinnum og stundum þrisvar sinnum og getur komizt upp í 12—13%, eins og kunnugt er. Mig furðar á þeim, sem vilja halda þessum tekjustofni fyrir ríkissjóðinn, að gera ekki leiðréttingar á þessu ranglæti, leggja skattinn á aðeins einu sinni og hafa hann nokkuð mismunandi eftir nauðsyn þeirrar vöru, sem skatturinn er á lagður.

Eins og skatturinn er á lagður, er ég algerlega andvígur því, að ríkissjóði sé aflað tekna með þessum hætti.

Gert er ráð fyrir því, að söluskatturinn sjái ríkissjóði fyrir 120 millj. kr. tekjum á næsta ári, og er þar stuðzt við útkomuna á undanförnum tveimur árum og upphæðin ákveðin með hliðsjón af því og þó varlega. En nú er það öllum kunnugt, að verðlag hefur farið og virðist enn fara mjög hækkandi, en með hækkuðu verðlagi á vörum, sem söluskatturinn er lagður á, hlýtur upphæð söluskattsins einnig að hækka. Ég held því, að það sé óhætt að fullyrða, að söluskatturinn muni fara mjög verulega fram úr þeim 120 millj., sem gert er ráð fyrir, ef eitthvert áframhald verður á þeim almennu verðlagshækkunum, sem hafa átt sér stað undanfarna mánuði. Ég tel því, að það sé alveg hættulaust fyrir ríkissjóðinn að taka fjórða hluta af söluskattinum og leggja hann til sveitarfélaganna, eins og gert er ráð fyrir í brtt. mínum á þskj. 211. Ég vil þó ekki fullyrða, að sú hækkun, sem verður á söluskattinum vegna hækkaðs verðlags, svari alveg til þessa fjórða hluta, en það getur ekki orðið það mikið á mununum, að ríkissjóðinn muni þar verulega um, ef svo heldur áfram sem nú horfir.

Með tilliti til þessa hef ég lagt til, þar sem ég þykist sjá, að skatturinn verði framlengdur, að fjórði hluti af honum verði lagður til sveitar- og bæjarfélaga eftir þeim reglum, sem í brtt. segir.

Ég skal einnig minna á í því sambandi, að þó að sú upphæð, sem rynni til sveitarfélaganna með þessum hætti, yrði nokkru meiri en ætla má að skatturinn hækki á næsta ári, þá eru þó allar líkur til þess, að ríkissjóður mundi engan halla hafa af því. Ég ætla, að í fjárlfrv. fyrir árið 1956 sé gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði 12 millj. kr. vegna lána, sem hann hefur ábyrgzt fyrir ýmis sveitar- og bæjarfélög, en í till. er gert ráð fyrir því, að af hluta sveitarfélaganna af söluskattinum mætti taka til greiðslu á þessum lánum, og losnaði þá ríkissjóður væntanlega að fullu við þessar ábyrgðargreiðslur, sem hafa vaxið undanfarið ár frá ári.

Ég hef sem sagt enga von um það, að hv. dm. fallist á að fella þennan skatt niður, en hafði hins vegar leyft mér að vænta þess, að þeir gætu metið réttmæti og nauðsyn þeirra till., sem ég flyt á þskj. 211 um að láta fjórða hluta skattsins renna til sveitarfélaganna þetta eina ár, sem um er að ræða, að hann verði framlengdur.

Um einstök atriði till. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Þær skýra sig sjálfar og hafa enda legið hér fyrr fyrir þessari hv. d. og verið teknar til athugunar þá.

Ég vil því mæla með því, að hv. d. fallist á að samþ. brtt., en sé mér ekki fært að greiða atkvæði með frv., ef þær verða felldar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 211 felld með 9:3 atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 225).

---

7. Laun starfsmanna ríkisins.

Á 15. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins [86. mál] (stjfrv., A. 95).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það hefur því miður farið svo, að það fellur í minn hlut að flytja þetta frv. til laga um laun starfsmanna ríkisins hér inn í þessa hv. d. og láta nokkur orð fylgja. Hæstv. fjmrh. er rúmliggjandi og verður að vera sennilega ekki minna en viku enn. Hins vegar taldi hann og ríkisstj. öll, að það væri nauðsynlegt að flýta því, að frv. kæmist til meðferðar hér á Alþingi, og af þeim ástæðum er það, að ég tók að mér, þó ekki fyrr en nú í morgun eða seint í gærkvöld, að flytja frv. Verður það að sjálfsögðu svipur hjá sjón við það, ef hæstv. fjmrh. hefði sjálfur flutt það, því að ég hef ekki fylgzt svo með þessu máli sem þyrfti að vera, þar sem það hefur að öllu leyti verið í umsjá hans. Hins vegar er þetta svo stórt mál og merkilegt, að ég tel rétt, að nokkur orð verði þó látin fylgja frv. nú strax, en vonandi hefur hæstv. fjmrh. möguleika á því að taka fram það, sem hann sérstaklega vildi nefna, við meðferð málsins, bæði í þeirri nefnd, sem fær það til meðferðar, og sömuleiðis hér á Alþingi síðar.

Það var á s. l. ári á Alþingi, að því var lýst yfir f. h. ríkisstj., að hún mundi beita sér fyrir setningu nýrra launalaga á Alþingi því, sem nú stendur yfir. Þá var skipuð nefnd til að undirbúa þetta mál. Í þessari nefnd áttu fimm menn sæti, tveir af hálfu ríkisstj., þeir Sigtryggur Klemenzson skrifstofustjóri í fjmrn., sem jafnframt var form. n., og Gunnlaugur E. Briem skrifstofustjóri í atvinnumálaráðuneytinu, og í n. voru auk þess þrír menn af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þeir Arngrímur Kristjánsson skólastjóri, Guðjón B. Baldvinsson fulltrúi og Ólafur Björnsson prófessor.

Nefnd þessi hefur lokið störfum fyrir nokkru og skilað áliti og till. til ríkisstj. Fjmrh. hefur haft tillögurnar nokkurn tíma, þó ekki mjög langan, til athugunar, en frv. það, sem hér liggur fyrir, er í samræmi við till. nefndarinnar, eins og þær voru lagðar fyrir ríkisstj., í nær öllum atriðum a. m. k.

Ég skal aðeins leyfa mér að nefna hér örfá atriði um breytingar frá því, sem er í fyrri launalögum, en það verður stiklað mjög á stóru og að sjálfsögðu mörgu sleppt.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að launaflokkar verði 15. Þeir eru 16 í núgildandi launalögum, en í raun og veru mun það hafa verið orðið þannig, að engir hafi tekið laun eftir lægsta launaflokknum, þ. e. 16. flokknum, upp á síðkastið, svo að það má kannske segja, að þetta sé frekar að leggja til að lögbjóða það, sem orðið hefur, heldur en að hér sé um verulega breytingu að ræða. Sjálfur launastiginn er þannig ákveðinn, að grunnlaun þau, sem nú eru greidd, eru hækkuð um 9—10%, og var þá annars vegar tekið tillit til þeirra kauphækkana, sem orðið hafa á almenna vinnumarkaðinum, frá því að gildandi launalög voru sett, og hins vegar til þeirra grunnlaunauppbóta, sem áður voru veittar, 20%, og þeirra hlunninda, sem opinberir starfsmenn njóta, t. d. um eftirlaunaréttindi og atvinnuöryggi.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er því um það að ræða, að starfsmenn ríkisins fái bætt launakjör til samræmis við það, sem aðrar stéttir hafa þegar fengið.

Hlutföllin milli launaflokkanna innbyrðis verða sem næst hin sömu og þau eru í launalögunum frá 1945. Það er gert ráð fyrir, að á grunnlaun samkvæmt launastiga frv. verði greidd verðlagsuppbót, eins og hún er ákveðin á hverjum tíma, samkvæmt lögum.

Nefnd sú, er ég áðan nefndi og samdi frv., getur þess í áliti sínu, að hún telji einn helzta galla á þessum launastiga vera, hve lítill munur sé gerður á launum fyrir ábyrgðarstöður og stöður, er krefjast mikillar undirbúningsmenntunar annars vegar, og launum fyrir hin ábyrgðarminni og vandaminni störf hins vegar. Nefndin bendir á það í áliti sínu eða grg. með frv., að samkvæmt þessum launastiga séu hæstu laun 2½—3 sinnum hærri en lægstu laun eru annars staðar á Norðurlöndum, en þar séu hæstu laun a. m. k. 5—6 sinnum hærri en lægstu launin.

Það mun hafa komið til álita hjá n. að hækka laun efri flokkanna hlutfallslega meira en hinna lægri, en þó var ekkert gert að því og þá m. a. af því, að fyrirhugað afnám skerðingar á greiðslu verðlagsuppbótar bætir nokkuð hag þeirra, sem laun taka í efri flokkunum.

Svo sem er í núgildandi launalögum, er í frv. gert ráð fyrir, að í sex efstu launaflokkum taki menn þegar hámarkslaun, þ. e. byrjunarlaun eru jöfn hámarkslaunum í þeim flokkum. Í hinum launaflokkunum er nokkur munur á byrjunar- og hámarkslaunum, svo sem nú er, en sú breyting gerð samkvæmt 2. gr. frv., að

laun skuli hækka á fjórum árum úr byrjunarlaunum í hámarkslaun með jöfnum fjárhæðum árlega, í stað þess að nú tekur það fjölmarga starfsmenn sex ár að komast úr byrjunarlaunum í hámarkslaun.

Þá er það og nýmæli, að heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að taka tillit til starfa, þó að ekki sé unnið hjá ríkinu, þegar aldurshækkanir eru ákveðnar.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir allmörgum tilfærslum milli launaflokka frá því, sem er í núgildandi launalögum. Það yrði allt of langt mál að fara nákvæmlega út í það, og ég skal jafnvel viðurkenna, að ég er ekki svo inni í þessu, að ég sé fær um að greina það réttilega í sundur hér við þessa framsögu, en yfirleitt er hér um að ræða einstaka starfsmenn eða fámenna starfshópa. Þó eru þrjár fjölmennar stéttir færðar í hærri launaflokk, það eru hjúkrunarkonur, sem hækkaðar eru um einn launaflokk, prestar, sem færðir eru upp um einn til tvo launaflokka eftir því, hverjar aukatekjur fylgja embættinu, og barnakennarar, sem gert er ráð fyrir að hækki um einn launaflokk, ef þeir hafa starfað sem fastir kennarar a. m. k. 10 ár.

Laun kennara eru miðuð við níu mánaða kennslutíma minnst á ári hverju, svo sem nú er, en á hinn bóginn er í frv. gert ráð fyrir, að þau lækki um 1/12 heildarlauna fyrir hvern mánuð sem kennslutími er skemmri, í stað þess að nú lækka þau um 1/9.

Í þessu launafrv. eru teknar upp allmargar stofnanir sem eru ekki í launalögum nú eða hafa verið áður. Þær stofnanir, sem hér er um að ræða, eru þessar: 1) forsetaembættið, 2) landhelgisgæzlan, þ. e. a. s. forstöðumaður hennar, 3) mjólkureftirlitið, 4) flugþjónustan, 5) ferðaskrifstofa ríkisins, 6) eftirlit með fjármálum skóla, 7) þjóðleikhúsið, þ. e. a. s. skrifstofan þar, skrifstofufólkið, 8) listasafn ríkisins, 9) náttúrugripasafnið, 10) tilraunastöðin að Keldum, 11) stjórn veiðimála, 12) matsveina- og veitingaþjónaskólinn, 13) iðnskólar, 14) sauðfjárveikivarnir, 15) stjórn raforkumála og 16) innkaupastofnun ríkisins.

Eins og sést á þessari upptalningu, er jöfnum höndum hér um að ræða nýjar stofnanir, sem hafa myndazt á síðustu árum og því eðlilega ekki verið teknar í launalög fyrr, en auk þess nokkrar stofnanir, sem ekki hafa verið teknar upp í launalögin, þótt starfað hafi langan tíma. Það er álitamál og mun hafa mjög komið til álita hjá nefndinni, hvort ekki hefði átt að taka fleiri stofnanir inn í frv., því að eins og allir hv. alþm. vita, eru enn þrátt fyrir þennan viðauka allmargar stofnanir og margar þeirra voldugar, sem eru utan launalaganna, þótt raunverulega sé þar um ríkisstofnanir a. m. k. að mjög miklu leyti að ræða. En það hefur orðið ofan á, að ekki skyldi meira tekið en þetta, og er það þá eitt af þeim atriðum, sem hið háa Alþ. fær til meðferðar, að athuga, hvort það óskar að gera frekari breytingu á þessu.

Eitt af þeim nýmælum, sem eru í frv., er, að fjmrh. er heimilt að ákveða, að starfsmenn hljóti 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir störf unnin á tímabilinu frá kl. 21 að kvöldi til kl. 8 að morgni, þ. e. a. s. það, sem mun vera kallað næturvinnuálag.

Ég hef hér með vilja stiklað á mjög stóru og ekki séð mér fært að fara nánar inn á þetta frv. af þeim ástæðum, sem ég áður hef nefnt. Eins og allir sjá, er frv. þetta mikill bálkur með mörgum tölum, eins og vera ber. Að formi til er það allmikið frábrugðið núgildandi launalögum, og niðurskipun stofnana og starfsgreina er miklu ýtarlegri í þessu frv. en er í þeim lögum, sem enn gilda, og vitanlega þess vegna miklu gleggri, og hlýtur það tvímælalaust að verða hagræði fyrir þá, sem lögin þurfa að nota, ef frv. þetta verður að lögum.

Þá skal að lokum sagt, hvað þetta muni kosta. Launalaganefndin hefur gert áætlun um þá útgjaldaaukningu, sem frv. þetta bakar ríkissjóði, ef það verður að lögum, og niðurstaða n. í sem allra styztu máli er sú, að útgjaldaaukningin verði rúmlega 20 millj. kr., miðað við það ástand, sem nú er eða var, þegar hún skilaði frv. Í því efni vísa ég til nánari sundurliðunar í áliti nefndarinnar sjálfrar.

Þetta er í raun og veru það, sem ég vildi leyfa mér að flytja í sambandi við framlagningu þessa frv. hér í hv. Nd. Ég vil þó geta þess að lokum, að ég veit, að hæstv. fjmrh. hefur áhuga fyrir því, að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi, og samkv. þeim loforðum, sem búið var að gefa áður um að koma málinu fyrir þingið, og þeim áhuga, sem virzt hefur vera ríkjandi hjá a. m. k. mjög mörgum alþm. um þetta mál, er sennilegt, að Alþ. taki mál þetta föstum tökum og starfi að því. En hæstv. fjmrh. hefði að minni hyggju bent sjálfur á, að það mundi vera mjög heppilegt, ef nefnd sú, sem fær frv. hér til meðferðar, hefði samvinnu við sömu n. í Ed., þannig að nefndirnar ræddu meginstefnu frv. saman, ef það gæti kannske greitt fyrir afgreiðslu málsins á Alþingi í heild. Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri hér. Er það að sjálfsögðu á valdi þeirrar n., sem með frv. fer, að hve miklu leyti hún telur þetta vera rétt vinnubrögð eða ekki.

Ég mun svo ekki flytja lengri framsögu um þetta mál, en vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 178, 176, 177).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Launalögin, sem nú gilda, voru sett árið 1945 og eru því 10 ára gömul.

Síðasti áratugur hefur verið mikill breytingatími, og því er eðlilegt, að ekki sé lengur frestað að setja ný launalög.

Það frv. um laun starfsmanna ríkisins, sem

hér er til umr., er stjórnarfrv., en samið af fimm manna nefnd, sem ríkisstj. fól að vinna það verk. Frv. var vísað til fjhn. 7. nóv. og hefur verið þar til athugunar síðan. Eins og frá er sagt í áliti n., sem hér liggur fyrir á þskj. 178, hefur hv. fjhn. Ed. unnið með fjhn. þessarar d. að málinu. Þótti heppilegt að hafa þau vinnubrögð, þar sem ætla má, að það flýti fyrir afgreiðslu málsins. Nefndirnar hafa einnig haft samráð við launamálanefndina, sem samdi frv.

Jafnskjótt sem frv. var vísað til fjhn. að lokinni 1. umr. hér í deildinni, fóru að berast bréf til n., sem höfðu inni að halda óskir um breytingar á frv. Ekki er það neitt undrunarefni, því að margir hafa hagsmuna að gæta í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Sendibréfin, sem n. hefur fengið, eru orðin um 90 talsins. Margir bréfritararnir hafa óskað þess að fá að koma á fund nefndarinnar til viðtals um efni bréfanna, en því miður hefur n. ekki séð sér fært að verða við þeim tilmælum. Það mundi taka mjög langan tíma að tala við fjölda manns, en starfstími n. er takmarkaður. Hún þarf að sinna fleiri málum en þessu stóra máli. Nm. eiga líka jafnframt sæti í öðrum nefndum, og þeir þurfa að sitja á þingfundum eins og aðrir þingmenn.

Að sjálfsögðu hefði það verið æskilegt að geta orðið við óskum þeirra manna, sem vilja koma á fund n. og ræða um þetta mál. Og það hefði líka verið ánægjulegt fyrir nefndina að tala við bréfritarana, eins og t. d. blessaðar hjúkrunarkonurnar, eða þá talsímakonurnar, húsmæðrakennarana og aðra kennara, búfræðikandídata, náttúrufræðinga o. fl., o. fl., sem hafa sent nefndinni vingjarnleg og vel skrifuð bréf. En þetta hefði valdið þeim töfum á starfi n., að vonlaust hefði þá verið að ljúka afgreiðslu málsins fyrir árslokin. En n. telur mjög æskilegt, að málið fái fullnaðarafgreiðslu, áður en þingfundum verður frestað nú fyrir jólin, og vill gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að svo geti orðið.

Grunur minn er sá, að óskir sumra bréfritaranna um samtöl við n. kunni að vera sprottnar af því, að þeir óttist, að bréfum þeirra sé ekki nægur gaumur gefinn. Ef til vill lætur einhver bréfritari sér til hugar koma, að sendibréfin til nefndarinnar fari í bréfakörfuna lítt eða ekki lesin. Ef einhver skyldi vera hræddur um, að bréf hans til n. fái slíka meðferð, þá vil ég segja honum, að sá ótti hans er ástæðulaus með öllu. N. hefur lesið vel og samvizkusamlega öll þau mörgu bréf, sem henni hafa borizt. Efnisatriðin úr þeim voru tekin upp á skrá, sem var rituð í nokkrum eintökum, og allir fjárhagsnefndarmenn í báðum þingdeildum fengu eintak af skránni til yfirlestrar og umhugsunar.

Tveir af nm. fjhn., hv. 9. landsk. og hv. þm. A-Húnv., hafa undirskrifað nál. með fyrirvara. Annar þeirra, hv. þm. A-Húnv., hefur gert nokkra grein fyrir fyrirvara sínum í nál., og hann flytur einnig brtt. við 1. gr. frv. Vill hann lækka nokkuð launaupphæðir frv. í öllum launaflokkum. En vegna þeirra breytinga, sem undanfarið hafa orðið í launamálum yfirleitt hér á landi, telja aðrir nm. till. hv. þm. A-Húnv. ekki sanngjarna og geta ekki á hana fallizt.

Í athugasemdum á þskj. 95 um hverja einstaka gr. frv. er gerður samanburður á ákvæðum frv. og núgildandi launalögum. Þetta hafa hv. þdm. getað kynnt sér, síðan frv. var lagt fram, og tel ég því ekki ástæðu til að gera það sérstaklega að umtalsefni. En ég vil hins vegar minnast nokkuð á þær breytingartill. við frv., sem n. flytur á þskj. 176. Till. þessar eru bornar fram í samráði við hv. fjhn. Ed. og launamálanefndina, eins og frá er skýrt í nál.

Fyrsta brtt. er við 8. gr. frv. Sú grein er um starfsmenn hagstofunnar, og er lagt til, að deildarstjóri við þá stofnun og fulltrúar verði færðir upp í hærri launaflokk. Jafnframt er lagt til, að ákveðið verði, að aðeins þeir, sem starfað hafa í hagstofunni a. m. k. í 10 ár, megi taka laun sem 1. stigs fulltrúar.

Næst eru fáeinar brtt. við 9. gr. Er þar fyrst það, að hæstaréttarritari verði í V. launaflokki í stað VI. og að í staðinn fyrir húsvörð hjá hæstarétti komi dóm- og skjalavörður og verði hann í X. fl. Er þetta í raun og veru leiðrétting, sem þarna er um að ræða.

Þá eru þrjár aðrar brtt. við 9. gr., og eru þær um það, að borgardómarinn í Reykjavík, sakadómarinn og lögreglustjórinn taki laun í III. launaflokki. Hins vegar er ekki lagt til, að borgarfógeti eða tollstjóri hér í Reykjavík taki laun í þeim flokki, heldur verði þeir í IV. flokki eins og frv. gerir ráð fyrir. Er þessi till. byggð á því, að þeir 3 embættismenn, sem hér er lagt til að hækka nokkuð, hafa mjög litlar aukatekjur, en hinir tveir munu hafa verulegar tekjur vegna innheimtulauna.

Við 9. gr. er ein till. enn, um bifreiðaeftirlitið, að fulltrúi í Vesturlandsumdæmi verði í sama launaflokki og fulltrúi í Reykjavík og á Akureyri. En vegna nánari athugunar á þessum lið í frv. tel ég rétt að taka þessa brtt. aftur til 3. umr.

Þá er 10. gr. Þar er gerð brtt. við 3. liðinn, sem er löggildingarstofan, að í stað aðstoðarmanna komi þar viðgerðar- og eftirlitsmenn og verði í XI. launaflokki. Og önnur brtt. er við þá gr., að skipulagsstjóri taki laun í IV. flokki í stað V.

Næst koma allmargar brtt. við 12. gr. frv., en í þeirri grein eru taldir starfsmenn við heilbrigðismálin. Þar er lagt til, að aðstoðarlæknar við berklavarnir verði í V. flokki og að yfirlæknar á ríkisspítölunum, forstöðumaður blóðbankans og yfirlæknir við heilsuverndarstöð Reykjavíkur færist úr V. fl. í IV. fl. Til samræmis við þetta eru brtt. um, að deildarlæknar á landsspítala, Vífilsstöðum og fleiri ríkissjúkrahúsum færist í V. flokk.

Lagt er til, að yfirhjúkrunarkonur á ríkisspítölunum verði nefndar forstöðukonur, og er þetta í samræmi við ábendingu frá Félagi íslenzkra hjúkrunarkvenna.

Þá er lagt til, að deildarhjúkrunarkonur færist úr X. í IX. launaflokk; enn fremur að aðstoðarhjúkrunarkonur verði í XI.—X. launaflokki, í staðinn fyrir að þær eru í frv. í XI. fl.,

og lagt til, að bæði aðstoðarhjúkrunarkonur og rannsóknarkonur svonefndar skuli eftir 5 ára starf færast úr XI. launaflokki í X. flokk.

Lagt er til, að forstöðukona hjúkrunarkvennaskólans nefnist skólastjóri og verði í VI. fl. og kennarar við skólann í VIII. fl.

Nokkrar aðrar brtt. eru við 12. gr., og er með þeim stefnt til samræmis við það, sem ég nú hef gert grein fyrir.

Við 13. gr. er ein brtt. í allmörgum liðum, og snertir hún starfsmenn flugþjónustunnar. Eru þessar brtt. gerðar að mestu leyti eftir till. frá flugráði, þó að ekki séu að vísu teknar til greina að öllu leyti till. þess um tilfærslur milli launaflokka.

Við 14. gr. eru nokkrar brtt. Fyrst er þar lagt til, að biskupsritari og söngmálastjóri verði í VI. launaflokki, en ekki í VII., eins og frv. gerir ráð fyrir. Þá leggur n. til, að prófessorar við háskólann færist úr V. fl. í IV. flokk, en dósentar og háskólabókavörður verði í V. flokki. Þótti n. ástæða til að breyta ákvæði frv. viðkomandi launum prófessoranna, taldi óeðlilegt með samanburði við ýmsa aðra starfsmenn, að þeir væru í V. flokki. Lagt er til, að háskólaritari verði í VI. launaflokki, en ekki í VII.

Námsstjórar færist úr VII. fl. í VI. fl. Var á það bent, að ekki væri eðlilegt, að þeir tækju lægri laun en skólastjórar, sem þeir eiga að líta eftir.

Till. er um það, að skólastjóri garðyrkjuskólans á Reykjum og kennarar við þann skóla hækki um einn launaflokk.

Þá er lagt til, að skólastjórar við héraðsgagnfræðaskóla með fleiri en 75 nemendur verði í VI. fl. í stað VII. og skólastjórar við slíka skóla, þar sem nemendur eru færri en 75, færist úr VIII. fl. í VII. fl. Starf skólastjóranna við heimavistarskólana er miklu umfangsmeira og erfiðara en skólastjóra við heimangönguskólana, og þótti því sanngjarnt að gera þessa breytingu á frv.

Þá er lagt til, að skólastjóri húsmæðrakennaraskólans færist úr VII. fl. í VI. og kennarar við þann skóla úr IX. fl. í VIII., enn fremur að skólastjórar og kennarar við húsmæðraskólana hækki um einn flokk. Einnig er lagt til, að kennarar við heyrnar- og málleysingjaskólann verði í VIII. fl., en ekki í IX. og að barnakennarar taki laun í IX. fl., en ekki X.—IX., eins og segir í frv.; enn fremur að skólastjórar skuli strax fá hámarkslaun þrátt fyrir ákvæði 2. gr. frv. um hækkun launa í VII.—XV. fl. á fyrstu 4 starfsárunum.

Við 15. gr. eru brtt. Sú fyrsta er um náttúrugripasafnið, að eigi aðeins deildarstjórar, heldur einnig sérfræðingar við þá stofnun taki laun í VI. fl. En ég vil taka það fram, að vegna nánari athugunar á þessum lið í frvgr. vil ég óska þess, að þessari till. verði frestað til 3. umr. Það er 60. tillagan.

Læknar við rannsóknarstofu háskólans færist í V. fl., og er það í samræmi við það, sem ég hef áður skýrt frá um till. n. viðkomandi launum lækna. Forstöðumaður tilraunastöðvarinnar á Keldum færist þá einnig úr V. fl. í IV. fl.

Við 15. gr. er enn fremur brtt. um veðurstofuna, að þar bætist inn tvær deildir, sem fallið hafa niður, þegar frv. var samið, áhaldadeild svonefnd og jarðeðlisfræðideild. Loks er við þá gr. brtt. viðkomandi skrifstofu húsameistara, að í stað féhirðis, sem samkv. frv. á að taka laun í IX. launaflokki, komi skrifstofustjóri, sem jafnframt er féhirðir og taki laun í VII. flokki.

Við 16. gr. er brtt. um sandgræðslustjóra, að hann færist úr VII. fl. í VI. fl., en veiðimálastjóri úr VI. fl. í þann V. Einnig er till. um það, að hjá sauðfjárveikivörnum verði sýklarannsóknarmaður í VIII. fl., en orðin „2. stigs“ í 3. tölulið þar falli niður, þannig að þar verði aðeins ákveðinn aðstoðarmaður, en ekki tilgreint á hvaða stigi.

Við 16. gr. er enn fremur brtt. um, að tilraunastjórarnir verði í VII. fl., en ekki IX. Ég vil geta þess, að jafnframt gerir n. ráð fyrir því, að tekin verði til endurskoðunar ákvæði um húsaleigu, sem tilraunastjórarnir greiða, en þeir hafa að undanförnu greitt mjög lága húsaleigu.

Við 17. gr. eru fáeinar brtt. viðkomandi raforkumálaskrifstofunni og starfsmönnum hennar. Í fyrsta lagi er lagt til, að í staðinn fyrir fulltrúa 1. stigs komi landmælingamaður, en launin breytist ekki, og þar sem rætt er í frv. um fulltrúa 2. stigs, komi fulltrúi 1. stigs; enn fremur að við bætist yfirteiknari í raforkumálaskrifstofunni, sem verði í IX. launaflokki. Þá er lagt til, að tveir liðir í þessari grein falli niður. Það eru þeir liðir, þar sem ákveðin eru laun rafstöðvarstjóra og flokksstjóra, en það er ekki talin ástæða til að hafa þá starfsmenn á launalögunum. Loks er lagt til, að línumenn hækki um einn flokk.

Kem ég þá að 18. gr. frv., og flytur n. margar brtt. um laun símastarfsmanna. Lagt er til, að inn í frv. komi nýr liður, umsjónarmaður sjálfvirkrar stöðvar, og verði í VII. launaflokki. Símvirkjar verði í X.—IX. launaflokki í stað X., varðstjórar í IX.—VIII., símritarar í X.—IX. og talsímakonur í XIII.—XII. Sendimenn færist úr XIII. fl. í XII. og varðstjórar við langlínumiðstöð úr XIII. í XII.—XI. Nokkrar fleiri brtt. eru til samræmis við þetta. Flokksstjórar falli niður úr þessari frvgr. eins og hjá raforkumálaskrifstofunni, birgðastjóri verði í VII. fl. í stað VIII., bókari í X. í stað XI., stöðvarstjórarnir í loftskeytastöð í Reykjavík, sendistöðinni á Rjúpnahæð, sendistöð á Vatnsendahæð og stöðvarstjóri Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli verði í VIII. fl. og við bætist nýr liður, tímaverðir Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli, og verði þeir í XII. fl.

Hef ég þá nefnt, held ég, flestar þær brtt., sem nefndin flytur við 18. gr., en síðasta brtt. n. við þá gr. er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Símritaravarðstjórar og símvirkjaverkstjórar skulu eftir 10 ára starf færast úr IX. launafl. í VIII. launafl. Símritarar og símvirkjar flytjast eftir jafnlangan starfstíma úr X. launafl. í IX. launafl. Langlínuvarðstjórar skulu og eftir 10 ára starf færast úr XII. launafl. í XI. launafl. Þá skulu og talsímakonur færast úr XIII. launafl. í XII. launafl. eftir jafnlangan starfstíma.“

Við 19. gr. eru nokkrar brtt., en í þeirri gr. eru taldir starfsmenn ríkisútvarpsins. Lagt er til, að féhirðir útvarpsins verði í VIII. fl. Við bætist í aðalskrifstofu ritari í XIV.—XIII. launafl. og umsjónarmaður í XIII. fl. Þá er lagt til, að fulltrúi í innheimtudeild verði nefndur innheimtustjóri og taki laun í VIII. flokki. Auglýsingastjóri verði einnig í VIII. fl. Þar bætist við bókari í XI. fl. Við skrifstofu dagskrár bætist leiklistarráðunautur og verði í VIII. fl. Það starf virðist hafa fallið niður, þegar frv. var samið. Fulltrúi í magnarasal nefnist forstöðumaður og verði í VIII. fl.

Við tónlistardeildina bætast inn í frv. 3 starfsmenn, pianóleikari í IX. fl., aðstoðarmaður í XIII. og ritari í XIV.—XIII. fl. Þá er lagt til, að stöðvarstjórar Vatnsendastöðvarinnar og endurvarpsstöðvar verði í VIII. fl. Skrifstofustjóri viðtækjaverzlunar færist úr VIII. í VII. fl. og forstöðumaður viðgerðarstofu úr IX. í VIII. fl.

Við 20. gr. eru 4 brtt. Fyrst er till. um það, að aðstoðarfólk í lyfjagerð áfengisverzlunarinnar 1. stigs verði í XII. fl., en aðstoðarfólk 2. stigs í XIV. fl. Þá leggur n. til, að verkstjóri hjá áburðar- og grænmetisverzlun verði í X. fl. og bifreiðarstjóri verði þar einnig í XI. fl.

Síðasta brtt. er um það, að á eftir 27. gr. frv. komi ný grein þannig:

„Nú eru settar á fót ríkisstofnanir, eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá fjármálaráðherra í samráði við ráðherra þann, er fer með mál stofnunarinnar, ákveða laun starfsmanna við þær með hliðsjón af því, er gildir um sambærilegar eða hliðstæðar stofnanir samkvæmt lögum þessum.

Ef til koma við stofnanir þær, sem lög þessi taka til, nýjar stöður, sem eru ekki taldar í lögunum, ákveður fjmrh. með sama hætti og segir í 1. málsgr., í hvaða launaflokk skuli skipa hlutaðeigandi starfsmann."

N. telur, að þetta sé eðlilegt fyrirkomulag, þegar um er að ræða nýjar stofnanir, sem settar eru á fót, eða nýjar stöður við eldri stofnanir.

Vera má, að mönnum vaxi nokkuð í augum sá fjöldi brtt., sem n. ber fram. Langflestar brtt. eru við tvær gr. frv., 12. og 18. gr. Í 12. gr. er starfsfólk ríkisspítalanna tilgreint við hvert sjúkrahús og hverja deild landsspítalans fyrir sig, svo að bæði læknar og hjúkrunarkonur eru á mörgum stöðum í frvgr. Ein breyting að efni til þarf því formsins vegna að koma inn í frvgr. á mörgum stöðum. Sama er að segja um 18. gr., en þar eru ákveðin laun þeirra, sem vinna við póst og síma. Hjá símanum eru margar deildir og margar stöðvar, og t. d. símvirkjar, símritarar, talsímakonur og fleiri starfsmenn eru því taldir á mörgum stöðum í gr. Það er þetta form á frv., sem einkum veldur fjölda brtt., en raunverulega eru þær miklu færri efnislega.

Ég sé ekki, nema tilefni gefist, ástæðu til að ræða meira um brtt. Eins og frá er greint í nál., hefur n. enn til athugunar nokkur atriði í frv., og n. hefur eins og áður samstarf við hv. fjhn. Ed. og launamálan. um þessa hluti, og getur svo farið, að hér í deildinni verði fluttar einhverjar brtt. til viðbótar við 3. umr. frv.

Ef einstakir hv. dm. hafa í hyggju að flytja brtt. við frv., tel ég æskilegra, að þeir fresti því til 3. umr. Ætti þá að vera mögulegt að ljúka 2. umr. á þessum fundi og koma málinu til 3. umr., en það mundi greiða fyrir því, að málið gæti hlotið fullnaðarafgreiðslu, áður en þingfundum verður frestað nú fyrir jólin.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjhn. d. fyrir það, hversu skörulega hún hefur unnið að þessu máli, en það er alls ekki hægt að segja, að hér sé um einfalt mál að ræða.

Ég vil lýsa fylgi mínu við þær brtt., sem hv. n. hefur flutt, og fara fram á, að hv. dm. vildu verða vel við þeim óskum n. að greiða fyrir málinu, koma vinnu sinni þannig fyrir og tillöguflutningi, að málið geti fengið greiðan gang í gegnum hv. Alþ. og hin nýju launal. öðlazt gildi nú um áramótin.

Jón Pálmason: Herra forseti. Hv. frsm. fjhn., þm. V-Húnv. (SkG), hefur gert allrækilega grein fyrir starfsemi n. í sambandi við þetta stóra frv., og skal ég ekki fara langt út í að rekja það atriði. Mér er það ljóst, að ævinlega, þegar launal. eru til afgreiðslu, verður ekki hjá því komizt, að einhverjar meiri eða minni breytingar verði og tilfærslur milli launaflokka. Og þegar svo er í pottinn búið, að það frv., sem hér liggur fyrir frá hálfu hæstv. ríkisstj., er þannig, að þar hefur verið breytt mjög mikið flokkaskipuninni frá eldri launal., þá er eðlilegt, að margar af þeim breytingum, sem allar eru til hækkunar, hljóti að leiða af sér sanngirniskröfu um að færa meira til innan launafl., og sú er orsökin fyrir öllum þeim mörgu kröfubréfum, sem fjhn. hafa borizt og hv. frsm. lýsti.

Ég verð að segja það, að deila út af því máli er það mikið persónuleg, að ég tel það ekki hæfa, að við séum að fara út í hana hér opinberlega á þingi, og ég sætti mig við það, þó að ég sé óánægður með þetta frv. á margan hátt, að fylgja þeim brtt. að þessu leyti, sem samkomulag hefur orðið um í fjhn. og við mþn., sem undirbjó þetta frv.

Ég get þó ekki látið hjá líða að geta þess, að það hefur komið í ljós í þessu starfi og kemur greinilega fram í grg. fyrir frv., að á undanförnum árum hafa gildandi launalög mjög mikið verið brotin að því leyti til, að mörgum starfsmönnum ríkisins í hinum og þessum stofnunum hafa verið greidd laun samkv. hærri launaflokki en launal. ákveða. Kemur mjög víða fram, að þannig hafi þetta verið í framkvæmdinni; það hafi verið búið að gera þetta, án þess að l. væri breytt. Allar þessar breytingar eru teknar upp í frv. til hækkunar, og ég verð að segja, að það er að sínu leyti skárra að gera þetta löglegt heldur en að það sé eins og það hefur gengið að undanförnu samkvæmt þeirri lýsingu, sem fram kemur í grg. frv. beint og óbeint frá hv. mþn.

Það, að ég get ekki fylgt þessu máli, eins og það liggur fyrir, og hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 177 við 1. gr. frv. um lækkun á launaflokkunum, er sprottið af því, sem ég skal nánar fara út í síðar, að ég get ekki fallizt á, að það sé eðlilegt eða heilbrigt, eins og nú er ástandið

í okkar þjóðfélagi, að ganga eins langt og gengið hefur verið á þessu ári í þessum efnum. Ég skal byrja á því að útskýra, hvað mín brtt. þýðir.

Samkv. því, sem frv. ákveður, eru þau laun í hverjum launafl., sem nú eru ákveðin í gildandi launal., þrefölduð og þar við bætt 20% grunnlaunahækkun, eins og ákveðið var hér á þingi í fyrra og er nú í framkvæmdinni. Ofan á þetta er svo bætt 9.5% hækkun yfir alla línuna, og sú brtt., sem ég flyt hér, þýðir það að afnema þessa 9.5% almennu launahækkun, sem hér er um að ræða. Samkv. áætlun mþn. þýðir þetta eftir hennar útreikningi 15.6 millj. Nú má gera ráð fyrir, að þær breytingar, sem verða á þessu máli í meðferð Alþ., muni þýða aldrei minna en 2 millj. kr. hækkun og getur orðið talsvert meira, og þá þýðir sú hækkun raunverulega, sem á þennan hátt er ákveðin með þessu frv., rúmlega 16 millj., eða við skulum segja 16—17 millj.; það er ekki hægt að ákveða það eða reikna það út nákvæmlega eins og sakir standa. Mín lækkunartillaga þýðir því 16—17 millj. kr.

Nú er það svo, að það er búið að lögfesta það á þessu þingi, að öll skerðing á verðlagsuppbót samkv. vísitölu skuli hér eftir falla niður, og það þýðir auðvitað, að hverri grunnlaunahækkun fylgir tilsvarandi verðlagsuppbót, og það hefur verið reiknað með því, að verðlagsuppbótin næsta ár mundi verða 73 stig, sem er 73%, en samkv. síðustu upplýsingum frá hagstofunni er gert ráð fyrir 76 stiga vísitölu. Og mér er sagt, að í fjárhagsáætlun hjá bæjarstjórn Reykjavíkur, sem nú er til meðferðar, sé reiknað með 76 stiga vísitölu fyrir næsta ár. Þá er aðstaðan þannig, að ef við reiknum með 76 stiga vísitölu, er breytingin sú frá frv. og til minnar till., að samkv. frv. að viðbættri verðlagsuppbót mundu árslaunin í 1. launaflokki verða 104016 kr., en samkv. minni till. mundu þau verða 95040 kr. Ef við tökum svo aftur t. d. hámarkslaun í 7. launaflokki, sem mun vera nálægt því að vera meðallaun samkv. þessu frv. og a. m. k. ekki hærra en meðallaun, vegna þess að það er sama og ekkert af fólki eftir í þessu frv., sem ætluð eru laun samkv. XIV. og XV. launaflokki, þá yrðu að viðbættri verðlagsuppbót árslaunin samkv. þessu frv. 66506 kr., en samkv. minni till. 60825 kr. Þetta vildi ég taka fram, til þess að hv. þm. geti séð, hvaða atriði það er, sem ég fer fram á að breyta í þessu sambandi.

Og þá kem ég að því, hvaða orsakir liggja fyrir því, að ég flyt þessa lækkunartill., sem gildir um allar þær stéttir, sem þetta frv. fjallar um. Orsakirnar eru þær, að mér ofbýður sá hamagangur, sem í því hefur verið á þessu yfirstandandi ári að hækka laun. Mér ofbýður það vegna þess, að undirstaða allra okkar fjármála, framleiðslan, er þannig komin, að það er ekki hægt að reka hana að kalla má á neinu sviði nema með mjög mikilli aðstoð frá því opinbera. Og ég lít svo á, að þar sem um er að ræða laun hjá starfsmönnum ríkisins, þá sé það sá eini flokkur í raun og veru, sem Alþ. ræður yfir að ákveða laun hjá, og að það sé og það eigi að vera mælikvarði á það, hvað sé eðlilegt og réttmætt að borga öðrum stéttum, enda þótt Alþ. ráði ekki yfir því, hvernig því er varið.

Nú skal ég fara lauslega yfir það, hver er saga þessa máls frá því um þetta leyti í fyrra. Ég hygg, að það hafi verið í nóvember 1954, að þá eru gerðir nýir samningar við verkfræðinga landsins, sem þýddu mjög mikla launahækkun. Þar með var flóðgáttin opnuð. Svo kemur það, að daginn sem fjárlög fyrir yfirstandandi ár, árið 1955, voru afgreidd, var samþ. með einni till. á 22. gr. að hækka laun embættis- og starfsmanna um 12 millj. kr., og það fólst í því að hækka grunnlaunaviðbótina úr 10, 15 og 17%, eins og hún áður var, upp í 20% yfir alla línuna, og þetta var látið ná yfir bæði árin, árið 1954 og 1955. Síðan hefur það gerzt, að sú vísitöluskerðing eða verðlagsuppbótarskerðing, sem verið hefur í gildi á undanförnum árum varðandi opinbera starfsmenn, hefur verið felld algerlega niður, og um leið hefur það gerzt vegna ýmissa orsaka, að vísitala hefur á þessu ári hækkað mjög mikið. Samkv. þeim útreikningi á þessu atriði, sem fram kom í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. fjárl., reiknaði hann með, að á árinu 1956 mundi þetta þýða hækkun um 29 millj. á launum embættis- og starfsmanna ríkisins. Þá er hækkunin komin í 41 millj. Við þetta er þó það að athuga, að í þessum útreikningi miðaði hæstv. fjmrh. við 14 stiga vísitöluhækkun, en nú er nokkurn veginn víst, að hækkunin verður meiri, og við vitum ekki, hvað vísitalan muni hækka mikið, áður en árið 1956 er liðið til loka. Í þriðja lagi kemur svo það frv., sem hér liggur fyrir. Samkv. áætlunum mþn. þýðir það 20 millj. kr. hækkun á embættislaunum, en hv. fjvn. hefur reiknað þetta út eða látið reikna út, og samkv. hennar útreikningi þýðir þetta 22 millj. kr. hækkun. Þar við bætist sú hækkun, sem gera má ráð fyrir við meðferð þessa máls hér í þinginu varðandi flokkabreytingar, sem allt er til hækkunar og ég lauslega reikna með að þýði 2 millj. kr. Þá er kostnaðurinn við samþykkt þessa frv. 24 millj., og hækkunin öll á einu ári, frá því 16. des. í fyrra og þangað til þetta mál verður afgreitt, orðin 65 millj. kr.

Ég verð að segja það, að þetta ofbýður mér, og ég hygg, að landsfólkinu geri það yfirleitt. Nú er auðsætt, að það er það mikið kapp á það lagt af þeim, sem fastast sækja að koma þessu máli fram, að það verði afgreitt nú, að það er ætlunin, að það verði sjálfsagt afgreitt fyrir 17. þ. m., sem er á laugardaginn kemur. Og ef það verður samþ. eftir því sem horfir og mín brtt. felld, þá geta þeir, sem hlut eiga að máli, haldið eins konar árshátíð launahækkunarinnar, þannig að þá er búið að hækka launin á einu ári um 65 millj. kr. Ef við reiknum þetta út prósentvís, sem er tiltölulega létt að gera, ef farið er eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja hjá mþn., þá skal ég taka það fram, að frá þessum 65 millj. verður raunverulega að draga 6 millj., sem fært var inn á árið 1954 og byggist á sama grundvelli og aðrar 6 millj., sem samþ. voru 17. des. í fyrra og gilda fyrir yfirstandandi ár. Þá eru eftir 59 millj. kr., en samkv. áætlun mþn. gildir 9.5% hækkunin, sem ég fer fram á að fella niður, 15.6 millj. 10% hækkun mundi þá þýða eftir sama útreikningi 16.4 millj., og öll þessi 59 millj. kr. hækkun á launum embættismanna ríkisins þyddi þá rúm-

lega 36% hækkun samtals að meðaltali. Nú væri það fyrir sig að láta þetta ganga í kring, ef þetta hefði ekki í för með sér margvíslegar, víðtækar og stórkostlegar afleiðingar á öllum sviðum okkar þjóðlífs. Ef þetta verður ákveðið nú, þá verður fyrsta afleiðingin sú, að margir aðrir aðilar í þjóðfélaginu eru neyddir til að hækka öll laun hjá sér um 9.5%, hvað sem flokkabreytingum líður; ég skal sleppa því. Og mér er sagt, að bæjarstjórn Reykjavíkur, sem nú er að fást við sín fjárlög, sína fjárhagsáætlun fyrir árið 1956, hafi reiknað með því, að þetta yrði samþ. Og sé reiknað með því, að hún verði líka að taka þetta upp, sem ekki er óeðlilegt eins og sakir standa, mundi það þýða það, að öll bæjarfélög í þessu landi og sveitarfélög, sem hafa einhverja fasta starfsmenn á sínum snærum, verða að taka upp sömu hækkun og Alþ. og ríkisstj. ákveða hjá starfsmönnum ríkisins. Næst koma bankarnir, sparisjóðirnir og aðrar þær stofnanir, sem eru utan launalaga, svo sem Tryggingastofnunin, Búnaðarfélagið, Fiskifélagið og fleiri stofnanir, sem hlut eiga að máli og hlytu að fara í þetta kjölfar, undireins og búið er að lögfesta þessa hækkun hér á Alþ. Þá er víst, að hjá pósti og síma verður að taka þetta einnig með, því að það er ekki nema lítill hluti af starfsmönnum pósts og síma, sem er inni á launalögum. Allir hinir starfsmennirnir á fyrsta flokks B-stöðvum, annars flokks stöðvum og þriðja flokks stöðvum alls staðar um landið hlytu og yrðu að fá þessa hækkunarprósentu undireins nú um áramótin, ef þetta er samþykkt hér á Alþingi.

Þá er enn fremur þess að geta, að ein afleiðingin yrði sú, að allt fastlaunað verzlunarfólk mundi heimta sömu uppbæturnar, en með verzlunarfólki á ég við alla starfsmenn að forstjórum meðtöldum hjá samvinnufélögum landsins og allt annað verzlunarfólk, sem starfar í landinu, — ja, menn kalla það nú í daglegu tali kaupmannaverzlanir, en sannleikurinn er sá, að með örfáum undantekningum er það allt orðið verzlunarhlutafélög, sem hafa verzlunina á sínum höndum, að undanteknum samvinnufélögunum, það eru verzlunarhlutafélög, og hjá þeim hafa laun ekki einasta starfsfólkið, heldur og forstjórarnir og eigendurnir sjálfir, og allt þetta fólk mundi fá sína hækkun, ef ríkið gengur þarna á undan með að ákveða þessa prósentuhækkun hjá sér. Enn fremur mundi koma fastlaunafólk hjá skipafélögunum og einnig í iðnaðinum. Hvað svo yrði um verkamannastéttina, skal ég ekkert fara út í að þessu sinni. En ég vil segja, að sú aðferð, sem hér er stofnað til, er þannig, að hún hlýtur að hafa mjög alvarlegar afleiðingar í öllu okkar fjármálakerfi, og það er þó þannig á vegi statt, að mér fyrir mitt leyti finnst ekki, að það sé á það bætandi að auka þungann, sem hvílir nú á okkar framleiðslu til sjávar og sveita, og aðstaðan er slík, að það er alveg víst, að Alþ. og ríkisstj. verða að gera einhverjar nýjar og róttækar ráðstafanir nú um áramótin, til þess að atvinnuvegir landsins haldi áfram óhindrað.

Ég er fastur á því, að verði þessi brtt. mín felld, þá greiði ég hiklaust atkv. á móti þessu frv., og hvort sem ég stend einn uppi um það hér á hv. Alþ. eða ekki, þá verður að hafa það. Á hvaða vettvangi okkar þjóðlífs sem vera skal, hvort það er í blöðum, á mannfundum, hér á Alþingi eða hvar annars staðar, skal ég ekki vera neitt hikandi við að verja mína afstöðu í þessu efni. En ég hef verið að hugsa um það: ja, hvað er annað hægt að gera, sem getur komið embættismannastétt landsins að jafnmiklu gagni og að hækka launin, eins og hér er farið fram á, án þess að hafa í för með sér þær háskasemdir í okkar þjóðlífi, sem ég hef hér verið að lýsa? Það er fjarri því, að mér detti í hug, eins og einstaka maður hefur leyft sér að bera mér á brýn, að ég sé einhver óvildarmaður fastlaunamanna ríkisins. Því fer ákaflega fjarri, því að það er svo margt ágætra manna í þeim stéttum, að ég er ekki svo heimskur maður, að mér detti í hug að vera nokkur andstöðu- eða óvildarmaður þessara manna. En ég vil bara haga okkar fjármálaafstöðu þannig, að það sé ekki hlaðið meira undir þessa menn, þessar stéttir, sem öll þjóðin vill helzt komast í, heldur en svo, að það sé forsvaranlegt gagnvart þjóðlífinu í heild. En það, sem er hægt að gera og væri að mínu áliti miklu skynsamlegra að gera en að taka þessa launahækkunarskrúfu upp, eins og með þessu frv. er stefnt að, er að lækka tekjuskattinn og lækka hann til mikilla muna. Tekju- og eignarskattur fyrir árið 1955 var álagður 98 millj., og hann er áætlaður á fjárlagafrv. eitthvað rúmar 90 millj. Ég held, að það væri miklu hyggilegri aðferð að breyta til og samþykkja hér þá till., sem ég hef hér lagt fram á þskj. 177, en taka um leið þá ákvörðun að lækka tekjuskattinn yfir alla línuna, svo að verulega munaði um, og það kæmi launamönnum ríkisins öllum að gagni, eins og það kæmi líka öllum öðrum að gagni, sem tekjuskatt greiða, og hann er ekki sízt greiddur nú orðið af launum yfirleitt, vegna þess að framleiðslufyrirtæki, sem flest eru rekin með halla, eru ekki verulega tekjuskattshá, eins og nú er komið málum. Ég vil því segja það að lokum, að ef mín till. verður samþykkt, mundi ég vilja beita mér fyrir því eða vera með í því, að þessu væri breytt á þá leið, að tekjuskatturinn væri lækkaður stórlega, í stað þess að þessi 9.5% hækkun, þessar 16 millj. kr., yrði lögfest sem árleg greiðsla. Að öðru leyti skal ég svo ekki á þessu stigi fjölyrða meira um þetta mál, en vænti þess, að mér gefist tækifæri til að svara þeim andmælum gegn till. minni, sem hér kunna fram að koma.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er út af nokkrum ummælum í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem ég vildi strax gera örfáar athugasemdir. Ég vil ekki láta þau standa ómótmælt.

Hv. þm. A-Húnv. er á móti því að lögleiða almenna hækkun á launum opinberra starfsmanna. Ef við íhugum þetta mál og túlkum það rétt, þá sjáum við, að síðan launalögin voru sett, þau sem nú gilda, hafa átt sér stað verulegar hækkanir á kaupgjaldi almennt í landinu. Þetta er staðreynd. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að hækka nokkuð almennt laun opinberra starfsmanna til samræmis við þær launahækkanir, sem almennt hafa þegar átt sér stað. Þetta er kjarni málsins, og þetta er málið allt, en þetta virðist

mér hv. þm. A-Húnv. ekki láta sér skiljast. Honum finnst það sanngjarnt, að laun opinberra starfsmanna standi óbreytt, á sama tíma sem laun almennt í landinu fara hækkandi. Hann vill m. ö. o., að lífskjör annarra séu bætt á kostnað opinberra starfsmanna, því að það væri einmitt það, sem mundi gerast, ef slíkt ætti sér stað til langframa og í verulegum mæli. Slíkt er ekki sanngjarnt, og þess vegna hefur þetta frv. til nýrra launalaga verið samið. Með því er verið að gera tilraun til að samræma starfskjör opinberra starfsmanna við kjörin eins og þau nú eru orðin annars staðar og satt að segja hvergi gengið lengra en þessi stefna takmarkar. Þess vegna er allt tal hv. þm. A-Húnv. um það, að þetta frv. verði upphaf að nýjum, almennum launahækkunum, byggt á rangri túlkun málsins. Hér er aðeins tekið afleiðingunum af því, sem þegar hefur gerzt. Það er ekki vottur af sanngirni í því í garð opinberra starfsmanna að ætlast til þess, að þeir geti unað við, að þeirra launakjör séu látin standa óbreytt til lengdar, þegar allt í kringum þá hækka launagreiðslur. Þá er það líka alger misskilningur hjá hv. þm. A-Húnv., að þótt ríkið fylgdi þessari stefnu, sem hann túlkar, sem sé að synja um allar breytingar á launum opinberra starfsmanna, þótt laun almennt hafi hækkað, að laun í verzlunarfyrirtækjum og hjá öðrum stofnunum mundu haldast niðri. Þeim mundi vitanlega alls ekki verða haldið niðri. Ríkið mundi verða eitt um að reyna að reka slíka launapólitík.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var einungis sú að vekja athygli á meginkjarna málsins, vegna þess að mér fannst hv. þm. A-Húnv. alveg ganga fram hjá honum og leggja allt annan skilning í það, sem hér er að gerast, en þann, sem réttur er og nokkur rök hníga að.

Þá lét hv. þm. A-Húnv. nokkur huggunarorð falla til opinberra starfsmanna; hann hefði gott úrræði fyrir þá, þó að hann væri á móti því að hækka launin, það væri að lækka tekjuskattinn. Vitanlega mundi það ekkert gagna opinberum starfsmönnum sérstaklega, þó að tekjuskatturinn væri lækkaður, því að hann yrði lækkaður á öllum öðrum alveg jafnt, þannig að hlutfall þeirra í skattgreiðslu stæði óbreytt. Þeirra laun yrðu eftir sem áður í ósamræmi við laun annarra. Þeim kæmi ekkert sérstaklega til góða lækkun á tekjuskattinum, fyrir utan það, að lækkun á tekjuskattinum mundi þýða, að samstundis yrði að afla tekna með öðru móti, og ég er ekki viss um, að það yrði gert á þann hátt, sem kæmi opinberum starfsmönnum betur en tekjuskatturinn, þótt hann væri látinn óbreyttur standa. Þetta mál er ekki sízt um hlutföll í launagreiðslum, og það verður ekki leyst með almennri tekjuskattslækkun. Spurningin er bara þessi: Er eðlilegt, að opinberir starfsmenn geti sætt sig við það, eða á að bjóða þeim það, að þeir sitji lon og don við óbreytt launakjör, þegar allir aðrir fá hækkanir? Ég segi nei. Það á ekki að gera, og þess vegna er þetta frv. hér.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir það nál., sem hér liggur fyrir, með fyrirvara. Ég tel að sjálfsögðu rétt, að Alþ. endurskoði gildandi launalög opinberra starfsmanna, enda eru þau nú orðin nokkuð gömul og mikil þörf á því á ýmsum liðum, að þar sé bætt um, einkum hjá þeim starfsmönnum ríkisins, sem eru í hinum lægri launaflokkum. Þess vegna tel ég, að það væri illt verk að koma í veg fyrir samþykkt þessa frv. En hitt er annað mál, að inn á þessu frv. eru fjölmargir liðir, sem mjög orka tvímælis um það, hvort þeir geti talizt sanngjarnir. Ég tel þó, að það sé vert að stuðla að því, að þetta frv. fái afgreiðslu, og hef þess vegna fyrir mitt leyti fallizt á að flytja ekki sérstakar eða einstakar brtt. við hina ýmsu liði frv., heldur láta við þessa umr. við það sitja að láta hér koma til atkv. þær till., sem launamálanefnd ríkisins hefur gert og fjhn. þessarar d. hefur fallizt á að rétt væri að láta koma hér til atkvæða við þessa umr.

Vildi ég þá aðeins víkja að öðrum þætti þessa máls, en hann er sá, að á s. l. vetri gerðu verkalýðsfélög nokkur, einkum hér í Reykjavík og nágrenninu, kröfu um kauphækkun. Þessi kauphækkunarkrafa verkalýðsfélaganna nam 20%, og í þeim heildarkröfum, sem gerðar voru, voru einnig kröfur um nokkur önnur hlunnindi, og hefur það verið metið á ýmsa lund. Ekki hygg ég þó, að með neinni sanngirni sé hægt að segja, að verkalýðsfélögin hafi farið fram á meira en 30% kjarabætur samtals bæði í kaupuppbótum og öðrum fríðindum.

Það þarf ekki að rekja það, að stjórnarvöldin, sem sitja að völdum í okkar landi, bæði ríkisstjórnin sjálf og hv. stuðningsmenn hennar hér á Alþ. svo og málgögn hennar, ætluðu hreint að rifna af þessari ósvífni verkalýðssamtakanna að láta sér detta í hug að krefjast jafnvel allt að 30% kjarabóta fyrir verkafólk. Ekki áttu blöð þeirra að vísu öll óskilið mál um það, hvernig þau tóku þessum málaleitunum verkalýðsfélaganna, en kröfur verkalýðsfélaga eru að sjálfsögðu ævinlega og hljóta að vera, eins og allt er í pottinn búið um samninga, settar fram nokkru hærri en félögin raunverulega geta gert sér vonir um að ná fram.

Ég þarf ekki að rekja það, að eftir margra vikna verkfall náðu verkalýðsfélögin fram 10% kauphækkunum og nokkrum öðrum kjarabótum, sem meta má að nemi máske um 2% í kauphækkun og til viðbótar um 5% í kjarabætur, sem ríkisstarfsmenn höfðu áður fengið, þannig að miðað við ríkisstarfsmenn má kannske telja að verkalýðsfélögin hafi náð fram um það bil 12% kjarabótum.

Ef við höldum svo áfram að hugleiða, hvernig ríkisstj. og hvernig yfirleitt afturhaldið í þessu landi brást við þessum kjarabótum verkalýðsfélaganna, þá stendur það mjög í björtu, að alltaf síðan, seint og snemma, hefur ríkisstj. og málsvarar hennar og blöð hennar hamrað á því, að upp sé risin í okkar þjóðfélagi stórkostleg þjóðarógæfa, sem mikill vafi sé um, hvort nokkru sinni verði yfirstigin, einmitt af því að um þessar kauphækkanir eða kjarabætur var samið við verkalýðshreyfinguna. Þessu til viðbótar liggur það hreinlega fyrir, að áróðursmenn ríkisstj. halda því jafnan fram, að verkamenn hafi tapað á þessum kjarabótum. Þeir benda á allar þær verðhækkanir, sem fram hafa farið í landinu síðan,

og telja, að þær séu beint eða óbeint þessari kauphækkun og kjarabót að kenna.

Nú er það auðvitað vitað, að slík kjarabót sem þarna var samið um getur ekki valdið almennt í verðlaginu nema 2—3% verðhækkun, þar sem vinnan er að sjálfsögðu ekki nema nokkur og víða lítill þáttur í verðmynduninni.

En þegar nú kemur að því að endurskoða launalög, virðast þeir góðu ráðamenn, sem þannig telja, að allt hafi verið drepið með 10% kauphækkun verkamanna, og þó einkum að verkamenn hafi komið þarna illa í bakið á sjálfum sér og skaðað sig frekar en bætt hag sinn með þessari kauphækkun, líta allt öðrum augum á það, hvernig þetta verkar nú á þá sjálfa.

Á einu ári, sem nú er liðið, þ. e. a. s. frá því seinni hluta desember í fyrra og til þessa tíma, hafa verið gerðar ýmsar launabreytingar hjá því opinbera, og er nú þessi kannske ekki hvað minnst um verð, sem hér er til umræðu og væntanlega verður samþykkt hér innan fárra daga. Það má aðeins rifja það upp, hvað skeð hefur.

Seinni hluta desember í fyrra var, eins og hv. þm. A-Húnv. minntist hér á í ræðu sinni, gerð í sambandi við samþykkt fjárlaga ein veruleg launabreyting opinberra starfsmanna. Hún lá í því, að til þess að mæta þeim launamismun, sem orðinn var á hinum frjálsa markaði og aftur hjá ríkisstarfsmönnum, hafði ríkið nokkur undanfarin ár bætt upp laun opinberra starfsmanna stighækkandi, þannig að þeir, sem höfðu laun eftir lægri launaflokkum launalaga, fengu að prósenttölu til hærri uppbót en þeir, sem tóku laun eftir hærri launaflokkum. Í I.—III. launaflokki var greidd 10% kaupuppbót á grunnlaun, í IV. flokki voru greidd 12%, í V.—IX. flokki voru greidd 15%, og í X.—XV. flokki voru greidd 17% í launauppbætur. En við samþykkt fjárlaga seinni hluta desembermánaðar í fyrravetur var þessu öllu slengt í eitt og greidd 20% uppbót á laun allra starfsmanna ríkisins. Þetta þýddi að sjálfsögðu það, að hinir hæst launuðu voru hækkaðir um 10%, en þeir, sem voru í lægri flokkunum, hlutu aðeins 3% uppbót á laun sín. Þannig var launamismunurinn aukinn verulega. Í maímánuði s. l. samþykkti Alþ. svo breytingar á lögum um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna, þannig að engin vísitöluskerðing skyldi koma á laun, sem nema allt að 34560 kr. á ári, en á laun, sem væru þar umfram, skyldi greiða 23% uppbót. Þetta þýddi að sjálfsögðu líka langmesta hækkunina til handa hálaunamönnum. En til þess að þetta færi ekki algerlega fyrir ofan garð og neðan hjá þeim lægst launuðu, var sleginn sá varnagli í þessum lögum, að launauppbót skyldi þó að lágmarki ná 5% til allra.

Nú fyrir fáeinum dögum voru hér á Alþ. enn samþ. lög um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna, þar sem er ákveðið, að engin vísitöluskerðing skuli reiknuð á nein laun hjá ríkinu, og gerir það að sjálfsögðu þeim, sem enn höfðu nokkra skerðingu, enn rýmra fyrir dyrum, þannig að hækkunin er orðin mjög veruleg hjá hæst launuðu flokkunum, en tiltölulega lítil hjá lægri flokkunum, þannig að áður en þetta frv., sem hér liggur fyrir, kemur til afgreiðslu, liggur það fyrir, að þegar hefur orðið um að ræða mjög verulega hækkun á kaupi þeirra hæst launuðu, en þeir, sem eru í lægri launaflokkunum, hafa fengið um það bil 8% kauppuppbót á þessu tímabili.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir hins vegar ráð fyrir, að laun hækki, það er nú kallað í frv. um 9½%, sem þó raunverulega er ekki alveg rétt, miðað við daginn í dag, því að hjá lægstu flokkunum hækkar það úr þeim 8%, sem fyrir voru, um 4—5%, 4½% því sem næst. Og ef við lítum nú á, hvað skeð hefur frá því í fyrra um þetta leyti og þar til væntanlega þessi lög koma til framkvæmdar í næsta mánuði, þá er vert að fara hér aðeins yfir og hugleiða svolítið, hvað það er, sem skeður við samþykkt bæði þessara launalaga og annarra þeirra laga, sem taka til kaupgreiðslna til þeirra, sem starfa í þjónustu ríkisins.

Í þessu frv., sem hér um ræðir, er XIII. launaflokkur miðaður við það, að þeir, sem í honum eru, hafi svipuð laun og Dagsbrúnarverkamenn í Reykjavík hafa. Við getum þess vegna litið á þann flokk, því að ég hef ekki ástæðu til þess að vefengja þessa röksemd launamálanefndar, sem laun hinna almennu starfsmanna. Í þessum flokki eru afgreiðslumenn og nokkrir fleiri, ritarar nokkrir. Í desember í fyrra voru mánaðarlaun þeirra manna, sem í XIII. launaflokki eru, kr. 2790.45. Ef vísitala hefði haldizt óbreytt frá þeim tíma, þ. e. a. s. ég tek ekki með í þennan útreikning vísitölubreytingu, — ef kaupgjaldsvísitalan væri enn þá 159 stig, eins og hún þá var, mundu þeir fá í janúar næsta ár kr. 3140.35, þ. e. a. s. mánaðarlaun þeirra hefðu á þessu tímabili hækkað, þegar ekki er tekið tillit til vísitölubreytingarinnar, um kr. 349.90. Launahækkunin, sem svarar til grunnlaunahækkunar, er 12½%. Nú er hins vegar vitað, að vísitalan, sem greitt verður eftir í janúar, er 171 stig, og þess vegna verða laun manna í XIII. flokki þá raunverulega kr. 3375.25, eða launahækkun alls með vísitölu og öllum launahækkunum nemur þá frá því í desember í fyrra þangað til í janúar næsta ár um kr. 586.80, — en sem sagt hin raunverulega grunnlaunahækkun, sem maður getur kallað svo, hjá þessum flokki er 12.5%, eða svipuð og hjá verkamönnum. Ég skil þess vegna ekki, með hvaða sanngirni væri hægt að mótmæla þessari launahækkun. Ég skal taka undir það með hæstv. fjmrh., að ég sé engin rök fyrir því að láta starfsmenn ríkisins standa í stað, þegar aðrir sambærilegir launaflokkar hækka. Hins vegar vil ég eindregið mótmæla þeim ummælum hans, að þetta frv. fjalli eingöngu um það að færa starfsmenn ríkisins til samræmis við aðra, því að á ýmsum hærri liðum frv. gengur það langt út fyrir það, sem hægt er að kalla nokkurn samanburð, og skal ég nú nefna nokkur dæmi um það.

Ég hef reiknað af handahófi örfá dæmi. Fyrst urðu fyrir mér skrifstofustjórar í ýmsum ríkisfyrirtækjum, t. d. í áfengisverzlun ríkisins, tóbakseinkasölunni, ríkisprentsmiðjunni, landssmiðjunni, áburðar- og grænmetisverzluninni — og sjálfsagt eru þeir einhverjir fleiri. Þessir skrifstofustjórar höfðu í desembermánuði s. l. kr. 3956.13 í kaup. Í janúar n. k. fá þeir væntan-

lega í kaup kr. 5326.50, ef þetta frv. nær fram að ganga, sem fáir efast nú víst um. Launahækkun þeirra á mánuði mun þess vegna verða frá því í desember í fyrra þangað til í janúar n. k. á mánuði, án þess að tekið sé tillit til vísitölubreytingar, kr. 1370.37, eða hækkun, sem nemur 34.6% rúmlega. Það er sem sagt hærra en allar kröfur, sem verkamenn settu fram í verkföllunum síðast og ríkisstj. taldi hvað mesta óhæfu, sem sézt hefði á þessu landi.

Svipað kemur út, ef við lítum t. d. á prófessora við Háskóla Íslands. Þeir höfðu í desembermánuði í fyrra í kaup kr. 4698.74, en kaup þeirra í janúar n. k., miðað við sömu vísitölu, mundi verða kr. 6280.50, eða kauphækkun miðað við óbreytta vísitölu kr. 1581.76, þ. e. 33.5% tæplega. Þá komum við að skrifstofustjórum í ráðuneytunum. Þeir höfðu í fyrra í kaup í desembermánuði kr. 4906.30. Í janúar n. k. kæmu þeir til með að fá að óbreyttri vísitölu kr. 6797.25, eða hækkun, sem nemur 38.5%. Auk þess hygg ég, að þessir menn hafi á þessu sama tímabili fengið eins konar kauphækkun, þótt dulbúin væri, þar sem þeim mun hafa verið ákveðinn 9000 kr. árlegur bílastyrkur, sem gerir 750 kr. á mánuði, og er hann ekki afnuminn með þessum lögum, þannig að kauphækkun þessara manna frá því í desember í fyrra og til þess, sem verða mun í janúar n. k., mun nema að óbreyttri vísitölu 53.8%. Þessir menn starfa það nálægt ráðherrunum, að þeir ættu að hafa öll tök á því að hleypa ekki launagreiðslum til þeirra út í neina óhæfu.

Ráðherrarnir sjálfir hafa nú að vísu verið teknir út úr þessu launalagafrv., en eins konar dilkur fylgir þó þessu launalagafrv., sem er frv. um laun ráðherra, sem væntanlega kemur hér til umr. nokkuð samhliða þessu frv. Þar er gert ráð fyrir, að laun ráðherra breytist verulega. Í desembermánuði í fyrra munu ráðherralaun samkv. launalögum og þeim reglum, sem um það kaup giltu, hafa numið kr. 5847.25. Í janúar í ár mundu þau væntanlega verða að óbreyttri vísitölu, og þá er auðvitað reiknað með því, að frv. um laun ráðherra verði samþ., kr. 8612.50. Hækkun á þessu tímabili á mánuði miðað við óbreytta vísitölu er kr. 2765.25, eða launahækkun hjá ráðherrum 47.3%. Nú væri það ekki mikið að borga ráðherrum vel, ef það væri einhver dugur í þeim, en ráðherrar, sem telja það sína aðalskyldu við þjóðina að reyna að halda lífskjörum manna almennt niðri, leggja sig fyrst og fremst fram um það, að kaupgjald í landinu sé ekki hækkað, telja það óhæfu, ef verkamenn setja fram kröfu um 20% hækkun, og álíka mikla óhæfu, þegar þeir ná fram samningum um 10% hækkun, ættu sannarlega að hafa frekar hljótt um sig um þá þjóðarógæfu, sem þeir annars telja þetta vera, þegar þeir eru sjálfir búnir að fá 47.3% launahækkun. Ég efast ekki um það, enda þótt mér sé það ekki alveg kunnugt, að þeir muni ekki síður en þeirra ráðuneytisstjórar eða skrifstofustjórar í ráðuneytunum hafa hækkað ýmiss konar hliðartekjur hjá sér, svo sem eins og eitthvað samsvarandi bílastyrk eða þess háttar, svo að ég efast ekki um það, að þeirra raunverulega kaupbreyting að óbreyttri vísitölu er yfir 50%, þegar kemur fram í janúarmánuð næsta ár.

Þrátt fyrir þessa stórkostlegu annmarka og ósanngirni, sem felst í þessu frv., og ætla ég ekki að fara frekar út í einstaka liði þess að þessu sinni, tel ég samt rétt, að frv. verði látið ná fram að ganga, því að það er að sjálfsögðu óhæfa, að lægri launaflokkarnir nái ekki fram þeim kaupbreytingum, sem þeim eru ætlaðar í þessu frv. Og það er í alla staði eðlilegt, þegar launalög hafa staðið jafnlengi og nú er, á jafnbreytingasömum tímum, að þau séu einmitt tekin til endurskoðunar nú. Það er hins vegar ógæfa, bæði hinum íslenzka ríkissjóði og sömuleiðis íslenzkra ríkisstarfsmanna, þeirra sem ekki eru alveg sérstaklega í náðinni hjá ríkisstj. og sitja sem næst ráðherrastólum, að slík endurskoðun skuli fara fram undir valdi slíkra manna sem nú sitja í ríkisstj. Íslands og jafnfráleitir eru og óhæfir til þess að meta að verðleikum störf íslenzkra þjóðfélagsþegna eins og þetta frv. ber með sér að íslenzka ríkisstj. er og eins og öll hennar afskipti af launamálum alþýðustéttanna hafa þó enn þá frekar sýnt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins fáein orð út af þessari ræðu hv. 9. landsk. þm. Hann sagðist mæla með því, að launalagafrv. yrði samþ., — að vísu vill hann breyta frv., skilst mér, en hann er með því, að sett séu ný launalög og laun opinberra starfsmanna hækkuð til samræmis við þær launahækkanir, sem hafa orðið almennt í landinu. Hann sagði, að það væri eðlilegt að gera þetta.

Man nú nokkur, hvað fór á milli mín og kommúnistanna hér á Alþ. um það leyti, sem verkfallið stóð yfir s. l. vor? Man það nokkur maður nú? Þá leyfði ég mér að benda á, að ef fram yrðu knúðar almennar kauphækkanir í landinu, þá hlytu laun opinberra starfsmanna að hækka að sama skapi. Kommúnistar óðu þá hér um hv. deild með steytta hnefana og sögðu, að þessi ummæli væru byggð á fjandskap í garð verkalýðsins, sem væri að knýja fram sínar kjarabætur, það væri óhæfa, fullkomin óhæfa að halda því fram, að nokkur ástæða væri til þess fyrir opinbera starfsmenn að fá sín laun hækkuð, þótt verkamenn með hálfs annars mánaðar verkfalli knýðu fram launabætur handa sér. Ég sagði þá: Við skulum bíða og sjá, hvað þeir gera, þegar launalagafrv. kemur. Við skulum heyra, hvað þessir peyjar segja þá. Við skulum vita, hvort það verður ekki öðruvísi tónninn í þeim þá og hvort þeir muni þá beita sér á móti launahækkun til opinberra starfsmanna. Við skulum bíða og sjá. — Og hvað skeður nú? Það skeður vitanlega það, sem fyrir fram var vitað að hlaut að ske, þrátt fyrir stóryrðin, að kommúnistar lýsa yfir, að þeir telji sjálfsagt og eðlilegt að hækka laun opinberra starfsmanna til samræmis við þær almennu kauphækkanir, sem hafi átt sér stað í landinu. En s. l. vor var það álitin árás á verkalýðinn að benda á, að þetta hlyti að fara svona. Hver haldið þið að taki á eina eða aðra lund mark á ummælum þessara manna, sem gera sig bera að öðru eins og þessu með örfárra mánaða millibili? Það mætti því í raun og veru segja um það, sem fylgdi hjá þessum hv. þm., að ómerk væru hans orð og því óþarfi að svara þeim. Það er ekki

mikið leggjandi upp úr því, sem þeir hv. þm. segja um landsmál yfirleitt, sem þannig koma fram.

Ég vil þó minnast á tvennt af því, sem þessi hv. þm. drap á. Hann sagði, að það hefði verið sagt í vor, að það yrði ekki til hagsbóta að knýja fram almenna launahækkun. Það hygg ég að mönnum sé nú nokkuð ljóst, að af því hafa orðið litlar hagsbætur. En svo sagði hv. þm.: Á hinn bóginn hafa yfirvöldin mikinn áhuga fyrir launahækkunum handa sér. — Það er rétt, við eigum að fljóta með, þegar hækkuð eru laun opinberra starfsmanna. En hefur hv. þm. ekki botnað neitt í þessu enn þá? Veit hann ekki, hvað er verið að gera með þessu frv.? Það, sem verið er að gera með þessu frv., er að forða opinberum starfsmönnum frá því tjóni, sem þeir mundu bíða, ef þeirra laun hækkuðu ekkert, þegar allra annarra laun breytast. Þetta er það, sem er verið að gera með frv., og ekkert annað. Það er verið að forða þeim frá því tjóni, sem þeir mundu hljóta að bíða, ef þeirra laun ættu að standa óbreytt, á sama tíma sem kaupgjald almennt hækkar. Þetta ætti stærðfræðikennarinn úr Vestmannaeyjum að geta skilið. Í þessu frv. felst enginn dómur um gildi almennra kauphækkana til eða frá, það er einungis verið að samræma til að forða opinberum starfsmönnum frá tjóni.

Þá sagði hv. þm. og gerði það að nokkru atriði í ræðu sinni, að með þessu væri verið að hækka alveg sérstaklega laun hinna hærra launuðu opinberra starfsmanna og teygja laun þeirra langt upp fyrir laun hinna eða út úr samræmi. Röksemdafærslan hjá honum var sú að bera saman launagreiðslur til nokkurra embættismanna eins og þær hefðu verið annars vegar í desembermánuði s. l. og hins vegar mundu verða í janúarmánuði næsta, ef frv. verður samþ. Þessi samanburður er algerlega falskur og gefur enga hugmynd um það, sem hv. þm. var að ræða, eða efni frv., og það af þeirri einföldu ástæðu, að þessi mismunur, sem kom fram hjá honum, stafar að langmestu leyti af því, að vísitöluskerðingin hefur verið afnumin og grunnlaunauppbótin hefur verið gerð jöfn hjá öllum. Það, sem hefur skeð, er ekkert annað en það, að þeir hærra launuðu fá fyrst nú vísitöluuppbót sína að fullu, og fá frá byrjun þessa árs grunnlaunauppbótina að fullu, sem hinir höfðu fengið um mörg ár. Þeir, sem voru í hærri launaflokkunum og miðlungslaunaflokkunum, voru um nokkur ár lækkaðir í launum. Þeir fengu ekki grunnlaunauppbót til jafns við aðra og ekki vísitöluuppbót til jafns við aðra. Þetta var leiðrétt vegna þess, að menn sáu, að þetta leiddi hreinlega til þess, að launamismunur varð óviðunandi lítill í þjónustu ríkisins. Sést þetta á því, að hann var orðinn hér a. m. k. helmingi minni en dæmi eru til hjá nágrannaþjóðunum á Norðurlöndum. Þetta var komið í slíkar öfgar, að ekki gat staðizt lengur, og þá var tekin sú ákvörðun af hv. Alþingi, að þessir starfsmenn fengju grunnlaunauppbót til jafns við aðra og vísitöluuppbót til jafns við aðrar vísitöluuppbætur. Þessir starfsmenn eru því fyrst á síðasta Alþingi og því yfirstandandi færðir til samræmis við þær almennu breytingar, sem orðið hafa, en það eru mörg ár síðan hinir lægra launuðu voru færðir í áttina með fullri grunnlaunauppbót og vísitöluuppbót. Þess vegna er málflutningur hv. 9. landsk. þm. alveg rangur og samanburðurinn út í hött og hvergi nærri efni frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Launalagafrv., sem hér liggur fyrir, er á margan hátt mjög athyglisvert. En það, sem mér þykir merkilegast í sambandi við þetta frv., er raunverulega sá tilgangur, sem liggur á bak við það, að mér helzt sýnist, af hálfu ríkisstjórnarinnar og m. a. frá hæstv. fjmrh. Ég veitti því t. d. athygli, að þegar frsm. fjhn. hafði talað hér fyrir brtt. n., en n. flutti margar brtt. og allar til hækkunar, kom hæstv. fjmrh. hér upp í ræðustólinn og talaði nokkur orð og sagði, að honum þætti afgreiðsla fjhn. sköruleg á þessu máli og hann vildi mjög hvetja þm. til að samþykkja allar till. n. og frv. þá sem heild. Þetta hlýtur að láta alleinkennilega í eyrum þeirra manna, sem hlustað hafa á ræður hæstv. fjmrh. og reyndar ríkisstjórnarinnar allrar að undanförnu. Hæstv. fjmrh. hefur barizt manna mest gegn því, að verkamenn og aðrir láglaunamenn í landinu fengju nokkrar launabætur, og talið, að voði væri fyrir dyrum í efnahagskerfi þjóðarinnar, ef smávægilegar launabreytingar þar næðu fram að ganga. En þegar hins vegar liggur fyrir að gera stórfelldar breytingar á launakjörum hæst launuðu manna í landinu, þá segir þessi sami ráðh., að hér sé skörulega að verið og sjálfsagt að samþykkja orðalaust allar hækkanir. Ég get ekki varizt því að setja þetta nokkuð í samhengi við það, sem maður hefur orðið var við að undanförnu að ríkisstjórnin hefur í öðru orðinu talað um ógæfu þess, að verðlag allt færi hækkandi í landinu og erfitt væri fyrir framleiðsluna að standa undir framleiðslukostnaði, en hins vegar hefur ríkisstj. ekki skeytt því á neinn hátt, þó að hún hafi fengið daglega tilkynningar um stórfelldar verðhækkanir, sem ekki hefur verið annað hægt að sjá en gerðar væru að tilefnislausu. Ríkisstjórnin hefur ekkert haft við þær að athuga, engar ráðstafanir gert til að koma í veg fyrir þessar miklu verðhækkanir, en jafnan bætt því við, þegar hún talar um verðhækkanirnar: Ja, þetta er allt saman afleiðing af því, að kaup verkamanna var hækkað. Svona hlaut þetta að fara. Þetta höfðum við sagt, og þetta hlýtur því allt að fara um koll. — Ég verð því að segja, að mér finnst, að þetta með launalagafrv. minni óneitanlega nokkuð mikið á þessar staðreyndir, að nú megi gjarnan samþykkja hvað sem er í sambandi við launalög, helzt sem allra mest og allra hæst til allra, auðvitað með þeirri allsherjar skýringu: Þetta er verkföllunum í vetur að kenna. Vorum við ekki búnir að segja þetta? Þarna sjáið þið það. Er ekki allt að fara á hausinn? Verður nú ekki að grípa til einhverra óyndisúrræða? — Þegar búið er að leyfa þeim, sem fara með völdin í verðlagsmálum, að spana upp verðlag alveg að óþörfu, þegar ríkisstj. sjálf er búin að þenja þannig launahækkanir í ýmsum greinum hjá hæst launuðu embættismönnum í landinu, að langt keyrir úr hófi fram, þá eru þó komin rök fyrir því að segja: Þarna

sjáið þið það. Er ekki nauðsynlegt að grípa til gengislækkunar eða annarra ráðstafana? Verðum við ekki að gera það? — Og kannske á að sætta suma embættismenn við að vera með gengislækkunarfrv. í skjóli þess, að búið sé að hækka kaup þeirra miklu meira en annarra starfsmanna í landinu.

Það verður ekki um deilt, að eins og þetta launalagafrv. liggur hér fyrir, eru ýmsir starfsmenn og þeir allmargir, sem fá með þessu frv. og þeim till., sem hér liggja fyrir, stórfelldar launahækkanir. Það verður ekki hægt fyrir hæstv. fjmrh. að skjóta sér undan því á neinn hátt, ekki með því að segja, að samanburðurinn sé rangur, að það er staðreynd, að ýmsir forstjórar fá samkvæmt þessu frv. 34.6% launahækkun frá því, sem var í ársbyrjun og nú til ársloka. Þó að launahækkun þeirra fari að nokkru leyti fram á þann hátt, að vísitöluskerðing, sem í gildi hefur verið á launum þeirra, er afnumin eða hluti af þeirra kauphækkun kemur fram í grunnlaunabreytingu, þá stendur eigi að síður eftir sú staðreynd, að kaup þessara manna hækkar um 34.6%. Engin leið verður að neita þessu.

En þá er aðeins eftir að athuga það: Er 34.6% launahækkun hjá ýmsum forstjórum á vegum ríkisins sambærileg launahækkun og jafnsanngjörn og þær launahækkanir, sem fram hafa farið að undanförnu til lægst launuðu manna í þjóðfélaginu, til verkamanna? Vill hæstv. fjmrh. reyna að sanna, að hér sé um jafnræði að ræða? Nei, hann reynir það ekki, því að hann getur það ekki. Hér er um miklu meiri hækkun að ræða en átt hefur sér stað á undanförnum árum á kaupi verkamanna. Þessi launahækkun, sem í ýmsum tilfellum fer jafnvel yfir 50%, á sér engin fordæmi. Hitt er svo vitanlega alltaf hægt að segja: Þessir ágætu launamenn eru í svo þýðingarmiklum störfum og þeir eru svo góðir menn, að það er sanngjarnt, að þeir verði hækkaðir miklu meira en ýmsir aðrir þegnar þjóðfélagsins. En þá er það meiningin, að eftir þeim ákvæðum, sem hafa verið í lögum um margra ára skeið og tryggt hafa þessum mönnum tvöföld og þreföld laun verkamanna, hafi laun þeirra verið ósanngjarnlega lág og nú beri að hækka þau meira en laun lægst launuðu manna í landinu hafa verið hækkuð. Hitt er svo aftur rétt, að lægstu launaflokkarnir samkv. þessu frv. eru tiltölulega lítið hækkaðir, og það má segja, að þrír lægstu launaflokkarnir, XV., XIV. og XIII., séu hækkaðir ákaflega ámóta og kaup verkamanna hefur verið hækkað, enda er það svo, að þrír lægstu launaflokkarnir af fimmtán samtals eru allir með álíka launahæð og verkamenn hafa. Verkamenn hafa með 8 stunda vinnudegi tæpar 24 þús. í grunnlaun á ári, miðað við að vinna alla vinnudaga ársins, en XIII. launaflokkurinn hefur einmitt 23700 kr. hér, en allir hinir launaflokkarnir þar fyrir ofan allmiklu meira.

Hæstv. fjmrh. minntist á það, að þegar umr. hefðu verið hér á Alþingi um launahækkun til handa verkamönnum, hafi hann spáð því, að þeir menn, sem stóðu með launahækkun verkamanna, mundu einnig verða með launahækkunum til opinberra starfsmanna. Hann þurfti ekki að spá neinu um þetta, því að það var aldrei dregin nein dul á það og hefur aldrei verið af hálfu okkar, að við töldum sanngjarnt og teljum sanngjarnt, að menn með svipuð laun fái svipaða launahækkun. En hitt sögðum við þá og segjum enn, að þó að verkamenn, sem eru lægst launaðir, á einhverju tímabili knýi fram launabætur sér til handa, t. d. um 10%, þá er ekki þar með sagt, að hæst launuðu menn í þjóðfélaginu eigi einhverja kröfu á því að fá sömu launahækkun sér til handa. Hæstv. fjmrh. getur vitanlega búið slíka kenningu til handa sér, en hann getur ekki búið þá kenningu til handa öðrum mönnum. Við munum ekki fallast á það, þó að hann vilji gera það að algildri reglu, að ef þeir lægst launuðu fá lítils háttar launabætur, þá eigi allir að fá þær, og enn þá síður vitanlega er það þá réttmætt, að þeir fái miklum mun hærri launabætur en hinir, ekki aðeins í krónum talið, heldur líka hlutfallslega. Mín skoðun er sú, að þeir, sem eru í hæstu launaflokkunum, hefðu gjarnan mátt t. d. una við það að fá álíka margar krónur til hækkunar á sitt kaup og þeir lægst launuðu hafa fengið í krónum talið á sitt kaup, en því er nú ekki aldeilis að heilsa.

Nei, hér er um það að ræða, og það er það, sem rétt er að undirstrika í þessum efnum, að þetta frv. táknar stórkostlega launahækkun. Þetta eru í ýmsum greinum hæstu till. um launahækkanir, sem fram hafa komið í sambandi við launakröfur á undanförnum árum, og það er rétt, að það verði ekkert undan dregið, að það er sjálf ríkisstj., sem stendur að slíkum till. hér á Alþingi, að hækka laun hæst launuðu mannanna í landinu um hærri hundraðstölu en nokkrir aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa farið fram á í kröfum sínum. Mér þykir ekkert undarlegt, að afleiðingarnar af slíku frv. eins og þessu, eins og það liggur fyrir, verði þær, að fjöldamargar aðrar stéttir í þjóðfélaginu komi á eftir, og ríkisstj. mun sannarlega ekki takast að telja mönnum trú um það, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, sé einhver afleiðing af verkföllunum frá s. l. ári eða frá því fyrr á þessu ári, því að það er það ekki. Ég býst t. d. við því, að sjómenn þeir, sem nú eru að vinna að hækkuðu fiskverði og að hækka sitt kaup og nú hafa sagt upp sínum samningum, að togarasjómenn, sem líka hafa sagt upp samningum sínum nú, dragi ekki úr kröfum sínum, sem þeir hafa sett fram, þegar þeir sjá, að ríkisstj. gefur tóninn á þann hátt, sem þetta frv. gerir. Ég hugsa, að þeir hiki ekki við að standa nokkuð þétt á því, að þeir fái t. d. 10—15% launabætur, þegar ráðherrarnir ætla sér sjálfir 50% á miklu hærra kaup. Ríkisstj. getur kennt sjálfri sér um, hvað verður eftir slíkar till. eins og þessar, því að þær vitanlega hljóta að auka á það ósamræmi, sem fyrir hefur verið, en ekki jafna það. Hitt stendur svo alveg óbreytt, að við sósíalistar munum gjarnan verða með því, að hinir lægra launuðu af opinberum starfsmönnum fái fyllilega sambærilegar launabætur og verkamenn hafa fengið og aðrir launaflokkar til samræmis við það, en ekki heldur meir.

Þetta launalagafrv. er á ýmsan hátt útbúið á þann veg, að það lætur kannske ekki mjög mikið yfir sér fyrst þegar menn sjá það. Í grg. frv. segir, að gert sé ráð fyrir launahækkun almennt um 9—10%, en launahækkanirnar, sem skaga svona upp úr, hafa nefnilega verið teknar í ekki minna en fjórum áföngum nú á stuttum tíma. Ýmsir aðilar hafa fengið beina grunnlaunahækkun með því, að sú skerðing, sem var á grunnlaunum, hefur verið afnumin, þeir hafa fengið verulega hækkun í kaupi með því að afnema skerðingu á vísitölu, vitanlega verður að telja þetta til kauphækkunar, því að þetta verkar sem kauphækkun, svo fá þeir hækkun um 9—10% samkvæmt þessu frv., og svo í fjórða lagi fá þeir hækkun með því að vera margir hverjir hækkaðir um einn til tvo launaflokka, og það er þetta samanlagt, sem gerir þessa miklu kauphækkun.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða um þetta meira á þessu stigi, en vildi gjarnan, að það kæmi hér skýrt fram, að hér er verið að koma fram launahækkunum, sem eru ekki í neinu samræmi við þær launabreytingar, sem orðið hafa á undanförnum árum til verkamanna, og meginið af þessum launahækkunum, sem hér er að finna, er ekki hægt að rökstyðja á neinn hátt með tilliti til kauphækkana verkamanna. Það er ríkisstj., sem boðar hér almenna launahækkun, og það er hún, sem ber ábyrgðina á þeim afleiðingum, sem þessar nýju tillögur raunverulega fela í sér.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það kveður við nokkuð sérstæðan tón í þessu máli frá þm. sósíalista. Uppbótarþingmaðurinn frá Vestmannaeyjum (KGuðj) byrjaði og hv. síðasti ræðumaður (LJós) hélt áfram í sama tón, og hann er nokkuð annar en tónninn var í þessum mönnum og þessum flokki eftir verkföllin og launahækkanirnar, sem urðu hér í landi á s. l. vori. Ég man ekki betur en blað kommúnistaflokksins hafi þá viðhaft þau orð, að þetta væri eiginlega einn mesti stórsigur í launahækkunum, sem nokkru sinni hefði unnizt hér á landi. En nú heyrum við, að það hafi eiginlega naumast orðið nokkrar launahækkanir eða a. m. k. mjög litlar í vor, en það sé eitthvað öðru máli að gegna núna.

Þetta er auðvitað mjög gagnsær og almennur loddaraleikur hjá kommúnistum. Í þeirri deilu, sem á hverjum tíma stendur, fer bezt á því, að hún sé a. m. k. ekki til samræmis við það, sem áður hefur skeð, heldur að hún geti orðið ástæða til þess að halda kapphlaupinu áfram. Þungamiðja í ræðum þessara fulltrúa kommúnistaflokksins hérna er þess vegna sú, að með þeim breytingum, sem nú sé verið að gera, sé verið að bjóða heim nýjum launahækkunum. Út af þessu almennt vil ég segja það, að ég tel, að það hafi verið til lítils ávinnings fyrir launastéttir landsins, verkafólkið, sem fékk hinar almennu launahækkanir á s. l. vori, og að þær hækkanir, sem þá voru knúðar fram fyrst og fremst fyrir tilstuðlan kommúnista og samstarfsmanna þeirra, hafi ekki náð þeim tilgangi, sem launahækkanir ættu að miðast við, að bæta kjör þeirra, sem um er að ræða. Ég hygg, að ef fólk, sem fékk launahækkanirnar í vor, skyggnist í eigin barm, þá sjái það nú, að það er lítill vinningur, sem það hefur haft af þeim launahækkunum, og það er vegna þess, að þær voru svo almennar, að þær hafa dregið á eftir sér stórkostlegar verðhækkanir, sem gera þær meira og minna lítils virði fyrir þá, sem þeirra áttu að verða aðnjótandi. Um leið og ég segi þetta, vil ég taka fram, að ég tel, að það hefði verið rétt og sanngjarnt að hækka laun þeirra lægst launuðu á s. l. vori, og það hefði komið láglaunamönnum að liði, en almenn launahækkun, sem knúin var fram þá, hefur ekki komið neinum að liði, heldur orðið almenningi til tjóns, og fyrir það gjalda nú Dagsbrúnarverkamenn og aðrir láglaunamenn í þessu landi. Ef menn hefðu horft raunverulega á hagsmuni þeirra lægst launuðu og viljað bæta þeirra kjör, þá hefðu menn farið öðruvísi að. En það er ekki hægt að ætlast til þess einu sinni af kommúnistum og þeirra fyrirsvarsmönnum, að þeir séu að hugsa um að bæta kjör þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, því að það er allt annað, sem fyrir þeim mönnum vakir.

Um afgreiðslu þessa máls í fjhn. hefur hv. frsm. n. rætt, og ég hef mjög litlu við að bæta þá grg., sem hann gerði fyrir afstöðu n. Ég veit ekki, hvort það er rétt, að afgreiðsla n. á þessu máli sé á nokkurn hátt röskleg eða myndarleg, eins og haft hefur verið á orði hérna. Að mínum dómi er það svo, að þingnefnd hefur mjög takmarkaða aðstöðu til að kryfja mál eins og þetta til mergjar. Þess vegna var líka til þess stofnað, að mþn. eða launamálanefnd vann að þessu máli f. h. ríkisstj., og við í fjhn. höfum enn sem komið er ekkert gert annað en að taka upp á okkar arma þær brtt., sem n. höfðu borizt og þessi launamálanefnd hafði fallizt á. Þar með er að vísu okkar starfi ekki lokið, eins og fram kemur í nál., og höfum við haft fyrirvara um það, að bæði n. og einstakir nm. þurfi ef til vill að flytja brtt. og færa málið að einhverju leyti til frekari lagfæringar en orðið er.

Ég tel, að laun opinberra starfsmanna í þessu landi séu almennt lág og það fái ekki staðizt, sem hér hefur verið haldið fram, að hér væri verið að hækka laun hálaunamanna í þjóðfélaginu, og þegar ég segi þetta, miða ég við kjör annarra manna yfirleitt í þessu landi. Mér finnst einnig, að launamismunur í almennum launalögum sé enn allt of lítill, enda þótt hann sé núna nokkru meiri en var, þar sem vísitöluskerðing hefur verið afnumin af hærri launum.

Ég tel, að það hafi verið mjög mikil óheillaþróun í launamálum ríkisins á undanförnum árum, sú stöðuga jöfnun á launum, sem þar átti sér stað; það eigi að hafa launamismuninn meiri, launa meira þá, sem ábyrgðarstöðum gegna, gera betur við þá en gert hefur verið í samanburði við aðra, og það geti orðið beinlínis skaðsamlegt fyrir þjóðfélagið, ef launamismunurinn sé orðinn of lítill, á þann hátt, að þeir, sem gegna minni háttar og ábyrgðarminni störfum, hafi allt að því sömu laun og

þeir, sem krafizt er mikils af og eiga að gegna ábyrgðarmiklum störfum, enda hygg ég, að það verði vart fundið annað þjóðfélag, sem að þessu leyti hefur jafnmikla jöfnun á launakjörum og er hjá okkur.

Við höfum einnig búið við þau skattalög í þessu þjóðfélagi, að ríkisvaldið hefur sínar aðferðir til þess að taka kúfinn af þeim aftur, sem hæst eru launaðir, svo að mismunurinn verður aldrei eins mikill á því fé, sem í vasa launamannanna fer. — Að eðli til mundi ég telja réttara að stefna að því að hafa ábyrgðarstöðurnar hærra launaðar, miðað við þær, sem eru minna virði.

Við erum á öndverðri skoðun í þessu máli, hv. þm. A-Húnv. og ég, sem báðir eigum sæti í fjhn. af hálfu Sjálfstfl., og það er auðvitað ljóst, enda engin dul á það dregin, að hann í sinni afstöðu talar þar ekki fyrir hönd flokksins, þar sem þm. flokksins hafa að þessu leyti skiptar skoðanir. Ég tel ekki rétt hjá hv. þm. A-Húnv. það, sem kemur fram í nál. hans, að tala hér um launahækkunarstefnu, sem hættuleg sé í þjóðfélaginu, heldur er hér verið í raun og veru að færa til samræmis laun opinberra starfsmanna við laun annarra stétta þjóðfélagsins með hliðsjón af því, sem orðið hefur, eftir að síðustu launalög voru sett.

Það er erfitt að átta sig á því, hvort rétt eða eðlilegt samræmi sé á milli einstakra flokka í launalögunum, og þar getur sjálfsagt alltaf nokkuð sitt sýnzt hverjum. Ég tel, að sú almenna launahækkun, sem hér er um að ræða, sé sanngjörn, en það sé að sjálfsögðu enn mjög mikið álitamál, hvort ekki þurfi að lagfæra að einhverju leyti laun einstakra launaflokka og einstakra aðila, sem hér eiga hlut að máli. En ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að nefndir þingsins eiga þar mjög erfitt starf, og sjálfsagt verður alltaf álitamál, hvort þær geta verulega krufið það mál til mergjar og það verði ekki að verulegu leyti að byggjast á samráði við þá mþn. eða launamálanefnd, sem áður hefur að þessu máli unnið.

Forseti (SB): Ég vil aðeins geta þess, áður en umr. er haldið lengra áfram, að ætlunin er að ljúka 2. umr. um málið nú í dag, og verður ekki gert fundarhlé. Ég vænti, að hv. þm. vilji heldur ljúka umr. fyrr með því að hafa ekkert fundarhlé heldur en að sitja á fundi á laugardegi langt fram á kvöld. Í trausti þess, að hv. þm. fallist á þetta, verður umr. haldið áfram.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa óánægju minni með afgreiðslu þessa máls hér. Þannig er, að þegar við vorum boðaðir á þennan laugardagsfund, er útbýtt á borðið hjá okkur samtals um 168 brtt. á einu þskj., og þess er að sjálfsögðu enginn kostur að fara yfir slíkan sæg af brtt. og athuga þær og gera sér grein fyrir því, hverjar þeirra eru sanngjarnar og réttlátar og hverjar ekki. En svo virðist sem ætlunin sé að hespa þetta mál af á örskammri stundu, þó að þannig sé það í pottinn búið. Við þetta bætist svo það, að mér fannst koma fram í ræðu tveggja hv. þm., sem hér töluðu áðan og eiga sæti í hv. fjhn., dálitið ósamræmi með tilliti til þessara brtt. Hv. frsm. n., hv. þm. V-Húnv., lýsti þessum till., að því er ég bezt fékk skilið, sem brtt. frá fjhn., en hv. 9. landsk. þm. tók greinilega fram, að hér væri um að ræða brtt. frá launamálanefnd, og sagði, að fjhn. hefði talið rétt að gefa þinginu kost á að fjalla um þessar till. við 2. umr. málsins. Nú vildi ég spyrjast fyrir um það, sérstaklega hjá form. nefndarinnar, hvernig þessu sé varið, hvort þetta eru, eins og hv. 9. landsk. þm. sagði, brtt. frá launamálanefnd og fjhn. geri hvorki að mæla með þeim né móti, en leggur þær aðeins undir úrskurð hv. þm., eða hvort hér er um að ræða till. frá n., sem hún hefur orðið sammála um að mæla með. Þetta finnst mér skipta mjög miklu máli að komi greinilega fram.

Eins og ég tók fram áðan, er að sjálfsögðu enginn kostur að ræða þetta mál eins og skyldi vegna þess, hvernig það er lagt fyrir hér að þessu sinni.

Ég get lýst því yfir, að þegar frv. til laga um laun starfsmanna ríkisins var lagt hér fram, var ég því frv. samþykkur í öllum meginatriðum, en hins vegar sýnist mér við lauslega athugun, að ég geti ekki verið þeim till., sem hér hafa verið bornar fram á þskj. 176, eins samþykkur í öllum atriðum.

Það hefur verið rætt um það á undanförnum árum, og það var tekið fram af hæstv. fjmrh. mjög skilmerkilega áðan, að meginástæða til breytingar á launalögum væri sú, að opinberir starfsmenn hefðu dregizt aftur úr öðrum sambærilegum stéttum. Þetta er alveg rétt, og ég er hæstv. ráðherra alveg sammála að þessu leyti. Vegna þessa misræmis, sem þarna gætti á milli launa opinberra starfsmanna og annarra hliðstæðra eða sambærilegra starfsmannahópa í þjóðfélaginu, var fullkomin ástæða til að breyta þessum launalögum og það fyrir nokkrum árum meira að segja. Þá var einnig um það rætt og hefur verið rætt á undanförnum árum og að sumu leyti komið fram í umr. hér, að ekki hefði verið tekið nægilegt tillit til þess í launalögum, þegar þau voru sett, að ákveða sérstök laun eða hærri laun til einstakra manna og starfshópa, sem hefðu undirbúið sig mjög verulega undir starf sitt, lagt í verulegan kostnað við að búa sig undir það starf, sem þeir hefðu síðan með höndum, og að það væri ekki gerður nógu mikill munur á því í launalögum ríkisins, hvort menn hefðu að baki langan námsferil og mikinn kostnað af undirbúningi undir starf sitt eða ekki.

Ég skal játa það, að ég var þessu í meginatriðum líka sammála. Ég taldi og tel mjög mikla ástæðu til þess að miða laun manna að einhverju leyti við það, hvort þeir hafa haft af því mikinn kostnað að búa sig undir starfið eða engan kostnað. En ég get ekki séð, að brtt. þær, sem prentaðar eru á þskj. 176 og eru allar, að því er mér skilst, eða a. m. k. flestallar til hækkunar, séu byggðar á þessu sjónarmiði. Ég get ekki séð það, og ég hef ekki heyrt nokkurn rökstuðning frá hv. fjhn. og hennar talsmönnum um það efni. Við lauslegan lestur á þessum

brtt. sýnist mér, að þeirri reglu hafi verið fylgt í meginatriðum að breyta embættistitlum manna og hækka laun þeirra síðan eftir þessum breyttu embættistitlum. Skrifstofustjórar í ráðuneytunum eiga nú að heita ráðuneytisstjórar og hækka um einn launaflokk vegna þess. Bókarar sumra fyrirtækja eiga nú að heita aðalbókarar og hækka um einn launaflokk. Gjaldkerar skulu heita aðalgjaldkerar og hækka um einn launaflokk, umsjónarmenn heita yfirumsjónarmenn og hækka um einn launaflokk. Og þannig er þessu farið með meginhlutann af þessum 168 brtt., sem hér eru á þskj. 176. Ég get ekki séð, að það sé nokkur skynsamleg ástæða til að halda þannig á málunum né heldur að það sé heppilegt upp á framtíðina.

Ég vil nefna hér nokkur dæmi. Ég skal stytta mál mitt mjög mikið, eins og hæstv. forseti var að óska eftir.

Í 13. gr. er langur listi um starfsmenn hjá flugþjónustu. Þar eru fulltrúi á Keflavíkurflugvelli, aðalbókari, aðalgjaldkeri, varðstjórar o. s. frv. Allir eru þessir menn hækkaðir um launaflokk, settir í VIII. launaflokk eða sama launaflokk og allir kennarar við framhaldsskóla landsins. Nú vil ég á það benda, að ef það hefði átt að hafa þarna til hliðsjónar menntun manna, undirbúning undir starf eða eitthvað þess háttar, hefði átt að sýna einhverja sanngirni í því að launa menn hærra, ef þeir hefðu lagt í mikinn kostnað við að búa sig undir starf sitt, þá er því ekki til að dreifa hér. Kennarar við framhaldsskólana hafa t. d. sennilega langflestir háskólamenntun, en aðalbókari á Keflavíkurflugvelli og aðalgjaldkeri þurfa alls ekki að hafa meiri menntun en nokkurra mánaða námskeið, eins vetrar nám í Samvinnuskólanum eða eitthvað þess konar. Samt eiga þeir að vera á sömu launum og menn með margra ára skólanám að baki til undirbúnings starfi sínu. Varðstjórarnir á Keflavíkurflugvelli þurfa mér vitanlega ekki annað en fara í boði Bandaríkjastjórnar eða Bandaríkjahers til 3—6 mánaða námsdvalar í Bandaríkjunum, og þá skulu þeir settir í sama launaflokk og kennarar við alla framhaldsskóla landsins. Ég get ekki séð, að það sé nokkur sanngirni eða nokkurt réttlæti í þessu, og ekki heldur, að nokkur rök mæli með því, að þannig sé á málunum haldið. Þannig gæti ég lengi talið, en slíkar upptalningar yrðu að sjálfsögðu endurtekningar á því sama, og skal ég því sleppa því.

Ég vil þó nefna eitt dæmi enn. Í brtt. á þskj. 176 eru prófessorar við háskólann hækkaðir um einn launaflokk, dósentar við háskólann hækkaðir um einn launaflokk og ritari háskólans hækkaður um einn launaflokk, þ. e. a. s. allt starfslið háskólans er hækkað um einn launaflokk, nema einn maður, bókavörður háskólabókasafnsins. Hann er raunverulega lækkaður um einn launaflokk, því að hann var samkv. eldri launalögum í sama launaflokki og prófessorar, en er nú settur niður í næsta launaflokk fyrir neðan, þ. e. a. s. í launaflokk með dósentum. Nú er það vitanlegt, að þeir, sem settu háskólabókavörð á sínum tíma í sama launaflokk og prófessora, höfðu til þess einhver rök og það svo sterk rök, að á það var fallizt. Ég fæ ekki séð, að þeim rökum hafi verið neitt haggað hér. Það er vitað, að háskólabókavörður verður að hafa sömu eða mjög svipaða menntun og prófessorar við háskólann, í norrænum fræðum t. d., þar að auki verður hann að hafa sérmenntun í meðferð bókasafna. Samt sem áður hefur hv. fjhn. séð ástæðu til þess að færa hann raunverulega niður um einn launaflokk, þ. e. a. s., hann er í sama launaflokki og hann var, þegar allir aðrir eru hækkaðir um einn launaflokk. Nú vil ég spyrja hv. fjhn. að því, hvaða rök liggi þar til grundvallar.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta frv.

Hv. þm. A-Húnv. talaði hér almennt gegn þessu frv. og gegn þeim launahækkunum, sem það felur í sér. Hann var þó, að því er mér skildist, samþykkur ýmsum tilfærslum á milli launaflokka, sennilega þeim tilfærslum, sem nefndin leggur hér til og ég er ekki samþykkur í meginatriðum. Ég skal taka það fram, að það eru nokkrar undantekningar, sem ég hef þegar tekið eftir. En í stað þess að hækka laun vildi hv. þm. A-Húnv. fara aðra leið til að bæta kjör opinberra starfsmanna. Hann vildi lækka tekjuskattinn. Nú veit ég, að þessi till. er ekki út í bláinn gerð. Hún er byggð á því sama sjónarmiði og alltaf kemur fram hjá þm. Sjálfstfl., jafnvel þó að þeir séu ekki sammála innbyrðis, en það er sjónarmiðið að hækka mest laun þeirra ríkustu. Hjá starfsmönnum í lægstu launaflokkum hjá ríkinu er tekjuskatturinn til ríkissjóðs að sjálfsögðu, eins og allir vita, mjög óveruleg upphæð, og lækkun á honum mundi því verða þessum hópum að sáralitlu gagni, ef nokkru. Hv. þm. A-Húnv. er þess vegna ekki að hugsa um þetta fólk, þegar hann ætlar að gera það að till. sinni að lækka tekjuskattinn. Hann er að hugsa um hátekjumenn ríkisins, sem hafa nokkuð verulegan tekjuskatt, og að sá skattur lækki og tekjur þeirra þess vegna hækki.

Nú er ég hissa á því, að úr því að hv. þm. A-Húnv. nefndi það og vildi fara inn á þá braut að lækka eitthvað tekjustofna ríkisins, einhvern skatt á almenning, að hann skyldi þá ekki heldur nefna þann skattinn, sem þyngst kemur niður á þeim, sem minnstar tekjur hafa í þessu þjóðfélagi og verst eru settir, en það er söluskatturinn, sem kemur fram á öllum lífsnauðsynjum manna og öðru því, sem almenningur þarf til síns lífsviðurværis. Þar mundi láglaunafólkið muna verulega um, ef sá skattur væri lækkaður, en hátekjumennina mundi að sjálfsögðu muna miklu minna um það. Og ef hv. þm. A-Húnv. vill sýna hinum bágstöddu í þessu þjóðfélagi einhverja velvild, þá mælist ég til þess, að hann geri heldur till. um lækkun söluskattsins, sem þessu fólki getur komið að haldi, en ekki tekjuskattsins, sem er í samræmi við íhaldsaðferðirnar að auka tekjur og bæta hag hinna ríkustu í þjóðfélaginu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir þetta frv. eiga að afgreiðast með nokkuð óvenjulegum hætti, að það skuli ekki gerð eðlileg hlé hér í þd., og ég vil segja, að svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. óskar eftir því, að frv. sé afgreitt með svona hætti, þá er það minnsta, sem

hún getur gert, að gera svo vel að vera hér inni. Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að hæstv. forseti láti senda eftir hæstv. fjmrh. Það getur ekki gengið, að hæstv. fjmrh. komi hér fram með alls konar staðlausa stafi og þori svo ekki að vera hér viðstaddur, þegar farið verður að ræða við hann. Ég vil leyfa mér að óska eftir, að hæstv. fjmrh. sé hér viðstaddur.

Ég vil, meðan hann kemur ekki, minnast á það, sem gerðist í vor, þegar verkamenn undirbjuggu launahækkun, sem þeim var orðin brýn nauðsyn á. Þá var sendur út af örkinni einn prófessor við Háskóla Íslands, prófessor í hagfræði. Þessi prófessor í hagfræði, sem er einn af varaþingmönnum Sjálfstfl., var látinn halda því fram, að verkamenn ættu hvorki skilið þessar launahækkanir né hefðu neitt gagn af þeim, ef þeir fengju þær. Þessi prófessor í hagfræði var látinn reikna og reikna endalaust, og Morgunblaðið birti alla hans útreikninga, sem allir saman áttu að sanna þá niðurstöðu, að það þýddi ekki að vera með launahækkanir. Má ég nú spyrja: Hvar er þessi prófessor í hagfræði nú? Það vill svo einkennilega til, að þessi sami prófessor í hagfræði er formaður fyrir Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Í hvert skipti sem verkamenn þessa þjóðfélags og það einmitt þeir lægst launuðu taka sig til að berjast fyrir bættum kjörum, er það hann, sem kemur fram til að reyna að vega aftan að þeim, og hann gerði allt, sem hann gat, til að hindra, að nokkuð yrði úr þeirri réttlátu launabaráttu, sem verkamenn háðu í vor og varð þeim til mikilla hagsbóta. Ég vil nú spyrja: Hvernig stendur á því, að þessi prófessor, Ólafur Björnsson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, skuli nú ekki koma fram og slást á móti þessum hagsbótum, sem hér er farið fram á fyrir láglaunamennina? Hvernig stendur á því? Hvernig stendur á því, að nú skuli ekki útreikningarnir birtast, að það sé mönnum ekki til neins hagnaðar að fá hækkuð laun? Hvernig stendur á, að hann skuli nú ekki sýna starfsmönnum ríkisins fram á, að þeir hafi ekkert að gera við hækkuð laun, það sé bara til bölvunar, ekki bara fyrir þá, heldur líka fyrir þjóðfélagið? Ég vil bara minna á þetta, af því að ég kann ekki við þessa hræsni, og mér þykir það óviðkunnanlegt meira að segja fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja að draslast með menn í formannsstöðu hjá sér, sem láta hafa sig til þess að ráðast á móti verkamönnum, í hvert skipti sem þeir fara fram á eðlilegar kjarabætur. En hvað gera svo þessir sömu menn, þegar láglaunamenn ríkisins eiga að fara að uppskera eitthvað af því, sem verkamenn hafa fórnað milljónum fyrir að ávinna? Jú, ég býst ekki við, að prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands muni neita því, að honum þyki gott að fá 33% launahækkun, þó að honum tækist með sínum útreikningum að hjálpa til við það, að verkamenn fengju ekki nema 10—11% launahækkun í vor. Þessa hræsni þarf að brennimerkja, og ég held, að þeir meðlimir í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem horfa upp á það ár eftir ár, að verkalýðurinn verður að fara út í baráttuna fyrir þá, verður að standa í 6 mánaða verkfalli eins og nú í sumar, verður jafnvel að svelta, á meðan starfsmenn ríkisins vinna, verði að fara að skilja, að þeir verða að gera svo vel að fara að samræma sína forustu í sínum samtökum við verkamenn, þannig að þessar stéttir berjist saman, en það séu ekki sendir menn út af örkinni, sem hafa forustuaðstöðu í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, til þess að vega aftan að verkamönnum í hvert einasta skipti sem þeir heyja sína réttlátu hækkunarbaráttu.

Svo kemur hæstv. fjmrh., og hann er nú búinn að standa hér upp og halda miklar ræður til þess að sýna fram á, að allt sé það gott og blessað, sem hér hafi nú verið stungið upp á af launamálanefnd og fjhn., og það sé ekkert annað fyrir þm. að gera en að samþykkja það og þeir eigi helzt ekki að vera lengi að humma við þetta, — þegar hæstv. fjmrh. einu sinni vilji ganga inn á kauphækkanir, eigi menn ekki að vera að tvínóna við þessa hluti og helzt eigi að afgreiða þetta með tómum afbrigðum í gegnum þingið. Nú er sem sé vísitöluuppbót og allt saman slíkt, meira að segja það að hækka menn á milli starfsflokka, meira að segja að fara allt upp í 30—50% grunnkaupshækkanir, allt saman gott og blessað.

Má ég minna hæstv. fjmrh. á, hvað hann las yfir okkur þm. og yfir allri þjóðinni, þegar þetta þing var að hefjast? Þá sagði hann í sinni fjárlagaræðu, sem útvarpað var, eftirfarandi orðrétt. Þetta eru orð hæstv. fjmrh.:

„Það sýnir m. a., hvernig augu margra eru að opnast gagnvart þessum verðbólgu- og vísitöluleik, sem leikinn er, að starfsfólk hjá fyrirtæki einu í Danmörku neitaði nú fyrir skemmstu að taka á móti nýrri vísitöluuppbót, sem það átti rétt á að fá vegna almennrar verðhækkunar. Með þessu vildi fólkið á kröftugan og eftirminnilegan hátt gefa til kynna þann skilning sinn, að hinar sífelldu kauphækkanir og verðlagshækkanir á víxl væru ekki til hagsbóta fyrir launþegana almennt, það yrði að finna aðrar leiðir. Það verður skýrara og skýrara fyrir mönnum, að kauphækkanir einar tryggja mönnum ekki betri lífskjör, það þarf fleira að koma til. Það þurfa m. a. að koma til áhrif og samstarf alþýðusamtakanna í jákvæðu þjóðmálastarfi.“

Þetta voru orð fjmrh. Þetta voru svo að segja blessunarorðin, sem hann fylgdi þinginu úr garði með í haust. Hver er meiningin? Er það meiningin t. d. um þetta frv., sem felur í sér 33% hækkanir til ýmissa hálaunamanna, eða ráðherrafrv., sem fylgir með því sem kálfur og felur í sér 47% grunnkaupshækkun til ráðherra, að við hér á Alþingi eigum bara að samþykkja þetta og svo komi ráðherrarnir og skrifstofustjórarnir eða kannske heiti þeir þá forstöðumenn ráðuneyta og allir þessir góðu menn, þessir þjóðhollu menn, sem ekki taka þátt í vísitölu- og verðbólguleik, og segi við Alþingi: Við tökum ekki á móti svona vísitöluuppbót? — Er meiningin, að við eigum að standa hér og rífast um það, hvort hálaunamenn eigi að fá vísitöluuppbót og verðhækkanir frá 33% og upp í 47%, á sama tíma sem verkamenn fá 10%, til þess eins að þessir menn geti auglýst á eftir, að þeir séu svo göfugir menn, þeir séu eitthvað betri

menn en ótætis verkamennirnir, sem séu að heimta kauphækkanir, að þeir ætli að fórna þessu öllu saman fyrir þjóðfélagið á eftir? Ég verð að segja, að ef þetta er meiningin, þá er eins gott, að þetta komi fram strax. Það er alveg óþarfi, ef þessir menn ætla að fara að sýna sinn þegnskap á svona hátt, að við séum neitt að deila um þetta, því síður að við séum að ætla þeim jafnvel það, að þeir séu að fljóta á kauphækkunum verkamanna upp til hærri launa fyrir sjálfa sig, ef þeir ætla að koma á eftir og afsala sér þessu öllu saman.

Ég kann betur við, að við fáum yfirlýsinguna um þetta strax, og hún mun áreiðanlega verða tekin gild. En ef hún kemur ekki, þá er auðséð, að hér er reyndar hræsni á ferðinni, að hálaunamönnunum, að ráðherrunum meðtöldum, þykir ósköp gott að vera með í vísitölu- og verðbólguleiknum, sem þeir atyrðast yfir, þegar fátækir verkamenn eiga í hlut. Og hvað snertir það, sem hæstv. fjmrh. sagði í niðurlagi þessarar tilvitnunar, að þarna yrði að koma fleira til en kauphækkanir einar saman, það þurfi að koma til áhrif og samstarf alþýðusamtakanna í jákvæðu þjóðmálastarfi, vil ég leyfa mér að segja: Það stendur ekki á alþýðusamtökunum að taka þátt í jákvæðu þjóðmálastarfi; það stendur ekki á Alþýðusambandi Íslands að bjóða meira að segja Framsfl. upp á að vera með í því að mynda ríkisstj. hér, sem tryggi þátttöku alþýðusamtakanna í jákvæðu þjóðmálastarfi. En á hverju stendur, að slík ríkisstj. sé mynduð? Á hverju stendur, að áhrif og samstarf alþýðusamtakanna í jákvæðu þjóðmálastarfi fái að njóta sín? Það stendur fyrst og fremst á hæstv. fjmrh., sem vill ekki slíta sambandinu við íhaldið, sem vill ekki taka upp samstarf við vinstri flokkana í landinu, sem vill ekki reka pólitík, sem sé í þágu alþýðustéttanna á Íslandi. Ég held þess vegna, að hæstv. fjmrh., áður en hann talar svo skeleggt sem hann gerði hér áðan, ætti að athuga fyrst, hvað hann hefur verið sjálfur að segja og prédika undanfarið.

Hitt vil ég svo segja viðvíkjandi afstöðu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og forustu þess í þessum málum, að það getur ekki gengið til lengdar, að það bandalag haldi áfram að láta sína forustumenn berjast á móti hverri einustu kauphækkun, sem verkamenn eru að berjast fyrir, kauphækkun, sem verkamenn berjast fyrir að fari fram á kostnað auðvaldsins í þessu landi, á kostnað þeirra 200 milljónamæringa, sem eru í Reykjavík, á kostnað þeirra auðfyrirtækja, sem hrúga til sín svo að skiptir hundruðum milljóna króna í gróða á hverju ári. Það getur ekki gengið, að starfsmenn ríkisins haldi áfram því skilningsleysi, sem þeir hafa sýnt hvað snertir sitt forustuvald fram að þessu, að kljúfa þær fylkingar, sem þurfa að standa saman. Þegar verkamenn eru að heyja sína baráttu, eiga meðlimir Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að skilja það, að sú barátta er á vissan hátt háð fyrir þá líka, enda hafa þeir alltaf sýnt það, þegar verkamenn eru búnir að vinna sigrana, að þeir krefjast hins sama. En formaðurinn vegur alltaf að verkamönnum, meðan þeir eiga í hörðustu baráttunni. Og nú koma svo jafnvel þessir forustumenn og heimta hærri laun sjálfum sér til handa en hafði talizt fært að verkamenn fengju, þegar þeir voru að standa í sínu harða stríði.

Þá kemur Eysteinn Jónsson að því, að það hafi verið hafðar blekkingar í frammi af hálfu okkar viðvíkjandi afstöðunni í vor.

Ég vil rifja upp, hverjir það voru, sem fóru með blekkingar þá. Hvað var það, sem hæstv. fjmrh. lét kunngera í útvarpinu, þegar verkamenn höfðu komið fram með sínar kröfur? Hann lét reikna út, hvernig fjárlög ríkisins mundu hækka. Hann lét básúna út, að það væru tugmilljónir króna, sem fjárlög ríkisins mundu hækka vegna kauphækkunar verkamanna, og þetta sögðum við að væru blekkingar hjá honum, og það var það líka. Það, sem hann var að reikna út þá, var ekki, hvað fjárlög ríkisins mundu hækka vegna kauphækkana verkamanna, þegar þetta kom í útvarpinu og alls staðar eins og það væri slíkt. Þegar ég yfirheyrði hann um þetta hér í þinginu þá, varð hann að viðurkenna, að þetta væri ekki afleiðing af kauphækkun verkamanna, ekki vegna þess, að kaup verkamanna í vegavinnu eða öðru slíku hækkaði. Nei, það var kauphækkun af allt öðru; það var kauphækkun af því, að hæstv. fjmrh. reiknaði með, að kaup starfsmanna ríkisins mundi verða hækkað og sú hækkun mundi nema þessari upphæð, sem hann var þarna að setja fram. M. ö. o. hann sveikst um að taka það fram í öllum yfirlýsingunum í útvarpinu, að svo framarlega sem kaupgjald starfsmanna ríkisins væri hækkað til samræmis við kaupgjald verkamanna, þá mundi hækkunin verða svona og svona mikil. Þetta var blekkingin, þetta voru ósannindin, sem hæstv. fjmrh. lét ríkisútvarpið hafa eftir sér dag eftir dag og leiðrétti aldrei. Tugmilljónirnar, sem reiknaðar voru út, voru ekki afleiðing af kauphækkun verkamanna; það var afleiðing af því að samræma kaup starfsmanna ríkis og bæja við það kaup, sem verkamenn fóru fram á. Og þetta er tvennt ólíkt. Hæstv. ríkisstj. leyfir sér að halda því fram, að kauphækkanir séu til einskis, en þegar um er að ræða hana sjálfa og starfsmenn ríkisins, þá finnst henni kauphækkanir sjálfsagðar. En af hverju er þetta? Það er af því, að þessar kauphækkanir eru nauðsynlegar, bæði fyrir verkamenn og fyrir þá, sem eru í þjónustu ríkisins.

Það einkennir þetta frv., að láglaunamenn meðal starfsmanna ríkisins fá of lítið, alveg eins og verkamenn fengu of lítið í vor. Það einkennir þetta frv., að hálaunamennirnir hins vegar álíta tíma kominn til þess að hækka hjá sér, þrefalt, ferfalt og fimmfalt meira en hjá láglaunamönnunum. Á sama hátt og ríkisstj. hefur legið á því lúalagi, síðan verkfallið var í vor, að ýta undir allar verðhækkanir í landinu, að skora svo að segja bak við tjöldin á auðmenn landsins að okra hver sem betur geti, til þess að verðbólgan verði sem allra mest, fer líka ríkisstj., sem leggur fram þetta frv., fram á það, að laun hálaunamannanna séu hækkuð um 30—50%, á sama tíma sem laun láglaunamanna séu aðeins hækkuð um 12%, eins og verkamenn fengu í vor. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Ætlar hann að reyna að telja okkur trú um, að þessi hans íhaldssemi

viðvíkjandi láglaunamönnunum og gæzka hans við hálaunamennina stafi af einhverri ábyrgðartilfinningu gagnvart ríkissjóði eða almennu verðlagi í landinu? Hann hefur þá lítið sýnt af þeirri ábyrgðartilfinningu í afstöðu sinni til verðhækkananna í sumar, 30 og 40% verðhækkana á mörgum sviðum, þar sem vinnulaun hafa hækkað um 10% og vinnulaunin voru kannske ekki nema 30—40% af kostnaðinum við viðkomandi vöru. Ætlar hæstv. fjmrh. að reyna að telja okkur trú um, að það sé aðeins núna, sem hann líti svo á, að kauphækkun hjá verkamönnum sé til einskis, sé til ills? Heldur hann, að við munum ekkert lengra aftur í tímann? Ætlar hann að reyna að telja okkur trú um, að núna sé kaupgjaldið orðið allt of hátt, núna þurfi að lækka það? Má ég rifja upp fyrir honum: Hvernig var hans afstaða, þegar kaup Dagsbrúnarverkamanna var kr. 1.45 um tímann? Hvað sagði hann, að þá þyrfti að hækka? Var hann ekki sjálfur í ríkisstj., þegar þrælalögin voru sett 1939, gengið lækkað og kaupgjaldið bundið? Honum fannst ekki þörf á að hækka þá, heldur þvert á móti hindra allar hækkanir. Eða hvernig var það 1941? Kaupgjaldið var litlu hærra þá hjá verkamönnum. Hvað gerði hæstv. fjmrh. þá? Þá setti hann gerðardómslög ásamt sams konar félögum sínum og nú sitja í ríkisstj. með honum og bannaði ekki aðeins verkamönnum kauphækkanir, heldur lét það líka liggja við, að svo framarlega sem þeir færu út í kauphækkanir samt, þá skyldu sjóðir verkalýðsfélaganna gerðir upptækir og forustumenn verkalýðsfélaganna settir í fangelsi. Það átti víst að verða þátttakan í því jákvæða þjóðmálastarfi af hálfu verkalýðssamtakanna, sem þá var boðið upp á. Og hvað gerði hæstv. fjmrh. 1944, haustið þá, þegar hann stóð með því að reyna að lögbjóða 10% kauplækkun hjá verkamönnum? Og hvað gerði hann 1947, þegar hann stóð að því að svipta verkamenn vísitöluuppbótinni? Hæstv. fjmrh. þarf ekki að vera með neinar vandlætingar gagnvart okkur. Við vitum ósköp vel, að í hvert einasta skipti sem hann heldur, að hann hafi haft vald og aðstöðu til þess að geta haldið niðri kaupgjaldi verkamanna eða lækkað það, þá hefur hann gert það. Við þurfum engar siðferðisprédikanir í slíku efni. Hitt ætla ég að segja honum, að það var vel hægt að láta framkvæma allar þær kauphækkanir, sem verkamenn knúðu fram í vor, án þess að nokkrar verðhækkanir fylgdu á eftir, svo framarlega sem að völdum hefði setið ríkisstj., sem lét þessar kauphækkanir verða á kostnað auðmannastéttarinnar í landinu; hún gat vel borið þær, hún hafði alveg nógu breitt bak til þess. En það þurfti hins vegar að gera allmargar fjármálalegar ráðstafanir, til þess að það lenti á réttum aðilum innan auðmannastéttarinnar, og það eru þær fjármálaráðstafanir, sem hæstv. fjmrh. stendur í vegi fyrir að gerðar séu.

Það þýðir þess vegna ekkert að vera með þessar blekkingar við okkur. Við þekkjum þessa sögu, og við vitum, að verkamenn fá ekki fram sínar réttlátu og nauðsynlegu launahækkanir, nema því aðeins að þeir berjist og það harðvítuglega fyrir þeim. Það er hæstv. núverandi ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa, sem hafa valdið þeirri dýrtíðaröldu, sem riðið hefur yfir þjóðfélagið hamslausast á síðustu 5 árum, ekki sízt eftir að húsaleigulögin voru afnumin að tilstuðlan þessara tveggja stjórnarflokka. Og húsaleiga nú hefur hér í Reykjavík verið tífölduð, á sama tíma sem laun hafa tvöfaldazt, og svo dirfast menn að koma hér upp og ætla að reyna að telja okkur og þjóðinni trú um þá bábilju, að það sé kauphækkun verkamanna, sem hafi valdið dýrtíðinni, þegar hver einasta kauphækkun verkamanna á undanförnum 7 árum hefur verið til þess að velta af sér ofur litlu af dýrtíðaröldunni, sem dýrtíðarforkólfarnir í ríkisstj. hafa skipulagt yfir fólkið, enda sýnir það sig bezt, hver varnarbarátta þetta er, að kaupgjald verkamanna er í dag, þrátt fyrir fimm harðvítug stórverkföll á síðustu 7 árum, raunverulega heldur lægra en það var 1947, þegar Marshallstefnan og amerísku lepparnir tóku við völdunum hér á Íslandi.

Ef hæstv. fjmrh. þess vegna vill fara út í, eins og hann gerði nú, einhverjar almennar umræður um þetta mál og halda áfram með þær blekkingar, sem hann hefur verið með í hvert einasta skipti, sem hann hefur minnzt á þetta, þá erum við reiðubúnir í þær umræður, en þá klárast þetta mál ekki nú fyrir klukkan 7 í kvöld.

Þá segir hæstv. fjmrh., þegar hann er að afsaka, að ráðherrarnir séu ofur lítið að reyna að ota sínum tota í sambandi við þetta: Ja, verkamenn fengu þarna hagsbætur, og við vildum nú fá að fljóta með. — Já, það var nú það. Þeir vildu fá að fljóta með. En það var ekki aðeins, að þeir vildu fá að fljóta með; þeir vildu fá að fljóta á öldutoppinum, og þeir vildu helzt eins og einhver flugfiskur mega taka sig til flugs og fljúga heldur hærra, meira að segja upp fyrir toppana, sem verkamenn höfðu heimtað, þegar þeir fóru allra lengst í sínum draumum um kauphækkanir. Svona er það þá, þegar kemur að staðreyndunum. Hæstv. ráðherrum finnst sem sé allt í lagi, að verkamennirnir berjist, verkamennirnir standi í verkfalli, verkamennirnir verði að fórna 6 vikna vinnu, verkamennirnir verði allt að því að svelta. Þegar svo kemur að því á eftir, að farið er að ræða um, hvaða laun ráðherrarnir eigi að fá, þá segja þeir: Við gerðum allt, sem við gátum, til þess að hindra, að þið fengjuð nokkra kauphækkun, að þið fengjuð einu sinni 10% kauphækkun, en fyrst við á annað borð urðum að láta undan ykkur, þá viljum við helzt fá að fljóta með. Er nokkuð að því, þó að ég fái svo sem 47% kauphækkun?

Ég verð að segja það, að ég held, að forsvarsmenn ríkisstj. ættu að hafa sem fæst orð um alla sína framkomu í sambandi við kaupbaráttu verkamanna og afgreiðslu þessa frv.; það væri þeim bezt.

Svo kom hæstv. ráðh. inn á það, að það væri eiginlega bara verið að lofa vesalings hálaunamönnunum að fljóta með, vera ekki lengur hálfdrættinga hvað vísitöluna snertir; þeir ættu nú að fá fulla vísitöluuppbót.

Kannske það sé rétt, að ég rifji upp eitt af þeim tilboðum, sem verkamenn komu með og voru allir sammála um, þegar samningarnir fóru fram í vor í verkfallinu og þegar rætt var um

hið svonefnda skerðingarákvæði. Fulltrúar verkamanna buðu, að skerðingarákvæðin væru látin haldast og miðuð við 12 króna kaup á tímann í grunn, og þeir buðu það allir. Það samsvarar með 8 tíma vinnudegi, eftir því sem mér reiknast til, um 28800 kr. á ári í grunn, eða eins og VII. flokkurinn hefur hjá starfsmönnum ríkis og bæja. Af hverju var tilboði verkamanna um að halda skerðingunni, þegar kom yfir 12 kr. á tímann í grunn, 28800 kr. á ári, samsvarandi VII. flokki, ekki tekið? Verkamennirnir buðu það; það voru ekki verkamennirnir, sem fóru fram á, að hálaunamennirnir fengju fulla verðlagsuppbót af því, sem þarna var yfir. Nei, það voru atvinnurekendurnir, vafalaust í samfélagi við ríkisstj., sem sögðu: Nei, ef við hvort sem er erum að hækka þessa verðlagsuppbót, þá er rétt, að við afnemum hana alveg. Við höfum ekkert á móti því, að hálaunamennirnir fái þetta þá líka. — Og þegar maður sér núna, hve duglega hálaunamennirnir og ríkisstj. taka til sín, þá dettur manni í hug: Hæstv. ríkisstj. hefur líklega ekkert verið á móti því í vor, þegar um þetta var samið, að afnumin væri skerðingin á hálaununum. Ég vil sérstaklega segja þetta hér vegna þess, að hér talaði áðan einn af fulltrúum Sjálfstfl., hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), og hann sagði: Það var rétt að hækka laun þeirra lægst launuðu. — Það kom aldrei fram í vor hjá Sjálfstfl. og ekki heldur ríkisstj., að það væri rétt að hækka laun þeirra lægst launuðu. En það voru einmitt sjálfstæðismennirnir, fulltrúar atvinnurekendanna, sem settu það fram í vor, þegar verkamennirnir buðu upp á skerðinguna miðað við 12 kr. um tímann, að skerðingin væri algerlega afnumin og að það væri reiknuð á öll hærri laun full verðlagsuppbót. Sjálfstfl. og atvinnurekendur og — eins og nú sýnir sig — ríkisstj. stóðu einmitt á því, að það væri um að gera, að svo framarlega sem verkamenn fengju einhverja kauphækkun, þeir lægst launuðu af þeim, þá skyldu þeir, sem hefðu yfir 12 kr. um tímann í grunn, fá fulla verðlagsuppbót á allt sitt. M. ö. o.: Þegar kemur að ákveðnu stigi í launastiganum, þá er eins og atvinnurekendur og ríkisstj. hafi öðruvísi afstöðu gagnvart kauphækkunum en ef um þá láglaunuðu er að ræða.

Ég veit svo sem, hvað þarna er um að ræða. Það er um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. og hálaunamennirnir eru að smitast af þeirri tiltölulega háu lífsafkomu, sem auðmennirnir hér í Reykjavík og þeirra gæðingar njóta. Það hefur risið upp það ríki og voldug og það tekjuhá auðmannastétt hér í Reykjavík, stétt, sem berst það mikið á í þjóðfélaginu, stétt, sem lifir það „flott“, að hálaunuðum embættismönnum ríkisins finnst og það kannske eðlilega, að þeir séu orðnir eins og einhverjir litlir karlar, eins og bara verkamenn við hliðina á þessum hátekjumönnum auðvaldsins. Og ráðherrunum, sem stjórna landinu, og æðstu starfsmönnunum í stjórnarráðsskrifstofunum, sem ráða svona og svona miklu, finnst það raunverulega anzi hart, þegar einstakir menn hér í þjóðfélaginu taki sjálfum sér t. d. 200 þús. kr. á ári í laun, að ráðherrar, sem eiga þó að ráða raunverulega yfir öllum þessum mönnum, skuli búa við laun, sem séu máske ekki miklu hærri en duglegur múrari geti haft upp úr sér. Óréttlætið, sem hefur gripið um sig í þjóðfélaginu, spillingin, gróðinn, sem er að gagnsýra þjóðfélagið og kemur fram í því, að hér er að verða forrík, spillt auðmannastétt, er að smita í kringum sig og framkallar þær kröfur hjá þeim mönnum, sem talið er að standi hátt í þjóðfélagsstiganum, að þeir hafi einhverjar svipaðar árstekjur til þess að lifa af.

Ég skal fyllilega viðurkenna, að það er ekkert óeðlilegt, að þessum mönnum finnist þetta. Það er máske hart fyrir einn ráðherra eða einn mann, sem getur ráðið svo að segja öllum innflutningi landsins eða ráðið því, hvaða menn séu bankastjórar eða annað slíkt, að sitja svo kannske við helmingi lægri laun en við eiga að búa þessir menn, þó að þeir hafi fjárhagsleg örlög þeirra í höndum sér. En þá er bara eitt þar til að svara. Það er tími til kominn að lækka þá lífsafkomu, sem auðmannastétt Reykjavíkur skammtar sér, sú auðmannastétt, sem lifir í „vellystingum praktuglega“, á meðan hún er að drepa atvinnuvegina undir sér og meðan hún er að neita verkamönnunum um nauðsynlegar kauphækkanir, sem þeir þurfa að fá til þess að standast þá dýrtíðaröldu, sem ríkisstj. leiðir yfir þjóðfélagið.

Það er rétt, að við höfum þetta í hyggju, þegar við sjáum þær kröfur, sem hérna koma fram. Undirrótin að þeim till., sem hér liggja fyrir og hv. 9. landsk. rakti hér greinilega hvað hálaunamennina snertir, er uppkoma og ríkidæmi og óhóf auðmannastéttarinnar í Reykjavík. Það verkar smitandi á alla þá, sem hana umgangast.

En þeim, sem nú finnst þess vegna rétt að hækka laun hálaunamanna og ráðherra til einhvers samræmis við þetta, svo að þeir finni sig ekki eins og kotunga í sölum auðmannanna hér í Reykjavík, er rétt að muna eftir því í næsta skipti, þegar þeir tala um laun verkamanna, og þeim er um leið rétt að muna eftir því, að verkamennirnir vita vel, að auðmannastéttin hér í Reykjavík hefur ekki sparað við sig síðan kauphækkanirnar voru framkvæmdar í vor og bílunum hefur ekki fækkað hérna og „lúxusinn“ í þeim er ekki minni en var fyrir verkfallið.

Hv. 5. þm. Reykv., sem talaði hér sem eins konar fulltrúi Sjálfstfl., vildi segja, að kauphækkanirnar hefðu orðið til lítils ávinnings fyrir verkamennina. Þetta er rangt. Kauphækkanirnar hafa orðið til ávinnings fyrir verkamenn. Þeir hafa borið úr býtum raunverulega sínar 10% kauphækkanir þrátt fyrir allar þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert og er að gera enn til þess að svipta þá þessu. Það hefur ekki tekizt nema að litlu leyti þrátt fyrir góðan vilja ríkisstj. að ræna aftur því af verkamönnum, sem þeir náðu með sinni hörðu baráttu í vor.

Hins vegar er það greinilegt, að Sjálfstfl. í Reykjavík hefur ekki látið sitt eftir liggja. Það var nýlega að koma út vísitala fyrir byggingarkostnaðinn í Reykjavík, og það væri æskilegt, að hv. 5. þm. Reykv., sem líka er bæjarfulltrúi Sjálfstfl. og situr í bæjarráði, vildi lesa upp fyrir

okkur, hvernig hlutfallið er á milli hækkunarinnar og verðlagskostnaðar hjá verkamönnunum annars vegar og þess þáttar, sem íhaldið í bæjarstjórn Reykjavíkur ræður, sands og malar. Og þá mun hann sjá, að íhaldið í Reykjavíkurbæ tvöfaldar sínar hækkanir, á sama tíma sem verkamennirnir láta sér nægja tiltölulega lítið.

Ég hef áður minnzt á það í þessari ræðu, sem hv. 5. þm. Reykv. kom inn á, að það hefði verið rétt að hækka laun þeirra lægst launuðu. Hann gleymdi að koma fram með þá till. hér á Alþ., meðan verkfallið stóð, og sat þó Alþingi þær 6 vikur, sem verkfallið var, að það væri rétt að hækka laun þeirra lægst launuðu. Hann gleymdi því þá; hann kemur með það núna. (Gripið fram í.) Nei, en það hefði verið þegið að fá þá rödd hérna í þingsalnum, að baráttan væri réttlát, sem háð var utan við veggi þingsalarins, og það hefði getað hjálpað til þess, af því að það fóru nú m. a. fram hérna í þinghúsinu flestir samningarnir um þetta, að þeir hefðu gengið fljótar. Það hefði ekki átt að þurfa að taka 6 vikur fyrir þá lægst launuðu að fá 10% hækkun. En hann á máske eftir að svara því, hvernig stóð á því, að atvinnurekendurnir neituðu fyrir sitt leyti að viðhalda vísitöluskerðingunni, þegar kæmi upp fyrir 12 kr. grunnkaup á tímann.

Svo kom hv. 5 þm. Reykv. inn á það, að það hefði náttúrlega ekki vakað fyrir ótætis kommúnistunum, eins og hann er nú vanur að segja, að hækka laun verkamanna og bæta kjör þeirra. Hann sagði það ekki beint, en ég skildi, hvað í honum söng; auðvitað hefðu þeir ætlað eins og vant er að eyðileggja þjóðfélagið með því. Það var nú svo sem ekki nema það, sem kvað við 1944, — þá var það að vísu mest í Framsókn og Vísi, — að við hefðum ætlað að eyðileggja þjóðfélagið þá, þegar við vorum að koma á nýsköpunarstjórninni. Ég held nú, að þjóðfélagið lifi af því enn þá, sem við eyðilögðum þá. En fyrst það hefur nú ekki vakað fyrir ótætis kommúnistunum að ætla að bæta laun verkamanna, heldur að eyðileggja þjóðfélagið, má ég þá spyrja hv. 5. þm. Reykv.: Hvað vakir þá fyrir þeim mönnum, sem ekki aðeins vilja nú hækka við þá lægst launuðu meðal starfsmanna ríkisins, heldur líka beita sér fyrir sem mestri hækkun hjá hálaunamönnum? Ætla þeir ekki aðeins að eyðileggja þjóðfélagið, heldur jafnvel ríkissjóðinn líka? Eða hvað meina þeir með öllu sínu eyðileggingartali og allri sinni kommúnistabábilju. Ég held, að Sjálfstfl. væri sæmst að tala sem minnst um launamálin, sízt af öllu þeim, sem sæti eiga í bæjarstjórn Reykjavíkur af hálfu Sjálfstfl.

Við, sem þekkjum Sjálfstfl. af framkomu hans gagnvart láglaunamönnum síðustu áratugina, vitum ósköp vel hug hans í garð verkalýðsins, þó að honum þyki gott að hræsna öðru hverju eins og nú, að tala um, að það þurfi að hækka laun þeirra lægst launuðu, eftir að þeir lægst launuðu eru búnir að koma Sjálfstfl. á kné í 6 mánaða verkfalli. Við vitum ósköp vel af reynslunni, hvernig Sjálfstfl. hagar sér, þegar hann heldur, að hann komist upp með það að geta knésett verkamenn.

Það erum ekki við sósíalistar, sem beitum okkur fyrir því að koma á atvinnuleysi í þjóðfélaginu. Það erum við, sem höfum beitt okkur fyrir því að tryggja, að verkamenn hefðu einhver vinnutæki til þess að vinna með hérna. Það erum við, sem beittum okkur fyrir því, að þeir togarar, sem nú ganga og halda uppi íslenzku þjóðfélagi, væru keyptir. Og síðan við fórum út úr ríkisstj., hefur, að undanteknum þeim 10 togurum, sem keyptir voru 1948, meðan nýsköpunartogararnir voru að sigla inn og undir áhrifunum af því, Sjálfstfl., sem síðan hefur verið í ríkisstj., ekki keypt svo mikið sem einn einasta togara. Þetta er umhyggjan fyrir að tryggja atvinnu þjóðarinnar. En hverjir eru það svo aftur á móti, sem hafa hag af atvinnuleysinu? Hvernig hagar Sjálfstfl. sér, þegar tekizt hefur fyrir óstjórn valdhafanna að koma atvinnuleysi á? Eða hefur hv. 5. þm. Reykv. gleymt því, hvernig Sjálfstfl. kemur fram, þegar launin eru lægst hjá almenningi og vinnan þar að auki stopul? Ég skal rifja það upp fyrir honum. Það var einu sinni, að verkamenn hér í Reykjavík áttu við sárt atvinnuleysi að búa, svo sárt atvinnuleysi, að þeir fengu, fjöldinn af þeim, aðeins eina viku í mánuði að vinna atvinnubótavinnu og höfðu aðeins kr. 1.36 um tímann og áttu að láta það vikukaup duga. Hver var þá afstaða Sjálfstfl.? Var Sjálfstfl. þá að tala um, að það þyrfti að hækka kaup þeirra lægst launuðu? Nei, þá var það Sjálfstfl., sem á sínum miðstjórnarfundi tók þá ákvörðun, að nú skyldi lækka kaup allra verkamanna í landinu og nú skyldi byrjað á þeim, sem bágstaddastir voru og höfðu aðeins eina viku í mánuði að vinna og aðeins einnar viku laun í mánuði til þess að lifa af, og hjá þeim skyldi lækka launin úr kr. 1.36 niður í eina krónu.

Þetta eru ráðstafanir Sjálfstfl., þegar hann heldur, að verkalýðurinn og verkalýðssamtökin séu svo veik, að þau standist ekki árásir hans. Þá kemur hugurinn fram eins og hann er. Það þýðir þess vegna ekki að koma til okkar eftir að hafa í vor staðið í sex vikur á móti því, að verkamenn fengju 10 eða 11% kauphækkun, og segja: Ja, það er rétt að hækka laun þeirra lægst launuðu — þegar hálaunamennirnir eru að fara fram á að fá allt upp í 47% kauphækkanir til sín. — Þetta vildi ég aðeins segja hér út af þeim ummælum, sem hæstv. fjmrh. og hv. 5. þm. Reykv. sem fulltrúar stjórnarflokkanna í þessum umræðum létu frá sér fara. Vilji þeir almennar umræður um þessi mál, þá erum við reiðubúnir að taka þær upp.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það þarf enginn að undrast það, þó að deilt sé um það, þegar setja skal ný launalög. Það er áreiðanlegt, að það er nokkuð almennt viðurkennt hér á Alþ. sem annars staðar, að það sé þörf fyrir að breyta launalagaákvæðum hér á landi, sökum þess að lögin, sem ákveða launagreiðslurnar, eru búin að standa nokkur ár með litlum breytingum, þ. e. a. s. grundvöllurinn er í raun og veru lagður eftir gengislækkunina 1950, síðan lappað við þetta nokkuð og ýmislegt gert, sem fært hefur hina fyrri löggjöf úr skorðum. Það er alveg rétt, sem hv. þm. A-Húnv. minntist á, að ýmsum skrifstofum og embættum ríkisins hefur haldizt það uppi á öllu þessu tímabili að færa embættis-

menn og starfsmenn milli launaflokka, án þess að nokkuð hafi verið að gert, og er þetta þó vitanlega beint lögbrot og hefur í raun og veru fyrirfarið öllu samræmi í launalögunum.

Það þarf enginn að undrast það, þó að þeir, sem laun taka samkv. launalögum, vilji hver um sig ota sínum tota, og þá er það, að nefndin, sem fer með þetta í þinginu, fær mörg bréf og það er óskað eftir mörgum viðtölum, eins og hv. frsm. sagði hér frá áðan, því að hver um sig vill reyna að pota sér sem efst í launastigann.

Þetta launalagafrv., sem er hér til umræðu, er undirbúið af mþn. í launamálum, og hún byggir í starfi sínu á gömlu launalögunum og gerir þær breytingar að færa menn til í launaflokkunum, einn til tvo launaflokka. Einstaka stéttir hafa verið það í náðinni hjá hv. n., að svo að segja allir meðlimir stéttarinnar hafa verið færðir upp um tvo launaflokka, sumar starfsstéttir hafa verið færðar upp um einn og aðrar látnar sitja í sínu fari. Þetta hefur vafalaust frá nefndarinnar sjónarmiði verið gert til þess að bæta úr misrétti, en um það verður áreiðanlega deilt af þeim sérstaklega, sem hafa ekki verið færðir upp í launastiganum.

Ég er ósköp hræddur um, að það hafi verið meira látið ráða gerðum nefndarinnar dauð reikningslist en það að líta í kringum sig í þjóðfélaginu. Ég er frekar á þeirri skoðun, að það hefðu verið alveg eins rétt vinnubrögð af hv. n. að hafa opin augun og horfa í kringum sig og að taka upp reikningsstokk. Ég skal hér nefna til dæmis, að það er nú viðurkennt, að það sé orðið mjög miklum erfiðleikum bundið hjá fræðslumálastjórninni að fá kennara til þess að gegna kennarastörfum. Það er fjöldi manna nú við kennslustörf, sem hefur ekki neina sérmenntun í þeim efnum, af því að sérmenntaðir menn fást ekki til starfanna. Og þetta er af þeirri eðlilegu ástæðu, að laun kennara voru komin niður úr öllu valdi. Ef þeir hefðu beðið um upplýsingar frá Kennaraskóla Íslands frá seinustu tveimur árum, þá hefðu þeir fengið vitneskju um það, að mikill minni hluti þeirra ungu manna og kvenna, sem útskrifuðust úr þeirri stofnun seinustu tvö ár, er nú við kennslustörf, af því að þjóðfélagið býður þeim betur launuð störf hvarvetna annars staðar. Samt er það niðurstaðan hjá hv. n. að halda kennurum á byrjunarstigi við lítt breytt laun og að þeir fái ekki launahækkanir fyrr en eftir tíu ár. Í langflestum öðrum starfsstéttum þjóðfélagsins er mönnum ætlað að fá launahækkanir eftir fjögur ár. Nei, kennarastéttin, sem hið opinbera er alveg í vandræðum með að fá menn til að skipa sér í, skal sitja við þetta ákvæði, að hún er ekki komin á hæstu laun fyrr en eftir tíu ár. Þarna held ég að hefði verið heppilegra að bæta um og gera aðgengilegra fyrir efnilegt ungt fólk að helga sig þessu starfi, sem alls ekki verður talið þýðingarlítið fyrir þjóðfélagið. En fram hjá þessu hefur verið litið. Ég fyrir mitt leyti tel, að það væri réttmætt og sjálfsagt og hyggilegt að koma á framfæri brtt. um það, að kennarar væru komnir á full laun eftir fjögur ár, en þyrftu ekki að bíða eftir því í tíu ár, og auk þess væri ástæða til að athuga, hvort ekki væri hægt enn fremur að bæta byrjunarlaun kennara. Ég hef að vísu verið skólastjóri í hálfan annan áratug, en ég er samt þeirrar skoðunar, að það hafi verið minni þörf að bæta laun skólastjóra og þeirra kennara, sem eru búnir lengst að starfa, heldur en nýbyrjendanna, af því að það er þó síður hætta á, að þeir fari úr skólastjórastörfunum og þeir kennarar, sem búnir eru að starfa við kennslu lengur en tíu ár, fari á Keflavíkurflugvöll. Þeir eiga yfirleitt erfitt með að slíta sig frá starfinu, alveg án tillits til launanna.

Líkt þessu er farið með hjúkrunarkvennastéttina. Það er alkunna, að það eru vandræði í þessu landi að starfrækja þær mörgu og myndarlegu heilbrigðismálastofnanir, sem komið hefur verið upp á síðustu árum, af hjúkrunarkvennaskorti. Þetta er einungis hægt að leiðrétta á einn hátt og laga. Það er með því að bjóða þessari stétt betri laun. Það hefur verið gert að nokkru í tillögum nefndarinnar, en ég hygg samt, að það verði alveg ófullnægjandi til þess að bæta úr þeim skorti, sem þarna er á starfsliði.

Það eru þessi lífrænu sjónarmið, sem ég er hræddur um að hv. nefnd hafi sézt yfir og hafi allt of mikið farið eftir reikningsstokknum. Auk þess er svo það, að þó að menn hefðu áreiðanlega ekki hér í þingsalnum deilt um réttmæti þess, að opinberir starfsmenn ríkisins yfirleitt og embættismenn ættu að fá 10—12% launahækkun til þess að vera ekki settir hjá, samanborið við verkalýð landsins, sem knúði fram á s. l. vori slíka launahækkun sér til handa, þá undrast ég ekki hitt, þó að komi hér fram mótmælaraddir um það, að hæst launuðu embættismenn ríkisins skuli fá 30 og upp í 40 og yfir 40% launahækkanir, því að þær réttlætast a. m. k. á engan hátt af þeim launahækkunum, sem verkalýðssamtökin hafi knúið fram. Það er ekki ráðstöfun til þess að jafna nein met, það er ekki til annars en að auka misrétti og stofna vinnufriðnum í landinu í hættu á ný. Og að því stendur hæstv. ríkisstj. og hennar hæstv. ráðunautar í fjármálum og efnahagsmálum, sem hafa haft forustuna í undirbúningi þessa frv. Það er einmitt sérfræðingur hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, Ólafur Björnsson prófessor, sem er forustumaðurinn í að hækka laun hæst launuðu embættismannanna hjá ríkinu nú um 30—40%, og það er ómögulegt annað en að segja, að það er grátlegt ósamræmi í því, þegar hæstv. ríkisstj. beitir svo þessum manni líka fyrir sig í því að hamast á móti 10—12% launahækkun verkafólks í landinu. Það, að hann var hafður í því hlutverki í vor, gerði manninn gersamlega óhæft verkfæri í höndum ríkisstj. til að framkvæma þetta verk á þann hátt, sem hann hefur gert það. Þeir áttu að útvega sér annað verkfæri í þetta hlutverk.

Ég tók eftir því áðan, þá litlu stund, sem einn fulltrúi úr fjölmennasta þingflokki Alþ. var hér viðstaddur umr., — nú er hér enginn, held ég; það var Jóhann Hafstein, hv. 5. þm. Reykv.; hann sagði, að vísu eftir dúk og disk, að það hefði verið réttlætanlegt og réttmætt s. l. vor, að lægst launaða stétt landsins, verkalýðsstéttin, fengi nokkra launabót. Og hvað var það, sem gerðist í vor? Það var einmitt þetta, að lægst launuðu stéttir landsins fengu lítils háttar launa-

bót. Það varð niðurstaðan af 6 vikna verkfalli, að verkamenn fengu kaup sitt hækkað um 11%, og það var gegn þeirri réttarbót staðið af Vinnuveitendasambandi Íslands, studdu í bakið af Sjálfstfl. og að því er virtist af ríkisstj. allri. Þessi yfirlýsing hans nú er þess vegna í algerri mótsögn við framferði hans flokks og vinnuveitendasamtakanna á s. l. vori.

Þegar þing kom saman núna í haust og fjárlfrv. var lagt fram, heyrðist mér fulltrúi Framsfl., hæstv. fjmrh., og fulltrúi Sjálfstfl., sem talaði við það tækifæri, vera sammála um, að eiginlega hefði verið blómatímabil hér í landinu fram á s. l. vor; nú væri uggur og kvíði í brjósti allra, sem stjórnuðu landi og lýð, eiginlega væri allt farið úr böndunum og það væri þessum ósköpum að kenna, að laun verkafólks hefðu hækkað um 11%. Ég vil nú halda, að þessir menn hafi meint þetta og að þeir sjái enga glætu fram undan vegna þessarar launahækkunar verkafólksins og að þeir hafi alveg truflazt af þessu, gefið upp alla vörn og hugsi nú með sjálfum sér: Nú er bezt að láta skeika að sköpuðu, stjórnarfleytunni hefur slegið flatri, hvort eð er, og við erum hlaupnir frá stýrinu; verkalýðssamtökin hafa eyðilagt þetta allt fyrir okkur. Þess vegna er bezt að láta alla fá það, sem þeir vilja, en viðkunnanlegast að láta ráðherrana fá mest, áður en fleytan sekkur. — (Gripið fram í.) Ég held, að það bendi til þess, að þeir ætli eitthvað að lafa enn þá. Það er grunur sumra manna, að það sé meiningin að reyna að lafa út þetta kjörtímabil og vita svo, hvort það væri ekki hægt að fitja upp á ný.

Ég fæ a. m. k. ekki séð, að það sé neitt samhengi eða samræmi í þeirri afstöðu að hafa fyrst hamazt með atbeina ríkisvaldsins, atvinnurekendavaldsins og allra máttarvalda þjóðfélagsins, sem hægt var að tefla fram á móti verkalýðssamtökunum, á s. l. vori gegn 11% kauphækkun hins vinnandi fólks og segja nú á eftir: Það er ekki nóg, að fastlaunaðir menn hjá ríkinu fái sams konar launahækkun. Nei, hún verður að vera margföld á við það. — Þó olli hitt böli og háska, og það að halda áfram á þessari braut veldur þá náttúrlega enn meiri háska og tjóni.

Ég hefði haldið, að við mættum vænta þess af þeirri ríkisstj., sem taldi allt vera að farast vegna launahækkana verkafólks, að hún mundi nú spyrna sem ákafast og fastast við fótum og segja: Hingað og ekki lengra. — En það er eins og ég áður sagði: Það er eins og þeir hafi alveg misst stjórn á sér og öllu saman og segi, að úr því að því sé öllu slegið flötu, þá sé bezt, að allt sökkvi. Ég vil fullyrða, að ef þjóðfélaginu hefur verið háski að 11% launahækkun verkalýðsins í vor, þá má því standa nokkur stuggur af þeirri hækkun, sem þetta launalagafrv. með brtt., sem hér liggja fyrir, mun leiða af sér. Og þegar hæstv. fjmrh. stendur hér upp, þegar hækkunartill. fjhn. liggja fyrir, gengur hér í ræðustólinn og segir: Ég þakka hv. n. fyrir hennar starf — þá er ekki hægt að taka það öðruvísi en að hann sé hinn ánægðasti með þessar miklu hækkanir frá frv. Ég skal ekki segja, hvernig á því stendur, að Sjálfstfl. lætur tvo þm. sína taka þátt í þessum umr., annan gersamlega á móti öllum launahækkunum og hinn með þeim. Það hefur komið fyrir áður, að Sjálfstfl. hefur talið heppilegt að leika tveimur skjöldum í stórum málum, tefla fram mönnum, sem eiga að túlka afstöðu, sem gangi vel í bændur, eigi vel við í sveitunum, tefla öðrum fram, sem túlki þann málstað, sem falli í kramið hjá launamönnum kaupstaðanna. Nú getur vel verið, að hv. þm. A-Húnv. geri það með góðri samvizku að túlka sínar lækkunarkenningar, ég skal ekkert bregða honum um það. En þó að svo sé, þá er það ekkert annað en stjórnbyggindi hjá Ólafi Thors að velja einmitt mann, sem gat gert þetta með góðri samvizku, til þess að vera í þessu hlutverki, og ég sé það ósköp vel í hendi, að nú er í uppsiglingu mikil tvískipt barátta hjá Sjálfstfl. með kauphækkunum hjá opinberum starfsmönnum og á móti þeim, og baráttan með kauphækkunum verður útlistuð og útmáluð lystilega í Morgunblaðinu, en kauplækkunarstefna Jón Pálmasonar verður útmáluð lystilega í dálkum Ísafoldar og send út um sveitir.

Það er þó ómögulegt að neita því, að í því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði í sinni skörulegu ræðu hér í dag móti launalagafrv. og hækkunartillögunum við það, rakti hann sögu kauphækkunarmálsins réttar en flestir aðrir hafa gert. Hann minnti á, að það væri rangt, að kauphækkunarherferð hefði byrjað af völdum verkalýðssamtakanna, þegar var farið að hreyfa nú við launa- og kauphækkunum, eftir að nokkur kyrrstaða hafði verið í þeim málum um tveggja ára skeið. Sú kyrrstaða var fyrst og fremst að þakka verkalýðssamtökunum, og þegar var verið að leggja grundvöllinn að henni, var ég skammaður og svívirtur meir en ég hef verið skammaður nokkurn tíma annars á ævinni fyrir að hafa reynt að knýja ríkisstj. til þeirrar stefnu, sem var að nokkru leyti fylgt um tveggja ára skeið. En þegar tvö ár voru liðin frá þeim atburðum, hvað gerðist þá? Þá gerðist það, að kunnugt varð um, að nokkrir nokkuð hátt launaðir starfsmenn hjá Reykjavíkurbæ hefðu sagt upp störfum sínum og haft á orði að leggja niður vinnu og ráða sig annars staðar, þar sem þeir fengju vinnu sína betur borgaða. Endirinn á því máli varð sá, að Reykjavíkurbær samdi um stórfellda hækkun til handa þessum starfsmönnum sínum á miðju síðastliðnu sumri. Þetta er eitthvað nálægt því að vera byrjunin á kauphækkunar- og launahækkunarmálunum, sem við erum nú að ræða um.

Hvað gerðist næst? Jú, þá fer á þá lund, að verkfræðingar í þjónustu ríkis og ríkisstofnana segja upp sínum störfum, ráða sig margir í vinnu annars staðar, þar sem í þá var boðið, og létu fyllilega skiljast, að þeir kæmu ekki aftur í þjónustu ríkisins, nema þeir fengju hærra kaup. Hæstv. ríkisstj. samdi við þessa menn um stórfellda hækkun á kaupi. Það var í annað skipti dreginn við hún kauphækkunarfáninn. Við höfum fengið að vita það núna í fjvn., að þessir menn, sem þá sömdu, í fyrrahaust, í októbermánuði líklega, sömdu um, að þeir fengju þá 72 þús. og upp í 100 þús. kr. í árskaup, og samkvæmt þeim upplýsingum verður að áætla þeim tekjur á næsta ári. Á þessum mönnum gat hæstv. ríkisstj. séð aumur og samið við þá möglunar-

lítið á s. l. hausti. Þá var verkalýðshreyfingin ekki farin að hreyfa sig til kauphækkana.

Í desembermánuði, eins og hv. þm. A-Húnv. vitnaði til, stóðum við hér, og þá var verið að afgreiða nokkra hækkun — bráðabirgðahækkun, eins og það hét — á launum opinberra starfsmanna og embættismanna, og þá var það, sem hv. þm. A-Húnv. stóð líka upp og benti á, að þegar væri byrjað að hækka hjá opinberum starfsmönnum, sem hefðu þó atvinuöryggi, mætti búast við, að það yrði ókyrrt á eftir og að það drægi dilk á eftir sér. Ég man, að hann varaði við á þennan hátt eða eitthvað því líkt, og það komu viðvaranir þá úr fleiri áttum. En það var haldið áfram með að breyta þá til bráðabirgða til hækkunar launum opinberra starfsmanna. Ég undirstrika það, að þegar þetta gerðist, var verkalýðshreyfingin ekki farin að hreyfa sig til kaupgjaldshækkana eða breytinga.

Hins vegar er komið fram í janúar þessa árs, þegar fyrsti fundur er haldinn og það með formönnum stéttarfélaganna hér í Reykjavík og nágrenni, hvort ráðlegt þyki að segja þágildandi kaupgjaldssamningum verkalýðsfélaganna upp. Og eftir þann fund fara félögin að boða fundi til þess að athuga þetta mál og komast að þeirri niðurstöðu, að þau geti ekki setið hjá og vilji segja samningunum upp til breytinga. Í febrúarmánuði ræðir stjórn Alþýðusambandsins við hæstv. forsrh. um þessi mál. Hann vill þá fá sambandsstjórnina til að beita sér fyrir því, að verkalýðsfélögin fresti aðgerðum í kaupgjaldsmálum a. m. k. fram á vorið. Hann sagði okkur þá frá því, að hæstv. ríkisstj. ætlaði að reyna af alefli að gera ráðstafanir til lækkaðs verðlags í landinu. Þau ummæli sín, sem hann hafði í stjórnarráðinu, staðfesti hann nokkrum dögum síðar með bréfi til Alþýðusambandsins. Þá taka nefndir verkalýðssamtakanna, sem þá var búið að setja á laggirnar, ákvörðun um að fresta verkfallsaðgerðum a. m. k. í 3 vikur, þangað til séð sé, hvort ríkisstj. takist að framkvæma nokkuð í verðlækkunarátt. Þegar þær eru liðnar, án þess að nokkuð fréttist um þetta, eru lagðar fram kröfur til kauphækkana og síðan ákveðið að fylgja þeim eftir með samningum, og upp úr því varð svo verkfall til þess að knýja eitthvað af þeim fram.

Þegar samningar byrja, er gengið ríkt eftir svari ríkisstjórnarinnar um það, hvað henni hafi orðið ágengt í verðlækkunarviðleitni sinni. Svarið er, að öll atvinnufyrirtæki, sem hún hafi snúið sér til, hafi svarað neitandi og tilkynnt, að þau gætu engar ráðstafanir gert í verðlækkunarátt. Þá fyrst, er þetta lá fyrir, var engin leið önnur fram undan hjá verkalýðssamtökunum en að reyna að knýja fram lagfæringar á kaupinu. Og nú liggur fyrir frv. til nýrra launalaga, sem ætlar, eins og hér er búið að taka fram, þeim, sem þó voru skást launaðir fyrir, margfalda launahækkun að krónutölu, en þeim lægst launuðu litlar bætur. Ég held, að það sé alveg vonlaust verk fyrir hæstv. ríkisstj. og málgagn hennar, Morgunblaðið, að reyna að telja þjóðinni trú um, að verkalýðshreyfingin hafi stofnað þessu þjóðfélagi í glötun með 11% kauphækkun, sem fór fram í apríllok, þ. e. a. s. kom til framkvæmda frá 1. maí s. l., þegar launagreiðslukerfið hjá stóraðila eins og Reykjavíkurbæ og hjá ríkinu var sprungið mörgum mánuðum áður og byrjað að hækka laun hjá tiltölulega hátt launuðum mönnum og stéttum mörgum mánuðum áður en verkalýðssamtökin hreyfðu sig. Hitt skal ég aftur játa, að ástæðan til þess, að Reykjavíkurbær varð að hækka við verkfræðinga sína og ríkisstj. síðan varð að hækka við sína verkfræðinga og að það varð að hækka hjá launafólkinu í fyrrahaust, var auðvitað sú, að verðbólgustefna ríkisstj. var búin að heltaka allt mannfélagið og það gáfust möguleikar til að fara úr störfum ríkisins og á hinn opna vinnumarkað á Keflavíkurflugvelli og annars staðar og fá þar betur launuð störf. Hér var hæstv. ríkisstj. að súpa seyðið af eigin stjórnarstefnu, og hún er enn og heldur áfram að súpa seyðið af henni. Það þarf enginn að halda, að hún sé búin að bíta úr nálinni með afleiðingar þeirrar stjórnarstefnu í launamálum í landinu með því að hækka núna laun ráðherranna um milli 40 og 50%. Nei, það dregur líka dilk á eftir sér, og hæstv. ríkisstj. á eftir að horfast í augu við þann vanda, sem af því leiðir. Hér er bara snjókúla að velta niður bratta fjallshlíð, og það er hæstv. ríkisstj. og stjórnendur ríkis og bæjar, sem hafa komið þessari snjókúlu á stað, en ekki verkalýðssamtökin.

Ég sé það á till. hv. þm. A-Húnv., að hann leggur til á þskj. 177, að byrjunarlaun í I. fl., þ. e. a. s. í flokknum næst fyrir neðan ráðherra, verði 54000 kr. í grunn og svo óbreytt úr því. Ég hafði verið að gera mér vonir um, að þessi að minni hyggju heiðarlegi íhaldsmaður hefði aftur gert till. um, að laun samkv. lægstu launaflokkunum væru ekki skorin niður að sama skapi, heldur jafnvel hefði getað vænzt þess af honum, að hann hefði viljað hækka launin í lægstu flokkunum, t. d. lagt til, að XV. launafl. væri tekinn burt, skorinn neðan af „skalanum“. En hann gerir þetta ekki, og það eru mér vonbrigði. Samkvæmt launalagafrv. eiga laun í XV. launafl. að vera 12900 kr. með hækkunarmöguleikum upp í 18900 kr., eða rúmlega 1000 kr. á mánuði í laun. Dettur nokkrum manni í hug, að hægt sé að lifa af þessu? Ég held, að þeir séu fáir, og ég held meira að segja, að það fari ekki vel, ekki einu sinni í dálkum Ísafoldar úti um sveitir, að skýra frá því, að samkv. hinu endurskoðaða frv. til launalaga sé sumu fólki ætlað að lifa af 12900 kr. í grunnlaun. En það var þó hægt að lækka það, því að í till. hv. þm. A-Húnv. er lagt til, að laun samkv. XV. flokki byrji með 11880 kr. Það varð að fara með það niður fyrir 1000 kr. á mánuði í grunn; þá fyrst var réttlætinu fullnægt.

Það er þetta, sem gerir að verkum, að það fæst ekki samkomulag um afgreiðslu launalagafrv. hér á Alþ., að það eru hjá hv. þm. A-Húnv. og milliþn. og þeim, sem enn þá hafa um frv. fjallað, ekki bornar fram neinar till. til lagfæringar á launum þeirra lægst launuðu í landinu. Það ætti þó einmitt að vera í samræmi við þá stefnu, sem hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) túlkaði áðan og sagði að hefði verið sanngjörn gagnvart verkafólkinu í vor. Er þá ekki sanngjarnt nú að hækka laun þess fólks í tveimur neðstu launaflokkunum,

sem er lægra launað en þeir lægst launuðu samkvæmt stéttarfélagasamningunum? Ég held, að ég verði að skjóta því til hv. 5. þm. Reykv., sem er hér í hliðarherbergi og á eftir að standa í fjhn. að þessu máli, að hann verði að skera í burtu tvo neðstu launaflokkana til þess að komast upp í Dagsbrúnarkaupið, sem hann sagði okkur áðan að hefði verið sanngjarnt að væri lagfært dálítið s. l. vor. Þeir ættu einmitt að hans áliti að hverfa þarna í burtu, og þá væri búið að laga frv. verulega, þá væri búið að bæta hlut þeirra aumustu og einhverjar líkur til þess, að hægt verði að lifa af þeim launum. En það er ekki hægt að lifa fyrir um eða innan við 1000 kr. í grunn á mánuði.

Þá var einhver, sem sagði það hér áðan af hv. stjórnarliðum, að það væri breytt hljóð í ýmsum frá því í fyrra. Já, það er það. En í hverjum er það, þetta hljóð? Þeir menn, sem börðust á móti 11% kauphækkun í vor, berjast nú fyrir 30—40% kauphækkun í þetta sinn. Það er breytt hljóð. Hins vegar er ég sannfærður um, að þeir menn, sem á s. l. vori beittu sér fyrir því, að verkalýðssamtökin fengju 11—12% kauphækkun, mundu enn sem fyrr una því og una því vel, að hæst launuðu embættismenn ríkisins fengju 11—12% kauphækkun, og þannig er fullt samræmi í afstöðu þeirra. Verkalýðssamtökin mundu ekkert gera annað en að fagna því, að launasamræmi héldist svipað og áður var milli launafólks í verkalýðsstétt og starfsmanna ríkisins á þann hátt, að hvorir tveggja fengju hlutfallslega þær sömu launabætur. En það er ég sannfærður um, að það veldur ókyrrð og óánægju hjá verkafólki, sem auk þess á annars staðar en hér í Reykjavík og nágrenni hennar, eins og stendur, við öryggisleysi í atvinnumálum að stríða, það veldur ólgu hjá þessu fólki, ef og þegar það vitnast, að launalög hafa verið afgreidd með hlutfallslega hækkandi launabótum hjá starfsmönnum og embættismönnum ríkisins, eftir því sem þeir voru hærra launaðir fyrir.

Ég vil því vona, að þegar hv. fjhn. fer að starfa að afgreiðslu frv. fyrir alvöru, — en það starf virðist ekki vera byrjað enn þrátt fyrir þakkarávarp hæstv. ráðherra, því að hv. 5. þm. Reykv. upplýsti hér áðan, að í raun og veru væri ekki búið að gera annað enn þá en taka við frv. úr hendi mþn. og síðan að taka til greina þær till. til breyt. á frv., sem mþn. sjálf hefði komið með til n., eftir að hún hafði heyrt óánægjuraddirnar úr öllum áttum um frv. sjálft, — en ég treysti því, að hv. fjhn. eigi eftir að inna sitt starf af hendi, og mér finnst einsætt, að það starf hennar eigi að miðast við að laga kjör þeirra lægst launuðu samkv. frv. og draga úr þeim nú fyrirhuguðu launahækkunum til hinna allra hæst launuðu, þannig að það verði hlutfallslega lægri hækkanir, sem þeir fái, heldur en þeir lægst launuðu. Með þeim vinnubrögðum er ég alveg viss um, að það verði hægt að fá nokkurn veginn frið um frv. við afgreiðslu þess á Alþingi, og það er ég sannfærður um, að verkalýðshreyfingin ann ráðherrum og sérhverjum öðrum opinberum starfsmönnum 12—15% launahækkunar, en þykir ekki gætt réttlætis og sanngirni, ef þeir fá mun meira.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég get ekki látið vera að minnast á fáein atriði enn út af málflutningi sumra hv. þm. Ég vil þá fyrst taka fram út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ríkisstj. samdi ekki við verkfræðingana fyrr en bæði atvinnurekendur og Reykjavíkurbær voru búnir að semja við þá um kauphækkun, og þá var ekki um annað að ræða fyrir ríkið en annaðhvort að vera verkfræðingalaust, með þeim afleiðingum, sem það hafði fyrir allar opinberar framkvæmdir, eða semja eins og hinir höfðu áður gert. Ríkið var búið að vera svo að segja verkfræðingalaust um langan tíma, meira en heilt sumar, með þeim afleiðingum, að ýmsar opinberar framkvæmdir höfðu stöðvazt, áður en samið var. En þegar ríkisstj. sá, að bæði Reykjavíkurbær og atvinnurekendur voru búnir að semja, sýndist ekki vera til neins að halda þessari baráttu áfram. Annars er fróðlegt að taka það fram, einmitt í sambandi við þetta mál um verkfræðingana, að við urðum fyrir þungu ámæli frá ýmsum hv. þm. fyrir það, hve við drógum lengi að semja við verkfræðingana, og sumir af þeim mönnum, sem nú eru hér að tala um, að það eigi ekki og hafi ekki átt að hækka laun opinberra starfsmanna nema þeirra, sem lægst eru launaðir, voru ákafastir í því að ámæla ríkisstj. fyrir að semja ekki tafarlaust við verkfræðingana. Og þar var fremstur í flokki hv. 2. þm. Reykv. (EOl), sem ámælti ríkisstj. þunglega fyrir það hér á hv. Alþ. og lýsti yfir því, að það væri að hans dómi gersamlega ósæmilegt af ríkisstj. að hafa látið undir höfuð leggjast svo lengi að taka undir sanngjarnar kröfur verkfræðinganna um launahækkanir. Þó voru kröfur verkfræðinganna um launahækkanir miklu stórfelldari en nokkrar aðrar hækkanir, sem hefur komið til mála að lögfesta, og laun þeirra miklu hærri en laun nokkurra þeirra manna, sem á launalög eru settir. Þannig er samræmið hjá hv. 2. þm. Reykv. — eða hitt þó heldur. Þessi ummæli hans, sem hann hafði um þetta mál, voru lesin fyrir honum hér ekki fyrir löngu á hv. Alþ., og ég hirði því ekki um að lesa þau hér enn, líka fyrir þá sök, að ég gleymdi í sæti mínu ummælunum. En ef hv. þm. vill vefengja þetta, þá mun ég sjá um, að þau verði lesin upp enn þá einu sinni til þess að sýna heilindin.

Hv. 2. þm. Reykv. þorði nú ekki að standa við það, sem hann sagði í vor um launamál opinberra starfsmanna, þegar verkfallið var. Þá sagði hann að efni til hreint og klárt, að það væri árás á verkalýðssamtökin að halda því fram, að það yrði að hækka laun opinberra starfsmanna í hlutfalli við þá hækkun, sem yrði á almennum launum, það væri árás að halda þessu fram og lítil vinsemd í garð verkalýðsins að halda því fram, að það væri sjálfsagður hlutur að hækka laun opinberra starfsmanna, sem þyrftu ekki að hafa fyrir neinu í sambandi við verkfallið, þó að verkalýður og félagsbundnir menn fengju framgengt nokkrum hækkunarkröfum. Þetta sagði hann þá. En núna segir hann auðvitað allt annað, eins og ég sagði fyrir í vor.

Hv. 11. landsk. þm. (LJós) var að reyna að klóra eitthvað í þetta líka með því að segja, að þetta ætti við lægst launuðu starfsmennina, það

væri sanngjarnt, að þeir fengju einhverjar hækkanir, vegna þess að lágt launaðir starfsmenn hefðu fengið hækkanir í vor í verkfallinu. Veit ekki hv. þm., að opinberir starfsmenn eru sízt betur launaðir en margir af þeim, er fengu hækkanir fram knúnar í vor, t. d. iðnaðarmennirnir? Því fer alls fjarri, að opinberir starfsmenn yfirleitt og það jafnvel upp í hæstu launaflokka séu betur launaðir en iðnaðarmennirnir, sem knúin var fram kauphækkun fyrir. Þvert á móti er hinu gagnstæða til að dreifa. Þess vegna fellur þetta tal um það, að þá hafi verið teknir út úr þeir lægst launuðu, og því sé óþarfi að hreyfa laun annarra en þeirra lægst launuðu, dautt niður. Það var nefnilega alls ekki viðhöfð sú aðferð að taka þá lægst launuðu og reyna að bæta þeirra kjör, og þess vegna fór sem fór m. a., að úr verður engin bót.

Minni ég svo aftur á viðhorf hv. 2. þm. Reykv. til verkfræðingadeilunnar. Það þarf ekki frekar vitnanna við en að vísa til þess viðhorfs hans til þess að sýna heilindin og hvað meint er með þessu tali um há og lág laun. Mér blöskrar málflutningurinn um þetta frv. Hvað felst í frv.? Sumir tala um, að í því felist 30—40% kauphækkanir fyrir suma opinbera starfsmenn. Þetta er auðvitað alveg rangt. Eins og málið stendur í dag, hafa allir opinberir starfsmenn laun samkv. gömlu launalögunum og 20% uppbót, sem samþykkt hefur verið hér á hv. Alþ., og fulla vísitöluuppbót, sem einnig hefur verið samþykkt hér á hv. Alþ. Ég hef ekki orðið var við, að kommúnistar hafi barizt hér á hv. Alþ. gegn því, að grunnlaunauppbótin væri gerð jöfn, og ég hef ekki heldur orðið var við það hér á hv. Alþ., að þeir hafi barizt á móti því, að vísitöluskerðingin væri afnumin. Og núna fyrir nokkrum dögum var afgr. frv. um afnám vísitöluskerðingarinnar, án þess að kommúnistar væru á móti. Þeir hafa þess vegna átt þátt í því að samþ. þær launahækkanir, sem þeir hér þykjast vera að berjast á móti, með því að jafna grunnlaunauppbótina og með því að afnema vísitöluskerðinguna. Í þessu frv. felst ekkert annað en staðfesting á því ástandi, sem nú er að þessu leyti.

Ég mun sýna fram á það við 3. umr., hvað raunverulega felst í þessu frv., með því að bera saman hækkanirnar á launum frá gildandi launalögum. Það er sá samanburður, sem einn gefur rétta mynd af því, hver hlutur opinberum starfsmönnum var ætlaður í launalögunum frá 1945 og hver hlutur þeim er ætlaður eftir þessu frumvarpi.

En það, sem þessir menn berjast fyrir, að svo miklu leyti sem hægt er að taka alvarlega þetta skraf þeirra, er ekkert annað en að halda launum opinberra starfsmanna niðri, hafa þau tiltölulega lægri, miðað við annað kaupgjald í landinu, en þau voru sett með launalögunum 1945. Það er þetta, sem þessir hv. þm. meina, ef þeir annars meina nokkuð með því, sem þeir segja. Það er þó raunar erfitt að hugsa sér, að þeir meini nokkuð með skrafi sínu, þegar þess er gætt, að þeir hafa átt þátt í því að jafna grunnlaunauppbótina, þeir hafa átt þátt í því að afnema vísitöluskerðinguna, en þykjast nú vera á móti þessu hvoru tveggja. Það er ekki í þessu frv., sem þær breytingar felast, sem þeir hafa verið að lýsa. Það er í öðrum alþingissamþykktum, sem áður hafa verið gerðar, jöfnun grunnlaunauppbótarinnar og afnámi vísitöluskerðingarinnar. Ég mun rannsaka nánar en hægt er nú, hver afstaða þeirra var í einstökum atriðum í þessum málum. En ég veit nú þegar svo mikið, að þeir höfðu engin mótmæli í frammi við afnám vísitöluskerðingarinnar núna fyrir nokkrum dögum, beittu sér því ekki á móti henni og munu hafa samþykkt hana.

Þá verður fróðlegt að sjá við framhaldsumr. launalaganna, hvaða opinberir starfsmenn það eru, sem þeir vilja lækka í launum frá því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og þar með lækka hlutfallslega í launum, miðað við launakjör almennt í landinu, frá því, sem þeim var ætlað að hafa 1945, þegar launalögin voru sett. Ég hef áhuga á að sjá, hvaða starfsmannahópar það eru, sem þeir vilja leggja til við 3. umr. að verði lækkaðir. Og það er rétt, að þetta komi greinilega fram, svo að þetta verði ekki bara skraf. Ég býst við, að þessum stóru orðum fylgi einhverjar till., einhverjar uppástungur, sem hægt er að festa hönd á.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. Ég vildi aðeins benda mönnum enn þá á, um hvað þetta frv. raunverulega er; hef ekki kunnað við að sitja alveg þegjandi undir því, að efni frv. væri svo rangfært sem þessir hv. alþm. hafa gert.

Jón Pálmason: Herra forseti. Í ræðu minni hér í dag gerði ég það glögglega grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og minni brtt., að ég þarf ekki að fara mjög mörgum orðum um það til viðbótar því, sem ég sagði þá. En nokkur atriði eru það samt, sem gera að verkum, að mér þykir rétt að segja fáein orð til viðbótar, og í fyrsta lagi ætla ég þá að minnast á tvö atriði, sem fram komu í ræðu hv. 3. landsk. þm. (HV).

Hann sagði á þá leið, fór nú út í pólitíska hluti, að það væri mjög undarlegt, að Sjálfstfl. sendi hér fram tvo fulltrúa, sem töluðu hvor á móti öðrum. Nú er það svo, að Sjálfstfl. hefur engan fulltrúa sent hér fram. Við erum nm., ég og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH). Við höfum ekki fengið neina fyrirskipun frá flokknum og förum eftir okkar eigin sannfæringu, hvor í sínu lagi. Hluturinn er sá, að Sjálfstfl. er ekki svo þröngsýnn flokkur, að hann fari að gefa fulltrúum sínum fyrirskipun í einstökum atriðum, og hann mundi líka vita það, að við hv. 5. þm. Reykv. erum þannig menn, að við tækjum ekki neinni fyrirskipun, heldur förum eftir því, sem eigin sannfæring segir til um.

Hv. sami þm. sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum af því, að ég legði ekki til í minni till. að hækka við lægst launaða fólkið á launalistanum. Ég gerði grein fyrir því hér í dag, á hvaða forsendum mín till. er byggð, því að hún er byggð á þeim forsendum að raska ekki neitt þeim hlutföllum, sem nú eru í framkvæmd, halda þeim, og till. er byggð á því einu að sleppa úr í öllum launaflokkum jafnt þeirri 9.5% launahækkun, almennri launahækkun, sem í frv. er.

Nú er það svo, að ég skal upplýsa þennan hv. þm. og aðra um það, að í XV. flokki, síðasta

launaflokki, held ég að sé ekki eftir nokkur starfshópur, nema eitthvert aðstoðarfólk í tóbakseinkasölunni. Ég held, að það væri vel hægt að skaðlausu að strika XV. flokkinn út. XVI. fl. hefur þegar verið felldur úr. Í XIV. launaflokki er tiltölulega mjög fátt fólk, og það er satt, að það, sem er í XIV. launafl., er heldur lægra en óbreyttur verkamaður. En ég álít það sanngjarnt. Ég get sagt bæði hv. 3. landsk. þm. og öllum öðrum, að ég álít sanngjarnt, að þeir, sem eru að byrja á skrifstofum og vinna þar í 6 eða 6½ tíma á dag og hafa 130 frídaga á ári, séu lægra launaðir en verkamenn, sem vinna erfiðisvinnu 8 tíma á hverjum degi. Ég skal ekki draga neina dul á það, að ég álít þetta sanngjarnt.

Að öðru leyti skal ég ekki svara þessum hv. þm. því, sem hann vék að, en aðeins víkja að fáeinum atriðum, sem fram komu í fyrstu ræðu hæstv. fjmrh., eftir að ég hafði talað.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að þetta frv. væri byggt á því að færa starfsmenn ríkisins í sömu launaaðstöðu og aðra menn, sem hefði verið hækkað hjá, og talaði á þá leið eins og ekkert hefði verið breytt kjörum opinberra starfsmanna frá því að launalögin voru sett 1945. Mér þykir undarlegt að heyra svona röksemdir, ef röksemdir geta kallazt, því að þetta er alger blekking.

Ég upplýsti það hér í dag og get endurtekið það, að ef við tökum t. d. efsta launaflokkinn, hæst launaða flokkinn, hafði hann samkvæmt launalögum 1945 15 þús. kr. Samkvæmt þessu frv., ef það er samþykkt óbreytt, hafa þessir menn að viðbættri vísitölu á næsta ári 104 þús. Það hefur alltaf verið að hækka við þessa menn, og hvort það er kallað verðlagsuppbót eða grunnlaunauppbót, skiptir ekki miklu máli. Það hefur alltaf verið hækkun, og sú hækkun hefur átt sinn stóra þátt í allri þeirri verðskrúfu, sem hér er.

Það er þess vegna frá mínu sjónarmiði alls ekki rétt röksemd, hver sem heldur því fram, að þetta frv., eins og það er útbúið, sé algerlega afleiðing af einhverju öðru, sem búið sé að gera.

Þá hélt hæstv. ráðh. því fram, að það væri ekki líklegt, að það kæmu aðrar stéttir, aðrir starfshópar á eftir, eins og ég sýndi fram á í dag, til að heimta hækkun á sínum launum, og nefndi hann þar til sérstaklega verzlunarfólk, sem er bæði hjá samvinnufélögum og öðrum verzlunarhlutafélögum. Ég get náttúrlega ekki staðhæft þetta og hann ekki heldur, en hæstv. ráðh. mun sanna það og aðrir, hvort ekki kemur sú krafa fram, og hún er ósköp eðlileg, að hjá öllu þessu fólki verði heimtuð sama viðbótarprósentan, og við erum búnir að sjá fyrsta skrefið í afleiðingunum með því, að bæjarstjórn Reykjavíkur, sem er nú að starfi, að gera sína áætlun, hefur ekki séð sér annað fært en að gera ráð fyrir sömu uppbót og reikna með því, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt, og það þýðir það, að öll bæjar- og sveitarfélög taka upp sama háttinn og svo aðrir á eftir.

Þá hélt hæstv. ráðh. því fram, og einhver annar vék að svipuðu atriði, að það gagnaði opinberum starfsmönnum ákaflega lítið, jafnvel ekkert, að lækka tekjuskattinn. Ég er alveg á annarri skoðun í þessu efni. Ég álít, að það sé einmitt rétta leiðin, að í stað þess að hækka launin á að lækka tekjuskattinn, því að það hefði ekki neinar hættulegar afleiðingar í okkar fjármálalífi. Tekju- og eignarskatturinn hefur nú hækkað frá 1946, þegar Pétur heitinn Magnússon lét af embætti sem fjármálaráðherra. Þá var tekju- og eignarskatturinn 35.8 millj., nú er hann milli 95 og 96 millj., sem sagt hefur hann hækkað um 60 millj., og það hefur ekki þurft að breyta neitt grunninum. Tekjuskatturinn hefur hækkað sjálfkrafa, eftir því sem dýrtíðin hefur vaxið, og gerir það alltaf, og eins er með tollana og annað. Ég held þess vegna, að það sé ekki síður fyrir launafólk ríkisins en aðra menn í þjóðfélaginu, að það sé heppilegri leið að lækka þennan skatt en að hækka launin, því að það mundi ekki hafa neinar alvarlegar afleiðingar.

Hv. 8. landsk. þm. benti á, að það væri miklu eðlilegra frá mínu sjónarmiði og fleiri manna að lækka söluskattinn en tekjuskattinn. Það er náttúrlega mjög mikið álitamál, hvort það er. En tekjuskatturinn er orðinn þannig, að það er reynt á allan hátt að fara í kringum hann, vegna þess að hann er orðinn svo gífurlega hár sem hann er, og meira að segja gengið svo langt í því og sýnir spillinguna, sem þau lög hafa haft í för með sér, að það eru sumir starfshópar, sem eru farnir að gera það að skilyrði fyrir að vinna, t. d. við byggingar, að ekki sé talið fram til skatts nema hluti af kaupinu. Og þetta gengur svo langt, að það hefur meira að segja opinber ríkisstofnun sýnt.

Ég vænti þess, að menn hugsi sig vel um hér í hv. d., áður en þeir fella mína till. Ef þeir vilja gera það, þá bera þeir ábyrgðina. En ég skal ekki meira um þetta fjölyrða nú.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Það er nú farið að togna mjög úr þessum umr., og skal ég nú reyna að leggja ekki inn í þær langt mál. Þó get ég ekki komizt hjá því að minnast aðeins á ræður tveggja hv. andstæðinga minna, sem hafa raunar báðir vikið aðeins að mínu máli hér.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) hélt hér eina ræðu, sem ég ekki vissi almennilega, hvað hann meinti með. E. t. v. hefur hann eitthvert hugboð um það sjálfur, þó að ég efi það, því að ræðan var með slíkum hætti, að ég hef vart heyrt aðra slíka hér haldna, þar sem ræðumaður gerði hvort tveggja í senn að skamma mig og mína flokksmenn fyrir að hafa mælt með og unnið að kauphækkun verkamanna á s. l. vetri og í hinu orðinu þó að viðurkenna, að hún hefði verið réttmæt og sanngjörn, þótt það hafi verið feikilega mikið einkamál í hans hjarta, sem hann sparaði mjög að láta út fyrir sínar varir, á meðan það mál var á dagskrá. Ég efa ekki, að hann segir það satt, að honum hefur fundizt þetta sanngjarnt, enda þótt hann og hans flokkur berðist gegn því og legðist á það, eins og hann hafði máttinn til, á meðan það mál var enn í deiglunni og ekki var vitað, hvers verkalýðssamtökin voru megnug. Einnig tók hann fram í sinni ræðu, að það hefði ekkert gagn verið að þessum launabótum, til þess hafi launabæturnar verið allt of almennar. Það er líklega úr því, sem hann ætlar að bæta með því að

styðja það, að allir hátt launaðir ríkisstarfsmenn fái nú allt að 50% í kauphækkun á þessu árstímabili. Enn fremur tók hann mjög rækilega fram, að launabótin í vor hafi eingöngu verið sanngjörn til handa þeim lægst launuðu, hann tók það fram sem sitt álit. Síðar í sömu ræðu tekur hann einnig fram, að eitt aðalvandamálið hjá okkur sé það, hvað launamismunurinn sé lítill á Íslandi, hann verði að aukast, þetta sé ekkert vit. Hvað maðurinn meinti með þessari ræðu, það er mér hulið. E. t. v. hefur hann sínar hugmyndir um það sjálfur, og ef svo væri, þá ætti hann eiginlega að koma hér upp í stólinn og reyna að skýra það eitthvað nánar, því að hafi þetta átt að teljast eitthvert innlegg í málið, þá hefur það farið algerlega fram hjá mér, og mér er ekki grunlaust um, að svo sé um fleiri hv. þm.

Þá kem ég að hæstv. fjmrh., sem hér gerist alltíður ræðumaður í þessum umr., og er út af fyrir sig gott um það að segja, og það er sömuleiðis ágætt, að hann hefur nú nokkuð skipt um hlutverk frá því, sem hann hefur hér áður haft, og verður að fagna því að fá svolitla tilbreytingu í hans tilveru. Hann hefur yfirleitt staðið hér í pontunni og prédikað yfir okkur, að nú væri þó ábyggilega greiðsluþol ríkisins teygt til þrautar og nú mætti ekki hækka. Þetta hefur verið innihald í hans ræðum, það hefur verið ákaflega tilbrigðasnautt hingað til. En nú kveður sem sagt við annan tón. Hann virðist ekki hafa neinar áhyggjur af því, að ríkissjóður geti ekki staðið í skilum með þær kauphækkanir, sem hér eru lagðar til. Þvert á móti telur hann þær mjög sanngjarnar og þakkar fyrir allar hækkunartill., sem fram hafa komið. Út af fyrir sig er kannske ekki mikið við þessu að segja, og eins og ég hef áður tekið fram, eru þetta lofsverð þáttaskil í hans ræðumennsku og í hans afstöðu til fjármála hér á þingi. Sannast að segja hygg ég, að það hafi verið komið nóg af hans smásmuglegu sjónarmiðum í fjármálalegum efnum íslenzka ríkisins, en óneitanlega hefði það verið þjóðinni hollara, að þessi hæstv. ráðh. hefði fengið einhvern snefil af víðsýni fremur á þeim sviðum, sem þjóðinni reið meira á, t. d. í sambandi við atvinnulífið; t. d. að hann hefði uppgötvað sannindi eins og þau, að það þarf framleiðslutæki og framleiðslutækin þurfa að ganga, en hæstv. ríkisstj. virðist hafa heldur litlar áhyggjur af framleiðslunni. Hún a. m. k. sýndi ekki annað í vinnudeilunum í vor en að það væri fullkomlega í hennar anda, að mestöll vinna legðist niður hér í höfuðstaðnum og í nágrenni í fleiri vikur, á meðan reiknað var og reiknað og þjappað var og þjappað að verkamönnum, hvort það væri ekki hægt að sleppa með að láta þá fá innan við 10% kauphækkun. Nei, hér er sem sagt um að ræða verulegar kauphækkanir til þeirra hæst launuðu í ríkiskerfinu, ráðh. sjálfra og þeirra nánustu fylgifiska. Aðrir hljóta að vísu nokkrar hækkanir, en ekki neitt svipaðar og þessir aðilar.

Ég get fallizt á það, sem ráðh. hefur tekið fram hér, að allar þær breytingar, sem ég hef gert hér að umræðuefni, er ekki að finna í þessu frv. einu, enda tók ég það skýrt fram í minni fyrri ræðu um málið, að þær hafa gerzt eða eru að gerast í fjórum ákveðnum áföngum, sem ég tilnefndi. En útkoman úr þeim öllum — og þetta er í rauninni lokahnúturinn í þeirri keðju — er sá, sem ég hef hér áður lýst.

Ráðh. hefur haldið því fram, að ég og minir flokksmenn höfum sagt í sambandi við lausn vinnudeilnanna í vor, að það væri ekki endilega þörf á því að binda kauphækkun verkamanna saman við launahækkanir ríkisstarfsmanna. Það er nú trúlega óvenjulega mikið satt í þessum orðum ráðh. Við höfum haldið þessu fram, og ég leyfi mér enn að halda því fram, þrátt fyrir það að ég tel hækkanirnar í lægri flokkunum á launalagafrv. því, sem nú liggur fyrir, sanngjarnar. Ég skal benda á, að áður en til verkfallanna kom, höfðu einnig þeir lægst launuðu ríkisstarfsmenn þegar fengið 3% hækkun á sínu kaupi, sem skeði með þeirri samþykkt, sem gerð var í des. í fyrra í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og stendur þar á 23. gr.

Ráðh. sagði að vísu, að við hefðum ekki hreyft neinum andmælum við þeim breytingum, sem þar voru gerðar, þó að þeir hæst launuðu væru hækkaðir langtum meira en þeir láglaunuðu. Þetta er ekki rétt hjá ráðh. Hann lofaði reyndar að aðgæta síðar, hvort þetta væri ekki rétt hjá sér, en hans háttur var nú sá að fullyrða fyrst og láta síðan í það skína, að það gæti komið til mála, að hann athugaði, hvað hann hefði sagt. Nú, það er góðra gjalda vert, að hann athugi það á einhverju stigi málsins, hitt væri sæmra fjármálaráðherra, að athuga hlutina fyrst og fullyrða síðan.

Þá hefur hann haldið því fram, að það væri sömuleiðis ekki samræmi í þeirri afstöðu okkar sósíalista að hafa ekki sýnt hreina mótspyrnu gegn frv. um afnám vísitöluskerðingarinnar og þeirri afstöðu, sem við höfum til launahækkana þeirra hæst launuðu. Það má segja, að fljótt á litið gæti falizt í þessu brot af sannleika. En það mál ber raunar að hér í hv. Alþ. með þeim hætti, að ríkisstj. leggur fram frv. um þessa hluti og lætur fylgja því þá grg., að þessu hafi hún áður lofað starfsmönnum ríkisins. Það er þess vegna ekki á færi Alþingis að meta málið nákvæmlega eftir sanngirni, heldur stendur Alþ. frammi fyrir þeim vanda að meta, hvort það eigi að verða til þess, að ríkisstj. brjóti gefin loforð á starfsmönnum ríkisins eða ekki. Það er sem sagt háttur hæstv. ríkisstjórnar í fjölmörgum tilfellum að láta Alþ. í rauninni ekki ráða málunum, heldur ráða þeim sjálf til lykta og stilla síðan Alþ. upp fyrir þeim sem gerðum hlut. Og ég skal viðurkenna fyrir mitt leyti, að það má vel vera, að bæði ég og aðrir hv. stjórnarandstæðingar séum stundum helzt til hikandi við að ráðast á málin, þegar þau eru þannig lögð fyrir okkur. Í þessu tilfelli, eins og ég hef áður tekið fram, var ekki beinlínis um það að ræða, hvort málið væri réttlátt í eðli sínu, heldur öllu frekar hitt, hvort Alþ. ætti að rjúfa gefin loforð ríkisstjórnarinnar til handa ríkisstarfsmönnunum.

Þá komum við að réttlætingu ráðh. á hinni geysilegu hækkun, sem ýmist er orðin eða fyrir dyrum stendur á launum hinna hæst launuðu, t. d. ráðh. sjálfra. Við fáum að fljóta með, sagði ráðh. Jú, jú, verkakarlarnir fengu 10% í grunnkaupshækkun. (Gripið fram í.) Ég ráðlegg hæstv.

ráðh. að fletta upp í ræðu sinni, þegar hún kemur til hans, og athuga, hvort þetta er ekki þar. (Gripið fram í.) Ja, ég þakka fyrir. Hafi ég misskilið, þá er ég auðvitað fús til að leiðrétta þetta, en ég heyrði ekki betur en ráðh. segði einmitt á þessa leið. Já, líklega hefur hann nú reyndar orðað það um ráðh., að þeir fái að fljóta með, og kann að vera misskilningur minn að segja frá á hinn mátann, að hann hafi sagt: Við fáum að fljóta með. En það er a. m. k. ekki munur á eðli málsins, og er eftir annarri framkomu ráðh. í þessu máli honum mjög sæmandi að deila um það, hvort orðalagið hann hafi viðhaft. Jú, jú, þeir fá að fljóta með nokkurn veginn með fimmfalda hækkun verkamannanna á þessu tímabili, sem ég hef fram tekið, frá í des. í fyrra til jan. n. k.

Ég tel þá, að af minni hálfu og minna flokksmanna sé í rauninni útrætt um þær deilur, sem hæstv. ráðh. hefur hér vakið um okkar afstöðu. Að sjálfsögðu vil ég áskilja okkur allan rétt til þess að svara því, sem kann að koma fram við framhald þessara umræðna, en ég vil endurtaka, að sú ríkisstjórn, sem telur það ofrausn við verkamenn að fá í árskaup um það bil 40 þús. kr. fyrir 8 stunda vinnudag, ætti að athuga, hvort það gæti ekki eitthvert þjóðarból líka legið í því að hækka laun t. d. ráðh. þannig, að þau verði á annað hundrað þús. á ári fyrir utan öll þau hlunnindi, sem þeim embættum fylgja, og fyrir utan þingfararkaup. sem ráðh. alltaf hafa, hvort sem þeir eru þm. eða ekki.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. hefur í tveimur ræðum, sem hann hefur flutt hér, haldið því fram, að afleiðingin af því, ef þetta frv. verður samþ., muni verða sú, að það muni verða miklar kauphækkanir hjá öðrum en ríkinu hér á landi. Þetta held ég að sé engin ástæða til að óttast eða gera ráð fyrir, vegna þess að með þessu frv. er aðeins verið að veita starfsmönnum ríkisins svipaðar uppbætur á grunnlaun og flestir aðrir eru búnir að fá. Það hefur dregizt þar til nú að veita þeim þetta. Það er fyrst verið að því nú með þessu frv. Þess vegna er þetta afleiðing af því, sem áður hefur gerzt í þjóðfélaginu, en ekki ástæða til að ætla, að þetta út af fyrir sig leiði af sér nýjar kauphækkanir hjá öðrum.

Hv. meðnefndarmaður minn, 9. landsk. þm., hefur talað hér tvisvar. Hann sagði í sinni fyrri ræðu, og ég held, að hann hafi endurtekið það nú síðar, að með þessu frv. væri verið að veita mönnum í efstu launaflokkunum yfir 30% kauphækkun. Ég verð að segja það, að mér þótti einkennilegt að heyra þetta frá hv. meðnm. mínum, og ég skil ekkert í, hvers vegna maðurinn heldur þessu fram. Eitt af því, sem við gerðum í fjhn., var að reikna út, hvað grunnlaunahækkunin væri mikil samkvæmt frv. hjá öllum launaflokkunum 15. Að vísu var það svo með þennan hv. nefndarmann, að hann skauzt heim til sín einu sinni og varð veðurtepptur og var ekki á nefndarfundum, en ég held ég muni það áreiðanlega rétt, að hann var á fundi, þegar við vorum að reikna þetta út, og tók þátt í þeim útreikningum sem glöggur og góður reikningsmaður. Og niðurstaðan af þeim útreikningum var sú, að samkvæmt þessu frv. hækka grunnlaun opinberra starfsmanna um milli 9 og 10% í öllum launaflokkunum, svo að segja jafnt. Þess vegna skil ég ekkert í, þegar menn fara í sambandi við þetta mál að tala um það, að menn í hæstu launaflokkunum fái margfalt meiri grunnlaunahækkun hlutfallslega en þeir í lægri flokkunum, þegar hlutfallshækkunin er nákvæmlega sú sama hjá öllum samkv. frv.

Samkvæmt launalögunum, sem nú gilda og sett voru árið 1945, voru hámarkslaun í XV. fl. 4800 kr., en í I. fl. 15 þús. Það voru rúmlega þrisvar sinnum hærri launin í I. fl. en í þeim XV. Það má heita, að þetta sé nákvæmlega eins nú. Samkvæmt frv. eru launin í I. fl. rúml. þrisvar sinnum hærri en í XV. fl., þeim lægsta. Og þetta sannar það, sem ég hélt fram áðan og við nefndarmenn allir tókum þátt í að finna út, að grunnlaunahækkunin er hlutfallslega sú sama hjá efsta og lægsta flokki. Mér skildist helzt, að hv. 9. landsk. hefði byggt þennan prósentuútreikning sinn á þeim grundvelli að telja vísitöluuppbætur með kauphækkunum. Þetta er nokkuð nýtt að heyra, enda er maður ýmsu vanur, og það er ekki alltaf haldið fram sömu kenningunum um sama efnið, en ég man ekki eftir því, að hann eða hans flokksmenn hafi undanfarið haldið því fram, að vísitöluuppbætur, miðaðar við breytingar á framfærslukostnaði, bæri að telja með kauphækkunum. Í þessu frv. er það eitt sagt um vísitöluuppbætur, að þær skuli ákveða með sérstökum lögum, og það hefur þegar verið gert nú nýlega. Það er ekki nema örstutt síðan hér voru afgr. frá þinginu lög um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkisins, og þar var ákveðið, að vísitöluuppbæturnar skyldu vera þær sömu til allra starfsmanna ríkisins, hvar í launaflokki sem þeir voru. Þetta mál var til athugunar hjá okkur í fjhn., og þar stóð þannig á, að hv. 9. landsk. var fjarverandi, þegar við afgr. málið í fjhn. þessarar d., en hvorki hann né nokkur annar flokksbróðir hans hreyfði nokkrum andmælum gegn þessu hér í d. Ég held, að það sé áreiðanlegt, að enginn þeirra hafi opnað sinn munn, þegar það var til umr. hér, og þeir greiddu a. m. k. ekki atkv. á móti því. Frv. var samþ. út úr d. með 19:1 atkv., og það mun hafa verið hv. þm. A-Húnv., sem greiddi atkv. á móti málinu hér. Í Ed. var þetta svipað. Þar var málið afgr. þannig, að 1 greiddi atkv. á móti, og það mun áreiðanlega hafa verið hæstv. forseti þeirrar d., þm. Barð., en hvorugur flokksbræðra hv. 9. landsk. Þetta bendir ekki til þess, að hann eða hans flokkur sé neitt á móti því, að allir starfsmenn ríkisins njóti sömu kjara viðkomandi vísitöluuppbótum, og þá er enn óskiljanlegra allt þeirra skraf um þessar miklu hækkanir hjá þeim, sem eru í hærri launaflokkunum. Að vísu kom hv. 9. landsk. þm. með þá skýringu nú í seinni ræðu sinni, að hann hefði heyrt, að ríkisstj. hefði verið búin að lofa að beita sér fyrir því, að allir fengju sömu vísitöluuppbót, en mér hefur virzt stundum, að hann og hans flokksbræður hér í hv. d. hefðu einurð á því að gera aths. við ýmislegt, sem frá stjórninni hefur komið. En það lítur út fyrir, að þeir hafi verið eitthvað miður sín, þegar þetta frv. um verðlags-

uppbótina var til meðferðar, ef það er þannig, að þeir séu á móti því, að allir fái sömu vísitöluuppbót. En ég vil nú ætla, þangað til annað kemur fram, að þeir séu alls ekkert á móti því og þess vegna hafi þeir a. m. k. ekki greitt atkv. á móti því máli hér á dögunum og sennilega einhverjir þeirra með því, þótt það sjáist ekki, þar sem ekki var viðhaft nafnakall.

Tveir hv. flokksbræður þessa meðnefndarmanns míns, hv. 2. þm. Reykv. og hv. 11. landsk., átu náttúrlega eftir honum þessar prósenttölur, og kom mér það ekki á óvart, en ég var meira hissa á því, að jafnskýr maður og hv. 3. landsk. þm. skyldi skrika í spori og fara að nefna þetta líka í sinni ræðu áðan. Að vísu er þetta vorkunnarmál vegna þess, hvað stutt er síðan nál. var útbýtt og þessi umr. hófst; hann hefur ekki áður kynnt sér þetta í frv. En hann lét þau orð falla, skildist mér, að hann teldi það ósköp eðlilegt, að starfsmenn ríkisins fengju hlutfallslega allir sömu grunnlaunahækkun, og hann mun sjá það, þegar hann athugar þetta nánar, að það er einmitt það, sem stefnt er að með þessu frv. Hann mun víst áreiðanlega ekki hafa haft neitt á móti ákvæðunum um að afnema vísitöluskerðinguna, þegar það mál var til umr. hér á dögunum. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi verið því samþykkur. Það getur auðvitað verið álitamál, því að það er margt í þessu þannig, hvað launamismunurinn á að vera mikill. Eins og ég sagði áðan, er það þannig hér samkv. þessu frv. og er nákvæmlega eins í gildandi launal., að menn í efsta launafl. hafa rúml. þrisvar sinnum hærri laun en þeir, sem taka laun eftir lægsta flokki.

Það er nokkuð vikið að þessu máli í grg., sem frv. fylgdi frá mþn., sem samdi frv. Þeir gera hér nokkurn samanburð. Þeir hafa fengið upplýsingar um launamismuninn í þremur nálæguin löndum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og er hann í öllum löndunum miklu meiri en hérna. Og n. segir hér, eftir að hafa birt þessar upplýsingar, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Láta mun nærri lagi samkv. upplýsingum þeim, sem n. hefur fengið um laun ríkisstarfsmanna annars staðar á Norðurlöndum, að hæstu laun þar séu a. m. k. 5—6 sinnum hærri en lægstu laun.“ Er af þessu ljóst, að launamismunurinn er þar svo til helmingi meiri en er hérna samkv. þessu frv. og verið hefur hér að undanförnu.

Hv. 3. landsk. þm. var að minnast hér á einstök atriði; hann var að tala um kennarana. Ég vil vekja athygli hans á því, að í brtt. frá fjhn. er gert ráð fyrir því, að barnakennararnir verði allir í IX. fl., og numið burt ákvæðið í greininni um 10 árin. Og hann nefndi hjúkrunarkonurnar; það er einnig brtt. frá n. um að færa þær í hærri flokk en er gert ráð fyrir í frv.

Hv. 8. landsk. þm. var að spyrja um það, hvort þessar till., sem hér liggja fyrir, væru frá launamálan. eða fjhn. Hann hefði ekki þurft annað en að líta á þskj., það ber það með sér að sjálfsögðu, að till. eru fluttar af fjhn., en ég vil vísa honum á það, sem segir í nál. frá fjhn., að till. eru bornar fram í samráði við launamálanefnd og með hennar samþykki. Hann var að minnast á launagreiðslur í háskólanum samkv. frv. og brtt. n. Sá maður, sem hann sérstaklega nefndi, er samkv. till. n. og einnig samkv. till. mþn. í frv. í V. launafl., og má teljast, að þeir menn hafi allsæmileg laun, sem eru í V. launafl. En n. taldi, að það væri eðlilegt, að prófessorarnir við háskólann væru einum flokki ofar, og gerir því till. um, að þeir verði í IV. fl. Telja má tvímælalaust, að það sé sanngjarnt, miðað við þær launagreiðslur, sem frv. yfirleitt gerir ráð fyrir til annarra starfsmanna.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta meira. Það var hér fyrr í dag fundur í Sþ., og þá var fjárlfrv. vísað til 2. umr. Í sambandi við það var ákveðið með samþykki þm. að fresta svokölluðum eldhúsdagsumr. þar til síðar. En ekki get ég að því gert, að mér hefur dottið í hug, þegar ég hef hlýtt á þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, sumar, að menn teldu heppilegt að færa þær umr. yfir á þetta mál. Mér hefur virzt vera þannig hljómur hér í þingsalnum, að það minnti nokkuð á venjulegar eldhúsdagsumr. Ég vænti nú samt, að þær dragist ekki úr hófi fram, svo að málið geti náð sem fyrst lengra áleiðis gegnum þingið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Sem nefndarmaður í hv. fjhn. langar mig til þess að segja fáein orð, fyrst umr. þessar hafa dregizt svo mjög sem raun ber vitni.

Ég tók þátt í allri afgreiðslu málsins í hv. fjhn. og er fylgjandi þeim brtt., sem n. hefur flutt á sérstöku þskj. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram, að fylgi við þær brtt. þýðir ekki, að ég vilji ekki gera fleiri breyt. á frv. hæstv. ríkisstj. en þar koma fram, enda er greinilega tekið fram í nál. fjhn., að ekki beri að líta á þessar till. hennar sem endanlegar brtt., heldur megi búast við fleiri brtt. frá n. fyrir 3. umr. málsins. Í n. höfum við rætt um nauðsyn þess að gera frekari breyt. á launakjörum ýmissa starfshópa en koma fram í þessum brtt. Ég hef þar haldið fram vissum sjónarmiðum varðandi vissa starfshópa, sem ég tel brýna nauðsyn til þess að breyta launakjaraákvæðunum um. Ég tel, að öllu réttlæti hafi ekki verið fullnægt með frv., þó að það yrði samþ. og allar till. fjhn. yrðu samþ. Ég tel, að það þurfi að gera á því frekari breytingar. Ég skal ekki um það ræða í einstökum atriðum, hvaða breyt. ég tel að þurfi að gera á frv., bæði hætt við, að það yrði of langt mál, og auk þess vafasamt, að heppilegt sé að flytja það, sem enn er á umræðustigi í n., hér inn í þingsalina, enda hafa ræður manna ekki aðallega beinzt að einstökum atriðum í sambandi við málið, heldur frekar snúizt um það almennt. Ég vona, að samkomulag takist í fjhn. um ýmisleg þau atriði, sem ég persónulega hef borið þar fyrir brjósti, og í trausti þess, að samkomulag náist þar um frekari endurbætur á frv., ákvað ég fyrir mitt leyti, og hið sama mun gilda um hv. 9. landsk. þm., að flytja ekki brtt. við þessa umr. málsins, en ljúki n. ekki störfum sínum þannig, að ég eða við getum við unað, þá munu brtt. verða fluttar við 2. umr. málsins.

Um það verður varla deilt, að brýna nauðsyn hafi borið til þess að rétta hlut opinberra starfsmanna frá því, sem verið hefur undanfarið. Það hafa oft verið færð fyrir því töluleg

rök, að launakjör opinberra starfsmanna hafi, síðan launalög voru sett síðast, haustið 1945, dregizt aftur úr þeim launakjörum, sem menn hafa aflað sér með frjálsum samningum við vinnuveitendur sína, þegar menn hafa haft frjálsan samningsrétt um kaup sitt og kjör. S. l. haust voru launamál opinberra starfsmanna allmikið á dagskrá, m. a. í sambandi við afgreiðslu síðustu fjárl., þegar veitt var nokkur almenn launauppbót á laun opinberra starfsmanna. S. l. haust var gerður samanburður á þeim breytingum, sem orðið hefðu á launum opinberra starfsmanna síðan haustið 1945, og þeim launum, sem hefðu orðið á launum manna í helztu stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands. Niðurstöðurnar af þessum rannsóknum voru mjög athyglisverðar og eru allar á þá lund, að kjör opinberra starfsmanna hafi dregizt mjög aftur úr kjörum þeirra manna, sem búa við frjálsan samningsrétt um kaup sitt og kjör. Á s. l. hausti kom í ljós, að vegið meðaltal af kauphækkunum allra faglærðra iðnaðarmanna hafi reynzt frá 1945 til haustsins 1954 23.6%; mest hækkun hafi orðið hjá matreiðslumönnum, 35.1%, en minnst hjá málurum og pípulagningarmönnum, eða 19.4%. Í sambandi við þessa grunnlaunahækkun faglærðra iðnaðarmanna er þess þó að geta, að fjölmargir þeirra vinna nú eftir taxta, vinna eins konar ákvæðisvinnu. Kaup þeirra er miðað t. d. við uppmælingu, svo að raunveruleg grunnkaupshækkun þeirra stétta, sem búa við þessi vinnuskilyrði eða vinnukjör, hefur hækkað miklu meira en hin vegna meðaltalshækkun, 23.6%, ber vott um. Kaup ófaglærðra verkamanna hækkaði frá haustinu 1945 til haustsins 1954, byggt á vegnu meðaltali, um 23.7%. Hinn almenni taxti Dagsbrúnarmanna hafði þó hækkað nokkru meira, hann hafði hækkað um 25.7%, en taxti ófaglærðra verkakvenna hækkaði á sama tíma um hvorki meira né minna en 36.8%. Ef öll þessi vegnu meðaltöl eru enn vegin, þá reynist meðaltalskauphækkun allra þeirra starfsstétta, sem athugunin náði til, en það voru allar stærstu stéttirnar í Alþýðusambandinu, 27.2%. Raunveruleg kauphækkun hefur þó áreiðanlega, sem betur fer, orðið meiri, bæði vegna breytts mælikerfis, þ. e. a. s. ákvæðisvinnunnar, og svo auðvitað vegna aukinnar atvinnu, þar sem um það hefur verið að ræða, en atvinnuskilyrði munu haustið 1945 hafa, ég segi enn: sem betur fer, verið miklu betri en haustið 1945.

Samtímis því, að meðaltalskauphækkun þessara starfsstétta, sem búa við frjálsan samningsrétt um kaup sitt og kjör, reyndist á fyrstu 9 árum launalaganna vera 27.2%, var sú kauphækkun, sem loksins fékkst fram í fyrrahaust á launum opinberra starfsmanna, aðeins 20%. Lengra komust opinberir starfsmenn ekki í fyrra. M. ö. o., þegar síðasta breyting var gerð á kaupi opinberra starfsmanna, var meðaltalshækkun þeirra 20%, en meðaltalshækkun þeirra starfshópa, sem semja frjálst um kaup sitt og kjör, orðin 27.2%. Þess er líka að geta, að 20% hækkunin er raunveruleg, um þá tölu verður ekki deilt, en 27.2% hækkunin er áreiðanlega algert lágmark, og má frekar gera ráð fyrir því, að rétt tala þar nálgist 30%.

Síðan þetta gerðist, hefur kaup almennt hjá félögum Alþýðusambandsins, svo sem kunnugt er, hækkað um 11%. Til þess að vega upp á móti því er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að kaup opinberra starfsmanna hækki um 9—10%. Enn er kauphækkun opinberra starfsmanna því látin vera minni en sú hækkun, sem fæst með frjálsu samkomulagi, þrátt fyrir það að um það bil 10 hundraðshluta bil hafi verið á kauphækkuninni síðan 1945. Það bil á að standa óbætt enn. Ég tel því, að ekki verði sagt, að þetta frv. gangi í heild of langt í kauphækkunarátt til handa opinberum starfsmönnum. Verði eitthvað sagt, þá er það hið gagnstæða, að frv. gangi fremur of skammt en of langt til móts við það, sem telja má eðlilegar kröfur opinberra starfsmanna í samanburði við þá, sem semja frjálst um kaup sitt og kjör.

Um frv. er auk þess það almennt að segja, að samkv. því er bilið milli hárra og lágra tekna ríkisstarfsmanna ekki breikkað, og er þó það bil án efa minna hér en tíðkast í nokkru nágrannalandi. Ég er ekki að segja, að þetta bil eigi að breikka, en aðeins að benda á, að með þessu frv. er bilið ekki breikkað. Hefur þó áreiðanlega, síðan síðustu launalög voru samþykkt, gerzt sú breyting almennt í íslenzku þjóðfélagi, í íslenzku efnahagskerfi, að mönnum, sem hafa háar tekjur, hefur farið fjölgandi. Tekjuskiptingin hefur án efa ójafnazt síðan 1945, þ. e. a. s. þeim mönnum, sem hafa tiltölulega mjög háar tekjur, hefur fjölgað að tiltölu, miðað við hina, sem hafa tiltölulega lágar tekjur. Ef opinberir starfsmenn ættu að búa almennt við sams konar launahlutföll og gerast í íslenzku efnahagslífi yfirleitt, hefði átt að breikka bilið milli hinna tekjuháu og hinna tekjulágu. Ég mæli ekki með slíkri stefnu, heldur þvert á móti með því að gera ráðstafanir til þess, að sú breikkun, sem orðið hefur í efnahagskerfinu yfirleitt og milli tekjuhárra og tekjulágra manna annars staðar en hjá opinberum starfsmönnum, verði minnkuð, að það verði gerðar ráðstafanir til þess að minnka launabilið í viðskiptalífinu almennt meir til samræmis við það, sem hefur átt sér stað og á sér enn stað samkvæmt launalögum opinberra starfsmanna. En meðan ástandið er í viðskiptalífinu eins og það er raunverulega, að bilið milli tekjuhárra og tekjulágra manna er miklu meira en gert er ráð fyrir að það verði samkvæmt þessum lögum, tel ég ekki rétt að gera breytingar á þeim í þá átt að minnka bilið frá því, sem gert er ráð fyrir þarna.

Í sambandi við þetta má og minna á, að einmitt vegna þess, hversu mjög það hefur færzt í vöxt, að menn í viðskiptalífinu, jafnvel hjá hálfopinberum stofnunum, hafi hátt kaup og hafi fengið kaup sitt hækkað mikið undanfarin 10—20 ár, hefur ríkinu gengið æ erfiðara að fá menn til hinna ábyrgðarmeiri starfa. Það mætti nefna ýmsar hálfopinberar stofnanir, svo sem t. d. bankana, þar sem launagreiðslur almennt, ekki aðeins hjá hinum hæst launuðu, heldur einnig hjá hinum lægra launuðu, eru mun hærri en hjá hinu opinbera. Fjölmargar aðrar hálfopinberar stofnanir mætti nefna, þar sem þetta á sér stað, og þó er vitað, að launin í viðskiptalífinu, í at-

vinnurekstrinum, eru enn hærri. Það, sem stofnanir eins og bankarnir bera einmitt fyrir sig, þegar rætt er við þá um það, hvers vegna eðlilegt sé, að þeir greiði hærri laun almennt en gert er samkvæmt launalögum, er alltaf þetta: Við keppum á vinnumarkaðinum við viðskiptalífið, við keppum við heildverzlanirnar, við keppum við iðnfyrirtækin, við keppum við útgerðarfyrirtækin, og þar eru launin enn miklu hærri. Við fengjum enga hæfa starfsmenn, ef við gerðum ekki tilraun til þess að bjóða eitthvað í áttina við það kaup, sem greitt er í viðskiptalífinu.

Ég tel, að varhugavert sé, þegar gerður er samanburður á launahæð opinberra starfsmanna nú og t. d. fyrir ári, að blanda saman þeim grunnlaunabreytingum, sem gerðar hafa verið með bráðabirgðaákvæðum í fjárlögum undanfarin ár og núna á að lögfesta í þessu frv., og svo þeim breytingum, sem gerðar hafa verið með sérstökum lögum og hafa þegar tekið gildi, um afnám á skerðingu vísitöluuppbótar hjá opinberum starfsmönnum. Þegar það frv. var til meðferðar í fjhn. og þessari hv. d., var ég fylgjandi því frv., vitandi þó, að það hefði í för með sér tiltölulega meiri hækkun á launum hinna hærra launuðu opinberu starfsmanna en hinna lægra launuðu. Ástæðan var sú ein, að hliðstæð breyting hafði áður verið gerð hinum lægra launuðu í vil, en hinir hærra launuðu þá skildir eftir. Eftir að það ástand er komið á, ekki aðeins á hinum frjálsa vinnumarkaði, heldur einnig hjá langflestum hálfopinberum stofnunum, að verðlagsuppbót er greidd jafnt á öll laun, hvort sem þau eru há eða lág, tel ég óverjandi að láta það ekki einnig gilda um opinbera starfsmenn. Mér hefur skilizt, að það hafi verið milli 250 og 300 opinberir starfsmenn og þeir einir, sem sú regla náði ekki lengur til, að full verðlagsuppbót skyldi greidd á allt kaup, eftir að sú regla var tekin inn í kaup- og kjarasamninga í verkfallinu á s. l. vori. Ég fylgdi frv. um afnám vísitöluskerðingarinnar vegna þess, að ég taldi óeðlilegt, óréttlátt, að raska því launahlutfalli, sem ákveðið var í launalögunum 1945, gagnvart 250—300 starfsmönnum með því að láta þá búa við skerta verðlagsuppbót. Það er mál út af fyrir sig, sem ekki á að blanda saman við þá breytingu á grunnkaupi, sem gert er ráð fyrir að gera með þessu frv., og þá tilfærslu einstakra starfshópa eða starfsmanna milli flokka, sem hér er einnig gert ráð fyrir.

Að síðustu vildi ég fara nokkrum orðum um þá brtt. hv. þm. A-Húnv. að spara ríkinu 16 millj. með því að lækka yfirleitt laun opinberra starfsmanna í öllum flokkum um þá upphæð. Ég tel, að ekki verði flutt skýrari rök gegn þessari till. hv. þm. A-Húnv. en fram koma í samanburðinum, sem ég gat um áðan, á launabreytingum opinberra starfsmanna síðan 1945 og launabreytingum þeirra manna, sem semja frjálst um kaup sitt og kjör. Staðreyndin er sú, að fyrir síðasta verkfall voru opinberir starfsmenn næstum 10% á eftir og höfðu öll 9 árin verið meira eða minna á eftir þeim, sem eru í Alþýðusambandinu. Síðan hækkaði kaup þeirra enn um ca. 11%. Það á aðeins að bæta upp með 9%, svo að enn er hægt að segja, að opinberir starfsmenn séu a. m. k. 10% á eftir meðlimum Alþýðusambandsins. Ef þrátt fyrir þetta ætti að lækka laun opinberra starfsmanna enn, svo sem hv. þm. A-Húnv. leggur til að gert verði, þá er það að sýna þessari fjölmennu starfsstétt beinan fjandskap. Og það er ekki aðeins að sýna henni beinan fjandskap, það er einnig að stefna mikilvægum hagsmunum ríkisvaldsins í hreinan voða, því að ef þetta yrði gert, er öldungis öruggt, að þeir erfiðleikar, sem ríkisvaldið á nú við að etja að fá hæfa menn í sína þjónustu, þ. e. keppa á vinnumarkaðinum við viðskiptalífið almennt, mundu aukast og margfaldast svo mikið, að af því mundi hljótast hreinn voði fyrir ríkisbúskapinn. Till. er því hvort tveggja í senn: ranglát í garð opinberra starfsmanna og óskynsamleg, ef ekki beinlínis hættuleg frá sjónarmiði ríkisvaldsins.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér sýnist, að þeir fulltrúar Framsfl., sem sérstaklega hafa tekið að sér að verja þær till. til launabreytinga, sem hér liggja raunverulega fyrir, form. fjhn., hv. þm. V-Húnv., og hæstv. fjmrh., séu nú orðnir heldur innikróaðir í þessum umr.

Hv. form. fjhn. segir hér, að það komi sér ákaflega einkennilega fyrir sjónir, að jafnvel maður úr fjhn. og það töluglöggur maður skuli leyfa sér að halda því fram, að hér sé um launahækkanir að ræða, sem jafnvel nemi 30—40% í ýmsum tilfellum, þar sem n. hafi reiknað það nákvæmlega út, að á öllum liðum eða í öllum launaflokkum sé tilsvarandi launahækkun 9—10%. Hvernig stendur nú á þessu, að hv. 9. landsk., eins og form. fjhn. spurði, getur haldið þessu fram, og hæstv. fjmrh. hefur reynt að marka sér umræðugrundvöll á þennan hátt líka? Báðir vilja þessir hv. þm. reyna að líta fram hjá þeirri staðreynd, sem hér hefur verið margítrekuð, að þær launahækkanir, sem við fulltrúar Sósfl. hér höfum bent á að nema í ýmsum tilfellum 30—50%, hafa komið fram á þessu ári í 4 liðum, en koma ekki allar fram í þessu frv. einu. Hvernig stendur svo á því, að hv. form. fjhn. gerir sig hlægilegan á þennan hátt, að koma svo og þykjast ekkert skilja, að menn skuli blanda þessu svona saman? Honum hefur verið bent á það, að þegar rætt er hér um, að ýmsir af embættismönnum ríkisins muni fá, þegar þetta launalagafrv. hefur verið samþykkt, upp í 40—50% launahækkun, þá byggist það á því, að með er reiknuð sú grunnlaunabreyting, sem gerð var í ársbyrjun, og sú samþykkt Alþ. að fella niður vísitöluskerðinguna við útreikning launa, og svo einnig miðað við ákvæði þessa frv., sem gera ráð fyrir 9—10% launahækkun, og í fjórða lagi við þau ákvæði þessa frv. að færa ýmsa embættismenn á milli launaflokka. Þessu hefur verið hér haldið fram, og hér hefur verið birtur útreikningur, sem þessir hv. ræðumenn hafa ekki reynt að hnekkja og er fullkomlega réttur. Það hefur verið bent á, að séu tekin laun ýmissa forstjóra á vegum ríkisfyrirtækja í ársbyrjun þessa árs og aftur reiknuð út í árslok nú, miðað við nákvæmlega sömu vísitölu í báðum tilfellum, 159 vísitölustig í ársbyrjun og 159 vísitölustig nú í árslok, þá er hækkunin hjá þessum forstjórum í launum 34.6%. Af hverju reynir ekki hv.

formaður fjhn., sem þetta veit mætavel, að hnekkja þessum útreikningi hins töluglögga manns og stærðfræðikennara? Af hverju reynir hann það ekki? Af því að hann veit, að þetta er ekki hægt. Þetta eru beinar staðreyndir, sem þarna liggja fyrir. Þetta er nákvæmlega sama varðandi laun ráðherranna. Séu laun ráðherranna reiknuð út í ársbyrjun og svo aftur í árslok og þá teknar til greina allar þær breytingar, sem þá eru orðnar, þá er launahækkunin hjá ráðherrunum 47.3%. Hvernig stendur nú á því, að jafntöluglöggur maður og hæstv. fjmrh. og vanur að fara með tölur og reikna út kaup er að reyna að gera sig hlægilegan á þann hátt að neita þessari staðreynd og ætlar svo að fela sig á þann hátt að segja: Ja, frv. gerir nú ekki ráð fyrir í þessum launaflokki nema 9—10% launahækkun. Þetta er því 9—10% launahækkun, þó að þessir aðilar séu búnir að fá launahækkun á ýmsum öðrum liðum áður.

Þá var reynt að klóra í bakkann á þann hátt að skjóta sér undir það: Ja, hafa nú þeir menn, sem benda á þessa staðreynd, hafa fulltrúar sósialista verið á móti þessum fyrri aðgerðum viðvíkjandi breytingum á launum embættismanna? Voru þeir á móti því, þegar grunnlaunauppbótinni var breytt? Þegar fyrsta aðgerðin til launahækkunar var samþykkt, voru þeir á móti því? Auðvitað kemur þetta ekki málinu við út af fyrir sig. En hið sanna er, að við sósialistar fluttum till. þá um það, við afgreiðslu fjárlaga rétt um áramótin í fyrra, að sú upphæð, sem ráðgert var að verja til þessara grunnlaunauppbóta hjá starfsmönnum ríkisins, yrði greidd starfsmönnum ríkisins á sama hátt og áður var, þ. e., að hinir lægst launuðu skyldu fá tiltölulega mesta grunnlaunauppbót, en hinir hæst launuðu skyldu fá samsvarandi minni grunnlaunauppbót. Við lýstum því greinilega yfir í umræðum og með flutningi þessarar till., að við vorum andvígir þeirri stefnu, sem þarna var tekin upp. En þá knúði ríkisstj. það í gegn hér á Alþingi að bæta upp laun hinna launahæstu miklu meir en laun hinna launalægstu. Þegar tillögur lágu hér fyrir um að greiða öllum, hversu há laun sem þeir hafa, fulla dýrtíðarvísitölu, þá var það rétt, að við sósialistar héldum hér ekki uppi neinum umræðum út af þeirri till. Það er að vísu sjónarmið út af fyrir sig, hvort rétt er að láta menn fá launahækkun í formi fullrar vísitölu eða hafa skerta vísitölu, en bæta upp grunnlaunin. En í þessu efni vil ég minna á, að það hefur aldrei fyrr en nú í þessum umræðum, þegar menn eru að reyna að skjóta sér undan hinum sára veruleika á þennan hátt, því verið neitað, að hækkuð verðlagsuppbót í launum væri metin til jafns við hækkað grunnkaup, þegar svo hefur staðið á. Í þessu efni vil ég minna á verkfallið s. l. vetur. Þá fengu verkamenn, eins og allir kannast við, um 11% grunnlaunahækkun. En við iðnaðarmenn, sem líka tóku þátt í þessum verkföllum, var samið um það, að þeir fengju samsvarandi jafnháa kauphækkun. En hvernig var þeirra kauphækkun til komin? Þeir fengu aðeins í kringum 3% grunnlaunahækkun, en vísitöluskerðingu, sem var á þeirra kaupi, var aflétt. Þannig var það reiknað út, hvað þessi breytta vísitala jafngilti mikilli beinni kauphækkun þessari stétt til handa, og það voru allir á einu máli um það, að þetta væri sanngjarnt, og svona var frá þessu gengið þá. En nú koma fulltrúar hinna hæst launuðu embættismanna ríkisins og segja: Ja, þó að við fáum vísitöluna á miklum hluta kaupsins hækkaða úr 23 vísitölustigum upp í 71 vísitölustig eða stórfelldar launabætur á þennan hátt, þá er alveg vafasamt, hvort maður eigi að telja þetta með. Eiginlega er það bara blekking að vera að blanda því inn í málið. — Þá á ekki að reikna þetta sem kaupuppbót. En það var sannarlega gert við lausn verkfallsins. Auðvitað eru það launabætur, og sannleikurinn er sá, að ég hygg, að embættismönnum og öðrum, ef þeir fá, miðað við sitt árskaup, 10 þús. kr. launabætur, er nokkurn veginn sama, hvort þessar 10 þús. kr. koma út eftir breyttum vísitöluútreikningi eða þá með hækkuðu grunnkaupi. Ef þeir fá sömu launabætur eftir sem áður, þá kemur það nokkuð í einn stað niður.

Þá vil ég einnig benda á það, að þó að gengið hafi nú verið til móts við ýmsa launaflokka og jafnvel þá launahæstu með því, að þeir fá í fyrsta lagi verulega grunnlaunauppbót, og síðan er gengið til móts við þá með því, að þeir fá verulega kauphækkun með breytingu á vísitöluútreikningi, þá er ekki þar með sagt, að svo eigi að halda endalaust áfram og segja: Þrátt fyrir þessar miklu launabætur kemur hér bara 9—10% launahækkun til þessara manna eins og ýmissa annarra, sem hafa ekki fengið neina kauphækkun í formi breyttrar vísitölu. — Það er talið sjálfsagt, og ekki aðeins það, heldur einnig sjálfsagt að færa þá á milli launaflokka, jafnvel um tvo launaflokka upp á við til hækkunar í kaupi. Þegar tvær aðskildar launabætur hafa hér verið samþykktar og svo kemur hér fram till. um aðrar tvær og gengið er lengra til þess að færa þeim aukið kaup, sem hæst hafa kaup í landinu, þá er ósköp eðlilegt, að á það sé bent. Og það er miklu mannlegra fyrir hæstv. fjmrh. og form. fjhn. að játa hreinlega, að þetta sé svona, það sé ætlunin að láta þessa aðila, sem hæst hafa launin, fá miklu meiri launahækkun en alla aðra, heldur en að reyna að vefja þetta inn í loðnar yfirlýsingar um það, að raunverulega sé hér í þessu frv. aðeins verið að tala um 9—10% launahækkun, því að það er rangt. Hið sanna er, að á því ári, sem enn stendur yfir, nemur launahækkunin því, sem við höfum hér skýrt frá.

Sitthvað hefur nú dregizt hér inn í þessar umr., og m. a. var hér minnzt á það, hvernig tekið hefði verið á sínum tíma á kröfum verkfræðinganna um launahækkun. Ég tek að vísu ekki til mín það, sem sagt hefur verið um það. Ég hef ekki sett mig svo mjög inn í það, hvernig ríkisstj. í rauninni hélt á þeim málum. En það vil ég segja í sambandi við þær kröfur og lausn þeirra mála, að það, sem þar var að gerast, var rétt mátulegt handa ríkisstj. að fá að glíma við, því að hinar mjög svo hækkuðu kröfur verkfræðinganna til kaups hjá ríkinu grundvölluðust fyrst og fremst á því, að þessir menn áttu kost á gífurlega háu kaupi suður á Keflavíkurflugvelli og miðuðu flestallir við það. Í sambandi við

verkfræðingana stóð því ríkisstj. í þessu efni nákvæmlega eins að vígi og ýmsir aðrir í þjóðfélaginu hafa staðið og standa enn í dag í sambandi við kaupuppboðið, sem á sér stað suður á Keflavíkurflugvelli. Framleiðsluatvinnuvegirnir, t. d. togararekstur inn og bátaútvegurinn, hafa vitanlega fengið að glíma við þetta. Þrátt fyrir allverulega hækkun stundum á kaupi sjómanna hefur Keflavíkurflugvöllur í ýmsum tilfellum sprengt það langt upp. Og þeir, sem hafa haft með framleiðsluna að gera, hafa staðið frammi fyrir þessum vanda, þeir hafa ekki getað keppt við allt það kaupuppboð, sem þar hefur átt sér stað í ýmsum greinum. Þeir hafa bara misst mennina. Skipstjórarnir hafa farið í land og margir og margir fleiri. Og hvað átti framleiðslan að gera? Framleiðslan var meira og minna í vandræðum vegna þess ástands, sem ríkisstj. var völd að í þessum efnum, og lokaleiðin varð svo sú, til þess að stöðva skipin ekki alveg, að leita til Færeyja og fá Færeyinga til þess að reyna að halda skipunum úti. Alveg sambærilegt vandamál hefði verið fyrir ríkisstj. að reyna að leysa sitt mál með því að fá Færeyinga í staðinn fyrir þá verkfræðinga, sem hún var búin raunverulega að senda í hernaðarvinnu suður á Keflavíkurflugvöll. En vegna þess að það var sérstaklega boðið í verkfræðingana þar syðra, þá vitanlega miðuðu þeir sínar kröfur við allmiklar launabætur, og þeir fengu nokkuð mikið fram og eru nú ekki teknir inn í þetta frv. En í þeim efnum var hæstv. ríkisstj. sem sagt að glíma við sinn eigin draug og ekkert annað, þann draug, sem hún fann að var nokkuð erfitt að glíma við í þessu tilfelli, þó að hún hafi ekki skilið þau vandræði, sem hún hefur raunverulega stefnt að atvinnulífi landsins á samsvarandi hátt gagnvart öðrum starfsmönnum.

Ég vil svo að lokum benda á það, að þegar var verið að leysa verkfallið s. l. vetur, þá buðu fulltrúar verkamanna það, að vísitöluskerðingin mætti fyrir þeim haldast eftir sem áður á kaupi, sem væri yfir 12 kr. á klst., en það mun samsvara mjög kaupi, sem er samkvæmt XI. launaflokki, eða með lægri launaflokkunum. En þá brá svo einkennilega við, að þeir aðilar, sem stóðu að verkfallinu, atvinnurekendur studdir af ríkisstj., neituðu með öllu að fallast á þetta. Þeir vildu þá endilega afnema alla vísitölutakmörkun, og nú kemur vitanlega í ljós, vegna hvers það var. Það var til þess, að hinir hæst launuðu í þjóðfélaginu, ýmsir opinberir starfsmenn, gætu fengið að njóta sérstaklega góðs af því, að rýmkað var þarna til nokkuð um útreikning á kaupi fyrir hina lægra launuðu. Hið sanna er, að við, sem höfum bent á þessar staðreyndir viðvíkjandi mikilli launahækkun hjá þeim hæst launuðu, höfum ekki á nokkurn hátt, eins og hæstv. fjmrh. hefur haldið fram, rangfært þetta frv. Við bendum aðeins á þá staðreynd, að þetta frv. boðar svona mikla launahækkun til viðbótar við þá, sem þegar hefur verið gerð, og samtals nema launabæturnar svona háum tölum eins og við höfum sýnt fram á. Svo getur hver trúað því, sem trúa vill, að það takist á eftir að sætta þá, sem hafa lægst laun í þjóðfélaginu, við að búa við þau kjör, sem þeir búa við nú, þegar allar þessar miklu launahækkanir hafa verið samþykktar þeim til handa, sem langsamlega hafa hæst kaup í landinu.

Eitt atriði er það enn, sem ég vildi minnast hér á, og það er sá einkennilegi samanburður, sem sumir aðilar vilja hafa hér í tíma og ótíma á kauphækkunum hinna lægst launuðu verkamanna og allra annarra manna í landinu, hversu hálaunaðir sem þeir eru. Hæstv. fjmrh. notar þessa aðferð sí og æ. Og einn er sá maður hér annar, fulltrúi Alþfl., hv. 1. landsk. þm. (GÞG), sem í sífellu er einnig með þennan samanburð, og mér þykir það enn einkennilegra, að hann skuli nota hann. En finnst honum sanngjarnt, finnst honum eðlilegt, að þó að hinir lægst launuðu í þjóðfélaginu jafnvel fái á einu stigi málsins 10% launabætur, þ. e. maður, sem hefur 30 þús. kr. kaup, geti lyft sínu kaupi upp um 3 þús., þá sé einnig gefið mál, að maður, sem hefur, eins og sumir hafa samkvæmt þessu frv., 100 þús. kr. kaup, eigi líka að fá 10% launabætur, eða 10 þús. kr., ef hinir fá 3 þús.? Er það endilega sjálfsagt, að svo sé haldið á málunum? Ég neita þessum samanburði með öllu og fellst ekki á það, því að þetta er óréttlátt, og það er einmitt barátta verkalýðssamtakanna í landinu og hefur verið fram til þessa, hélt ég, baráttumál Alþfl. líka að vinna fremur að hagsmunamálum þeirra, sem ganga frá borði með skarðan hlut í þjóðfélaginu, en ekki að það sé þeirra hlutverk að krefjast í sífellu samsvarandi launahækkana til hinna, sem hafa langhæst kaup í landinu, enda er hið sanna það, að þegar hæstv. fjmrh. og aðrir slíkir reyna að nota þessa aðferð, þá er það gert í því skyni að reyna að koma í veg fyrir, að hinir lægst launuðu geti fengið sín 10%. Það er gert í því skyni. Þegar þeir voru s. l. vetur að knýja fram sína litlu kauphækkun, þá var það m. a. aðferð hæstv. fjmrh. að taka einnig samsvarandi kauphækkun á alla starfsmenn ríkisins til þess að reyna að gera fúlguna sem allra hæsta og segja: Ja, ef hinir lægst launuðu fá þetta, þá fá allir hitt, og þá verður upphæðin svona mikil. — Það er a. m. k. varhugavert fyrir þá, sem vilja vera forsvarsmenn þeirra, sem lægst launin hafa í landinu, að ætla að elta þennan samanburð á þann hátt, sem m. a. hv. 1. landsk. þm. gerði hér í sinni ræðu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þó að maður tali nú ekki fyrir þingheim, heldur fyrir alþingistíðindin, þá taldi ég rétt að segja hér nokkur orð til að leiðrétta eitt eða tvö atriði, sem fram komu í umr., eftir að ég talaði hér síðast.

Hæstv. ráðh. vék eins og margir fleiri að verkfallinu s. l. vor og niðurstöðu þess og sagði, ég held nokkurn veginn orðrétt, að ógæfan hafi verið sú, að teknir hafi verið þeir hæst launuðu og lægst launuðu saman í þessa deilu, og því fór sem fór, sagði hann.

Þetta er á algerum misskilningi byggt og er rangt. Það voru að vísu samferða þarna í verkfallinu verkamenn með kr. 10.24 í grunn og iðnaðarmenn, sem voru með upp að 12 kr. í grunn, en það átti að gera sérstaka samninga fyrir hverja tegund þessara launamanna, og þess vegna reyndi á það, hvort atvinnurekendurnir veittu

meira viðnám samningnum við hina almennu verkamenn eða við iðnaðarmennina. Og á hverju stóð allan tímann, sem verkfallið stóð? Allt til síðasta dags stóð á því, að Vinnuveitendasambandið vildi ekki semja um grunnkaupshækkunina til hinna almennu verkamanna, en atvinnurekendur voru miklu fúsari til að leysa samningana við múrarana og trésmiðina, sem síðan var í áróðrinum út á við sagt að allt strandaði á. Þessu var alveg snúið við. Það hefði verið dálagleg aðstaða, sem vinnuveitendasamtökin hefðu getað komið okkur í, ef það hefði verið eins og þeir sögðu, þau hefðu boðið strax í byrjun deilunnar sæmilega lausn á launakjörum hinna almennu verkamanna og svo hefðum við staðið með allt saman fast eingöngu vegna launadeilunnar út af múrurunum og trésmiðunum. Nei, það kom aldrei til þess, því að atvinnurekendurnir stimpuðust alltaf á móti hækkuninni til hinna almennu verkamanna. Nú segir hæstv. ráðh., að það, sem ógæfunni hafi valdið, hafi ekki verið 11% launahækkunin, sem fékkst til hins almenna verkalýðs í landinu og nú er komin á um allt land. Gott og vel, þá er ekki stór skaði skeður, því að það er á engan hátt hægt að rökstyðja það, að þjóðfélaginu hafi verið stofnað í háska með þeirri launahækkun, sem iðnaðarstéttirnar fengu, nokkur hundruð manna. En hver var launahækkun þeirra, þar að auki? Fengu þeir 11% hækkun á kaup sitt? Nei, þeir fengu það ekki. Það var rétt við það, að grunnkaup þeirra sumra mjakaðist nokkuð upp á við, og það var alls ekki um meiri grunnkaupshækkun að ræða en 3% hjá iðnaðarstéttunum, sem hæst voru launaðar, eins og hv. 11. landsk. gat hér um áðan.

Ef það ætti nú að leysa launalagafrv. á svipuðum réttlætisgrundvelli og í vor, þá ætti auðvitað breytingin að vera sú, að hlutfallslega fengi mesta hækkun fólkið, sem er í lægstu launaflokkunum, og að þeir, sem eru í I.—X. launafl., fengju launahækkanir á svipuðum grundvelli og múrarar og trésmiðir og aðrir slíkir fengu í vor, þ. e. a. s. að meðaltali 2—3% grunnkaupshækkun. Það væri hliðstæða nokkurn veginn í afgreiðslu þessara mála hér og þá.

Það er verið að halda því fram hérna, að rangfærslur hafi verið viðhafðar í meðferð talna að því er snertir athugun á launahækkun opinberra starfsmanna frá því í fyrrahaust. En það er búið að sýna ljóslega fram á það, að dæmið er rétt reiknað. Það er komið svo, að ýmsir hærra launaðir starfsmenn ríkisins fá með þessum breytingum öllum saman á einu ári milli 30 og 40% launahækkun, og það er margfalt á við það, sem verkalýðurinn í landinu hefur fengið.

Því var ekki mótmælt, sem ég vék að hér áðan, að launahækkunarskriðan fór af stað vegna þess þrýstings, sem stjórnarstefnan var búin að skapa strax á miðju árinu sem leið, fyrst hjá Reykjavíkurbæ og síðan hjá hæstv. ríkisstj., og hvorugur aðilinn fékk við neitt ráðið. Það er fyrst á s. l. vori frá 1. maí að telja, sem verkalýðurinn fær sína launahækkun. Og hæstv. ráðh. talaði um, að við þessu hefði ekki verið hægt að sporna, og það mun rétt vera. Það er líka fjarri því, að iðnaðarmennirnir, sem fengu sína litlu launahækkun í vor, verði ekki varir við sama þrýstinginn núna eftir launabreytingu þeirra eins og aðrir; þeir eru yfirkeyptir í mörgum tilfellum, þeir eru knúðir til að vinna miklu lengri vinnutíma en eðlilegt er, og þeim er borgað 50% álag á fyrstu eftirvinnuna og 100% álag á næturvinnuna, sem þeir eru beðnir að vinna, af því að svo fast er kallað eftir vinnuafli þeirra. Það er því síður en svo, að launahækkun iðnaðarmannanna í vor hafi sprengt þann ramma, sem lögmálið um framboð og eftirspurn skapar í þjóðfélaginu eins og stendur.

Nú langar mig til að spyrjast fyrir um það: Er það svo, að starfsmenn ríkisins, sem náðu sérsamningum við ríkisstofnanir á s. l. hausti, komi undir hin nýju væntanlegu launalög og ákvæði þeirra, eða verða þeir áfram á sínum sérsamningum, þrátt fyrir það að þeir séu opinberir starfsmenn? Ef það er svo, að þeir haldi áfram að vera á þeim samningum, sem þeir gerðu, af því að þeir séu ofan við ákvæði launalaganna, þá er nú strax komið gat á keraldið, áður en búið er að ganga frá smíði þess, og þá er hætt við, að sá leki ágerist.

Enn langar mig til að segja örfá orð um það sjónarmið, hvort launamismunur milli hæstu launaflokkanna og þeirra lægstu sé of mikill eða of lítill. Því hefur verið haldið fram af hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), að þessi launamismunur sé allt of lítill, og það er hans sjónarmið. Ég vil hins vegar halda því fram, að launamunurinn, hvað sem öðrum löndum líður, sé orðinn hér verulegur, einkanlega þegar við tökum tillit til útkomunnar á útreiknuðu kaupi með vísitölunni 171 stig, eins og hún er í dag, kannske fer hún hækkandi. Hann er svo mikill, að þeir, sem eru í hæstu launaflokkunum, fá dálítið á annað hundrað þús. kr. í árslaun, fara yfir 100 þús. kr., og hinir, sem eru í lægstu launaflokkunum, fá milli 20 og 30 þús. kr., og af því lifir enginn maður hér á landi með því verðlagi, sem hér hefur skapazt. Þessi launamismunur er ranglátur og leiðir til þess, að fólk fæst ekki til margvíslegra nytsamlegra starfa, sem þó verður að vinna í þjóðfélagsins þágu, en eru skömmtuð laun samkvæmt hinum lægstu liðum launalagafrumvarpsins.

Ég tel því, að það þurfi þvert á móti að minnka mismuninn, sem er á milli þeirra hæst launuðu og lægst launuðu samkvæmt launalagafrv. Ég hef ekki enn þá séð þær tölur, sem koma til með að liggja fyrir í frv. um laun ráðh., sem sagt er að komi innan skamms. En ég get ekki ímyndað mér, að þeir hafi verið teknir út úr til annars en þess, að laun þeirra væru hærri en í I. launaflokknum hér, sem er þó dálítið á annað hundrað þús. kr. árslaun. Og þá get ég ekki ímyndað mér, að það sé gert fyrir minna en svona 20—30 þús. kr. launamismun, og þá eiga ráðh. að vera hér með um 120—130 þús. kr. kaup útreiknað, og það er ofan við það, sem menn þurfa til þess að lifa heilbrigðu lífi þrátt fyrir alla dýrtíð hér í landinu. Og ef það er svo, að þetta þjóðfélag sé í háska statt út af þeim launakjörum, sem verkalýðurinn býr við nú, sem samsvarar launum samkvæmt þriðja launaflokknum neðan frá, allir aðrir eru hærra launaðir en hinn almenni verkamaður, þá hefur þjóð-

félag þetta ekki efni á því að borga mörgum langt fyrir ofan það, sem nauðsynlegt er til þess að gefa lifað sómasamlegu lífi. En ef ósamræmi er komið, sem mér er alls ekki grunlaust um, milli launa jafnvel hinna hæst launuðu embættismanna ríkisins og starfsmanna hjá einkaatvinnulífinu, þá er einhvers staðar tekinn biti frá atvinnulífinu, sem ætti ekki að takast frá því, til þess einmitt að koma öllu launakerfi hér úr skorðum, og þá væri ríkisstj. verðugt verkefni að snúa sér að því. Það er vitanlegt, að þessi milliliðaþjónusta hér á landi yfirtekur menn í sína þjónustu, af því að henni er gefinn svo laus taumur til þess að féfletta fyrst og fremst framleiðsluatvinnuvegina í landinu, og það er það, sem mun reynast þjóðfélaginu dýrast af öllu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 177 felld með 21:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, SG.

nei: EystJ, GilsG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, JR, JörB, KGuðj, LJós, MJ, ÓTh, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, BergS, EggÞ, EI, EOl.

BÓ, SB greiddu ekki atkv.

10 þm. (GíslG, GTh, IngJ, JóhH, JS, KJJ, PO, ÁB, EirÞ, EmJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 176,1 (ný 8. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 176,2—6 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 176,7 tekin aftur til 3. umr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 176,8—9 samþ. með 19 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 176,10—44 samþ. með 20 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 176,45 samþ. með 18:1 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 176,46—59 samþ. með 20 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 176,60 tekin aftur til 3. umr.

— 176,61—64 samþ. með 19 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 176,65—69 samþ. með 18 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 176,70—76 samþ. með 20 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 176,77—152 samþ. með 25 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 176,153—163 samþ. með 22:1 atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 176,164—167 samþ. með 23 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

21.—27. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 176,168 (ný gr., verður 28. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

28.—29. gr. (verða 29.—30. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

Á 32. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 186, 201, 203, 205).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Síðan 2. umr. um þetta frv. lauk hér í d., hefur fjhn. fjallað um það á mörgum fundum. Enn hafa n. borizt bréf um málið og margir rætt við einstaka nm. um það. Eins og áður hefur hv. fjhn. Ed. unnið með fjhn. þessarar d. að málinu og þær haft samráð við mþn., sem samdi frv. N. flytur brtt. við frv. á þskj. 201 og 205, og hafa þær brtt. verið samþ. á sameiginlegum fundum fjhn. beggja deilda þingsins. Ég vil taka fram, að brtt. eru ekki allar samþ. með samhljóða atkv. á fundum n., en óhætt mun að segja, að um meiri hl. þeirra hafi enginn ágreiningur verið.

Vil ég þá minnast nokkuð á einstakar brtt., fyrst á þskj. 201.

Fyrsta till. er við 5. gr. frv. og snertir starfsmenn Alþingis. Lagt er til að hækka þar um einn launaflokk skrifstofustjóra og fulltrúa og bæta inn í gr. fulltrúa 2. stigs, en aftur er ritari, sem er í frv. nú, felldur burt, og er það gert í samráði við skrifstofustjóra Alþ., þar sem ekki hefur verið undanfarið fastráðinn ritari á skrifstofunni.

Næst er brtt. við 9. gr. viðkomandi borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Till. er um það, að féhirðir við það embætti hækki um einn launaflokk. Þótti óeðlilegt að hafa hann í XI. flokki, því að þar er töluverð fjármunameðferð.

Við þá grein er önnur brtt., og er þar endurflutt till., sem borin var fram við 2. umr. af n., en tekin aftur þá, og er um bifreiðaeftirlitsmann í Vesturlandsumdæmi, að hann verði í sama launaflokki og bifreiðaeftirlitsmaðurinn á Akureyri og fulltrúi í Reykjavík.

Við 10. gr. er hér brtt. um það, að arkitektar, sem svo eru nefndir nú í frv., nefnist húsameistarar, fyrsta og annars stigs — í svigum: arkitektar, en engin breyting gerð á launum þeirra.

Þá er við 11. gr. lagt til, að í stað þess, að nú er samkv. frv. yfirtollvörður einn hér í Reykjavík, sem jafnframt er féhirðir í farangursafgreiðslu, komi yfirtollverðir, en í sama launaflokki; og þar sem nú eru nefndir í frv. yfirtollverðir í IX. launaflokki, verði varðstjórar, einnig í IX. flokki.

Næst eru tvær brtt. við 12. gr. frv. Sú fyrri er um það, að landlæknisritari, sem nú er í IX. flokki, verði í VII. launaflokki. Taldi n., að sá starfsmaður væri óeðlilega lágt settur í launaflokki, ef óbreytt væru ákvæði frv., borið saman við aðra starfsmenn, sem svipuðum störfum gegna við önnur embætti.

Hin brtt. snertir landsspítalann. Við 2. umr. þessa máls var gerð breyting á launum hjúkrunarkvenna, sem starfa á spítölunum, en hér er lagt til, að nuddkona, sem starfar á landsspítalanum og hefur verið þar lengi í starfi, færist úr XI. flokki í X. launaflokk. Þykir það eðlilegt vegna annarra breytinga, sem gerðar hafa verið á niðurskipan starfsfólks þar í launaflokka.

Næst eru tvær brtt. við 13. gr. Sú fyrri er um það, að féhirðir á vita- og hafnamálaskrifstofunni verði í VIII. launaflokki, en ekki í IX., til samræmis við það, sem er við aðrar stofnanir, og að í þeirri starfsgrein bætist við nýr liður, verkstjóri, sem verði í X. launaflokki.

Þá eru hér nokkrar brtt. við 14. gr. Sú fyrsta er um það, að íþróttakennari háskólans færist úr IX. launaflokki í þann VIII., og næsta er um það, að fræðslumálastjóri verði í III. launaflokki. Þá er lagt til, að í stað þess að námsstjórar eru nú taldir með starfsmönnum á fræðslumálaskrifstofunni, verði þeir hér í sérstökum lið, þar sem þeir eru óháðir þeirri skrifstofu, en engin breyt. er gerð á launum þeirra.

Næst er brtt. um íþróttakennaraskólann, að hækka skólastjórann um einn launaflokk og kennara sömuleiðis. Eins og ákvæðin eru um skólann í frv. núna, hefur kennari við íþróttakennaraskólann lægri laun en þeir, sem hann kennir og taka að kenna íþróttir við aðra skóla, og þykir það ekki eðlilegt.

Þá er við 15. gr. flutt aftur brtt. viðkomandi sérfræðingum á náttúrugripasafninu, sem nefndin bar fram við 2. umr., en var þá tekin aftur til nánari athugunar, og lagt er til, eftir tilmælum frá yfirmönnum þeirrar stofnunar, að þar bætist við ritari í ritaraflokki.

Þá er lagt til, að komi nýr undirliður við VII. lið í þeirri grein, það er atvinnudeild háskólans, að þar bætist við sérhæfir aðstoðarmenn í VIII. launaflokki.

Næst er till. um, að dýralæknir við tilraunastöðina á Keldum verði í V. flokki.

Enn eru nokkrar brtt., sem snerta starfsmenn veðurstofunnar, og eru þær fluttar eftir tilmælum veðurstofustjóra og einnig eins og aðrar till. hér í samráði við launamálanefndina. Talið var rétt og nauðsynlegt, einkum vegna þeirra breyt., sem gerðar voru við 2. umr. á launakjörum starfsmanna flugþjónustunnar, að hækka um einn launaflokk aðstoðarmenn veðurstofunnar á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli og einnig svonefnda háloftaathugunarmenn á Keflavíkurflugvelli. Á það hefur verið bent, að það starf, sem þessir menn vinna, er ákaflega þýðingarmikið.

Í frv., eins og það er nú, er lagt til, að eigi taki aðrir laun sem fyrsta stigs veðurfræðingar en þeir, er lokið hafa háskólaprófi í veðurfræði, en þó megi eftir till. veðurstofustjóra flytja annars stigs veðurfræðinga í VI. launaflokk eftir 10 ára starf. Á þessu er gerð nokkur breyting og lagt til, að þessi aths. orðist nú eins og segir á þskj. 201, að eigi skuli aðrir taka laun sem fyrsta stigs veðurfræðingar en þeir, sem lokið hafa embættisprófi í veðurfræði við háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi, og veðurfræðingar annars stigs flytjist á fyrsta stig eftir 5 ára starf, einnig sé heimilt að flytja þá veðurfræðinga, sem við gildistöku laga þessara starfa í veðurstofunni, á fyrsta stig, þegar þeir hafa starfað þar í 5 ár.

Við 16. gr. er ein brtt. um það, að læknir sauðfjárveikivarnanna verði í IV. launaflokki.

Við 18. gr. eru nokkrar brtt. Sú fyrsta er um það, að á póststofunni á Akureyri verði einn fulltrúi fyrsta stigs og síðan fulltrúar annars stigs, og taki þeir laun jafnhá þeim launum, sem slíkir fulltrúar taka hér í Reykjavík.

Við 2. umr. þessa frv. hafði verið gerð sú breyting á því, að bætt var hér við starfsmenn landssímans umsjónarmanni sjálfvirkra stöðva, en þannig hafði tekizt til, að hann var settur hér í símarekstrardeild, en átti að vera hjá bæjarsímanum í Reykjavík, og er lagt til, að hann verði færður á réttan stað í frv.

Þá er lagt til, að hjá símarekstrardeild komi deildarstjórar í VII. launaflokki.

Einnig er hér 26. brtt. um varðstjóra leiðréttíng til samræmis við það, sem er í öðrum deildum landssímans, og að í stað þess, að í frv. er nefndur símstjóri í Vestmannaeyjum, komi heitið póst- og símstöðvarstjóri, vegna þess að þar er búið að sameina póst og síma, en engin till. er um breytingar á launum þess manns.

Þá er brtt. við 19. gr. varðandi ríkisútvarpið. Í frv. er gert ráð fyrir á skrifstofu dagskrár dagskrárstjóra, en talið er eðlilegra, að hann sé nefndur skrifstofustjóri útvarpsráðs, því að það heiti hefur hann borið áður. En jafnframt er lagt til, að þar verði einnig svonefndur dagskrárstjóri í VIII. launaflokki, en þar starfar nú og hefur starfað undanfarið maður, sem hefur tekið laun í samræmi við þetta, eða eftir VIII. launaflokki, og hefur, að því er sagt er, einkum unnið við dagskrána.

Þá er brtt. við 21. gr. frv. 1. mgr. hennar er þannig nú í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Árslaun kennara og barnaskólastjóra samkvæmt 14. gr. eru miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um 1/12 hluta heildarlauna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.“ N. leggur til, að við þessa málsgr. bætist: „Vinni kennarar önnur störf í þágu skólans en þeim er ætlað samkvæmt stundaskrá, sem samin er í samræmi við kennsluskyldu þeirra, má taka tillit til þeirra aukastarfa, þegar árlegur kennslutími, sem launin eru miðuð við, er ákveðinn.“ N. hefur verið skýrt frá því, að það komi oft fyrir við ýmsa skóla, að kennarar vinni nokkuð að undirbúningi skólahaldsins, áður en kennsla hefst, og einnig stundum eftir að kennslu er lokið vinni þeir eitthvað í þágu skólans, og þykir þá sanngjarnt, að sá vinnutími sé tekinn með kennslutímanum, þegar hann er ákveðinn, en við hann eru launin miðuð samkvæmt því, sem ég áður sagði, með tilvitnun í greinina eins og hún nú er.

Þá er hér brtt. við 25. gr. um að hækka nokkuð gjald af innheimtum ríkissjóðstekjum, sem bæjarfógetar, sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík fá. Þessi hækkun er þó aðeins af innheimtum, sem eru samtals allt að 10 millj. kr., en engin breyting er á því, sem greitt er fyrir innheimtu á upphæðum, sem fara fram úr þeirri upphæð hjá einstökum innheimtumanni. Það hefur verið reiknað út, að viðbótin, sem þeir gætu fengið eftir þessari breytingu, væri, ef ég man rétt, mest eitthvað 5700 kr., en að sjálfsögðu minna hjá ýmsum, sem innheimta minni upphæðir samtals yfir árið en 10 millj.

Seinasta brtt. á þessu þskj. er um það, að aftan við 28. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

„Heimilt er að færa yfirverkfræðing úr V. flokki í IV. flokk, ef verkfræðingurinn hefur gegnt starfinu í 15 ár eða lengur.“

Eins og nú er, munu verkfræðingarnir yfirleitt ekki taka laun samkvæmt launalögum, heldur eru laun þeirra ákveðin með sérstökum samningum við stéttarfélag þeirra. En þó munu vera til verkfræðingar við ríkisstofnanir, yfirverkfræðingar, sem enn taka og hafa undanfarið tekið laun samkvæmt launalögum, og taldi n. rétt, að þessi heimild væri veitt til þess að hækka þá um einn flokk, ef þeir hefðu starfað svo lengi við þá stofnun, þar sem þeir vinna.

Þá flytur n. einnig brtt. á þskj. 205, og vil ég gera grein fyrir þeim.

Um leið og þetta frv. var lagt fyrir þingið, var einnig lagt fram annað frv. um laun ráðh. Það var eins og þetta frv. samið af mþn. í launamálum. Hún taldi rétt, að ákvæði um laun ráðh. væru í sérstökum lögum, eins og var áður *en núgildandi launalög voru sett. Frv. um laun* ráðh. var einnig vísað til fjhn. Samkvæmt því frv. hafði mþn. lagt til, að laun ráðh. hækkuðu um það bil sem því svarar, að þeir færðust upp um einn launaflokk. Mun n. hafa talið þetta sanngjarnt, en hæstv. fjmrh. tilkynnti fjhn., að hann óskaði þess, að frv. um laun ráðh. yrði ekki afgr. frá n., ef þar væri ágreiningur um það. Þegar frv. var tekið fyrir á nefndarfundi, kom fram, að nm. voru ekki allir sammála um að mæla með samþykkt þess, og var það því ekki afgr. frá n. Í stað þess flytur fjhn. brtt. við þetta frv. um, að laun ráðh. verði ákveðin þar, og taki þeir laun í I. launaflokki, eins og er í gildandi launalögum.

Einnig flytur n. á sama þskj. till. um, að ákvæði um biðlaun og eftirlaun ráðh. verði tekin inn í frv. Till. um biðlaun og eftirlaun eru teknar úr frv. mþn. um ráðherralaun, með þeirri breyt. einni, að lífeyrir úr lífeyrissjóði alþm. skuli ekki dragast frá eftirlaunum ráðh. Er það í samræmi við fyrirmæli laganna um lífeyrissjóð alþm. Um þá skipan á launamálum ráðh., sem brtt. á þskj. 205 fela í sér, voru allir fjárhagsnefndarmenn sammála.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjhn. tók fram, var n. ekki alveg á einu máli um öll atriði, sem á góma ber í till. þeim, sem þó eru fluttar f. h. nefndarinnar allrar. Um ýmis atriði, sem þar var vikið að, var mjög mikið rætt í n., og vildum við hv. 9. landsk. þm. haga nokkrum atriðum á annan veg en kemur fram í till. fjhn., eins og þær liggja fyrir á þskj. 201. Við höfum þess vegna leyft okkur að flytja brtt. um nokkur atriði sem minni hl. nefndarinnar. Hafa þær verið afhentar til prentunar og munu fá þingskjalsnúmer 207, en hins vegar er prentun ekki lokið. Leyfi ég mér því á þessu stigi að lýsa þeim sem skriflegum brtt. og mun afhenda þær hæstv. forseta að loknum þessum orðum mínum, sem ég vil segja þeim til meðmæla.

Við viljum gera eina breytingu við 14. gr. frv., þann lið, sem fjallar um laun rektora og skólameistara menntaskólanna. Þeir hafa um mörg undanfarin ár verið í sama launaflokki og prófessorar, og þykir okkur rétt að halda þeirri reglu og leggjum til, að laun þeirra verði ákveðin í IV. launaflokki.

Við 15. gr. gerum við 4 brtt. Eru þær um laun landsbókavarðar, þjóðskjalavarðar og þjóðminjavarðar og enn fremur forstöðumanna og deildarstjóra náttúrugripasafnsins. Laun safnvarðanna þriggja, landsbókavarðar, þjóðminjavarðar og þjóðskjalavarðar, hafa um alllangt undanfarið bil verið samsvarandi fjölmörgum, ef ekki flestum þeirra embættismanna, sem nú eiga að taka laun samkvæmt IV. fl., og þykir okkur því eðlilegt, að þeirri reglu verði haldið og laun þeirra verði framvegis ákveðin í IV. fl. Hér er um gömul, virðingarmikil og mikilvæg embætti að ræða, sem við teljum rétt að hækki um launaflokk, fyrst á annað borð einhverjir voru fluttir upp úr V. fl., en þann launaflokk hafa þessir embættismenn skipað fram að þessu. Við leggjum einnig til, að forstöðumaður og deildarstjórar náttúrugripasafnsins taki laun *samkv. V. fl., en í till. meiri hl. er gert ráð fyrir* því, að aðeins forstöðumaðurinn taki laun samkvæmt V. fl., en deildarstjóri og sérfræðingar samkvæmt VI. fl. Við teljum rétt að gera deildarstjórana hér jafna forstöðumanninum, enda um algerlega sambærileg störf að ræða. Forstöðumennskan flyzt þar milli þessara þriggja deildarstjóra, sem um er að ræða, frá ári til árs, þannig að allir verða þeir forstjórar eitt ár af hverjum þremur. Okkur þykir eðlilegt, að þessi störf séu gerð jöfn í launaflokki deildarstjórum hjá atvinnudeild háskólans, en samkvæmt till. meiri hlutans og raunar launamálanefndarinnar, sem starfaði að undirbúningi frv., eiga deildarstjórar atvinnudeildar að hljóta laun skv. V. fl. Okkur þykir ekki eðlilegt, að deildarstjóra náttúrugripasafnsins sé skipað einum flokki lægra. Sérfræðingar hjá náttúrugripasafni ættu hins vegar að vera í VI. fl. eins og sérfræðingar hjá atvinnudeild.

Við 18. gr. frv. gerum við 3 brtt., efnislega séð 2. Hin fyrri þeirra er sú, að póstafgreiðslumenn skuli hækka um einn launafl., þ. e. a. s. úr X. í IX. launafl., þegar þeir hafa gegnt starfi í 10 ár. Fyrir þessari till. má færa mörg og að því er ég tel hiklaust sterk rök. Í þessu launalagafrv., eins og það liggur fyrir nú, er mikil breyting gerð á X. launaflokknum, eins og hann var samkvæmt launalögum samþykktum 1945. Fjölmargir starfshópar hafa verið fluttir upp úr þessum X. fl. og upp í IX. fl., meira að segja *fjölmennustu hóparnir, sem X. launafl. skipuðu,* svo sem barnakennarar. Í fyrstu till. fjhn. var gert ráð fyrir því, að barnakennarar skyldu geta flutzt upp í IX. fl. eftir 10 ára starf. Er það sannarlega eðlilegt, og vil ég sízt hafa á móti því. En við meðferð málsins var hlutur barnakennaranna leiðréttur enn frekar og þeir allir fluttir upp í IX. fl., til þess að enginn greinarmunur skyldi gerður á þeim mönnum, sem þetta starf annast. Það er sjálfsagt að búa sem bezt að þeim mönnum og starfsskilyrðum þeirra, sem annast eiga menntun og uppeldi æskulýðsins, barnanna. Og þess vegna höfum við, sem skipum þennan minni hluta, hv. 9. landsk. þm. og ég, stutt að þessari breytingu, eftir því sem við höfum mátt. En við teljum sporin ekki stigin að

fullu í réttlætisátt, ef aðrir, sem sambærilegir geta kallazt og verða að kallast við barnakennarana, eru þá ekki líka látnir njóta einhvers sannmælis. Og það tel ég hiklaust að eigi við um póstafgreiðslumennina. Þeir voru ein þeirra stétta, sem skipað var í X. fl. launalaganna 1945, sem áður höfðu notið hæstra launa, en eiga nú að vera ein þeirra sárafáu stétta, sem skildar eru eftir í X. fl., því að ekki aðeins barnakennararnir hafa verið fluttir upp um heilan flokk, upp í IX. fl., heldur hafa einnig menn í sömu stofnun og póstafgreiðslumenn starfa í verið fluttir upp í IX. fl., ef þeir hafa gegnt störfum í 10 ár, og á ég þar við símritarana. Fyrir 1945 voru póstafgreiðslumenn betur launaðir en símritarar, m. a. vegna þess, að þeir hafa haft og hafa enn nokkra fjárhagslega ábyrgð með höndum. Það verður að kallast óeðlilegt, að starfsmannahópar innan sömu stofnunar, sem fyrir 1945 voru misjafnir í launum, en voru gerðir jafnir í launum 1945, skuli nú aftur verða gerðir misjafnir, en þannig, að hlutfallinu sé snúið við, þ. e. a. s., að póstafgreiðslumenn, sem voru hærri fyrir 1945, skuli nú eftir 10 ár, á árinu 1955, vera gerðir lægri en þeir, sem þeir voru fyrir ofan áður. Sú peningaábyrgð, sem póstafgreiðslumennirnir í mörgum tilfellum bera, gerir það hiklaust réttlætanlegt m. a., að þeir séu ekki skildir eftir, þegar jafnmiklar breytingar eru gerðar í X. fl. og raun er á. Höfum við í minni hl. því lagt til, að þeim verði veittur sá réttur að flytjast upp um einn flokk, upp í IX. fl., eftir 10 ára starf. Það er engin goðgá og skapast ekkert nýtt misrétti með því að samþ. þessa till., vegna þess að hliðstæð regla gildir nú þegar um ýmsa aðra fjölmennustu starfshópana, sem gert er ráð fyrir að taki laun eftir X. fl., svo sem t. d. lögreglumenn. En um Reykjavíkurlögregluna gildir það samkv. sérstökum samningi við Reykjavíkurbæ, að þeir starfsmenn eru fluttir upp um einn launaflokk eftir 10 ára starf. Auk þess er þess að geta, að þar er vinnu hagað í vöktum, sem greidd er sérstök aukaþóknun fyrir. Um einn mjög fjölmennan starfsmannahóp í þessum launaflokki, þ. e. a. s. tollverðina, er þess enn fremur að geta, að þeir hafa fengið raunverulegar kjarabætur á þann hátt að vera greitt álag á kaup sökum vaktavinnu, svo að segja má, að af öllum þeim fjölmennu starfsstéttum, sem nú skipa X. fl., séu póstafgreiðslumenn þeir einu, sem engar kjarabætur hafa fengið enn og ekki er gert ráð fyrir að fái neinar kjarabætur samkv. frv., eins og það nú liggur fyrir. Þess vegna vil ég mjög fastlega mæla með þessari brtt. okkar minni hlutans sem fullkomnu sanngirnismáli, að póstafgreiðslumönnum verði veittur sá réttur að hækka um launaflokk eftir 10 ára starf.

Þá leggjum við enn fremur til, að sömu reglur skuli gilda um bréfbera, þannig að þeir hækki um launaflokk eftir 10 ára starf. Starf bréfberans er vandasamt, mjög erfitt og erilsamt, en mjög lágt launað. Það er gert ráð fyrir því, að þeir taki nú laun eftir XII. launaflokki. Mér finnst engin sanngirni mæla með því, að við þá reglu verði fast haldið, enda eru laun í þeim launaflokki sannast að segja svo lág, að þau verða varla talin lífvænleg. En bréfberarnir sinna mjög vandasömu starfi, sem mikla nákvæmni og alúð þarf til þess að rækja vel, þar sem mikið ríður á, að þeim fatist aldrei í störfum sínum, og þegar um er að ræða útburð á ábyrgðarbréfum, póstávísunum og því um líku, þá bætist einnig fjárhagsábyrgð við. Starfið er sem sagt svo ábyrgðarmikið, að laun samkvæmt XII. launafl. virðast engan veginn svara til eðlis starfsins. Málakunnátta nokkur er einnig nauðsynleg, þegar svo mikil skipti eru við útlönd eins og hér á sér stað. Til þess að geta lesið í sundur hinn mikla erlenda póst, sem hingað berst, og skilað bréfunum til réttra viðtakanda, er slík kunnátta nauðsynleg, að laun samkvæmt XII. launafl. virðast ekki meta vanda starfsins fyllilega. Þess vegna höfum við lagt til, að bréfberar skuli njóta þess réttar að færast upp um launaflokk eftir 10 ára starf.

Fleiri breytingar hefðum við kosið að gera á liðnum um póstinn, en eftir þær ýtarlegu umr., sem fram hafa farið í n. um þetta mál, töldum við þó að rækilega athuguðu máli rétt að takmarka okkur við þessar brtt., hafa þær ekki fleiri en nokkur von mætti til teljast að gætu náð fram að ganga í þessari hv. deild.

Þá höfum við flutt eina brtt. við 21. gr. frv., sem er um laun gagnfræðaskólakennara. Samkv. frv., eins og það er nú, er gert ráð fyrir því, að gagnfræðaskólakennarar taki laun samkvæmt VIII. launafl. Hér er þó vægast sagt um blekkingu að ræða, um blekkingu, sem veldur því, að langflestir þeir, sem lesa frv., halda, að gagnfræðaskólakennarar fái raunverulega þau laun, sem gert er ráð fyrir í VIII. fl., þ. e. 35400 kr. hámarkslaun í grunn. En þetta er misskilningur vegna þess, að í 21. gr. laganna er ákvæði um, að öll árslaun kennara og barnaskólastjóra skuli vera miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um 1/12 hluta heildarlauna, þ. e. lækka um mánaðarlaun, fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri. Til er reglugerð, ekki lagaákvæði, heldur reglugerð, sem Björn Ólafsson menntmrh. setti á sínum tíma og kveður svo á, að gagnfræðaskólar og gagnfræðaskólar einir skuli teljast átta mánaða skólar. Samkvæmt því hefur launagreiðslum til gagnfræðaskólakennara ávallt síðan verið hagað þannig, að þeim hafa verið greidd laun samkvæmt VIII. fl., að frádregnum að vísu hingað til 1/9, — meira en mánaðarlaunum, — sem nú á þó að breytast í 1/12, þ. e. mánaðarfrádrátt. Gagnfræðaskólakennarar hafa því undanfarin ár alls ekki fengið laun samkvæmt VIII. fl., heldur VIII. fl. að frádregnum 1/9 árslauna og á nú að vera VIII. fl. að frádregnum 1/12 árslauna. En þessi munur þýðir flokksmun og liðlega það, þannig að samkv. ákvæðum frv., eins og það er nú, hafa gagnfræðaskólakennarar lægri laun en barnakennarar, þar sem þeirra raunverulegu laun eru eilítið lægri en laun samkvæmt IX. launafl. Að vísu er þess að geta, að þeim er ekki skylt að vinna nema 8 mánuði. En þessi mánuður, sem þeim sparast, en er þó ekki fullur mánuður, miðað við aðalkennara, eins og ég skal koma að á eftir, er þeim tiltölulega lítils virði, því að hann bætir í tiltölulega litlu skilyrði kennaranna til þess að

afla sér aukatekna með vinnu á sumrum. Þeir yrðu allir saman reiðubúnir til þess að vinna í 9 mánuði til að inna af hendi sams konar vinnu og barnakennarar og aðrir framhaldsskólakennarar í 9 mánuði, ef þeim væri á því gefinn kostur. En reglugerðarbókstafurinn býður í rauninni, hvort sem þörf væri fyrir kennarana eða ekki, að þeim skuli ekki greidd laun samkvæmt þeim launaflokki, sem þeir eru settir í, heldur með mánaðarfrádrætti. Þetta er eitt þeirra mála, sem mest hafa verið rædd í hv. fjhn. nú á milli umr. Enginn, sem um þetta mál hefur fjallað, hvorki í fjhn. beggja deilda né heldur í milliþn. um launamál, hefur viljað bera á móti því, að þetta ástand sé óviðunandi. En menn hefur greint nokkuð á um, hversu langt skyldi ganga til þess að bæta úr þessu. Það er ekki verjandi ástand, að raunveruleg laun kennaranna í gagnfræðaskólum séu lægri en laun kennara í barnaskóla, jafnvel þó að starfstími þeirra sé talinn — sé talinn, segi ég og undirstrika það — einum mánuði styttri, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að til gagnfræðaskólakennaranna eru í lögum um gagnfræðanám frá 1948 gerðar allmiklar menntunarkröfur. Þeir eiga að hafa annaðhvort kennarapróf eða stúdentspróf og eins til tveggja ára háskólanám til viðbótar í þeirri grein, sem þeir kenna, og auk þess vera færir um að kenna fleiri en eina grein. Það eru gerðar kröfur til gagnfræðaskólakennaranna um allt að tveggja ára sérnám til viðbótar, og það á að launa með því að greiða þeim lægri laun en barnakennurum og réttlæta það með því einu, að þeir hafa að nafni til nokkru styttri starfstíma. Þetta er svo hróplegt ranglæti, að gersamlega óverjandi er, enda hefur enginn, sem um þetta mál hefur fjallað á hinu síðara stigi málsins, viljað verja það, jafnvel þótt málið hafi komið svona frá 2. umr.

Það, sem meiri hl. n. hefur viljað gera í málinu, er það eitt að samþykkja viðbót við 21. gr. um, að ef kennarar vinni önnur störf í þágu skólans en þeim sé ætlað samkv. stundaskrá, sem samin er í samræmi við kennsluskyldu þeirra, þá megi taka tillit til þeirra aukastarfa, þegar árlegur kennslutími, sem launin eru miðuð við, er ákveðinn. Hér er m. ö. o. verið að gefa undir fótinn um það, að einstakir kennarar skuli sækja á við skólastjóra sína, við fræðslumálastjóra, við ráðherra, um að fá einhverja óákveðna vinnu metna til fjár, þannig að þeir fái nokkurs konar launauppbót. Ég tel þetta vera slíkt öryggisleysi fyrir stéttina í heild, að ekki sé við það unandi. Hér er auk þess svo mjög gefið undir fótinn um mismunun á kennurunum eftir dugnaði þeirra eða getu til þess að ota sínum tota og eftir mati yfirmanna þeirra, fræðslumálastjóra eða ráðherra, að óviðunandi er að samþykkja greinina þannig. Um mál eins og þessi eiga að gilda skýrar og ótvíræðar reglur. Starfsmenn eiga að vita, hver er réttur þeirra, og þá um leið, hver er skylda þeirra. En að vera að samþykkja reglur fyrir fjölmennar stéttir, stéttir, sem skipta hundruðum, þar sem það á að ráða launum, hversu duglegir menn eru að ota sínum tota og hvert mat yfirmenn leggja á meira og minna óljós atriði, svo sem hér er um að ræða, tel ég ekki viðunandi.

Þess vegna höfum við leyft okkur að leggja til í minni hlutanum, hv. 9. þm. landsk. og ég, að við 21. gr. bætist svo hljóðandi ný málsgr., með leyfi hæstv. forseta: „Árslaun gagnfræðaskólakennara skulu þó ekki skert, nema skólarnir starfi skemur en 8 mánuði, en þá skulu þau lækka um 1/12 fyrir hvern mánuð, sem starfstími skólanna er skemmri.“ Við gerum m. ö. o. ráð fyrir því, að gagnfræðaskólakennararnir skuli njóta launa samkvæmt þeim flokki, sem þeir eru settir í í lögunum, þeir skuli fá þau laun, sem lögin gefa í skyn að þeir hafi, þ. e. a. s. samkvæmt VIII. fl., jafnvel þótt starfstími skóla þeirra sé ekki talinn og sé ekki nema 8 mánuði, að þeir skuli fá full laun samkv. flokknum, samkvæmt því embætti, sem þeir eru skipaðir til þess að gegna, á þeim grundvelli, að það sé ekki á þeirra ábyrgð og sé þeim í sjálfu sér óviðkomandi, hvað yfirvöldin ákveði að skóli þeirra skuli starfa lengi. Það get ég sagt til viðbótar, að þeir mundu allir hiklaust fallast á, að þeim væri gert að skyldu að vinna jafnlangan tíma og menn vinna almennt í öðrum framhaldsskólum og barnaskólum. Við það mundi enginn þessara kennara hafa neitt að athuga. Það er ekki um að ræða, að þeir vilji koma sér undan sams konar vinnu og unnin er í öðrum framhaldsskólum eða barnaskólum. Það er um það eitt að ræða, að þeir vilja fá greidd þau laun, sem launafl. gerir ráð fyrir að þeim séu greidd, án tillits til þess, hvort ráðh. gefur út reglugerð um það, að skóli þeirra sé talinn 8 mánaða eða 9 mánaða skóli. Það er atriði, sem þeir hafa engin skilyrði til þess að hafa áhrif á.

Það, sem gerir þessa till. alveg sérstaklega réttlætanlega, er, að ákvæði 21. gr. frv. og laganna núna, að árslaun allra kennara og barnaskólastjóra séu miðuð við 9 mánaða kennslutíma, og ákvæði reglugerðar Björns Ólafssonar um það, að gagnfræðaskólarnir skuli teljast aðeins 8 mánaða skólar, fá í raun og veru ekki staðizt, ef þau eru borin saman. Það er alls ekki eins mánaðar starfstímamunur á gagnfræðaskólunum og þeim öðrum framhaldsskólum, sem taldir eru 9 mánaða skólar, og barnaskólunum, sem taldir eru 9 mánaða skólar. Þetta er mergurinn málsins. Það getur hver einasti hv. dm. kynnt sér, sem fyrir því vill hafa, að yfirleitt eru framhaldsskólarnir og barnaskólarnir alls ekki fullra 9 mánaða skólar. En engu að síður eru þeir hvað launagreiðslur snertir taldir 9 mánaða skólar. Ég er sízt af öllu að finna að því. Ég álít, að það sé fullkomlega rétt, að barnakennarar og aðrir framhaldsskólakennarar fái laun samkvæmt þeim flokki, sem þeir eru settir í. En það er hróplegt ranglæti að draga heils mánaðar laun af gagnfræðaskólakennurunum fyrir það eitt, að þeirra skólar starfa kannske tveim vikum og ekki fullum tveim vikum skemur en hinir skólarnir, aðeins af því að ráðh. hefur þóknazt að setja í reglugerð, að þessir skólar skuli teljast 8 mánaða skólar. Hér eru m. ö. o. laun stórrar stéttar skert um heils mánaðar laun, miðað við sambærilegar stéttir, þó að hún vinni aðeins í hæsta lagi hálfum mánuði skemur að meðaltali en hinir, sem þó fá heil mánaðarlaun fram yfir þá. Þetta er svo augljóst ranglæti, að úr þessu teljum við að verði að bæta.

Þá hef ég lokið við að lýsa þeim till., sem við hv. 9. landsk. þm. höfum flutt sem minni hluti hv. fjhn.

Ég hef einnig leyft mér að flytja nokkrar brtt. persónulega og skal nú gera grein fyrir þeim að síðustu í örfáum orðum. Ég hef leyft mér að flytja þrjár brtt. við 9. gr. Tvær hinar fyrri eru um það, að bætt verði nýjum lið inn í liðina um borgardómara- og sakadómaraembættin, þ. e. gera ráð fyrir því, að tekin verði upp við bæði embættin ákvæði um einn dómara í V. launafl. Eins og ákvæðin eru nú, eru sakadómari og borgardómari í III. launafl., hafa verið hækkaðir um einn flokk. En dómarafulltrúarnir eru hins vegar í VI. fl. Það er þriggja flokka munur á yfirmönnum stofnunarinnar og næstu undirmönnum. En dómarafulltrúarnir eru margir í báðum embættunum. Störf dómarafulltrúanna hafa á síðari árum breytzt þannig, að nú vinna þeir algerlega sjálfstætt, kveða upp dóma samkvæmt gildandi lögum á eigin ábyrgð, en ekki á ábyrgð sinna yfirmanna. Dómarafulltrúarnir starfa því algerlega sjálfstætt, og í forföllum yfirmanna sinna, sakadómarans og borgardómarans, gegnir einhver þeirra, venjulega sá, sem er elztur í starfi, starfi yfirmannsins. Það er mjög eðlilegt að gera hlut dómarafulltrúanna í heild betri en gert er ráð fyrir að verði samkvæmt frv., og um það mál var allmikið rætt í n. Það hlaut ekki byr, og hef ég því talið algerlega vonlaust að flytja um það brtt. En hins vildi ég freista, að tekið yrði upp ákvæði um það, að einn af dómarafulltrúunum við hvort embættið um sig yrði nefndur dómari og færður upp um einn flokk og yrði þá eins konar varamaður sakadómarans og borgardómarans, og geri þá auðvitað ráð fyrir því, að það verði sá dómarafulltrúinn, sem lengst hafi gegnt embættinu. Tel ég laun slíks manns sízt vera ákveðin of hátt, þó að honum yrði skipað í V. launaflokk. Þetta tel ég í raun og veru vera lágmark þess, sem hægt sé að gera í sambandi við dómarafulltrúastéttina, og hefði talið eðlilegt og réttmætt að gera meira.

Þá hef ég einnig flutt tillögu um, að ríkislögregluþjónar skuli njóta þess réttar að hækka um einn launaflokk eftir 10 ára starf. Þeir eru í X. flokki, en mundu þá eftir 10 ára starf flytjast í IX. launaflokk. Geri ég þessa tillögu til samræmis við það, sem á sér stað með lögregluþjóna hér í Rvík. (**Gripið fram í:** Hvað eru ríkislögregluþjónar?) Það segir sig nú sjálft, enda er till. um það, en hvaða ástæða er til þess að setja ríkisstarfsmenn skör lægra en bæjarstarfsmenn? Ætti það sízt að heyrast í þeirri stofnun, sem fjallar um mál ríkisins, að ástæða sé til þess að setja starfsmenn ríkisins skör lægra en starfsmenn höfuðstaðarins. Ég tel það sjálfsagt metnaðarmál fyrir ríkið, metnaðarmál fyrir Alþingi, að láta ekki þá starfsmenn, sem Alþingi ákveður laun fyrir, vera skör lægri en þá starfsmenn, sem bæjarstjórn Reykjavíkur getur ákveðið launakjör hjá. Í raun og veru er fullkomlega óeðlilegt, að til skuli vera lögreglumenn í tveim launaflokkum eftir því, hvort þeir kallast ríkislögreglumenn eða bæjarlögreglumenn. Það er misrétti, sem ég tel algerlega óverjandi.

Sama er þá að segja um þá brtt., sem ég hef flutt við 11. gr. og fjallar um tollverðina, þ. e. a. s., að þessi sama reglu, 10 ára reglan, skuli gilda um þá. Þeir eru nú í X. flokki og ættu þá að geta komizt í IX. flokk eftir 10 ára starf. Er það enn gert til samræmis við lögregluþjónana og til samræmis við þá tillögu, sem við hv. 9. landsk. þm. flytjum sem minni hl. n. um póstafgreiðslumennina. Ég rek ekki enn rökin fyrir því, að eðlilegt sé, að þessum starfsmönnum sé veittur kostur á flutningi um einn launaflokk eftir 10 ár, laun í X. launaflokki eru það lág, að fullkomlega er eðlilegt og sanngjarnt, að menn geti eftir 10 ára starf hjá ríkinu notið þess að hækka um einn launaflokk.

Þá hef ég leyft mér að flytja eina brtt. við 14. gr., en hún er um laun háskólabókavarðar og fjallar um það, að hann skuli fluttur úr V. launafl. upp í IV. launafl., þ. e. a. s. í sama launaflokk og prófessorar. Þegar háskólabókavarðarembættið var stofnað fyrir meira en áratug, voru honum ákveðin laun í sama launaflokki og prófessorar, sem var V. launaflokkur þá. Eftir að þeir hafa verið hækkaðir, er mjög æskilegt, að laun þessa starfsmanns verði einnig hækkuð með sama hætti.

Vegna þess, hve mikið átakamál launamál gagnfræðaskólakennara voru í hv. fjhn., og vegna þess, hversu ríka áherzlu ég legg á, að einhver betri lausn fáist á því máli en felst í till. meiri hl. fjhn., hef ég einnig leyft mér að flytja varatill. við till. minni hlutans um laun gagnfræðaskólakennaranna. Hún er á þá leið að þrengja enn skilyrði þess, að þeir skuli reiknast 9 mánaða kennarar, frá því, sem gert er ráð fyrir í till. minni hl., og binda þann rétt einvörðungu við þá kennara, sem fullnægja skilyrðum laga nr. 48 1946, um gagnfræðanám. Nú annast kennslu í gagnfræðaskólunum menn með tvenns konar menntun, þ. e. a. s. annars vegar stunda kennslu í gagnfræðaskólunum menn, sem hafa sams konar menntun og barnakennarar, þ. e. hafa almenn kennararéttindi, en hins vegar stunda kennslu í gagnfræðaskólunum menn, sem hafa háskólamenntun, mjög margir, sem hafa fullgilt háskólapróf, en einnig mjög margir, sem fullnægja lágmarkskröfum gildandi laga um gagnfræðanám, þ. e. a. s. kennarapróf eða stúdentspróf og eins til tveggja ára nám í viðbót í háskóla í þeirri grein, sem þeir kenna. Þessi kennslustörf stunda því menn með tvenns konar menntun. Framtíðartakmarkið er auðvitað það, þess vegna eru ákvæði laga um gagnfræðanám eins og þau eru, að það stundi engir aðrir kennslu í gagnfræðaskólunum en þeir, sem hafa annaðhvort kennarapróf eða stúdentspróf og eins til tveggja ára háskólanám til viðbótar. En á slíkum mönnum hefur ekki verið völ í nægilega ríkum mæli, og þess vegna hafa verið teknir til kennslu í gagnfræðaskólunum ýmsir menn, sem ekki fullnægja skilyrðum gildandi laga. Nú verð ég að segja, að gagnvart þessari starfsstétt hlýtur það að teljast alger lágmarkskrafa, að þeir menn, sem fullnægja skilyrðum gildandi laga um allt að tveggja ára háskólanám til viðbótar kennaranámi eða stúdentsprófi, séu ekki lægra launaðir en barnakennarar, m. ö. o., að það

sé ekki látið valda frádrætti í launum þessara kennara, að þeir hafa lagt það á sig að fullnægja skilyrðum gildandi laga eða jafnvel hafa fullgilt embættispróf. En ef þessi varatill. yrði samþykkt, þá mundi hópurinn, sem reiknaður yrði 9 mánaða kennarar, enn minnka, miðað við aðaltill., þ. e. a. s., þá mundi launaskerðingin aðeins ná til þeirra, sem hafa ekki háskólamenntun eða fullnægja ekki skilyrðum gagnfræðanámslaganna, og það verð ég að segja að er alger lágmarkskrafa varðandi þessa stétt, því að annars verður niðurstaðan sú, að menn með háskólapróf, eða a. m. k. allt að tveggja ára lengri námstíma en barnakennarar, fá raunverulega lægri laun en barnakennarar aðeins vegna þess, að þeir eru taldir kenna einum mánuði skemur, en kenna kannske tveimur vikum skemur.

Þá flyt ég enn fremur brtt. við 14 gr., sem ég hefði raunar átt að nefna áðan, um laun menntaskólakennara, þar sem gert er ráð fyrir því, að þeir skuli geta flutzt um einn flokk, upp í VI. flokk, eftir 10 ára starf. Ef þetta frv. verður samþ. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. og með brtt. fjhn. á þskj. 201, hafa laun allra kennara í landinu verið hækkuð eitthvað nema einnar kennarastéttar, þ. e. menntaskólakennara. Það hafa verið gerðar breytingar á launum barnakennara, þeir hafa verið fluttir upp um heilan flokk. Um það er ekki nema gott eitt að segja; með því hef ég greitt atkvæði eins og ég held vonandi allir hv. dm. við 2. umr. Nú er gert ráð fyrir því að viðurkenna að einhverju leyti, að ranglæti hafi verið framið gagnvart gagnfræðaskólakennurunum, þar sem fjhn. leggur til, að heimilað sé að veita þeim nokkra launauppbót, sem vonandi verður, ef till. verður samþ. Þó að ég telji hana ekki fullnægjandi, þá leyfi ég mér þó að vona, að það verði í framkvæmd til þess, að allmargir gagnfræðaskólakennarar fái hlut sinn nokkuð réttan. Laun háskólakennara hafa verið hækkuð um einn launaflokk. En ein kennarastétt er eftir, þannig að engin breyting yrði gerð á hennar kjörum, og það er stétt menntaskólakennara. Um það ætti þó ekki að þurfa að fjölyrða, að þeir, sem annast kennslustörf við menntaskólana, gegna mjög ábyrgðarmiklu starfi, þ. e. að búa menn undir stúdentspróf. Hér er um að ræða menn, sem allir hafa háskólamenntun. Munurinn á menntun þeirra og þeim menntunarkröfum, sem gerðar eru til kennara við gagnfræðastigið, eru 3—4 ár. Til þess að geta orðið kennari við menntaskóla, þarf maður að stunda nám 3—4 árum lengur en þeir, sem stunda kennslu við gagnfræðaskólana, þó að þeir fullnægi skilyrðum gildandi laga um gagnfræðanám. En þegar tekið er tillit til hins, að næstum helmingur þeirra manna, sem nú stunda kennslu við gagnfræðaskólana, fullnægir þessum skilyrðum ekki, þá verður munurinn á námstíma menntaskólakennaranna og þeirra, sem kenna við gagnfræðaskólana, helmingi meiri, 5—6 ár, og þess vegna virðist það vera sanngirni, að til þess sé tekið tillit á þann hátt, að þeir geti hækkað um einn launaflokk eftir 10 ára starf.

Síðasta brtt., sem ég flyt, er við 15. gr., um liðinn „húsameistari ríkisins“, að taka upp till., sem húsameistari gerði til fjhn. um það, að einn af arkitektum hans verði hækkaður í flokki, úr VI. flokki upp í V. flokk, og liggja til þess svipuð rök og ég rakti áðan um dómarafulltrúana. Auk þess má benda á, að í flestum stofnunum, sem hliðstæðar geta talizt húsameistaraskrifstofunni, eru yfirverkfræðingar, sem njóta launa samkv. V. launaflokki, hjá síma og fleiri slíkum stofnunum. Yfirmaðurinn, húsameistari, nýtur launa samkv. III. flokki, en næstu undirmenn, arkitektarnir hjá honum, njóta launa samkv. VI. flokki. Það er mjög eðlilegt, að einn af þeim verði eins konar oddviti þeirra og þá eins konar varamaður húsameistara ríkisins í forföllum hans, sérstakur trúnaðarmaður hans, og njóti launa samkv. V. flokki. Ef til vill má deila um það starfsheiti, sem ég hef hér valið honum, kallað hann deildarstjóra, en það er til samræmis við það heiti, sem er í stjórnarráðinu á slíkum trúnaðarmönnum og í fleiri opinberum stofnunum.

Að svo mæltu leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessar skriflegu brtt., þar til þær berast úr prentun.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 207 og 208) og brtt. 203, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls vildi það til, að ég fylgdi brtt. frá hv. þm. A-Húnv. (JPálm), og urðu af því blaðaskrif. Eitt blaðið taldi, að ég hefði gert þetta bara af illmennsku við opinbera starfsmenn, og hitt auglýsti, að ég ætlaði að halda ræðu við 3. umr., svo að mér er nú eiginlega nauðugur einn kostur að stíga í ræðustólinn.

Ég held, að ég hafi sýnt það, að ég er á móti þeirri meginreglu, sem þessi launalög byggjast á, og það átti ekki að koma þeim mönnum, sem höfðu fylgzt með starfi verkalýðsfélaganna, sem ég tel að ég hafi dálítið tekið þátt í núna á undanförnum árum, neitt undarlega fyrir sjónir, þó að ég yrði á móti því, að hæstu laun í þjóðfélaginu væru hækkuð svona gífurlega. Og þó að aldrei nema hæstv. ríkisstj. hafi svo mikla peninga, að hún geti borgað þetta allt saman, þá er þetta röng stefna.

Það er ekki rétt, þegar jafnmikill mismunur er á kaupgjaldi í þjóðfélaginu eins og nú er og vaxandi dýrtíð, svo að menn eiga erfiðara með að lifa, að hækka þá í prósenttölu bæði grunnkaup og vísitölu. Þetta er ómögulegt, vegna þess að ef breytingin heldur áfram, þá verður mismunurinn svo mikill, að það er engin leið að ráða við þetta. Ef maður, sem er í lægsta launaflokki, fær 9% hækkun, — er kannske á svona 2000 kr. grunnlaunum, — en aftur sá, sem er á 5000 og 6000 kr. grunnlaunum, fær líka 9%, þá er þetta ófært, og þetta er órétt þjóðfélagslega séð, því að undirstaðan að hverju einu þjóðfélagi er sú, að mennirnir, sem lægst launaðir eru, hafi lífeyri. Á því byggist öll framför þjóðfélagsins, en ekki á hinu.

Menn hafa haldið því fram, að það sé minni launamunur núna en var. Þetta getur vel verið. Það eru ekki allir, sem eru svo ánægðir með

þessa góðu, gömlu tíma. Ég er ekkert viss um, að við værum ánægðir með það ástand, sem var, þegar opinberir starfsmenn og embættismenn voru einu mennirnir, sem gátu lifað, en allur almenningur jaðraði við hungur. Langar okkur til þess? Og ef reisn embættismannanna byggist á því, að almúginn sé beygður, af því að hann hafi ekki mannsæmandi laun, þá er það alveg rangt.

Til þess að undirstrika þetta ætla ég að benda á launamismuninn hjá verkamönnum tilheyrandi Dagsbrún, sem oftast hefur verið miðað við, frá því 1942, þegar farið var að flokka niður verkamannakaup. Fram að 1942 var ekki að tala um nema einn taxta fyrir alla verkamenn að undanteknum mönnum, sem voru í ketilhreinsun, en 1942 föllumst við á að flokka kaupið í tvo aðalflokka. Það var miðað við þá, sem kallaðir eru almennir verkamenn, til hafnarvinnu og fleira, og svo voru teknir í hærri flokkinn aðallega menn, sem höfðu verið hjálparmenn í fagvinnu, og ýmsir menn, sem voru að því er talið er á verkhæfara sviði, og mennirnir, sem unnu við erfiðustu vinnuna, sóðalegustu vinnuna, kol og salt. Og þegar gerður er samningur 1942 í ágúst, þá verða grunnlaunin hjá almennu verkamönnunum kr. 2.10, en hjá hinum kr. 2.75. Og munurinn verður þá á þessum launaflokkum 31%.

Nú fórum við út í hækkun aftur 1944. Þá hækkuðum við lægstu launin um 35 aura um tímann, upp í kr. 2.45, en létum hina flokkana standa kyrra í kr. 2.75 fram til 1946. Þá hækka grunnlaun í almennri vinnu í kr. 2.65, en hærri taxtinn í kr. 2.90. 1947 hækkum við úr kr. 2.65 upp í kr. 2.80 almennu vinnuna, en upp í kr. 3.05 hærri flokkinn, um sama krónutal, — þó að við megum ekki tala um krónutal, því að hjá verkamönnunum hefur aldrei verið nema um aura að ræða, — við hækkuðum um sama auratal. M. ö. o.: Það vakti fyrir okkur og hefur alltaf vakið fyrir okkur í verkalýðsfélögunum að reyna að hafa sem beztan lífsstandard þeirra manna, sem lægst eru launaðir í þjóðfélaginu. Og í okkar félagi þurftum við ekki að hugsa um hina, sem höfðu hærri laun. Þeir höfðu þá aðstöðu, að þeir gátu gert það sjálfir.

Svona heldur þetta áfram. 1949 kemst almenna kaupið upp í 3.08 kr. grunnlaun og hitt í kr. 3.25. En 1950, þegar vísitalan er eiginlega lögð niður og það er búið til grunnkaup úr vísitölunni, sem var, þá verður grunnkaup almennra verkamanna kr. 10.17, en í hærri flokknum kr. 10.39.

Þetta hefur verið okkar stefna, og ég vil taka það fram út af því, sem sagt var hérna við 2. umr. um bæði mig og aðra, að við værum í þeim flokki í þjóðfélaginu, sem væri fjarstýrður, væri stjórnað einhvers staðar annars staðar frá en úr íslenzku þjóðfélagi, jafnvel austan frá Moskvu eða hvaðan sem er, að þá hefur þetta verið stefna verkalýðsfélaganna. Í samningunum í vor var þetta boðið fram af verkalýðsfélögunum, að láta vísitöluskerðinguna ná til grunnlauna yfir 12 kr. En þá sögðu valdhafarnir: Nei, það þýðir ekkert, við skulum bara hafa fulla vísitölu.

Mér er alveg sama, hvað mikil peningaráð ríkið hefur. Þetta er vitlaust að farið, og mér finnst, þegar Bandalag starfsmanna ríkis og bæja leggur fram sínar kröfur, að það sé alveg fráleitt að beita þessari aðferð.

Það er alveg víst, að þótt maður sé búinn að læra lengi og sé kominn upp í há laun, þegar dýrtíð vex, þá þarf hann ekki meira til að viðhalda líkamanum en verkamaðurinn, sem vinnur, þótt hann sé þjóðfélaginu ákaflega mikils virði og það sé búið að kosta mikið bæði hann sjálfan og þjóðfélagið að gera hann svona lærðan. Það verður þá að finna einhverja aðra leið. Fyrsta skilyrðið í einu þjóðfélagi er það, að verkamaðurinn, sem vinnur, og þeir, sem eru lágt launaðir, geti haldið líkamskröftunum við til að geta unnið. Þar á eftir verða að koma verðlaunin fyrir menntun og annað, sem menn leggja á sig. Þetta verður að vera fyrsta skilyrðið, og ef ekki eru til peningar til þess að láta vinnandi menn hafa nóg til að viðhalda líkamskröftum sínum, þá verða hinir að bíða. Það er þessi stefna, sem verður að vera í þjóðfélaginu, ef það á að vera menningarþjóðfélag, þrátt fyrir allan lærdóm. Þetta er undirstaðan, og þess vegna finnst mér, að það sé röng regla, sem þessi launalög byggjast á, þjóðfélagslega röng, efnahagslega röng.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 203 tvær litlar brtt. við það frv., sem hér er til umr. Eins og þessar brtt. mínar bera með sér, eru þær um að færa tvo starfsmenn í öryggiseftirlitinu upp um einn launaflokk. Öryggismálastjóri hefur ásamt meðmælum frá iðnmrh. lagt fyrir hv. félmn. óskir um, að þessi lagfæring yrði gerð, en n. hefur sýnilega ekki getað orðið við því, en ástæður til þess eru þó ekki kunnar. Ég verð t. d. að telja það ærið vafasamt, þar sem skylt er samkvæmt lögum að hafa verkfræðing við annan þennan starfa, þ. e. öryggiseftirlitsmanninn, þá skuli það vera einasti verkfræðingur launalaganna, sem er settur einum flokki lægra en allir aðrir verkfræðingar í lögunum. Ég verð að halda, a. m. k. þangað til undir lok umr., að hér sé um einhverja missýn að ræða eða galla, sem eigi eftir að leiðréttast. Ég trúi því ekki, fyrr en ég sé hilla undir lok umr., að þessi till. verði ekki samþ. eins og hún liggur nú fyrir frá mér og eins og hæstv. iðnmrh. hefur mælt með við n. samkvæmt ósk öryggismálastjóra.

Það hafa farið fram tvennar breyt. á lögunum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum síðan þau voru sett, 1. febr. 1952. Báðar þessar breyt. hafa verið mjög til bóta. Hefur frv. mætt hér ágætum skilningi á Alþ. Hins vegar sýnir öryggismálastjóri fram á það í þessu bréfi sínu, þar sem hann óskar eftir þeim leiðréttingum, sem ég hef nú borið fram í mínum brtt., að framkvæmd laganna sjálfra hefur ekki orðið eins og menn óskuðu eftir, vegna þess að starfsmenn öryggiseftirlitsins eru þar samkvæmt launalögunum það lágt launaðir, að ekki fást hæfir menn til starfans. Þannig líta þessi ágætu lög því út í dag, að þau eru til á pappírnum, en í framkvæmd eru þau af þessum ástæðum lítils eða einskis virði.

Ég efast ekkert um, að hv. þd. muni hafa haft í huga, að lögin kæmust raunverulega í framkvæmd, ekki sízt með tilliti til þeirra tveggja breyt., sem á lögunum hafa verið gerðar, síðan þau voru sett, og held, að það sé þess vegna í fullu samræmi við áður yfirlýstan vilja Alþ. til þessara laga og þessara ráðstafana, sem þau fela í sér, að þessar breyt. verði á gerðar.

Það er ekki hægt að fara um skoðunarmennina í samanburð, eins og gert hefur verið hér á undan um aðrar brtt., sem hér liggja fyrir og að sjálfsögðu eru margar og flestar réttmætar, því að hér er um algerlega nýjan starfa að ræða, sem varla á sér hliðstæðu í öðrum lögum eða öðrum starfsgreinum. Verkalýðshreyfingin á mikið undir því, að þessi lög komist í raunhæfa framkvæmd, og það er áreiðanlega fulls stuðnings af henni að vænta um, að starfsmenn þessa eftirlits verði það vel launaðir, að það fáist fyrst og fremst hæfir menn til starfans, því að svo mikið á íslenzkur verkalýður undir því, að lögin séu framkvæmd á raunhæfan og réttlátan hátt, eins og lögin framast leyfa. Þess vegna ítreka ég það, að **ég efast ekki um, að vilji Alþ.** er nú sá sami og þegar lögin voru sett og að þessar réttlátu breyt. séu gerðar með tilliti til þess, að lögin verði raunverulega framkvæmd.

Ég ætla á þessu stigi málsins að láta þessi orð mín nægja með þessum litlu brtt. og óska eindregið eftir því, ef þess er nokkur kostur, að hv. fjhn. endurskoði afstöðu sína til þessara mála, svo mikið sem hér er í húfi. Ég get um aðrar brtt., sem hér liggja fyrir, verið fáorður, fyrir þeim hefur verið flutt ýtarleg framsaga, en vil þó í lok máls míns sérstaklega vekja athygli á till. hv. 1. landsk. varðandi bréfberana, þar sem hér hafa þeirra kröfur á mjög vafasaman hátt verið fyrir borð bornar. Ég tel, að það sé um slíkt starf að ræða, þar sem bréfburðurinn er, að þar geti ekki aðrir menn verið við en þeir, sem eru fullhraustir og þurfa þar af leiðandi a. m. k. að hafa fullhraustra manna laun.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Til viðbótar þeim brtt., sem ég lýsti áðan, leyfi ég mér að flytja eina brtt. enn við frv., þannig að á eftir 23. gr. komi ný grein, sem svo hljóði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hagstofa Íslands skal í janúarmánuði hvers árs reikna út þá breytingu, sem orðið hefur að meðaltali á næstliðnu ári á grunnlaunum hjá meðlimum stéttarfélags í Alþýðusambandi Íslands. Frá 1. febrúar skulu laun samkvæmt lögum þessum breytast í sama hlutfalli."

Ég vona, að efni þessarar brtt. sé ljóst. Þar er gert ráð fyrir því, að frá 1. febrúar árs hvers skuli grunnlaun opinberra starfsmanna, sem laun taka samkvæmt launalögum, breytast í sama hlutfalli og orðið hefur á launum þeirra manna, sem njóta frjáls samningsréttar um kaup sitt og kjör.

Ég sýndi fram á það við 2. umr. þessa máls, að svo hefur verið um undanfarna marga áratugi, að laun opinberra starfsmanna hafa ávallt dregizt, meira að segja oft mjög verulega, aftur úr launum þeirra manna, sem semja á frjálsum vinnumarkaði um kaup sitt og kjör.

Við svo búið má ekki lengur standa. Síðan launalögin voru sett 1945, hafa orðið gífurlegar breyt. á launum manna á hinum frjálsa vinnumarkaði, og reynslan hefur sýnt það, eins og ég þá sýndi fram á og skal ekki nú endurtaka fyrir hv. þd., að laun opinberra starfsmanna hafa ávallt verið 3—4 og stundum upp í 10 árum á eftir tímanum. Þetta er óréttlæti, sem úr verður að bæta og ekki verður úr bætt nema með almennu lagaákvæði um það, að laun opinberra starfsmanna skuli breytast sjálfkrafa, ef breyting verður á launum á hinum almenna vinnumarkaði. Ég get hugsað mér þá röksemd gegn þessu, að menn segi, að með þessu móti sé opinberum starfsmönnum ívilnað miðað við hina, sem þurfa að semja á frjálsum vinnumarkaði um kaup sitt og kjör, því að þær launabætur, sem fást þannig, fást yfirleitt ekki nema fyrir harða baráttu og oft mjög dýra. En í þessu sambandi er þess að geta, að opinberir starfsmenn eru einu starfsmenn þjóðfélagsins, sem ekki hafa verkfallsrétt, sem er bannað með lögum að gera verkfall, og eiga þess því ekki kost að beita sömu baráttuaðferðum og menn almennt eiga kost á að beita og menn beita á hinum frjálsa vinnumarkaði.

Ég tel það vera beina og rökrétta afleiðingu af því, að opinberir starfsmenn skuli vera sviptir verkfallsrétti, að þeir njóti sams konar launabóta og ávinnast á hinum frjálsa vinnumarkaði, þótt með verkföllum sé. Hitt er svo annað mál, að ég tel langeðlilegast, eins og ég hef tekið fram í sambandi við önnur mál hér á hinu háa Alþ., að opinberir starfsmenn fái verkfallsrétt. Ef þeir fengju hann, þá mætti segja, að slíkt lagaákvæði væri ástæðulaust, en meðan þeir hafa ekki verkfallsréttinn, hafa þeir ekki sömu skilyrði til þess að bæta kjör sín og aðrar stéttir þjóðfélagsins, t. d. þær, sem eru meðlimir í Alþýðusambandi Íslands, og þá tel ég eðlilegt og sanngjarnt, að laun þeirra fylgi þeim breytingum, sem verða á hinum almenna vinnumarkaði.

Hvaða rök liggja til þess, að ef launamaður fær í frjálsum samningum kjör sín bætt hjá vinnuveitanda sínum, þá skuli sá launamaður, sem skipar hliðstæðan flokk hjá hinu opinbera, verða að bíða mörg ár, kannske tíu ár, eftir því að fá sams konar launabætur, en sé jafnframt neitað um að gera verkfall til að knýja þessar hagsbætur sínar fram?

Ef til vill væri einnig hugsanlegt, að einhverjir flyttu það fram gegn því sjónarmiði, sem fram kemur í þessari till., að það væri óeðlilegt, að opinberir starfsmenn nytu slíkra sjálfkrafa launabreytinga, vegna þess að þeir njóta atvinnuöryggis, meira atvinnuöryggis en þeir menn, sem semja á frjálsum vinnumarkaði um kaup sitt og kjör. Þessari röksemd vildi ég svara þannig: Það er þegar í grunnlaunastiganum tekið tillit til þess, að opinberir starfsmenn hafa meira atvinnuöryggi en menn almennt á hinum frjálsa vinnumarkaði. Þess vegna eru sambærileg störf samkv. launalögum launuð verr en um hefur samizt á hinum frjálsa vinnumarkaði, eins og skýrt kemur fram, ef launaupphæðir í hinum ýmsu launastigum launalaganna eru bornar saman við þau laun, sem ákveðin hafa verið í frjálsum samningum milli vinnuveitenda og vinnuþiggj-

enda. Og þetta er skýrt tekið fram í grg. þessa frv., sem hér liggur fyrir. Laun opinberra starfsmanna eru þegar höfð nokkru lægri en laun sambærilegra manna annars staðar vegna atvinnuöryggis, og þess vegna er rangt að beita þessari röksemd gegn því, að laun þeirra breytist sjálfkrafa með breyttum launum á frjálsum vinnumarkaði.

Þetta atriði hefur hlotið einróma fylgi hvers þingsins á fætur öðru hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Hvert þingið á fætur öðru hefur gert um það ályktun, að launakjör opinberra starfsmanna væru tryggð á þennan hátt, þannig að það gæti ekki gerzt, sem hefur gerzt hvað eftir annað undanfarna áratugi, að það hafi tekið ár, ef ekki áratugi, að koma fram breytingum á kjörum opinberra starfsmanna til samræmis við það, sem búið er að gerast í atvinnulífinu allt í kringum þá.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er nú orðið auðséð af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram, að verði þessi lög afgreidd nú, þá verður það gert þannig, a. m. k. ef allar till. minni hlutans eru felldar, að það er gert með stórkostlegu óréttlæti gagnvart einstökum launaflokkum, svo að maður tali nú ekki um niðurstöðu launalaganna í heild. Og það er auðséð á afstöðunni, sem hér hefur verið tekin af meiri hlutanum, að það á, eins og vant er í þinginu, að berja það fram, sem stjórnarliðið álítur rétt eða heppilegt í þessum efnum, og taka ekki tillit til þeirra réttmætu krafna, sem koma fram, sérstaklega frá láglaunamönnunum. Og ég vil á þessu stigi aðeins vekja eftirtekt á því, að verði þannig áfram haldið með einstaka launaflokka, *sem nú eru óréttlæti beittir og meira að segja* minni hlutinn gengur einu sinni varla nógu langt með að leggja til að fái fullt réttlæti, þá geta menn alveg eins búizt við því, að nú á næstunni skelli yfir verkföll hjá ýmsum opinberum starfsmönnum í þessum greinum. Það er rétt, að þingið geri sér það ljóst, að ef það á að taka upp þann sið að hunza allar réttmætar kröfur manna, þá verða menn að grípa til þeirra aðferða að knýja fram verkföll, og það hefur verið gert áður af einstökum deildum opinberra starfsmanna, þegar ekki hefur átt að taka neitt tillit til hinna ýmsu láglaunamanna í þessum efnum. Það er alveg auðséð á öllu framferðinu í sambandi við þá launalaganefnd, sem hefur verið sett af ríkisstj. og hefur haft áhrif á, hvernig þetta frv. að öllu leyti er undirbúið, að þar hafa hálaunamennirnir getað otað sínum tota, ekki máske aðeins þeir, sem settir eru af ríkisstj. til þess að fjalla um þetta, heldur meira að segja líka þeir, sem settir eru af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og engu líkara en að sumir þeirra nefndarmanna séu stundum meira fulltrúar ríkisstj. en bandalagsins almennt. Það kemur líka út þannig með samþykkt þessa frv. og með þeirri baráttu, sem nú er háð hér af minni hlutanum til að reyna a. m. k. að einhverju ofur litlu leyti að rétta hlut láglaunamannanna, að það verður að berjast harðri baráttu fyrir því að fá hækkunina hjá þeim lægst launuðu, á sama tíma sem hver hækkunin er viðurkennd af stjórnarliðinu á fætur annarri og sífellt bætt við hjá hálaunamönnunum og auðsjáanlega alveg þýðingarlaust að ætla að spyrna þar nokkuð á móti.

Það er rétt, að menn geri sér þetta ljóst, og það er rétt líka, að Alþ. fari að taka af þessu þær eðlilegu afleiðingar að gefa þeim mönnum, sem starfa í þjónustu ríkisins, sama rétt og öðrum þegnum þjóðfélagsins til að berjast fyrir sínum hagsmunum og neita þeim ekki um þau mannréttindi, sem verkalýðurinn í landinu hefur á síðustu áratugum áunnið sér.

Það er auðséð einmitt sérstaklega á framkvæmd þessara launalaga, að hálaunamennirnir í þjóðfélaginu munu alltaf, á meðan einhver svipuð ríkisstj. er og þessi, hafa aðstöðu til þess að koma þar fram sínum málum. Þeir finna þar náð og það í ríkum mæli. Láglaunamennirnir hins vegar þurfa raunverulega ýmist að knýja þetta fram með verkfallshótunum eða jafnvel með verkföllum, og þess vegna er rétt, að við nú á þessu stigi, þegar við fjöllum um þessi lög, látum skera úr um það, hvort menn vilja veita starfsmönnum ríkisins sama rétt og aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa, verkfallsrétt, og gera þannig láglaunamönnunum í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kleift að berjast fyrir sínum hagsmunum eins og öðrum mönnum þjóðfélagsins. Ég mun þess vegna bera fram till. um, að 30. gr., greinin um, að þessi lög skuli þegar öðlast gildi, orðist þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að undirrita launasamning við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um laun samkv. lögum þessum og komi samningur sá til framkvæmda frá og með 1. jan. 1956 og gildi í eitt ár, en framlengist óbreyttur í eitt ár í senn, sé honum ekki sagt upp með mánaðar fyrirvara. Jafnframt öðlist Bandalag starfsmanna ríkis og bæja svo og einstök félög innan þess rétt til vinnustöðvunar samkv. lögum nr. 80 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.“

Þetta er fyrri brtt. Síðari brtt. er um, að fyrirsögn frv. hljóði svo:

„Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til samninga um laun starfsmanna ríkisins.“

Með samþykkt á þessu mundi sem sé vera numið úr gildi það gamla ákvæði frá lögunum 1915, sem bannar starfsmönnum ríkisins að gera verkfall. Þessi launalög yrðu þá skoðuð sem launasamningur, og einstök félög innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefðu eftir ákveðinn tíma rétt til þess að segja honum upp og taka upp samninga til þess eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins að rétta sinn hlut. Hálaunamennirnir fengju þennan rétt líka, þeir gætu lagt niður vinnu og staðið verkfallsvörð. En það lítur ekki út fyrir, að þeir þyrftu þess sérstaklega með; þeir eiga það innangengt. Og ég get ekki komizt hjá því að fara nokkrum orðum, ekki sízt út af því, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 1. landsk. þm., sagði hér áðan, og þeirri till., sem hann flutti, um afstöðu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til verkalýðssamtakanna og til vinnudeilnanna, þó að ég hafi gert það nokkrum sinnum hér áður.

Sannleikurinn er, að meginið af starfsmönnum ríkisins, sem sé lægst launuðu mennirnir, hefur

sömu hagsmuna að gæta í þessum efnum og verkamenn. Þeir eiga samstöðu með verkamönnum, og þeir eiga að heyja sameiginlega baráttu með þeim. Það er ekki siðferðislega réttlátt annað en að þeir þurfi að taka á sig sömu baráttuna og verkamenn heyja, að þeir þurfi að leggja á sig sömu áhættuna og verkamenn leggja út í og að þeir þurfi að færa sömu fórnirnar og verkamenn færa, þegar þeir eru að berjast fyrir því að fá sín laun hækkuð. Það, eins og hv. 1. landsk. þm. lagði hér til í brtt., sem hann var að mæla fyrir áðan, að ætla að hengja Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og alla starfsmenn ríkisins aftan í alþýðusamtökin og láta þá fara að fá héðan af sjálfkrafa þær réttarbætur og hagsbætur, sem verkamenn knýja fram, væri óréttlátt og siðferðislega rangt gagnvart meðlimum bandalagsins, í fyrsta lagi vegna þess, að þeir hafa bezt af því að berjast fyrir þessum hagsbótum sjálfir, í öðru lagi vegna hins, að það er ekki rétt að láta það leggjast á herðar verkamannanna einna, sem verða að taka á sig stórkostlegar fórnir í hvert skipti, sem þeir knýja fram hagsbætur á kjörum hinna lægst launuðu. Það er ekki rétt að láta það hvíla á þeirra herðum einna saman. Starfsmenn ríkisins eiga að standa þarna með þeim og eiga að fá rétt til þess að standa þarna með þeim. Þar að auki var það rangt, sem hv. 1. landsk. hélt fram hér áðan, að sérstaklega þeir hálaunuðu á meðal starfsmanna ríkisins hefðu ekki átt öðruvísi og miklu betri aðstöðu en verkamenn. Þeir hafa sannarlega ekki reiknað með í þeim launastiga, sem nú er verið að samþykkja fyrir hálaunamennina, að þeir eigi ekki á hættu neitt atvinnuleysi. En við verðum að muna það, að atvinnuleysi er í dag staðreynd fyrir þorra verkamanna í þrem landsfjórðungum landsins. Þið skuluð ekki dæma eftir Reykjavík, þó að þið semjið þessi lög þar. Maður t. d. í Strandasýslu er hvað framfærslu snertir ekki hálfdrættingur á við mann hér suður í Reykjavík eða Keflavík að tekjum. Við skulum bara muna eftir því, að það er gífurlegt atvinnuleysi í þjóðfélaginu nú sem stendur, þannig að það er allt öðruvísi atvinnuöryggi, sem starfsmenn ríkisins búa við í þessum efnum og ekki sízt þeir hálaunuðu, heldur en verkamenn.

Svo er annað, sem verður líka að taka tillit til, en ekki er hægt að laga með þessum launalögum. Það er svo um ýmsa starfsmenn ríkisins og þá fyrst og fremst um þá hæst launuðu suma hverja, að þrátt fyrir ákvæði um, að þeir eigi ekki að stunda fleiri störf og að þeirra laun séu miðuð við það, að þeir helgi sína starfskrafta ríkinu, þá standa þeir í ótal fleiri störfum, hálaunuðum störfum, og einstökum starfsmönnum ríkisins er meira að segja látið haldast uppi að vera aðaleigendur eða stóreigendur í fyrirtækjum, sem verzla svo og svo mikið við ríkið, þannig að þeir hafa beinlínis aðstöðu eins og kapitalistar, auk þess að vera hálaunaðir embættismenn ríkisins. Og við allt þetta virðist ríkisstjórnin ekki hafa yfirleitt neitt að athuga.

Alveg sérstaklega mundi þó vera óréttlátt að hengja nú aftan í þessi launalög, ef þau yrðu samþ. eins og þau eru, þá till., sem hv. 1. landsk. var að flytja hér áðan, vegna þess að þessi launalög eru ekki samræming við þau kjör, sem verkamenn njóta, nema hvað láglaunamennina snertir. Hér er, eins og margsinnis er búið að sýna fram á, verulega mikil grunnkaupshækkun hjá hálaunamönnunum, grunnkaupshækkun, sem nemur jafnvel 30—40% raunverulega, þegar allt er lagt saman. Og það er vissulega grunnkaupshækkun, sem ekki er til samræmingar við það, sem verkamenn hafa með miklum fórnum áunnið sér. Það er grunnkaupshækkun langt fram yfir það, grunnkaupshækkun, sem ef til vill, fyrst ríkisstj. og hálaunamönnunum finnst rétt að knýja þetta nú fram, mun verða höfð í huga næst, þegar verkamenn þurfa að leggja til vinnudeilna, skoðuð sem eins konar uppörvun af hálfu þeirra, sem völdin hafa, og þeirra, sem óruggasta afkomuna hafa og hæst launin. Þess vegna álít ég rétt að leggja hér höfuðáherzluna á að veita starfsmönnum ríkisins þann rétt, sem aðrir þegnar hafa til verkfalla, til að semja um sín laun á sama hátt og verkamenn hafa almennt, og með því móti fá líka þeir einstöku starfshópar, sem auðsjáanlega á að bera fyrir borð nú, aðstöðu til þess að koma sínum réttindamálum fram. Þess vegna held ég, að það sé rétt að leggja höfuðáherzluna á að knýja fram verkfallsréttinn til handa starfsmönnum ríkisins. Það má vel vera, að margir þeirra taki sér hann og séu til þess nauðbeygðir, og þannig hafa menn nú oft orðið að vinna sér þennan rétt, því að hann hefur líka verið tekinn af verkamönnum og ekki langt síðan og þeir hafa orðið að gera verkföll í bága við öll lög og brjóta þau lög á bak aftur, þau gerðardómslög, þau þrælalög, sem sett voru, og knýja fram sín réttindi. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að þessi brtt., sem ég hér flyt, verði samþ. Ég skil ekki í öðru en að hinir einstöku þm. stjórnarfl. hafi sjálfir orðið greinilega varir við það, hver eldur verður víða hjá starfshópum ríkisins út af launalögunum, eins og þau nú eru, og það verður alltaf erfitt að ætla að lækna þessa hluti og gera þá réttláta bara með lagasetningu hér á Alþingi. Þetta mundi nást betur með því að veita starfsmönnum ríkisins verkfallsréttinn, gefa þeim sömu mannréttindi og verkamenn hafa með baráttu sinni áunnið sér.

Ég vil þess vegna leyfa mér á þessu stigi að leggja þessa till. fram og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni, því að hún er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 213) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Síðan málið var hér í d. til 2. umr., hefur hv. fjhn. bætt mjög mörgum brtt. við sínar fyrri till., og sýnir það, að enn þá hefur verið skotið að henni skeytum úr mörgum áttum og hún látið undan síga í einstökum tilfellum, en þó vafalaust borið af sér mörg spjótalög og þá sérstaklega sennilega frá þeim aðilum, sem hafa ekki haft styrkleika til að sækja sem fastast að nefndinni.

Ég býst við, að sumar af brtt. hv. n. séu til lagfæringar á ósamræmi, sem hv. n. ásamt milliþn. hefur komizt að niðurstöðu um að ætti sér stað þrátt fyrir þær till., sem fyrst voru lagðar fram til breytinga á frv. eins og það kom frá milliþn. En þó er vafalaust, að enn þá er ósamræmi og sums staðar æpandi ósamræmi, ekki aðeins á milli starfsstétta, heldur kannske og engu síður milli starfshópa í sömu stofnun, og allt mun þetta leiða til þess, að ánægjan verður ekki almenn og ekki mikil með setningu þessara nýju launalaga. Ég býst við því, að ætlunin sé að haga afgreiðslu frv. þannig, að við þessa umr. standi aðalorrahríðin um það, hvað svip frv. fær, og síðan sé ætlun ríkisstj. að reyna að hespa málið breytingalaust gegnum Ed. Það munu því vera síðustu forvöð að gera tilraunir til breytinga á frv., og þó býst ég raunar við, að það sé þegar orðið ráðið mál, að fáar eða engar brtt. eigi að fást samþ. við þessa umr. Ég mun því frekast bera hér fram brtt. sem prófstein á það, hvort nokkru verði um þokað, og mun það raunar koma í ljós í sambandi við aðrar brttt., sem hv. minni hl. n. hefur borið hér fram og sumar hverjar eiga a. m. k. alveg tvímælalaust rétt á sér og væru til bóta, ef þær fengjust samþ.

Ég vil þess vegna nú víkja nokkrum orðum að einstökum brtt., sem hér hefur verið gerð grein fyrir af frsm. minni hl. nefndarinnar, hv. 1. landsk. þm.

Ég skal fyrst taka alveg sérstaklega undir brtt. um, að kjör bréfbera hér í Reykjavík verði bætt. Ég hef fengið nokkuð nákvæma lýsingu á störfum þessara manna, veit, að það er ábyrgðarstarf, að þetta er erfitt starf, þessir menn vinna innanhúss hér í pósthúsinu við hin lélegu vinnuskilyrði, sem þar eru, ásamt póstafgreiðslumönnunum, og síðan, þegar þeir hafa lokið því, fara þeir út um borgina, hvernig sem viðrar, og vinna þar og fá sínar verstu vinnuskorpur fyrir stórhátíðir ársins og fram á þann tíma, að helgi er gengin í garð. Þá eru þeir að flytja okkur bréf, sem okkur þykir vænt um að fá. En það er litið þannig á þetta starf, að það skuli samt vera launað samkv. XII. fl. launalaganna, þannig að tryggt sé, að þessir menn hafi ekki sómasamlegt framfærsluöryggi. Ég álít, að þessi starfshópur opinberra starfsmanna sé rangindum beittur og ætti í raun og veru að færa hann upp, ekki, eins og minni hl. leggur til, um einn launafl., heldur um tvo. Það mun þó vera allhæpið að fá því um þokað, að hann verði færður upp um einn launaflokk, og vil ég því ekki sundra röðum þeirra, sem að því kynnu að vilja styðja, með því að flytja till. um frekari réttindi þeim til handa, sem væru þó réttmæt, heldur biðja alla þá, sem sömu skoðunar eru og ég, að fylgja því fastar fram till. um, að þeir verði hækkaðir um einn launaflokk. Að því væri bréfberunum þó nokkur bót, þó að það sé í raun og veru fjarri því, að þeir séu fullsæmdir af. Vinnutími þeirra er fimm stundum lengri á viku en næsta starfshóps, sem er þar fyrir ofan og að nokkru leyti vinnur við hliðina á þessum mönnum. Ég hef með þessu lýst algeru fylgi mínu við till. hv. minni hl. um, að bréfberarnir verði hækkaðir um einn launaflokk, en er þeirrar skoðunar, að það hefði í raun og veru átt að bæta kjör þeirra meira og hækka þá um tvo launaflokka.

Þá er það önnur af brtt. minni hl., sem ég vil sérstaklega undirstrika og gera að umræðuefni. Það eru laun gagnfræðaskólakennaranna. Ég var í hópi þessara starfsmanna um meira en hálfan annan áratug og get því nú, þegar ég stend hér, litið á þessi störf af nokkrum kunnugleika og þó án þess að eigingirni hafi áhrif á afstöðuna. Ég tel, að það sé, eins og hv. frsm. sagði, ósæmilegt að ætla gagnfræðaskólakennurunum að vera raunverulega á lægri launum en kennurunum við barnaskólana, og af þessu getur ekki leitt annað en það, að menn vilja þá af tvennu verða heldur kennarar við barnaskóla en að fá kennarastöðu við gagnfræðaskóla, og allar líkur benda til þess, að þetta hafi áhrif á það, að gagnfræðaskólarnir fái ekki mannval í sitt kennaralið, þegar launin eru svo bágborin sem þau verða, þegar starfstími skólanna er ákveðinn átta mánuðir og af hinum lögákveðnu launum þeirra skal þannig skerast ½2 hluti eða mánaðarlaun, þannig að þeir verða lægra launaðir en barnaskólakennararnir, sem að vísu að nafninu til vinna níu mánuði við skólana, en þar af er um það bil 1½ mánuður við vorskólana, sem varla getur talizt meira en hálft starf. Hins vegar eru þó gagnfræðaskólakennararnir við að undirbúa skólahaldið og að ganga frá prófúrlausnum og slíku eftir að skóla er slitið, þannig að þeir vinna undir öllum kringumstæðum hálfan níunda mánuð, nálega hver einasti maður í kennaraliði gagnfræðaskólanna, en samt sem áður fá þeir ekki nema 8 mánaða laun.

Það er samkvæmt tillögum meiri hl. borin fram till. um að leggja það í vald skólastjóranna að laga þetta svolítið fyrir kennurunum við gagnfræðaskólana. Þar með er í raun og veru viðurkennt af meiri hl., að það þurfi einhvern veginn að bæta kjör gagnfræðaskólakennaranna. En þetta á að gerast á þann hátt, að ef kennari vinni önnur störf í þágu skólans en kennurunum er ætlað samkv. stundaskrá, sem samin er í samræmi við kennsluskyldu þeirra, má taka tillit til þeirra aukastarfa, þegar árlegur kennslutími, sem launin eru miðuð við, er ákveðinn. Ég álít þessa till. setja skólastjórana í hinn mesta vanda og hina verstu klípu, og í raun og veru held ég, að þetta muni leiða til þess, að skólastjórarnir sjái sér ekki annað fært undir þeim kringumstæðum, að þeir vita sína kennara vera lægra launaða en kennarana við barnaskólana í sömu kaupstöðum, en að reyna að finna út einhverjar tylliástæður fyrir aukastörfum fyrir kennarana sína, og að það verði þannig niðurstaðan, að það verði með alls konar yfirskoti og tilbúnum ástæðum, einhverju vinnufokki, gengið þannig frá þessu af skólastjórunum, að flestir kennararnir við gagnfræðaskólana fái sem svari níu mánaða launum. Ég tel þetta að öllu leyti óviðunandi, bæði fyrir kennarana og þó alveg sérstaklega fyrir skólastjórana, sem eiga að standa í því að búa til meira eða minna falskar forsendur fyrir því, að þeir fái eins mánaðar laun í viðbót við það, sem lögin ákveða þeim.

Ég mundi því vilja skjóta því eindregið til hv. nefndar að fella þennan viðauka við 21. gr., þ. e. 29. till. n., niður og taka til athugunar, hvort

hún vilji ekki ákveða hreinlega, að gagnfræðaskólakennarar skuli hafa óskert kaup samkvæmt þeim launaflokki, sem þeir eru settir í, þó að skólarnir séu ekki nema átta mánaða skólar.

Um varatill. hv. 1. landsk. vil ég segja það, að hún mundi vera vandræðalausn á þessu máli, alger vandræðalausn, og það skal ég rökstyðja með örfáum orðum.

Við gagnfræðaskólana eru starfandi ýmsir eldri kennarar, sem ekki hafa lokið háskólaprófi, af því að þeir tóku til starfa við gagnfræðaskólana áður en það lagaákvæði var sett, eru sem sé yfirleitt reyndir kennarar, og því aðeins hafa þeir fengið stöðu við gagnfræðaskólana, að þeir hafa verið taldir góðir og gildir kennarar, sem væru fyllilega starfhæfir sem unglingaskólakennarar. Eftir þessari varatill. hv. 1. landsk. ætti nú að búa svo um hnútana, að ungu mennirnir, sem koma með einhverja viðbótarkennslu og kannske háskólapróf að gagnfræðaskólunum, ættu að hafa hærri laun en gömlu og reyndu kennararnir, sem starfa fyrir við skólana og hafa að vísu ekki háskólapróf. Ég hef haft hvora tveggja tegundina við minn skóla, háskólaprófsmennina og gamla og reynda kennara, og yfirleitt hefur það verið þannig, að þeir gömlu og reyndu kennarar hafa staðið sig betur sem unglingaskólakennarar heldur en þeir óreyndu háskólaprófsmenn, sem hafa verið að koma sem byrjendur að skólanum. Og ég teldi það vera hreinasta hneyksli, ef þeir ættu samkvæmt lagaákvæðum frá Alþingi að vera hærra launaðir við gagnfræðaskólana en hinir, og mun þess vegna alveg ákveðinn greiða atkv. á móti varatill., þó að hv. þingdeildarmeirihluta kynni að þóknast að vilja leysa málið á þann hátt. En ég teldi fyllstu ástæðu til þess, að hv. fjhn. athugaði, hvort hún vildi ekki fá hlé til þess að athuga að lagfæra þetta með gagnfræðaskólakennarana yfirleitt, þannig að hreinn lagabókstafur væri um það, hvernig laun þeir ættu að hafa, hvort þeir eigi að vera jafnlaunaháir í reyndinni og barnaskólakennarar eða hvort þeim eiga að vera ætluð lægri laun, sem ég tel óviðunandi og veit ekki í raun og veru, hvernig hv. meiri hl. n. fer að rökstyðja.

Viðvíkjandi öðrum till., sem hv. 1. landsk. bar fram sem persónulegar tillögur sínar, skal ég taka undir það með honum, að ég fæ ekki skilið, að það sé réttmætt, að dómarafulltrúar séu þremur launaflokkum lægri í launum en embættismennirnir, yfirboðarar þeirra, og ég held, að það væri réttmætt að lagfæra laun dómarafulltrúanna, það a. m. k. getur ekki munað miklu í þessum mikla mat hjá ríkinu. Þarna er að vísu um nokkra starfsmenn að ræða, en þó hygg ég, að það sé innan við einn tug embættismanna.

Þá vil ég enn fremur taka undir það, að ég fæ ekki skilið, hvers vegna háskólabókavörðurinn á að vera einn eftir skilinn af starfsmannaliði háskólans. Hann er með háskólaprófi, og hann hefur sízt léttara starfi að gegna eða ábyrgðarminna en prófessorarnir. Prófessorarnir hafa fengið lagfæringu á sínum launum samkv. till. hv. nefndar, en þessi eini starfsmaður háskólans ekki, og hygg ég þó, að það sé sízt minna á hann hlaðið af störfum en á prófessorana suma hverja. Ég tel því alveg einsætt, að þingdeildin samþykki brtt. hv. 1. landsk. um að hækka háskólabókavörðinn í launum.

Þá skal ég einnig fara nokkrum orðum um þá brtt. hv. 1. landsk., að opinberir starfsmenn fái sjálfkrafa launahækkun, af því að þeim er fyrirmunað að hafa verkfallsrétt, sem opinberir starfsmenn hafa þó í flestum öðrum menningarlöndum en á Íslandi. Ætti þeim þó ekki að vera síður trúandi til að fara af viti með það ábyrgðarmikla vopn en öðrum stéttum, og þar af leiðandi sé ég enga ástæðu til, að opinberir starfsmenn hafi ekki verkfallsrétt. En till. er um það, að opinberir starfsmenn fái sjálfkrafa þær launabætur, sem verkalýðshreyfingin knýi fram á hverjum tíma. Ég veit ekki, hvort í fyrsta lagi sé ástæða til að tryggja mönnum rétt án skyldna. Það eiga alltaf að haldast í hendur réttindi og skyldur, og það væri langeðlilegast, eins og hv. 2. þm. Reykv. hélt hér fram áðan, að þeir, sem eigi að njóta þeirra ávaxta, sem fást með fórnum harðvítugra verkfalla, séu þátttakendur í því og meðábyrgir og meðfórnandi, þannig að þeir stæðu í verkföllunum ásamt verkalýðsstéttinni, ef þeir ættu að fá sams konar launabætur út úr þeim og verkalýðurinn. Það væri það langeðlilegasta. Ég minnist þess, að það er mjög langt síðan mikil orrahríð var hér á Alþingi um það, hvort opinberir starfsmenn og embættismenn ættu ekki að hafa verkfallsrétt, og Bjarni Jónsson frá Vogi, sem þá var hér á Alþingi, barðist hart fyrir verkfallsrétti opinberra starfsmanna, ef ég man rétt. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að það væri í raun og veru alveg sjálfsagt að flytja frv. til laga um verkfallsrétt opinberra starfsmanna og embættismanna ríkisins, því að þeir eiga auðvitað að hafa sama rétt og verkalýðsstéttin að því er þetta snertir. Það dregur að vísu nokkuð úr þörfinni fyrir það, að opinberir starfsmenn fái slíkan rétt til þess að knýja sínar kjarabætur fram, a. m. k. eins og nú standa sakir, þegar þeir eru svo í náðinni hjá hinu opinbera, að þegar endurskoða skal launalög, þá er búið svo vel að þeim, að þrír menn, sem allir eru, held ég, í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, eru settir til þeirrar endurskoðunar ásamt tveimur öðrum launamönnum hjá ríkinu. Þetta jafngildir því, eins og hv. þm. A-Húnv. sagði hérna við mig áðan úti í horni, að Stéttarsamband bænda fengi sjálfdæmi um að ákveða afurðaverð bændastéttarinnar og tveir bændur að auki eða að Alþýðusamband Íslands fengi tilkynningu um, að það mætti endurskoða öll launakjör verkalýðsstéttarinnar og þrír menn úr stjórn Alþýðusambandsins verði til þess hlutverks valdir af ríkisstj. og tveir verkamenn að auki. Það væru ágæt kjör, sem ég hygg að margar stéttir þjóðfélagsins vildu una við, í staðinn fyrir að þurfa að öðrum kosti að knýja þetta fram með verkföllum. Í þetta sinn hefur því ekki verið gengið á hlut Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða illa með þá farið, nema hvað það kann að mega segja, að það sé seint til dyra gengið hjá hæstv. ríkisstj., eftir að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fór að knýja á dyrnar. Hins vegar er ekki hægt að segja annað en að það er svo sem ekkert nýmæli, sem hv. 1. landsk. þm. flytur, að það skuli vera lögfest, að opinberir starfsmenn

fái sjálfkrafa þær réttarbætur, sem verkalýðssamtökin geta knúið fram á hverjum tíma, því að það er búið að búa svo um með lögum áður, að bændastéttin fái verð á sínum afurðum hækkað sjálfkrafa, þegar breytingar eða hækkanir hafa orðið á launakjörum verkamanna. Þegar það hefur gerzt síðan, að laun verkamanna hafa hækkað, þá er bara reiknað út, hvað afurðir bænda eigi að hækka mikið. Þannig eru launakjör bændastéttarinnar ákveðin alveg í hlutfalli við það, sem verkalýðshreyfingin fær út úr sinni launa- og kjarabaráttu. Það er því komin „doría" aftan í skipið, Alþýðusambandið, og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að „doríurnar" yrðu tvær, að það yrði bændastéttin og opinberir starfsmenn, sem væru hnýttir þarna aftan í Alþýðusambandið og Alþýðusambandið látið ákveða í raun og veru launakjör bæði bændastéttarinnar og allra opinberra starfsmanna og embættismanna, ráðherranna meðtalinna.

Alþýðusambandinu stendur enginn háski af þessu. Það þýðir í raun og veru það, að bændastéttin og opinberir starfsmenn yrðu styrk stoð í almenningsálitinu með þeim kröfum, sem Alþýðusambandið bæri fram á hverjum tíma, og þessar stéttir eru mjög líklegar til þess að undirbyggja góðan árangur þeirra verkfalla, sem Alþýðusambandið stæði í fylkingarbrjósti fyrir, ekki aðeins fyrir sig og sína meðlimi, þær 27 þús. manna, sem eru í þeim samtökum, heldur einnig fyrir alla bændastéttina og alla opinbera starfsmenn og þjónustumenn ríkisins. Og þá held ég, að það væri í raun og veru Alþýðusambandið, sem hefði fengið aðstöðu til þess með illu eða góðu að ákveða launakjör flestra starfsmanna í landinu. Ég er því ekki í hjarta mínu svo andvígur því, að þetta sé gert. Ég tel, að Alþýðusambandinu sé sýndur sómi með því að ætla því að hafa svona víðtækt forustuhlutverk út fyrir sín takmörk, og mun því ekki telja mér fært að berjast á móti því, teldi í raun og veru ekkert að því, að Alþingi samþykkti þessa till.

Þá hef ég áður vikið að því, að ég teldi algerlega útilokað, að hægt væri fyrir nokkra manneskju að framfleyta lífinu á þeim launakjörum, sem ákveðin eru í XV. launaflokki frv., en þar á að byrja með 12900 kr. grunnlaunum á ári, rúmlega 1000 kr. á mánuði. Ég vil því leyfa mér að leggja til og verð að gera það með skriflegri brtt. við 1. gr., að XV. liður falli niður og sé ekki með í upptalningu launaflokkanna.

Þá vil ég að lokum leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hv. nefnd, hverju það sæti, hver séu rökin fyrir því, að nefndin í heild flytur brtt. um launakjör manna á póststofunni á Akureyri. Ég geri ráð fyrir því, að hv. mþn. hafi haft póststofurnar í kaupstöðunum nokkuð til samanburðar og hliðsjónar, þegar hún gekk frá sínu frv., og hygg því, að hér sé verið að mismuna starfsmönnum á einni póststofu, þegar brtt. er gerð um hækkun launa hjá starfsfólkinu á póststofunni á Akureyri einni út af fyrir sig. Í till. segir, að í stað 2. töluliðs brtt. við 18. gr. komi tveir liðir, fulltrúi 1. stigs í póststofunni á Akureyri fari í VIII. launafl. og fulltrúar 2. stigs í IX. launafl. Ég hef ekki haft tóm til að bera þetta saman við laun starfsmannanna á póststofum annars staðar, en starfið þarna er ekki komið undir því, hve margir hausar eru í viðkomandi kaupstað. Það væri þá alveg eins hægt að hafa lagaákvæði um, að það skyldu vera mismunandi launakjör kennara, eftir því, hver íbúatalan væri í viðkomandi kaupstað, en vitanlega væri ekkert réttlæti í því. Ég held því, að þessi brtt. eigi varla rétt á sér, nema því aðeins að fyrir því verði þá gerð sérstök grein. Ég mundi vilja halda, að það væri alveg jafnmikið annríki í póststofunni á Ísafirði og í póststofunni á Akureyri og að starfið sé ekkert léttara og ekkert annars eðlis á Ísafirði en á Akureyri, og svo mundi vera um alla kaupstaðina. Ég mundi því vilja leyfa mér, ef ekki koma fullnægjandi skýringar fram, að áskilja mér rétt til, að liðurinn héti: í póststofunni á Akureyri og á Ísafirði — og gæti þá hugsað mér, að einhverjir fleiri vildu athuga, hvort ekki væri ástæða til þess að færa þetta til frekara samræmis að því er snertir þá kaupstaði, sem þeir þekkja til í.

Ég hóf mál mitt með því að segja, að ég flytti þessa brtt. frekar sem prófstein en að ég teldi, að með því væri búið að taka á sína arma þau efnisatriði, sem ástæða væri til að leiðrétta til frekara samræmis í frv. Sá sjóður verður líklega seint tæmdur. Og ég býst við, að flestum brtt., sem hér liggja fyrir, sé ætluð ein og sama gröfin, svo að ég ætla ekki að freista þess við þessa umr. að flytja aðrar eða fleiri brtt. Ég skal aðeins láta það í ljós, að ég er sannfærður um, að það er vafasamt, að með setningu þessara laga fáist meira réttlæti eða meiri og almennari ánægja með hlutfallsleg launakjör hjá hinu opinbera en samkvæmt núgildandi launalögum. Ég gæti meira að segja trúað því, að frekar hefði verið aukið ósamræmið í launagreiðslunum heldur en dregið úr því með frv. og þeim brtt., sem hér liggja fyrir, og eins og þannig eru líkur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 214) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég er hér með þrjár brtt. við frv., sem fjhn. ber fram, en ekki hefur unnizt tími til enn að fá þær prentaðar, og verðum við því að flytja þær skriflegar.

Fyrst er hér brtt. við 10. gr. frv., 2. lið, þ. e. öryggiseftirlit. Lagt er til, að öryggiseftirlitsmaður, sem samkv. frv. er í VII. launafl., verði í VI. launafl.

Þá er við 14. gr. brtt., sem snertir menntaskólana. N. leggur til, að á eftir 1. tölulið í IV. komi nýr undirliður, sem verði 2. liður, yfirkennarar í VI. launaflokki.

Þá er loks tillaga um breytingu á 18. gr., og er sú till. í tveimur liðum, fyrst viðkomandi póstmálaskrifstofunni. Af starfsmönnum þar er fyrstur talinn skrifstofustjóri í VI. launafl., eins og frv. er nú. Við leggjum til, að þetta breytist þannig, að í stað skrifstofustjóra komi forstöðumaður í V. launafl. Hinn liður till. er viðkomandi símarekstrardeild landssímans, að í stað

skrifstofustjóra í 1. tölulið þar komi forstöðumaður og verði einnig í V. launaflokki.

Þá vil ég geta þess, að brtt. við 15. gr., þ. e. 16. brtt. n. á þskj. 201, sem snertir tilraunastöðina á Keldum, tillaga um breyt. á launum dýralæknis þar, er tekin aftur. Það er 16. brtt. á þskj. 201.

Þá vil ég flytja þá yfirlýsingu hér í samráði við ráðherra póst- og símamála og fjmrh., að við gildistöku laganna, ef þetta frv. verður samþ., eða þegar það verður samþ., munu póstafgreiðslumenn, sem hafa starfað lengi og gegna ábyrgðarmiklum störfum, verða gerðir að 2. stigs fulltrúum.

Það gæti verið ástæða til að ræða nokkuð um þær brtt., sem komið hafa hér frá öðrum en fjhn., og gera athugasemdir nokkrar við ræður flutningsmanna, en með því að dagur er nú að kvöldi kominn, þá verð ég að láta hér staðar numið og sleppa því að ræða um þær tillögur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 215, 216 og 217) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lýsti ég hér yfir, að ég væri mótfallinn þeim miklu launahækkunum, sem gert er ráð fyrir að veita ýmsum hæst launuðu embættismönnum landsins með þessu frv., og þeim öðrum launabreytingum, sem samþ. hafa verið hér nú nýlega. Eins og ég gat þá um og ekki hefur verið mótmælt hér, er það svo, að launahækkun til ýmissa þeirra, sem eru hæstir í launum af ríkisstarfsmönnum, nemur 35—40%, ef athuguð er sú launahækkun, sem orðið hefur á þessu ári, sem sagt ef laun þessara manna eru tekin eins og þau voru í ársbyrjun og eins og þau mundu nú verða í árslok eða í byrjun næsta árs, þegar öll þessi nýju ákvæði hafa verið samþykkt. Hér er vitanlega um miklu stórkostlegri launahækkun að ræða en þekkzt hefur í sambandi við aðrar launabreytingar í landinu á undanförnum árum.

Hæstv. ríkisstj. þótti ærið nóg um á s. l. vori, þegar verkamenn fengu um 11% launahækkun, eða launahækkun, sem mun nema 3—4 þús. kr. á mann á ári, en nú er gert ráð fyrir því að veita ýmsum hæst launuðu embættismönnum landsins launahækkun, sem er yfir 30 þús. kr. á ári. Þessi launahækkun hefur farið fram, eins og öllum er kunnugt, með því í fyrsta lagi að veita hinum hæst launuðu mesta grunnlaunauppbót, sem hér var samþykkt með sérstöku frv., síðan fá þeir mjög verulega launahækkun með því, að vísitöluskerðing, sem einkum kom við kaup þeirra, hefur verið felld niður, og nú er síðan gert ráð fyrir því, að þeir hækki enn jafnmikið hlutfallslega og hinir lægst launuðu samkv. þessu frv. og sumir hverjir einnig færðir á milli flokka til hækkunar og samtals verði því hækkunin svona mikil.

Nú vildi ég, þó að hv. fjhn. hafi ekki tekið undir skoðanir mínar í neinu, þó freista þess að bera hér fram smábrtt. um það, að við afgreiðslu þessa frv. hækki laun í hæstu launaflokkunum ekki neitt frá því, sem áður var. Eftir sem áður er vitanlega um mikla launahækkun á árinu hjá hinum hæst launuðu að ræða, hún verður bara nokkru minni. Ég vildi því leyfa mér að flytja hér till. um það, að laun í þrem efstu launaflokkunum, I., II. og III., yrðu jafnhá og þau voru í gömlu launalögunum, en að laun í IV. flokki verði lítils háttar lægri en frv. hér gerir ráð fyrir, en hins vegar nokkru hærri en þau voru í gömlu lögunum. Ég hefði gjarnan viljað hafa þessa till. allmiklu stærri og víðtækari, en þar sem undirtektir hafa ekki orðið meiri en raun er á, þá sé ég ekki ástæðu til þess að vinna þetta mikið lengur út, en þætti hins vegar mjög fróðlegt að fá að sjá það, hversu margir hv. alþm. geta fallizt á þessa skoðun mína eða hvort það er vilji svo að segja alls þingheims að haga launabreytingum á þá lund, sem gert er hér ráð fyrir með þessum launabreytingum öllum, sem nú er verið að staðfesta hér á Alþingi.

Mín till. kemur of seint fram og er því flutt skrifleg, og vildi ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir till., en ég sé ekki ástæðu til að ræða málið hér frekar að sinni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 218) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Síðdegis í dag mælti ég fyrir brtt. okkar hv. 9. landsk. þm. á þskj. 207. Veigamestu brtt. þar voru till. um launahækkun til póstafgreiðslumanna og bréfbera og um breytingu á tilhögun launagreiðslu til gagnfræðaskólakennara. Enn fremur mælti ég þá fyrir brtt. minum á þskj. 208, en þar má segja, að veigamestar séu till. um launahækkun til tollvarða og ríkislögregluþjóna, auk þess sem ég flutti þar tillögu um, að laun opinberra starfsmanna yfirleitt skyldu breytast sjálfkrafa eftir nánar tilteknum reglum.

Eftir eftirmiðdagsfundinn var gert alllangt hlé á fundum þessarar hv. deildar. Það hlé var notað til þess, að stjórnarflokkarnir, sem auðvitað ráða úrslitum mála hér í hv. deild, ef þeir halda saman, notuðu tímann til þess að bera saman ráð sín um þessar brtt. Frsm. fjhn. hefur nú gert grein fyrir niðurstöðum þeirra athugana. Það hefur nokkuð verið gengið til móts við till. um að bæta kjör póstafgreiðslumanna. Ég gleymdi að geta þess áðan, að meðal þeirra till., sem ég flyt á þskj. 208, er till. um nokkra launabót fyrir menntaskólakennara. Enn fremur hefur meiri hl. n. gert svolitla leiðréttingu á launakjörum menntaskólakennara. Ég tel báðar þessar brtt. nokkurt spor í rétta átt, en því miður ekki svo stórt, að viðunandi verði talið eða nægjanlegt, til þess að við flm., þar sem við erum tveir, eða ég telji mig geta tekið till. mínar um sama efni aftur, og munum við því halda fast við, að þær komi til atkvæða. Hins vegar harma ég mjög, að fulltrúar stjórnarflokkanna í fjhn. skuli ekki hafa treyst sér til að sinna hinum öðrum till., sem við tveir eða ég hef flutt. Alveg sérstaklega vildi ég þar harma, að þeir skuli ekki hafa talið sér fært að gera neina leiðréttingu á þeirri till., sem fram var borin varðandi laun gagnfræðaskólakennara, en ákvæðin, ef samþykkt verða um laun þeirra, eru svo ranglát, að algerlega ósæmandi er að ganga þannig frá þeim eins

og gert er ráð fyrir. Till. fjhn. um það efni er raunar ekkert annað en endurtekning á gildandi ákvæðum í fræðslulögum, og virðist vera harla einkennilegt, að ástæða sé til þess að taka ákvæði í gildandi fræðslulögum upp í launalög og telja það launabætur til gagnfræðaskólakennara. Ranglætið, sem verður ríkjandi í launamálum þessarar stéttar, er fólgið í því, að kennararnir njóta alls ekki launa í raun og veru samkvæmt þeim flokki, sem þeir eru settir í. Þeir fá lægri laun en kennarar við barnaskóla vegna þess eins, að gagnfræðaskólar eru í reglugerð taldir 8 mánaða skólar, þó að sannleikurinn sé sá, að raunverulegur kennslutími gagnfræðaskólakennara sé í hæsta lagi 2 vikum skemmri en barnakennara og annarra framhaldsskólakennara en gagnfræðaskólakennara. Þó eru þær sérkröfur gerðar til gagnfræðaskólakennara, að þeir skuli hafa stundað háskólanám í allt að 2 ár í þeim fræðum, sem þeir kenna, og mjög margir þeirra hafa fullgilt háskólapróf. Engu að síður skulu laun þeirra í framkvæmd vera lægri en laun barnakennara, rökstutt með því einu, að það stendur á pappír í reglugerð, að skólarnir séu 8 mánaða skólar, þótt raunverulegur kennslutími sé í hæsta lagi 2 vikum styttri en annarra skóla. Þetta er afgreiðsla, sem er hv. d. ekki sæmandi. Ég harma það enn, að meiri hl. fjhn. skuli ekki hafa talið sér fært að breyta hér nokkru um. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til og tel raunar þýðingarlítið að færa frekari rök en ég gerði í dag fyrir öðrum brtt., sem við hv. 9. landsk. þm. og ég höfum flutt, og mun því ekki gera það.

En að síðustu vildi ég segja varðandi það, að hv. frsm. fjhn. tók aftur fyrir nefndarinnar hönd till., sem flutt var í dag, um að hækka einn dýralækni, eina dýralækninn við tilraunastöðina að Keldum, úr VI. flokki upp í V. flokk, að á tilraunastöðinni er starfandi annar sérfræðingur, efnafræðingur, sem ávallt hefur verið í sama flokki og vinnur algerlega hliðstæð störf og hefur sams konar undirbúningsmenntun og dýralæknirinn. Ástæðan til þess, að n. hefur tekið till. um dýralækninn aftur, er sú, að hún hefur ekki treyst sér til þess að gera till. um hækkun á launum efnafræðingsins, en viljað hafa þá tvo í sama flokki, sem er eðlilegt. En þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt., skriflega, sem forseti hefur þegar lýst, um, að báðir þessir starfsmenn, bæði dýralæknirinn og efnafræðingurinn, skuli flytjast úr VI. flokki upp í V. fl. Mér skilst rök hv. meiri hl. fjhn. fyrir því að taka till. um hækkun dýralæknisins aftur, þ. e. a. s. fyrir því að vilja ekki hafa báða starfsmennina, dýralækninn og efnafræðinginn, í V. flokki, vera þau, að með því sé raskað hlutfalli við starfsmenn í atvinnudeild háskólans, en þar eru deildarstjórar í V. flokki, en sérfræðingar í VI. fl. Sannleikurinn um þessa starfsmenn á tilraunastöðinni á Keldum, dýralækninn og efnafræðinginn, er sá, að þeir eru ekki sambærilegir sérfræðingum í atvinnudeild, heldur einmitt deildarstjórum í atvinnudeild. Um þá gildir báða, að þeir hafa þurft að stunda sérnám til viðbótar við sitt embættispróf, sitt kandidatspróf, til þess að geta tekið að sér þau sérstöku rannsóknarstörf, sem þeir stunda í tilraunastöðinni á Keldum. Sérfræðingar í atvinnudeild, sem nú eru í VI. flokki, vinna allir þess konar störf, að þeim er kleift að ganga til starfans þegar frá prófborði. Störf dýralæknisins og efnafræðingsins á Keldum eru þannig, að enginn kandidat frá prófborði getur gengið beint til þeirra, enda er í skipunarbréfi a. m. k. annars starfsmannsins beinlínis kveðið á um, að hann skuli hafa ákveðið sérnám til viðbótar sínu almenna háskólaprófi. Þetta gerir þessa starfsmenn ekki sambærilega hinum almenna sérfræðingi í atvinnudeildinni, heldur einmitt deildarstjórunum. Munurinn er sá einn, að deildarstjórar atvinnudeildarinnar bera nokkra ábyrgð sökum mannaforráða, en þessir hafa sérstakar skyldur vegna sérmenntunar, sem meira að segja er kveðið á um í erindisbréfi a. m. k. annars þeirra. Þetta eru rökin fyrir því, að ég hef leyft mér að flytja till. um, að þeir báðir skuli vera í V. flokki.

ATKVGR.

Brtt. 218 felld með 19:6 atkv.
— 214 felld með 18:10 atkv.
— 201,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 205,1 samþ. með 24 shlj. akv.
— 208,1.a felld með 20:3 atkv.
— 201,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 208,1.b felld með 20:4 atkv.
— 201,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 208,1.c felld með 17:5 atkv.
— 203,a tekin aftur.
— 203,b felld með 18:9 atkv.
— 215,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 201,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 201,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 208,2 felld með 17:6 atkv.
— 201,6—7 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 201,8—9 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 208,3.a felld með 17:7 atkv.
— 201,10—12 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 207,1 felld með 18:9 atkv.
— 215,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 208,3.b felld með 18:7 atkv.
— 201,13 samþ. með 22:1 atkv.
— 207,2 felld með 17:9 atkv.
— 201,14 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 201,15 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 201,16 tekin aftur.
— 217 felld með 18:7 atkv.
— 201,17—21 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 208,4 felld með 18:5 atkv.
— 201,22 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 215,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 207,3.a felld með 15:10 atkv.
— 216,1 felld með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl.

nei: EystJ, GíslG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, EI, SB.

4 þm. (GilsG, GTh, BÓ, EirÞ) fjarstaddir.

Brtt. 207,3.b felld með 18:11 atkv.
— 201,23 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 207,3.c felld með 20:10 atkv.
— 216,2 tekin aftur.

Brtt. 201,28 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 201,29 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 207,4 felld með 17:10 atkv.
— 208,5 felld með 17:6 atkv.
— 208,6 felld með 26:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, GÞG, HV.
nei: EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SG, SkG, StgrSt, ÁB, EI, EOl.
BergS, EggÞ, SB greiddu ekki atkv.
3 þm. (GilsG, GTh, BÓ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þar sem ég flyt á þskj. 213 brtt., sem veitir starfsmönnum ríkisins rétt til þess að berjast eins og frjálsir menn fyrir sínum launum, en er hins vegar í mótsetningu við þessa, segi ég nei.

Brtt. 201,30 samþ. með 18:5 atkv.
— 201,31 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 205,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 213,1 felld með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós.
nei: PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, SB.
3 þm. (BÓ, GilsG, GTh) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þar sem þingið hefur verið svo ósanngjarnt að neita opinberum starfsmönnum um að fá sjálfkrafa þær launahækkanir, sem verkalýðshreyfingin nær fram með verkföllum, þá vil ég fylgja því, að þeir fái verkfallsrétt til að knýja sín laun fram, og segi því já.

Brtt. 213,2 kom ekki til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 16. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 219).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hér er lagt fyrir frv. til nýrra launalaga. Þetta frv. er undirbúið af mþn., sem sérstaklega var til þess skipuð.

Gildandi launalög eru frá árinu 1945. Síðan þau voru sett, hafa átt sér stað miklar breytingar á kaupgjaldi í landinu. Kaupgjald hefur hækkað stórlega. Bæði kaupgjald verkamanna og eins kaupgjald miðstétta og yfirleitt allra launþega hefur hækkað mjög verulega. Undanfarið hafa því verið uppi að sjálfsögðu háværar kröfur um setningu nýrra launalaga, sem væru byggð á því fyrst og fremst að færa launagreiðslur opinberra starfsmanna til samræmis við launagreiðslur eins og þær nú eru orðnar í landinu. Að vísu hafa opinberir starfsmenn fengið uppbætur á laun sín, sumpart grunnlaunauppbætur nokkuð til móts við hækkun á grunnlaunum almennt og sumpart vísitöluuppbætur til móts við vaxandi dýrtíð og þá nokkuð í samræmi við reglur um verðlagsuppbótagreiðslur til annarra starfsmanna. En þessar uppbætur hafa ekki náð til þess að samræma launakjörin við launakjör almennt, og þess vegna hefur verið óskað eftir því af opinberum starfsmönnum og nauðsyn þess séð af hv. Alþ. og ríkisstj. að setja ný launalög.

Ég rek ekki hér einstök atriði þessa frv., þar sem því fylgir ýtarleg grg., og vísa ég til hennar um einstök atriði, en höfuðstefna málsins er þessi: að færa launakjörin til samræmis. Er það gert með því að hækka öll laun nokkuð frá því, sem búið var að ákveða þau með grunnlaunauppbótum, og enn fremur eru einstakir starfshópar færðir til í launaflokkum eftir því, sem mþn. og öðrum, sem um þetta hafa fjallað, hefur sýnzt réttlátt. Auðvitað orkar alltaf tvímælis, hvernig skipa eigi starfsmönnunum í launahópa, og verður aldrei fullt samkomulag um það, en ég hygg, að ég megi fullyrða, að þeir, sem hér hafa að starfað, sem eru mþn. og hv. fjhn. beggja d. Alþ., hafi gert það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að reyna að komast að sanngjarnri niðurstöðu um niðurröðun starfsmannanna innbyrðis í launaflokkana.

Nú er þannig ástatt, að mjög þýðingarmikið er, að launalögin verði sett fyrir áramótin og að sú mikla vinna, sem í þetta mál hefur verið lögð nú undanfarið, komi að fullum notum þá þegar. Til þess að greiða fyrir starfinu hefur verið hafður sá háttur á, að fjhn. deildanna hafa unnið saman, og fjhn.-menn þessarar hv. d. hafa þegar lagt í þetta mál mjög mikla vinnu ásamt félögum sínum í Nd. Geri ég mér þess vegna vonir um, að málið geti fengið skjóta afgreiðslu í hv. d. og raunar að það muni geta fengið samþykki hv. d. án breyt., vegna þess að hv. fjhn. þessarar deildar hefur átt alveg jafnan hlut að málinu við fjhn. Nd.

Samt sem áður legg ég að sjálfsögðu til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. d., en vil mega eiga það tryggt, enda veit ég, að ég á það tryggt, að hv. n. skili fljótt áliti um málið, þar sem hún er því svo þaulkunnug orðin fyrir, ekki aðeins meginstefnu málsins, heldur hverju einstöku atriði þess.

Ég geri það að till. minni, að málinu verði vísað til hv. fjhn. deildarinnar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að málið almennt hafi nú ekki mikla þýðingu gagnvart því að koma fram brtt. við það, ef meiningin er að gera það að lögum í dag eða á morgun. Þó vil ég, að fram komi það sérsjónarmið, sem ég hef á málinu og ég tel að ekki hafi verið gætt nægjanlega, þegar þetta frv. hefur verið samið og lagt fyrir og við þá meðferð, sem það hefur að öðru leyti fengið til þessa dags.

Ég vil þá fyrst og fremst benda á það, að ég tel ákaflega misfarið, að ekki skuli vera teknir

upp í launalög allir þeir menn, sem eru starfsmenn þess opinbera, ríkisins, enda þótt þeir séu í einhverjum deildum, sem taldar eru meira og minna sjálfstæðar. Á ég þar við banka, Fiskifélag, Búnaðarfélag og heilan hóp af stofnunum, sem standa í jaðrinum á ríkisstj. og eru reknar fyrir ríkissjóðsfé að sumu leyti og ríkissjóðsábyrgð að öðru leyti. Þegar þessir menn sumir hverjir og í sumum af þessum stofnunum eru til muna hærra launaðir en launalögin gera ráð fyrir, að sambærilegir menn fái, sem er beint borgað úr ríkissjóði, en ekki gegnum millikassa, eins og hinir eru, þá kann það ekki góðri lukku að stýra, það gerir áframhaldandi óánægju, sem ekki verður tekið fyrir með lögunum. Það er vitnað í þennan mann í þessari stofnun, hann hefur sömu menntun og ég, hann hefur svipað starf og ég, en hann hefur miklu hærri laun. Og þessir menn allir saman þyrftu þess vegna að takast inn í launafrv. Ég veit, að það er dautt mál um að tala nú. Ég veit, að sú n., sem fær málið til meðferðar nú og búin er að vera með það áður hér á þinginu ásamt n. í hv. Nd., hefur ekki tíma til þess héðan af. Það er útilokað, ef það á að ná fram að ganga fyrir áramótin, en ég vil láta þetta sjónarmið koma skýrt fram, því að ég tel þetta mjög misfarið, og ég tel, að það fáist aldrei viðunanleg launalög, fyrr en þau ná yfir þessa menn alla.

Annað, sem ég vil benda á í þessu sambandi, er það, að í þessum lögum hefur ekki verið tekið neitt tillit til þeirra embætta, sem fylgja sérstaklega mikil friðindi. Það eru nokkur embætti, sem hafa ókeypis bíl á kostnað ríkisins. Þeir menn, sem hafa þau og sitja annars í sams konar embætti og aðrir, sem hafa þau ekki, fá alveg sömu laun. Það er ekkert tekið tillit til þess. Það eru nokkrir embættismenn ríkisins, sem fá ókeypis húsnæði, ljós og hita og sitja annars að öðru leyti alveg við sömu laun í þessu frv. og aðrir, sem hafa það ekki. Það eru enn fremur nokkrir embættismenn, sem hafa með ráðherraúrskurði aukagreiðslur fyrir ákveðin verk fram yfir þeirra föstu laun í lögum. Það hefur ekkert verið tekið tillit til þess hér.

Nú vil ég spyrja hæstv. ríkisstj.: Er meiningin með þessum launalögum, að þessi aukafríðindi, hvort sem þau eru borguð beint í peningum, í húsnæði, í bílfríðindum eða öðru þess háttar, haldist og að það haldist sá mismunur, sem fram kemur í lögunum, þegar maður annars vegar lítur á laun mannanna, eins og þau koma þar fyrir, og hins vegar hina við hliðina á, sem hafa sömu embættum að gegna, en hafa fríðindin? Eða er meiningin, að þau falli niður með lögunum? Er ætlazt til þess, að sá rektorinn, sem aldrei hefur verið látinn borga húsaleigu af sinni íbúð, haldi áfram að búa þar ókeypis með ljós og hita og þægindi, en hinn áfram að borga húsaleigu og báðir hafi svo sömu laun? Er ætlazt til þess, að þeir forstöðumenn, sem núna hafa bíl til fullra umráða að öllu leyti á ríkisins kostnað, haldi honum, en hinir, sem aldrei hafa fengið það og verða að kaupa bíl til hvers sem vera skal, hafi það ekki, en að öðru leyti sömu föstu laun eftir frv.?

Tillit til þessara fríðinda hefur ekki verið tekið á neinn hátt í frv. Og þó hefur það nú verið gert, því að ein heil stétt af embættismönnum landsins, prestarnir, býr við hér um bil fjórða hluta af húsaleigu, miðað við aðra, sem hjá ríkinu eru og búa í húsum, sem ríkið á, og þurfa að borga húsaleigu eftir það. Þeir hafa verið hækkaðir, þó að þeir hafi þessi fríðindi fyrir fram yfir alla aðra embættismenn. Þetta var annað, sem ég vildi benda n. á. Ef hún sæi sér fært að laga það, þá gerir hún það. Ég geri ráð fyrir, eins og málið nú er komið, úr því að sú mþn., sem hafði málið til meðferðar, hefur ekki séð sér fært að fara í þetta, og úr því að n., sem hefur haft það til meðferðar í þinginu, hefur ekki heldur reynt að laga það, þá verði það varla lagað hér eftir. En þá spyr ég aftur: Er meiningin, að þessi aukafríðindi haldist hjá sömu mönnunum, sem annars eru í sama launaflokki og aðrir, eða eiga þau öll að afnemast, þegar þessi lög koma til framkvæmda? Það langar mig til að fá að vita afdráttarlaust.

Það er aðeins eitt atriði enn, sem ég vil benda á viðvíkjandi launum, og skal ég ekki tefja umr. eða málið með öðru, enda þótt ég hefði dálitla löngun til þess. Það, sem ég þá vil benda á, er þetta. Það fór nú svo fyrir meiri og minni klaufaskap, að þegar tilraunastöðin á Keldum var stofnuð, var hún sett undir læknadeild háskólans og heyrir þar undir nú, þó að ekki væri ætlað þá og ekki hugsað, að hún ynni á neinn hátt að rannsóknum á mannasjúkdómum, enda önnur stofnun til, sem ætlað var að gera það. Það hefur að vísu ekki unnið þar nema einn dýralæknir, en það hafa unnið þar aðrir sérmenntaðir menn, t. d. biokemiker, sem sýndi þann þegnskap að fara ekki í Verkfræðingafélagið og gera ekki verkfall með verkfræðingunum, þegar þeir voru að þvinga upp sitt kaup, heldur standa utan við það og sætta sig við sitt lága kaup og vera áfram við það á Keldum. Hann sýndi þann þegnskap þá. Dýralæknir, sem ætlaði að vera á Keldum og hefur verið þar, hefur verið sonur minn, þess vegna hef ég ekkert um þetta talað eða viljað tala hingað til. Nú hefur hann sótt um yfirdýralæknisembættið, og þá tel ég alveg víst, að hann fái það, því að það er ekkert leyndarmál, að hann hefur með styrk frá Alþ. stundað tveggja ára framhaldsnám í dýralækningum, verið við það 8 ár, meðan hinir hafa verið við það 6, og tekið sitt próf með ágætiseinkunn, meðan hinir, sem nú eru starfandi hér á landi, hafa hangið í 2. og 3. einkunn. Því tel ég nú, að ég geti um þetta talað án þess að vera borin á brýn nein hlutdrægni, vegna þess að sonur minn eigi í hlut. Ég skoða hann sem, ja, ekki orðinn yfirdýralækni, en sama sem. En ég er alveg viss um, að það fæst ekki nokkur dýralæknir að Keldum fyrir þau laun, sem þar eru ætluð. Þetta þarf því að laga, ef menn vilja láta Keldur eiga við búfjársjúkdómana, en ekki fara að öllu leyti undir mannasjúkdóma, og á það er sótt af læknadeild háskólans, og það er ekkert undarlegt, því að Keldur hafa mörgum sinnum betri og fullkomnari verkfæri til þess að gera rannsóknir á hverju sem vera skal en t. d. háskólinn. Þess vegna er ekkert undarlegt, þó að læknarnir vilji nota sér það, og ég er viss um,

að það fæst enginn dýralæknir að Keldum fyrir þessi laun. Þeir hafa allir hærri laun, ef þeir fara í embætti, því að þar fá þeir aukatekjur. Þar að auki verður að krefjast þess, að sá dýralæknir, sem fer að Keldum, hafi meira en almenna dýralæknismenntun. Almennur dýralæknir hefur ekki lært neitt til þess að geta tekið og búið til bóluefni og annað þess háttar. Hann þarf að læra það alveg sérstaklega. Hann hefur ekki fengið heldur þá æfingu, sem þarf til þess að geta skorið úr, um hvaða sjúkdóma sé að ræða í þetta og þetta skiptið, sem um er að ræða, og slík tilfelli koma fyrir vikulega og daglega. Almennur dýralæknir hefur ekki þá aðstöðu eða þá getu t. d., eins og sonur minn hafði eftir sitt aukanám, sem hann var studdur til af Alþ. með 6000 kr. í tvö ár og dvaldist í Svíþjóð, Englandi og Ameríku við það, að geta t. d., þegar maður hér í Reykjavík — og nú tala ég um mann — úthverfist af kýlapest og læknarnir standa ráðalausir, bera á hann joð og skera í hann o. s. frv., — þá hefur ekki sá dýralæknir, sem skipaður yrði að Keldum, möguleika til þess að taka „prufu“ af manninum og vera svo kominn eftir 2 daga með bóluefni, sem hann sprautar inn í hann, og öll kýlin eru horfin. Þetta hefur sonur minn gert, en til þessa vantar almennan dýralækni menntun. Það geta mannalæknarnir náttúrlega gert, ef þeir hafa aðstöðu til þess, en þeir hafa hana ekki nema á Keldum. Þess vegna er ekkert undarlegt, þó að þeir sækist eftir að hafa þá aðstöðu þar.

Ég er þess vegna alveg viss um það, að með launanum, sem ætluð eru að Keldum, dýralækninum fyrst og fremst, efnafræðingnum reyndar líka, kemur ekki aftur dýralæknir að Keldum, og það er sama sem að afhenda læknunum Keldur fyrir mennina og láta dýrin eiga sig.

Dómsmrh. er hér inni, og hann veit, að það er í mörg ár búin að standa deila um, hvernig reglugerð um starfsemina á Keldum eigi að vera, einmitt vegna togstreitu, sem er milli þeirra, sem vilja hafa hana fyrir mannalækningarnar, og hinna, sem vilja halda því áfram undir dýrunum. Ég mun ekki núna koma fram með brtt. við þetta, en annars mun ég seinna, ef n. ekki kemur fram með neina brtt., gera till. um það, bæði viðvíkjandi dýralækninum á Keldum og eins viðvíkjandi efnafræðingnum á Keldum, að þeir verði báðir hækkaðir um einn flokk, og mun ekki af veita, ef á að halda þeim þar og fá menn í stað þeirra, sem þar starfa nú, þegar þeir fara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 219, n. 221 og 222).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Síðan þessu frv. var vísað til fjhn. d. eru ekki liðnir nema rúmlega 2 klukkutímar. Samt liggur nú fyrir nál. frá bæði meiri hl. n. og minni hl. einnig. Mundi þetta að sjálfsögðu vera óhæfileg afgreiðsla á svo stóru og flóknu máli, ef n. hefði ekki athugað það nema á þessum eina fundi, sem hún hélt um málið í dag. En það er öðru nær en að n. hafi látið þá athugun nægja, sem fór fram á þessum fundi í dag. Eins og kunnugt er, vann hún frá upphafi með fjhn. Nd. að athugun málsins. Hygg ég, að sameiginlegir fundir nefndanna um frv. hafi verið einir 16 og sumir langir, enda lá mikið fyrir, því að fjöldi erinda barst n., þau voru víst eitthvað um 100, og auk þess ræddu þær oftar en einu sinni við þá milliþn., sem undirbjó frv. Mikið var sótt á það af fulltrúum einstakra starfshópa og einstöku mönnum að fá að ræða við n., en ekki var hægt að sinna þeim beiðnum verulega, en þó var vitanlega rætt við einstaka nm. af aðilum, sem þetta mál varðar, og þá ekki hvað síst form. hv. fjhn. Nd.

Nú er það vitanlega svo, að þó að fjhn. þessarar d. ynni með hinni n. að undirbúningi málsins og athugun, þá getur ekki hjá því farið, þar sem 10 menn áttu um að fjalla, að ýmislegt sé í frv. eins og það liggur nú fyrir, sem sumir nm. hefðu kosið öðruvísi. Ég segi fyrir mig, að það eru atriði í þessu frv., sem ég er ekki ánægður með. Það liggur í hlutarins eðli, að þær till., sem bornar voru fram af n., þ. e. a. s. fjhn. Nd., voru þær einar, sem náðist meiri hl. fyrir á þessum sameiginlegu fundum. En sumir nm. og þar á meðal ég báru þar fram till., sem voru felldar. En svo hlaut að vera með jafnvíðtækt og flókið mál og þetta er.

Þegar nú hv. Ed. á að taka afstöðu til þessa máls og hefur til þess, að mér skilst, aðeins daginn í dag, því að það mun vera fullráðið, að þinginu verði frestað á morgun, þá eru ekki nema tvær leiðir til, ef frv. á að fá afgreiðslu fyrir áramót eða um áramótin, svo sem nauðsynlegt er. Og þessir tveir vegir eru einmitt þeir, sem fyrir liggja í nál. meiri hlutans og minni hlutans. Annar kosturinn er að samþykkja frv. eins og það er nú, eins og meiri hl. leggur til, hinn kosturinn er að vísa frv. frá eða fella það, eins og hv. minni hl. n. leggur til að gert verði. Að fara að gera brtt. nú við frv. mundi óhjákvæmilega tefja málið svo, að það næði ekki fram að ganga fyrir þingfrestunina. En ef afgreiðslan drægist fram yfir áramót og fjhn. þessarar d. færi á ný að endurskoða allt frv., þá mundi að sjálfsögðu byrja aftur nákvæmlega sams konar íhlutun frá ótal aðilum eins og verið hefur, og er ekki að vita, hvað frv. tefðist þá.

N. klofnaði, eins og nál. bera með sér. Hv. þm. Barð. (GíslJ) leggur til, að málið sé afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er á þskj. 221, en við hinir 4 nm., sem meiri hlutann skipum, leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Launalögin eru 10 ára gömul. Á venjulegum tíma sýnist það ekki hár aldur. En þess ber að gæta, að á þessum 10 ára tíma hafa orðið miklar breytingar á almennu kaupgjaldi og líka á því, hvað framfæri manna í landinu kostar. Meiri hl. n. lítur því svo á, að það sé nauðsynlegt að setja ný launalög og það nú og ekki síst sökum þess, að á þessu ári urðu almennar kauphækkanir, eins og menn vita, sem ekki hefur verið tekið tillit til í launum opinberra starfsmanna, og þó að uppbót væri greidd áður á laun starfsmanna, þá

svarar hún ekki til þeirra kauphækkana, sem urðu frá því að launalögin voru sett, og til kauphækkananna á þessu ári. Það er því enginn vafi á því, að miðað við eldri tíma hafa opinberir starfsmenn hlutfallslega búið við verri kjör en áður. Og meiri hlutinn lítur svo á, að það sé ekki eftir betra að bíða, jafnvel frá sjónarmiði ríkissjóðs, að setja ný launalög. Í grg. þeirri, sem frv. fylgdi í fyrstu, er gerð áætlun um, hvaða kostnað frv., ef að l. verður, muni hafa í för með sér, og er hann að vísu nokkur, og þær breytingar, sem síðan hafa verið gerðar á frv., valda einnig nokkrum auknum kostnaði. En þó að þetta sé svo, þá geri ég ekki ráð fyrir, að þann kostnað, sem talinn er í grg., sé hægt að skrifa eingöngu á reikning launalaganna, því að ég tel alveg víst, að ef launalög væru ekki sett nú, þá mundi reynast óhjákvæmilegt að hækka þá uppbót, sem opinberum starfsmönnum hefur verið greidd. Er því ekki að ræða um aukin útgjöld ríkissjóðs, nema að því leyti er snertir mismuninn á því, hvað launalögin kosta og hvað slík uppbót hefði orðið. Sé ég ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir afstöðu meiri hluta nefndarinnar.

Hvað snertir dagskrártill. hv. minni hl. og nál. hans, sem ég hef ekki haft tíma til að lesa enn, því var útbýtt nú rétt áðan, þá mun ég sleppa að ræða um það, þar til hv. minni hl. hefur gert nánari grein fyrir sinni afstöðu.

Við 1. umr. málsins nefndi hv. 1. þm. N-M. (PZ) ýmis atriði, sem hann taldi að þörf væri að breyta í launalögunum. Sérstaklega ræddi hann um það, að lögin þyrftu að vera miklu víðtækari en frv. gerir ráð fyrir, þannig að ýmsir starfsmenn, sem taka laun hjá öðrum en ríkissjóði, ættu að vera með í launalögum. Hann nefndi í því sambandi bankana, Búnaðarfélagið, Fiskifélagið og ýmislegt fleira. Það er alltaf vafamál, hve mikið á að vera í launalögum, en meginreglan er að láta þau aðeins taka til þeirra, sem taka laun beinlínis úr ríkissjóði. Ef víkið er frá þeirri reglu, þá yrði auðvitað alltaf mikið vafamál, hverja ætti að taka inn í launalögin og hverjum að sleppa. Þetta atriði kom til umræðu í fjhn., en sú ábending, sem kom fram um þetta atriði, fékk ekki byr í nefndunum. — Þá nefndi hann einnig það atriði, að sumum embættum fylgdu ýmis hlunnindi og öðrum ekki, og tók þar til dæmis, að sumum embættum fylgdu bílar eða afnot af bílum, sem væru ríkiseign, öðrum embættum fylgdi þetta ekki. Það er ekkert um þetta í lögum, heldur er það öðruvísi ákveðið af stjórnarvöldunum, þegar þess konar hlunnindi fylgja embætti, og fer það *náttúrlega mjög mikið* eftir því, hvort viðkomandi embættismenn þurfa að ferðast í þágu embættisins eða ekki. Ég held, að það yrði töluvert mikið rannsóknarefni, ef ætti nú að fara að setja reglur um þetta inn í launalög. Býst ég ekki við, að n. muni sjá sér fært að taka þetta til nánari athugunar. Ég skal aðeins geta þess, að um þetta atriði var einnig dálítið rætt á sameiginlegum fundi nefndanna. — Hvað snertir dýralæknirnn á Keldum, sem hv. þm. minntist einnig á, þá má vel vera, að það gangi illa að fá þar dýralækni, ef núverandi læknir fer í annað starf, en þeir örðugleikar *hygg ég að muni ekki stafa eingöngu af því*, hvernig launin eru.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú í upphafi ræðu minnar heita því að beita ekki hér neinu málþófi í þessu máli, þótt ég sé ósamþykkur framgangi þess. Þykir mér vænt um, að hæstv. fjmrh. hefur haft tækifæri til þess að vera hér við, því að sjálfsagt *þarf ég að koma nokkuð inn á atriði*, sem snerta meðferð málsins undir hans stjórn.

Ég hef ekki getað orðið meiri hl. n. sammála um að leggja til, að frv. það, sem hér er til umræðu, verði afgreitt sem lög á þessu þingi, og hef því gefið út sérstakt álit, eins og þskj. 221 ber með sér, og gert grein fyrir afstöðu minni til málsins þar. Vísa ég í öllum meginatriðum til þess, sem þar er tekið fram um málið, en skal þó gera hér nokkru fyllri grein fyrir afstöðu minni.

Það er vitað, að síðan núgildandi launalög voru sett, hafa orðið miklar breytingar á verðlagi í landinu og mikil röskun á launum manna yfirleitt, og er það meginástæðan fyrir kröfu starfsmanna ríkisins um setningu nýrra launalaga, er tryggi þeim eigi lakari kjör en öðrum þjóðfélagsþegnum í samanburði við störf þeirra og ábyrgð þá, sem þeim fylgir, svo og þann undirbúning, sem þeir þurfa til þess að geta verið færir um að gegna þeim störfum. Sú krafa af hálfu starfsmanna ríkisins, að þeir séu eigi verr settir að þessu leyti en aðrar stéttir þjóðfélagsins, er ekki einasta réttmæt, heldur mundi það koma sjálfu þjóðfélaginu í koll, ef henni yrði ekki mætt með fullri sanngirni. En reynsla undanfarinna ára sýnir berlega, svo að ekki verður á móti mælt, að þetta hefur jafnan verið gert, hvað svo sem beinum fyrirmælum launalaganna líður. Er þetta og fullkomlega viðurkennt af launalaganefndinni, þar sem hún á fjölmörgum stöðum í frv. leggur til, að lögfest verði þau frávik, sem gerð hafa verið á gildandi launalögum.

Nú þarf það ekki að vera, að slík frávik hafi ávallt verið nauðsynleg. Þar hefur komið til persónuleg samúð með viðtakanda, vinátta eða hann hafi sýnt sérstaka hæfileika í starfi sínu, sem ekki eru e. t. v. ávallt til staðar hjá næsta manni, sem kynni að verða falinn starfinn, en á þó kröfu á launaupphæð þeirri, sem lögfest hefur verið, þó að til þeirrar hækkunar hafi legið allt aðrar ástæður, eins og að framan er greint. Frv. það, sem hér um ræðir, fyrirbyggir því ekki, þótt að lögum verði, að haldið verði áfram að víkja frá ákvæðum laganna í mörgum tilfellum, og skapast *þá innan stundar nákvæmlega sama ástand hér* að lútandi og nú er búið við. Fyrir þessar ástæður einar er því ekki réttlætanlegt að samþykkja frv.

Allt þetta hefur þó orðið þess valdandi, að ríkisstj. hefur látið undan þessum kröfum starfsmanna ríkisins og hæstv. fjmrh. hefur skipað 5 manna n. til þess að endurskoða launalögin og undirbúa frv. til nýrra launalaga, sem tryggði starfsmönnum ríkisins réttlát laun og kjör, samanborið við aðrar launastéttir í landinu, og jafnframt skipaði hinum ýmsu starfsmannahópum í réttra launaflokka miðað við störf þeirra, undir-

búning þeirra undir störfin og þá ábyrgð, sem þeim jafnan fylgir. Til þessa vandasama verks velur hæstv. fjmrh. eingöngu menn úr hópi starfsmanna ríkisins, gefur þeim einum þar með beinlínis sjálfdæmi um eigin kröfur, án þess að nokkrir aðrir komi þar vörnum við í sambandi við undirbúninginn. Almenningur hefur á undanförnum árum fengið augun opin fyrir því, hversu óheppilegt það er og skaðlegt fyrir þjóðfélagið í heild, að ýmsir starfshópar á hinum frjálsa vinnumarkaði geta án verulegrar íhlutunar annarra skammtað sér sjálfir hlutann af arði framleiðslunnar og knúið síðan fram þær ákvarðanir með lengri eða skemmri verkföllum. En jafnvel í þeirri ófullkomnu vinnulöggjöf, sem við búum við í dag og flestir viðurkenna að nauðsynlegt sé að endurskoða og breyta til þess að tryggja þjóðinni öruggari rekstur á þeim þætti atvinnulífsins, sem veldur ómetanlegu tjóni fyrir alla, ef hann stöðvast, eru þó nokkrar hömlur á því, að starfsflokkarnir geti tekið sér fyrirhafnarlaust sjálfdæmi í launum sínum og kjörum. Áður en kröfunum er að fullu náð, og það alveg eins þó að full sanngirni mæli með þeim, þurfa þær stéttir að yfirstíga marga örðugleika og oftast að færa þá fórn, sem er einna þyngst, að stöðva vinnu og vera launalausar um lengri eða skemmri tíma. Það þarf því ekki að spá neinu um það, hvaða áhrif það kemur til að hafa í framtíðinni, að Alþ. skapi það fordæmi að lögfesta dóma um laun og kjör starfshópa, sem þeir sjálfir hafa kveðið upp að réttlátir væru í allan máta, og leggja jafnframt byrðarnar af dómsniðurstöðunni á herðar þeirra aðila, sem enga aðstöðu fengu til að koma við vörnum við undirbúning málsins. Og því er það, að þótt ekkert annað kæmi til en það, hvernig málið er undirbúið, ætti ekki að samþykkja á þessu þingi það frv., sem hér er til umr.

Alþ. á engan málsvara í launalaganefndinni, hinn almenni skattgreiðandi engan, framleiðendur á sviði útgerðar, landbúnaðar og iðnaðar engan, launastéttirnar á hinum frjálsa vinnumarkaði engan, og þó eru kröfur starfsmanna ríkisins byggðar á því, að menn í öllum þessum stéttum hafi fengið kjör sín bætt meira en starfsmenn ríkisins og að af þeim ástæðum beri að hækka laun þeirra, svo sem lagt er til í frv. Hefur hv. frsm. meiri hl. tekið undir þessar fullyrðingar og byggt afstöðu sína og meiri hl. á þeim niðurstöðum.

Svo virðist sem launalaganefndin hafi talið verkefninu gerð full skil með því að taka aðeins til meðferðar tvo þætti þessa mikla vandamáls, þ. e. í fyrsta lagi að meta grunnlaunaupphæðir starfsmanna ríkisins með hliðsjón af launum annarra launþega á frjálsum vinnumarkaði samfara þeirri röskun, sem orðið hefur á öllu verðlagi í landinu, og í öðru lagi að flokka starfsmennina í ákveðna launaflokka eftir því mati, sem hún leggur á hin ýmsu störf í þágu ríkisins, og þó er hvorugu þessara verkefna gerð full skil, eins og ég skal koma að síðar. Hitt sýnist launanefndin hafa talið sér alveg óviðkomandi, sem er þó kjarni þessa máls, hvaða áhrif till. hennar, ef að lögum verða, kæmu til að hafa á fjárhagskerfi þjóðarinnar og hvort þær raunverulega, er fram líða stundir, bættu nokkuð kjör starfsmannanna. Verður ekki séð, að þetta höfuðatriði hafi verið rætt í launanefndinni eða brotið þar til mergjar, nema hvað skýrt er frá því, að frv., ef að lögum verður, muni koma til að auka rekstrargjöld ríkissjóðs um rúmlega 20 millj. kr. frá því, sem nú er greitt samkvæmt gildandi launalögum og venjum, sem skapazt hafa um frávik frá þeim. Þó á sæti í n. hagfræðingur, sem ríkisstj. leitar mjög til, hvenær sem leysa þarf aðsteðjandi vanda í sambandi við efnahagsmál landsins. Hitt þarf svo engan hagfræðing til að skilja, að nýir tugir milljóna, sem velt er inn í viðskiptalífið á þann hátt, sem hér er gert, og það aðeins frá einni stétt þjóðfélagsins, hljóta að marka varanleg spor í áttina til meiri erfiðleika í efnahagsmálum þjóðarinnar, og þýðir ekkert að bera það eitt fyrir sig, að það sé gert af illri nauðsyn, vegna þess að aðrar stéttir hafi þar gengið á undan með illu fordæmi. Svo einfaldlega leysir engin þjóð efnahagsvandamál sín, og svo gáleysislega mega ekki þeir menn hugsa og starfa, sem vegna menntunar sinnar og hæfileika gera kröfu um, að meira tillit sé tekið til sín en annarra, eins og hér hefur verið gert. Komi stefnubreytingin í efnahagsmálum þjóðarinnar ekki ofan frá, þá kemur hún ekki nema jafnframt að bera í sér þær fórnir, sem allur almenningur kiknar undir, en þau víti ber einmitt að varast.

Meiri hl. fjhn. deildanna, sem hafa unnið saman að breytingum á þessu frv., hefur ekki heldur fengizt til þess að athuga þessa hlið málsins. Á fyrsta fundi nefndanna var þessu máli hreyft af mér og hv. þm. A-Húnv., en við lýstum báðir afstöðu okkar til málsins þegar á fyrsta stigi þess hér í Alþ. En aðvaranir okkar fengu þar engan hljómgrunn, og nú hefur hv. Nd. fellt þær till. hv. þm. A-Húnv., sem hann bar þar fram og byggðar voru á þessari skoðun okkar, að óheppilegt væri að knýja fram með nýrri lagasetningu þá launahækkun, sem hér er ráð fyrir gert. Og rétt áður en allur þorri deildarmanna greiðir atkv. með frv., sendir meiri hl. hv. fjvn. frá sér nákvæmlega sömu aðvörun og við, sem höfum lýst afstöðu okkar gegn frv., en þar stendur orðrétt í nál., sem dagsett er 9. þ. m., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlagafrv. fyrir árið 1956 er útgjaldamegin 62.3 millj. kr. hærra en fjárl. þessa árs. Horfur eru á því, að í meðferð þingsins hækki útgjaldahlið frv. um 70—80 millj. kr. Er hér um geysimikla hækkun útgjalda að ræða, því að í núgildandi fjárl. nam hækkun útgjalda frá fjárl. ársins 1954 69 millj. kr. Orsaka þessarar óheillaþróunar er fyrst og fremst að leita í þeirri verðbólguöldu, er fylgir í kjölfar kauphækkananna, sem urðu á þessu ári. Kauphækkanirnar og verðhækkanirnar, sem orðið hafa undanfarna mánuði og munu þó koma fram með enn meiri þunga á næsta ári, valda annars vegar því, að útgjöld ríkisins til flestra eða allra þátta starfsemi þess vaxa stórlega, hins vegar minnkar mjög hlutur verklegra framkvæmda, nema hækkanir verði gerðar á þeim fjárveitingum til þess að mæta hækkun kostnaðar við framkvæmdirnar. Er augljóst, að hefði verið hægt að halda kaup-

gjaldi og verðlagi í skefjum, svo sem verið hefur síðustu árin, hefði horft mun betur um hag ríkissjóðs á næsta ári.“

Þetta eru aðvörunarorð hv. fjvn. til Alþ. og rök hennar fyrir því, að hækka verði ríkisútgjöldin á næsta árs fjárlögum vegna þess, hversu kaupgjaldið hefur hækkað í landinu. Og sjálfur hv. frsm. meiri hl. í fjvn. birtir ræðu sína í einu stærsta blaði landsins, þar sem fyrirsögnin er letruð með mjög stóru, breyttu letri: „Afleiðingar verkfallanna í vor gera umflýjanlegar nýjar skattaálögur.“ Og hann segir í sinni framsöguræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Afleiðingar verkfallanna óheillavænlegar: Undanfarin tvö ár, eða fram á öndvert yfirstandandi ár, hafa tiltölulega litlar breytingar orðið á kaupgjaldi og verðlagi í landinu, og vísitalan hafði að mestu staðið í stað. Stefndi þessi þróun tvímælalaust í þá átt að skapa meira jafnvægi og festu í efnahagsmálum þjóðarinnar, er m. a. kom glöggt fram í aukinni trú manna á gildi peninganna. Þótt ekki hefði að vísu tekizt að koma útflutningsframleiðslunni á rekstrarhæfan grundvöll, var þó vaxandi trú manna á það, að takast mætti að stöðva verðbólguflóðið. Afleiðingar verkfallanna í byrjun þessa árs hafa orðið þær, að verðbólguhjólið snýst nú aftur af fullum krafti, og er ósýnt, hvernig auðið verður að stöðva það að nýju. Í kjölfar verkfallsins fylgdu miklar kaup- og verðhækkanir, og gætir þessara óheillavænlegu afleiðinga í æ ríkari mæli og ekki hvað síst í sambandi við afgreiðslu fjárl. nú fyrir næsta ár.“

Þetta eru orð þessarar áhrifamestu nefndar í Alþ. Um afgreiðslu sjálfra fjárl. gildir almennt sú regla, að meiri hl. Alþ. fylgir till. meiri hl. fjvn., sem kemur til af því, að fyrir n. hafa legið öll gögn í hverju máli, sem hún hefur þrautrætt, en aðrir hv. þm. hafa ekki haft ástæður til þess að kynna sér á sama hátt. Fjvn. er hér því leiðtogi og forsvarsaðili þingsins samfara hæstv. fjmrh. um afgreiðslu fjárlaganna. Það hefði því mátt vænta þess, að slík aðvörun frá hendi n., sem ég las hér áðan, hefði haft einhver áhrif á afgreiðslu þessa máls. En það er síður en svo, að þess hafi gætt. Jafnvel nefndarmennirnir sjálfir, sem gefið hafa út og undirritað aðvörunina, greiða atkvæði með þeirri gífurlegu launahækkun, sem frv. hefur í för með sér, ef að lögum verður. Og einn nefndarmannanna, sem sæti á hér í þessari hv. d. og jafnframt í fjhn. deildarinnar, hv. þm. S-Þ., hefur skipað sér á bekk með meiri hl. n. og lagt til, að frv. yrði samþ. Á hitt er ekki reynt enn, hvort hv. þm. V-Sk., sem einnig á sæti í fjvn., fylgir frv. eða ekki.

Þegar borin eru saman orð og athafnir þessara hv. þm., getur maður ekki annað en undrazt stórum það ósamræmi, sem þar ríkir, Og almenningur, sem fylgist með þessum málum af áhuga, hlýtur að spyrja: Hverju á maður að trúa? Meiri hl. þeirrar þingn., sem þjóðin setur allt sitt traust á í sambandi við afgreiðslu fjármála, fullyrðir í opinberu þskj., að orsakanna til þeirrar óheillaþróunar í fjárhagsmálum þjóðarinnar, sem skapazt hafi á yfirstandandi ári, sé fyrst og fremst að leita í þeirri verðbólgu, er fylgir í kjölfar kauphækkananna, sem urðu snemma á þessu ári, og enn fremur, að augljóst sé að hefði verið hægt að halda kaupgjaldinu og verðlaginu í skefjum, svo sem verið hefur síðustu árin, hefði horft betur um hag ríkissjóðs á næsta ári. Og samt sem áður greiða þessir menn atkv. á sama tíma með því, að frv., sem hefur í för með sér stórkostlega kauphækkun, stórkostleg útgjöld úr ríkissjóði og valda mun stórkostlegri verðbólgu í landinu, verði gert að lögum á þessu þingi. Hinu þýðir ekki að treysta, að almenningur fái skilið þau rök, að launahækkun, sem knúin er fram með verkföllum á þessu ári til launþeganna á hinum frjálsa vinnumarkaði, sé einhvers annars eðlis og hafi einhver allt önnur áhrif á efnahagsmálin en tugmilljóna launahækkanir til starfsmanna ríkisins, þótt þær launahækkanir séu fengnar fyrirhafnarlaust með því að gefa stéttinni sjálfdæmi, eins og ég hef bent á. Áhrifin á efnahagsmálin og verðlagið í landinu verða nákvæmlega þau sömu, hvernig svo sem launahækkanirnar eru til komnar.

Af umr. þeim, sem farið hafa fram hér á Alþ. um þessi mál, svo og ummælum blaðanna verður ekki annað séð en að samþykkt þessa frv. sé svar hæstv. ríkisstj. og hv. Alþ. til þeirra launastétta, sem knúðu fram launahækkanir á þessu ári með langvarandi verkfalli með þeim afleiðingum, að nýrri verðbólgu var steypt yfir þjóðina. Hér drýpur úr hverjum penna, hér hljómar úr hverjum barka: Þetta var ykkur sagt fyrir fram, nú eruð þið að uppskera eins og þið hafið sáð. Sú byrði, sem hér er á ykkur lögð, er aðeins eðlileg afleiðing af ykkar eigin verkum, sem væntanlega kennir ykkur meiri varfærni framvegis. — En þannig á ekki að mæta vanda, vegna þess að þannig verður hann ekki leystur, og án þess að ræða nánar þau atriði, sem óneitanlega eru upphafið að þessu kapphlaupi, vil ég benda á, að með þessu frv. er þó stefnt miklu lengra inn á launahækkunarbrautina en launahækkunin síðasta gefur tilefni til, þótt launalaganefndin vilji halda fram hinu gagnstæða, og skulu hér færð fyrir því óyggjandi rök. Og einmitt þess vegna mun frv. þetta, ef að lögum verður, beinlínis kalla á nýjar launahækkanir frá öllum almenningi, sem tekur laun sín á hinum frjálsa vinnumarkaði, til þess að vega upp á móti því misræmi, sem þetta frv., ef að lögum verður, skapar í launagreiðslum almennt. Og það er engan veginn öruggt, að þær kröfur verði nokkuð mildari en þær, sem starfsmenn ríkisins eru að tryggja sér hér. En sé slíkum hefndarráðstöfunum beitt í kaupgjaldsmálum yfirleitt, þá er *eitt alveg óhjákvæmilegt, og það er það, að allir* tapa.

Launalaganefndin byggir 9.5% grunnlaunahækkun í öllum launaflokkum á eftirfarandi útreikningi, sbr. fskj. III með frv.: XIII. launaflokkur verði ákveðinn með hliðsjón af núgildandi töxtum í almennri verkamannavinnu, en laun í X. flokki með hliðsjón af kaupi faglærðra iðnaðarmanna á almennum vinnumarkaði. Samkv. XIII. flokki gildandi launal. að viðbættum 20% eru mánaðarlaunin 1800 kr. á mánuði, en sambærilegir Dagsbrúnarverkamenn, að áliti n., og það álit hefur hún frá Hagstofu Íslands, hafa 2015 kr. á mánuði, ef þeir eru fastráðnir fyrir mán-

aðarlaun, og þurfa þá laun starfsmanna ríkisins í þessum flokki að hækka um 11.9% til þess að vera sambærileg við laun Dagsbrúnarverkamannsins með föstu mánaðarkaupi. Sé hins vegar miðað við tímakaupsmenn, sem hafa stöðuga atvinnu, er mánaðarkaup þeirra 2091 kr., og þyrftu þá launin í þessum flokki að hækka um 16.2%, eftir því sem launalaganefndin sjálf upplýsir með aðstoð hagstofunnar. Með tilliti til þessa þykir launalagan. rétt að ákveða laun þessa flokks 9.5% hærri en þau eru, eða 23700 kr., sem svarar til 2.4% lægra en laun Dagsbrúnarverkamanns, sem ráðinn er fyrir mánaðarlaun, og 6.7% lægra en laun sömu manna samkv. tímavinnusamningi.

Mér sýnist, að það þurfi enga hagfræðikunnáttu til þess að sjá, hversu fráleitur þessi samanburður er og hversu gersamlega það er óverjandi að nota þær niðurstöður, sem þannig eru fundnar, sem grundvöll fyrir almennri hækkun launa til starfsmanna ríkisins. Í XIII. flokki launal. eru aðstoðardyraverðir, ritarar og símastúlkur, afgreiðslumenn, aðstoðarmenn við rannsóknir, umsjónarmenn, innheimtumenn og svo talsímakonur fyrstu starfsárin. Langsamlega stærsti fjöldi þeirra, sem þannig er settur í þennan launaflokk, vinnur 36—42 stundir á viku í stað 48 stunda vinnu, er Dagsbrúnarverkamaðurinn verður að inna af hendi fyrir sínu kaupi og oft lengur, ef um er að ræða mann með föstum mánaðarlaunum. Munar þá hér 18.7% á raunverulegum launum fyrir sama vinnutímafjölda, sem verkamönnum er greitt minna en starfsmönnum í XIII. flokki þeirra laga, sem hér er verið að ræða. En þar við bætast 6%, sem ríkissjóður greiðir fyrir starfsmenn ríkisins í lífeyrissjóð auk ýmissa annarra hlunninda, er ég mun síðar ræða. Og mér er spurn: Hvaða almennur verkamaður, hvar sem er á landinu, mundi ekki grípa það tækifæri fegins hendi að fá örugglega greidd laun samkv. XIII. flokki með fullri tryggingu í því að halda þeim til 70 ára aldurs og eiga síðan rétt á eftirlaunum? Mikið fádæma ófróðir mega nm. vera um hagi hins almenna verkamanns, baráttu hans fyrir brauði sínu og sinna og sífelldum áhyggjum út af því að hafa enga vinnu næsta dag eða næstu vikur eða jafnvel næstu mánuði, ef þeir láta sér koma til hugar, að þeir þættust ekki hólpnir og himininn höndum tekið hafa, ef þeir ættu kost á því að tryggja, þótt ekki væri nema með þeim kjörum, framtíð sína. Halda virkilega þessir menn, að hinn almenni verkamaður, hvaðanæva af landinu sem er, væri að yfirgefa heimili sitt, börn og konu og það oft undir hinum erfiðustu kringumstæðum til þess í fullkominni óvissu að snapa eftir vinnu á fjarlægum vinnumarkaði, sem greidd er samkv. Dagsbrúnarsamningum, ef hann ætti þess kost að hafa trygga atvinnu með þeim kjörum, sem fastsett eru samkv. XIII. flokki launalaga? Kannast þessir menn ekkert við atvinnuástandið á hinum frjálsa vinnumarkaði, eins og það var hér fram að árinu 1939 og eins og það er enn í dag í fjöldamörgum þorpum og kaupstöðum landsins? Hafa ópin, sem þaðan berast daglega til Alþingis og einnig í ráðuneytin, alveg farið fram hjá þeim, eða halda þeir, að þau séu send að nauðsynjalausu? Og þó verða þessir menn einnig að bera hluta af þeirri byrði, sem þessi lög leggja á herðar allra þegna í landinu, ef þau verða samþ. hér á þessu þingi.

Með ákvörðun launaupphæðar í X. flokki hefur launalaganefndin til hliðsjónar laun faglærðra iðnaðarmanna á hinum almenna vinnumarkaði. Meðalárskaup þessara manna er talið af hagstofunni, eftir því sem sjálft frv. upplýsir, 31536 kr. á móti 28080 kr. hjá starfsmönnum ríkisins. Þetta hvort tveggja er miðað við grunnlaun. Hér telur n. því, að hækka beri starfsmannalaunin um 12.4%. Er nú rétt að athuga, hvaða starfsmenn ríkisins það eru, sem n. skipar í X. flokk og metur á borð við faglærða iðnaðarmenn, en þeir eru sem hér segir: bókarar, skiptimyntarféhirðir, dóm- og skjalavörður eða réttara sagt húsvörður hæstaréttar, firmaskrásetjari, lögregluefirlitsmenn, sýsluskrifarar og bókarar, ríkislögregluþjónar og fangaverðir, brytar, skoðunarmenn í ríkiseftirliti, þjóðgarðsvörður, toll- og skattritarar fyrsta stigs, tollverðir, héraðslæknar í tekjumestu héruðunum, aðstoðar- og rannsóknarhjúkrunarkonur, matráðskonur, teiknarar, verkstjórar, kennarar við matsveina- og veitingaþjónaskóla, aðstoðarmenn fyrsta stigs í atvinnudeild háskólans, ráðsmaður á Keldum, háloftaathugunarmenn og loftskeytamenn, aðstoðarmaður veiðimálastjóra, dýralæknar í þremur tekjuhæstu héruðum utan Reykjavíkur, rafvirkjar, póstafgreiðslumenn, yfirvarðstjórar við símann, iðnaðarmenn fyrsta stigs, efnisverðir, aðstoðarféhirðar, umsjónarmenn bifreiða, magnaraverðir, stöðvarverðir og vélstjórar, útvarpsvirkjar og sölumenn.

Þessum mönnum er öllum skipað í X. flokk samkv. frv., og hafa þó líklega nokkrir þeirra verið fluttir einum flokki hærra við 3. umr. frv. í hv. Nd. Eins og sjá má af þessari upptalningu, vinnur þorri þessara manna miklu skemmri tíma en 48 stundir á viku eða þann tíma, sem iðnaðarmenn verða að vinna til að ná þeirri tekjuupphæð, sem miðað er við. Það gildir því hér að því leyti sama ósamræmið í samanburði og bent var á að væri í XIII. flokki, auk þess sem námsferill og undirbúningur iðnaðarmannanna undir sitt lífsstarf er miklu meiri og lengri en flestra þeirra, sem flokkaðir eru í þennan flokk, að undanskildum hinum langskólagengnu mönnum, en laun þeirra eru þá og miðuð við mjög miklar aukatekjur, sem störfunum fylgja. Um atvinnuöryggið í þessum störfum svo og lífeyrisgreiðslur gilda sömu rök sem ég færði fram í sambandi við samanburð á XIII. flokki og verkamannalaunum.

Aðra launaflokka en þessa tvo, sem ég hef nefnt, treystir n. sér ekki að taka til samanburðar við nein laun á hinum frjálsa vinnumarkaði, en fullyrðir þó alveg út í bláinn, að launamismunur milli ríkisstarfsmanna og sambærilegra starfsstétta á almennum vinnumarkaði sé meiri en að ofan greinir, og undir það tók hv. frsm. meiri hlutans, og skal einnig komið nokkuð að því hér síðar. Og þó kastar nú fyrst tólfunum, er n. metur að jöfnu öll réttindi ríkisstarfsmannanna samkv. lögum, m. a. þau, að ógerlegt er að víkja manni úr stöðu, hversu mikill vesal-

ingur sem hann kynni að verða í starfi, fyrr en hann fellur fyrir aldurstakmarki, og bæta verður honum að fullu það tjón, sem hann verður fyrir, er staða hans er orðin óþörf og verður því að leggjast niður, við þau réttindi, sem launþegi á frjálsum vinnumarkaði á von í samkvæmt loforði um setningu laga um atvinnuleysistryggingar, sem enginn veit, hvenær koma kunna, og því síður, hvaða fríðindi koma til að færa þessum mönnum almennt, en þó má fullyrða, að aldrei verði nema brot af þeim fríðindum, sem fólgin eru í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þessi fríðindi metur launalaganefndin að jöfnu.

Vegna þeirra fullyrðinga, að einkafyrirtæki greiði miklu hærri laun til sinna starfsmanna fyrir sambærileg störf, þykir rétt að gera hér nokkurn samanburð á launum þessara starfsmanna, og öruggasta heimildin til samanburðar er samningur um launakjör verzlunarfólks, sem gerður er 27. maí s. l.

Samkvæmt þeim samningi er hæsti launaflokkurinn fyrir skrifstofustjóra og I. flokks fulltrúa, en hámarkslaun þeirra eru eftir 4 ár 37250 kr. Samkv. frv. eru skrifstofustjórar flokkaðir fyrst í III. flokk með 51300 kr., í V. flokk með 43800, í VI. flokk með 40200 og í VII. flokk með 37800, allt eftir því, við hvaða stofnanir þeir vinna, og eru þá allir fyrir ofan laun sambærilegra skrifstofustjóra á almennum vinnumarkaði og flestir langt fyrir ofan. Ég vil taka það fram, að allar þessar tölur eru byggðar á grunnlaunum, bæði starfsmanna ríkisins og á frjálsum vinnumarkaði. Fyrsta stigs fulltrúar eru samkvæmt frv. settir í VI. flokk með 40200 kr. og eru þá einnig langt fyrir ofan verzlunarmannalaunin. Aðalbókarar, aðalgjaldkerar og annars flokks fulltrúar hafa laun samkvæmt verzlunarmannasamningnum 33780 kr., en samsvarandi starfsmenn ríkisins samkvæmt frv. 47400, 37800 og 35400 kr., eftir því í hvaða stofnun þeir starfa, og eru, eins og samanburðurinn ber með sér, allir hærri í launum en sams konar starfsmenn hjá einkafyrirtækjum samkvæmt samningi. Bókarar annars flokks, sölumenn og gjaldkerar annars flokks hafa laun samkvæmt samningi 28956 kr., en sambærilegir ríkisstarfsmenn samkvæmt frv. 35400 og 30900 kr. Deildarstjórar hafa samkvæmt samningnum 30120, en samkvæmt frv. 43800 og 40200 eftir því, hvar þeir eru staðsettir.

Þannig er samanburðurinn á launakjörum ríkisstarfsmanna samkv. frv. og launum sambærilegra manna á viðskiptasviðinu, og hafa hinir síðari þó engin sömu fríðindi og ríkisstarfsmennirnir, svo að fullyrðingar launalaganefndarinnar, hæstv. ráðh. og hv. frsm. um þetta efni, að hér séu greidd mun hærri laun á hinum frjálsa vinnumarkaði, hafa ekki við nein rök að styðjast.

Ég hef hér sýnt fram á og það með alveg óhrekjandi rökum, að samanburður sá, sem launalaganefndin gerir á launum starfsmanna ríkisins og annarra launamanna og byggir síðan hækkunartill. sínar á, er algerlega rangur. Og til þess að sýna enn ljósar, hversu lítil ástæða var fyrir ríkisstarfsmennina að knýja fram launahækkun þá, sem felst í frv., skal ég leyfa mér að benda hér á nokkur af þeim fríðindum, sem þeir hafa auk launa sinna, og meta þau jafnframt, eftir því sem við verður komið. Þessi fríðindi eru að sjálfsögðu mjög misjöfn eftir því, hver á í hlut, en svo er um allar launatekjur annarra stétta, og þar bera ekki allir það sama úr býtum, hvorki Dagsbrúnarverkamenn né aðrir starfsmenn á frjálsum markaði. Er því ekki meiri fjarstæða að reikna hér með ákveðnu meðaltali en að reikna ákveðnar meðalárstekjur verkamanna eða annarra, sem sækja á hinn frjálsa vinnumarkað. En fríðindi þau, sem fylgja ríkisstarfsmannalaununum auk hinna föstu tekna, eru sem hér segir:

1) Lífeyrissjóðsgjald, greitt af ríkissjóði, 6% af launum.

2) Framlag samkvæmt 18. gr. fjárl. 15.9 millj. kr., sem samsvarar 10% launahækkun. Þó að þetta sé ekki greitt til starfsmannanna fyrr en eftir að þeir láta af störfum, þá er þetta greitt sem bein laun til þeirra.

3) Réttindi samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, mjög lágt metin á 10%.

4) Frítt eða lágt reiknað húsnæði, ljós, hiti, sem víða fylgir embættunum, eða lán til húsbygginga úr lífeyrissjóðunum, samfara ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánum til húsbygginga, allt að 75% af byggingarkostnaði hæfilegra íbúða. Þykir ekki óeðlilegt að áætla þennan lið verða að meðaltali 5% af launum.

5) Aðstöðumunur til tekjuöflunar samhliða störfunum. Þessi aðstöðumunur gefur mörgum starfsmönnum meiri tekjur en sjálf launin, fjölda hálfar tekjur og langflestum verulegar uppbætur. Þó skal ég ekki meta þessi fríðindi að meðaltali á meira en 15%, og er það auðvitað allt of lágt metið.

6) Ýmiss konar önnur fríðindi, risna, sem ekkert er látið í té fyrir, ferðakostnaður, sem aldrei er farið, bifreiðakostnaður, sími o. fl., er ég tel lágt metið á 5%.

Fríðindin eru þannig alls metin á 51% af launum.

Mér er að sjálfsögðu ljóst, að ýmsir starfsmenn í lægri flokkunum hafa ekki svo stóra hlutdeild í þessum fríðindum, þótt ég hins vegar telji, að engir þeirra hafi undir 25% álagi þannig á laun sín, en hitt er þó og jafnvíst, að fjöldamargir í hærri flokkunum hafa langt fram yfir það meðaltal, sem hér er reiknað með.

Eins og 1. gr. frv. ber með sér, er gert ráð fyrir, að öll laun hækki um 9.5%, en auk þess hækkar tilfærsla á milli flokkanna launin að meðaltali um rúmlega 4%, svo að samanlögð launahækkun verður að meðaltali um 14%, og nær þessi hækkun, eins og ég hef þegar bent á, engri átt, og verður á engan hátt verjandi, að Alþ. samþ. hana, eins og efnahagsmálunum er nú varið hjá þjóðinni.

Ég hef hér fært full rök fyrir því, að launalaganefndin hefur ekki gert full skil þeim þætti málsins að leggja til réttilega launaupphæðir stéttarinnar almennt. En hvernig hefur henni þá tekizt með hinn þáttinn, að ákveða flokkun launanna og að staðsetja hina ákveðnu starfsmannahópa í rétta og eðlilega flokka eftir því, hver verk þeir eigi að vinna?

Þegar till. launalaganefndarinnar voru gerðar heyrinkunnar, hófst hinn megnasti áróður frá öllum starfsmannahópum innan stéttarinnar um að fá sig færða upp í hærri flokka. Út af fyrir sig er þetta aðeins mannlegt. En það, sem vakti meiri undrun, er, að rökin fyrir því að verða fluttur þannig til, voru ekki þau, að þeim væru greidd of lág laun í þeim flokki, sem þeir höfðu verið skipaðir í, heldur hitt fyrst og fremst, að þeim væri misboðið með því að vera settir í þann flokk, samanborið við aðra, sem ofar voru settir. Þetta voru meginrökin hjá hverri stétt um að fá sig flutta til, eins og þeir menn vita, sem fóru með þessi mál sameiginlega í fjhn. Voru fjhn. send um hundrað erindi um þessi atriði. Í fjöldamörgum tilfellum fellst launalaganefndin á þessi rök og leggur til, að umkvartanirnar séu teknar til greina og viðkomandi aðilar hækkaðir samkvæmt óskum þeirra, en það kostaði ríkissjóðinn á þriðju millj. kr. að leiðrétta þær misfellur, og það, sem verra er, að það skapaði aðrar misfellur og aðrar háværari kröfur um tilflutninga, því að nú hafði þessi fengið leiðréttingu mála sinna, en hinn ekki, svo að hin síðari villan var verri en hin fyrri. En allt þetta sýnir, að þótt málið hafi verið falið fulltrúum ríkisstarfsmannanna til afgreiðslu og úrskurðar og engir aðrir hafi haft þar afskipti af, er langt frá því, að þessum þætti hafi verið gerð þau skil, sem nauðsynlegt var, enda var það tæplega hægt nema sýna fyrst till., eins og þær voru fram settar í frv., og láta síðan líða heilt ár, þar til þær yrðu aftur teknar til umr. á Alþ., og nota þann tíma til þess að sætta alla aðila, flytja til, þar sem sanngjarnt var, og fá síðan stéttina alla til þess að standa að málinu.

Verði frv. hins vegar afgr. eins og það liggur fyrir nú, er fullur fjandskapur innbyrðis um málið á milli starfsmannahópanna og enginn friður um það, en það hlýtur aftur óhjákvæmilega að leiða til þess, að misræmið verður að laga, annaðhvort með lagabreyt. á næsta þingi eða — sem líklega verður heldur gert — með alls konar greiðslum til manna utan lagaheimilda til þess að mæta að einhverju leyti réttlætinu, og þá er allt komið í sama horf og áður var, nema hvað þetta kostar allt ríkissjóðinn margar milljónir. Svo stórt og alvarlegt mál sem hér um ræðir á því ekki að afgreiða á einu og sama þingi og þá sízt nema það hafi fengið frámunalega góðan undirbúning, en það hefur það ekki fengið, hvorki utan þings né innan.

Þegar litið er á, hvað þetta frv., ef að lögum verður, kemur til þess að kosta ríkissjóðinn í nýjum útgjöldum, þá er sú upphæð, sem nefnd er í frv., engan veginn tæmandi. Það er gert ráð fyrir, að 9.5% grunnlaunahækkunin kosti 15.6 millj. Eftir að fjvn. yfirfór þessa útreikninga, komst hún að þeirri niðurstöðu, að þessi upphæð þyrfti að hækka um 2 millj. kr. eða rúmlega það. Eru þá þessi hækkunarlög sem næst orðin 18 millj. kr. Samkvæmt frv., eins og það var upphaflega lagt fram, er áætlað, að aðrar breyt. á lögunum, svo sem tilfærslur á milli flokkanna og aukin fríðindi önnur, kosti um 4.8 millj. Þegar búið var að samþ. brtt. n. við 2. umr. í Nd., hafði þessi áætlun hækkað um rúmlega 2 millj. kr., og þó að eigi sé fullkomlega vitað um áætlaða hækkun vegna breyt. á frv. við 3. umr., þykir ekki ólíklegt, að reikna megi með 1 millj., svo að allar tilfærslur á milli flokka munu verða sem næst 8 millj. og hin beina launahækkun því sem næst 26 millj. kr. En auk þess eru fjöldamargir gjaldaliðir á fjárlfrv., sem óhjákvæmilega hljóta að hækka um sama hundraðshluta og laun starfsmanna ríkisins, svo sem öll útgjöld 18. gr., því að útgjöld á 18. gr. hafa jafnan fylgt launahækkunum í landinu. Framlög til Búnaðarfélagsins, Fiskifélagsins og annarra stofnana, sem fá fé úr ríkissjóði til greiðslu á launum sinna starfsmanna, verða að sjálfsögðu að hækka á sama hátt og laun ríkisstarfsmannanna, og margir aðrir liðir, er ekki skulu hér sundurliðaðir frekar. Hefur mér reiknazt til, að þessir liðir allir nemi um 40 millj. kr., og hækkun vegna þeirra mun þá nema rúmum 7 millj. Auk þess er upplýst, að útgjöld til Tryggingastofnunarinnar hækka um 7 millj. kr. miðað við frv. eins og það var lagt fram fyrst, og má sennilega hækka þá upphæð um 500 þús. eftir þær breyt., sem á hafa orðið. Og þó að aðeins ⅓ þessarar upphæðar sé beint til útgjalda úr ríkissjóði, er öll upphæðin útgjaldabyrði á þjóðinni.

Samþykkt þessa frv. mun því kosta nýjar álögur, sem samsvara 40 millj. kr., og er þá ekki reiknaður með sá útgjaldakostnaður, sem varð af frv. um að afnema skerðinguna á vísitöluuppbótinni, því að það kemur ekkert þessu máli við. Geta menn síðan gert sér í hugarlund, hvílík geysiáhrif það kemur til að hafa á allt fjárhagskerfið í landinu.

Þótt fjhn. beggja d. hafi haft samvinnu um athugun á frv. þann tíma, sem það hefur verið í Nd., þá er það raunverulega gersamlega óverjandi að ætla seinni deild engan tíma til að athuga og umbæta svo þýðingarmikið mál, því að um það eru allir hv. þm. sammála, að ógerningur er að ganga svo frá máli sem þessu í fyrri d., að ekki þurfi að laga á síðara stigi ýmsar misfellur, sem ómögulegt er að fyrirbyggja, og hefur það skýrt komið fram hér fyrr í umr. Og ég fullyrði, að svo mikil óánægja sem ríkti um frv., er það fyrst kom fram, þá hefur hún vaxið um allan helming undir meðferð málsins, einmitt vegna þeirra breyt., sem gerðar hafa verið á því og kostað hafa ríkissjóðinn milljónir. Þingnefndir og þm. hafa bókstaflega engan frið haft fyrir sífelldum áróðri þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli. Og eins og venjulega hafa þeir komizt lengst, sem beitt hafa mestri ásælni, en tilfærsla þeirra á milli flokka hefur sem oftar skapað algert ranglæti gagnvart hinum, sem fengu ekki sínum málum fram komið. Er þetta ein veigamikil ástæða til þess að visa málinu frá á þessu þingi, og væri þá rétt að skipa nýja launalaganefnd, sem almenningur vissi ekki einu sinni, hverjir ættu sæti í, og sízt af öllu, hvar hún starfaði, til þess að útiloka allan persónulegan áróður. Hún fengi þá öll gögn, sem fram eru komin í málinu, og allar frekari upplýsingar kæmu til hennar um hendur ráðuneytanna. Hún skilaði til ríkisstj. fullbúnum, öruggum till. um ný launalög, er hún hefði bæði þrek og manndóm til að standa við, en léti ekki hrekja sig í fyrstu

atrennu frá till. sínum, eins og nú hefur átt sér stað, til þess síðar að missa gersamlega tökin á málinu. Á sama tíma lýsti svo hæstv. ríkisstj. yfir, að þar til ný launalög yrðu sett, skyldi starfsmönnum ríkisins bætt eðlilega launin, eftir því sem réttlátt væri, miðað við þær breyt., sem orðið hafa á launum almennt í landinu. Öll önnur afgreiðsla á þessu máli á þessu þingi er Alþ. og hæstv. ríkisstj. til vansa.

Mér er fullkunnugt um, að mikill þorri hv. þm. er í raun og veru á þessari skoðun, sem kemur bezt í ljós í því, að það munu 10 hv. þm. hafa setið hjá í atkvgr. við afgreiðslu málsins í hv. Nd. Og ekki einungis þeir, heldur er og þorri starfsmanna ríkisins sáróánægður með endalok þessa máls, eins og þau virðast vera ráðin. En eina mótbáran er: Það mun valda enn meiri erfiðleikum að koma málinu í höfn síðar. Það mun kosta ríkissjóðinn enn meira fé þá en nú, og því verður að ljúka málinu á þessu þingi og það áður en því er frestað. — Þessi mótbára hefur ekki við nein rök að styðjast: Í fyrsta lagi vegna þess, að Alþ. á aldrei og má aldrei láta neina starfsmannahópa skipa sér fyrir verkum, þá er valdi þess og virðingu gersamlega glatað og þar með sjálfstæði og frelsi þjóðarinnar. Hinn 30. marz mun verða lifandi tákn þess í sögu Alþ., að frjálsbornir fulltrúar létu ekki kúga sig, en komu fram á þingi réttlátum málum, þótt úti fyrir væru hópar með hótanir um limlestingar og ofbeldi. Á þeirri stundu hélt Alþ. fullri virðingu og fullu valdi, og það á það jafnan að gera, á hverju sem veltur utan þessara múra. Í öðru lagi vegna þess, að fram undan er lausn efnahagsmálanna. Lausn þeirra kemur áreiðanlega til að hafa mikil áhrif á kjör almennings í landinu, annaðhvort til góðs eða ills, eftir því, hvernig tekst um lausn þeirra mála, og því er ekki rétt að ljúka þessu máli, fyrr en séð er, hvaða lausn verður á efnahags- og atvinnumálunum almennt. Gefi sú lausn tilefni til hækkunar launa ríkisstarfsmanna frekar en annarra launþega í landinu, þá verður ekki staðið á móti þeirri kröfu, sem þannig yrði flutt af sanngirni, þó að búið sé að ganga frá þessu máli.

Ég legg því til, að sá háttur verði hafður á, sem ég hef bent á, og að dagskrártill. mín á þskj. 221 verði samþ., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að augljóst er, að frv. veldur, ef að lögum verður, vaxandi verðbólgu í landinu og framkallar jafnframt kröfur um hækkandi laun annarra launþega, sem ekki verður unnt að mæta nema með stórauknum nýjum framlögum úr ríkissjóði, svo og að frv. hefur ekki fengið þann undirbúning og þá meðferð, sem nauðsynlegt verður að telja, þegar um svo viðkvæmt og vandasamt mál er að ræða, þykir ekki rétt að samþ. málið á þessu þingi, og tekur d. því fyrir næsta mál á dagskrá."

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 223, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt, að ég segi fáein orð út af því, sem hv. frsm. minni hl. tók fram og nál. minni hl., vegna þess að hann víkur í nál. sínu og vék einnig í máli sínu allmjög að meðferð þessa máls eins og hún hefur verið af hendi ríkisstj.

Það er þá fyrst, að hv. þm. eða hv. minni hl. finnur mjög að undirbúningi málsins og nefndarskipun þeirri, sem átti sér stað í því sambandi.

Ég vil taka það fram, að ríkisstj. var sammála um að hafa n. einmitt á þá lund, sem hún varð, og að velja tvo skrifstofustjóra úr stjórnarráðinu í n., skrifstofustjóra fjmrn. og skrifstofustjóra atvmrn., en gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja aðstöðu til þess að hafa áhrif á val hinna nm.

Það er álit mitt og vafalaust álit ríkisstj. einnig, að þessir tveir menn, sem skipaðir voru úr starfsliði stjórnarráðsins í nefndina, muni vera hæfari en flestir aðrir landsmenn til þess að taka að sér þetta starf. Það mun leitun á nokkrum mönnum, sem eru jafnkunnugir fjárhags- og atvinnulífinu og þeim þáttum þjóðfélagsbyggingarinnar, sem þekkja þarf til þess að gera skynsamlegar till. um launalög, og einmitt þessir tveir menn. Þeir hafa því allra manna bezt skilyrði til þess að vinna gott starf í n. og að líta á málin einmitt frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar, en ekki frá sjónarmiði opinberra starfsmanna sérstaklega, enda hygg ég, að engum þeim manni, sem kunnugur er störfum þessara manna og kunnugur þeim, mundi detta í hug, að það hafi haft nokkur minnstu áhrif á störf þeirra að þessu vandamáli, að þeir voru launþegar á vegum ríkisins. Þessir tveir menn eru svo þaulvanir því að starfa að ábyrgðarstörfum einmitt frá almennu sjónarmiði, að fáir aðrir hafa í því jafnmikla æfingu, og það er ekki fátítt, að einmitt þessir menn eigi þátt í hliðstæðum störfum og þeim, sem hér áttu sér stað, t. d. hafa þeir verið undanfarin ár mjög framarlega í rannsóknum á þeim vandamálum öðrum, sem borið hefur að garði ríkisstj.

Ég mótmæli því alveg þeirri skoðun, og ég veit, að ég geri það í nafni ríkisstj., að stjórnin hafi með þessari skipan n. gert nokkuð í þá átt að afhenda opinberum starfsmönnum sjálfdæmi í sínum málum eða hafi sett þannig upp n., að það sé ástæða til þess að kvarta yfir því, að aðrir hafi ekki getað komið neinum vörnum við, eins og það er orðað í nál. hv. minni hl. Gagnvart þessum tveimur fulltrúum, sem ég hef hér getið um, þarf engum sérstökum vörnum við að koma, því að þeir eru einmitt allra manna færastir til þess að líta á þessi mál frá því sjónarmiði, sem ég hef lýst, og frá því sjónarmiði, sem þarf að skoða þau.

Þá vil ég einnig geta þess, að frv. hefur verið rúmar 5 vikur í n., þar sem unnið hafa saman að málinu fjhn.-menn úr báðum deildum Alþ., og hefur því þar fullkomlega verið aðstaða til þess fyrir menn að gera aths. við málið, eins og raunar kom fram af því, sem hv. frsm. minni hl. sagði. Þótt sumt af því, sem hann tók fram, bæri ekki vott um réttan skilning á málinu frá mínu sjónarmiði, þá var þó augljóst af því, sem hann hafði hér fram að færa, að hann hefur haft mikinn tíma til þess að fjalla um málið og að sumu leyti notað hann allvel. Það sýndi hið langa og

að sumu leyti ýtarlega mál, sem hann flutti um það frá sínu sjónarmiði.

Þá kem ég næst að því atriði hjá hv. minni hl., að launamálanefndin hafi ekki íhugað neitt, hvaða áhrif nýja launalagafrv. mundi hafa á fjárhagskerfi þjóðarinnar, ef það yrði lögfest. Launamálanefndinni var fengið það verkefni að semja frv. til nýrra launalaga fyrir ríkið með það fyrir augum að koma samræmi á launagreiðslur til opinberra starfsmanna, samanborið við launagreiðslur eða kaupgjaldsgreiðslur almennt í landinu. Þetta var það verkefni, sem nefndinni var fengið, og það hefur hún leyst af hendi.

Að sjálfsögðu var það íhugað af þeim, sem n. settu, hvaða áhrif ný launalög mundu hafa á efnahagskerfið, og það var fyrst og fremst frá því sjónarmiði, að það verður aldrei haldið jafnvægi í efnahagskerfinu með því að halda launum opinberra starfsmanna í ósamræmi við aðrar launagreiðslur eða aðrar kaupgreiðslur. Fjárhagskerfi Íslands verður aldrei bjargað á því að taka út úr einhverja eina stétt og sýna henni rangindi með því að halda niðri tekjum hennar í samanburði við aðrar stéttir. Þær ráðstafanir, sem gera verður í efnahagsmálunum, verða að vera þannig, að það sé sem fyllst samræmi í, hvernig þær snerta stéttir þjóðfélagsins, og það er ekki hægt að setja það fyrir sig, þó að launagreiðslur hjá opinberum starfsmönnum hækki, ef þær hækka vegna þess, að kaupgjald annarra hefur hækkað. Málið mundi horfa allt öðruvísi við, og hv. þm. mundi hafa í mörgum atriðum rétt fyrir sér, ef hér væri verið að reisa nýja kauphækkunaröldu með þessu frv., ef stjórnin væri að taka sig fram um að hækka laun opinberra starfsmanna, án þess að almennar hækkanir hefðu átt sér stað í landinu áður. En einmitt af því, að stjórnin er ekkert annað að gera en að beita sér fyrir því, að laun opinberra starfsmanna verði færð til samræmis við þær kauphækkanir, sem áður hafa átt sér stað hjá öðrum, er málflutningur minni hl. allur saman byggður á röngum forsendum og fellur þess vegna í raun og veru um sjálfan sig niður. Þetta er vitaskuld höfuðatriði málsins. Og til að sýna, að ég hafi rétt fyrir mér í þessu, er einfaldast að benda á launalögin frá 1945 annars vegar og launalagafrv. það, sem hér liggur fyrir, hins vegar og svo á einu leitinu þær kaupgjaldsbreytingar, sem orðið hafa í landinu síðan 1945. Þá kemur í ljós, að þótt þetta launalagafrv. verði samþ., er síður en svo því til að dreifa, að opinberir starfsmenn séu betur settir tiltölulega en þeir voru 1945, miðað við aðra. Þess vegna er líka alveg rangt af hv. minni hl. að vera að reyna að gefa skakka mynd af málinu, ásamt þeim mönnum, sem vitandi vits eru sífellt að grafa undan heilbrigðri þróun, með því að gefa í skyn, að þetta frv., ef að lögum yrði, gæfi tilefni til þess, að menn færu enn á stúfana almennt með nýjar kauphækkanir. Þetta mundi stýðjast við rök, ef hér væri verið að ganga fram fyrir skjöldu í fararbroddi, en það er ekki verið að reyna að gera það, heldur aðeins taka afleiðingunum af því, sem gerzt hefur.

Það er svo annað mál, að hv. minni hl. lagði nokkra áherzlu á, að hann væri á móti frv. vegna þess, að laun opinberra starfsmanna nú væru of há og hefðu verið of há undanfarið og þess vegna gætu þeir tekið á sig þá lækkun, sem þeir í raun og veru tækju á sig, ef laun þeirra hækkuðu ekki, en þessu hélt hv. þm. fram öðrum þræði. Það er sem sé hans skoðun öðrum þræði, að laun opinberra starfsmanna séu of há, samanborið við laun annarra, tekjur annarra, og hafi verið það og þess vegna gætu þeir tekið á sig þá lækkun, sem af því stafaði, að laun þeirra væru ekki hreyfð upp á við, þótt önnur laun hefðu hækkað. En ég er ekki sammála hv. þm. um þetta. Þó að ég hafi ekki hér á borðinu hjá mér gögn til að hrekja þetta í einstökum atriðum, þá vil ég þó minna á nokkur atriði í þessu sambandi. Það er vitað, þó að hv. þm. vildi bera á móti því, að laun í stofnunum hér, t. d. í höfuðstaðnum, eru yfirleitt hærri en þau laun, sem ríkið greiðir sínum starfsmönnum. Þetta á áreiðanlega við um bankana og margar aðrar stærstu stofnanir í landinu. Og þó að hv. þm. læsi hér upp samanburð um einstök atriði, sem hann byggði á launasamningi við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, þá legg ég ekki ákaflega mikið upp úr því, þar eð ég get ekki áttað mig á því án þess að skoða það mál betur, hvort sá samanburður átti nokkurn rétt á sér, hvort það eru hliðstæð störf, sem hann þar ber saman. Auk þess er vitað mál, að eftir þeim samningi er áreiðanlega ekki farið nema að mjög takmörkuðu leyti við ákvörðun launagreiðslna í viðskiptafyrirtækjum hér á landi, það fullyrði ég með öllu hiklaust. Ég held, að það sé í þessu tilliti mjög glöggur mælikvarði, að nú um sinn hefur ekki verið sótzt sérstaklega eftir því að komast í þjónustu ríkisins. Það var nokkuð öðruvísi fyrir nokkru, en nú um sinn hefur það ekki verið. Menn hafa ekki sótzt eftir því að komast í þjónustu ríkisins. Það mun vera vegna þess, að það hefur almennt verið betur boðið annars staðar. Eitt dæmi, sem alþjóð þekkir og gefur nokkuð auga leið um þetta, er launadeilan við verkfræðingana, sem hafa verið í þjónustu ríkisins. Hún fór fram þannig, að verkfræðingar í þjónustu ríkisins sögðust vera of lágt launaðir og þeir yrðu að fara úr þjónustu ríkisins, ef þeir fengju ekki stórfelldar breytingar á launum og miklu hærri laun en nokkrum manni voru ætluð í launalögum, verkfræðingi eða öðrum. Ríkisstj. vildi alls ekki á þetta fallast, en niðurstaðan varð sú, að verkfræðingarnir streymdu úr þjónustu ríkisins og gátu allir fengið störf annars staðar í landinu með þeim launum, sem þeir höfðu krafizt og stjórnin vildi ekki borga. Stjórnin stóð svo frammi fyrir því, að annaðhvort féllu niður opinberar framkvæmdir um óákveðinn tíma eða hún gerði samning við verkfræðingana, ekki um hærri laun en atvinnurekendur og Reykjavíkurbær höfðu gert samninga um, heldur um að ganga inn í þá samninga, sem atvinnurekendur og Reykjavíkurbær höfðu þegar gert við þá. Þetta er ofur lítið sýnishorn af því, hvernig gengið hefur til varðandi verkfræðingana, og þó að það sé ekki alveg eins æpandi ósamræmi í þessum málum í öðrum greinum, þá er það þó sönnu næst, að nú um skeið hefur verið mun betur

boðið hjá öðrum en ríkinu, þannig að stórhætta hefur verið á því nú á tímabili, að ríkið missti fjölda góðra manna úr sinni þjónustu og ætti kost á litlu einvalaliði til nýrra starfa. Það er alveg vitað mál, að lögfræðingar t. d. hafa undanfarið yfirleitt alls staðar getað fengið betur borgað fyrir sína vinnu en í þjónustu ríkisins. Þess vegna er, eins og nú standa sakir og hafa staðið um skeið, þessi skoðun hv. þm. alveg röng, sem sé að það ætti alls ekki að breyta launanum neitt, opinberir starfsmenn væru betur launaðir en almennt gerðist og gætu tekið á sig þann skakka, sem af því leiddi, ef þeirra laun stæðu í stað. Þessi skoðun byggist ekki á réttum skilningi á málinu að dómi þeirra, sem að þessu launalagafrv. standa.

Þá sagði hv. minni hl., að launamálanefnd mundi ekki hafa unnið vel, það sæist á því, að það hefðu svo mörg erindi borizt til hv. fjhn. um, að frv. skyldi breytt, erindi um, að einstakir starfsmenn væru færðir á milli flokka.

Þessi erindi eru enginn vitnisburður um, að launamálanefndinni hafi mistekizt. Ég hygg, að það hefði verið nokkuð sama, hversu henni hefði tekizt, það hefði alltaf komið sægur af slíkum erindum. Menn vilja yfirleitt líta þannig á þau störf, sem þeir gegna sjálfir, að þau eigi að vera virt sem hæst til móts við önnur störf, og ekki nema mannlegt, að menn reyni að ýta sínum launum upp í sambandi við setningu launalaga eins og við samninga. Þess vegna er það alveg úr lausu lofti gripið, að hægt sé að fella áfellisdóm á milliþn., byggðan á því, að svo margar kröfur hafi komið fram til Alþingis. Það er heldur enginn áfellisdómur á mþn., þótt hún hafi lagt til, að tekið yrði til greina svo og svo mikið af þessum erindum, af þeirri einföldu ástæðu, að þar kemur fram sama þróun og verður ætíð, þegar verið er að reyna að leysa launa- og kaupgjaldsmál. Að lokum taka menn til greina ýmis atriði, sem eru ekki tekin til greina á fyrsta stigi málsins. Þetta veit ég að jafnlífsreyndur maður og hv. frsm. minni hl. skilur. Hann vill bara ekki vera sanngjarn í þessu, af því að hann er á móti málinu. En mér finnst, að hann hefði vel getað verið sanngjarn í garð n., þó að hann væri á móti málinu.

Enn fremur sagði hv. þm., að það væri glöggur vottur um, að hér hefði ekki vel tekizt, að hann hefði orðið var við, að ýmsir væru óánægðir með það, hvernig þeim væri skipað í launaflokk. Ég er alveg handviss um, að þótt haldið væri áfram allt næsta ár og þar næsta ár og jafnvel lengur að vinna að málinu, þá yrði aldrei komizt fram hjá því, að það yrðu alltaf mjög margir óánægðir með það, hvernig þeim væri skipað í launaflokk, máske því fleiri, eftir því sem lengur yrði haldið áfram. Mér er alveg ljóst, að hversu lengi sem áfram væri haldið, þá væri alveg ómögulegt að fá alla til að fallast á, að þeir væru rétt settir í launaflokk. Þetta eru því engin rök fyrir því, að það eigi að falla frá því að afgreiða málið, og það er mín skoðun, og ég vil taka undir það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um það, að jafnframt því sem þetta er sanngirnismál, þá er ekki betra að bíða með að setja ný launalög frá sjónarmiði ríkisvaldsins.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara mikið út í það, sem ég talaði um í dag.

Frsm. n. sagði, að það væru nú teknir inn á launalög þeir menn, sem hefðu laun beint úr ríkissjóði, eftir að ég lét í ljós þá skoðun mína, að ég hefði óskað eftir, að það hefði verið viðtækara og teknar inn í launalögin hálfopinberar stofnanir, sem beint eru kostaðar úr ríkissjóði. Ég vissi ekki, hvort hann var með því eða ekki, en þessi skilgreining hans nægir náttúrlega ekki. Það er ekki borgað beint úr ríkissjóði símafólkinu, því er borgað af tekjum símans, og það er sérstök stofnun innan ríkisins, alveg eins og ýmsar aðrar stofnanir. Ég fell ekki frá því, að það hefði verið miklu æskilegra, að það hefði verið tekið meira inn og gætt meira samræmis en nú er, þegar utan við launalögin standa stofnanir, sem borga hærra fyrir sambærileg störf en gert er í launalögunum.

Ég fékk ekkert svar viðvíkjandi því, hvort ætlazt væri til þess, að þau fríðindi, sem sumir hafa og sumir ekki, ættu að haldast eða ekki. Ég fékk ekkert svar við því, hvort t. d. annar menntaskólarektorinn, sem hefur ókeypis íbúð, húsnæði og fæði, en er með sömu laun og hinn, á að halda því áfram og vera þar með hærri en hinn. Annar menntaskólarektorinn er nú víst kallaður skólameistari, en hinn rektor, en báðir eru forstöðumenn menntaskóla. (Gripið fram í.) Nei, húsnæði, ljós og hita á annar þeirra að hafa ókeypis, en hinn ekki. Svona eru til fjöldamörg dæmi, sem hefði þurft að taka tillit til við samningu launalaganna, og ég óskaði að fá upplýsingar um, hvort það væri meiningin, að þetta héldist eða ekki, hvort það væri meiningin, að forstjóri hérna í Reykjavík, sem hefur bíl, sem ríkið kostar að öllu leyti, og ekki er vitað til að þurfi að fara út fyrir bæinn í neinum sérstökum embættiserindum, eigi að halda honum, en annar forstjóri með sömu aðstöðu, sömu laun og í svipuðu starfi eigi ekki að hafa bíl og þó að öðru leyti sömu laun. Ég spurði um þetta.

Svo var ég að tala um Keldur, og ég skal geyma það þangað til seinna, en áður ætla ég að benda á eitt atriði, sem ég held að hafi af vangá fallið niður eða a. m. k. eigi þá eftir að ákveða, hvernig það eigi að verða í framtíðinni. 34. gr. gömlu launalaganna hljóðar svo:

„Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem launþegi er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaununum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið."

Þessi grein er núna felld niður. Síðan launalögin voru samþykkt, hef ég átt sæti í ríkisskattanefnd og þurft að fjalla um þessa samræmingu á hverju ári. Og ég get sagt það hérna, að það er algengt, að sams konar húsnæði í þorpum úti á landi eða hjá barnakennurum úti á landi í sveitum hefur komið til okkar frá yfirskattanefndunum með miklu meira en helmingsmun á mati. Nú er þessi grein felld niður, og þá er fyrsta spurningin: Á að hætta að meta

þetta? Á að hætta að meta það til tekna? Á að hætta að draga það frá launanum við útborgun? Eiga þeir að hafa þetta sem aukafríðindi? Það er ekki stafur um það í launalögunum, eins og þau liggja núna fyrir. Það er búið að fella það niður. Mér þykir ákaflega skemmtilegt fyrir sjálfan mig að vera laus við það. Það hefur verið leiðinlegt og óþakklátt verk, sem maður hefur alltaf fengið skammir fyrir, að vera of lágur hjá öðrum og of hár hjá hinum, svo að ég er þakklátur fyrir mitt leyti, að það sé fallið burt úr lögunum. En hvernig á þá að koma þessu fyrir? Hver á þá að meta það? Eða á ekki að draga það frá launanum framvegis? Þarf ekki að taka greinina upp aftur í einhverri mynd? Ef það verður ekki gert, þá sé ég ekki annað en það verði á þinginu eftir áramótin að setja ný lög um það, hvernig eigi að meta hlunnindi, sem embættismenn hafa. Eða á bara ráðh. að meta það hjá einhverjum einstökum manni og gefa fyrirskipun um það frá sér? Þetta vildi ég benda á. Mér er ekki ljóst, hvernig ætlað er að fara með það. Ég hef ekki heyrt neinar nýjar ráðstafanir um, að það eigi að framkvæma það á annan veg, en úr lögunum er það dottið, ef frv. verður samþykkt eins og það er núna. Ég skal viðurkenna, að ég hefði verið búinn að benda á þetta fyrir löngu, hefði ég tekið eftir því fyrr, en þegar hv. þm. Barð var að tala, þá hlustaði ég á með öðru eyranu eða kannske báðum, en las frv. með augunum, og það er í fyrsta skipti, sem ég hef lesið það allt saman yfir, síðan það kom, því að ég hef haft svo mikið að gera, að ég hef ekki gert það fyrr. Og þá tók ég eftir þessu. Hvort það er eitthvað fleira, sem þarf að laga, skal ég ekki segja um, en ég tók eftir þessu þá, og mér finnst, að þetta geti ekki gengið eins og það er, nema þá því aðeins að ríkisstj. ætli sér að taka upp nýtt fyrirkomulag á því, og því hef ég sannarlega ekkert á móti, síður en svo, eða setja um það sérstök lög eftir áramótin. Það er vel hugsanlegt, að hún hafi hugsað sér það, og við því hef ég ekkert að segja. Það má sjálfsagt koma því fyrir á margan veg heppilegri en þennan, sem nú er, en það þarf einhvern veginn að koma því fyrir, nema það sé meiningin, að það verði ekki reiknað þeim til frádráttar frá tekjum, heldur bara af undirskattanefndum í hverjum hreppi metið þeim sem fríðindi, sem þeir eigi að borga skatt af sem viðbót við sín laun. Það er líka hægt að fara inn á þá stefnu. Það verða undirskattanefndirnar auðvitað að gera, ef það verður ekki dregið frá launanum.

Svo skal ég að síðustu snúa mér að Keldum, sem ég minntist á áður, og ekki segja annað um það en ég var búinn að segja áður, og það er það, að ég vil reyna að tryggja, að þau laun, sem eru borguð þar, séu það há, að þau séu hvoru tveggja, sambærileg við laun svipaðra manna og jafnframt reynt að tryggja það, að menn fáist að stofnuninni. Ég legg þess vegna fram skriflega brtt. um, að dýralæknirinn hækki úr V. fl. í IV. og efnafræðingurinn sömuleiðis. Ég skal ekki fara neitt mikið út í að rökræða þetta. Ég skal bara benda á það, að maðurinn, sem ætlað er að ganga úr skugga um, hvort það sé mæðiveiki eða ekki mæðiveiki eða garnaveiki eða ekki garnaveiki, sem kindur drepast úr hér og þar, er hafður í miklu hærri flokki en dýralæknirinn, sem ætlað er að ganga úr skugga um sjúkdóma í öllum öðrum skepnum, sem skrokkar eða sýnishorn af eru send að Keldum til úrskurðar og ákvörðunar, um hvaða sjúkdóm sé að ræða og hvað við á að gera, og hefur verið tveimur árum lengur að búa sig undir sitt starf, sá sem núna er í því, heldur en hinn, sem er við hinar rannsóknirnar og þó er ætlað sem sagt að vera tveimur flokkum hærri.

Ég skal svo ekki fara meira út í það. Ég leyfi mér að leggja þessa till. fyrir forseta. Ég tel ákaflega mikils virði, að hún sé samþykkt. Ég sé ekki annað en það þurfi að breyta lögunum í þessari deild, og ég sé ekki, að Nd. geti ekki komið saman á morgun til að athuga þær breytingar. Ég sé ekki nein vandkvæði á því. Annars er það ósiður náttúrlega að láta frv. koma í seinni deildina svona seint og helzt ekki vilja láta menn ræða þau eða neitt um þau tala, af því að það sé ekki tími til að breyta þeim, það sé ekki tími til að koma þeim til hinnar deildarinnar. Þetta er atriði, sem frsm. n., sem var með þetta núna, hefur oft vitt hér í deildinni áður, þegar mál hefur þannig borið að, og ég er honum sammála í því, að seinni deildin á ekki að láta það aftra sér frá að gera nauðsynlegar breytingar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 226) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég er samþykkur meginstefnu þessa frv. og hef því mælt með því ásamt öðrum meirihlutamönnum í fjhn., að það verði samþ. í aðalatriðum eins og það liggur fyrir. Ég tel það meginstefnu frv. að færa laun opinberra starfsmanna í áttina til þess, sem launakjör almennt eru nú í landinu, og ég tel, að það sé gert í þessu frv., þó ekki þannig, að fullu samræmi sé náð, sem ég tel eðlilegt, þegar tillit er tekið til þess, að atvinnuöryggi opinberra starfsmanna er mun meira en annars launafólks og að nokkur fríðindi eru þeim tryggð sérstaklega, eins og lífeyrisréttur, sem launamönnum almennt er ekki tryggður. Þó tel ég, að ummæli hv. minni hl. um það, hversu mikils virði þessi fríðindi séu, geti ekki verið rökum studd, þær tölur, sem hann nefndi í því sambandi, eru að minni hyggju allt of háar.

Fjölmennustu launahóparnir hjá opinberum starfsmönnum munu vera í X., XI., XII., XIII. og XIV. launafl., og byrjunarlaunin hjá þessum flokkum eru frá 23700 kr. og niður í 12900 kr. á ári, en tilsvarandi hámarkslaun, eftir að þeim er náð, eru frá 30 þús. og niður í 19 þús. kr. Ég verð að segja það, að þegar þessar upphæðir eru bornar saman við launakjör almennings í landinu, þá er augljóst, að þetta er undir þeim almennu launakjörum, en ekki yfir þeim, og talsvert mikið undir. Ástæðan til þess er sú, eins og ég áðan greindi, að atvinnuöryggið er meira í þessum störfum og nokkur fríðindi fylgja. Ég hef hér í höndum Hagtíðindin, sem birta skýrslur um meðaltekjur í ýmsum byggðarlögum landsins,

ekki nýrri en árið 1953, þegar vísitalan var ætluð 157 eða 158 og ekki komin sú almenna launahækkun, 10—11%, sem fékkst á s. l. vori. Samkvæmt því yfirliti eru tekjurnar á einstakling nokkuð breytilegar, hér í Reykjavík tæplega 16 þús. kr., sem mundi svara til meðalheimilis með 3—3½ manni milli 50 og 60 þús. kr., í Keflavík, sem er langhæst, eru meðaltekjurnar á íbúa 17.2 þús., sem með sama reikningi gæfi rösklega 50 þús. kr. Þetta var árið 1953 með miklu lægri vísitölu en nú er um að ræða og með a. m. k. 10—11% lægri grunnlaunum en nú eru almennt.

Ég hygg, að ekki þurfi að benda á fleira til þess að sýna fram á, að það er fullkomlega ofmælt hjá hv. minni hl., þegar hann heldur því fram, að þessi lög mundu orka til hækkunar á launum almennt í landinu, því að þau hafa ekki enn þá samkv. þessu frv. náð sama marki og launakjör almennt munu vera í landinu. Ég veit ekki betur en að á einstökum búum hér í grennd við Reykjavík — og mun einnig vera nokkuð fjarri — sé ekki óþekkt, að ársmanni séu borgaðar 2000 kr. á mánuði eða jafnvel upp í 25 þús. kr. á ári í laun, auk húsnæðis með ljósi og hita, fæðis og annarrar umönnunar. Ég hygg, að í algengustu launaflokkunum hafi menn, sem eru búnir að vinna 3—4 ár, gjarnan lokið stúdentsprófi eða öðrum slíkum undirbúningi undir sín störf, hingað til verið á launum á milli 600 og 650 kr. á mánuði í grunnlaun, við það má nú bæta 30% og svo þrefalda upphæðina, og koma þá út úr því rösklega 40 þús. kr. Sé það borið saman við t. d. þau launakjör, sem ég nefndi áðan, þá er augljóst, að þau eru stórum rýrari en þær kaupgreiðslur, sem hér er um að ræða. Fleiri dæmi mætti tína upp og taka til, sem allir menn þekkja og sýna, að því fer fjarri, að þessi laun, sem hér eru ákveðin almennt, geti orkað til hækkunar á almenn laun í landinu.

Annað, sem einnig er stefnt að í þessu frv., er að fá betra samræmi innbyrðis á milli hinna einstöku launaflokka. Ég tel, að yfirleitt hafi heldur færzt í rétta átt frá því, sem er í gildandi launal., með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hitt skal þó játað, að það vantar að minni hyggju nokkuð á, að samræmi sé náð í þessu, enda skal það viðurkennt, að slíkt er ákaflega erfitt og jafnvel mjög mikið álitamál. Ýmis einstök atriði þessa frv. hefði ég kosið á annan veg en þau eru, en allt um það tel ég, að meginstefna frv. sé rétt, og fylgi því frv., en legg hér fram nokkrar brtt. á þskj. 223, sem að minni hyggju eiga að bæta nokkuð úr því misræmi sem ég tel að enn þá sé á hlutfallinu milli einstakra launaflokka frv.

Skal ég þá víkja að þessum brtt.

1. brtt. mín er þess efnis, að í 18. gr., kaflann um póststofuna í Reykjavík, komi nýr liður, sem heiti deildarstjórar, og séu þeir settir í VII. flokk. Ástæðan til, að ég flyt þessa till., er sú, að við 3. umr. um málið í Nd. voru settir inn í 5. lið sömu gr. um landssímann sérstakir fulltrúar, sem einnig voru settir í VII. launaflokk. Nú er það svo, að póstur og sími eru í raun og veru ein og sama stofnunin í tveimur deildum og mjög hliðstæð störf hjá starfsmönnum í báðum deildum stofnunarinnar. Ég verð því að telja fullkomlega eðlilegt og auðvelt að koma á fullu samræmi innan þessarar stofnunar hjá þessum tveimur deildum hennar.

Það er alveg sérstök ástæða til þess, að ég hygg, á póststofunni hér í Reykjavík að hafa sérstaka deildarstjóra, a. m. k. jafnrík og að hafa þá hjá landssímanum. Póststofan hefur þegar 4 deildir, almenna bréfadeild, tollpóstdeild, böggladeild og ávísanadeild. Í hverri þessari deild út af fyrir sig eru nokkrir starfsmenn og sérstakur maður, sem er verkstjóri þar, svo að ég tel, að það sé alveg eðlilegt, að það sé deildarstjóri, sem sé verkstjóri þar og njóti sérstakra launakjara sem slíkur. Úr því að þetta var tekið upp og þótti rétt hjá ritsímanum, fæ ég ekki séð, að neitt geti mælt því í gegn, heldur allt með því, að slíkt hið sama sé gert í póststofunni í Reykjavík; þar sé a. m. k. jafnríkt tilefni til slíkrar breytingar og hjá ritsímanum.

Aðrar till. mínar um breytingar á 18. gr. eru einnig til samræmis við það, sem upp hefur verið tekið hjá ritsímanum. Hjá ritsímanum eða landssímanum er svo ákveðið, að símritarar skuli hækka eftir vissan starfstíma, 10 ár, úr X. fl. upp í IX. fl. Ég legg til, að slíkt hið sama verði látið gilda um póstafgreiðsluna, póststofurnar í Reykjavík og á Akureyri, og fæ ekki séð annað en að það sé bein afleiðing af því, sem hv. Nd. ákvað að setja inn í frv. varðandi símritara landssímans. Störfin eru alveg hliðstæð. Ef símritararnir eiga að hækka eftir visst árabil um einn flokk, þá virðist fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt, að slíkt hið sama gildi einnig um póstafgreiðslumenn.

Að því er símann varðar hefur verið ákveðið, að sendimenn símans skuli vera í tveimur flokkum, almennir sendimenn og yfirsendimenn, eins og það er kallað, og þeir flokkar eru XI. og XII. fl. Til samræmis við þetta legg ég til, að slíkt hið sama verði látið gilda um sendimenn póststofunnar, sem eru bréfberarnir, að einnig þeir eigi þess kost að hækka eftir vissan starfstíma og með vaxandi ábyrgð við störfin úr X. fl. upp í IX. fl.

Þetta er efni 1. till. á þskj. 223 og eingöngu fram borið í þeim tilgangi að fá samræmi á launakjörum þessara alveg hliðstæðu starfsmannahópa hjá póststofunni við það, sem þegar hefur verið ákveðið að því er varðar starfsmenn landssímans.

Þá er 2. brtt. mín á sama þskj. þess efnis, að árslaun gagnfræðaskólakennara skuli ekki skert, nema skólarnir starfi skemur en 8 mánuði, en þá skuli þau lækka um 1/12 fyrir hvern mánuð, sem starfstími skólans sé skemmri.

Ég hygg, að það sé fullkomlega rétt mælt, sem sagt var í Nd. um þetta atriði, að yfirleitt eru laun kennara ekki miðuð við það, að raunverulegur kennslutími sé lengri en 8 mánuðir á ári, og þó að hægt sé að koma við að meta kennslutímann þannig hjá gagnfræðaskólunum á stundum sumum hverjum, þá sé það í raun og veru meira í orði en á borði, þannig að réttmætt sé að láta ekki ákvæðið um skerðingu koma til greina fyrr en kennslutíminn sé kominn a. m. k. niður í 8 mánuði, en allt hvað er milli 8 og 9 mánaða, þó að talið sé undir 9 mánuðum, þá sé ekki látið koma til skerðingar.

Þetta eru þær till., sem ég ber hér fram. Þær eru sem sagt til þess að bæta úr nokkrum af þeim ágöllum, sem eru á frv. að minni hyggju, að því er varðar hið innra samræmi í launakjörum starfsmanna svo nátengdra deilda sem hér er um að ræða, hvort sem það eru starfsmenn póstsins annars vegar eða símans hins vegar, og að því er snertir gagnfræðaskólakennarana í þeim tilfellum, að kennslutími sé ekki talinn nema 8 mánuðir á ári.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera aðeins grein fyrir afstöðu minni til frv. Það er alveg óhjákvæmileg nauðsyn að endurskoða launalögin á þessu þingi, og ég hlýt því að greiða atkv. með frv., hversu óánægður sem ég annars er með það. Enda þótt ég sé yfirleitt samþykkur þeim skoðunum, sem fram koma í rökstuddri dagskrá á þskj. 221, þá get ég ekki heldur greitt atkv. með henni, vegna þess að þá mundi endurskoðunin ekki koma til greina fyrr en á næsta þingi, og slíkt er alveg óviðhlítandi. Hins vegar er ég að mörgu leyti óánægður með frv. og tel ýmislegt í því nálgast hneykslí. Ég held, að þegar athugaðar eru allar hækkanir á þessu ári, komi í ljós, að hækkun lægstu flokkanna er svipuð kauphækkununum, sem urðu hjá verkamönnum í vor, og þó lítið eitt hærri, en kauphækkun hæstu flokkanna að hundraðshluta til allt að því fjórföld, talin í hundraðshlutum, *og tífföld eða meira, ef talið er í krónutali.* Ég skal finna þessu stað með örfáum dæmum.

Skrifstofustjórar í ýmsum ríkisstofnunum fá samkvæmt frv. 36.6% launahækkun, þegar allt er talið með, allar þær hækkanir, sem orðið hafa á árinu, þ. e. a. s. þrjár almennar hækkanir, sem orðið hafa, hækkunin á launauppbótinni, afnám vísitöluskerðingar og svo sú 9—10% hækkun, sem felst í frv. Þetta verður sem sagt hjá skrifstofustjórum í ýmsum ríkisstofnunum 36.6% hækkun. Prófessorar hækka samkvæmt þessu um 35.5%, skrifstofustjórar í ráðuneytum um 38.5%, og þar að auki kemur 9 þús. kr. bílastyrkur, sem ekki er talinn hér með. Samkvæmt því frv., sem lagt var hér fram um ráðherralaun, áttu laun þeirra að hækka um 47.3%, en hækka nú nokkuð minna samkvæmt frv. Aftur á móti í XIII. flokki eru einmitt menn, sem alveg samsvara almennum verkamönnum. Þar er hækkunin 12.5%. — Enn þá meira áberandi verður þetta, ef maður ber ekki saman prósenturnar, heldur hækkunina í krónutali. Þá er það þannig, að skrifstofustjórar í ráðuneytunum fá um 32 þús. kr. hækkun. Aftur á móti hækkuðu árslaun verkamanna samkvæmt þeim samningum, sem gerðir voru í vor, um 3—4 þús. kr. Við þetta bætast svo hlunnindi lífeyrissjóðsins og atvinnuöryggið, sem fastir starfsmenn hafa og er kannske enn þá og miklu meira virði en sjálf launahæðin.

Því hefur verið haldið fram, að allt þetta sé til samræmingar, að yfirleitt séu þessar kauphækkanir, sem í þessu frv. felast, allar til samræmingar við þær almennu kauphækkanir, sem urðu í samningunum við verkalýðsfélögin á s. l. vori. Þetta er alger fjarstæða. Má ég spyrja: Er það samræming að hækka kaup eins manns um 32 þús., vegna þess að kaup annars manns hækkar um 3—4 þús., eða rúmlega 3 þús. kr.? Þetta er ekki hægt að kalla samræmi. Þá hefur því verið haldið fram, að afnám skerðingar á vísitöluuppbótinni væri sjálfsagður hlutur vegna samninganna í vor. Þetta er líka algerlega rangt. Það var í vor margboðið af hálfu verkalýðsfélaganna að halda vísitöluskerðingunni. Það var engin krafa uppi um það, að skerðingin yrði með öllu afnumin. Það var margboðið að halda skerðingunni *gegn því, að hún byrjaði ekki fyrr en* við 12 kr. grunnkaup um tímann, sem er almennt lágmarkskaup iðnaðarmanna. En atvinnurekendur tóku ekkert undir þetta, og ríkisstj. virtist ekki hafa áhuga á því. Það er algerlega rangt, að um það hafi verið samið í vor samkvæmt kröfu verkalýðsfélaganna að afnema alla skerðingu á vísitöluuppbótinni, hversu há sem launin eru. Þessi skírskotun til samninganna í vor að þessu leyti er þess vegna haldlaus afsökun. Mér sýnist, að sú ríkisstj., sem ber slíkt frv. fram sem þetta, hafi ekki mikinn áhuga á niðurfærslu verðlags né launa, frv. beri ekki vitni um það. Hún hefur ekki mikinn áhuga á niðurfærslu launa, þegar hálaunamenn eiga í hlut, og virðist því telja sig hafa yfir alveg nægilegu fjármagni að ráða, og þessi afstaða hæstv. ríkisstj. verður áreiðanlega munuð.

Það hafa verið gerðar tilraunir til lítils háttar leiðréttingar á frv. í hv. Nd. Allar þær till. hafa verið felldar. Það er því sýnilegt, að það er tilgangslaust að koma hér með nokkrar brtt. Og þegar nú Nd. hefur hætt fundum, þá liggur það alveg í augum uppi, enda auðheyrt á fyrirætlunum manna hér í þessari hv. d., að það er alveg tilgangslaust að koma með brtt. Sú leið er ekki fær, og það er þess vegna ekki annars kostur en að taka afstöðu til frv. eins og það er, og þar sem endurskoðun launalaganna nú er að mínum dómi óhjákvæmileg nauðsyn, þá verð ég að greiða atkv. með frv. eins og það er, þrátt fyrir allt.

Brtt. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 223 eru í samræmi við till., sem fluttar hafa verið í Nd. Ég tel þær sanngjarnar og nauðsynlega leiðréttingu og mun þess vegna greiða atkv. með þeim.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Varðandi ummæli síðasta hv. ræðumanns, þá skýtur það mjög skökku við þær meginkenningar, sem hann annars yfirleitt fylgir. Það tjáir t. d. ekki fyrir hann að bera á móti því, að vísitöluskerðingin var afnumin á s. l. vori eftir beinni kröfu verkalýðsfélaganna. Það má vel vera, að þau hafi á einhverju stigi gegn einhverjum öðrum fríðindum verið reiðubúin til þess að slaka eitthvað til á þeirri kröfu, — það er mér með öllu ókunnugt, ég efa ekki, að hv. þm. fari út af fyrir sig rétt með það, — en krafan var fram borin af þeim og samningarnir gerðir við verkalýðsfélögin um það, að þessi skerðing skyldi niður falla. Það er þess vegna bein afleiðing af þeirri samningsgerð og því ástandi, sem þá skapaðist í launamálunum, að ómögulegt var með öllu að halda slíkri skerðingu á launum embættismanna. Slíkt hefði verið fullkomið ranglæti og ekki fengið staðizt á nokkurn veg.

Þá er það einnig mjög eftirtektarvert, að þessi hv. þm. býsnast mjög yfir því, að hin hærri laun

hafi verið hækkuð hlutfallslega mikið í því frv., sem nú liggur fyrir, og öðrum kauphækkunum frá þessu ári. Þessu er fyrst til að svara því, að meginhækkunin liggur í afnámi vísitöluskerðingarinnar og er þess vegna bein afleiðing af samningunum, sem í vor voru gerðir, eins og ég áðan rakti. Til viðbótar kemur það, að það er fyrir löngu kunnugt, að í kommúnistisku þjóðfélagi, — sem hv. þm. vill koma á hér á landi og við vitum allir að hann trúir á af heilum hug, að sé hið bezta, sem mannlegur andi hafi fundið, og meira en það, það sé nánast náttúrunauðsyn, að slíkt skipulag verði, — að í þeim kommúnistisku þjóðfélögum, sem nú eru, er launamismunur miklu meiri en tíðkast í okkar þjóðfélagi, og sérstaklega eru kjör embættismanna og þá ekki síst kjör æðri embættismanna miklu betri en eru á Íslandi, ekki aðeins varðandi sjálf launin, heldur einnig varðandi skatta og önnur hlunnindi, sem embættismennirnir njóta. Það er ákaflega einkennilegt, að hv. þm. skuli vilja láta okkur búa í þessu að öllu leyti við aðrar reglur en gilda í því þjóðfélagi, þar sem því skipulagi hefur verið komið á, sem hann trúir að sé hið eina rétta.

En látum það vera, og ég skal ekki þræta meira við hv. þm. Ég vík einungis að þessu vegna þess, að hann var að ljúka máli sínu. Ég hefði ekki staðið upp til að svara honum einum, heldur er erindi mitt hingað almennt það að lýsa fylgi mínu við frv. og tjá mig ósammála flokksbróður mínum, hv. þm. Barð., um þetta málefni. Það er kunnugt, að hv. þm. hefur sínar sérskoðanir á launamálum embættismanna og hefur lengi haft. Það er með þær skoðanir eins og hinar almennu stjórnmálaskoðanir hv. 2. landsk. þm., að þó að okkur finnist þær harla einkennilegar, þá efumst við ekki um, að þær séu af góðum hug og að þar fylgi hugur máli og þeir mæli báðir af heilindum fyrir sínum sérkreddum, sem eru nú almennt miklar hjá hv. 2. landsk., en tiltölulega takmarkaðar hjá hv. þm. Barð., þó að þær séu því miður í þessu máli.

Hv. þm. Barð. gerði ýtarlega grein fyrir sínu máli, og skal ég ekki fara að rekja það, heldur lýsa mig honum að flestu leyti ósammála, bæði varðandi rökstuðning og niðurstöðu. Ég tel, að því fari fjarri, að þetta frv. muni hleypa nokkurri nýrri verðbólguöldu af stað. Ég tel þvert á móti, að frv. sé óhjákvæmileg afleiðing þess, sem þegar er orðið, það sé fullkomin réttlætiskrafa af hálfu starfsmanna ríkisins að fá þær réttarbætur og kauphækkanir, sem í frv. greinir, en það sé ekki aðeins réttlætiskrafa, heldur sé ríkinu sjálfu fullkomið hagsmunamál, að þær kauphækkanir verði, sem í frv. greinir, að meginstefnu til, vegna þess að nú þegar er komið á daginn, að ef ekki fæst leiðrétting í þessum efnum, er mikil og raunveruleg hætta á því, að ríkið missi marga starfsmenn og ekki síst marga af sínum beztu starfsmönnum til annarra verka, og með því væri ríkinu búið varanlegt tjón og öll starfræksla í þágu borgaranna sett í mikla hættu. Það er t. d. kunnugt, að skortur er á kennurum, og er það að vísu engin nýlunda. Ég hef raunar lesið í hinu ágæta málgagni hv. 2. landsk. þm., að þetta væri ekki fyrst og fremst launakjörunum að kenna, þó að þau ættu nokkurn þátt í, heldur hinum illa menntmrh. ekki síður og hans rangindum, að æskulýðurinn forðaðist að leggja stund á kennaramennt. Sannleikurinn er sá, að ég hygg, að í þessu sé mjög svipað ástand nú og var áður en launalögin 1945 voru sett, en þá var einmitt hv. 2. landsk. þm. menntmrh. eins og ég er nú, og heyrðist þá ekki, að þetta málgagn hans kenndi honum um þá tregðu, sem virtist vera á því, að menn legðu stund á þessa fræðigrein og sæktust eftir kennarastöðum. En hverjar sem orsakirnar eru, þá er enginn vafi á því, að sérstaklega er skortur á barnakennurum víðs vegar úti um land og ekki síst í sveitunum, þar sem strjálbýli er mest, og öruggasta ráðið til þess að bæta úr því er samkvæmt allri mannlegri reynslu að láta kennarana fá skapleg launakjör. Eins er það mjög eftirtektarvert, að eftirsókn í ýmsar hinar vandasamari stöður, eins og t. d. skólastjórastöður, fer mjög minnkandi, og er jafnvel á köflum mjög erfitt að fá hæfa menn til þess að gegna slíkum störfum. Ástæðan til þess er sú, að launamismunurinn á þeim, sem veruleg ábyrgð er lögð á herðar og umfram það, sem almennt gerist, og hinum, sem ekki hafa slíka sérstaka ábyrgð og óþægindi henni samfara, hefur verið svo lítill, að menn telja það ekki ómaksins vert að taka á sig aukna fyrirhöfn og ábyrgð, vilja heldur vera þar, sem minna næðir um þá og þeir hafa allt að því eins góð launakjör og þegar allt kemur til alls í framkvæmd oft betri, vegna þess að þeim gefst meira færi til aukavinnu og að vinna sér inn fé fyrir utan aðalstarf sitt.

Þá er mér einnig kunnugt, að mikill óróa er í hópi sérstaklega yngri lögfræðinga og fulltrúa við dómaraembættin hér í bænum. Þeir telja kjör sín, miðað við aðra sambærilega menn, svo léleg, að þeir geti trauðlega til lengdar við unað. Þeim var veitt nokkur bót ekki alls fyrir löngu, og hún er staðfest með þessum lögum, auk þess sem þeir njóta hinnar almennu hækkunar. Ég veit að vísu, að þessir menn telja, að hlutfallslega hafi þeir orðið verr úti við þessa frumvarpssmíð en áður var, en þó að ég játi sumt í rökfærslum þeirra og nauðsyn starfs þeirra og mikilvægi þess að halda þeim ungu, ágætu mönnum, sem í starfinu eru, sæmilega ánægðum, þá treysti ég mér ekki til þess að flytja eða verða með sérstakri till., þótt hún kæmi fram, um að hækka þá í flokki, eins og nú er komið, vegna þess að ég tel, að skipun manna í flokka samkvæmt þessu frv. hljóti að langmestu leyti að verða á ábyrgð mþn., þar sem voru bæði fulltrúar ríkisvaldsins og starfsmannanna, og síðan þingnefndanna, sem búnar eru að starfa að þessu vikum saman og samkvæmt því, sem upplýst var hér í dag, halda a. m. k. 16 sameiginlega fundi. Ég tel það ekki á færi okkar einstakra þingmanna, jafnvel þótt í ríkisstj. séum, að ætla að bæta um verk þessara manna, vegna þess að allt frv. hlýtur að byggjast á svo nánum samanburði og mörgum óvissum matsatriðum, að fyrir menn, sem ekki eru nákunnugir því, hvernig þetta er byggt upp, hlýtur að skapast sú mikla hætta, að þeir með breytingum sínum kollvarpi meira og komi af stað frekara ósamræmi en þeir upphaflega höfðu ætlað sér og þess vegna verði

oft úr þeirri umbót, sem gera átti, tjón og glundroði. Slíkt verk hlýtur eðli málsins samkv. langsamlega mest að vera trúnaðarverk unnið af tiltölulega fáum mönnum, sem setja sig sérstaklega inn í það, og þar sem ég hef ágætt traust bæði á mþn. og eins meiri hluta fjhn., þá held ég, að hvorki ég né aðrir bætum okkur á því að byrja að breyta þar til.

Ég verð þó að játa, að ýmiss konar ósamræmi á sér þarna stað. Ég tel t. d., að biskup landsins hefði átt að vera í hærri launaflokki en hann er. Helzt hefði ég kosið, að hann væri í fyrsta launaflokki ásamt ráðherrum og hæstaréttardómurum. Hann skipar elzta og eitt virðulegasta og mikilvægasta embætti landsins, og hefði því farið mjög vel á að hafa hann í hinum efsta flokki. Eins tel ég mjög hæpið að hafa t. d. rektora menntaskólanna fyrir neðan suma þá embættismenn, sem nú hafa verið færðir ofar í flokki. Á sama veg er það skoðun mín, að það sé beint hættulegt að hafa forstjóra stórra verzlunarfyrirtækja ríkisins svo neðarlega í flokki sem þeir eru. Það er vitanlegt, að með þeirri skipun í flokk eru þeir miklu lægri en sambærilegir starfsmenn mundu vera, ef þeir væru ekki hjá ríkinu, og þó að ég efist ekki um heiðarleik þeirra ágætu starfsmanna ríkisins, sem hér eiga hlut að máli, þá er ætíð hættulegt að ætla að gera svo mjög upp á milli manna og viðbúið, að það hefni sín í einni eða annarri mynd.

Þannig mætti lengi telja, að sitt sýnist hverjum um það, hvernig eigi að skipa mönnum í flokka. En þar sem ég veit, að úr því að þeir sérfræðingar, sem unnið hafa að þessu máli, — því að þá verður að kalla sérfræðinga, sem setið hafa yfir því, fyrst marga mánuði og síðan margar vikur og sökkt sér ofan í hagkvæmustu lausn málsins, — hafa talið, að ekki væri hægt samræmisins vegna að gera þær breytingar, sem ég nú hef talið, og nokkrar fleiri, þá held ég, að of hættusamt væri að fara nú að gera einstakar breytingar á frv. hér, og mun því greiða atkv. á móti þeim öllum og verða fylgjandi frv. óbreyttu, um leið og ég viðurkenni, að það að sjálfsögðu eins og öll önnur mannanna verk og kannske frekar en mörg önnur stendur til bóta og mjög eðlilegt, að þeir, sem hafa sérstaka þekkingu og bera hag sérstakra stofnana fyrir brjósti, telji frekar á þær hallað og vilji ota þeirra tota. Það væri beint óeðlilegt, ef svo væri ekki.

Hv. þm. Barð. fann að því, að af hálfu ríkisvaldsins hefðu verið tveir skrifstofustjórar í milliþn., og taldi, að þar hefði mátt betur velja. Ég tek undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði um ágæti þessara tveggja nefndarmanna. Það má auðvitað segja, að af 160 þús. Íslendingum hefðu margir fleiri en þessir tveir góðu menn komið þarna til álita. En sannleikurinn var sá, að til þess takmarkaða verkefnis, sem þessum mönnum var fengið, held ég, að þeir hafi verið sérstaklega vel valdir. Þeim var ætlað að vinna að því að koma embættislaununum í samræmi við önnur laun í landinu, þannig að tekið væri tillit til kauphækkana frá því að síðustu launalög voru sett. Það var sameiginleg skoðun ríkisstj., að að þessu ætti að vinna, og það má segja, að þótt það hafi ekki verið berum orðum fram tekið skriflega, þá var þetta það veganesti, sem þessir umboðsmenn ríkisstj. fengu. Þeir höfðu þessa leiðbeiningu, og þeir hafa algerlega fylgt henni og unnið innan þeirra marka, sem ríkisstj. hafði fyrir fram sett. Auk þess áttu þeir að vinna að hæfilegri umflokkun og niðurskipan embættanna, og ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að ég veit enga tvo menn betur færa vegna kunnugleika á embættaskipuninni og almennt þjóðháttum hér á landi til þess að vinna það verk en þessa tvo heiðursmenn. Ég get þess vegna ekki verið sammála hv. þm. Barð.

Ég tel annars ástæðulaust að fara að eltast frekar við einstakar röksemdir hans, við þekkjum skoðanir hvor annars í þessum efnum og vitum, að við erum ósammála um bæði rökin og lausn málsins. En ég taldi rétt, að skoðun mín og þeirra flokksmanna okkar, sem eru sömu skoðunar og ég, kæmi hér alveg berum orðum fram, þannig að hann mæltist ekki einn við af okkar hálfu, ef svo mætti segja.

Varðandi aths. hv. 1. þm. N-M. út af tilraunastöðinni á Keldum er rétt að taka fram, að sú stofnun heyrir undir mig, og ég vil hér lýsa yfir því, sem hv. þm. raunar er kunnugt af fyrri samtölum okkar og annars staðar frá, að ég tel það engan veginn hættulaust, ef dýralæknir sá, sem hann talaði um og honum er nokkuð nákominn, hverfur frá störfum á Keldum og tekur við öðru umfangsmiklu embætti. Ég hef því talið nauðsynlegt að reyna að finna lausn á hans máli með öðrum hætti og er reiðubúinn af minni hálfu til þess að vinna að því, þannig að hann gæti haldizt við stofnunina, þangað til búið er að útvega annan hæfan mann til að taka við stofnuninni af honum. En hv. 1. þm. N-M., sem þessu máli er allra manna kunnugastur, hefur talið, að slíkt mundi taka eitthvað í kringum þrjú ár. Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram hér, úr því að þessu máli var hreyft á annað borð. En vitanlega kemst ríkið aldrei hjá því, ef sérstakir embættismenn hafa aflað sér sérstakrar fræðslu og eru orðnir ómissandi í sínu starfi, að þá verður a. m. k. um stundarsakir öðru hverju að gera við þá sérsamninga, til þess að ekki lendi í fullkomnum vandræðum. Slíkt hefur ætíð verið gert, og samkv. þeirri reynslu, sem ég hef fengið af stjórnarstörfum, kemst engin ríkisstj. hjá því að gera slíkt öðru hverju, þó að ég sé allra manna fúsastur til að viðurkenna þau miklu vandkvæði, sem slíkum samningum eru ætíð samfara.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég þarf ekki miklu að svara hv. þm. Barð., þó að hann héldi hér langa ræðu. Þeirri ræðu hans hefur þegar verið svarað af hæstv. fjmrh., hv. 4. þm. Reykv. og nú síðast af hæstv. dómsmrh. Það eru því aðeins örfá atriði úr ræðu hans, sem ég skal minnast á.

Hann fann að því, að n. sú, sem undirbjó þetta frv., hefði verið valin úr hópi launamanna. Það kann að vera, að það hefði verið réttara að hafa auk þess fulltrúa atvinnuveganna í nefndinni, ég skal ekki segja um það. En það virðist sem það hefði ef til vill ekki orðið til þess að ná því marki, sem hv. þm. vill, að lækka launin, því

að við vitum það, að í fjhn. d. eru yfirleitt ekki launamenn, a. m. k. ekki starfsmenn ríkisins í meiri hl., ekki heldur í hv. Nd. Samkv. till. fjhn., sem hv. þm. Barð. á sæti í, eru færðir til menn og starfsgreinar í launaflokkum, svo að áætlað er, að það baki ríkissjóði rúmlega 2 millj. kr. aukin útgjöld, og ég get upplýst það, að hv. þm. Barð. tók alveg fullan þátt í afgreiðslu málsins eins og við hinir nefndarmenn. Þó að hann lýsti að vísu yfir því fljótt, að hann mundi endanlega verða á móti öllu málinu, þá hafði hann sín áhrif á það, hvernig afgreiðslu málið fékk, m. a. hækkunin í launaflokkum. Ég hygg því, að þessi reynsla bendi ekki á, að það hafi verið til stórskaða, þó að nefndarmennirnir í milliþn. væru valdir eins og gert var.

Margt af því, sem hv. þm. Barð. sagði um efnahagskerfi þjóðarinnar, var réttilega fram tekið og einnig mikilvægi þeirrar aðvörunar, sem hv. fjvn. hefði gefið þingi og þjóð. En efnahagskerfi þjóðarinnar grundvallast ekki fyrst og fremst á launum embættismanna. Eins og hefur verið margtekið fram af öðrum, er launalagafrv., sem nú liggur fyrir, afleiðing kauphækkana, sem orðið hafa nú undanfarið á frjálsum vinnumarkaði, og hefur því ekki og mun ekki valda neinni sérstakri þenslu.

Hv. þm. Barð. gagnrýndi þann samanburð, sem gerður hefur verið á launum opinberra starfsmanna samkv. frv. og launum manna á frjálsum vinnumarkaði, og taldi hann fráleitan. Þessu hefur verið svarað. Hæstv. fjmrh. svaraði þessu allvel í ræðu sinni og nefndi þá sérstaklega ýmis hærri laun og bar þau saman við laun á frjálsum vinnumarkaði. Hv. 4. þm. Reykv. svaraði þessu einnig og sýndi fram á það með óyggjandi rökum, að launamenn í lægstu flokkum launalaganna eru sízt betur launaðir en verkamenn og ýmsir starfsmenn á hinum frjálsa markaði. Svona rétt til dæmis mætti spyrja hv. þm. Barð. að, hvort t. d. forstjóri Eimskipafélagsins hefði lægri laun en ráðh., hvort skipstjórar hefðu lægri laun en ráðh. eða hvort fulltrúar og ýmsir starfsmenn, sem þurfa að hafa lögfræðilega menntun, hefðu hærri tekjur en ýmsir málflutningsmenn hér í bænum og annars staðar o. s. frv.

Hv. þm. sagði í sambandi við þetta: Hvað segir almenningur um þetta? — Ja, hvað segir almenningur? Það kann vel að vera, að almenningur segi a. m. k. fyrst í stað, að það hafi verið óþarfi að bæta laun opinberra starfsmanna. En hvað gerir almenningur sjálfur? Hverjir eru það nú orðið, sem ekki krefjast þess, sem þeir álíta að mögulegt sé að fá? Standa bændur landsins vel að vígi að gagnrýna þetta mikið? Ég veit ekki betur en að verð á afurðum þeirra fari eftir því, hvað almennt kaupgjald er hjá vinnandi fólki, og það hækki alltaf þegar kaupgjald hækkar. Standa útgerðarmenn vel að vígi að gagnrýna þetta? Ég veit ekki betur en að þegar þeim finnst útgerðin ganga illa, þá geri þeir alltaf meiri og meiri kröfur til ríkissjóðs um eins konar laun fyrir að stunda útgerðina. Og standa þeir, sem eru í verkalýðsfélögum, vel að vígi að gagnrýna launalagafrv.? Ég held síður, því að það er ekki langt síðan almennar kauphækkanir urðu upp úr verkfalli, sem þeir gerðu.

Hv. þm. Barð. hefur víst misheyrt það, sem ég sagði á einum stað í minni framsöguræðu. Hann hafði eftir mér, að embættismenn hefðu lægri laun en aðrir. Það sagði ég aldrei, að svo væri almennt. Ég sagði, að samkv. frv. yrði minni hlutfallsleg hækkun hjá þeim en hefði orðið upp úr verkfallinu í vor, og við það stend ég. Þær tölur, sem hv. þm. nefndi í sambandi við þetta, eru settar fram á þann hátt, að þar kemur ekki réttur samanburður fram hjá honum. Hann hélt því fram, að samþykkt launalagafrv. mundi kosta ríkissjóð 40 millj. kr. árlega. Þeir menn, sem áætlað hafa þetta, ættu að vera um það færir og hafa miklu betri aðstöðu til þess en hv. þm. Barð. Þeirra áætlun var sú, að frv., eins og það var lagt fyrir, mundi hafa í för með sér rúml. 20 millj. kr. útgjöld, að þær brtt., sem samþ. voru við 2. umr. málsins í Nd., mundu hafa rúml. 2 millj. kr. útgjöld í för með sér og þær brtt., sem samþ. voru við 3. umr. í Nd., mundu hafa í för með sér tæplega ½ millj. kr. útgjöld. Þetta eru engar 40 millj. kr. Hitt er rétt, að útgjöld ríkissjóðs vaxa við þetta að öllum líkindum, þó að ég sé alveg sannfærður um, að það hefði verið samþ. á þessu þingi aukin uppbót á laun embættismanna, þó að ný launalög hefðu ekki verið sett, þannig að aukning útgjaldanna er ekki eins mikil og virðast kann í fljótu bragði.

Ég get alveg tekið undir það, að í einstökum atriðum hafi verið framið ranglæti, þegar flutt var á milli flokka. Hæstv. dómsmrh. nefndi eitt atriði í þessu sambandi. Honum þótti óviðkunnanlegt, að rektor menntaskólans væri í lægri flokki en prófessorar við háskólann. Mér þykir líka óviðkunnanlegt, að forstöðumenn helztu vísindastofnana þjóðarinnar séu í lægri launaflokki en prófessorar háskólans. Ég bar fram till. um að samræma þetta. Hún var felld, og hv. þm. Barð. greiddi atkv. á móti henni.

Ég tek alveg undir það, sem hann sagði um það, að Alþingi megi ekki láta kúga sig. En ég sé ekki, að það sé verið að kúga Alþingi í þessu máli, ég hef ekki orðið var við nokkra kúgun í því efni. Ég hygg, að þm. almennt séu um það sammála, að það þurfi að setja ný launalög og með svipuðum hætti og hér stendur til, þó að menn hafi auðvitað misjafnar skoðanir á einstökum atriðum. Og það sýnir sig, að ekki hefur Sjálfstfl. lagt nein bönd á hv. þm. Barð., ég fullyrði, að það hafa ekki nein bönd verið lögð á nokkurn mann í Framsfl. o. s. frv. Ég mótmæli því alveg, að hér sé verið með nokkra kúgun.

Hv. þm. Barð. leggur til, að þessu máli sé vísað frá með því, sem hann kallar rökstudda dagskrá, en það er töluverður galli á þeirri rökstuddu dagskrá, að þar eru fullyrðingar, sem hafa verið hraktar, í staðinn fyrir rök. Þessi till. hans byrjar þannig: „Með því að augljóst er, að frv. veldur, ef að lögum verður, vaxandi verðbólgu í landinu og framkallar jafnframt kröfur um hækkandi laun annarra launþega.“ Þetta eru fullyrðingar, en ekki rök. Að vísu má segja, að kaupgeta þessara manna, sem hér fá launahækkun, vaxi og þar af leiðandi geti þeir varið meiru til vörukaupa, en þetta eru ekki svo margir menn, að ég hugsa, að það hafi ekki mikil áhrif um verðbólgu í landinu. Hitt er aftur alrangt, að

þetta geti á sanngjarnan hátt framkallað kröfur um hækkandi laun annarra launþega, þar sem frv. er beinlínis afleiðing af þeim kauphækkunum, sem aðrir launþegar hafa þegar fengið.

Hv. 1. þm. N-M. spurðist fyrir um það, hvort meiningin væri að fella niður ákvæði gildandi launalaga viðvíkjandi húsnæði, jarðarafnotum og öðrum hlunnindum, sem sumir opinberir starfsmenn hefðu, en aðrir ekki. Þetta fellur að vísu niður úr launalögunum, ef frv. verður samþ., enda er það óþarft, því að þau hin sömu ákvæði, sem um þetta eru í gildandi launalögum, eru komin í önnur lög, sem eru lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar stendur í 22. gr. þeirra laga: „Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem starfsmaður er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaununum.“ Og svo eru nánari ákvæði um það, að skjóta megi matinu til æðra stigs.

Ég get tekið undir það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði um, að það væri óviðkunnanlegt, þegar um mikilsverð mál væri að ræða, að sú deild, sem hefur málið síðar til meðferðar, sé svo að segja sett upp við vegg og eigi ekki annars kost vegna tímaleysis en annaðhvort að samþykkja málið óbreytt eða fella það, eins og hér á sér stað. Það er rétt, sem hann sagði, að ég hef oft vitt þetta, því að þetta hefur oft komið fyrir áður. En það gegnir töluvert öðru máli nú en um ýmis frumvörp, sem svo hefur staðið á um áður, sökum þess að sú nefnd deildarinnar, sem um þetta mál átti að fjalla, vann að athugun málsins með n. í fyrri deildinni algerlega, og þess vegna hefur málið fengið eins mikla athugun í n. hér í d. og það hefði annars fengið að öllum líkindum. Og hvað einstaka hv. þingmenn snertir, þá hafa þeir auðvitað haft nægan tíma til þess að kynna sér málið og ákvarða sig um það, hvort þeir væru með því eða móti, og eins um einstök atriði, því að nokkuð er langt síðan frv. lá hér fyrir með ýtarlegri grg.

Ég get játað það, að ég hefði nokkra tilhneigingu til þess að taka undir sumar af till. hv. 4. þm. Reykv., en af þeim ástæðum, sem ég hef þegar greint í framsöguræðu minni, tel ég þó ekki ráðlegt að vera að breyta frv. En þess vil ég geta í sambandi við þetta, að það er talinn vera nokkur munur á pósti og síma. Símamenn þurfa sérstakt nám til þess að geta innt sitt starf af hendi, en póstmenn þurfa ekki, svo að ég viti til, annað en sæmilega góða almenna menntun, sem símamennirnir þurfa líka að hafa, áður en þeir leggja út í sérnámið, og annað það, að starfið við póstinn er meira almenns eðlis, þannig að menn, sem vinna við póstinn, geta miklu frekar komizt í önnur störf, ef þau bjóðast og þeir hafa löngun til eða álita kjör sín betri með því móti, en símritarar og símamenn hafa það miklu síður. Þetta voru þau rök, sem fram voru færð í n. fyrir að gera þarna mun á. En þó finnst mér, hvað sem um þetta má segja að því er snertir símritara og aðra fagmenn í símanum og svo aftur póstmenn, að þá geti þessi rök ekki gilt að því er snertir sendisveina, hvort heldur sendisveina símans eða bréfberana. Þar finnst mér vera um ákaflega lík störf að ræða. En eins og hér hefur verið tekið fram af öðrum, þá verða aldrei sett svo launalög, að einhver smíðagalli sé ekki á.

Hv. 2. landsk. þm. þarf ég ekki að svara; það gerði hæstv. dómsmrh. nægilega og benti á þær veilur, sem í hans röksemdafærslu voru. Benda má á það í þessu sambandi, þar sem honum finnst, að þeir lægst launuðu hafi ekki fengið mikla réttingu sinna mála, að allmargir þeirra eru færðir í hærri launaflokk, og lægsti launaflokkurinn, sem er í núgildandi lögum, er nú með öllu afnuminn, enda talið, að það hafi engir í seinni tíð tekið laun samkv. honum.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er nú sýnilegt, að úrslit þessa máls eru ráðin, eins og ég raunverulega kom nokkuð að í minni framsöguræðu, og að þau ummæli, sem ég hef haft um þetta mál eða kem til með að hafa um það, muni ekki raska í neinu þeirri niðurstöðu, sem hv. meiri hl. hefur komizt að í sambandi við afgreiðslu þess. En ég get þó ekki látið vera að nota hér nokkurn tíma til þess enn að ræða málið og skal þó reyna að stytta mitt mál eins mikið og unnt er. Ég verð þó að svara nokkru þeim rökum, ef rök skyldi kalla, sem fram hafa komið gegn minni framsöguræðu í málinu og þá fyrst og fremst frá hæstv. fjmrh.

Mér virtist hæstv. fjmrh. leggja megináherzlu á það í sinni ræðu að mótmæla, eins og hann sagði, þeirri skoðun minni, að illa hefði verið skipað í n. með því að skipa í hana þá tvo ágætu skrifstofustjóra, sem skipaðir voru til þess af hæstv. ríkisstj., og það sama kom fram hjá hæstv. dómsmrh., en hann lagði megináherzlu á að telja hv. d. trú um, að ég hefði verið í nál. og í ræðu minni að sneiða eitthvað að þessum tveim ágætu mönnum og að það hefði engan veginn verið sanngjarnt, enda ekki hægt að finna betri menn en þessa tvo menn til þess að taka sæti í nefndinni.

Ég hef aldrei haft nein orð um þessa menn, sem gáfu nokkurt tilefni til mótmæla, hvorki frá hæstv. fjmrh. né hæstv. dómsmrh., hvorki í ræðu minni né í nál. Hvað nál. snertir þykir mér rétt að benda á, að ég tek þar fram eftirfarandi: „Má öllum vera ljóst, hversu óhöndulega hefur tekizt til með skipun n., hversu prýðilegir menn sem annars hafa verið í hana valdir.“ Þykir rétt að láta þetta koma fram, vegna þess að ég álít sjálfur persónulega, að þessir tveir menn, sem eru valdir úr skrifstofum ráðuneytanna, hafi verið mjög prýðilegir menn. Hitt getur svo hæstv. fjmrh. alveg eins gert, að mótmæla mannlegu eðli, eins og að mótmæla því, að hann hafi óheppilega valið, þegar hann valdi alla menninna úr flokki þeirra manna, sem hér áttu hlut að máli. Það var engin ástæða fyrir rn. að velja alla mennina fimm úr flokki ríkisstarfsmannanna, þó að það veldi tvo menn úr rn. með sérþekkingu á málinu til þess í senn að gæta hagsmuna ríkisins og starfsmannanna. En hitt stendur alveg óhaggað, sem ég hef haldið fram, að n. er skipuð eingöngu fulltrúum úr starfsmannastétt ríkisins og stéttinni þar með gefið sjálfdæmi, en það setur leiðinlegan blæ á málið og

gefur fordæmi um, að aðrar stéttir krefjist þess sama um sín laun. Það er höfuðatriðið í málinu, og það verður ekkert mildað með því að ætla sér að reyna að vekja hér upp einhverja andúð, sem ég hef aldrei látið í ljós um þessa tvo ágætu menn.

Hæstv. ráðh. sagði, að málið hefði verið 5 vikur í n. og að þar hefði verið unnt að koma fram öllum vörnum. Þetta er ákaflega mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh., að það hefði raunverulega verið hægt að koma þar fram nokkrum vörnum. Það er rétt, að málið var 5 vikur í nefnd. Var allur bunkinn, sem kom fram af erindum frá hinum ýmsu starfsmönnum, að sjálfsögðu sendur mþn., því að hún átti fyrst og fremst að bera ábyrgð á tillögunum, enda sýndi það sig, að erfitt var að taka út úr nokkra menn, því að það hlaut að raska þeirri byggingu, sem launalaganefndin hafði byggt upp í sambandi við frv. En hvað skeður, þegar þessir sömu menn taka að sér að athuga þessi gögn, sem fram voru komin? Þá skeður það, að á mjög skömmum tíma leggja þeir sjálfir til, að allri byggingunni sé raskað. Þeir treysta sér ekki til þess undir neinum kringumstæðum að standa fast á sínum till., sem ég fullyrði að sköpuðu þó miklu minni óánægju hjá starfsmönnum ríkisins en frv. gerir nú, eftir að búið er að taka til greina þessar till. En þeir treystu sér ekki til þess að standa á móti því, vegna þess að þeim hefur annaðhvort ekki gefizt tími til að vinna verkið nógu vel eða það hefur ekki verið lagt í verkið það starf, sem þurfti að gera í launalaganefndinni. Hér eru mennirnir sjálfir að dæma sitt verk, en ekki ég, því að ef þeir hefðu þótzt vera búnir að ganga svo frá þessu máli, að það væri rangt að raska þar nokkru, þá hefðu þeir vitanlega sagt við fjhn. sameiginlega: Ef þið ætlið að raska hér nokkru, þá skuluð þið bera ábyrgð á því, en ekki við. — En þegar þeir sjálfir eru búnir að raska svo miklu, að það kostar ríkissjóðinn á þriðju milljón, þá var óvandur eftirleikurinn hjá okkur hinum, sem reyndum að koma fram einhverju réttlæti í einstökum atriðum.

Hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að n. hefði aðeins verið falið að sameina launin, en ekki verið falið að athuga neitt um hið þriðja atriði, hvaða áhrif þetta kynni að hafa á efnahagsmál þjóðarinnar. Ég skal viðurkenna, að með þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. tekur hann allmikinn vanda af n., því að hér lýsir hann yfir, að þeim beinlínis bar ekki að athuga neitt, hvaða áhrif þetta kynni að hafa á fjárhagsmál eða efnahagsmál þjóðarinnar. En þeim bar þó annað sem starfsmönnum ríkisins, hvað sem líður fyrirmælum hæstv. ráðh. Það var að athuga, hvort þetta hefði þau áhrif, að það bætti nokkuð hag stéttarinnar í heild. Þó að þeim bæri ekki að gera það sem skrifstofustjórum eða umboðsmönnum hæstv. ríkisstj., þá bar þeim a. m. k. að athuga það sem starfsmönnum ríkisins, hvort þessi launahækkun mundi raunverulega færa embættismannastéttinni nokkrar kjarabætur. Og ég hygg, að það séu ekki aðrir, sem hafa flutt fleiri ræður hér á Alþ. og skrifað meira um það í blöð en hæstv. fjmrh., að launahækkanirnar, sem voru knúðar fram mjög óheppilega á þessu ári af verkalýðsfélögunum, hafi sannfært bæði hann og fjöldamarga aðra menn um það, að það hafi engar kjarabætur haft í för með sér fyrir þá stétt. Og ef sú staðreynd lá fyrir, þá er alveg sýnilegt, að þessi launahækkun, sem nú er sett af stað, getur ekki heldur fært neinar kjarabætur að lokum til embættismannanna, og það bar að sjálfsögðu skrifstofustjórunum og öðrum meðnm. þeirra að athuga sem fulltrúum sinnar eigin stéttar, hvað sem öðru líður. Og það er eins og ég hef tekið fram hér áður, að ef þetta kapphlaup á að verða í þessum málum, og það er ekki sýnilegt annað en að það verði, þá tapa allir í þjóðfélaginu. Það er ekki til neitt annað í því máli.

Þá sagði hæstv. ráðh., að aldrei yrði bjargað efnahagsmálunum með því að ganga á rétt einnar stéttar. Það er alveg rétt. Það verður ekki gert með því að ganga á rétt einnar stéttar. En ég hef sannað hér, að það var ekki verið að ganga á rétt embættismannastéttarinnar, þó að frv. væri vísað frá. Ég lagði m. a. til í minni ræðu, að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að þar til búið væri að semja launal., sem ekki einungis efnahagskerfi þjóðarinnar þyldi, heldur og embættismennirnir sjálfir væru ánægðir með og hægt væri að koma samkomulagi á um innbyrðis, yrði þessari stétt greitt sanngjarnlega eftir verðlagi í landinu, svo að ég er síður en svo að gera kröfu um, að það sé verið að beita þessa stétt nokkrum rangindum í launagreiðslum.

Hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að allur málaflutningur minn félli um sjálfan sig, vegna þess að hann væri byggður upp á röngum forsendum, og að laun starfsmanna ríkisins væru ekki meiri nú, eftir að þetta frv. væri samþ., en þau hefðu verið 1945. En þessar fullyrðingar hæstv. ráðh. eru algerlega rangar, og hann gerði ekki minnstu tilraun til að hrekja gögnin, sem ég tók beint út úr sjálfu frv. launalaganefndar og sýndi fram á, að grundvöllur undir launahækkunum er gersamlega rangur. Hann gerði ekki minnstu tilraun til þess að reyna að hrekja það. Hann fullyrðir bara, að þetta sé rangt, þvert ofan í staðreyndir.

Nú get ég sagt hæstv. ráðh., sem hann raunverulega veit ákaflega vel, að öll sú röskun, sem hefur verið gerð á flokkunum síðan 1945, hefur bætt kjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem launabætur hafa fengið. Þar að auki hefur hún raskað grundvellinum frá þeim tíma, og þessa röskun á einmitt að lögfesta með þessu frv. Það er því alveg sýnilegt, að það er algerlega röng skoðun hjá hæstv. ráðh., að hlutföllunum frá 1945 sé ekki raskað.

Svo sagði hæstv. ráðh. og hálfvítti mig fyrir það, að ég væri að skipa mér hér í flokk með þeim mönnum, sem væru að grafa undan þjóðfélaginu, með því að kalla með minni ræðu á nýjar launakröfur. Ég veit, að hæstv. ráðh. er svo glöggur fjármálamaður, að honum er fullkomlega ljóst, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, getur ekki gert neitt annað en að kalla á nýjar launakröfur, svo að í hvaða flokk sem ég kynni að skipa mér, kemur það ekki til að hafa áhrif á það mál. En út af þessu vildi ég mega segja hæstv. ráðh.: Er ekki hans ágæti form. að skipa sér nú í flokk með þessum sömu mönnum til

þess að reyna að mynda nýja ríkisstjórn? Situr hann ekki hér öllum dögum úti í horni og í herbergjum til þess að reyna að komast að samkomulagi við þessa menn, sem hæstv. fjmrh. er nú að gefa þetta nafn eða gefur hér lýsingu af, hvernig vinni, þ. e., að þeir séu að grafa undan þjóðfélaginu? Mér hefur skilizt af öllu, sem hér hefur farið fram, að það sé einmitt Framsfl. undir stjórn hans ágæta formanns, sem sé að reyna að komast í mjög mikið náið bæði andlegt og veraldlegt samband við þessa ágætu menn.

Hæstv. ráðh. sagði einnig, að það væri allt annað atriði í málinu, hvort mér þættu laun opinberra starfsmanna of há eða ekki, heldur en hitt, hvort launin hefðu raskazt frá 1945. Ég hef sýnt fram á, að launin hafa stórkostlega raskazt frá 1945, og þau hafa ekki eingöngu raskazt af þeim ástæðum, sem ég hef hér tekið fram, heldur miklu frekar af öðrum ástæðum, sem eru miklu þyngri á vogarskálunum, og það er, hvernig þau hlunnindi og fríðindi, sem veitt eru þessum sömu mönnum, hafa stórkostlega aukizt frá því 1945, það gerir svo mikinn mun, að þeir þyldu meira að segja, að vísitölunni væri haldið áfram skertri, eins og var, án þess að missa nokkurn hlut í launatekjum miðað við árið 1945, og skal ég nokkuð koma að því síðar.

Hæstv. ráðh. sagði, að vitað væri, að í öðrum stofnunum væru hærri laun almennt en greidd væru til ríkisstarfsmanna, — og hæstv. dómsmrh. kom nokkuð að þessu sama, — en viðurkenndi þó, að hann gæti ekki borið saman hér samninginn við verzlunarmennina, því að hann væri ekki kunnugur honum. En hæstv. ráðh. hefði einmitt átt að kynna sér hann, því að það er eini öruggi samanburðurinn, sem hægt er að gera. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvert allur þessi fjöldi hefði farið, sem bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsrh. voru að tala um að mundi fara í hópum, eins og Framsfl. ætlar að láta Alþýðuflokksmennina fljúga til sín við næstu kosningar. Á hvaða vinnumarkað ætla þeir að fara? Ætla þeir að fara til útgerðarmannanna, sem verða að koma til hæstv. fjmrh. til þess að biðja um enn meiri styrk til þess að geta keypt undan honum alla starfsmennina? Ég hygg, að það verði lokaður kassi hjá hæstv. fjmrh., áður en hann lætur mikið af peningum til útgerðarmanna til þess að kaupa frá sér fólkið. Hann væri þá ekki jafnslyngur fjmrh. og ég veit að hann er, ef hann lokar ekki kassanum áður en það kæmist í gang. Ætla þeir að fara til bændanna? Heldur virkilega hæstv. ráðh., að allur hópurinn úr embættismannastéttinni, sem nú þarf að greiða um 200 millj. kr. í laun, hlaupi til bændanna til þess að slá túnin þar eða raka þar? Ég er hræddur um, að það yrði ákaflega erfitt fyrir þá á þeim vinnumarkaði. Ekki færu þeir að líkindum á mótorbátana í Keflavík, þeir yrðu varla gjaldgengir þar sem hásetar, auk þess sem ég hygg, að hæstv. ráðh. mundi kippa að sér hendinni við að styðja áfram bátaútveginn, ef allur hópurinn færi þangað. Ja, hvert eiga þeir þá að fara? Sannleikurinn er, að það er engin hætta á, að neinn þeirra fari, af þeim ástæðum fyrst og fremst, að það er enginn markaður fyrir þessa menn alla og að þeir hafa hvergi eins góð laun og einmitt hjá ríkinu. Í sambandi við þetta minntist hæstv. ráðh. á verkfræðingana. Nú veit hæstv. ráðh., hvernig það mál allt saman er til komið. Þeir höfðu einn stað að hlaupa í fyrir aðgerðir Framsfl. Framsfl. hafði komið upp á Keflavíkurflugvelli starfi, sem gat tekið á móti svo og svo stórum hóp af verkfræðingum, og þangað gátu þeir flúið, og þangað ætluðu þeir sér að fara. En það var auðvitað alveg á valdi hæstv. utanrrh. að stöðva það, ef hann hefði viljað, en það vildi hann bara ekki gera. Þeir höfðu engan annan vinnumarkað að fara á.

Nú vildi ég gjarnan spyrja hæstv. ráðh., hvernig stóð á því, að núverandi forstjóri tóbakseinkasölunnar fór til ríkisins aftur. Var þetta eini maðurinn, sem vildi þiggja þá stöðu? Hann var búinn að fara út í viðskiptalífið, til olíufélaganna, einhvers mesta stórgróðahrings, sem til er í þessu landi og hefði átt að vera fær um að borga honum sæmileg laun. En hvernig stóð á því, að hann hljóp undir væng hæstv. fjmrh. og vildi nú komast í hreiðrið hjá ríkissjóði fyrir þessi smánarlegu laun? Var það af því, að hann hafði miklu lakari kjör hjá ríkinu en hann gat haft á hinum frjálsa markaði? Miklu fórnar sá maður fyrir Framsfl., ef hann hefur gert það bara til þess að geta unnið í þágu ríkisins. Nei, það er alveg áreiðanlegt, að forstjóri fyrir tóbakseinkasölunni fór ekki nauðugur í þetta starf, nema síður sé. Og svo mun vera um flesta aðra. Ég hygg því, að þær fullyrðingar, sem hæstv. ráðh. hefur um það, hafi ekki við rök að styðjast og falli alveg um sjálfar sig. Það var innan handar fyrir hæstv. ráðh. að sameina þessi tvö embætti, tóbakseinkasöluna og víneinkasöluna, og þá að geta hækkað laun þess manns, svo að hann hefði þá getað fengið enn betri menn frá hinum almenna vinnumarkaði, en það var ekki reynt að gera það, sjálfsagt vegna þess, að það hafa ekki verið nein vandkvæði á að fá menn í þessar stöður fyrir hin lögákveðnu laun.

Hæstv. ráðh. sagði, að erindin rúmlega 100, sem komu til fjhn., væru enginn vitnisburður um það, hvernig launalagan. hefði tekizt um verk sitt. Ég held, að það sé ekki hægt að finna öruggara dæmi um það, að nefndin var ekki búin að leysa málið, þegar það kom til þingsins, heldur en það, að úr hópi sjálfra launamannanna koma hvorki meira né minna en á annað hundrað erindi. Það sýnir, að nefndin hefur annaðhvort ekki getað haft fullkomna samvinnu við embættismannastéttina, og þá er málið ekki heldur leyst, eða ekki viljað hafa hana. En það er engin önnur betri sönnun fyrir því, að málið var ekki undirbúið og var ekki leyst, heldur en það, að yfir 100 erindi koma til fjhn. og að hér hafa staðið daglega hópar manna til þess að fá leiðréttingu mála sinna.

Ég hef nú svarað hér flestu, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta atriði, en ég vildi þó að síðustu mega spyrja hæstv. ráðh. í fullri vinsemd, hvort hann teldi ekki rétt, ef hann situr í þessu starfi til næsta þings, og jafnvel þó að hann geri það ekki, að láta útbúa fullkominn lista yfir laun allra þeirra manna, sem eru á launalögum og starfa hjá ríkinu, svo og lista yfir öll aukalaunin

þeirra og láta birta samhliða launalistunum með fjárlagafrv. Á meðan ég var í fjvn., var margbeðið um þessar upplýsingar, en þær fengust aldrei. Það var aldrei hægt að fá frá neinum hæstv. fjmrh., hvorki núverandi né fyrrverandi, upplýsingar um þetta atriði. Fjvn. varð að tína þessar upplýsingar saman úr ýmsum plöggum, af því að þessir menn tóku ekki laun á einum stað, heldur á mörgum stöðum, og það er þaðan, sem ég hef þessar upplýsingar. Þaðan veit ég að þessi fríðindi eru sums staðar frá 25% og upp í 150% eða jafnvel 200% virði á móts við launin. Nú skora ég á hæstv. ráðherra að nota vel jólafríið og láta gera lista yfir þessi aukalaun og birta hér á Alþingi, og þá skulum við sjá, hvor okkar hefur á réttara að standa um matið á þeim lið fríðinda. Ég skal koma nokkru nánar inn á þetta, áður en ég lýk máli mínu, í sambandi við aðrar athugasemdir.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það væri fullkomlega ofmælt, að starfsmenn ríkisins hefðu betri laun en menn hefðu almennt á frjálsum vinnumarkaði, en gat þó ekki undir neinum kringumstæðum komið með nokkurn annan samanburð en á langlægst launuðu mönnunum og fór niður fyrir samanburðinn, sem sjálf launalaganefndin hafði gert. Honum datt ekki í hug að reyna að hrekja nokkuð af þeim tölum, sem ég setti fram í minni ræðu til samanburðar, og án þess að fara mjög langt út í það mál, skal ég samt sem áður benda hér á, að það getur ekki verið um neitt annað að villast í þessum samanburði en það, hvort ég hafi ofmetið fríðindin. Það er það eina, sem við getum deilt um, því að allt hitt er skjalfest og ekki hægt að hrekja það. Það eru engin vandræði að láta reikna út, hvað mikið laun embættismanna hafa hækkað, samanborið við laun annarra manna. Það verður að sjálfsögðu að taka þar með þær 12 millj., sem greiddar voru í laun til embættismannanna um þetta leyti í fyrra, svo og þær 29 millj., sem hæstv. ráðh. minntist á í fjárlagaræðu sinni að þyrfti vegna afnáms skerðingarinnar, o. s. frv., sem ég hef þó ekkert blandað inn í þetta mál. En hvorki hv. 4. þm. Reykv. né neinn annar getur mótmælt því, að 6% greiðslan í lífeyrissjóð sé hluti launa. Það eru fríðindi, sem ekki verður deilt um, hvernig meta skuli, þessi 6% á laun fá ekki neinir á hinum frjálsa vinnumarkaði. Slíkt er að vísu greitt hjá bönkum, en bankarnir eru, eins og vitað er, ríkisfyrirtæki, og starfsmenn þeirra er ekki hægt að telja á hinum frjálsa vinnumarkaði. Réttindin, sem við erum að tala um, þ. e. atvinnuöryggið, sem ég sagði að væri 10% virði, hefur enginn reynt að hrekja. Í því sambandi *vil ég leyfa mér að spyrja: Hversu mikils virði* hafa þessi réttindi verið t. d. Ingólfi Gíslasyni lækni, sem búinn er að vera núna sjúklingur í öll þau ár, sem ég hef verið á þingi, og alltaf eðlilega og sanngjarnlega fengið sín laun úr ríkissjóði? Hversu mikils virði er þetta? Ja, það er áreiðanlega þessum manni miklu meira en 10% virði. Svona er um fjöldamarga aðra starfsmenn ríkisins.

Þá er um að ræða framlagið á 18. gr. Þar eru tölur, sem tala sínu máli. Það eru nærri 16 millj. kr., sem greiddar eru þar embættismönnum, og ef það er rétt reiknað, að 16 millj. kr. aukin gjöld í frv. stáfi af 9.5—10% launahækkun, þá hljóta þessar 16 millj. kr., sem greiddar eru til sömu manna, einnig að vera 10% launahækkun. Þetta er ekki hægt að hrekja, enda hefur ekki verið reynt að hrekja það.

Þá skulum við athuga liðinn frítt eða of lágt reiknað húsnæði. Nú sagði hv. frsm. m. a., að þetta bæri að meta samkvæmt lögum. Það er alveg rétt. En hvernig er það metið? Telur t. d. hv. frsm. eða hæstv. ráðh., að það sé eðlilegt mat og það sé það sama og hver verkamaður hér getur komizt af með að meta ágætt prestsseturshús með einum 6—7 herbergjum, bílskúr og öðru, sem því fylgir, nýbyggt, með hita, á einar 150 kr. á mánuði, en ég veit, að þetta er gert? Ég hygg, að hver og einn einasti verkamaður hér í þessum bæ mundi gleypa við því, ef ríkisstj. vildi taka að sér að greiða fyrir hann húsaleigu fyrir 6—7 herbergja íbúð í nýju sérstöku húsi auk hita og leigu á bílskúr, allt án launaskerðingar umfram 150 kr. á mánuði, en þetta veit ég að er gert fyrir ákveðna starfsmenn ríkisins. Þetta er bara eitt dæmi, og ég tel, að þessi liður minn sé ákaflega lágt metinn á 5%. Við mætti reikna þetta a. m. k. 25% álag ofan á launin, og væri þó ekki ofmetið.

Þá skulum við athuga það, sem er erfiðast að meta í þessu máli, en það er aðstöðumunurinn til tekjuöflunar. Eins og ég lýsti hér fyrr, hef ég aðeins metið þetta á 15%. Get ég ekki látið hjá líða að benda hér á eitt skýrt dæmi, sumpart vegna ræðu hæstv. menntmrh. og sumpart vegna þess ágreinings, sem hefur orðið um þetta í fjhn.

Eins og kunnugt er, var sótt mjög fast af mörgum aðilum að færa upp um einn flokk alla menntaskólakennarana, þ. e. úr VII. flokki og upp í VI. flokk. Nú hafa menn í VII. flokki 37800 kr. í grunnlaun. Út af þessu ræddu tveir kennarar menntaskólans við mig, og þegar við vorum búnir að ræða málið, viðurkenndu þeir þau rök, sem ég færði fyrir því, að það ætti ekki að hækka þetta, og þau voru þessi m. a., að þegar reiknað var út, hvað þessir menn yrðu að vinna fyrir þessi laun, kom í ljós, að það var aðeins 121 dagur á ári, miðað við 8 stunda vinnu, allt samkvæmt reglugerð hér að lútandi, og það er hámarksvinna þeirra, 121 dagur. Fyrir það fá þeir 37800 kr. í grunnlaun, eða fyrir að vinna þriðja partinn af árinu. En þar með er ekki öll sagan sögð. Þessir menn hafa nú um 50% viðbót fyrir kennslu í sama skóla. Öll laun við menntaskólann í Reykjavík eru nú um 1300 þús. kr. með uppbót. Fyrir stundakennslu eru greiddar í menntaskólanum 653 þús., og svo að segja hver einasta króna af þessari stundakennslu fer til þessara sömu manna, af því að kennslustundir þeirra eru samkv. reglugerð ákveðnar sem að framan greinir. Þeir bæta þessu á sig. Aðstöðumunurinn er þessi, að þeir geta fengið 50% álag í þessum eina skóla að meðaltali á sín laun og þurfa þó ekki að vinna nema í hæsta lagi 200 daga á ári að meðtalinni aukakennslu. Hér hef ég a. m. k. ekki metið fríðindin of hátt. Nú er það vitað, að sumir af þessum kennurum kenna einnig í öðrum skólum og hafa þá líka tíma til

þess. Nákvæmlega sama er með aðra menntaskóla í landinu og marga aðra skóla í landinu, að allri stundakennslunni er dreift á kennarana, þegar búið er að ganga frá reglugerðinni þannig, að kennararnir skuli hafa svo stuttan vinnutíma, að það sé raunverulega ekki nema ⅓ á móti almennum vinnutíma í landinu. Ég skora nú á hæstv. fjmrh. að hrekja þessi rök. Ég held því, að það sé síður en svo ofmetið að reikna þessi fríðindi 15%. Ýmiss konar önnur fríðindi met ég svo á 5%, og skal ég ekki vera að eyða tíma í það, en ég held því fast fram, að þessi fríðindi hafi verið aukin svo gífurlega, frá því að launalögin voru sett 1945, að þó að þeir hefðu ekki fengið neinar aðrar uppbætur en að halda þessum fríðindum, þá voru þeir mjög vel settir, samanborið við aðra launþega í landinu, en þessu gekk hv. 4. þm. Reykv. alveg fram hjá.

Hæstv. dómsmrh. er nú ekki viðstaddur. Ég hef heldur enga ástæðu til þess að haga mínum orðum út af hans ræðu þannig, að þörf væri fyrir hann að taka til máls aftur, skal ekki heldur gera það. En ég vil aðeins taka það fram, að ég ásaka síður en svo hæstv. ráðh. né aðra, þó að þeir séu á annarri skoðun í þessu máli en ég, síður en svo. Ég hef fært rök að því, að þetta frv. muni hleypa af stað nýrri verðbólgu. Hann segir aftur á móti: Það hleypir engri verðbólgu af stað. — Það er hans skoðun, og ég er ekkert að fárast um það, hann hefur sína skoðun, reynslan mun verða dómarinn í þessu máli. Hann segir, að að sínu áliti telji hann hér aðeins um fullkomið réttlætismál að ræða. En réttlætismál getur sannarlega hleypt af stað nýrri verðbólgu. Það verður víst ákaflega erfitt að fá nokkurn tíma nokkurn verkamann, sem stóð í verkfallinu á þessu ári, til að viðurkenna, að þar hafi ekki verið um réttlætismál að ræða, það er bara allt önnur hlið á málinu. Þetta mál getur sannarlega hleypt af stað mikilli verðbólgu í landinu, þó að það sé fullkomið réttlætismál. Hitt er svo allt annað atriði, að ég er ekki sammála mínum ágæta vini og hæstv. ráðh. um það, að hér sé um réttlætismál að ræða. Ég er alls ekki sammála honum um það. En það minnir mig á mjög skemmtilegan bréfkafla, sem ég fékk frá ágætum vini mínum, bónda utan af landi, nýlega, því að sannleikurinn er, að þegar á að fara að fara að leita að kjarnanum í þessum málum, þá sækir maður það stundum beint til alþýðunnar. Hann skrifar: „Ég var að horfa á sex ára gamlan son minn við að byggja turn úr kubbum, og þegar turninn fór að verða of hár, þá fór allt að hallast og af sínu barnahyggjuviti datt honum þó í hug að taka ofan af turninum, og þá var allt lagað.“ Ég er sömu skoðunar, eins og ég gat um í minni framsöguræðu. Þessi mál verða aldrei löguð með því að taka neðan frá. Það verður að taka á málinu ofan frá, hvort sem mönnum finnst það réttlætismál eða ekki, og sé það ekki gert, þá hlýtur byggingin að falla, þegar það hefur verið tildrað of miklu ofan á hana. Það er hart, að hér skuli vera margir prýðilegir menn í þessari stofnun, sem skilja ekki þetta, sem 6 ára barn getur skilið.

Hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að ef þetta frv. yrði ekki samþykkt, væru borgararnir settir í mikla hættu, vegna þess að hópur embættismanna mundi þá fara úr störfum ríkisins til einkafyrirtækjanna. Ég hef minnzt á það áður, hvert þeir eiga að fara. Hér er ekkert annað en um hreinar hugargrillur að ræða, og þar að auki hef ég bent á, að það sé alveg sjálfsagður hlutur að reyna að taka upp fullt samstarf við þessa menn og reyna allar sanngjarnar leiðir, áður en frv. er gert að lögum, sem hlýtur að framkalla það, sem ég hef hér bent á, þ. e. nýja verðbólguöldu. Ja, ég veit nú ekki, hvert allir þessir kennarar ættu að fara, sem hann segir að mundu hópast frá ríkinu. Máske færu þeir allir út í atvinnulífið, færu allir að framleiða, svo að við fengjum meiri gjaldeyri. Þá skil ég ekki annað en að það væri þá kannske hægt af þeim ágóða að launa eitthvað betur þá, sem eftir yrðu. En er nú ekki ástæðan fyrir því, að kennarabúrrð er í landinu, allt önnur en launakjörin? Er það ekki afleiðingin af fræðslulöggjöfinni, sem sett var hér 1945 og ég var þá algerlega andvígur? Er það ekki meginástæðan fyrir því, að svo og svo marga kennara vantar í landinu? Það er ekkert lítið alvörumál, þegar komið er svo, að ⅓ hluti af þjóðinni er 9 mánuði á skólabekk. Þetta er ekki svo lítið atriði, en svo margir eru í dag ýmist kennarar eða nemendur eða eitthvað í kringum fræðslumálin, og þessi fræðslumál kosta hvorki meira né minna en upp undir 80 millj. kr. og munu stórhækka við þetta frv. Sama er að segja um lögfræðingana. Ég skil ekki í því, að þjóðin hafi neitt voðalegt tjón af því, þó að einhver órói væri hjá lögfræðingunum. Ef þeir sjá sér fært að vera í einhverju öðru starfi betra, þá er það þeirra mál. Og ég er alveg viss um, að efnahagsmálin í landinu fengju minna áfall við það, að við misstum helminginn af lögfræðingunum út úr dómarasætunum, heldur en við samþykkt þess frv., sem hér er á ferðinni. Það verður miklu erfiðara og stærra áfall að samþykkja þetta frv. en þó að við ættum að missa helminginn af lögfræðingunum í landinu, auk þess sem ég er viss um, að við mundum aldrei missa neitt svipað því af lögfræðingum úr embættum. Við misstum kannske einn eða tvo menn, það er allt og sumt.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann játaði mikið ósamræmi í frv., og minntist m. a. á laun biskups. Það er alveg rétt, að ég, sem annars er á móti þessari almennu launahækkun, tel, að biskupsembættinu sé ranglega skipað í flokk í frv. Þetta er eitt af allra virðulegustu embættum, og sá maður, sem það skipar, á að bera ábyrgð á allri prestastéttinni og öllum kirkjumálum í landinu, og ég er sannarlega ekki svo þröngsýnn, að ég vilji ekki launa slíkan mann, svo að hann geti innt það starf af höndum, svo að vel fari. Ég teldi það ákaflega mikils virði, ef hægt yrði að byggja hér upp raunhæft starf hinnar íslenzku kirkju með öllum þeim rúmlega hundrað prestum, sem hún hefur yfir að ráða og hafa allt of lítið að gera flestir hverjir; það sé ákaflega mikils virði að byggja upp skipulega það starf, svo að það geti gert miklu meira gagn í þjóðfélaginu en nú, og til þess þurfum við ekki einungis góðan biskup, heldur og að hann geti fórnað öllum sínum kröftum fyrir það mál og þurfi ekki jafn-

framt að hafa fjárhagsáhyggjur. Það var þess vegna, að ég bar það fram og fylgdi því að setja biskup í hæsta flokk. Þetta þurfti ekki að hafa neinar afleiðingar í för með sér. Ég var alveg eins sammála um það, að það væri rétt að setja prófessorana við háskólann upp í hæsta flokk. Hefur það ekkert að gera með skoðun mína á málinu almennt. Hér er um það sama að ræða, að þeir eru yfirmenn yfir allri menntastéttinni í landinu. Þessir menn eiga að bera ábyrgð á því, að við fáum góða embættismenn út úr háskólanum. Þess vegna er ég samþykkur því, að menn, sem taka að sér slíka ábyrgð, séu vel launaðir. Ég þekki mjög vel, hvers virði það er að hafa góða kennara. Kennari er einskis virði og kannske verra en einskis virði, ræki hann ekki vel starf sitt; annar er svo mikils virði, að það er ekki hægt að greiða fyrir hans starf svo sem það er vert. En engin stétt í landinu á eins hægt með að svíkja sín störf og kennarar, því að það verður aldrei hægt að meta, hvort það verður viðtakandinn, sem brást, eða hinn, sem átti að láta inn í kollinn á honum, sem brást að gera sína skyldu.

Ég er alveg sammála hæstv. dómsmrh., að það sé full nauðsyn og hefði raunverulega átt að vera ákvæði um það í frv. að hafa heimild til þess að gera sérsamning undir sérstökum kringumstæðum, og það mun reynast svo í framtíðinni, að þegar búið er að samþykkja þetta frv., mun verða tekið upp í mjög stórum stíl að gera sérsamninga við einstaka menn, vegna þess að einstakir menn eru alltaf til, sem gera verkin miklu betur en almenningur. En það ákvæði er nú ekki í frv. Hins vegar hefur verið farið alveg öfugt að hér. Það hefur verið farið þannig að að semja við þessa sérstöku menn og svo lögfesta þessa launaviðbót einnig hvað snertir meðalmennina og skussana, og það er rangt frá mínu sjónarmiði.

Aðeins nokkur orð til hv. frsm. meiri hl. n. Hann hélt því fram, að það hefði kannske verið rétt að hafa fulltrúa atvinnuveganna í n. Ég met nú, að sú viðurkenning komi hér fram. Það var alveg jafnsjálfsagt að hafa einhvern mann frá atvinnuvegunum í n. eins og það var sjálfsagt að hafa einhvern embættismann. En mælikvarðinn, sem hann leggur á afgreiðslu málsins í fjhn., er algerlega rangur. Hann segir, að fjhn.-menn hafi ekki verið embættismenn, m. a. sé hv. þm. Barð. enginn embættismaður. Það er alveg rétt. En hv. frsm. er fullkunnugt um það, að það var búið að binda þessi mál þannig, að það var útilokað fyrir nokkra þingnefnd að raska í höfuðatriðum frv., frá því að það kom frá launalagan., nema til þess að gera það verra, eins og raun ber vitni um. Það er stórum skaðlegra, stórum ranglátara og stórum verra nú, þegar það er komið hingað til Ed., en það var, þegar það var lagt fram. Þess vegna beitti ég mér sjálfsagt ekki neitt, eins og hv. frsm. er kunnugt um, fyrir raunverulegum breytingum í n., öðrum en þeim, sem ég hef þegar lýst. Hann sagði, að ég hefði getað haft áhrif á lækkunartill. í n. Það var útilokað að hafa nein áhrif á lækkunartill. í nefndinni. Hv. þm. veit, að það var búið að semja um þetta frv., áður en það kom inn í þingið. Það var búið að lofa því, að það skyldi verða samþykkt á þessu þingi, og það hefur ekki verið tekið tillit til tillagna, hvorki eitt né annað, nema þar sem einstökum stéttarhópum tókst að ota sínum tota og þá helzt með fulltingi launalaganefndar.

Ég þarf ekki að eyða neinum tíma í að svara því, hvað forstjóri Eimskipafélagsins hefur í laun eða skipstjórar eða lögfræðingar. Það er enginn mælikvarði á hinum almenna vinnumarkaði. Þessum mönnum eru ekki borgaðar neinar upphæðir úr ríkissjóði. Þeirra laun verða aldrei neinn mælikvarði á það, hvað greiða skuli starfsmönnum ríkisins, auk þess sem mér er alveg ókunnugt um, hvað þessir menn hafa. Og laun skipstjóra er náttúrlega aldrei hægt að bera saman við laun manna í landi. Meðal annars er það með skipstjóra, að þeir eru undir þá sökina seldir að koma kannske ekki að landi, eins og aðrir sjómenn. Og nokkuð er það víst, að mjög erfitt sýnist orðið nú að halda nokkrum sjómönnum í skiprúmum. Er það ekki af því, að raskazt hafi launahlutföllin á milli skipstjóra og annarra sjómanna annars vegar og manna við landstörfin hins vegar, að erfitt mun nú að fá nokkra sjómenn til að vera á flotanum? Ef hlutföllin eru þannig, áður en þetta frv. er samþykkt, hvernig verða þau þá, eftir að það hefur verið gert að lögum.

Svo sagði hv. frsm., að ég hefði spurt: Hvað segir almenningur um þetta? Þar hefur hv. frsm. misskilið mig, því að ég spurði aldrei, hvað almenningur segði um frv. í heild. Ég sagði: Hvað segir almenningur um afstöðu hv. nm. í fjvn., sem hafa undirskrifað nefndarálitið frá n., þar sem þeir vara við því á nákvæmlega sama hátt og ég að mynda verðbólgu í landinu með hækkun launa, en greiða svo atkv. annaðhvort gagnstætt þessari yfirlýsingu, sem þeir hafa sent út til þjóðarinnar, sitja hjá eða fara út? Það var þetta, sem ég spurði um. (Gripið fram í.) Nú spyr hv. þm.: Hvað segja bændurnir? — Ja, ég get sagt hv. þm., hvað bændurnir segja. Þeir segja, að það sé miklu betra fyrir þá að fá ekki hækkað afurðaverðið, ef það sé hægt að halda dýrtíðinni niðri í landinu, og nákvæmlega sama segja útgerðarmennirnir og nákvæmlega sama segja láglaunastéttirnar. En þetta er ekki leið til að halda niðri verðlaginu í landinu.

Að síðustu var ég alveg undrandi, þegar hv. frsm. leyfði sér að halda hér fram tölum, sem hann veit að eru bókstaflega rangar í sambandi við kostnaðinn. Hann veit, að 20 millj. krónurnar, sem reiknað var fyrst með að frv. mundi kosta ríkissjóð, voru hækkaðar um 2 millj. kr. af fjhn., og ef hann ekki veit það, þá hefði hann átt að spara sér að fullyrða þetta, fyrr en hann var búinn að fá þessa vitneskju, úr því að hann var búinn að heyra það hjá mér, og fullvissa sig þá um, hvort það væri rétt eða rangt. Hann fer alveg rétt með 2½ millj. gjaldaaukningu, sem verður við breytingarnar síðar, sem er nokkurn veginn sama upphæð og ég gat um, en hann gengur alveg fram hjá hinum upplýsingunum, sem ómögulegt er að hrekja, að það eru á öðrum liðum fjárlaganna bein launaútgjöld, sem er ekki hægt að komast hjá að hækka líka.

Hvernig hugsar hv. frsm. sér í alvöru talað t. d., að þær 1400 þús., sem eru greiddar beinlínis í laun til Búnaðarfélagsins, þurfi ekki að hækka hlutfallslega, eftir að búið er að gera þessa breyt. á launalögunum? Það verður vitanlega að hækka laun allra þeirra manna á sama hátt og hefur verið gert, nákvæmlega sama með Fiskifélagið, nákvæmlega sama með Iðnaðarmálastofnun og fleiri stofnanir í landinu, sem þannig er ástatt um. Og hvað heldur hann um stundakennsluna? Heldur hv. frsm. raunverulega um þessar nærri 600 þús. kr., sem í dag eru greiddar fyrir stundakennslu í menntaskólunum, að sú upphæð verði ekki hækkuð um sömu prósentur og launin sjálf? Við vitum þetta af reynslunni, og ég veit, að hv. þm. S-Þ., sem þekkir þessi mál frá fjvn., veit eins og við allir, að það er engin önnur leið. Þar að auki vissi hv. 4. þm. Reykv., að það var rétt, sem ég fór með, að tryggingarnar þurfa rúmlega 7 millj. kr. viðbót vegna launahækkana samkv. frv. Þær upphæðir, sem ég reikna með, eru teknar beint upp úr fjárlagafrv., og það eru 40 millj. kr., sem verða að hækka með sömu prósentu og sama álagi og launin sjálf. Þar hef ég ekki tekið einn einasta lið, sem heyrir undir þessar 20 millj., sem fyrst var reiknað með, eða 2½ millj., sem síðar var reiknað með, svo að þetta er fullkomlega rétt hjá mér, að kostnaðurinn verði sá, sem ég hef haldið fram.

Hv. þm. sagði síðast hér, að hann hefði ekki orðið var við neina kúgun og að ekki hefði þá Sjálfstfl. tekizt að kúga mig. Nei, það er nú ekki í fyrsta skipti, sem Sjálfstfl. hefur ekki tekizt að kúga mig, vegna þess að hann hefur aldrei reynt það, aldrei gert neina tilraun til þess. Og ég get sagt hv. þm. það, að það mundi ekki heldur þýða neitt. Það var nefnilega sá mismunur á milli mín og frambjóðanda Framsfl. 1942, hins ágæta manns Steingríms Steinþórssonar, núverandi hæstv. landbrh., að hann lýsti því yfir á öllum fundunum, að hann byði sig fyrst og fremst fram sem fulltrúi Framsfl. og þar næst sem fulltrúi sýslunnar. Ég lýsti því þá yfir og ávallt síðan, að ég byði mig fyrst og fremst fram sem fulltrúi Barðstrendinga og þjóðarinnar. Og ef afstaða mín er slík á þingi, að ég á að velja á milli flokkshagsmuna annars vegar og þjóðarhagsmuna hins vegar, þá fylgi ég þeirri stefnu að gæta hagsmuna kjósendanna og þjóðarinnar. En því er kannske hv. frsm. ákaflega óvanur í sínum flokki.

Að rökstudda dagskráin sé firra, mótmæli ég harðlega. Hv. þm. veit eins vel og ég, að það er óhjákvæmilegt, að þessar 40 millj., sem kastað er út í viðskiptalífið beint úr ríkissjóði, eftir að frv. þetta er samþykkt, hljóta að skapa nýja verðbólgu. Það er engin getgáta. Það eru beinharðar staðreyndir. Og hann segir, að mín rök hafi verið hrakin hér. Það hefur ekki verið reynt að hrekja þau. Það hafa verið notaðar fullyrðingar án þess að reyna að hrekja nokkurn hlut af því, sem ég hef tekið beint upp úr gögnunum, sem fyrir lágu. Og svo segir hv. þm., að það sé rangt, að þetta frv. kalli sanngjarnlega á aðrar launahækkanir. Ég hef ekkert um það sagt, hvort það kallar á þær sanngjarnlega, við skulum láta það liggja á milli hluta, en það kallar áreiðanlega á aðrar launahækkanir. Og þó að hv. frsm. og allir þeir, sem standa að þessu frv., áliti, að hér sé bara um leiðréttingu að ræða, þá breytir það ekki nokkrum sköpuðum hlut. Þetta frv. getur ekki annað en kallað á nýja verðbólgu og nýjar launahækkanir á öllum sviðum.

Ég vil svo biðja hæstv. forseta að afsaka, að ég hef orðið að tala þetta langan tíma, en mun ekki taka aftur til máls, nema beint verði til mín einhverju, sem ekki verður komizt hjá að svara.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af orðum hæstv. menntmrh. — Hæstv. menntmrh. sagðist ekki bera á móti því, sem ég sagði í minni ræðu, að á einhverju stigi málsins í samningunum við verkalýðsfélögin í vor hefði verið léð máls á því af hálfu verkalýðsfélaganna að afnema ekki vísitöluskerðinguna með öllu gegn einhverjum öðrum friðindum. Þetta er ekki rétt, og vegna þess að þetta mál hefur verið mikið notað í áróðri, þá tel ég nauðsynlegt, að þetta komi skýrt fram. Það var allan tímann lýst yfir af hálfu verkalýðsfélaganna, að það væri ekki þeirra krafa, að vísitöluskerðingin yrði afnumin með öllu, hversu há sem launin væru, og það var ekki krafizt neinna friðinda á móti. Því var blátt áfram lýst yfir, að verkalýðsfélögin hefðu ekki áhuga á því, að vísitöluskerðingin á hæstu launununum yrði afnumin. Ég man, að það var sagt margsinnis, að verkamenn stæðu ekki í 5—6 vikna verkfalli fyrir hálaunamenn ríkisins og að verkamenn þvægju hendur sínar af allri ábyrgð á því, að sú ráðstöfun yrði gerð, sem verið er að gera nú. En þá brá bara svo undarlega við, að atvinnurekendur vildu ekki láta afnema vísitöluskerðinguna með öllu, og það bar ekki á öðru en að ríkisstj. væri á sama máli. Það er því hrein firra, að afnám vísitöluskerðingarinnar á hálaunum sé afleiðing af verkföllunum í vor. Ríkisstj. var í lófa lagið að koma því inn í samningana, að vísitöluskerðingin skyldi haldast á háu launununum, en hún vildi það ekki, og ég held, að hún hafi ekki viljað það vegna þess, að þá þegar var ákveðið að nota samninginn, sem gerður var, sem tilefni til stórhækkunar á launum mestu hálaunamannanna.

Þá fór hæstv. ráðh. að tala um launakjör í Sovétríkjunum og af lítilli þekkingu eins og fyrri daginn, en nú bregður bara svo við, að hann telur hina vondu bolsévika til fyrirmyndar. Nú er fjarri því, að ég vilji afnema allan launamismun, slíkt er ekki hægt í auðvaldsþjóðfélagi og ekki heldur í sósíalistisku þjóðfélagi og allra sízt á hinu fyrsta skeiði þess, og það var ekki heldur það, sem um var að ræða. Hins vegar held ég, að það sé mjög fjarri því, að launamismunurinn hér á landi sé í nokkru samræmi við það, sem menn leggja af mörkum.

Nú er það svo, að kaup almennra verkamanna fyrir átta stunda vinnudag hrekkur hvergi nærri fyrir brýnustu nauðsynjum manna, sem hafa nokkuð stóra fjölskyldu. Ef það er nú rétt, að þjóðfélagið hafi ekki ráð á því að greiða verkamönnum laun, sem eru nauðsynleg til framfærslu 5 manna fjölskyldu, hvernig hefur þá hið sama þjóðfélag ráð á því að greiða öðrum marg-

föld verkamannalaun, sumum allt að 100 þús. kr. á ári og oft miklu meira, þegar öll fríðindi og aukagetur eru reiknaðar með? Ef þjóðfélagið átti að farast vegna þess, að hinir lægst launuðu fengu 10% hækkun í vor, hvernig getur þá hið sama þjóðfélag haft ráð á því að hækka laun hinna hæst launuðu um allt að 40% og raunar í sumum tilfellum um yfir 50%, þegar öll kurl koma til grafar? Hvernig hefur þjóðfélag, sem ekki hefur ráð á að hækka laun hinna lægst launuðu um 3000 kr. á ári eða rösklega það, ráð á því að hækka laun hinna hæst launuðu um yfir 30 þús. kr. á ári?

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég er að byrja að verða syfjaður og líka farið að langa í kaffi, sem hæstv. forseti hefur heitið deildarmönnum, og mun ég því mjög stytta mál mitt.

Hv. þm. Barð. minntist í ræðu sinni á matið á húsnæði og öðrum hlunnindum, sem sumir starfsmenn ríkisins hefðu, en aðrir ekki, og spurði í því sambandi, hvort ég teldi sanngjarnt, að gott húsnæði með ljósi og hita væri metið á 150 kr. á mánuði. Ég tel það hreina fjarstæðu, ef svo er gert. Ég skal alveg viðurkenna það. Í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem ég áðan vitnaði í, stendur, að þess konar fríðindi eigi að meta af yfirskattanefndum hvers héraðs. Og ef yfirskattanefndir í raun og veru meta húsnæði svo, þá gera þær ekki sína skyldu. Ég sé ekki, að það eigi að taka tillit til þess í þessum lögum, þótt svo kunni að vera, að einstaka yfirskattanefndir hlífi mönnum meira en rétt er. Það á þess í stað að áminna skattanefndirnar um að meta þetta rétt og í samræmi við það, hver húsaleiga er almennt á þeim stað, þar sem um slíkt er að ræða.

Hv. þm. Barð. tók það réttilega fram, að starfsmenn margir eru ákaflega óánægðir út af þessu frv. En hvernig getur staðið á þeirri óánægju? Enginn er lækkaður. Allir fá hækkun. Jafnvel þeir, sem eru í sama launaflokki og þeir áður voru, fá milli 9 og 10% hækkun. Það er enginn óánægður yfir því, að kjör hans hafi verið skert. Óánægjan er eingöngu út af því, ef einhver annar hefur fengið meira. Það sem sagt virðist vera sú gamla fylgikona mannanna, öfundin, sem hér kemur til greina.

Hv. þm. minntist líka á kennarana. Hann minnist nú stundum á þá og virðist ekki meta hátt þeirra vinnu, segir, að kennarar við menntaskóla vinni sem svari 121 degi á ári með 8 stunda vinnu. Ég veit það af fyrri viðræðum við þennan hv. þm., að starf kennara metur hann í kennslustundafjölda, en þegar um kennara er að ræða, er það algerlega rangt. Hver kennari, sem gerir skyldu sína og kennir vel, hlýtur að verja miklum tíma utan kennslustundanna til þess að búa sig undir kennslustundirnar. Og kennsla er í mörgum tilfellum erfitt verk, þó að hver maður sé ódrepinn af því að vinna t. d. útivinnu í 8 stundir. Ég vandist því frá unglingsárum og hátt á fimmtugsaldur að vinna á sumrin í 12 stundir við heyskap, og mér fannst það ekkert gera mér til, en ég var líka kennari um tíma, og ég var oft orðinn þreyttur eftir 6 stunda kennslu, engu síður þreyttur en eftir 12 tíma vinnu við heyskap.

Að meta ýmiss konar aukafríðindi, sem starfsmenn hafi, á 15% almennt af launum starfsmanna ríkisins, hugsa ég að sé alger fjarstæða, því að vitanlega er fjöldi starfsmanna hjá ríkinu, sem engin slík fríðindi hefur.

Ég kannaðist við það, að kannske hefði verið heppilegra, að í launanefndinni, sem undirbjó málið, hefðu verið fulltrúar einnig frá atvinnuvegunum, en benti á það hins vegar, að ekki hefðu launin lækkað við það, að fulltrúar atvinnuveganna, alþingismenn, við, sem vorum í fjhn., og hv. þm. neðri deildar, hefðu fjallað um málið. Í meðförum þingsins hækkuðu launin, eins og menn vita. Það hafa orðið miklar tilfærslur á milli flokka, þó að flokkarnir væru ekki hækkaðir.

Hv. þm. sagði í sambandi við þetta, að ekkert hefði verið hægt að gera í n., því að allt hefði verið bundið fyrir fram. Ég kannast ekki við þetta. A. m. k. leyfði hv. þm. A-Húnv. (JPálm) sér að bera fram brtt. í Nd. um að lækka allan launastigann. Það hefði hver okkar getað gert. (Gripið fram í.) Hún var felld, án efa vegna þess, að þm. hafa haft þá skoðun, að sú till. ætti ekki rétt á sér.

Hv. þm. sagði, að ég hefði haldið fram röngum tölum. Þetta er ekki rétt. Ég hélt engum tölum fram. Ég einfaldlega sagði, að mþn. í launamálum hefði áætlað kostnaðinn af þessari lagabreytingu, sagði rétt frá því, og ég bætti því við, að ég tryði þessum mönnum betur en hv. þm. Barð. í þessu efni, ekki sökum þess, að ég sé að væna hv. þm. Barð. um vísvitandi ósannsögli, heldur vegna þess, að t. d. skrifstofustjórinn í fjmrn. og hinn skrifstofustjórinn einnig höfðu miklu betri aðstöðu til þess að gera áætlanir um þetta heldur en hann. Það kann að vera, að þeir hafi eitthvað áætlað þetta of lágt, en ég veit, að þeirra áætlun er nær sanni en áætlun hv. þm. Barð. Að vísu er það rétt, sem hann sagði, að ýmis önnur gjöld hækka auðvitað eitthvað, og má búast við því, að í sumum stofnunum, sem styrktar eru af ríkinu, hækki laun, þar sem þau verða lægri en sambærileg laun ríkisstarfsmanna. En það getur ekki oltið á öllum þeim milljónum, sem hv. þm. gerir ráð fyrir.

Hvað snertir kúgunina, sem hv. þm. talaði um og sagði, að Sjálfstfl. hefði ekki reynt að kúga sig í þessu máli, þá bar ég það aldrei á Sjálfstfl., að hann hefði reynt að kúga hann. Ég sagði bara, að ekki hefði Sjálfstfl. kúgað hann. Hann hefur sjálfsagt ekki reynt það, og ég veit, að það hefur komið fyrir, að hv. þm. Barð. hefur gengið á móti sínum flokki í ýmsum málum. Ég hef líka gengið á móti mínum flokki í sumum málum, og það hefur ekki verið reynt að beita mig nokkurri kúgun. Ég hygg, að það megi segja þetta um flesta þm., að það komi fyrir, að þeir geti orðið ósammála sínum flokki.

Hv. þm. segir, að sín rök hafi ekki á nokkurn hátt verið hrakin með öðru en fullyrðingum frá þeim, sem gagnrýnt hafa ræður hans. Ja, með hverju hefur hv. þm. hrakið rök okkar hinna? Ég hygg, að það sé ekki með öðru en fullyrðingum.

ATKVGR.
Brtt. 223 tekin aftur til 3. umr.
Rökst. dagskrá á þskj. 221 felld með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GíslJ.
nei: SÓÓ, VH, AE, BSt, BBen, BrB, FRV, GÍG, HG, HermJ, IngF, JK, KK, LJóh.
2 þm. (PZ, JJós) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 226 felld með 11 shlj. atkv.
15.—32. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Út af brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HG) viðvíkjandi póstmönnum vil ég leyfa mér að vitna til yfirlýsingar, sem frsm. fjhn. í hv. Nd. gaf, þegar málið var þar til umr., en hann sagði svo:
„Þá vil ég flytja þá yfirlýsingu hér í samráði við ráðherra póst- og símamála og fjmrh., að við gildistöku laganna, ef þetta frv. verður samþykkt, eða þegar það verður samþykkt, munu póstafgreiðslumenn, sem hafa starfað lengi og gegna ábyrgðarmiklum störfum, verða gerðir að 2. stigs fulltrúum."
Í trausti til þessarar yfirlýsingar lítur meiri hl. svo á, að því er þetta atriði málsins varðar, að hann geti ekki mælt með því, að nein breyting verði gerð á frv. á þessu stigi.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir betra, að fram komi sú yfirlýsing, sem hv. form. fjhn. flutti hér varðandi framkvæmd laganna að því er snertir póstafgreiðslumenn, sem starfað hafa í langan tíma og gegnt ábyrgðarmiklum störfum. Till. mín á þskj. 223 tekur til nokkurra fleiri, þ. e. til bréfberanna og til deildarstjóra við póst og síma. Ég vildi mega vænta þess, að einnig þessir starfsmenn póstsins eða þeirra launakjör yrðu tekin til athugunar í sambandi við framkvæmd laganna. Það er lítt gerlegt að mismuna svo í launakjörum mönnum innan tveggja starfsstétta í sömu stofnun eins og nú er gert í frv. að því er varðar annars vegar starfsmenn símans og hins vegar starfsmenn póstsins. Bæði bréfberar eða sendimenn símans og deildarstjórar símans eiga kost á að hækka um einn flokk eftir vissan starfstíma, og slíkt hið sama virðist eðlilegt að gildi um hliðstæð störf hjá póstinum. Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. vildi upplýsa mig um það, hvort hann teldi meiri örðugleika á að hafa þessa framkvæmd á að því er lögin varðar, ef till. mín á þskj. 223 yrði felld, en ef hún kæmi ekki til atkvæða hér. Ef hæstv. ráðh. teldi ástæðu til að athuga einnig kjör þessara manna í sambandi við framkvæmd laganna, þá mundi ég taka till. aftur í trausti þess, að einnig aðstaða þessara tveggja launaflokka yrði athuguð samtímis póstafgreiðslumönnunum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. (HG) sagði, get ég ekki gefið honum neinar ráðleggingar, vegna þess að ég hef ekki náð til þess að ráðgast við hæstv. ráðh. pósts og síma. Hann verður því að gera það upp við sig, hvort hann heldur till. til streitu eða ekki.

Haraldur Guðmundsson: Ég skil það, að hæstv. ráðh. getur ekki gefið upplýsingar um þetta efni án þess að ráðgast við ráðh. pósts og síma. En í trausti þess, að einnig kjör þessara tveggja starfsmannahópa, sem ég nefndi hér áðan, verði athuguð, samtímis því sem kjör póstafgreiðslumanna verða athuguð, tek ég aftur 1. brtt. með undirliðum, aftur að 2. till.

ATKVGR.
Brtt. 223,1 tekin aftur.
— 223,2 felld með 10:4 atkv.
Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 227).

---

8. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1956 (fyrra frv.).

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956 [126. mál] (stjfrv., A. 212).

Á 36. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það liggur nú fyrir, að hv. Alþ. muni ekki samþ. fjárlög fyrir árið 1956 fyrir næstu áramót. Er því óhjákvæmilegt, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til þess að inna af höndum nauðsynlegustu greiðslur. Fjallar þetta frv. um að veita ríkisstj. slíka heimild.
Það hefur ekki náðst samkomulag um að afgreiða fjárlögin fyrir áramótin. Ég hef lagt ríka áherzlu á það nú sem fyrr, að fjárlögin yrðu sett, áður en nýtt fjárlagaár hefst. Að mínum dómi og Framsfl. hefði verið hægt að koma þessu í framkvæmd. Ég tel illa farið, að svo verður ekki gert, en í þess stað dregin afgreiðsla fjárlaganna, og örðugt að sjá, hvað af því kann að hljótast. Þrátt fyrir þessa afstöðu og þrátt fyrir það þótt ég hafi lagt svo ríka áherzlu á þetta, hef ég að vandlega athuguðu máli og í samráði við Framsfl. ákveðið að vinna áfram í ríkisstj. að endanlegri afgreiðslu fjárl. í trausti þess, að þau verði þrátt fyrir allt afgreidd á viðunandi hátt. Kemur hér og til, að ég hef ekki viljað verða til að stofna til stjórnarkreppu nú, þar sem fyrir dyrum stendur að leita leiða til þess að leysa vandamál útflutningsframleiðslunnar. Vil ég ekki skorast undan að eiga þátt í því í ríkisstj. að leita slíkra úrræða og koma þeim í framkvæmd, og sama er að segja um Framsfl. — Þessi orð vildi ég láta falla, um leið og ég mælti fyrir þessu máli og greindi frá þeim ágreiningi, sem upp hefur komið um afgreiðslu fjárlaganna.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Vegna niðurlagsorða hæstv. fjmrh. þykir mér rétt að gefa þessa yfirlýsingu:

Svo sem kunnugt er, hefur bátaflotinn undanfarin fimm ár notið hinna svokölluðu bátagjaldeyrisfríðinda. Fellur sá samningur úr gildi í lok þessa mánaðar. Hinn 1. ágúst 1954 var með bráðabirgðalögum, sem Alþ. síðar samþ., ákveðið að veita togurunum 2 þús. kr. uppbætur fyrir hvern úthaldsdag. Þau lög falla einnig úr gildi í lok þessa mánaðar, efnislega. Og nú í haust hefur verið ákveðið að veita uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir ársins 1955, sem ætlað var að nema mundu um 15 millj. kr. Sérfræðingar hafa undanfarna mánuði unnið á vegum ríkisstj. að athugun á því, hvernig auðið verði að leysa vandamál útflutningsatvinnuveganna. Meðal þeirra vandamála, sem þar koma til greina, er, hvort halda beri áfram bátagjaldeyriskerfinu eða leggja inn á nýjar leiðir og þá með hverjum hætti auðið verði að afla þess fjár, sem með þarf til að hindra stöðvun framleiðslunnar. Athugunum þessum er enn ekki lokið, og hefur ríkisstj. þess vegna ekki getað gert sér grein fyrir því, hvaða stefnu beri að taka í málinu. Meðan svo standa sakir, hefur Sjálfstfl. ekki talið skynsamlegt og raunar tæpast auðið að afgreiða fjárl. ríkisins endanlega, en leggur hins vegar megináherzlu á að leysa þessi mál sem allra fyrst, og mun ríkisstj. vinna sleitulaust að undirbúningi þess í því þinghléi, sem nú er fyrirhugað. Að lokum þykir mér rétt að geta þess, að Sjálfstfl. hefði að sjálfsögðu kosið að ljúka báðum málunum fyrir áramót, en hefur að gaumgæfilega athuguðu máli komizt að þeirri niðurstöðu, að þess sé ekki kostur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er auðséð af þeim yfirlýsingum, sem hafa verið gefnar í sambandi við þetta mál af hæstv. fjmrh. og af hæstv. forsrh. f. h. hvors stjórnarflokks um sig, að undanfarið hafa verið mjög skörp átök á milli stjórnarflokkanna og ástandið auðsjáanlega þannig í augnablikinu, að við stjórnarkreppu liggur. Hæstv. fjmrh. segir, að það hafi ekki náðst samkomulag um að afgreiða fjárlögin fyrir áramót. Hann segist hafa lagt ríka áherzlu á að afgreiða fjárl. fyrir áramót og ekki getað fengið því framgengt. M. ö. o.: Ríkisstj. getur ekki lengur komið sér saman um að afgreiða fjárl. á réttum tíma. Hæstv. fjmrh. segir enn fremur, að þetta hefði verið hægt, að það hafi ekki verið raunverulegir annmarkar á því, sem ekki hefði verið hægt að yfirvinna. Þess vegna hlýtur þarna að koma til, að stjórnarflokkarnir geti ekki komið sér saman um, hvernig eigi að stjórna landinu hvað þetta snertir. Hæstv. fjmrh. segir síðan, að hann stofni ekki til stjórnarkreppu nú, hann hefði ákveðið að vinna áfram í ríkisstj. M. ö. o.: Fyrir Framsfl. hefur sú spurning legið undanfarna daga, hvort hann ætti að stofna til stjórnarkreppu og hvort hann ætti að vinna áfram í ríkisstjórninni. Ég tel gott og nauðsynlegt, að þessar upplýsingar koma hér fram, vegna þess að fram að þessu hefur frekar verið reynt að dylja fyrir okkur þm., hvernig ástandið sé á stjórnarheimilinu. Síðan bendir hæstv. forsrh. á, að mjög mikilvæg lög falli úr gildi um áramótin, og það er vitað, að það er mjög mikill erfiðleiki, sem bíður úrlausnar fram undan viðvíkjandi öllum fiskiflota landsmanna. Síðan segir hæstv. forsrh., að Sjálfstfl. hafi ekki talið auðið að afgreiða fjárlög. M. ö. o.: Sjálfstfl. hefur stöðvað afgreiðslu fjárl., vegna þess að það hefur ekki fengizt samkomulag við Framsfl. um, hvernig ætti að tryggja, að sjávarútvegurinn yrði rekinn eftir áramótin. Þá segir hæstv. forsrh., að hann hefði kosið að ljúka þessum málum nú, en ekki getað fengið því framgengt.

Mér sýnast þessar yfirlýsingar beggja hæstv. ráðh. gefa okkur þm. þá mynd af stjórnarfarinu, af ástandinu í stjórnarherbúðunum, að þessir tveir stjórnarflokkar séu ekki færir um að fara með stjórn landsins lengur, — þeir lýsi því yfir hvor um sig. Hins vegar er gefið, að það er alveg rétt, sem hér hefur verið lögð áherzla á, að það bíða stór mál afgreiðslu, sem hefði þurft að afgreiða fyrir nýár. Og það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. Við höfðum nokkra hugmynd um þetta, Sósfl., og þess vegna skrifuðum við í fyrradag formönnum Framsfl. og Sjálfstfl. svo hljóðandi bréf, sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér með leyfum vér oss að leggja til við yður með tilliti til yfirvofandi stöðvunar á allri útgerð landsmanna um næstu áramót, að fundum Alþ. sé ekki frestað nú, heldur sé fundum haldið áfram milli jóla og nýárs til þess að reyna að finna lausn á þeim vandamálum, er við blasa, svo að eigi komi til stöðvunar fiskiflotans í ársbyrjun. Væri þá í staðinn hægt að taka nokkurt þinghlé seinna í janúar, er afgreiðslu þessara mála væri lokið."

Um leið og við sendum þetta til form. beggja stjórnarflokkanna, sendum við afrit af þessu til annarra flokka í stjórnarandstöðu til að láta þá vita, að við hefðum skrifað þetta. Ég álít, eins og mér fannst raunar skína í í orðum hæstv. forsrh., að það hefði raunverulega verið betra fyrir þingið í heild, ef það hefði lokið öllum þessum málum fyrir áramót, ef við þm. hefðum setið hér áfram, jafnvel þótt menn hefðu orðið að fresta sínu jólafríi raunverulega eða fórna því til þess að reyna að tryggja það, að útvegurinn gæti gengið af fullum krafti strax eftir áramótin, og það hefði að öllu leyti verið sæmst fyrir Alþingi og ánægjulegast, að Alþingi hefði getað fundið og komið sér saman um lausn á þessum málum. Hitt vil ég leggja áherzlu á, að það er auðséð, að sú tilraun, sem þessir tveir stjórnarfl. hafa haldið uppi undanfarið og hefur kostað á þessu ári, sem nú er að líða, svo hörð átök hjá þjóðinni, sú tilraun, sem þeir hafa gert til þess að stjórna landinu á móti vilja verkalýðsins í landinu, er misheppnuð, og því fyrr sem menn taka afleiðingunum af því, því betra. Menn verða að horfast í augu við það, að það er ekki hægt að stjórna landinu á móti verkalýðnum og móti núverandi stjórnarandstöðu.

Mér skilst, að hvor um sig hafi hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. gefið yfirlýsingu um pólitískt gjaldþrot ríkisstj., yfirlýsingu um það, að stjórnarkreppa sé raunverulega á komin, en hún sé

ekki gerð alveg opinber, heldur sé henni frestað fram yfir nýár með þessu móti, sem geti hins vegar kostað landsmenn meira eða minna stöðvun á útgerðinni eftir nýárið. Þetta vildi ég láta koma hér fram einmitt út af þeim stórpólitísku yfirlýsingum, sem hæstv. ráðh. hafa gefið.

Viðvíkjandi því frv., sem hér liggur fyrir, er hins vegar ekki hægt að vera á móti því. Það er ómögulegt að ætla að stöðva fjárgreiðslur úr ríkissjóði, þó að svona sé komið, að sú ríkisstj., sem enn situr að völdum, komi sér ekki saman um afgreiðslu fjárl., þannig að það er ekki hægt annað en að styðja að framgangi þessa frv. Og ég þykist náttúrlega vita, að það duga ekki neinar langar ræður um þetta nú, en þessa afstöðu okkar vildi ég láta koma fram.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vildi aðeins bæta því við það, sem ég sagði áðan, að störfum að fjárl. er það langt komið, að að mínum dómi og Framsfl. hefði verið hægt að ljúka þeim og ákveða tekjuöflun til ríkissjóðs í því sambandi. En málefni framleiðslunnar liggja á hinn bóginn þannig fyrir, að um þau hafa ekki verið teknar efnisákvarðanir, eins og hæstv. forsrh. tók fram. Ágreiningur sá, sem fyrir liggur, er því eingöngu um afgreiðslu fjárlaga.

Sumir segja, að fjárl. eigi að bíða, vegna þess að það sé ósýnt, hvort framleiðslan gangi. Ég álít, að það eigi yfirleitt ekki að gera því skóna, að framleiðslan stöðvist til lengdar, og þess vegna svara ég því neitandi, að það eigi að draga fjárlagaafgreiðsluna til þess að sjá, hvort framleiðslan geti gengið. Hver getur t. d. séð það fyrir, hvort verkföll eða aðrar truflanir verða í atvinnulífinu? Það er aldrei hægt að vita slíkt fyrir. Ef allt slíkt ætti að þurfa að vita fyrir, áður en fjárl. væru sett, þá yrði oft að stjórna fjárlagalaust á Íslandi. Það er af þessum ástæðum, sem ég hef haldið fram fast þeirri skoðun, að það ætti að afgr. fjárl. nú strax.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér í þá deilu, sem sýnilega hefur orðið á milli stjórnarflokkanna tveggja um afgreiðslu fjárl. Það má sjálfsagt færa fram rök fyrir báðum þeim skoðunum, sem þar hafa verið uppi, bæði fyrir þeirri skoðun að afgreiða fjárl. nú og eins fyrir því að fresta afgreiðslu þeirra. Hitt er auðséð og vitað hverjum manni og vitanlega hverjum alþm., að það, sem fyrst og fremst bíður úrlausnar, er að finna grundvöll fyrir því, að framleiðslan geti gengið áfram. Við heyrum þó nú úr mörgum áttum, að bæði bátaútvegurinn og alveg sérstaklega togaraútvegurinn eigi svo í vök að verjast, að eitthvað verði að gera til þess að bæta þar úr, og má vel svo fara, að þær úrbætur, sem fundnar verða, kynnu að kosta ríkissjóð aðgerðir, sem vel mætti hugsa sér að kæmu á einhvern hátt við afgreiðslu fjárl.

En það, sem gaf mér sérstaklega tilefni til þess að standa upp, er það, að mér finnst það alveg fráleitt, þar sem vitað er og á vitorði allra þm., að ég hygg, að ríkisstj. hefur haft starfandi n. hinna færustu sérfræðinga til að kynna sér, hvernig þessi mál standa, að þá skuli þm. ekki vera látin í té nein vitneskja um það, hver hefur orðið niðurstaða þessarar nefndar. Hið fyrsta skilyrði til þess að geta myndað sér skoðun um afgreiðslu málanna er þó það, að einhverjar upplýsingar séu fyrir hendi um það mál, sem leysa skal.

Ég vildi því mjög eindregið fara þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún léti þm. í té þær upplýsingar, sem komið hafa fram við rannsókn hagfræðinganefndarinnar. Það gæti sjálfsagt orðið þm. einhver vísbending til að finna úrræði. Mér er að vísu ljóst, að náttúrlega mæðir mest á hæstv. ríkisstj. um að finna úrræði til þess að leysa málið. En hitt má þó vera, og að öllum líkindum verður ekki hjá því komizt, að til kasta Alþ. kunni að koma og það þurfi að fjalla um málið. Eina ráðið til þess, að þm. geti myndað sér um það rökstudda skoðun, er vitaskuld að fá sem nákvæmastar upplýsingar um ástandið.

Um þessa greiðsluheimild, sem hér liggur fyrir, er vitaskuld ekkert að segja. Hún hlýtur að verða samþykkt og allir alþm. að vera henni samþykkir til bráðabirgða, svo að um það er enginn ágreiningur.

Ég heyrði það á hv. 2. þm. Reykv. og vissi raunar áður af bréfi frá honum, að hann hafði talið réttara, að þinghléi yrði frestað, þangað til þessi mál væru leyst. En ég sé ekki, einmitt í dag, að málin séu á því stigi, að aðgerða Alþ. sé þar að vænta, heldur mætti svo fara, að þau væru einmitt komin á það stig, þegar Alþ. er ætlað að koma saman á ný. Hins vegar hefur ríkisstj. alltaf möguleika til þess að kalla Alþ. saman aftur, ef þess þykir við þurfa. En ég vil aðeins ítreka þá ósk mína og leggja á það ríka áherzlu, að alþm. verði gefinn kostur á að fylgjast með og fá þær fyllstu upplýsingar um þessi mál, sem til eru.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. 5. landsk. sagði, að það má færa fram rök bæði fyrir því sjónarmiði, sem hæstv. fjmrh. hefur borið hér fram, og því sjónarmiði, sem hefur ráðið afstöðu Sjálfstfl. Hæstv. fjmrh. hefur fært fram sín rök, a. m. k. nokkur af þeim, og ég hef fært fram ýmis þeirra raka, sem réðu úrslitum í Sjálfstfl. En meginkjarni málsins er sá, að þetta var einnig í huga okkar sjálfstæðismanna nokkurt álitamál, þótt við nánari rannsókn þættumst við örugglega komast að réttri niðurstöðu, sem lýsti sér í því, að við töldum ekki fært að afgreiða strax fjárl. Skal ég svo ekki að öðru leyti ræða um það meira.

Út af því, sem hv. 5. landsk. að öðru leyti sagði, vil ég leggja áherzlu á, að í fyrsta lagi er ekki lokið rannsókn sérfræðinganefndanna. Þær hafa verið tvær, sem um þetta hafa fjallað, annars vegar hagfræðinganefnd og hins vegar nefnd, sem á undanförnum árum hefur haft samninga við Landssambandið um, hverra úrbóta væri þörf fyrir bátaflotann. Í öðru lagi gætu þær upplýsingar, sem bærust ríkisstj. á hverjum tíma, verið þess eðlis, að það væri óheppilegt, að þeim væri dreift jafnvel til alþm., fyrr en þá lægju fyrir till. ríkisstj. Við skulum t. d. hugsa okkur þann möguleika, að ráðlegt þætti að hverfa frá bátagjaldeyriskerfinu, sem margir telja að hafi komið fram óvæntir gallar á, þó að ekki verði enn þá

sagt, hvort þeir verði taldir svo veigamiklir, að ástæða sé til þess að láta þá ráða um það, að frá þessu kerfi verði horfið. Þá gætu t. d. komið til mála vissar skattlagningar eða vissir tollar á vissar vörur. Ég tel mjög óheppilegt, ef að slíkum ráðum væri horfið, að ríkisstj. væri að tilkynna út fyrir sín þrengstu takmörk, hvaða bollaleggingar væru í frammi í þeim efnum. Það gæti skapað mönnum aðstæður til að afla sér fjár, sem væru ekki heppilegar. En þegar ríkisstj. ber fram sínar till., sem hún vonandi getur gert bráðlega, þá rökstyður hún þær að sjálfsögðu og reynir að færa fram þau sjónarmið, sem til greina gætu þá komið.

Út af ummælum hv. 2. þm. Reykv., þá er nú alltaf varlegra að skjóta björninn, áður en maður selur skinnið. Það var nú einmitt það, sem hæstv. fjmrh. var að lýsa yfir, að þrátt fyrir ágreining um afgreiðslu fjárl., sem hann hefur nú kannske allra manna mest lagt áherzlu á að gæti orðið lokið fyrir áramótin, væri ekki stjórnarkreppa út af málinu. Það er náttúrlega lítil jólagjöf, sem ég rétti þessum hv. 2. þm. Reykv. með því að benda honum á þetta, en það er, eins og maður segir, betra að skjóta björninn, áður en skinnið er selt. Auk þess vil ég í fullri kurteisi og endurminningu um sæla samverudaga minna hann á, að frímerki hans er ekki í gildi, fyrr en búið er að stimpla það að nýju, svo að þótt þessi stjórn rofnaði, skilst mér, að hann hafi nú í bili verið bannfærður með sinn flokk. Og ég vil svo benda honum á það, að ef ómögulegt er að stjórna landinu án verkalýðssamtakanna og ef hann telur alveg nauðsynlegt, að þau ráði miklu, þá ætti hann, meðan enginn stjórnmálaflokkur vill vinna með hans flokki, að ráðleggja sínum kjósendum í þágu þjóðarinnar að kjósa þá t. d. Alþfl., sem menn vilja vinna með. Væri það ekki heillaráð?

Ég vil svo undirstrika það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það hefur enginn ágreiningur komið í ljós milli stjórnarflokkanna um, hvernig eigi að afgreiða útvegsmálin og vandamál framleiðsluatvinnuveganna. Við erum aðeins ekki komnir það langt í okkar rannsókn á aðstöðunni, að við höfum getað sjálfir myndað okkur nægar hugmyndir um, hvers með þurfi. Eins og þessi hv. þm. mun vita, ganga þessar samningaviðleitnir og rannsóknir þannig fyrir sig, að ríkisstj. reynir að afla upplýsinga um rekstrarafkomu bæði bátaflotans og þeirra, sem kaupa framleiðslu sjávarútvegsins. Auðvitað reyna þeir aðilar að gera sinn hlut ekki fegurri en hann er í því skyni að reyna að fá sem mest af opinberu framlagi í þennan hallarekstur. Ríkisstj. telur það hins vegar skyldu sína að fá upplýsingarnar sem réttastar, draga niður hlut þeirra, a. m. k. meðan ekki er stefnt óréttlátlega gegn þeirra hagsmunum, og þetta tekur allt sinn langa tíma.

Ég vil svo segja út af hin fagra bréfi hv. 2. þm. Reykv., sem lýsir mikilli ábyrgðartilfinningu, að þingið megi til að vera hér fram yfir jól, að þessi ríka ábyrgðartilfinning hefur ekki komið jafnljóst fram alls staðar í þessum flokki. Ég vil leyfa mér að geta þess, að hæstv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykv. og ég töldum okkur vera að semja við hv. 11. landsk. f. h. kommúnistafl. um það, að þingi yrði frestað, svo að þm. gætu fengið jólafrí. Við sátum þarna a. m. k. hálftíma og vorum að bíða, ég held það hafi verið í fyrrakvöld, meðan hv. 2. þm. Reykv. var að ljúka ræðu sinni, svo að hv. 11. landsk. gæti, áður en hann byndi sig og flokkinn, haft samráð við hann. Hann kom svo og tjáði okkur, hv. 8. þm. Reykv., hæstv. fjmrh. og mér, að það væri samkomulag um að fresta þeim útvarpsumr., sem fyrir dyrum stæðu, gegn því, að þingið fengi lausn þann 17. þ. m., einum degi eða tveimur seinna. Síðan kemur þetta virðulega bréf frá form. Sameiningarfl. alþýðu — þetta er svo langt nafn, að maður fipast — um það, að nú eigum við að hætta við þetta allt saman. Ég veit ekki, hvorum ég á betur að trúa. Ég veit hins vegar, að hv. 11. landsk. hafði ekki ríkari áhuga á því að hindra þjóðarböl í þessum efnum en svo, að ég tel mig hafa sannar sagnir af því, að hann hafi haft í hótunum í sínum félagsskap í gær, að ef togararnir legðu ekki upp allir um áramótin og biðu alls ekki eftir að sjá framan í till. ríkisstj., þá mundi hann vera þess minnugur og jafnvel segja sig úr félagsskapnum. Ég veit ekki, hvort ég á að trúa úlfinum eða lambinu, ef úlfurinn er í sauðargæru.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði, að ágreiningurinn væri eingöngu um afgreiðslu fjárlaganna, og svo sagði hann, að hin málin væru ekki á því stigi, að efnislegur ágreiningur hafi komið til. Með öðrum orðum: Hæstv. ríkisstj. er ekki komin svo langt enn þá, 16. desember, að hún sé farin að ræða það fyrir alvöru, hvaða úrlausnir mönnum geti yfirleitt dottið í hug, til þess að bátafloti og togarafloti landsmanna gangi 1. janúar. Svo kemur hæstv. forsrh. hér upp á eftir og segir, af hverju ekki sé ágreiningur um þetta: Við erum ekki komnir það langt, að við séum farnir að athuga þetta. — Þeir hafa haft tvær n. starfandi. Það er sem sé ekki ein n., eins og hv. 5. landsk. var að minnast hér á áðan, nei, það eru tvær n. starfandi, önnur er hagfræðinganefnd og hin einhver sérfræðinganefnd, en þessar n. hafa bara ekki lokið störfum, þær eru sem sé ekki búnar að skila enn þá. Ég held nú, að ef svona upplýsingar hefðu komið fram frá stjórnarandstöðunni um, að þetta væru vinnubrögðin hjá ríkisstj., þá hefði verið sagt, að þetta væri einhver rógur. Þetta er sem sé stjórnarfarið á Íslandi í dag. Það er jafnvel við því búizt, að flotinn geti stöðvazt 1. janúar. 16. des. eru tvær n., sem ríkisstj. hefur skipað, ekki búnar að skila áliti, ríkisstj. ekki farin yfirleitt að koma málunum á það stig, að hún sé farin að ræða, hvort það sé nokkur efnislegur ágreiningur, vegna þess að það eru yfirleitt ekki farnar að koma fram till. um þetta, sem hún gæti rætt. Ef þetta er ekki stjórnleysi, þá veit ég ekki, hvað stjórnleysi er. Það er sem sé bara látið reka á reiðanum.

Ég hafði ofur litla hugmynd um þetta, þegar ég skrifaði það bréf, sem hæstv. forsrh. minntist á, og það bréf kom í raun og veru ekkert því við, hvort við frestuðum útvarpsumræðum eða ekki. Við gátum vel hugsað okkur að sleppa

hæstv. ríkisstj. við að ergja hana með útvarpsumræðum eða fara að bera fram vantraust núna eða knýja fram eldhúsdagsumræður, ef það hefði verið hægt að fá hana til þess að ræða um þau alvarlegu mál, sem liggja fyrir. Og ég verð að segja það, að við, sem sitjum nú á þingi og nú erum í stjórnarandstöðu, höfum á þeim tímum, þegar stöðvanir hafa vofað yfir í atvinnulífi þjóðarinnar, alveg eins getað fundið úrlausnir og jafnvel betur en þeir menn, sem nú skipa ríkisstj., þannig, að það er bezt fyrir hæstv. ríkisstj., um leið og hún kemur með svona gjaldþrotayfirlýsingu, að spara öll frýjunarorð í slíku sambandi. Ef hæstv. forsrh. hefur það traust á alþýðusamtökunum, að þau væru fær um að leysa þetta mál núna, sem ég hef traust á, þá held ég væri sæmst, að þau fengju að taka við og það strax og að Sjálfstfl. og Framsfl. hér á Alþingi sæju þá sóma sinn í því að fylgja þeirri stjórn, sem alþýðusamtökin skipuðu. Ég held, að við mundum þá sjá til þess, að þetta gæti gengið. Það er ekki sá vandi að leysa úr þessum málum. Þið hafið þó nógu góð tæki til þess að vinna með, þið hafið nóg fiskimið hérna fyrir utan, og við skulum útvega þá markaði, sem þið viljið kannske ekki nota. Það er ekkert sem vantar hér í þessu landi annað en almennilega stjórn, og ef þið eruð sjálfir komnir að þeirri niðurstöðu núna, að það, sem vanti, sé, að alþýðusamtökin séu nógu voldug gagnvart ríkisstj., þá skuluð þið láta þau bara skipa ríkisstj. og styðja hana og styðja hana vel. Þau hafa gert það áður. Alþfl. og Sósfl. hafa setið með hæstv. forsrh. í ríkisstjórn og alþýðusamtökin lýst ánægju sinni og stuðningi sínum við þá stjórn. (Gripið fram í.) Við höfðum fulla ástæðu til þess, því að þið lifið enn þá á því í dag, sem við gerðum þá. Af því er þó þetta í gangi, að það hefur verið hægt að láta ykkur hafa nokkur hundruð milljóna til þess að eyða sumpart í vitleysu, af því að togararnir, sem við keyptum inn, hafa gengið. En hverjir eru svo, sem standa uppi núna 16. des. og geta ekki tryggt, að þeir gangi 1. jan.? Það eruð þið, sem stjórnið landinu núna. Þið skylduð sjá, hvort það gengi ekki, ef við stjórnuðum því.

Hæstv. forsrh. var að tala um, að það væri ekki ástæða fyrir mig til að fara að selja skinnið af birninum, áður en búið væri að skjóta hann. Ég var aldrei að tala um að skjóta björninn núna. Ég var að lýsa því yfir, að mér sýndist hann vera að verða sjálfdauður. Hins vegar vil ég vekja athygli hæstv. forsrh. á því, ef honum skyldi hafa sézt yfir það og hann þess vegna geri sér of miklar gyllivonir um, að það væri nú hægt að halda áfram þessari vonlausu stjórnarsamvinnu, að hæstv. fjmrh. sagði fyrst, að hann hefði ákveðið að vinna áfram í ríkisstj., sem gaf það til kynna, að hann hefði verið að hugsa um að hætta við það, og síðan sagði hann, að hann vildi ekki stofna til stjórnarkreppu nú, þ. e. 16. des. En hvað verður 5. jan.? M. ö. o.: Stjórnarkreppunni er frestað fram yfir nýár. Það er ekkert annað, sem hæstv. fjmrh. var að segja.

Það, sem við vorum að bjóðast til, var raunverulega ákaflega fallega boðið, ef stjórnin hefði haft vit á að þiggja það. Það var, að stjórnarandstaðan sæti með þeim hér og reyndi að leysa þetta mál, af því að stjórnin er auðsjáanlega ófær til þess. Við ætluðum ekki að sitja hérna til þess að hafa útvarpsumræður um kaup á nýjum togurum eða útvarpsumræður um eldhús eða útvarpsumræður um vantraust. Nei, við ætluðum að reyna að leysa þessi mál með þeim, og það er það, sem þeir hafa ekki þekkzt, sömu hæstv. ráðh. sem lýsa því yfir hérna, að þeir séu ekki enn þá búnir að fá álitið frá sérfræðinganefndunum, sem þeir hafa skipað.

Ég vil nú segja það, að þegar þessi vandamál hafa verið leyst á Íslandi á þann hátt, sem gæfuríkastur hefur orðið fyrir þjóðina, þá komu engar slíkar sérfræðinganefndir nærri. Það var hér í þingsölunum, sem það var leyst og leyst vel.

Svo þótti mér nú að sumu leyti bera nýrra við, þegar hæstv. formaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh., fór allt í einu að mæla með því, að menn færu að kjósa Alþfl., og hæstv. fjmrh. tók mjög undir þetta. Þetta minnti mig dálítið á gamla daga, fyrir nokkuð löngu, þegar sumum þótti horfa mjög illa í stjórnmálum á Íslandi og mynduð var svokölluð þjóðstjórn, sem þeir, sem í voru, hafa helzt ekki mátt minnast á síðan. Þá var sem sé byrjað með því að skella á gengislækkun. Þá voru að vísu látnar fara fram kosningar, en það var skellt á gengislækkun og haldið áfram með hver þrælalögin á fætur öðrum og endað með gerðardómslögunum, þannig að Alþfl. fór þá út úr ríkisstjórninni. Ég gæti trúað, að hæstv. forsrh. ætti ofur lítið að hugsa um söguna, áður en hann fer að mælast til þess við Alþfl., að hann fari inn á þá braut að vinna aftur með Sjálfstfl. og Framsfl. að því að koma á gengislækkun og kaupbindingu og láta enda með því að sparka sér út á gerðardómslögum. Og eitt mega þeir báðir vera vissir um, sem sæti áttu í gömlu þjóðstjórninni, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að hvað sem Alþfl. kynni nú að vilja gera í slíkum málum, — og ég held, að hann kæri sig ekki um að fara í þau spor aftur, án þess að ég hafi heimild til að gefa nokkrar yfirlýsingar fyrir hann, — þá mega þeir vera vissir um það, að alþýðusamtökin a. m. k. gera það ekki. Og það, sem um er að ræða í þessum málum, sem nú standa fyrir dyrum hjá þjóðinni, er, hvort hægt sé að stjórna landinu þannig, að alþýðusamtökin sætti sig við það. Það hefur verið gert einu sinni áður á Íslandi með samstarfi bæði Sósfl. og Alþfl. og í það skipti við Sjálfstfl., og a. m. k. enginn af þeim, er í þeirri stjórn sátu, mun mótmæla því, að það hafi verið einhver bezta stjórn, sem á Íslandi hefur setið. Það sýnir sig, að ef alþýðusamtökin eru saman um að skipa ríkisstjórn hér á Íslandi, með hverjum svo sem það er, þá verður það sú ríkisstjórn, sem hér verður bezt, og um leið sú eina ríkisstjórn, sem tryggt getur frið í landinu og tryggt getur það, að landsmenn sameinist að því að vinna þau stórvirki, sem hægt er að vinna. Og það er út frá þeirri reynslu, út frá þeirri ábyrgðartilfinningu, sem við höfum fyrir því, að tækifærin, sem þjóðin hefur, séu notuð, sem við höfum gert okkar till.

Svo vil ég aðeins að endingu taka undir það, sem hv. 5. landsk. þm. kom hér fram með, að það er rétt fyrir ríkisstj. að láta þm. fá tækifæri til þess að fylgjast með því, sem sérfræð-

inganefndir hennar eru að reikna út. Ég er hins vegar hræddur um, að það verði ekki of mikið vit í þeim útreikningum og þeim niðurstöðum, þannig að það væri betra, að ráð stjórnarandstöðunnar kæmu til í tíma við hæstv. ríkisstj. um lausn á þeim málum, sem fyrir liggja. Það hefur reynzt bezt, þegar harðvítug átök hafa orðið hjá þjóðinni eins og í vor, og ég held þess vegna, að það hefði líka verið bezt núna að láta stjórnarandstöðuna fylgjast með þessu, láta hana fá tækifæri til þess að gera sínar till. við hæstv. ríkisstj. Stjórnarandstaðan hefur sýnt fulla ábyrgð í slíkum efnum, og ég held, að það mundu koma jafnvel hollari ráð frá henni en þeim sérfræðingum, sem ég er stundum hræddur um að reikni allt til andskotans.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð í tilefni af ummælum hæstv. forsrh. Hann sagði í ræðu sinni, að ég hefði fyrir hönd Sósfl. tekið þátt í því ásamt með öðrum að semja við hann um þingfrestun. Hér er um mikinn misskilning að ræða hjá hæstv. forsrh., að ekki sé vægar til orða tekið. Hæstv. ráðh. veit um það, að það fóru engir samningar fram á milli mín og hans né þeirra, sem þar komu að málum um þingfrestun, heldur var aðeins verið að ræða um það, hvernig haga skyldi útvarpsumræðum, sem rætt hafði verið um að yrðu nú dagana fyrir jól. Sósfl. hafði gert kröfu um það, að útvarpsumræður færu fram um tiltekið þingmál, sem hér liggur fyrir, og það var í raun og veru skylda, að þær útvarpsumræður færu fram nú fyrir jólin. Samkvæmt réttum leikreglum áttu einnig eldhúsumræður að fara fram, en þeim hefur stundum verið frestað. Vegna þessa fóru fram samkomulagstilraunir á milli flokkanna um það, hvort ætti að fresta þessum umræðum, hvort þær ættu að verða nú fyrir jólin eða ekki, og það varð að samkomulagi, að þessum umræðum um það frv., sem við höfðum gert kröfu til að útvarpað yrði umr. um, yrði frestað þangað til eftir áramót gegn því skilyrði, að útvarpsumræður færu fram um þetta frv. okkar í kringum 10. jan., en óbundið um það, hvenær eldhúsdagsumræður yrðu. En svo segir hæstv. forsrh., að ég hafi tekið þátt í samningum um að fresta þinginu, gegn því skilyrði, að þingið fengi frí nú strax. Ég mótmæli þessu alveg sem staðlausum stöfum. Þetta sést líka bezt á því, að ég hef tekið þátt í því í mínum flokki og lýsi því yfir hér með, að ég hef verið og er reiðubúinn að vera hér alla jóladagana, ef þingið á að vinna að lausn þeirra miklu vandamála, sem hér liggja fyrir.

Það er ríkisstj. ein, sem ber ábyrgð á því, að þingi er frestað, þar sem hún er ekki tilbúin að leggja fram till. um lausn á þeim miklu vandamálum, sem hér liggja fyrir. Það er hún ein, sem ber ábyrgð á því. Það er ekki hægt að saka hvorki mig né neinn annan í stjórnarandstöðunni fyrir það, að hún hefur ekki sínar till. á takteinum.

Í sambandi við þetta fylgdi svo það með hjá hæstv. forsrh., að ég hefði meira að segja krafizt þess, að togurunum yrði lagt nú um áramótin, og ef menn yrðu ekki við þessari kröfu minni í togaraeigendafélaginu, þá mættu þeir búast við því að sjá af mér úr þeim dýru samtökum. Ja, sér er nú hvað. Að vísu kemur mér það dálítið einkennilega fyrir að heyra forsrh. og það tilefnislaust hér á Alþ. fara að segja frá því, sem gerzt hefur á fundum togaraeigenda. En fyrst hann hefur gert það hér, þá er mér það alveg útlátalaust að segja nokkuð frá þessu.

Togaraeigendur eru, eins og allir vita, í miklum vandræðum með rekstur á sínum skipum. Þeir hafa fengið smávægilegan styrk frá Alþ., algerlega ófullnægjandi, og sá styrkur rennur út nú um áramót samkvæmt gildandi lögum. Frá áramótum að telja er enginn styrkur þeim til handa, og það stendur því eins á með þá og bátana, að sá stuðningur, sem þeir hafa átt að fá, rennur út um áramót. Landssamband íslenzkra útvegsmanna, þar sem er skipað í forustu dyggustu stuðningsmönnum hæstv. forsrh., gerir samþykkt um það fyrir nokkru, fyrir meira en mánuði, samþykkt, sem birt var í Morgunblaðinu, að leggja til, að allir meðlimir Landssambandsins skyldu lofa því að hefja ekki rekstur eftir áramót. Það er nú ekkert nýtt að heyra þetta, því að þetta hefur verið birt. En svo gerist það næst á eftir, að formaður Félags ísl. togaraeigenda, bróðir hæstv. forsrh. og sá sem fer með umboð hans sem eigandi að einu útgerðarfélagi landsins, leggur fram till. á togaraeigendafundi um það, að togararnir stöðvist um áramót. Ég hef þessa till. hérna og get lesið hana upp, ef það verður reynt að bera á móti því, að hún hafi verið lögð fram. Ég samþykkti það og mitt útgerðarfélag að skerast ekki úr leik, vera með því að stöðva um áramót, ég taldi það sjálfsagt, og ég tel það alveg óhjákvæmilegan hlut að fenginni reynslu, að ef togarar landsins eiga að fá ríkisvaldið til þess að hlusta á sín málefni og ræða við sig um vandamálin, þá verði þeir að stöðva sinn rekstur á hliðstæðan hátt og bátarnir hafa gert. Ég hef aldrei dregið neitt úr því og er á þessari skoðun og er þar sammála þeim aðila, sem fer með umboð hæstv. forsrh. í togaraeigendafélaginu. En svo gerist það, þegar togaraeigendafélagið hefur samþykkt að verða við tilmælum Landssambands ísl. útvegsmanna og stöðva togarana, þegar ég hef samþykkt þá till., sem bróðir hæstv. forsrh. leggur fram á togaraeigendafundi, og allur þorri togaraeigenda í landinu er búinn að samþykkja þetta, að þá kemur aftur beiðni frá ríkisstj.: Stöðvið nú ekki um áramót, þó að þið missið þennan litla styrk, sem verið hefur, biðið nú eitthvað fram eftir janúar, og ykkur verður lofað því, að það verða einhverjar till. lagðar fram um ykkur ekki síður en bátana. — Þá var ég á þeirri skoðun, eins og margir aðrir og eins og þorri togaraeigenda, að þetta væri ástæðulaust. Heildarsamtök útgerðarmanna í landinu, Landssambandið, hefur farið fram á það, að allir stöðvi um áramót. Togaraeigendafélagið hefur orðið við þessari beiðni. Það hefur verið samþykkt um þetta formleg till. Það er alveg ástæðulaust að draga það nokkuð til baka, enda undir mótmælum Landssambands ísl. útvegsmanna, að slíkt yrði gert. Ég hef svo vitanlega aldrei haft eitt orð uppi um það, að ég eða sú útgerð, sem ég mætti þarna sem um-

boðsmaður fyrir að þessu sinni, segði sig úr samtökunum, slíkt er bara fleipur út í loftið. Þetta er allur sannleikurinn í málinu, fyrst hæstv. forsrh. vill endilega, að hann komi hér fram, og svo geta menn aðeins borið hann saman við það, sem hann er hér að tala um þessi mál.

En svo vildi ég víkja að því, fyrst hér eru hafnar umr. um þetta, að það mega allir sjá, að með þeim vinnubrögðum, sem nú er stofnað til, hlýtur óhjákvæmilega að koma til þess, að öll útgerð landsmanna, allir bátar og allir togarar, verði í stöðvun a. m. k. hálfan mánuð framan af vertíð. Getur nokkur maður búizt við því, ef Alþ. á að koma saman 5. jan., að búið verði að leysa þessi mál fyrr en um miðjan janúar? Gjaldeyrisframleiðslan hefur verið í kringum 80 millj. á mánuði. Það er því alveg sýnilegt mál, að tapið verður aldrei minna en um 40 millj. kr. í gjaldeyri. Sennilega verður það miklu meira, fyrst svona er á haldið. Ég segi því fyrir mitt leyti: Ég hefði talið ólíkt meira vit í þessum efnum, að það hefði verið reynt að vinna að lausn þessara mála áfram sleitulaust og verið búið að ljúka þeim í kringum 5. jan. Það hefði auðvitað mátt velja það form á þessu, að ríkisstj. hefði sett menn frá sinni hálfu og allir flokkarnir hefðu lagt fram einn eða fleiri menn til þess að vinna að undirbúningi að till., en það virðist ekki anda þannig í þessum málum. Mér skilst helzt, að það sé stórt atriði hjá ríkisstj., að hún sé ein um þetta, þó að hún sé algerlega ósammála um það, hvað gera skal. Nú, hún um það.

En hitt stendur sem sé óhaggað, að ríkisstj. vissi um það eins og hvert mannsbarn í landinu, að stöðvun um áramót hlaut að verða, af því að öll gildandi ákvæði til stuðnings útgerðinni falla út um áramót. Þetta hefur hún vitað í rauninni allt árið. Útgerðarmenn hafa gert samþykktir um að stöðva fyrir meira en mánuði, og það hefur verið birt í öllum blöðum. Hefði ríkisstj. beðið um allar upplýsingar varðandi þessi mál, hefði hún þegar getað fengið þær fyrir meira en mánuði. Hún hefði því átt að hafa sínar till. tilbúnar nú, nema vegna þess að hún hefur vanrækt það eða ekki getað komið sér saman, annað hvort. Hún verður því að saka aðeins sjálfa sig um það, að svona fer, að til stöðvunar kemur. Hún getur ekki sakað mig um það, að ég píni alla togaraeigendur til að stöðva, af því að ég segist ætla að ganga úr þeirra samtökum. Hún getur ekki heldur sakað mig eða stjórnarandstöðuna um það, að þingi er frestað, til þess hafði hún vald, og hún þurfti ekkert að semja um það við mig að fresta þinginu. Það þýðir ekkert að skjóta sér undan neinni ábyrgð í þeim efnum, það er hún, sem ber ábyrgðina á því, að þingi var frestað. Hitt var svo gefið mál, að fyrst ekki átti að afgreiða fjárlög nú og fyrst ekki átti að ljúka þessum miklu vandamálum útgerðarinnar, þá var nokkur ástæða til þess að vera ekki að halda þingmönnum hér alveg fram undir jóladag, heldur leyfa þeim að fara öllum fyrr heim. Það var aðeins eðlilegur hlutur, fyrst ekki átti að ljúka við þessi mál. Þannig lítur þetta út, og mega nú allir sjá það, að ummæli hæstv. forsrh. sérstaklega í minn garð eru algerlega úr lausu lofti gripin.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Umr. þær, sem hér hafa farið fram um það mál, sem nú er á dagskrá, bera glöggt vitni um, hvernig stjórnarfarið er orðið á landi hér.

Tveir hæstv. ráðh., hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., hafa lýst því, að ósamkomulag sé innan ríkisstj. um afgreiðslu fjárl., fyrst og fremst það, hvort átt hefði að afgr. þau nú fyrir jól eða ekki. Þetta er að sjálfsögðu allmikilvægt atriði, og mætti ýmislegt um það segja. En hitt er þó atriði, sem miklu meira máli skiptir, hvernig leystur verður sá vandi, sem að höndum hefur borið í sambandi við útgerð landsmanna. En fátt er gleggra um ástandið á stjórnarheimilinu heldur en það, að nú, þegar komið er rétt að jólum, hefur ekkert verið gert í því stóra máli, að því er virðist, annað en að skipa tvær sérfræðinganefndir, sem kváðu sitja að störfum og ekki hafa skilað neinu áliti, endanlegu a. m. k.

Þetta er í sjálfu sér miklu meira mál en það, hvort fjárlagaafgreiðslu er lokið rétt fyrir jól eða snemma í janúar. Eins og oft hefur verið sagt hér áður, var fyrir löngu vitað um hina erfiðu afkomu útvegsins, fyrir löngu vitað, að þar þurfti að grípa til einhverra ráðstafana. En það er nú, eins og því miður hefur átt sér stað allt of oft áður, þegar vanda hefur borið að höndum varðandi framleiðsluna, að hæstv. ríkisstj. er allt of sein til, og þess vegna verða aðgerðir hennar svo síðbúnar, að af hefur hlotizt mikið tjón fyrir þjóðina. Hæstv. ríkisstj. hlýtur að gera sér það ljóst, því að það veit hvert einasta mannsbarn, að hver vika, sem allur báta- og togarafloti landsmanna er stöðvaður, hver dagur, sem hann er stöðvaður, er mjög dýr fyrir þjóðina. En eins og þessi málsmeðferð hefur verið, er ekki annað sýnna en að bæði báta- og togaraflotinn verði stöðvaður, hver veit hve langan tíma af janúarmánuði. Það veit enginn, hve langur sá tími verður, en það er a. m. k. fyrirsjáanlegt, að það verða margir dagar, sennilega ekki minna en hálfur mánuður til þrjár vikur, og gæti þó jafnvel meira orðið.

Það var ekki laust við, að þeir tveir hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, væru jafnvel hálfhreyknir af því, að ekki sé nú nein deila uppi milli stjórnarfl. um lausn þessara knýjandi vandamála útvegsins. En það var lítil ástæða til hreykni af þessu, þegar upplýst var, að fyrir liggja enn þá engar endanlegar till. frá neinum aðila um þessa lausn, og þar af leiðandi um ekkert að ræða til þess að vera sammála eða ósammála um.

Það mætti ef til vill segja, að það ósamkomulag, sem nú virðist upp komið á stjórnarheimilinu, gæti verið nokkurt ánægjuefni fyrir stjórnarandstöðuna, ef stjórnarandstaðan hugsaði ekki fyrst og fremst um sjálfa þjóðina. En þjóðinni er það vissulega dýrt að sitja uppi með eins dáðlausa ríkisstj. og hæstv. ríkisstj. hefur sýnt sig í þessu máli. Það er vissulega ástæða til að vita þá málsmeðferð að hafa látið dragast eins lengi og orðið er að gera allan nauðsynlegan undirbúning að því, að hægt yrði að leysa vandamál útvegsins. Að sjálfsögðu var það skylda hæstv. ríkisstj. að hafa þá forsjálni, að einhverjar till. gætu legið fyrir nú fyrir áramótin, og að sjálf-

sögðu hefði hún átt að geta skýrt þingheimi frá þeim till., áður en þingið var sent heim. Nú er auðséð, að um það verður ekki að ræða. Er það vissulega illa farið og getur dregið dilk á eftir sér, ef um verulega stöðvun á skipaflotanum verður að ræða. En þá verður a. m. k. að gera þá kröfu til hæstv. ríkisstj., að hún leggi sig nú alla fram einmitt um hátíðarnar og hafi tilbúnar till. sínar strax þegar Alþingi kemur saman hinn 5. jan.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja, að mikið dæmalaust ber þetta hjal þessara þm. vott um annað tveggja, heilaga einfeldni eða gersamlega óvenjulega hreinskilni í málflutningi. Ég býst nú við hvað suma þeirra varðar, að þetta sé af því, að þeir eru óstjórnvanir og óvanir að glíma við annað en málæðið í sjálfum sér. Orðaflaumur streymir út án nokkurrar hliðsjónar af, hvort rök standa að baki þeirra fullyrðinga.

Ég skal fyrst aðeins víkja örfáum orðum að því, sem hv. 11. landsk. sagði í sambandi við þingfrestunina, en síðar koma að útgerðarmálunum.

Hv. 11. landsk. sagðist ekki hafa verið í neinum samningum um þingfrestun, hins vegar hefði hann verið að semja um útvarpsumr. Ég þurfti að sjálfsögðu ekki beint við hann að semja um þingfrestun, mér var nóg að hafa þingfl. ríkisstj. þar að baki ákvörðun ríkisstj. En eitt af því, sem þessi hv. þm. lagði áherzlu á, svo að ég segi ekki megináherzlu, sem er það sanna, var, að þessar útvarpsumr. féllu niður gegn því, að þm. fengju þá að fara heim. Ja, hann má hrista af sér hausinn upp á það. Annars er þetta karp náttúrlega að því leyti þýðingarlítið, að mér er alveg sama, hvort þessi þm. vill meðganga sannleikann í þessu tilfelli, það er sjálfsagt oft tregða á, að hann geri það.

Hv. 11. landsk. þm. sagði, að ríkisstj. hefði auðvitað vitað, að stöðvunin var fram undan, stöðvun flotans, togararnir hefðu fengið smávægilegan styrk, eins og hann orðaði það, algerlega ófullnægjandi, á síðasta ári. Ja, þeir fengu þann styrk, sem hann lagði til. Hann lagði til, að þeir fengju 950 þús. kr. á ári, og ætlaði þar af þeim sjálfum að hlutast til um niðurfærslu ýmissa útgjaldaliða, auk þess sem í þessu var talin fyrning. Togararnir fengu af ríkisvaldinu það, sem með þurfti.

Hv. þm. sagði, að hann hefði aldrei gert annað varðandi stöðvun togaranna en að samþ. till., sem maður, sem hann taldi umboðsmann minn, hefði borið fram um það, að togararnir fylgdu ákvörðunum Landssambandsins. Þetta er kannske of lítið snertandi kjarna málsins til þess, að ég eigi að eyða tíma þingsins til að vera að tala um það. En vitaskuld hlaut ég sem ráðh. í ríkisstj. að reyna að spyrna gegn því, að togaraeigendur tækju ákvörðun um að stöðva veiðar, enda þótt bátarnir tækju ákvörðun um að hefja ekki veiðar, þannig að ef þessi maður, sem hann nefndi og er form. Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, hefði við mig rætt eða að mínum vilja farið eða í mínu umboði mætt þar, þá hefði hann auðvitað aldrei borið fram till. um, að togararnir stöðvuðu sínar veiðar. Og það er eðli málsins, að þessi hv. þm. er staðinn að því að fara þar rangt með staðreyndir.

Kjarninn er sá, að togaraeigendur höfðu haft í hyggju — það var aldrei endanlega lokið ákvörðun um það — að stöðva veiðar um áramót, þegar stjórn félagsins kom á minn fund og fékk um það vitneskju, að ríkisstj. í fyrsta lagi vænti þess að geta haft um þetta einhverjar till. snemma í janúar eða a. m. k. í janúarmánuði og hefði í hyggju að bera fram till. um lausn vandamála togaranna samtímis því, sem borin væri fram till. um lausn vandamála bátaflotans. Þegar stjórn félagsins heyrði þetta, þá veit ég a. m. k., að sumir töldu hyggilegast frá eiginhagsmunasjónarmiði togaranna að hætta við stöðvunina. Þegar þessi hv. friðarins engill, hv. 11. landsk., fékk af því fregnir, þá bað hann um í fyrsta lagi að fá afhentan þann tryggingarvíxil, sem hann hafði lagt fram til þess sem viðurlög, ef hann gerðist svikari við þessar sínar samþykktir, og hafði í hótunum um að fara úr félaginu. Þegar ég frétti það, sagði ég: Farið hefur fé betra — og hélt, að það væri togaraútgerðinni alveg meinlaust, þó að hann væri utan við hana, því að ég held, að hann hafi gert henni lítinn greiða, en margan grikk, að flækjast þar með sínar fölsku tillögur.

Það er rétt, að hann hafi þetta frá mér sem kvittun fyrir því, sem hann var hér að bera á mig í þessum efnum. Það þýðir ekki fyrir þennan flokk óeirða og ofbeldis að vera með þennan helgisvip yfir sér hér. Formaður flokksins segir: Í guðsbænum látið ekki þingmenn fara heim, heldur ljúkið málunum. — Hv. 11. landsk. hefur einn mőguleika og einn vettvang til að sýna innræti sitt, og það er í þessum félagsskap, sem hann er meðlimur í og ræður yfir togurunum. Og þar bölsótast hann og bröltir eins og tarfur í flagi, ef á að hindra, að togararnir leggi upp. Þar er innrætið, og þarna er hreinskilnin.

Það, sem er meginkjarni í þeirri ádeilu, sem hér er höfð í frammi á ríkisstj., er, að ríkisstj. bæri undir öllum kringumstæðum þann 16. des., eins og hv. 2. þm. Reykv. af heilögum fjálgleik kvað að orði, að hafa tilbúnar till. um úrlausn á vandamálum útvegsins. Annað er slík goðgá, að slík stjórn á að bera það mikinn kinnroða og hafa það velsæmi, að hún segi af sér og komist hjálparlaust úr stólunum.

Ég veit ekki, hvort þessir menn hafa reynt að gera sér nokkra grein fyrir þeim vanda, sem við er að etja. Ég sagði frá því áðan, að vandinn er sá að reyna að ganga úr skugga um, hverjar eru þarfir útvegsins. Við höfum fyrir þremur mánuðum eða a. m. k. fyrir tveimur og hálfum mánuði heimtað um þetta skýrslur, sem byggjast á afkomu ársins, sem nú er að líða. Útvegsmenn halda því fram, að það þýði ekki að miða við árið, sem leið, og það er rétt. Það verður þá að miða við árið, sem er að líða, og það er líka rétt, að svo miklu leyti sem nokkuð er hægt að miða við. Og það er ekki hægt að segja til um árið, sem nú er að líða, það er hægt að byrja rannsókn, það er hægt að byrja að skoða nýju sjónarmiðin, en það er ekki hægt að fá úrslitin, fyrr en nokkuð er liðið á þennan mánuð og jafnvel ekki

fyrr en undir áramót. Þetta er vandinn, sem við er að etja. Ég veit ekki, hvort hv. 11. landsk. á frystihús, má ég biðja hann að grípa fram í. Rekur hann frystihús? (LJós: Já.) Má ég þá spyrja hann, hvort hann sé búinn að skila frá sínu frystihúsi reikningum um afkomuna? Er hann búinn að skila reikningum um afkomu síns frystihúss á árinu 1955? (LJós: Nei.) Ég bjóst við því. Vill hann ekki skreppa heim og skrifa þá reikninga, svo að ég viti, hvað hann hefur grætt eða tapað, svo að okkar sérfræðingar geti dæmt um, hvað þarf að bæta upp hjá útveginum? Þarna situr annar frystihúsaeigandi, hv. þm. Snæf. (SÁ). Er hann búinn að skila? Má ég spyrja hann? (Gripið fram í.) Ætli að hann svari ekki neitandi? Ég veit það ekki. Þetta er vandinn, sem við er að etja. Það eru kannske fleiri frystihúsaeigendur hér. Ég hlutaðist til um það nýverið, að þeim væri skrifað og bent á, að það væri búið viku eftir viku að ganga á eftir þeim, og fyrr en fyrir lægju skýrslur frá þeim, væri ómögulegt fyrir neina ríkisstj. að mynda sér hugmynd um, hvað þyrfti að bæta útveginum, þannig að rekstrargrundvöllur væri, og ég sagði: Þið skuluð þá fá að vita það svart á hvítu frá ríkisstj. landsins, að það eruð þið, sem berið ábyrgð á því, að bátaflotinn og togaraflotinn liggja í höfn. — Þarna situr sökudólgurinn. Hann hefur sagt, að hann fáist ekki til að skila. Hinn hefur ekki sagt neitt um það. Ég veit það ekki, en ég veit, að ef skýrslurnar eru komnar, þá er það a. m. k. ekki fyrr en í gær. Við höfum heyrt frá sumum frystihúsum, að þau geti borgað 45 aura eða upp í 50 aura fyrir fiskinn. Við höfum heyrt, að sjómennirnir ætli að heimta kr. 1.47. Ég veit ekkert, hvað stendur á bak við þetta. Það munar bara einni krónu, sem ríkissjóður á þá að leggja fram á kíló af þorskinum. Nú á ég að segja: Já, auðvitað. — Ég er í ríkisstj., og ég get fengið skammir frá stjórnarandstæðingum, ef ég hef ekki mínar till. alveg tilbúnar. Ég á þess vegna að koma til þings og segja: Króna á kílóið af þorski. — Og þeir segja: Rök. — Ja, rök, hvað varðar mig um rök? Sjómennirnir vilja 1.47, og frystihúsin segjast geta borgað 50 aura og rökin koma mér ekkert við. Ég á bara að standa fyrir svörum, bátarnir mega ekki bíða, og ég fæ skammir frá höfðingjunum á þingi, ef ég hef ekki allt tilbúið.

Því segi ég það, að þetta eru kappar í lagi, þessir karlar, en þeir skilja kannske eitthvað núna, hvað þeir eru að þvæla. Það er erfitt að tala með fullri þinglegri kurteisi við svona fólk. Mér var sagt, að það hefði verið sagt um einn þm. hérna um daginn, að það væri skömm að því, að á Alþ. væri maður, sem vissi svona lítið. Ja, þeim er bara að fjölga, sem vita lítið.

Ekkert man ég nú, hvort sú hágöfuga, hæstv. ríkisstj., nýsköpunarstjórnin, lenti nokkurn tíma í því að hafa ekki till. tilbúnar í útvegsmálum, enda var þá ekki eins ástatt, en eitthvað rámar mig nú í, að einhvern tíma yrðum við síðbúnir með sumt, sem þurfti að gera, og dregur það ekki úr mínu mati á þeirri mætu stjórn. En ég hef bara gaman af að vita það, af því að ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. er mjög minnugur maður, hvort hann gæti mér til leiðbeiningar minnt mig á núna á eftir, hvort nokkur ríkisstj. hafi haft tilbúnar till. þann 16. des. um úrræði sjávarútveginum til handa. Ég man þetta ekki, en mig minnir, að það sé ekki.

Ég býst ekki við, að ég geti fengið þá þm., sem hér hafa deilt harðast á ríkisstj., til þess að játa, að þeir hafi beitt stjórnina ósanngirni í þessum ádeilum. En ég vil biðja aðra hv. þm. að vera þess minnuga, að eðli málsins er það, að sérhver ríkisstj. verður ævinlega síðbúin, af því að upplýsingarnar, sem hún verður að byggja á, eru líka eðli málsins samkvæmt síðbúnar. Það er svo örðugt að fá rétta mynd af ástandinu fyrr en svo seint, að af því hljótist einhver stöðvun. Það er þess vegna, sem ég hef lagt ríka áherzlu á, eftir að ég frétti um það, að reyna að hindra, að togaraflotinn stöðvist, en hef rekið mig þar á harðvítuga andstöðu hv. 11. landsk. og kannske ýmissa annarra, og ég veit ekki, hvernig það fer, — en eðli málsins er nú þetta.

Ég held, að ég hafi nú í meginatriðum getað komið að þeim kjarna, sem mestu varðar, og hirði ég þá ekki að lengja umr. með mörgu, sem ég skrifaði mér til leiðbeiningar, þegar hv. þm. voru að tala. En út af þeirri kröfu, sem hv. 5. landsk. (EmJ) bar fram og var áréttuð af hv. 2. þm. Reykv. um, að upplýsingar sérfræðinganna, sem kallað var, væru jafnóðum lagðar fyrir þm., þá er bezt, að menn fái rétta mynd af því, sem gerzt hefur.

Ég held, að það hafi verið annaðhvort fyrir þingbyrjun eða alveg í byrjun þings, að ríkisstj. óskaði eftir því við fjóra hagfræðinga, að þeir reyndu að gera sér sjálfum og ríkisstj. til leiðbeiningar grein fyrir ýmsum fyrirbrigðum á sviði athafna- og fjármálalífs þjóðarinnar, en jafnframt var svo hafin vinna þeirrar n., sem á undanförnum árum hefur átt sérstaklega í samningum við útgerðarmennina eða Landssambandið. Nú er það staðreynd, að störfum þessarar síðarnefndu n. seinkaði nokkuð einmitt vegna starfa fyrrnefndu n. Það var ekki talið nauðsynlegt, að báðar væru samtímis að fást við sömu verkefnin, og var talið rétt, að síðari n. biði, þar til fyrir lægju nokkru nánari upplýsingar fyrri nefndarinnar.

Nú heimta menn þessar upplýsingar. Þær eru að sumu leyti í höndum ríkisstj. og að sumu leyti ekki, einfaldlega af þeim ástæðum, sem ég áðan gat um, að upplýsingarnar frá útvegsmönnum og sérstaklega frá frystihúsunum hafa ekki legið fyrir.

Nú segi ég, að menn eins og hv. 2. þm. Reykv. geti tæplega lagt mikið upp úr að fá fróðleikinn frá þessari sérfræðinganefnd. Hann segir um það sjálfur, að það sé ekkert mark takandi á sérfræðingunum og þeir reikni allt til andskotans, eins og hann orðaði það. En ég get tæplega tekið hátíðlega áskoranir þm. um upplýsingar frá mönnum, sem þeir lýsa yfir að sé ekkert að marka hvað segi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Því verður varla neitað, að málflutningur hæstv. forsrh. er harla einkennilegur í þessum efnum, og reyndar mætti kannske segja, að hann hefði hér hagað málflutningi sínum þannig, að það væri með öllu

óþarfi að standa hér upp á eftir honum og elta frekar ólar við það, sem hér hefur farið fram. En ég ætla samt að fara um þetta nokkrum orðum.

Fyrst sagði hæstv. ráðh., að það væri að vísu rétt, að hann hefði ekki þurft að semja við mig eða stjórnarandstöðuna neitt um frestun á þingfundum. Hann varð sem sagt að viðurkenna þá staðreynd, að þetta var með öllu fyrir utan alla samningaþörf og því auðvitað alls ekki neinn samningsgrundvöllur fyrir því. Þetta varð hann að játa. Þar að auki segir hann í öðru orðinu, eins og allir tóku eftir, að frestun nú á þingfundum sé *alveg óhjákvæmileg, af því að till.* ríkisstj. liggi ekki fyrir. En svo í hinu orðinu er samt sem áður sagt: Ja, frestunin var m. a. vegna þess, að 11. landsk. samdi um það, og það var hann, sem lagði sérstaka áherzlu á það, að frestunin færi fram. — Þetta getur maður nú kallað samkvæmni og boðlegt hæstv. forsrh. að halda hér fram. Það þurfti ekkert að semja um málið við stjórnarandstöðuna, þingfrestun var óhjákvæmileg, vegna þess að till. eru ekki fyrir hendi, en samt var það stjórnarandstöðunni að kenna, hún fór fram á það, að þingfundum yrði frestað.

Frekari umr. þarf nú auðvitað ekki að hafa um þetta. Hver maður sér, hvernig í þessu máli liggur. Hið rétta er, að það var aðeins samið *um það, sem var óhjákvæmilegt að semja um,* en það var: Áttu þær umr. um ákveðið frv. okkar, sem var skylda að láta fara fram, útvarpsumræður, að verða nú fyrir jól, eða átti að fallast á að fresta þeim? Um það var samið.

Þá minntist hæstv. forsrh. á það, að ég hefði látið orð falla um, að togararnir hefðu fengið á yfirstandandi ári heldur lítinn styrk, 2000 kr. á dag, eða alveg ófullnægjandi, en skaut því inn í um leið, að þeir hefðu fengið allt, sem ég hefði lagt til að þeir fengju. Ja, þetta er svona álíka satt og hitt og í fullu samræmi. Hér hafa farið fram umr. um þetta áður, og það liggja fyrir opinber gögn um þetta. Þetta er með öllu ósatt. Hann veit, að sá litli styrkur, sem togararnir hafa fengið, nær hvergi nærri því, sem mþn. í *togaramálum, sem ég átti sæti í,* taldi alveg óhjákvæmilegt, og tók sú n. þó greinilega fram, að það væri miðað við tiltekna launahækkun skipverja, sem síðan reyndist strax á eftir verða miklu meiri. Enn fremur voru ýmsar fylgitill. frá n., sem var alveg óhjákvæmilegt að hæstv. ríkisstj. kæmi í gildi, en ríkisstj. gerði það ekki. Miklu meira mætti vitanlega segja um það, en þetta er jafnrangt og hið fyrra hjá hæstv. forsrh., og hann veit það mætavel sjálfur. En svo þegar menn eru komnir í sjálfheldu eins og þessa, þá segja þeir bara sí og æ: Ja, hv. þm. er staðinn að því að fara með rangt mál. — Hann orðaði það nú sérstaklega *í sambandi við það, sem ég* hafði sagt, að formaður togaraeigendafélagsins, bróðir hæstv. forsrh., sem m. a. færi með hans umboð í togaraeigendafélaginu, — og það er rétt, hæstv. forsrh. er einn af eigendum Kveldúlfs, og bróðir hans fer þar með umboð þess félags, — hefði lagt fram þessa till., og það var því allt nákvæmlega rétt, sem ég sagði. En hann afgreiðir þetta einfaldlega með því að segja: Ja, þingmaðurinn er staðinn að því að fara með rangt mál. — Ég kann í rauninni engin tök á því að ræða frekar málin, þegar svona er á málum haldið.

Hæstv. forsrh. minntist á það og vildi gefa frekari upplýsingar í sambandi við væntanlega stöðvun togaranna, að ég hefði m. a. krafizt þess að fá tryggingarvíxil, sem ég hefði undirskrifað fyrir hönd minnar útgerðar, afhentan aftur, þegar hætta var á því, að togararnir hættu við sína stöðvun. *En mætti ég spyrja hæstv. forsrh.: Af* hverju skyldi ég og fleiri hafa farið fram á það að fá afhentan tryggingarvíxil, sem við vorum látnir leggja fram, nema vegna þess, að togaraeigendur voru búnir að samþ. að stöðva og það var búið að samþ. það svo rammlega samkvæmt till. formanns togaraeigendafélagsins, að togaraeigendur voru látnir skrifa upp á víxil til tryggingar því, að þeir stæðu við gerða samþykkt um það, að togararnir yrðu stöðvaðir um áramót? Þegar nú átti að taka þessa samþykkt aftur, þá vitanlega vildu þeir, sem höfðu gefið slíka víxla, óska eftir því að fá þá til baka. Þetta sannar því fullkomlega mitt mál, að það er rétt, að togaraeigendur höfðu samþykkt þetta. Ég hins vegar lýsi því hreinlega yfir, að ég er því andvígur að taka þessa samþykkt aftur, því að það er óeðlilegt og það er hreinlega brot á þeim samtökum, sem togaraeigendur eru í í þessum efnum.

Og svo kom síðasta atriðið. Forsrh. varpaði þeirri spurningu til mín í sambandi við þá stöðvun, sem nú er öllum sýnileg, hvort ég væri eigandi að hraðfrystihúsi eða hefði með hraðfrystihús að gera. Ég svaraði þessu játandi, eiginlega fyrst og fremst til þess að heyra, hvað á eftir ætti að koma, því að ég vissi, að ef ég segði nei, þá vitanlega næði þetta ekki lengra. Ég er vitanlega ekki eigandi að hraðfrystihúsi. Ég er hins vegar formaður í stjórn hraðfrystihúss og hef nokkuð með það að gera, svo að það gat nú alveg eins mátt heita svo, að ég svaraði þessu *játandi. Og hvað kom svo? Jú, svo kemur þetta:* Þarna er sökudólgurinn, segir hann, maðurinn, sem hefur með þetta frystihús að gera. Það er honum að kenna, að stöðvunin verður nú um áramót, vegna þess að það er ekki búið að gera upp reikninga 1955, meðan árið 1955 er ekki liðið. Þetta eru sökudólgarnir, þeir bera ábyrgðina á því, að allt stöðvast. — Ja, í ýmis strá er nú gripið. Nú á sem sagt að nota það sem afsökun, að vegna þess m. a., að frystihúsin í landinu og væntanlega togararnir og bátarnir eru nú, 16. des. 1955, ekki búnir að gera upp ársreikninga sína, er ekki hægt að vita, hvernig afkoman er, og þar með er ekkert hægt að gera. En ég get bara frætt hæstv. forsrh. á því, að það eru allar líkur til þess, að flestöll frystihús *í landinu og ég held ábyggilega* öll togaraútgerðin í landinu verður ekki búin að gera upp sína reikninga og skila þeim fyrr en langt er komið á vetrarvertíð. Það hefur verið svo á undanförnum árum, það veit hæstv. forsrh., það hefur verið svo á hverju einasta ári, og ekki hefur hingað til þurft að bíða eftir því. En hér er aðeins verið að grípa í vonlaust hálmstrá til þess að reyna að afsaka, hvernig komið er. Það hefur verið

hægt að ráða fram úr þessum málum, stundum í fyrri hluta janúar, og alltaf án þess að reikningar yfirstandandi árs hjá þessum fyrirtækjum lægju fyrir. Það liggja alveg nægar upplýsingar fyrir um það, hvernig afkomunni er varið og hvernig þessi mál yfirleitt standa, og það mun væntanlega verða enn eins á þessu ári, að það verða gerðar einhverjar ráðstafanir, áður en reikningar fyrir 1955 liggja fyrir. Það er því með öllu haldlaust hjá hæstv. ríkisstj. að ætla að skjóta sér undan þessum vanda með því að segja: Vegna þess að þessi frystihúseigandi er ekki búinn að skila reikningum, vegna þess að þessi reikningshaldari hefur ekki skilað reikningum fyrir árið 1955, er ríkisstj. löglega afsökuð með að gera ekki neitt. **(Gripið fram í:** En 1954?) Ja, þeir reikningar liggja fyrir fyrir löngu. **(Gripið fram í:** Hefur ríkisstj. fengið þá?) Ja, hún hefur ekki beðið mitt frystihús um þá, ég verð bara að segja það. Ef ríkisstj. biður um þá, þá skal hún fá þá undireins, það hefur ekkert staðið á því. Og reyndar vil ég líka taka það fram í sambandi við þann sökudólg, sem hann benti á, þar sem ég var í þessu tilfelli, að ríkisstj. hefur enn ekki beðið mig eða mitt frystihús um reikninga fyrir 1955 eða neinar upplýsingar.

Hið sanna í málinu er það, eins og ég sagði, að ríkisstj. hefur skipað í málefnum togaranna fjölmenna þingkjörna n. til þess að rannsaka rekstrarafkomu þeirra, fengið allýtarlegar upplýsingar um það, hvernig þau mál liggja fyrir, og hún hefur á hverri stundu getað fengið frá samtökum togaraeigenda allar þær upplýsingar, sem hún hefur leitað eftir. En það hefur verið lítið, sem hún hefur gert í þeim efnum. Og ég hef ekki heyrt það fyrr hér á Alþingi, að samtök frystihúsaeigenda hafi alveg skorazt undan því að láta hæstv. ríkisstj. hafa þær upplýsingar í sambandi við sinn rekstur, sem óskað hefur verið eftir. Það hefði þá verið ákveðin ástæða til þess að taka það upp sérstaklega, ef samtökin neita því. Og það á a. m. k. ekki við um einstaka eigendur frystihúsa. Þetta er því með öllu haldlaus afsökun, algerlega haldlaus. Eftir stendur svo hitt, sem allir hafa vitað. Ríkisstj. var nákvæmlega ljóst, hvað til stóð, hefur vitað það allt árið út, að um áramót mundi draga til stöðvunar alls bátaflotans og togaraflotans og frystihúsanna, ef ekki yrðu komnar einhverjar nýjar till. til lausnar þessum vandamálum.

Þetta hafa allir landsmenn vitað. Og til ítrekunar á þessu hafa svo samtök útvegsmanna fyrir meira en mánuði tilkynnt almenna stöðvun. Það hefur verið gengið svo stift eftir þessu frá hálfu útvegsmanna, frá hálfu þeirra manna, sem við allir vitum að hæstv. forsrh. þekkir mætavel til hjá, að enginn útvegsmanna skærist þar úr leik með fullkomna stöðvun, að þeir hafa verið látnir skrifa undir víxla, eins og forsrh. hefur hér minnzt á, ekki aðeins togaraeigendur, heldur og bátaeigendur um allt land, til þess að tryggja það, að engin fleyta hreyfi sig eftir áramót. Þetta hefur ríkisstj. líka vitað. Og það kom greinilega fram hér í yfirlýsingu hæstv. forsrh., að hann hefur vitað þetta. Það verður því enginn sakfelldur um það, að framleiðslan stöðvist um áramót, annar en ríkisstj. sjálf, varðandi það að leggja fram till. Það verður ekki hægt að benda hér með einum fingri á einhvern þm., hvorki hér í þingsalnum né annars staðar, og segja: Þarna er sökudólgurinn, það er honum að kenna. — Það verður miklu auðveldara, því að allir fingur í landinu munu benda á ríkisstj. eina og segja: Það er henni að kenna.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil aðeins út af þessum ummælum hv. 11. landsk. upplýsa, að ríkisstj. hefur nú í margar vikur, svo að ég segi ekki mánuði, óskað eftir að fá reikninga frystihúsanna, þar á meðal þess frystihúss, sem hann veitir forstöðu, fyrir árið 1954, og það tókst loks í gær að fá þá. Ég fékk þessar upplýsingar nú, meðan hann var með sínar fullyrðingar, frá formanni n., Gunnlaugi Briem skrifstofustjóra í atvmrn. Ég spurði hann enn fremur, hvort hann myndi eftir, að ríkisstj. hefði nokkurn tíma haft sínar till. tilbúnar 16. des. og þá verið búin að fá nægar upplýsingar til að byggja till. á. Hann sagðist ekki minnast þess, að nokkru sinni, síðan hann tók við þessum málum, hefðu till. legið fyrir eða upplýsingar þann 16. des. Hins vegar sagðist hann muna, að það hefði komið fyrir, að þetta hafi verið afgr. á aðfangadag, í hittiðfyrra, held ég, á gamlaársdag og í fyrra í janúar, en aldrei, svo að hann myndi, hefði ríkisstj. um þetta leyti árs getað verið búin að fá upplýsingarnar, sem hún þarf að byggja sínar aðgerðir á, og þar af leiðandi ekki heldur getað haft till. sínar tilbúnar.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forsrh. spurði mig, af hverju ég vildi fara að fá útreikninga þessara manna, sem reiknuðu allt til andskotans. Jú, mig langaði nefnilega til þess að sjá þá, vegna þess að ég hef séð þá dálítið áður, þegar erfiðlega hefur staðið á í íslenzku þjóðfélagi að áliti ríkisstjórnarinnar. Ég sá útreikninga þessara manna og fór yfir þá m. a. í fjhn. bæði 1949 og 1950, þegar gengislækkunin var undirbúin, og ég veit, að það eru að nokkru leyti núna, a. m. k. þeir, sem mestu ráða, þeir sömu og þá var. En ég benti hæstv. forsrh. á það þá, hvernig þeir menn, sem lögðu þá útreikningana fyrir ríkisstj., sem farið var eftir, mundu hafa reiknað út 1944, þegar verkföllin voru í september þá og október, allt var að stöðvast og ýmsir vísir menn sögðu, að nú væri ekki um neitt annað að gera en að taka upp ægilega stéttabaráttu í landinu og lækka svo og svo gífurlega kaup alls almennings. Hvernig hefðu þessir menn — ég býst við, að Benjamín Eiríksson sé nú einn aðalsérfræðingurinn eins og áður í þessu — reiknað út, ef þeir hefðu átt að reikna út 1944, hvað hefði komið út úr þeim útreikningi hjá þeim þá? Hefði það komið út úr þeim útreikningum, að við hefðum átt að kaupa togara 1944? Nei, það hefði komið út úr þeirra útreikningum, að ríkið hefði ekki átt að kaupa neina togara. Það hefði átt að lofa einstaklingum, sem hefðu kært sig um það, að leggja í það, og það hefðu í hæsta lagi verið keyptir 6 togarar með því móti, annað ekki. Þetta er sú stefna, sem byggt hefur verið á þessi síðustu ár. Þessir hagfræðingar, sem hafa reiknað út

fyrir ríkisstj. þessi síðustu ár, hafa reiknað allt vitlaust, af því að þeir skilja ekki íslenzka þjóðhætti, skilja ekki undirstöðuna að íslenzku atvinnulífi, skilja ekki nauðsynina á því að afla okkur framleiðslutækja, heldur hugsa um það eitt, hvernig ákveðið hjól í peningamálunum getur gengið. Þess vegna er það, að mig hefði langað til að sjá framan í þessa útreikninga einu sinni enn þá til þess að geta í tíma hrakið þá.

Svo talaði hæstv. forsrh. um, að vandinn væri sá að reyna að ganga úr skugga um þarfir útvegsins, og var að tala um það viðvíkjandi skilunum á reikningunum. Á ekki ríkið sjálft eitt hraðfrystihús? Hvernig er útkoman á því 1954? Eru ekki til nokkur hraðfrystihús í Vestmannaeyjum, sem vitað er dálítið um, hvernig hafi gengið? Heyrt hef ég fullyrt, án þess að á móti væri mælt, að eitt stærsta hraðfrystihús í Vestmannaeyjum hafi grætt í fyrra 3 millj. kr. Hvernig er það með fiskimjölsverksmiðjuna Klett? Er það rétt, að hún hafi verið að kaupa tvo togara núna nýlega? Skyldi ekki vera einhvers staðar gróði, þegar aflinn bara er kominn í land, á þessum hlutum, svo að maður tali ekki um þegar gjaldeyririnn gengur eitthvað lengra? Nei, ég held, að ríkisstj. hefði átt að geta gert sér nokkurn veginn hugmynd um þetta og a. m. k. gert ráðstafanir til þess, að útvegurinn gæti gengið, þó að hún væri ekki búin að reikna allt hárnákvæmt út.

Hæstv. forsrh. var að spyrja um, hvort útvegurinn hefði nokkurn tíma stöðvazt í tíð nýsköpunarstjórnarinnar. Ég skal segja honum það, að ég held, að hann hafi ekki stöðvazt um nein áramót þá. Ég held hann hafi gengið. Ég man ekki betur en hann hafi gengið. En meira að segja eftir að nýsköpunarstjórnin er farin frá og stjórnarkreppa er í landinu, þá man ég ekki betur en sá ráðherra, sem þá hafði með sjávarútvegsmálin að gera, hafi lagt fyrir í desember 1946, þegar dálitlir erfiðleikar voru, frv. um fiskábyrgð, sem hafi verið samþ. í þinginu, þó að engin stjórn hefði þá meiri hluta í þinginu og stjórnin sæti aðeins til bráðabirgða, — verið samþykkt, ef ég man rétt, með öllum atkv. þm. að einum undanteknum. Meira að segja þegar nýsköpunarstjórnin var dauð, en hélt þó áfram að fara með ríkisstjórn, reyndist hún hafa kraft í sér til þess og þm. allir, stjórnarandstaðan líka, þá ábyrgðartilfinningu að láta hlutina ganga og afgreiða fyrir nýár þannig sjávarútvegsmálin, að það væri haldið áfram að reka sjávarútveginn eftir nýár. Svona gekk það þá. Það er bara svo langt liðið síðan og hæstv. forsrh. búinn að lifa svo margar leiðinlegar stjórnir, sem hafa orðið honum til angurs og armæðu síðan, að hann getur nú ekki lengur gert sér í hugarlund, að það hafi nokkurn tíma yfirleitt verið þannig, að sjávarútvegurinn hafi fyrir nýár verið tryggður með að ganga.

Svo fór hæstv. forsrh. að tala um, að það væri víst einhver hræsni eða skinhelgi hjá mér, hann vissi eiginlega ekki almennilega, hvernig hann átti að skilja það, sem honum fannst vera umhyggja fyrir togurunum og annað slíkt. Ég held nú, að hæstv. forsrh. ætti að fara gætilega í að bera mér eða okkur hræsni eða skinhelgi á brýn í sambandi við okkar áhuga á þessum efnum. Það hefur verið gert áður og þannig, að þeir, sem það gerðu, endurtaka það áreiðanlega ekki. Ég man ekki betur en ég hafi verið kallaður alveg sérstaklega tungulipur hræsnari, þegar ég flutti mína ræðu hér um togarana og að við ættum að kaupa togara, því að það þótti svo fjarlægt, að það væri lagt út í annað eins og að fara að kaupa togara, þannig að það kemur satt að segja úr hörðustu átt hjá þessum hæstv. forsrh. að fara að bera mér hræsni eða skinhelgi á brýn í sambandi við umhyggju fyrir togurunum. Okkur varðar um þessa togara og þeirra rekstur, ekki bara vegna þess, að þessir togarar hafa einu sinni verið kallaðir „skýjaborgirnar“ okkar, heldur vegna þess, að velferð verkalýðsins og velferð þjóðarinnar í heild er undir því komin, að þeir gangi. Og svo vil ég minna hæstv. forsrh. á það, að ⅔ af þeim togurum, sem nú eru reknir á Íslandi, eru reknir af bæjarútgerðum eða bæjarfélögunum með þátttöku einstaklinga í bæjunum á einn eða annan hátt. Togararnir eru þannig að tveim þriðju hlutum nokkurs konar þjóðnýtt útgerð, sem okkur er sannarlega ekki sama um, hvernig fer um, sem við viljum að gangi, ekki aðeins vegna hagsmuna verkalýðsins, sem vinnur við þá, og þar af leiðandi hagsmuna þjóðarinnar, heldur einnig vegna hagsmuna þeirra bæjarfélaga, sem eiga sína atvinnu yfirleitt undir því, að þessir togarar gangi. En hvernig hefur verið farið með þessar bæjarútgerðir? Jú, þessar bæjarútgerðir allar afla með sínum togurum gjaldeyrisins, en gjaldeyririnn er tekinn af þeim og fenginn auðvaldinu hérna í Reykjavík til þess að græða á honum. Tapið er skilið eftir hjá bæjarútgerðunum, og það er ætlazt til þess, að þær meira eða minna standi undir því eða brotni undir því. Þegar nýsköpunartogararnir voru keyptir og þegar þær ráðstafanir voru gerðar að ráðstafa þeim út um allt land og ráðstafa þeim m. a. til bæjarútgerðanna, þannig að ⅔ þeirra væru eign bæjarútgerðanna að meira eða minna leyti, var sagt af einum auðmanni hér í Reykjavík: Og þeir skulu á endanum allir koma til okkar. — Það var meiningin að brjóta niður þetta kerfi, sem alþýðusamtökin í landinu þá voru að byggja upp í sameiningu, að bæjabúar sjálfir, að landsmenn sjálfir ættu að mjög miklu leyti á einn eða annan hátt sína togaraútgerð. Það var meiningin, að á endanum kæmi þetta allt saman aftur til auðvaldsins í Reykjavík. Og ein aðferðin til þess að brjóta þetta niður og koma þessu aftur í hendurnar á auðvaldinu í Reykjavík er að láta þessa togara ganga með halla, taka af þeim gjaldeyrinn handa auðvaldinu í Reykjavík, sem síðan stórgræðir á honum, græðir margfalt meira á gjaldeyrinum frá togurunum en nemur því tapi, sem bæjarútgerðirnar verða fyrir. Þess vegna er okkur ekki sama um, hvernig þetta gengur. Við viljum ekki aðeins, að það sé tryggt, að almenningur hafi atvinnuna við þessi stóru tæki og þau gangi, heldur líka, að bæjarútgerðirnar séu ekki látnar brotna saman fjárhagslega undir þessum þunga, á meðan auðvaldið í Reykjavík safnar auði og lifir í vellystingum praktuglega, eins og það gerir núna og sér ekki neitt fyrir endann á því. En í öllum þeim útreikningum,

sem hagfræðingar ríkisstj. hafa verið með, sem alltaf komast að sömu niðurstöðu um, að hægt væri að lækka kaupgjaldið hjá almenningi, eins og vissir menn héldu fram líka 1944, þá er aldrei komið inn á, að það þurfi að lækka lífs-„standardinn“ hjá auðmannastéttinni í Reykjavík, að það sé hægt að minnka gróðann, sem vissir auðmenn hér og vissar ríkisstofnanir hafa. Þess vegna hefði ég viljað sjá framan í þessa útreikninga, sem þarna var um að ræða. Þess vegna vil ég segja hæstv. forsrh., að það er ekki hræsni eða skinhelgi hjá okkur, það er lífsbarátta alþýðunnar í landinu fyrir því, að hún eigi stór og góð tæki, tæki, sem ganga í sífellu, tæki, sem hún eigi, og arðurinn af þeim sé ekki tekinn af þessum tækjum og af hinum raunverulegu eigendum þeirra og afhentur auðvaldinu í Reykjavík til þess að braska með.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta hafa að mjög mörgu leyti verið mjög athyglisverðar umræður. Það kemur ekki oft fyrir nú orðið hér í hinu háa Alþingi, að tveir ráðherrar gangi í ræðustólinn með vélrituð blöð, vélritaðar yfirlýsingar, sem þeir ætla að lesa yfir hv. þingheimi. Þetta hefur gerzt núna. Bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa lesið yfir þingheimi stórpólitískar yfirlýsingar. Yfirlýsing hæstv. fjmrh. var um það, að fjárlög yrðu ekki afgreidd nú fyrir nýár, hann hefði að vísu viljað, að svo yrði gert, en það hefði strandað á samstarfsflokknum. Hann gaf í skyn, að legið hefði við stjórnarkreppu. Aðalefni í yfirlýsingu hæstv. forsrh., sem einnig var vélrituð, var um það, að við stjórnarkreppu væri ekki að búast, það væri of snemmt fyrir stjórnarandstöðuna að hlakka yfir því, að þessu stjórnarsamstarfi væri lokið; það lægju gild rök til þess, að fjárlög væru ekki afgreidd nú fyrir nýár.

Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á því með örfáum orðum, að með þessum yfirlýsingum er fallin ein helzta skrautfjöðrin, sem verið hefur á samstarfi þessara flokka síðan 1950. Ein helzta skrautfjöðrin hefur einmitt verið sú, að sú endurbót hafi verið gerð m. a. á meðferð fjármálanna, að fjárlög séu ávallt afgreidd fyrir nýár. Og það er Sjálfstfl., sem samkvæmt yfirlýsingu hæstv. fjmrh. hefur reytt þessa skrautfjöður af samstarfi Sjálfstfl. og Framsfl.

Dálitið spaugileg voru orðaskipti ráðherranna innbyrðis um það, hvort stjórnarkreppa hafi legið við eða sé yfirvofandi eftir áramótin. Það kemur sem sagt í ljós, að stjórnin hefur verið mjög ósammála um veigamikil atriði, sem undir venjulegum kringumstæðum hefðu átt að valda samstarfsslitum, en er samt ekki látið valda samstarfsslitum nú. Þetta minnir á frægan atburð, sem kom fyrir í stjórnmálum Bretlands á Viktoríutímabilinu og hefur þótt svo merkilegur, að hann er orðinn atriði í stjórnmálasögu Breta, móðurlands þingræðisins. Það var ófrávíkjanleg regla, að brezk stjórn varð að segja af sér, ef ósamkomulag kom upp í stjórninni. Stjórnin varð að vera sammála til þess að geta setið. Nú kom upp ósamkomulag í brezku stjórninni, og þess vegna hefði stjórnin átt að segja af sér. En forsætisráðherrann vildi með engu móti segja af sér, og hann dró feld yfir höfuð sér og fann upp þessa merkilegu lausn á málinu, hann gaf brezka þinginu þessa yfirlýsingu „His Majesty's Government has agreed to disagree“ — þ. e. stjórn hans hátignar konungsins hefur komið sér saman um að vera ósammála. Hún gat fengið að sitja, ef hún kæmi sér saman, og hún sat á þeim grundvelli, að hún hefði komið sér saman um að vera ósammála. Það er dálítið svipað þessu, sem hér hefur gerzt. Stjórnarflokkarnir koma sér ekki saman, en þeir koma sér saman um að koma sér ekki saman og sitja því áfram. (**Forsrh.:** Og þá er allt í lagi eftir enskum reglum.) Frá sjónarmiði forsrh. er áreiðanlega allt í lagi, því að hann situr áreiðanlega meðan sætt er. Frá sjónarmiði stjórnarandstöðunnar og þjóðarinnar er hins vegar fjarri því að allt sé í lagi.

Þá kem ég að öðru atriði, sem ég vildi minnast á í þessum fáu orðum mínum. Það upplýstist í þessum umræðum, og það er það annað merkilega, sem upplýstst hefur, að hæstv. ríkisstj. hefur vitað í mánuð, að fyrir dyrum stendur stöðvun alls togaraflotans og alls bátaflotans þegar um áramótin. Þessa vitneskju hefur ríkisstj. haft í heilan mánuð. Mér var ekki kunnugt um þetta, fyrr en ég las það í einu dagblaðanna nú fyrir nokkrum dögum, að svo voveifleg tíðindi væru fyrir dyrum. Ég tel hæstv. ríkisstj. hafa sýnt mikið ábyrgðarleysi, í fyrsta lagi með því að hafa leynt Alþingi þessum staðreyndum, því að frá þessu hefur ekki verið skýrt á Alþingi fyrr en núna, og í öðru lagi mikið ábyrgðarleysi með því að hafa ekki þegar lagt tillögur fyrir hv. Alþingi til að afstýra þeirri þjóðarógæfu, sem það vissulega er, ef togaraflotanum og bátaflotanum verður lagt um áramótin. Þetta vildi ég átelja.

Þá vildi ég að síðustu mjög taka undir það, sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm. (EmJ), að þm. verði skýrt sem fyrst frá niðurstöðum þeirra tveggja nefnda, sem ríkisstj. hefur haft starfandi á vegum sínum til þess að rannsaka afkomu atvinnuveganna og gera till. til úrbóta, að því er manni hefur skilizt.

Hæstv. forsrh. taldi það geta leikið á tveim tungum, hvort æskilegt væri að skýra jafnvel þm. frá till., sem fram kæmu um slík atriði. Ég held, að ef þessar nefndir hafa hagað störfum sínum líkt og slíkar nefndir gera venjulega, sé starf þeirra tvíþætt: Annars vegar athugun á ástandi og horfum, og fæ ég með engu móti skilið, hvernig getur verið varhugavert að skýra þingheimi og þjóðinni allri frá niðurstöðu sérfræðinga, sem athuga, hvernig komið sé og hvernig líklegt sé að þróunin verði í framtíðinni. Ef einhverjar till. eru hins vegar með þeim hætti, að þær gætu orðið til þess að skapa vissum aðilum í þjóðfélaginu gróðaaðstöðu, þá er sjálfsagt að láta slíkar till. ekki komast á almannavitorð, fyrr en þá vitað er, hvað gert verður. En frá þeim hluta rannsókna þessara sérfræðinganefnda, sem lýtur að ástandi og horfum, hlýtur að vera hægt að skýra Alþingi og þjóðinni allri, og það hefði átt að gera þegar í stað. Ég vil því mjög ítreka, að þetta verði gert.

Rök hæstv. forsrh., sem hann taldi, geta engan veginn talizt rök gegn því að birta þessar upp-

lýsingar. Það hafa þegar komið í ýmsum blöðum bæjarins fram getgátur um það, hvað þessar sérfræðinganefndir, sérstaklega hagfræðinganefndin, hafi sagt. Mig grunar, að raunveruleg ástæða þess, að ekkert hefur verið birt opinberlega um þessar niðurstöður, sé sú, að a. m. k. eitthvað af því, sem í blöðum hefur verið sagt um þessar athuganir, hafi við rök að styðjast.

Það hefur verið getið upp á því opinberlega, að hagfræðinganefndin hafi a. m. k. fordæmt bátagjaldeyriskerfið. Það væri fróðlegt að vita, hvort það sé rétt, hvort þetta óskabarn núverandi stjórnarflokka og raunar sumra þeirra manna, sem hagfræðinganefndina skipuðu, hefði verið fordæmt af þeim nú og gagnrýni þeirra, sem frá upphafi hafa haldið uppi gagnrýni á þetta fyrirkomulag, verið þannig látin ásannast. Það hefur líka verið getið upp á því, að í þessum till. hafi verið kaupbinding. Ég sé ekki, hvaða leynd á að geta ríkt yfir því, hvort þessir trúnaðarmenn ríkisstj. hafi lagt til, að kaup allra launþega í landinu væri skert. Jafnvel þó að skýrt væri frá slíkri till., getur enginn aðili í landinu notað sér þá vitneskju til þess að skara eld að sinni köku. Það hefur líka verið getið upp á því, að ein till. sé sú, að ekki skuli gripið til gengislækkunar, heldur í þess stað lagðir á tollar og ýmis gjöld til þess að greiða útflutningsatvinnuvegunum styrki. Jafnvel þótt skýrt væri frá þessu með almennum orðum, þá gæti ekki fólgizt í því neinn gróðamöguleiki fyrir neina einstaka aðila í þjóðfélaginu, meðan ekki er látin í té nein vitneskja um það, hvar þessi gjöld mundu koma niður, en slíku er auðvitað sjálfsagt að halda leyndu, þangað til ráðstafanir eru gerðar.

Ég vil því mjög ítreka það, að áður en þingmenn hverfa heim í jólaleyfi, verði þeim gefinn kostur á að kynna sér niðurstöðu þessara rannsókna og meginkjarna tillagnanna. Ég geri að vísu ráð fyrir, að hvorki niðurstaða rannsóknanna né till. gætu talizt sérstaklega skemmtileg jólagjöf frá hæstv. ríkisstj. eða þeim, sem þetta hafa annazt, til hv. þm. En stundum verða menn að taka því, sem þeim þykir ekki skemmtilegt, og ég held, að það væri öllum að gagni, að menn gætu fengið að kynna sér niðurstöður rannsóknanna og tillögurnar í þinghléinu.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af ummælum eða ræðu hv. 2. þm. Reykv. skal ég gera örstutta aths.

Hv. þm. fór mjög hörðum orðum um þá hagfræðinga, sem hafa verið að vinna að ýmsum athugunum fyrir ríkisstj. Þessir menn eru dr. Benjamín Eiríksson, Ólafur Björnsson prófessor, Jóhannes Nordal forstöðumaður hagfræðideildar Landsbanka Íslands og Klemenz Tryggvason hagstofustjóri. Ég skal ekkert segja um það, hvort ég sé sammála þeim hugleiðingum, sem þeir hafa haft í frammi og ég skoða enn sem algert einkamál ríkisstj. til leiðbeiningar, en þeir eru ekki maklegir þess óhróðurs, sem hv. 2. þm. Reykv. hafði um þá, og ég veit, að hann meinar það ekki heldur.

Hv. þm. sagði, að það væri orðrómur um, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið, að eitt af frystihúsunum hefði grætt 3 millj. kr. á s. l. ári, annað hefði grætt svo, að það hefði nýverið fest kaup á tveimur togurum. Fiskiðjuver ríkisins, sem við ættum að geta kynnt okkur og er eitt af stóru frystihúsunum og hefur haft mikinn afla, hefur, að ég held, ekki grætt neitt og jafnvel tapað. Ég gerði mér vonir um betri niðurstöðu en ég óttast nú, að raun verði á. Það er líka vitað, að mörg frystihúsin úti um land kvarta sáran undan afkomunni, og þá segi ég: Er furða, þó að ríkisstj. segi: Við getum ekki gert tillögur, fyrr en við fáum reikninga frá þessum fyrirtækjum, hreina reikninga? Við höfum vikum, svo að ég segi ekki mánuðum saman heimtað þessa reikninga, og það er ekki fyrr en í gær, eins og ég upplýsti áðan, sem við höfum fengið reikninga fyrir árið 1954. En ef við höfum þá í höndum, er kannske mögulegt, að okkar sérfróðu menn geti út frá þeim dæmt um líkurnar fyrir afkomu þessa árs. Þessu verða menn að gera sér grein fyrir. Þó að hv. 11. landsk. (LJós) segði, að hann hefði ekki verið rukkaður um reikningana, þá er það ekki rétt. Ég veit ekki, hvort hann hefur persónulega verið rukkaður, en hann er einn af meðlimum þess félagsskapar, sem hér um ræðir, og frá honum hafa ekki fengizt reikningar þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, fyrr en skriflega var tilkynnt frá ríkisstj., að þeir yrðu þá og þeir einir að bera ábyrgð á þeirri stöðvun, sem fram undan væri. Það virðist hafa komið svo óþægilega við þá, að við höfum þó fengið a. m. k. eitthvað af reikningum nú.

Ég skal nú ekki fara að tala um ræðuna fögru um togarana frá 11. maí 1944. Mér þótti hún mjög falleg, líklega af því, að ég hafði skrifað grein um áramótin 1943—44, þ. e. 5 mánuðum áður, um dálítið svipaðar hugleiðingar, svo að það gutlar víðar á hugsjónum en hjá þessum hv. þm. Þurfti reyndar enga spekinga til að láta sér detta í hug, að ef við hefðum nokkur hundruð milljónir, þá væri rétt að verja þeim að vissu leyti og að vissu marki til að endurnýja okkar úr sér gengnu atvinnutæki.

Okkur varðar um togarana, segir þessi hv. þm., og ég efa ekki, að hann álíti það. Umhyggjan fyrir afkomu þeirra hefur þó ekki verið meiri en svo, að hinn voldugi verkalýðsflokkur, sem hann veitir forstöðu, hefur ekki viljað eiga neinn hlut að máli um það, að ekki væru gerðar hærri kröfur á hendur þessum togurum en svo, að þeir fengju undir þeim risið. Um það ber ljóslegt vitni það, sem hann sjálfur hefur verið að segja, og einnig það, sem hv. 11. landsk. segir, að 2000 kr. dagsstyrkur sé hundsbætur. Hv. 2. þm. Reykv. orðaði það svo, að úrbætur gætu legið í því að leyfa togurunum sjálfum að selja sinn gjaldeyri og þá bátunum væntanlega líka. Ég veit ekki, hvort hann gerir sér fyllilega grein fyrir, hvað af því mundi leiða, ef einstakir framleiðendur fengju sinn gjaldeyri til umráða. Ég er ekki viss um, að með því móti væru verndaðir betur en með núverandi kerfi hagsmunir launastéttanna í Reykjavík og um byggðir landsins en með því kerfi, sem nú ríkir, þó að útvegsmenn að sjálfsögðu mundu þiggja þann greiða, ef hv. þm. er reiðubúinn til að afhenda þeim gjaldeyrinn til frjálsrar sölu.

Hv. 1. landsk. (GÞG) sagði, að hér hefði komið tvennt merkilegt fram í umr.: yfirlýsing hæstv. fjmrh. annars vegar og mín hins vegar um það, að ágreiningur væri á milli Framsfl. og Sjálfstfl. um, hvort auðið þætti eða æskilegt að ákveða fjárl. fyrir nýárið. Það er rétt, þessi ágreiningur kom. Ég skal vitna til, að hér hefur komið fram ein yfirlýsing í viðbót, og hún er frá hv. 5. landsk. (EmJ), sem stendur nokkuð nærri hv. 1. landsk., þó að maður viti aldrei, hve náin séu böndin milli hinna einstöku flokksmanna í Alþfl. Ég hef því talið, að meðan þeir eru í sama flokki, mætti nokkuð vitna til yfirlýsinga hv. 5. landsk. til sönnunargildis, þar sem hv. 1. landsk. á hlut að máli, en hv. 5. landsk. sagði alveg réttilega, að það megi færa báðum sjónarmiðunum margt til ágætis. Það er ekkert óeðlilegt, þegar um mál er að ræða, sem orkar tvímælis, að um það geti orðið nokkur ágreiningur innan stjórnarflokkanna. Það er engin goðgá, og út af því er — því miður fyrir stjórnarandstöðuna — engin stjórnarkreppa nú. Hvort stjórnarkreppa verði síðar í samsteypustjórn, um það er bezt að hafa sem minnsta spádóma, en allir, sem til þess hlakka, geta átt sínar vonir. Hinir, sem vilja hindra það, hafa líka ástæður til að vona, að hægt verði að hindra það, svo lengi sem þeir telja þjóðinni til farsældar, að þessir flokkar vinni saman.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið hin gullna regla í Bretlandi, að stjórn yrði að vera sammála, annars yrði hún að fara. Ef þetta ætti að ráða í bókstaflegum skilningi, þá held ég, að það væri hyggilegt að mynda aldrei samsteypustjórn í neinu landi, því að vitaskuld er samsteypustjórn oft ósammála um margt, sem á góma ber, þó að menn leitist við að gera ágreininginn sem minnstan og ráða fram úr vandræðalaust, ef báðir telja þjóðarnauðsyn, þegar um tvo flokka er að ræða, eða allir, ef um fleiri flokka er að ræða, að allir flokkarnir vinni saman. Menn láta hér eins og einhver stórtíðindi hafi komið fyrir — ég held í mannkynssögunni — út af því, að það hefur komizt upp, að við hæstv. fjmrh. erum alls ekki alltaf sammála, þó að ég sé kallaður handbendi hans og hæstv. landbrh. í Framsfl. og þeir mínir og minna meðráðherra í Sjálfstfl. Þeir eru ásakaðir um að vera of nærri okkur og við of nærri þeim, en það hefur bara komizt upp, að við erum ekki alltaf sammála. Ég vona, að þetta verði minnisstætt í mannkynssögunni eða a. m. k. Íslandssögunni, ekki síður en þegar brezka stjórnin gerði samkomulag um það að vera ekki sammála.

Hv. þm. sagði, að ríkisstj. hefði vitað um það í a. m. k. mánuð, að fyrir dyrum stæði allsherjarstöðvun fiskiskipaflotans. Ég segi honum, og ég veit, að hann trúir því, að það eru örfáir dagar síðan ég fékk fregnir af því, að togararnir hefðu í hyggju að stöðva veiðar, og um leið og ég fékk af því fregnir, reyndi ég að girða fyrir það, og ég er alls ekki vonlaus um, að það megi takast. Bátaflotinn hefur hins vegar á undanförnum árum ýmist verið á síðustu dögum ársins eða ekki fyrr en í janúar með sín mál, þannig að auðið hafi verið að ráða fram úr vandræðunum, svo að ekki heldur þetta er nein nýjung. Auðvitað gerir ríkisstj. allt, sem hún getur, til þess að sem minnst þjóðarböl hljótist af slíkum stöðvunum, ýmist með því að fyrirbyggja þær eða reyna að láta þær vera sem allra skemmstar. Mér finnst það mjög ómaklegt af hv. 1. landsk. að vera að endurtaka þau ámæli, sem hér hefur verið beint að ríkisstj. fyrir, að hún hafi ekki haft sínar till. tilbúnar nú í dag, sérstaklega ef hann hefur hlýtt á umr. Ég upplýsti hér áðan, að frystihúsin, sem ekki hafa fengizt til að skila sínum reikningum fyrr en nú í gær, hafi haft á orði, að það væri kannske ekki hægt að greiða fyrir fiskinn styrklaust nema 50 aura eða kannske eitthvað lítið eitt yfir það, en sjómennirnir heimtuðu kr. 1.47, og það er náttúrlega ekki neinn gamanleikur að ráða fram úr þeim vanda, sem á höndum yrði, ef það sannast á reikningum frystihúsanna, að slíkar tölur séu réttar, en sjómennirnir þrátt fyrir það ætla að halda sér við kauphækkanir. Og það má engin stjórn láta sig henda það að bogna undan ámælum stjórnarandstöðu, sem eiga við svo lítil rök að styðjast sem þessi ámæli.

Ég skal svo aðeins að lokum segja það, að eins og ég áðan gat um, hafa þeir hagfræðingar, sem hér hafa verið að verki, unnið algerlega fyrir stjórnina og telja sitt álit sem einkaálit til stjórnarinnar að svo komnu máli. Ég tel þess vegna ekki, að ríkisstj. hafi neina skyldu til að afhenda það einum eða öðrum, heldur kynni sér sjálf það, sem þetta álit ber með sér, og taki það tillit til þess, sem hún að rannsökuðu máli telur eðlilegt, og ekki þar fram yfir. Þegar svo stjórnin ber fram sínar till., þá rökstyður hún þær á þann hátt, sem hún telur rétt vera, og þá geta menn dæmt um, hvort hennar rök eru rétt eða röng. A. m. k. á hv. 1. landsk., sem sjálfur er hagfræðingur, að geta myndað sér sjálfur skoðun án þess að spyrja um, hvað dr. Benjamín áliti í þeim efnum; hann hefur aðgang að öllum þeim upplýsingum, sem þessir hagfræðingar hafa átt aðgang að. Ég veit ekki heldur, hvort það yrði til að auðvelda lausn á þessu máli, að áliti manna, sem hafa unnið og skoðað sig sem einkaráðunauta stjórnarinnar, yrði útbýtt meðal þm., þegar sumir segja: Ja, við viljum taka mikið tillit til okkar stéttarbræðra — eins og ég býst við að hv. 1. landsk. mundi segja, og aðrir segja: Ja, þetta eru bara menn, sem eru að benda mér á, hvernig eigi að koma öllu til helvítis eða til andskotans, svo að ég sé ekki að rangfæra ummæli manna; þannig var það orðrétt. Ég veit ekki, hvort það yrði til þess að auðvelda þetta. Ég álít, að ríkisstj. eigi að skoða þetta í ró og næði, þegar hún nú fær nokkru rýmri tíma og þingstörfum er lokið, og styðja sig við þessar till., ef hún telur þær heppilegustu leiðina, en annars ekki.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þessar umr. eru nú að fjara út, og ég skal ekki verða til þess að lengja þær, en á eitt atriði vil ég benda að síðustu.

Það eru helztu rök hæstv. forsrh. fyrir því, hversu síðbúin stjórnin sé með sínar till. um lausn vandamála útvegsins, hve illa ríkisstj. hafi gengið að fá nauðsynlegar upplýsingar hjá útveginum og sérstaklega frystihúsunum, t. d. hafi ríkisstj. ekki fengið reikninga frystihúsanna fyrir 1954 fyrr en í gær, síðustu reikningana, skilst

mér. Þessar upplýsingar koma mér ákaflega á óvart, og ég er satt að segja forviða á þeim. Hæstv. stjórn hlýtur að vera kunnugt um, að frystihúsin eru skattskyld. Henni ætti að vera kunnugt um, að frystihúsin hljóta að skila reikningum frá 1954 til skattyfirvalda fyrir mitt ár 1955. Reikningar allra frystihúsa á landinu eru búnir að liggja hjá ríkisskattanefnd síðan á miðju þessu ári. Ég veit ekki betur en að ríkisskattanefnd sé í næsta húsi við hæstv. forsrh. Hvað veldur því, að ríkisstj. telur sig skorta vald til þess að sækja reikningana í ríkisskattanefnd? Þar liggja þeir og hafa legið í 6 mánuði eða svo. Enginn hlutur hefði verið hægari fyrir hæstv. ríkisstj. en að fara sjálf eða senda trúnaðarmenn sína milli húsa hér í Reykjavík og fá þær upplýsingar, sem hún segist vera búin að bíða eftir í marga mánuði.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. upplýsti hér áðan, hverjir væru í þessari hagfræðinganefnd. Það hefur reynzt rétt, sem ég var að geta til, að tveir þeir menn, sem ég hef stundum átt smádeilur við áður, þeir dr. Benjamín Eiríksson og prófessor Ólafur Björnsson, eru þarna í, og við þá átti ég sérstaklega, þegar ég var að tala um þá útreikninga, sem skaðlegastir væru fyrir þjóðarbúskapinn, svo að það sýnist ekki sem hæstv. ríkisstj. sé farin að taka sér betri ráðgjafa í þessum efnum en hún hefur haft undanfarið. Og það, sem fram hefur komið frá þeim hagfræðingi, sem Landsbankinn hefur í þessu efni, í tímariti Landsbankans, er satt að segja ekki þess háttar, ef ætti að fara eftir slíkum ráðleggingum, að manni finnist það beinlínis efnilegt fyrir þjóðina. Hins vegar efast ég alveg um, að hagstofustjóri kæri sig um að vera nokkuð tengdur við nokkuð af þessu; ég hef ekkert haft við það að athuga, sem fram hefur komið frá honum og ég hef séð. Hitt aftur á móti lízt mér ekki á, ef það á einu sinni enn þá að leggja til grundvallar sömu spekina og var lögð til grundvallar 1949 og 1950.

Ég á enn „doðrantana“ frá Benjamín frá þeim tímum, — þeir voru allir afhentir þá, — útreikningana, sem sýndu sig að vera vitlausir eftir á, og annað slíkt, sem þjóðinni var stjórnað meira eða minna eftir í nokkur ár, og það var sannarlega ekki gæfuríkt að ætla að fara að breyta eftir slíkum sérfræðingaráðleggingum núna.

Ég minntist hér á áðan út frá því, hvernig þessi maður ráðlagði 1949 og 1950, hvað hann mundi hafa ráðlagt 1944, sem sé þveröfugt við það, sem hæstv. forsrh. sagði að ekki hefði þurft mikla speki til að sjá. Sú speki, sem við sáum 1944, var ekki til í heila Benjamíns eða þeirra, þeir hafa aldrei nokkurn tíma farið inn á það. (Gripið fram í.) Ég veit það, vegna þess að það stendur í þeirra stóra „doðrant“, sem hæstv. forsrh. aldrei nokkurn tíma hefur lesið allan, en ég hef margoft bent honum á, en hann er alltaf ónýtur við að lesa. Hins vegar var það nú svo, þó að hæstv. forsrh. segi nú, að það hafi ekki þurft mikla speki í september 1944 til þess að sjá það, sem við sáum báðir þá, gekk anzi treglega að koma mörgum í skilning um þá speki, sem við sáum þá. Hvernig gekk honum í Sjálfstfl. með það? Endaði það ekki þannig, að fjórði hlutinn úr þingflokki Sjálfstfl. var á móti ríkisstj. og móti öllu því, sem þá átti að gera? Ég tala nú ekki um, að allur Framsfl. hljóp út úr, honum leizt þannig á það. Ef það skyldi nú vera hugsunarhátturinn hjá þeim helmingi Sjálfstfl., sem þá var á móti þeirri speki, sem við sáum, sem ræður núna, og Framsfl. svo með í stjórn, þá fer að verða skiljanlegt, að margt sé ráðið af litilli vizku, og þess vegna er nú ekki nema von, að maður vilji gjarnan fá að sjá spekina, sem eigi að fara að leggja til grundvallar fyrir aðgerðunum núna á næstunni, gengislækkun, kaupbindingu o. s. frv. Ég held þess vegna, að hæstv. forsrh. ætti að sjá, að það væru ef til vill í stjórnarandstöðunni þeir menn, sem hefðu þá speki til að bera, sem hann núna stærir sig af 1944, en hvorki hann né allur Sjálfstfl. né Framsfl. sáu þá.

Næst minntist hann á, að við ættum ekki að gera svona miklar kröfur á hendur togurunum. Ég vil láta hann vita, að það erum ekki við, ef hann meinar verkamannastéttina með því, sem gerum miklar kröfur á hendur togurunum. Síðar en svo. Sjómennirnir og þeirra fulltrúar vinna fram á nætur, þeir unnu hérna til kl. 6 í nótt við að reyna að komast að niðurstöðu um að semja í sjómannadeilunni, semja um kaupgjaldið. Það var unnið eitthvað betur og skynsamlegar á því sviðinu en hjá hæstv. ríkisstj. og hennar hagfræðingum. Það þætti þokkalegt, þegar sjómenn og atvinnurekendur væru að semja, ef þeir hefðu það þannig, að fyrst skipuðu þeir eina hagfræðinganefnd og eina sérfræðinganefnd, svo byrjaði sérfræðinganefndin að starfa, á meðan yrði hagfræðinganefndin að bíða, og svona gengi þetta koll af kolli; og svo væru þeir að bíða eftir reikningum, sem lægju í næsta húsi, og hefðu aldrei vit á að ná í þá og kæmust þess vegna aldrei að neinni niðurstöðu og gætu þess vegna aldrei farið að semja. Nei, þvert á móti, atvinnurekendur og sjómenn fara að tala hér saman, þeir voru að vinna hér til kl. 6 í morgun. Ég held, að ríkisstjórnin mætti taka sér þessi vinnubrögð til fyrirmyndar. Það eru ekki sjómennirnir, sem gera miklar kröfur á hendur togurunum, það eru sjómennirnir, sem halda togurunum uppi, það eru þeir, sem vinna á þeim, það eru þeir, sem hætta sér út á sjóinn. Það eru þeir, sem þræla þar og draga fiskinn í land. Það er ekki yfirstéttin hérna í Reykjavík, sem gerir það, það eru ekki þeir 200 milljónamæringar, sem hér eru í Reykjavík. Það er yfirstéttin í Reykjavík, sem gerir of miklar kröfur á hendur togurunum, yfirstéttin og allt hennar bákn. Og jafnvel Landsbankinn einn, sem hæstv. forsrh. er bankaráðsmaður í, tekur sínar 30—40 millj. kr. á ári, sem væri nóg handa togurunum til þess að geta tórað. (Gripið fram í: En hefur þessi hv. þm. nokkurn tíma komið á sjó yfirleitt?) Já, ég hef oft komið á sjó, m. a. þegar forsrh. var að senda mig til Moskvu. (Gripið fram í.) A. m. k. eitt er víst, að ég hef sýnt það vit á togurum að álita þá ekki eitthvert gums, sem þjóðin hefði ekkert við að gera, eins og hæstv. fjmrh., sem stendur í þeirri hugmynd, að það hafi verið mesta ógæfa þjóðar-

innar, að hún skuli nokkurn tíma hafa farið inn á það að kaupa nýsköpunartogara 1944, og sjálfur lýsti yfir, að nú stæði líka stjórnin uppi með þessa togara og vissi ekkert, hvað hún ætti að gera við þá. Hæstv. ráðh. hefur aldrei haft hugmynd um það, að togarar væru til þess að framleiða gjaldeyrinn, hann hefur aldrei nokkurn tíma getað komizt lengra en það að „spekúlera“ í, hvernig ætti að skipta gjaldeyrinum. En að vera með í því að framleiða hann og hjálpa til þess að koma upp fleiri framleiðslutækjum hjá þjóðinni, það hefur hann aldrei getað skilið að væri forsenda fyrir því, að það væri hægt að skipta gjaldeyrinum, meira að segja í helmingaskipti.

Hæstv. forsrh. var að rangfæra mín orð og var að tala um, að ég hefði viljað, að togararnir mættu selja sinn gjaldeyri. Það hef ég aldrei sagt. Ég hef bara sagt, að gjaldeyririnn væri tekinn af togurunum og afhentur yfirstéttinni í Reykjavík til að græða á honum, svo að raunverulega eru togararnir, ef mætti nota það orð, þjóðnýttir handa auðmannastéttinni í Reykjavík. Ég held það væri þá nær að þjóðnýta þá alveg, láta ríkið reka þá, láta ríkið ábyrgjast þá og láta þá ganga í sífellu. Þá þyrftu þeir ekki að standa í þessu stappi, og þá held ég, að ríkisstj. færi að eygja nokkurn veginn, hvað væri örugg-asta leiðin út úr þessu.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég verð að segja, að mér finnst orðið svo gaman að þessum umr., að ég stilli mig ekki um að segja örfá orð, svona í heldur léttum tón, ef verða mætti.

Það er fyrst þetta: Hv. 2. þm. Reykv. segir, að ég hafi aldrei haft neinn skilning á því, að kaupa þyrfti togara. Ég veit ekki betur en ég hafi átt manna mestan þátt í því, að keyptir voru 10 togarar í viðbót við þá, sem keyptir voru á nýsköpunarárunum svonefndu.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv. annað, sem var enn skemmtilegra. Hann sagði að efni til: Það er ekki von, að það gangi vel í stjórninni. Þarna standa nú að allir þessir tregu menn í Sjálfstfl. frá nýsköpunarárunum og svo allur Framsfl. Það er ekki von, að þetta gangi vel. — En hvernig er þetta? Heyrum við ekki daglega, að þessi hv. þm. heimtar stjórnarmyndun með Framsfl.? Hann krefst þess, að Framsfl. komi í stj. með honum og hans flokki. Hvað á maður að segja um þennan málflutning?

Forsrh. (Ólafur Thors): Má ég ekki, herra forseti, til að skemmta mér líka segja, að mér þyki hart, þegar heimtað er daglega af hugsjónamönnunum, að Framsfl. komi í stjórn, en hann nefnir aldrei, að við komum, hugsjónamennirnir, sem vorum í nýsköpunarstj.?

Ég vil svo aðeins leiðrétta, að það hafi verið þm. í Sjálfstfl., sem voru á móti nýsköpunarstj. vegna nýsköpunar. Þeir voru á móti stj., sem ég veitti forstöðu, vegna þess að kommúnistar voru í stj. Það er rétt, að það komi fram, af því að það var þetta, sem réð.

Ég vil svo enn fremur benda þessum hv. þm. á það, að hann hefur stundum haft meiri mætur á dr. Benjamín Eiríkssyni en fram kemur í ræðu hans hér. Og það mat, sem hann hafði á honum áður, er rétt í dag, því að þetta er mjög merkur maður, vitiborinn og menntaður.

Hv. 1. landsk. vil ég segja það, að í fyrsta lagi þykir mér ólíklegt, að ríkisstj. geti farið upp á eindæmi til ríkisskattanefndar og sagt: Ég ætla að sækja hingað reikninga frystihúsanna. — Ég veit ekki um þetta. Ef þetta er rétt, þá finnst mér það óviðurkvæmilegt.

Í öðru lagi vil ég segja það, að ríkisstj. heimtar miklu fyllri skilagrein og sundurliðaðri fyrir afkomu frystihúsanna en ég hygg að sé almennt heimtað til skattframtals. Ef við eigum að reyna að átta okkur á, hvað sé auðið að gera í þessari vandasömu aðstöðu, þá verðum við að sjá hvern einasta kostnaðarlið í þeirra reikningum sundurliðaðan og hafa aðstöðu til að gagnrýna frá miklu fyllri upplýsingum en ég hygg að skattstofurnar heimti.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Fyrir liggur, að fjárlögin verða ekki afgreidd fyrir áramót. Þess vegna er óhjákvæmilegt að setja lög um heimild fyrir ríkisstj. til þess að inna af höndum nauðsynlegustu greiðslur, þó að fjárlög hafi ekki verið sett. Frv. þetta fjallar um að veita slíka heimild, og leyfi ég mér að óska eftir því, að það verði nú afgreitt frá hv. d. Þessu frv. var ekki vísað til n. í Nd., enda efni þess svo ljóst, að athugun n. ætti ekki að vera nauðsynleg. Geri ég því ekki till. um að vísa því til n., en bið hæstv. forseta og hv. dm. að greiða fyrir málinu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 228).

---

9. Raforkulög.

Á 22. fundi í Nd., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög [110. mál] (stjfrv., A. 131).

Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 131, n. 160).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Frv. þetta er flutt af ríkisstj. og er um viðauka við raforkulög. Í lögunum er gert ráð fyrir lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins, og þegar þau ákvæði voru sett í lög, mun hafa verið gert ráð fyrir því, að ríkið tæki slík lán handa raforkusjóði og rafmagnsveitunum. Nú hefur hins vegar verið samið við banka um það, að raforkusjóður verði lántakandi, en ríkið ábyrgist lánin, og vantar þá í lögin heimild handa ríkisstj. til að taka ábyrgð á slíku láni. Er það efni frv. að heimila fjmrh. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á slíkum lánum, allt að 200 millj. kr.
Fjhn. er sammála um að mæla með frv. með lítils háttar breytingu, sem er í nál. á þskj. 160. Er brtt. aðeins um leiðréttingu á frv., því að fallið hafði niður í fyrirsögn þess að geta um númer og útgáfudag raforkulaganna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 160 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 163).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 163, n. 233).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir, frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, hefur nú þegar verið til meðferðar í hv. Nd., sem afgreiddi það með nokkurri breytingu eða viðauka við fyrirsögn, en staðfesti að öðru leyti efni frv.
Í lögunum frá 21. apríl 1954 eru í 3. gr. ákvæði undir nokkrum stafliðum og þ. á m. undir e-lið, er segir:
„Með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins."
Og segir í þeim lögum ekki meira um það.
Í forsendunum fyrir þessu frv., sem er flutt af hæstv. ríkisstj., segir:
„Í lögunum er ekkert ákvæði um heimild til ríkisábyrgðar á láni þessu, sem raforkusjóður tekur. Að vísu eru í heimildarlögum um einstaka raforkuframkvæmdir ákvæði um ríkisábyrgð og lán til þeirra, en þar virðist átt við lán, sem rafmagnsveiturnar sjálfar taka, og þá þar með lán úr raforkusjóði. Rétt virðist að breyta lögum frá 21. apríl 1954 á þann veg, að þar væri heimild til ríkisábyrgðar á lánum, sem tekin eru samkvæmt e-lið 3. gr."
Þessi heimild er orðuð þannig í frv., að e-liður 3. gr. orðist svo:
„Með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins, og er fjmrh. heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna allt að 200 millj. kr."
Hv. Nd. hefur talið rétt að gera breytingu á fyrirsögn frv. aðeins. Nú heita lögin, sem breytingin er gerð við, að vísu lög um viðauka við raforkulög nr. 12 2. apríl 1946, en í hv. Nd. hefur

verið samþykkt að bæta við fyrirsögnina: nr. 12 2. apríl 1946.

Iðnn. hefur kynnt sér þetta mál og ekki álitið þörf á að gera á því breytingar, heldur þvert á móti vill leggja því einróma samþykki. Þess skal getið, að einn nefndarmanna, hv. þm. Str. (HermJ), var fjarstaddur sökum veikinda og er af þeim ástæðum ekki skrifaður undir nál. Ég vil mælast til þess fyrir hönd hv. n., að hv. d. fallist á að samþykkja frv. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 236).

---

10. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1956 (síðara frv.).

Á 40. fundi í Ed., 18. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 94 1955, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956 [135. mál] (stjfrv., A. 248).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er nú auðséð, að hv. Alþingi mun ekki ljúka afgreiðslu fjárlaganna fyrir 20. jan., og því er óhjákvæmilegt að framlengja heimildina um bráðabirgðafjárgreiðslur, sem gefin var og náði til 20. þ. m. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þingmenn verði sammála um þetta og að hæstv. forseti greiði fyrir málinu á þann hátt, sem hann raunar þegar hefur lýst yfir að hann muni gera.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál vil ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., þar sem forsætis- og sjávarútvegsmálaráðherra er ekki viðstaddur, hvort hann vildi nokkuð upplýsa þingið um, hvenær vænta megi tillagna ríkisstj. um lausn sjávarútvegsmálanna. Það er nú þegar liðið nokkuð á síðari hluta janúarmánaðar, og væri æskilegt, ef hæstv. ráðh. gæti gefið þinginu upplýsingar um, hvenær vænta megi tillagna í þessa átt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, vil ég aðeins taka það fram, að ég get því miður ekki gefið yfirlýsingu um það, hvenær úrlausnar sé að vænta á þessu máli. Það er enn þá í deiglunni og tillögur ekki fyrir hendi. Það væri vitanlega hægt að gera tillögur á hvaða augabragði sem er, en ekki þannig tillögur, að gera megi ráð fyrir, að þær leysi hnútinn. Þess vegna hafa þær till. ekki verið lagðar fram enn þá, og ég get ekki fullyrt, hvenær á þeim er von.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er nú augljóst, að fjárlög verða ekki sett í dag á hv. Alþingi, því miður, og því óhjákvæmilegt að framlengja heimildir þær til bráðabirgðafjárgreiðslna, sem settar voru í lög fyrir áramótin, og leyfi ég mér að leggja til, að heimildin verði framlengd til 1. febrúar, í trausti þess, að þá verði búið að ganga frá þessu máli. Ég vil leyfa mér að óska þess, að hæstv. forseti greiði fyrir málinu, þannig að það geti fengið nú afgreiðslu í deildinni. Það er óhjákvæmileg nauðsyn, og það ætti ekki að vera nauðsynlegt að vísa málinu til nefndar frekar en tíðkast um sams konar mál, þegar þau hafa áður verið til meðferðar. Geri ég því ekki till. um nefnd.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Finnst ekki hæstv. ríkisstj., að hún skuldi Alþingi ofur lítið nánari greinargerð fyrir því, hvernig á því stendur, að hún, eftir að hafa farið fram á að fá heimild um bráðabirgðafjárgreiðslur til 20. jan., kemur nú og fer fram á að fá hana framlengda til 1. febr.? Er hægt að koma svona upp eins og hæstv. fjmrh. gerir og segja bara einfaldlega: Ja, þetta gengur nú ekkert hjá okkur enn þá, en við vonum, að það verði búið fyrir 1. febr. — og segja svo ekkert meir?

Það er farið að koma fram við þessa stofnun hér eins og henni komi yfirleitt þessi mál ekk-

ert við og komi ekkert við, hvernig ríkisstjórnin stjórnar landinu. Hæstvirtur fjármálaráðherra gaf þá yfirlýsingu hér, áður en þing fór heim í jólafrí, að Framsfl. hefði viljað afgreiða fjárlögin fyrir nýár, kom með skriflega yfirlýsingu, sem sjaldgæft er að við þm. fáum yfirleitt að heyra úr herbúðum hæstv. ríkisstj. Og hæstv. forsrh. kom sömuleiðis með skriflega yfirlýsingu, þar sem hann raunverulega viðurkenndi, að Sjálfstfl. hefði hindrað afgreiðslu fjárlaganna. Og það er greinilegt, að Sjálfstfl. hefur hindrað afgreiðslu fjárlaganna fyrir nýár með tilliti til þess, að hann vildi fá að leysa sjávarútvegsmálin um leið. Á sama tíma gerist svo það undarlega, að ríkisstjórn, sem nú mörg ár, fyrst á ólöglegan hátt og síðan á hæpinn löglegan hátt, er búin að viðhalda bátagjaldeyriskerfinu, leggur fram tilboð til Landssambands íslenzkra útvegsmanna, þar sem boðið er að framlengja út janúar þetta bátagjaldeyriskerfi, sem útvegsmenn höfðu sjálfir hækkað nokkru áður, — býður ekki að framlengja bátagjaldeyriskerfið áfram út árið, eins og hún hefur gert öll undanfarin ár, heldur býður beinlínis að framlengja það út janúar. Nú hlaut hver maður, sem nokkurn veginn þekkti, hvernig útvegur er, að skilja það, að ef róðrar byrjuðu strax í byrjun janúar, þá var óhugsandi að stöðva þá 1. febr. Við það ráða útvegsmenn ekki. Þó að þeir geti kannske ráðið við það að láta bátana ekki halda á stað, geta þeir ekki stöðvað þá 1. febr., þegar allt er komið í fullan gang. Þess vegna er þessu einkennilega tilboði hæstv. sjútvm.- og forsrh. hagað á þann hátt, að það er svo að segja ljóst, að útvegsmenn geta ekki gengið að því. Og enn hefur Alþingi ekki fengið skýringu á því, hvers vegna það var þá ekki boðið að framlengja bátagjaldeyriskerfið, sem þessi ríkisstj. hefur haldið fast við, áfram út árið, en fyrir hafði legið yfirlýsing frá hæstv. forsrh. frá því í nóvember, þegar Landssamband útvegsmanna hækkaði gjaldið fyrir bátagjaldeyrisskírteinin, að að öllum líkindum mundi þetta vera nóg handa þeim og þeir mundu láta sér þetta nægja, ef þeir fengju þetta áfram. M. ö. o.: Það lítur út fyrir, að af hálfu hæstv. ríkisstj. hafi málinu verið hagað svo, að það hafi verið gert tilboð frá ríkisstj. til L. Í. Ú., sem ríkisstj. hafi vitað að Landssambandið mundi ekki ganga að, þannig að allt mundi stöðvast. Og síðan er þessi stöðvun, eins og þegar hefur verið lýst yfir af hálfu Sjálfstfl., notuð til þess að segja við hæstv. fjmrh.: Við föllumst ekki á að afgreiða fjárlögin, nema þessi sjávarútvegsmál séu leyst um leið. Síðan virðist svo þessi stöðvun á sjávarútveginum núna notuð í reipdrætti eða refskák innan stjórnarherbúðanna til þess að reyna að knýja fram samninga milli Framsóknar og Sjálfstfl., sem Sjálfstfl. vilji sætta sig við. Meðan þetta gengur fyrir sig hjá hæstv. ríkisstj., er Alþ. meira eða minna aðgerðalaust. Svo er komið til okkar og sagt við okkur þann 19. jan.: Viljið þið framlengja heimild til handa ríkisstj. að borga 2 milljónir á dag eða hvað sem það mundi vera út úr ríkissjóðnum? — Á meðan lætur ríkisstj. flotann liggja, sem kostar þjóðina 3—4 millj. kr. á dag. Finnst ekki hæstv. fjmrh., að ríkisstj., sem þannig fer að, skuldi Alþ. neina skýringu? Á Alþ. engan rétt á því að fá einu sinni að heyra, hvort það er eitthvað verið að gera í þessum málum?

Hér hefur verið dag eftir dag spurt utan dagskrár, hvað væri hér að gerast, hvort einhvers mætti vænta og hvernig væri viðvíkjandi sjávarútvegsmálunum, hvort bátaflotinn færi ekki að fara af stað og hvernig stæði um samninga með þetta. Ef hæstv. forsrh. hefur verið í deildinni, sem kemur nú sjaldan fyrir, þá hefur hann af sinni miklu kurteisi sagt: Ég vil ekki eyða dýrmætum tíma þingsins í að ræða um svona mál. — Síðan hefur hæstv. forseti 2—3 mínútum á eftir, þegar dagskrá var lokið, slitið fundi, venjulega um tvöleytið, og svo ekki meira þann daginn og kannske enginn fundur daginn eftir.

Í sambandi við þetta frv. er m. ö. o. farið fram á, að það sé afgreitt á alveg óvenjulegan hátt, það séu hafðar hér þrjár umræður á einum degi, því sé sleppt að senda svona smámál til nefndar, það sé ekki verið að ræða við þingmenn um þetta, þetta sé eiginlega mál, sem þeim komi ekkert við: Hvað varði þá um fjárlög? Hvað varði þá um, hvort sjávarútvegurinn gengur?

Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. geti meðhöndlað sína stjórnarfylgismenn á þennan hátt. En ég vil a. m. k. fyrir mitt leyti mótmæla því, að gagnvart Alþingi sé haldið áfram þessum hætti, að það fáist ekki orð upp úr ráðherrunum um, hvernig þessi mál raunverulega standa. Hæstv. forsrh. getur mætt suður á Keflavíkurflugvelli. Það er hægt að stofna þar sjálfstæðisverkamannafélag, líklega til að verja sjálfstæði landsins, máske líka til þess að fá forgang að vinnu, þegar úthlutað sé eftir helmingaskiptum. Hæstv. forsrh. hefur tíma til þess að tala við verkamenn suður á Keflavíkurflugvelli. Það er gott, að hann skuli yfirleitt vilja tala við verkamenn. En hann mætti þá gjarnan svara hér á Alþ., þar sem jafnt fulltrúar verkamanna sem annarra eiga sæti, þeim fyrirspurnum, sem koma fram um, hvernig gengur um þau mál, sem sérstaklega heyra undir hann, eins og sjávarútvegsmálin.

Í grg. þessa frv. er sagt, að það sé sýnilegt, að Alþ. muni ekki ljúka afgreiðslu fjárlaga. Hefði ekki átt að standa þarna, að stjórnin mundi ekki ljúka afgreiðslu fjárlaga? Hefur staðið á Alþ. með þetta? Er það fjvn., sem hefur gert verkfall? Er það hún, sem hefur neitað að starfa? Ég veit ekki til þess, að það hafi verið boðaðir fundir í fjvn. fyrr en fyrir þrem dögum. Hvað á að þýða að vera að kenna Alþ. um þetta? Hefur staðið á Alþ. með að ljúka afgreiðslu fjárlaga? Er það ekki hæstv. ríkisstj., sem hefur staðið á? (**Fjmrh.**: Ekkert nál. er komið frá fjvn.) En eru till. komnar frá hæstv. fjmrh. til fjvn. um, hvernig eigi að ljúka fjárlögunum? Hver er það, sem á að sjá um að afgreiða fjárlögin og sjá um þær tillögur? (**Fjmrh.**: Er þingmaðurinn að tala óráð?) Nei, en ég hélt, að það væru í vændum tillögur upp á a. m. k. 80 millj. kr. frá hæstv. fjmrh. um nýjar álögur á þjóðina. Kannske það sé rangt? Kannske hæstv. fjmrh. vildi koma hérna og segja við mig og Alþingi: Það er ekki von á neinum nýjum álögum á þjóðina. Það er ekki von á að hækka fjárlögin um

neinar 80 millj. kr.? — Kannske ég hafi verið að tala óráð? Kannske það sé ekki von á neinu frá fjmrh. til fjvn.? Kannske það megi líta á þetta sem yfirlýsingu um það, að fjvn. megi afgreiða fjárlögin eins og þau liggja fyrir á morgun? Þá held ég, að hæstv. fjmrh. ætti að lýsa því yfir hérna. En ég held nefnilega, að það séu einhver óráð, sem ríkisstj. sé að brugga núna. Ég er ákaflega hræddur um, að hún sé með eitthvert óráð. Ég er hræddur um, að hún sé með það óráð að ætla að fara að leggja svo að tugum milljóna skiptir nýjar álögur á þjóðina. Ef það er óráð hjá mér að tala um þetta, þá getur hæstv. fjmrh. leiðrétt það hér á eftir. En minn grunur er sá, að það sé hæstv. ríkisstj., sem hefur staðið í veginum fyrir því, að fjvn. hafi afgreitt fjárlögin. Auðvitað var hægt að afgreiða fjárlögin fyrir löngu. Ef það komu nýir útgjaldaliðir til, eins og eitthvað í sambandi við bátana eða togarana, þá var auðvitað hægt að afgreiða það með nýjum lögum. Annað eins hefur verið gert hér á Alþ. áður. Og mér er nær að halda, að hæstv. fjmrh. hafi viljað gera það, og það skildist mér á hans ræðu, þegar hann seinast talaði einmitt fyrir samsvarandi máli og þessu, að hann hefði viljað afgreiða fjárlögin og hann hefði álitið það vera mögulegt, en Sjálfstfl. hefði komið í veg fyrir það.

Ég held þess vegna, að það sé nú út af fyrir sig alveg óþarfi að vera að skella því á Alþ., sem stjórninni er sjálfri að kenna. Það er sýnilegt, að stjórnin mun ekki koma sér saman um að ljúka afgreiðslu fjárlaga. Það er það, sem er sannleikurinn í málinu, af því að hún er orðin ófær til þess að stjórna landinu.

Þetta vildi ég nú aðeins segja við þessa umræðu, af því að hér á þetta þó a. m. k. heima og undir þessum lið væri óhætt fyrir hæstv. ríkisstj. að gefa Alþ. einhverja skýringu á sínu framferði, hvort sem hún kýs að gera það eða ekki. Og ef hún kýs ekki að gera það, þá býst ég við, að það sé fyrst og fremst vegna þess, að hún vilji sem minnst tala um það, sem hún sé að brugga, og þá er það varla vegna þess, að það sé svo gott.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Sumt af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, var líkara óráðshjali, eins og ég greip fram í, en nokkru öðru skrafi, sem menn eiga að venjast. Hv. þm. veit, hvernig á því stendur, að fjárlögin hafa ekki verið afgreidd. Það er vegna þess, að það hefur vantað þingfylgi fyrir fjárlögunum. Það er ekki komið nál. til 3. umr., eða framhaldstillögur til 3. umr., af þeirri einföldu ástæðu, að það vantar þingfylgi fyrir fjárlögunum. Ég vildi afgreiða fjárlögin fyrir jól og áleit það mögulegt, eins og ég lýsti þá greinilega yfir, en það var ekki hægt að fá þingfylgi fyrir afgreiðslu á þeim þá, vegna þess að annar stjórnarflokkurinn vildi ekki afgreiða fjárlögin, eins og þá stóð, og hefur ekki viljað vera með í því enn að afgreiða fjárlögin. Þetta tók hv. þm. sjálfur fram og veit þetta ákaflega vel. Það vantar enga grg. fyrir þessu. Hún hefur verið gefin fullgreinilega, og það eru sömu ástæður fyrir hendi enn.

Ég heyri, að þeir eru að píska um það hér tveir eða þrír hv. þm. úr stjórnarandstöðunni, að það hafi ekki verið prófað hjá þeim, hvort þeir vildu ljá fjárlögunum fylgi. Ég held, að maður hafi séð tillögur þeirra við 2. umr. fjárlaganna og þurfi ekki að sjá meira en þær til þess að sannfærast um, hvers konar fjárlög það eru, sem þeir væru í standi til að afgreiða, eins og nú standa sakir. Þeir hafa lagt til að fella niður suma af tekjustofnum ríkissjóðs, í stað þess að það þarf að leggja á nýja skatta og tolla til þess að koma fjárlögunum saman. Það var leiðinlegt, að það skyldi gleymast að tala við þá um þetta, en ég hef satt að segja tekið fullt mark á þeim tillögum, sem þeir hafa lagt fram um þetta, og láðst að spyrja um nánar, hvort þær væru allar ómerkar og þeir meintu eitthvað allt annað.

Þá var hv. 2. þm. Reykv. alveg steinhissa á því, að dráttur hefði orðið á þessum málum, og talaði mikið um, að það væri ófyrirsynju dráttur á lausn útvegsmálanna, vildi koma því inn í þessar umræður. Ég ætla ekki að ræða það neitt ýtarlega við hv. þingmann. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. forsrh. hefði svarað honum, ef hann hefði verið hér viðstaddur, varðandi það sem hann sagði um hans þátt í því máli, en ég vil bara benda mönnum á eitt, þó að það sé vitaskuld óþarfi: Það er enginn vandi að leysa útvegsmálin, ef menn vildu verða við öllum kröfum, sem gerðar eru í sambandi við þau mál frá öllum, hvort sem þær kröfur gætu talizt sanngjarnar eða ekki og hvað sem það kynni að kosta í álögum á almenning. Það er enginn vandi að leysa útvegsmálin á næstu klukkustund, ef menn vildu gera þetta. En málið er bara ekki svo einfalt, og þeim, sem eiga að leysa málin, er skylt að taka á þeim öðruvísi en á þessa lund. Mér er sem ég sæi framan í þennan hv. þm., sem hér talaði áðan, og hans nóta, ef þessi háttur væri á hafður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. upplýsir, að það sé ósköp einfaldur hlutur, sem valdi því, að fjárl. séu ekki afgreidd; það vanti þingfylgi fyrir þeim. Hvað hefur nú hæstv. fjmrh. gert til þess að afla þingfylgis? **(Fjmrh.:** Það barst nú í tal áðan lítillega.) En hvað hefur hann gert á undanförnum 20 dögum, sem Alþ. hefur framlengt hans heimild til þess að greiða úr ríkisféhirzlunum? Hvað hefur hann gert til þess að afla þingfylgis? Það er nú síður, að ef fjárl. hafa ekki þingfylgi hjá þeim flokkum, sem fram að því hafa staðið að ríkisstj., þá sé athugað um, hvort ekki sé hægt að mynda neina aðra ríkisstj., sem fær þar þingfylgi. Má ég spyrja hæstv. fjmrh., hvað hann hefur gert til þess að athuga slíkt? Það hafa farið fram ýmsir samningar, að því er manni er tjáð, um þess háttar möguleika, og eftir því sem mér skilst, hafa setið jafnvel samninganefndir, sem hafa fjallað um þess háttar, hvort ekki væri hægt að mynda mun betri ríkisstj. en þá, sem nú situr. Og það hefur kannske verið talið af sumum, að hæstv. fjmrh. hafi verið heldur tregur til slíkra samninga. En mér finnst þó, þegar að kassanum kemur, að hann fær ekki lengur fé í ríkissjóðinn og fær ekki einu sinni afgreidd fjárl. með sínum

flokki, þó að hann vilji afgreiða fjárl., að það væri ekkert óeðlilegt, að hann tæki slíka samninga af eitthvað meiri alvöru. Hér talar hann hins vegar eins og það komi yfirleitt ekki til mála. Hann segir, að honum væri nú sem hann sjái framan í það, ef hann eigi að fara að afgreiða fjárl. með einhverjum öðrum en Sjálfstfl. Hér talar hann eins og það komi ekki til nokkurra mála, að það sé yfirleitt til í dæminu. Hvað eigum við þá að bíða lengi? Stendur málið þannig, að hæstv. fjmrh. geti ekki hugsað sér undir neinum kringumstæðum að afgreiða fjárl. með neinum öðrum en Sjálfstfl. og þess vegna verði bara að afgreiða og afgreiða frv. til laga um framlengingu á gildi laga nr. 94/1955, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956, þangað til Sjálfstfl. þóknast að veita hæstv. fjmrh. þetta fylgi, sem hann vantar, sem er eina þingfylgið, sem hæstv. fjmrh. virðist yfirleitt geta hugsað sér? Mér sýnist hæstv. fjmrh. vera að tefla sig inn í nokkuð óþægilega klemmu. Ég sé ekki betur en að hann gefi Sjálfstfl. alveg sjálfdæmi í málinu með þessu móti.

Sjálfstfl. stöðvar sjávarútveginn og segir: Hann fer ekki af stað, fyrr en þið fallizt á að afgreiða fjárl. eins og ég vil. — Og hæstv. fjmrh. kvartar svo: Ja, ég fæ ekki að afgreiða fjárl., þó að ég gjarnan vilji það, af því að Sjálfstfl. vill ekki fallast á það. Hins vegar er Sjálfstfl. sá eini, sem ég get hugsað mér að afgreiða fjárl. með. — Þá er sjálfheldan nokkurn veginn komin. Það er svo sem alveg auðséð, hvernig þessi refskák endar. Það endar með því, að hæstv. fjmrh. auðvitað gefst upp og samþykkir að leggja þær álögur á, sem Sjálfstfl. vill, og trú mín er sú, að þær álögur mundu verða þannig á endanum, að þær mundu stórkostlega auka alla verðbólguna í landinu, verðbólguna, sem hæstv. fjmrh. segist alltaf vera að slást á móti. Kannske hækka fjárl. um einar 70—80 millj. kr., og svo á náttúrlega allt að vera verkamönnum að kenna á eftir.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri ekki mikill vandi að ganga að því að leysa sjávarútvegsmálin, ef það væri bara gengið að öllum kröfunum. En ætli þetta endi nú ekki með því, ef hæstv. fjmrh. lokar fyrir sjálfum sér leiðinni til að semja við nokkra aðra en Sjálfstfl., að hann komist að þeirri niðurstöðu, að það verði ekki um annað að gera en að samþykkja þær kröfur, sem Sjálfstfl. gerir viðvíkjandi sjávarútveginum?

Ég er ákaflega hræddur um, að það sé engin leið í stjórnarsamstarfi að tala við Sjálfstfl. til þess að fá eitthvað út úr því, öðruvísi en að hafa það þó a. m. k. á hendinni að vera óhræddur við að gera samþykktir, sem yrðu á kostnað auðvaldsins í Reykjavík, og að Sjálfstfl. hefði það í bakhöndinni og vissi af því, að slíkt yrði gert, svo framarlega sem hann féllist ekki á þá samninga, sem verið væri að gera.

Það er hægt að leysa vandamál sjávarútvegsins með öðru en tómum nýjum álögum á þjóðina; það er hægt að leysa vandamál sjávarútvegsins með álögum á auðmannastéttina í Reykjavík.

Hæstv. fjmrh. segir, að við tölum mikið um þessi mál. Ég sé nú ekki, að það hafi verið talað mikið um þessi mál. Ég veit a. m. k., að það hefði verið talað meira og af öðrum, ef það hefði verið verkfall verkamanna hér í Reykjavík, sem hefði stöðvað allan útveginn núna, og það hefði sungið öðruvísi og kveðið þá í stjórnarherbúðunum. Og það hefði verið talað um skemmdarverk kommúnista og annað slíkt. Það hefur ekki verið talað sérstaklega mikið um þessi mál nú. Það hefur verið óskað eftir, að þau væru rædd hér á Alþ., rædd í ró, en þau hafa ekki fengizt rædd, vegna þess að það er komin sú stefna í þessum málum hjá hæstv. ríkisstj. að ætla svo að segja alltaf að afgr. öll þessi mál án Alþ., semja um þau utan við Alþ., setja eigin flokkum á þingflokksfundum stólinn fyrir dyrnar, þegar búið sé að koma sér saman í ríkisstj., og píska síðan lausnirnar í gegn á Alþ. Þetta er aðferðin, sem farið er að nota. Það er meira að segja svo, að einföldustu upplýsingar um, hvaða vandi sé þarna á höndum, eins og í sambandi við sjávarútveginn, fást ekki lagðar fyrir Alþ. eða þingmenn, ekki einu sinni upplýsingar um það fjárhagslega og efnahagslega ástand í sjávarútveginum, ekki einu sinni þær upplýsingar, sem ríkisstj. þegar hefur fengið frá sínum svokölluðu hagfræðingum. M. ö. o.: Það er reynt að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess, að Alþ. geti sem minnst rætt um þessi mál. Alþ. er yfirleitt meðhöndlað eins og það væri fjandmaður ríkisstj., sem hún þurfi að króa inni.

Ég vildi aðeins segja þessi orð, sem ég hef sagt hér, við þessa umr., af því að mér finnst rétt, að það komi fram sökum þess, hve erfitt er að fá þessi mál yfirleitt rædd hér, að það ríki óánægja á meðal þm. með þennan hátt á afgreiðslu mála, sem hér er hafður. Það er talað um, jafnvel stundum af hæstv. fjmrh., að álit Alþ. hjá þjóðinni sé að minnka. Má ég spyrja: Hver er það, sem treður álit Alþ. niður, eyðileggur það, ef það er ekki hæstv. ríkisstj. með því að meðhöndla það á þennan hátt? Sumum ríkisstj. hefði máske fundizt ástæða til þess að gefa út heila skýrslu til Alþ. og þjóðarinnar um ástand eins og í sjávarútvegsmálunum og hvernig viðhorfið væri. Hæstv. ríkisstj. vill hins vegar helzt meðhöndla slíkt mál sem algert leyniplagg, sem ekki einu sinni þm. geti fengið að sjá. Ég skal hins vegar taka það fram, að það er ekki vegna þess, að ég búist við, að það sé svo mikið að græða á því, sem ríkisstj. hefur fengið í hendurnar, en það væri þó a. m. k., ef maður sæi það, máske hægt að benda henni á, hvaða upplýsingar vantaði í það.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að hefði sjútvmrh. verið hér við, hefði hann máske gefið upplýsingar, sem ég hefði spurt um, eða svarað. En má ég spyrja: Er alveg óhugsandi, að hæstv. fjmrh. geti gefið þær upplýsingar fyrir hans hönd? Enn sem komið er sitja þeir þó saman í ríkisstj. Enn sem komið er býst ég við, að sjávarútvegsmálin séu þó rædd í ríkisstj. í heild, og ef lausn þeirra er sett sem skilyrði fyrir afgreiðslu fjárl., þá býst ég við, að hæstv. fjmrh. hljóti að vera nokkuð kunnugt um, hvernig ástandið sé í þessum efnum. Fyrst hæstv. forsrh. hefur kosið að hafa þann hátt á að vera ekki viðstaddur og ætla ekki að leita þingfylgis fyrir þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir, sjálfur, þá hefði þess vegna verið viðkunnanlegt, að hæstv.

fjmrh. hefði nú gefið okkur upplýsingar fyrir hans hönd. En ég býst svo sem við, að það verði hafður sá háttur á, að það verði varizt allra frétta, þangað til búið sé að koma sér saman um álögurnar, og þegar búið sé að koma sér saman um álögurnar, þá verði sagt hér á Alþ.: Já, nú liggur á, allur flotinn er búinn að liggja í 20 daga, 30 daga, þjóðin tapar 3—4 millj. kr. á dag, og það er þó líklega enginn þm. hér, sem ætlar að fara að tefja málið á því að fara að spyrja um, hvort þetta sé eini hátturinn, sem hægt sé að leysa málið á? — Og það skyldu þó aldrei koma fyrirsagnir í blöðunum, ef hér yrðu haldnar ræður um 80 millj. kr. álögur á þjóðina, að það hefði verið hægt að leysa málið öðruvísi, að það væri verið að tefja fyrir því, að flotinn kæmist út? Ég hef a. m. k. stundum lifað það, að það hafi legið svo á, að það hafi verið bókstaflega talað um hvern klukkutíma, sem liði, og jafnvel komið stórar fyrirsagnir í blöðunum, þegar mál hefur staðið hér í þinginu einn dag eða tvo: Kommúnistar beita málþófi á Alþ. til þess að hindra, að sjávarútvegurinn gangi.

Hér erum við búnir að bíða, nú er 19. jan., nú er farið fram á að framlengja fjárl. til 1. febr. og það er enn þá ekki hægt að fá að ræða þau mál, sem snerta það, hvort fjárl. yfirleitt verði afgreidd. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst, að Sjálfstfl. geri lausn sjávarútvegsmálanna að skilyrði fyrir þingfylgi við fjárlögin. Er það nú nokkuð að undra, þó að þm. þess vegna komi með fyrirspurnir um þessi mál? Ég veit, að hæstv. fjmrh. ætlast til þess, að við líka í stjórnarandstöðunni séum góðu börnin og hjálpum nú þessu máli í gegn, í fyrsta lagi með því að lofa því að komast klakklaust í gegnum þrjár umr. hér á þingi á einum degi, eins og þeir eru vanir að gera við svona mál, í öðru lagi með því að tefja þau ekki í nefnd, í þriðja lagi með því að nota ekki okkar rétt til þess að tala um þau einu sinni eins og við gætum. M. ö. o.: Hann ætlast til þess, að við veitum honum þingfylgi um þetta mál, það gerðum við fyrir jólin, og það munum við vafalaust gera enn, á sama tíma sem hann lýsir því yfir, að það vanti þingfylgi fyrir fjárl. En minna mátti það ekki vera en að við létum hæstv. ríkisstj. heyra það, þegar hún fer fram á afgreiðslu þessa máls, að þetta stjórnleysi í landinu getur ekki gengið. Það er minnst að veita henni heimild til þess að greiða án fjárl. 2 millj. kr. úr ríkissjóði, en að láta henni haldast uppi að kasta 3—4 millj. kr. í sjóinn hvern dag, það er hart. Við hefðum ekkert séð eftir því að veita hæstv. fjmrh. þessa heimild, sem hann fer fram á, en að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa getað bjargað hinum verðmætunum, sýnir, að hún ætti að vera farin frá.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja hér örfá orð í sambandi við þetta mál, af því að þannig stendur á, að hæstv. forsrh. er hér ekki viðstaddur nú, en nokkuð hefur verið vikið að honum og einnig afstöðu Sjálfstfl. í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram.

Hæstv. fjmrh. gat um það hér áðan í sinni ræðu, að hann hefði gert grein fyrir því fyrir áramót, að hann hefði talið, að hægt væri að afgr. þá fjárl., en um það hefði ekki náðst samkomulag í ríkisstj. eða milli stjórnarflokkanna. Þetta er alveg rétt, eins og skýrt var frá af hálfu hæstv. forsrh. þá á sama þingfundi, og gerð grein fyrir því, að Sjálfstfl. teldi, að ekki væri auðið að afgr. fjárl. endanlega, fyrr en séð væri, hvaða leiðir yrðu farnar til þess að leysa vandamál útvegsins, þar sem það hlyti að hafa margvísleg áhrif á afkomu ríkissjóðs, til hverra úrræða yrði gripið í því efni, og þar sem sýnt væri, að það yrði að leggja alla áherzlu á að hraða því máli, þannig að því gæti orðið lokið sem allra fyrst eftir áramótin, ætti það ekki að þurfa að skapa nein vandkvæði, þó að fjárlagaafgreiðslan yrði látin bíða, þar til séð væri, hvaða úrræði yrðu fundin í sambandi við sjávarútvegsmálin.

Þessi afstaða Sjálfstfl. hefur ekkert breytzt að þessu leyti. Ég hygg, að allir hv. þm. muni vera sammála um það, að afkoma, ekki aðeins ríkissjóðsins, heldur þjóðarbúsins alls, veltur á því, að það takist að halda þessum undirstöðuatvinnuvegi gangandi, og að það velti því umfram allt annað á því að finna úrræði í því efni. Og þar sem, eins og ég gat áðan um, hlaut að verða að leggja áherzlu á, að það mál leystist sem skjótast upp úr áramótum, þá átti það ekki að þurfa að skapa nein vandkvæði, þó að jafnvel þyrfti að afgr. málið um sinn með bráðabirgðafjárgreiðslum jafnvel fram undir mánaðamótin, en væri hins vegar mun eðlilegra, þegar það hlyti að koma til álita, bæði í sambandi við fjárl. og lausn útvegsmálanna, að leggja á nýja skatta í einu eða öðru formi, og til þess að þar yrði samræmi á milli, þá væri rétt að afgr. það sameiginlega. Það er því kannske ekki alveg nákvæmlega rétt frá sagt af hæstv. fjmrh., að þingfylgi skorti fyrir afgreiðslu fjárl. Þingfylgi skortir ekki fyrir afgreiðslu þeirra á annan veg en þann, að sjálfstæðismenn hafa talið, að rétt væri að bíða, eins og ég áðan gat um, en það felst alls ekki í því, að Sjálfstfl. sýni eða vilji sýna neina tregðu í því að afgr. skynsamleg fjárl. Því hefur hann sýnt fullan vilja á undanfarin ár og mun ekki heldur skorast undan því nú, þó að hann vilji að öðru leyti hafa þessi vinnubrögð á.

Ég held, að þetta, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, liggi ákaflega ljóst fyrir, og það er engin launung á þessari afstöðu og þarf þess vegna ekki af hv. 2. þm. Reykv. (EOl) né öðrum að vera að breiða sig út yfir það eða vera með nokkrar getgátur um það efni. Það liggur hreint og ljóst fyrir, hver afstaðan er að þessu leyti.

Hv. 2. þm. Reykv. benti á það, sem öllum er ljóst að er alvörumál, að útgerðin stöðvist langan tíma, en það er áreiðanlega ekki síður áhyggjuefni ríkisstj. og þingflokka hennar en stjórnarandstöðunnar, að svo sé. En það er rétt að vekja athygli á því, að það er auðvitað, eins og hæstv. fjmrh. sagði, mjög auðvelt að leysa þennan vanda á þann hátt að ganga að öllum þeim kröfum, sem fram eru bornar. Það er eins og í sambandi við aðrar deilur, vinnudeilur og kröfur, sem risið hafa, að þá er ósköp einfalt að leysa málið á þann veg. En mig undrar það nú sannast sagt mjög, ef það er skoðun kommúnista a. m. k., að það beri að leysa þetta mál á þann veg að ganga að öllum þeim kröfum, sem útvegsmenn

hafa fram borið. Það stingur a. m. k. nokkuð í stúf við það, sem áður hefur verið borið fram sem ásökun, ekki hvað sízt á hendur Sjálfstfl., að hann vilji ætíð ganga fram fyrir skjöldu til að verja hagsmuni atvinnurekenda og auðmanna, eins og það er orðað, ef það á nú að vera honum til dómsáfellis að hafa ekki viljað orðalaust ganga að öllum þeim kröfum, sem útgerðarmenn og frystihúsaeigendur báru fram í sambandi við útvegsmálin. Sanuleikurinn er sá, að orsök þess, að ekki hefur enn tekizt að ná hér saman endum, er fyrst og fremst sú, að ríkisstj. og þá ekki síður Sjálfstfl. hefur ekki viljað fallast á þær kröfur, sem taldar hafa verið óréttmætar. Það er skoðun Sjálfstfl., að þetta mál beri að leysa sem skjótast og að það verði að leysast á þann veg, að útgerðin geti gengið, en þó án þess, að óeðlilega miklar álögur séu lagðar á þjóðina í því sambandi. Það hefur áreiðanlega ekki verið legið á liði sínu við að reyna að ná samkomulagi um lausn þessara mála, og það er algerlega ástæðulaust fyrir hv. 2. þm. Reykv. að vera hér með dylgjur um það, að hæstv. forsrh. muni ekki hafa lagt sig svo sérlega fram í því máli, hann hafi a. m. k. gefið sér tíma til að mæta á fundi suður á Keflavíkurflugvelli. Það skal nú að vísu upplýst, að hann mætti þar ekki, fyrst og fremst vegna anna í sambandi við þetta mál. Og það hafa verið stöðugir fundir nú að undanförnu og viðleitni í þá átt að leysa þennan vanda. (EOl: Hann ætlaði að mæta.) Já, það þýðir ekki sama og að hann hafi mætt. (Gripið fram í.) Já, hann sagði frá því, að hann ætlaði að mæta, en það er einnig sagt frá því, að hann hafi ekki mætt sökum anna, og það hefði þessi hv. þm. einnig mátt lesa, þannig að það er alveg ástæðulaust að vera með nokkrar dylgjur í því efni, að hann hafi ekki lagt sig fram og sýnt fullan áhuga á að leysa þetta mál og ég held ríkisstj. yfirleitt.

Annars er ákaflega kynleg afstaða kommúnista í sambandi við þessi útvegsmál, að annan daginn eru sjálfstæðismenn skammaðir fyrir það, að þeir vilji ekki ganga að öllum kröfum, sem bornar eru fram af útveginum, hinn daginn eru þeir skammaðir fyrir að veita útveginum allt of mikil fríðindi. Ég man eftir því, að þeir voru mjög ásakaðir fyrir bátagjaldeyrinn á sínum tíma. Þeir voru alveg jafnmikið skammaðir fyrir það, þegar á s. l. ári var gerð ráðstöfun til þess að skerða bátagjaldeyrisréttindin, þannig að það er ákaflega vandlifað að þessu leyti, en sýnir, hvað það er ákaflega lítið mark að taka á öllu þessu glamri. Það leysast engin vandamál á þann hátt, heldur verður að reyna að vinna að þeim af einlægni og reyna að finna skynsamlegan grundvöll, sem geti leitt til farsællar niðurstöðu fyrir þjóðarbúið. Við stöndum andspænis þeim vanda, bæði í sambandi við fjárl. og útvegsmál okkar og atvinnumál yfirleitt, að þau lenda með meiri og meiri þunga á ríkissjóði, sem leiðir aftur af sér, að það þarf að leggja nýjar álögur á þjóðina. Þetta verður alltaf eðlileg niðurstaða, þegar meiri kröfur eru gerðar á hendur atvinnuvegunum en þeir geta risið undir, og er sá mikli vandi, sem íslenzka þjóðin á við að stríða og verður því miður æ þungbærari sem líður.

Þetta taldi ég rétt aðeins að kæmi hér fram í sambandi við þær umr., sem hér hafa orðið um bæði útvegsmálefnin og afgreiðslu fjárlaga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 461).

---

11. Sala Laugarness í Reykjavík.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ríkið keypti eignina Laugarnes eða erfðafesturéttindin þar árið 1946, þegar ráðgert var að reisa þar menntaskóla. Síðan er alveg frá því horfið, ríkið hefur ekkert við þessi réttindi að gera, og er því langeðlilegast, að Reykjavíkurbær fái þau, enda mun hann vera fús á að kaupa, þó að ekki sé raunar enn a. m. k. fullt samkomulag um greiðsluskilmála. Ég held, að það standi ekki á um verð, heldur frekar um greiðsluskilmála. En talið er, að það þurfi að fá lagaheimild til þess að selja eignina, og þess vegna er þetta litla frv. fram borið.

Eins og menn vita, er nú ætlunin að reisa menntaskóla norðan til í Eskihlíðinni, og er þegar byrjað er á mannvirkjum þar, þótt síðan hafi af fjárfestingarástæðum frestazt að halda byggingunni áfram, en a. m. k. er fullvíst, að ekki verður farið með bygginguna inn í Laugarnes, heldur tel ég afráðið, að þegar tímabært þyki að halda henni áfram, verði það þar, sem nú er búið að grafa grunn. — Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 159).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 5, n. 241).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af hæstv. ríkisstj., og Nd. hefur fallizt á efni þess og samþykkt það óbreytt eins og það var fram lagt. Það, sem hér er um að ræða, er að heimila ríkisstj. að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, sem um semur. Reykjavíkurbær var eigandi að þessu landi, en árið 1946 keypti ríkissjóður erfðafesturétt að landinu og nokkur hús og mannvirki, sem þar voru. Var þetta gert með það fyrir augum að tryggja þennan stað til seturs fyrir menntaskólann í Reykjavík, sem þá hafði komið til orða að byggður yrði að nýju á þessum stað. Frá þessu hefur nú verið horfið og menntaskólanum valinn annar staður, — skal ég ekki fara út í það mál, — en þar með er talið, að ríkissjóður hafi ekki not fyrir þessi erfðafesturéttindi eða þau mannvirki, sem um er að ræða þarna á eigninni. Er því lagt til í þessu frv., að ríkisstj. verði heimilað að selja Reykjavíkurbæ þessar eignir, og fellst fjhn. á, að það sé réttmætt og eðlilegt, þar sem Reykjavík mun vilja kaupa eignirnar, og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það koma alltaf fyrir mann í lífinu þau atvik, að maður getur varla orða bundizt, stundum fyrir ánægju og stundum fyrir sorg, og hér er það gleði, sem gerir að verkum, að ég stend upp. Ég hef áður staðið í stríði oft á fundum og í blöðum við þá hv. menn, sem nú standa að þessu frv., og deilt við þá um það, hvort allar jarðeignir og lóðir ættu að vera eign þess opinbera — ríkis eða bæja — eða ekki, en ekki um að tala, þær áttu ekki að vera eign hins opinbera. Bærinn bjó til lóðir með uppfyllingu hér á hafnarbakkanum, og bærinn seldi þær til einstaklinga. Það opinbera vildi og mátti ekki eiga þær að dómi hv. sjálfstæðismanna. Þess vegna var fylgt þeirri grundvallarreglu í Reykjavík að selja og selja. — Þegar ég svo allt í einu sé sömu mennina hafa vitkazt það að hafa horfið af blessuðu barnasjónarmiðinu og eru farnir að sjá sjónarmið heildarinnar, þá gleðst ég, og ég get ekki annað en látið þá gleði mína koma fram í þingtíðindunum, því að mér hefur alltaf verið sama, hvort lóðirnar væru eign bæjar eða ríkis, og treysti því, að þó að bærinn eignist þær, verði þær ekki seldar til einstaklinga.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 262).

---

12. Rithöfundaréttur og prentréttur.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 3. fundi í Ed., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var í júnímánuði 1954 í samræmi við rökstudda dagskrá, sem samþ. var í þessari hv. þd. á þinginu 1953—54, og var sú rökstudda dagskrá afgreiðsla þess þings á frv. til l. um breyt. á l. um rithöfundarétt og prentrétt, er lagt hafði verið fyrir Alþingi haustið 1953. Rökstudda dagskráin hljóðaði, með leyfi hæstv. forseta, svo:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti þegar rannsaka til hlítar, hvernig reynzt hefur í framkvæmd innganga Íslands í Bernarsambandið, enn fremur, hvernig svo fámenn þjóð sem Íslendingar geti bezt og hagkvæmast skipað gagnkvæmri vernd höfundaréttar, og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta þing, svo og geri þær ráðstafanir, sem hún

telur að ekki þoli bið, til þess að tryggja rétt íslenzkra höfunda í Bandaríkjunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Í samræmi við þessa rökstuddu dagskrá beitti menntmrh. sér fyrir því, að skipuð var nefnd til að kanna þau efni, sem í rökstuddu dagskránni segir, og það, sem athuga þurfti eða þótti þurfa í sambandi við það, og voru af menntmrh. tilnefndir þeir hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson og dr. Þórður Eyjólfsson. Bandalag íslenzkra listamanna tilnefndi þá Sigurð Reyni Pétursson hrl. og Tómas Guðmundsson skáld og Bóksalafélag Íslands Gunnar Einarsson prentsmiðjustjóra. Jón Ásbjörnsson var skipaður formaður nefndarinnar.

Þessi n. hefur starfað síðan og skilaði hinn 26. sept. 1955 allýtarlegu nál., sem er prentað sem fskj. með því frv., sem hér liggur fyrir, en í þessu nál. er lagt til, að Ísland gerist aðili að þessu svokallaða Genfarsamkomulagi um höfundarétt, sem undirritað hafði verið 1952. Alþingi hafði að vísu áður, 1953, samþ. að heimila stjórninni að gerast aðili að þessum samningum, en eftir að rökstudda dagskráin, sem ég vitnaði í, hafði verið samþykkt, þótti ekki tilhlýðilegt að beita þeirri heimild, fyrr en nál. og ný samþykkt Alþingis lægi fyrir, vegna þess að nauðsynlega þarf að breyta höfundaréttarlögunum íslenzku, áður en aðild fæst að þessu Genfarsamkomulagi.

Frv., sem nú er lagt fram, er hliðstætt frv., sem lagt var fram haustið 1953 og rökstudda dagskráin var samþykkt við, en þó hygg ég þann mun vera á, að þar var ráðgert, að þýðingar nytu alveg sams konar réttar og önnur rit, en í því frv., sem hér er lagt fram, er ráðgert, að þýðingarnar njóti verndar í 25 ár, en lengri tíma þarf ekki að veita vernd samkv. Genfarsamkomulaginu.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál á þessu stigi, en eftirtektarvert er, að nefndin, sem er skipuð bæði fulltrúum listamanna og fulltrúa Bóksalafélagsins, sem hafði verið andvígur þátttöku Íslands í slíkum alþjóðasamningum áður, eða a. m. k. dregið í efa, að slík þátttaka væri réttmæt, og loks tveimur hæstaréttardómurum, verður öll sammála um að leggja til, að við gerumst nú aðilar að þessu Genfarsamkomulagi, og virðist enginn ágreiningur hafa komið upp um það í nefndinni, eins og n. virðist einnig vera sammála um það, að ríkisvaldið hafi ekki ástæðu til þess að skipta sér frekar af störfum STEFS en gert hefur verið fram að þessu. En hún var einmitt sérstaklega spurð um það, hvort ástæða þætti til eða mundi vera til, að ríkið léti þau mál frekar til sín taka en áður, eða rétt væri að skipa þeim með öðrum hætti en upp hafði verið tekinn.

Auðvitað bindur sú ákvörðun eða sú till. nefndarinnar, sem hér liggur fyrir, ekki Alþingi, en úr því að Alþingi eða hv. d. hafði óskað eftir rannsókn og fram hefur farið hlutlaus rannsókn í málinu, þá virðist hún óneitanlega hljóta að vera mjög þung á metum.

Á fyrri stigum málsins var nokkuð deilt um það, hvort þetta mál ætti að heyra undir menntmn. eða allshn. Ég hygg, að í Nd. hafi frv. verið lagt fyrir menntmn., en hér í Ed. var það samþ., að hv. allshn. skyldi fjalla um málið, og þar sem allshn. gerði það hér og það var eftir hennar till. eða nefndarhluta úr allshn., sem sú rannsókn var hafin, sem nú liggur fyrir, þá virðist mér eðlilegast, að málið fari að þessu sinni aftur til allshn., þannig að hún íhugi það. Geri ég það að till. minni, jafnframt því sem ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. að umræðu lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 145).

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er, eins og þdm. sjálfsagt rekur minni til, gamall kunningi. Frv. var rætt mjög mikið hér á þingi 1953, og kom þá fram um málið nokkur ágreiningur, þó aðallega þess efnis, að áður en lagafrv. væri samþ., væri rannsakað, hvernig reynzt hefði í framkvæmd innganga Íslands í Bernarsambandið, og enn fremur, hvernig svo fámenn þjóð sem við Íslendingar erum geti bezt og hagkvæmast skipað gagnkvæmri vernd ríthöfundaréttar o. s. frv.

Þessi dagskrá var samþ., og samkv. henni beitti menntmrn. sér fyrir því, að skipuð var 5 manna nefnd til þess að rannsaka þau atriði, sem í dagskránni greinir, og reyndar fleiri atriði. Voru skipaðir í n. af rn. hálfu Jón Ásbjörnsson hrd. og Þórður Eyjólfsson hrd. Aðrir menn í n. voru Sigurður Reynir Pétursson, Tómas Guðmundsson skáld, en Bóksalafélagið skipaði Gunnar Einarsson prentsmiðjustjóra. Jón Ásbjörnsson hrd. var svo skipaður form. nefndarinnar.

Þessi n. tók til athugunar þau atriði, sem í dagskránni greinir og ég minntist á hér áðan, og n. hefur komizt að samhljóða niðurstöðu um, að það sé eðlilegt, að við tökum þá ákvörðun, sem deilt var um í sambandi við þetta frv., þegar það kom fram hér 1953, en hún er sú, að Ísland gerist aðili að millirikjasamningi um vernd höfundaréttinda, sem undirritaður var í Genf 6. sept. 1952. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nauðsynleg samræming á íslenzkri löggjöf, um leið og við undirritum þennan samning, og allir þessir nm., sem eru mjög hæfir menn, álíta Íslandi hag í því að vera í þessu sambandi, og sýna fram á, að í þetta samband hafa flestar menningarþjóðir gengið, m. a. Norðurlandaþjóðirnar, sem er nú oft til vísað, þegar við erum að ræða um einhverjar fyrirmyndir okkur til handa.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa frekari framsögu um þetta mál með tilliti til þess, hve mikið var rætt um það hér 1953, og einnig með tilliti til þess, að því fylgir grg., sem er svo ýtarleg, að ég efast um, að öðru frv. hafi fylgt öllu ýtarlegri grg. hér á Alþ.

N. leggur, eins og nál. ber með sér, samhljóða til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 258).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á l. um ríthöfundarétt og prentrétt, og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.
Frv. er stjórnarfrv., flutt í Ed., og var afgreitt þaðan án breytinga. Ég tel ekki ástæðu til að lýsa efni frv. hér, enda er nákvæm grein gerð fyrir því í athugasemdum við frv. Allshn. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 276).

---

13. Tollafgreiðslustöðvun.

Á 51. fundi í Nd., 27. jan., var útbýtt:
Frv. til laga um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu [144. mál] (stjfrv., A. 297).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og sagt er frá í grg. þessa frv., er gert ráð fyrir, að næstu daga verði sett lög um ýmsar hækkanir á aðflutningsgjöldum. Það hefur verið ljóst um alllangt skeið, að þetta mundi verða gert, en þó augljósara síðustu dagana, eftir að birt var, hvað ríkisstj. ætlaðist fyrir í málefnum útvegsins. En það er auðvitað, að þegar þetta hefur verið á almannavitorði, hafa allir innflytjendur vafalaust reynt að láta tollafgreiða þær vörur, sem komnar hafa verið inn í landið. Það er vitað mál, því að allir hafa búizt við, að þá og þegar kæmi að því, að þessi nýju gjöld yrðu lögð á svo að segja á svipstundu.
Auðvitað væri æskilegast, að hægt væri að leggja á slík gjöld á örstuttum tíma, þannig að menn gætu ekki komið viðskiptum sínum neitt fyrir með tilliti til þess, sem verið er að gera. En það er ekki hægt, eins og ástatt er hér hjá okkur, að koma því við. Það tekur einhvern tíma að afgreiða slík mál, og þá er um að gera að reyna að draga úr þeim óróa í viðskiptalífinu, sem af því stafar, eftir því sem mögulegt er. Nú hefur ríkisstj. átt tal um þetta mál undanfarna daga við leiðtoga stjórnarandstöðunnar, og það hefur verið rætt, hvað hægt væri að gera til þess að minnka hættuna á óróa og misrétti, sem af því gæti stafað, að það tekur nokkurn tíma að afgreiða tekjuöflunarfrumvörp. Og eitt af því, sem mönnum hefur komið saman um, er, að það væri eðlilegt að banna tollafgreiðslu á vörum einhverja daga, og stingur stjórnin upp á, að það sé gert dagana 28.—31. jan., í því trausti, að þá verði meðferð þessara mála lokið, þ. e. a. s., að þetta bann gildi fyrir morgundaginn og svo áfram þar til að kvöldi 31. janúar.
Leiðtogar stjórnarandstæðinga hafa heitið því stuðningi sínum, að þetta frv. næði fram að ganga, og heitið að greiða fyrir því, að það gæti orðið nú í kvöld, áður en starfsdagur hefst í fyrramálið.
Ég skal taka það fram vegna orðalagsins á frv., sem kemur máske sumum nokkuð ókunnuglega fyrir, að í lögunum um tollskrá er tekið fram, að þegar aðflutningsgjaldabreytingar séu gerðar, skuli línan dregin þannig, að tollafgreiðsla hafi farið fram, ef hlutaðeigandi hefur skilað öllum skjölum og ekkert vantar í, áður en að þeim tíma kemur, að nýju aðflutningsgjöldin taka gildi. Það er talin tollafgreiðsla, enda þótt tollstofnunin hafi ekki komið því við að taka við peningunum. Innflytjandinn á ekki að gjalda þess, þó að vegna annríkis tollstofunnar eða einhvers dráttar hennar hafi ekki verið búið að taka á móti peningunum, ef allt er í lagi, sem með þarf frá hans hendi.
Ég held, að það sé ekki ástæða til að greina nánar frá málinu. Ég býst við, að allir séu sammála um, að það sé skynsamlegt að gera þessa ráðstöfun. Það er vitað mál, að ef frumvörp liggja fyrir um verulegar hækkanir á tollum, þá veldur það miklum óróa og áróðri á bankastofnanir og fleiri stofnanir; menn vilja þá endilega koma sínum tollafgreiðslum í gegn. Það getur skapazt í því sambandi ýmiss konar misrétti, og svo er auðvitað æskilegra, að hin nýju aðflutningsgjöld geti komið til framkvæmda með sem minnstum fyrirvara og birgðir

þær, sem liggja í landinu og afgreiddar hafa verið með lægri tollum, séu sem minnstar. En vitaskuld hefur verið alveg ómögulegt að fyrirbyggja, að undanfarið hefur verið mjög mikið tollafgreitt, þar sem svo mikið hefur verið talað um, að það ætti að leggja á nýjar álögur. Þannig hlýtur það alltaf að verða, þegar slíkt liggur í loftinu. Það er vitanlega ekki hægt að stöðva viðskiptin vikum saman, þó að það sé hægt að gera það nokkra daga, meðan mál eru afgreidd á Alþingi.

Ég vona, að menn geti fallizt á þetta frv. Sé ég ekki ástæðu til, að því verði vísað til n., þar sem það hefur verið skoðað sameiginlega af stjórninni og leiðtogum allra stjórnarandstöðuflokkanna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þó að það gangi stundum fullilla fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að fá svör hjá hæstv. ráðherrum við einföldum spurningum, sem við leggjum hér fyrir, upplýsingar í sjálfsögðum málum, þó að það gangi svo illa, að til skammar er, að fá afgreidd úr nefndum þau mál, sem nú eru búin að liggja þar í 3 mánuði, og stjórnarliðið setjist á þau, þá er það þannig, að þegar ríkisstj. liggur mikið á og veit, að hún getur ekki komið málum hér fram, ef stjórnarandstaðan notar sinn rétt, þá kemur hún til stjórnarandstöðunnar og biður hana um, hvort hún vilji ekki vera góð og þingræðisleg og elskuleg við stjórnina og hleypa málinu í gegn, sem stjórnarandstaðan hefur á sínu valdi að stöðva. Og eins hefur farið í þetta skiptið.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, hefði jafnvel gjarnan mátt koma fyrr fram og mætti að mínu áliti jafnvel ganga lengra. Og það er enginn efi, að það er þegar búið að gera mörgum mönnum mikið misrétti í sambandi við þessa hluti, þegar það fór strax að kvisast, hvað í aðsigi væri. Hins vegar er það alveg rétt, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, að nokkuð getur þetta bjargað enn þá að afstýra þeirri „panik", sem annars mundi verða. Þess vegna höfum við formenn stjórnarandstöðuflokkanna sagt það við hæstv. ráðherra, að við mundum ekki tefja neitt fyrir framgangi þessa máls hér á þinginu. En það væri gott, að hæstv. ríkisstj. myndi það oftar en þegar hún þarf á að halda, að hér á að vera þing og hér á ekki bara að afgreiða mál í lokuðum þingflokksherbergjum og að hér eiga að vera nefndir, sem starfa og afgreiða mál, en eru ekki bara kirkjugarður fyrir þau. Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri til þess að minna hæstv. ríkisstj. á þetta, að eins og hún ætlast til þess, að stjórnarandstaðan sé fullkomlega ábyrg gerða sinna í þessum efnum, eins þarf ríkisstj. að sýna sig gagnvart stjórnarandstöðunni í þeim málum, sem eiga að hljóta afgreiðslu hér á þingi, hvort þau eru samþykkt, felld eða afgreidd á annan hátt, — bara ekki svæfð.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd Alþfl. taka það fram, að Alþfl. mun stuðla að því, að þetta frv. nái afgreiðslu hér á hinu háa Alþ. í kvöld. Í frv. er tekið fram það, sem raunar hefur verið vitað nokkra undanfarna daga, að á næstunni muni verða borin fram og þá væntanlega samþ. af stjórnarflokkunum hér á hinu háa Alþ. frumvörp um ýmsar hækkanir á aðflutningsgjöldum. Þetta hefur legið í loftinu undanfarna daga og er nú berlega tekið fram í grg. þessa frv.

Þótt við í stjórnarandstöðuflokkunum stuðlum að því, að þetta frv. nái fram að ganga, felst í því að sjálfsögðu engin afstaða til þeirra frv., sem munu væntanlega sjá dagsins ljós á næstunni. Við munum taka afstöðu til þeirra eftir því, sem efni málsins gefur tilefni til. En fyrst hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún muni leggja fram slík frumvörp, teljum við sjálfsagt, að allar færar ráðstafanir séu gerðar til þess að koma í veg fyrir, að það ástand, sem skapazt getur, ef slíkt liggur í loftinu, verði ekki einstaklingum að féþúfu. Þess vegna munum við stuðla að því, að þetta frv. nái afgreiðslu sem skjótast þegar í kvöld.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram af hálfu okkar þjóðvarnarmanna í sambandi við þetta frv., að við höfum á það fallizt að verða ekki að okkar leyti meinsmenn þess, að það nái hér skjótlega fram að ganga, en með því tökum við að sjálfsögðu enga afstöðu til þeirra frumvarpa, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú boðað. Það munum við vitanlega gera, þegar þau liggja fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefur nú um nokkurn tíma verið ljóst, að það mundi þurfa að afla verulegra tekna bæði vegna fjárl. og eink-

um vegna ráðstafana í sambandi við vandkvæði sjávarútvegsins.

Það hefði náttúrlega verið æskilegast, að hægt hefði verið að afgreiða slíkar tekjuöflunartill. alveg umsvifalaust, t. d. á einni nóttu, til þess að þær þyrftu ekki að valda neinum truflunum í viðskiptalífinu, á meðan þær liggja fyrir þinginu, en það er ekki hægt að hafa þann hátt á. Ekki er hægt að afgreiða svo stór mál í svo hraðri sveiflu, og stjórnin hefur þess vegna átt viðræður um það við leiðtoga stjórnarandstæðinga, hvað hægt væri að gera til þess að draga úr óróa og jafnvel koma í veg fyrir misrétti, meðan á afgreiðslu slíkra mála stæði, og mönnum hefur komið saman um, að það mundi vera skynsamlegt að setja stöðvun á tollafgreiðslu vara í nokkra daga í þessu sambandi. Hefur stjórnin lagt til, að þessi háttur verði á hafður frá því í fyrramálið og þangað til að kvöldi 31. janúar í trausti þess, að á þeim tíma takist að afgreiða þessi mál frá hv. Alþ.

Það er vitanlegt, að menn hafa nú um alllanga hríð séð fyrir, að það hlaut að verða lagt á eitthvað verulegt af nýjum aðflutningsgjöldum, og hafa því vafalaust reynt að hraða innflutningi og fá tollafgreiðslu án tafar og hafa sjálfsagt hert á sér mjög í þessari viku í því sambandi, og sjálfsagt meir og meir með hverjum deginum sem liðið hefur, vegna þess að menn hafa búizt við, að á næstu klukkustund yrðu þessar ráðstafanir gerðar. Það hefur ekki verið hægt að koma í veg fyrir þetta, því að það er ómögulegt að halda viðskiptum föstum í margar vikur, en það hefur verið á almanna vitorði undanfarið lengi, að ráðstafanir yrðu gerðar. Það má þó búast við því, að óróinn fari mjög vaxandi í þessu tilliti eftir að frv. sjálf væru komin fram og á meðan þau lægju fyrir til afgreiðslu. Úr því væri hægt að bæta með því að setja ákvæði eins og þau, sem hér er gert ráð fyrir. Auk þess er auðvitað æskilegra, að birgðir geti verið fremur minni en meiri í landinu, þegar slíkar hækkanir öðlast gildi.

Um orðalagið á frv. er það að segja, að það kemur máske sumum dálítið einkennilega fyrir sjónir, að það er þannig tekið til orða, að þessa daga skuli ekki tekið við skjölum til tollafgreiðslu á aðfluttum vörum. En það orðalag byggist á því lagaákvæði í gildandi tollskrá, að það telst tollafgreiðsla, ef innflytjandi hefur skilað öllum nauðsynlegum gögnum, og missir hann engan rétt, þótt staðið hafi á tollstöðinni að afgreiða mál hans og taka við peningunum. Það er sem sagt miðað við afhendingu skjalanna. Þess vegna er þetta orðalag viðhaft.

Nú hafa leiðtogar stjórnarandstæðinga verið í ráðum með að útbúa þetta mál og fylgzt með því og heitið því stuðningi sínum og fyrirgreiðslu, að það geti orðið að lögum nú í kvöld. Þess vegna tel ég ekki nauðsynlegt að gera till. um nefndarskipun hér, fremur en gert var í hv. Nd. Ég vildi biðja hæstv. forseta að greiða fyrir sitt leyti fyrir málinu með því að halda fundi áfram, unz því er lokið.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Eins og lýst var yfir í Nd. af hálfu Alþfl.-þm. þar, höfum við þm. Alþfl. ákveðið að greiða götu þessa frv. Við teljum sjálfsagt að gera þessa tilraun til þess að hefta það gróðabrall, sem búast má við að magnist og viðleitni verði til í sambandi við þá vitneskju, sem er um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. um hækkun á ýmsum aðflutningsgjöldum. Ég hefði vænzt, að hæstv. ríkisstj. hefði séð sér fært og talið ástæðu til að gera fleiri ráðstafanir en þessa eina til þess að draga úr slíku gróðabralli, en mun nú samt sem áður fylgja því, að þessi ráðstöfun sé gerð, sem hér greinir.

Ég mun því fyrir mitt leyti og við Alþfl.-menn flýta fyrir því, að þetta mál fái afgreiðslu, og ekki koma með neinar till. um, að því sé vísað til nefndar. Hins vegar þarf ekki að taka það fram, að þar með er að sjálfsögðu ekkert sagt um afstöðu okkar til þeirra tekjuaukafrv., sem til er vísað í þessu frv., sem nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 301).

---

14. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 52. fundi í Ed., 28. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga [145. mál] (stjfrv., A. 302).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (GíslJ): Með því að hér er um mjög mikið fjárhagsmál að ræða og þskj. hefur verið útbýtt nú á þessum fundi, þykir mér rétt sem forseta að gefa hv. þm. tækifæri til þess að kynna sér nokkru nánar innihald frv. og mun því fresta umr. til kl. 4 í dag, en þá verður fundi haldið áfram. (Gripið fram í.) Nei, það hefur verið ákveðið að hafa þessa meðferð á

málinu. Það gefur hv. þm. tækifæri til þess að kynna sér innihald frv., áður en 1. umr. byrjar.

Umr. er frestað þar til kl. 4 í dag, þá verður fundur settur að nýju og málið tekið fyrir. — [Fundarhlé.]

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ríkisstj. og meiri hl. fjvn. eru sammála um, að ekki sé mögulegt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög nema með því að afla ríkissjóði viðbótartekna. Þetta frv. er lagt fram til þess að afla þeirra tekna, sem þessir aðilar eru sammála um að þurfi til þess að ná endunum saman á fjárlagafrv. Það eru um 47—49 millj. kr.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér innihald fjárlaganna, en vísa um þörfina á þessu fjármagni til fjárlagafrv. og þeirra skýringa, sem við það hafa verið fluttar, bæði í grg. þess og eins í nál. meiri hl. hv. fjvn.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að því, hvernig ætlazt er til samkvæmt þessu frv., að þessara fjármuna sé aflað.

Fyrst er till. um, að vörumagnstollur verði innheimtur með 340% álagi í stað 250% álags. Ég hef látið athuga, hvað vörumagnstollurinn ætti að vera innheimtur með háu álagi, til þess að hann væri jafnhár í hlutfalli við framfærsluvísitölu og verðlag í landinu og hann var árið 1951, þegar hann var ákveðinn að grunni til. Hagstofan segir, að þá ætti álagið að vera 336%, en hér er stungið upp á 340% álagi, og verður vörumagnstollurinn þá því sem næst hlutfallslega jafnhár og hann var, þegar hann var lögfestur að grunni til, eins og ég sagði áðan. Gert er ráð fyrir, að þetta ákvæði gefi 6—7 millj. í tekjur yfir árið.

Þá er lagt til, að verðtollsálagið verði hækkað úr 45% í 80%. Verðtollsálagið var í nokkur ár 65%, en var lækkað á þinginu 1950 niður í 45% og hefur staðið þannig síðan. Nú er stungið upp á, að þetta álag sé sett nokkru hærra en það var fyrir 1950, eða 80%. Er þetta gert vegna þess, hve brýn nauðsyn er á að afla tekna til ríkisins, og var komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki fært að gera það með öðru skárra móti til viðbótar öðrum þeim ráðstöfunum, sem í frv. greinir, en með því að hækka verðtollsviðaukann. Það er gert ráð fyrir því, að þetta ákvæði færi ríkissjóði yfir árið um það bil 35 millj. kr. tekjur.

Þá er næst lagt til, að sérstakt innflutningsgjald af benzíni verði hækkað um 20 aura. Innflutningsgjald af benzíni hefur staðið óbreytt hér síðan árið 1949, 31 eyrir af hverjum lítra, en vörumagnstollur sem svarar 15 aurum af hverjum lítra og hefur líka staðið óbreyttur frá 1949. Ef benzínskatturinn ætti að færast til samræmis við breytt verðlag í landinu samkvæmt framfærsluvísitölu, ætti að hækka aðflutningsgjöld á lítra um 47 aura rúmlega, og yrðu þau þá jafnhá í hlutfalli við framfærsluvísitölu og þau voru árið 1949, þegar þau voru sett. En hér er þó aðeins lagt til, að innflutningsgjaldið hækki um 20 aura.

Er gert ráð fyrir því, að 5 aurar af þessari hækkun renni í brúasjóð og mundu það verða um 2½ millj. kr. viðbótartekjur fyrir brúasjóð, og 5 aurar verði notaðir til að koma upp nýjum sjóði til þess að standa undir kostnaði við að leggja vegi á milli byggðarlaga. M. a. er gert ráð fyrir því, að Austurvegur njóti þar verulega góðs af. Sá sjóður mundi þá hafa árlegar tekjur nálægt 2½ millj. kr. Hinir 10 aurarnir eiga að renna til ríkissjóðs, og mundi það nema yfir heilt ár sem næst 5 millj. kr., sem til hans rynni.

Rétt er að geta þess, að svo ört hækkar hér kostnaður við vegamálin, að á fjárlagafrv. mun kostnaður við vegamál, þegar það verður endanlega afgreitt, ekki verða undir 12 millj. kr. hærri en hann var á síðustu fjárlögum. Svo ört hækkar kostnaðurinn við þessi mikilsverðu mál. Og það er óhugsandi annað en að umferðin verði að bera meira en hún hefur borið hingað til af þeim kostnaði.

Ég vil taka fram, að þótt þessar hækkanir séu gerðar á benzínskattinum, verður hann samt lægri hér en í nokkru nálægu landi, að undanskildu Hollandi, og miklum mun lægri en á Norðurlöndum.

Þá er næsti liður eða sá fjórði og síðasti. Það er uppástunga um að hækka bifreiðaskatt og gjald af hjólbörðum og slöngum, en þau gjöld voru síðast ákveðin með lögum nr. 68 1949 og hafa staðið óbreytt síðan. Hér er gert ráð fyrir að tvöfalda þessi gjöld, og er m. a. við það miðað, að þá yrðu þau jafnhá að tiltölu, miðað við verðlag og framfærsluvísitölu, og þau voru, þegar þau voru sett, en þessi gjöld eru tiltekin í krónutölu og miðuð við þunga. Þau hafa ekki breytzt með breyttu viðhorfi í verðlagsmálum, heldur staðið föst í krónutölu og því raunverulega lækkað ár frá ári. Það er gert ráð fyrir að færa þau nú til samræmis við verðlagið og tvöfalda þau. Þó er sú undantekning frá þessu, að ekki er gert ráð fyrir, að skattur af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, hækki nema um 50% frá því, sem hann er nú, og verða þó greiðslur af þessum bifreiðum ákaflega lágar til ríkisins og vegamálanna, samanborið við greiðslur af þeim bifreiðum, sem nota benzín til eldsneytis. Hér er því mjög vægilega farið í sakirnar, enda þá við það miðað, að dieselbifreiðar eru nú mjög tíðkaðar til vöruflutninga og afar áríðandi að hækka ekki meira kostnaðinn við vöruflutningana en minnst er hægt að komast af með. Því er þessi hækkun höfð helmingi minni en hækkun bifreiðagjaldsins á almennum bifreiðum.

Bifreiðaskattur verður að teljast hér ákaflega lágur, enda staðið óbreyttur öll þessi ár þrátt fyrir þá gífurlegu verðhækkun, sem orðið hefur í landinu. Af 6 manna fólksbifreið, sem algeng er hér á landi, nemur skatturinn 504 kr. og verður eftir hækkunina 1008 kr. Til samanburðar er fróðlegt að geta þess, að skattur af sams konar bifreið í Noregi er 1256 kr. íslenzkar, eða um 25% hærri en hann verður hér eftir þessa hækkun.

Það skal tekið fram, að bifreiðaskatturinn nær ekki til vörubifreiða, sem nota benzín, ekki til skólabifreiða og ekki til jeppabifreiða að því leyti, að eigendur þeirra eiga rétt á endurgreiðslu bifreiðaskatts, ef þeir sanna með vottorðum frá skattanefndum, að þeir hafi notað bifreiðarnar

að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðvinnslustörf. Gert er ráð fyrir, að bifreiðaskattsviðaukinn gefi um 6 millj. á heilu ári. Um gjaldið af gúmmíi og hjólbörðum gildir alveg sama og bifreiðunum sjálfum að því leyti, að það hefur staðið óbreytt jafnlengi og er með þessu fært til samræmis við verðlagið.

Þegar við leggjum saman þær tölur, sem ég hef nefnt, sjáum við, að á heilu ári gæti þetta frv. gefið 51—53 millj. í tekjur. En nú er janúarmánuður liðinn og því ekki hægt að gera ráð fyrir, að þetta frv. gefi meira en 47—49 millj. kr. í tekjur á því ári, sem yfir stendur, og við það eru ákvæði þess miðuð.

Eins og fram kemur af því, sem ég þegar hef sagt, eru þrjú af aðalákvæðum þessa frv. miðuð við að hækka gjöld, sem hafa verið miðuð við magn og því undanfarið staðið óbreytt að krónutali, til samræmis við verðlagshækkanir í landinu, og í engu falli þessara þriggja er gengið lengra en að færa þau til samræmis við það, sem verðlag er orðið nú, samanborið við það, sem það var, þegar þau voru sett á, en mun skemmra um benzínskattinn. Aftur á móti verður ekki þetta sama sagt um verðtollinn. Álagið á hann er hækkað, enda þótt hann hafi að sjálfsögðu breytzt í samræmi við breytingar á erlendu verðlagi. Samt sem áður hefur verðtollurinn vitanlega alls ekki hækkað að krónutölu að tiltölu við verðlag í landinu, vegna þess að verðlag í landinu hefur hækkað miklu meira en erlenda verðlagið. Að sumu leyti má því segja hið sama um hann og magntollana, að hann sé færður til samræmis við verðlag innanlands, en ekki verður sagt, að svo sé að öllu leyti, þar sem hann hefur þó verið miðaður við verðlag erlendra vara.

Ég hef athugað, eftir því sem hægt er, hvað skatta- og tollalækkanir þær, sem núverandi stjórn og þingmeirihluti, sem hana styður, hafa beitt sér fyrir undanfarin ár, muni nema miklu árlega samanborið við þessar hækkanir, sem nú eru á ferðinni. Það er ekki gott að segja þetta með nákvæmni, en það er mín skoðun, að þær álögur, sem í þessu frv. felast, séu sáralitlu meiri en þær skatta- og tollalækkanir, sem núverandi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir á undanförnum árum. Það muni því láta nærri, að þegar búið er að samþykkja þessa tekjuauka, búi þjóðin við álíka skattabyrði til ríkissjóðs og hún bjó við 1950.

Að lokum vil ég taka fram, að í þessu frv. eru ákvæði um, að benzínskattur og gjald af hjólbörðum og slöngum skuli greiðast af þeim verzlunarbirgðum, sem liggja í landinu. Það hefur ætíð verið haft svo, þegar breytt hefur verið álögum á þessar vörur, benzín, hjólbarða og slöngur. Það er engum vafa undirorpið, að ef ekki verður búið að ganga frá þessu máli, áður en viðskipti byrja á mánudag, hefjast óeðlileg innkaup á þessum vörum, á meðan væri verið að koma frv. í gegnum þingið. Af þessum ástæðum hef ég rætt það við forustumenn stjórnarandstæðinga, að mikil nauðsyn væri á því að tefja ekki afgreiðslu þessa máls, heldur að það gæti fengið lagagildi í kvöld eða nótt. Ég geri mér vonir um, að þeir muni ekkert gera til þess að tefja málið, og er ég þakklátur þeim fyrir það.

Það hefur líka verið reynt að greiða fyrir því, að menn gætu áttað sig á málinu, með því að afhenda forustumönnum stjórnarandstæðinga þetta frv. sem trúnaðarmál í gær, til þess að þeir gætu kynnt sér það ýtarlega, áður en það kæmi fram, og undirbúið afstöðu sína sem bezt fyrir fram.

Ég vona, að það takist að koma afgreiðslu málsins vel fyrir, og beini því til hæstv. forseta, að hann geri sitt til þess, að svo geti orðið. Ég hef raunar talað við hæstv. forseta um þetta og veit, að hann mun svo gera. Hinu sama beini ég til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, sérstaklega vegna þess, að ég hef haft samband við nm. einmitt í dag um málið á ýmsa lund í því fundarhléi, sem var gert frá því kl. 1½ og til kl. 4. Finnst mér, að það ætti þess vegna að mega gera sér vonir um, að nefndin geti verið mjög fljót að ganga frá málinu.

Ég óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það er varla hægt að tala um þetta frv. út af fyrir sig. Það er liður í hinum miklu skattahækkunarfrumvörpum ríkisstj., sem eru einhver hin mestu í þingsögunni. Þessari hæstv. ríkisstj. ætlar að takast að slá öll met. Ég bjóst ekki við góðu, en slík firn komu mér samt sem áður næstum á óvart.

Alls verða skattahækkanir stjórnarinnar samkvæmt þessu frv. og frv. um framleiðslusjóð 200 millj. samkvæmt áætlun stjórnarinnar eða rösklega það. Í rauninni verða upphæðirnar miklu meiri. Það er margföld reynsla fyrir því, að áætlanir hæstv. fjmrh. eru alltaf allt of lágar, svo að hvergi er nærri sanni. Þegar þessir skattar hafa verið á lagðir, lætur nærri, að allir þeir skattar, sem á almenningi lenda, þar með ekki taldir stighækkandi skattar, verði um 27 þús. kr. að meðaltali á 5 manna heimili.

Þetta er í fjórða skipti, sem vegið er í sama knérunn frá 1948. Fyrst kom hið mikla álag á verðtollinn og vörumagnstollinn, sem nú er verið að hækka, síðan gengislækkunin, þá bátagjaldeyririnn og svo þessir óskaplegu skattar. Þetta eru aðeins stóru skrefin. Við þetta bætast svo fleiri hækkanir. Og hver hefur árangurinn orðið? Meira en tvöföldun á verði allrar neyzluvöru nú þegar og margföldun húsaleigunnar. Allar þessar stóru ráðstafanir áttu að vera til þess að bjarga útgerðinni. Hefur það tekizt? Reynslan hefur skorið úr um það, svo að ekki verður um deilt. Þessi frv., sem nú eru lögð fram af hæstv. ríkisstj., eru bezta viðurkenning þess, hversu hrapallega það hefur mistekizt og hversu vanhugsaðar allar þessar ráðstafanir hafa verið. Verðlagið hefur verið skrúfað upp, svo að stuðningurinn við útgerðina hefur brátt étizt upp. Að vísu hefur tekizt að lækka kaupmátt launanna í landinu. En á móti því hefur komið æ skefjalausara gróðabrall og auðsöfnun, sem að lokum hefur lent á útgerðinni.

Ég held, að allir séu sammála um það, að því meiri sem verðþenslan er, því ákjósanlegri skil-

yrði eru fyrir gróðabrallið. Það er ekki gott að reikna út, hvað þessir skattar samanlagt muni hækka verðlagið í landinu, en það hefði verið ákjósanlegt að fá einhverja áætlun um það frá hæstv. fjmrh. Og maður skyldi ætla, að það væri hið fyrsta, sem hæstv. ríkisstj. reyndi að gera sér einhverja grein fyrir, því að það er auðvitað aðalatriðið og mergurinn málsins. Það er ómögulegt að gera sér neina fullnægjandi grein fyrir því og það þegar af þeim ástæðum, að það er leyfð ótakmörkuð álagning, en mér virðist, að þegar þetta hefur undið upp á sig og álagning komin á tollana og skattana, þá sé varla hægt að gera ráð fyrir minna en um 20% almennri verðhækkun á erlendum vörum af þessum sökum auk stórkostlegrar verðhækkunar á innlendum vörum, ef til vill meira. En þar með er þeirri framvindu, sem búast má við að maður eigi í vændum, ekki lokið. Kaup hækkar samkv. vísitölu og þannig heldur skrúfan áfram. Raunar er sýnt, að kauphækkanirnar, sem stafa af því, að kaup hækkar samkv. vísitölu, geta aldrei orðið nema brot af því, sem þarf til þess að vega upp á móti verðhækkununum, og þar kemur hvort tveggja til, að hækkunin á kaupgjaldsvísitölunni kemur langt á eftir hækkunum á verðlagsvísitölunni og að aðeins lítið brot af verðhækkununum kemur yfirleitt inn í vísitöluna. Það er því augljóst, að verkalýðshreyfingin hlýtur þegar að fara að hugsa fyrir því að vinna þetta upp. Það væri óskandi, að það þyrfti ekki að gerast með verkföllum, heldur þannig, að hægt væri að koma þessari hæstv. ríkisstj. frá og mynda aðra, sem hefði náið samband við verkalýðssamtökin og gerði ráðstafanir til þess að bæta verkalýðnum það upp, sem af honum hefði verið rænt af þessari hæstv. ríkisstj.

Það hlýtur því að vera hverjum manni ljóst, að með svona ráðstöfunum er ekki hægt að bjarga útgerðinni eða nálgast það að koma atvinnuvegum landsmanna á heilbrigðan grundvöll. Þegar fram í sækir, mun þetta skapa enn óviðráðanlegri vanda, eins og allar aðrar slíkar ráðstafanir hafa áður gert, enda mun það viðurkennt jafnvel af sjálfri ríkisstj., að þetta sé aðeins til bráðabirgða; á ég hér við þessar ráðstafanir í heild sinni. Hvaða frambúðarráðstafanir hefur hæstv. ríkisstj. þá hugsað sér? Er það gengislækkun og kaupbinding? Eða er það eitthvað annað? Það væri varla til of mikils mælzt að fara fram á upplýsingar um það. Þetta frv., sem nú er til umræðu í þessari hv. d., er aukageta, og þó hefur það enga smáræðishækkun í för með sér, álag á vörumagnstollinn á að hækka úr 250% í 340%; það mun vera 25% hækkun á tollinum eða nálægt því. Verðtollsálagið hækkar úr 45% í 80%, þ. e. langleiðis tvöföldun á álaginu og mun vera, að mér skilst, yfir 22% hækkun á tollinum. Svo kemur 20 aura hækkun á aðflutningsgjöldum á benzíni; það er hækkun um ⅔. Og síðan eru enn lagðir skattar á sjálfa tollana, sem sagt tollur á toll ofan. Enn fremur er tvöföldun bifreiðaskattsins og nýr skattur á bifreiðagúmmí.

Samtals á þetta að gera samkv. áætlun hæstv. fjmrh. 48 millj. Þó held ég, að hann hafi þar ekki talið með hækkunina á gúmmíinu og tollálagið. Er það ekki rétt? (**Fjmrh.**: Hækkunin á gúmmígjaldinu er innifalin í því, sem ég kalla bifreiðaskatt, 6 millj.) Er áætlunin þá 48 millj. samtals á þessu öllu saman? (Gripið fram í.) Allir skattarnir í frv. um 49 millj.? (**Fjmrh.**: Að undanskildu því, sem fer í brúasjóðinn o. fl., þ. e. það, sem ríkissjóður fær.) Samkvæmt reynslunni er hitt þó líklegra, að skattar þessir muni nema a. m. k. hátt á sjötta tuginn í raun-inni, þegar maður aðgætir þær aðferðir, sem hæstv. fjmrh. hefur við áætlun skatta, og leggur svo ofan á nokkuð í samræmi við það, sem reynslan hefur sýnt.

Við þetta bætist svo hækkun á póst- og símagjaldi um 5 millj. og aukaskattur á tóbak, sem lagður var á vegna Faxasíldarinnar og nemur 6.3 millj. og nú rennur í ríkissjóð, svo að alls verða þá skattahækkanirnar, sem renna í ríkissjóðinn, ekki 48 eða 49 millj., heldur yfir 60 millj., þó að farið sé eftir áætlun hæstv. ríkisstj.

En það, sem er aðalatriði þessa máls, er það, að þessir skattar eru gersamlega óþarfir. Hæstv. ríkisstj. þarf ekki á auknum tekjum að halda í ríkissjóðinn; það er tilbúningur hæstv. fjmrh.

Samkv. áætlun meiri hl. fjvn. er tekjuhallinn nú 45 millj. á fjárl., en samkv. áætlun minni hl. er enginn tekjuhalli. Minni hl. hafði áætlað, að tekjurnar væru a. m. k. 45 millj. kr. of lágt áætlaðar, og taldi þá áætlun þó gerða með hinni ýtrustu varkárni. Síðan hefur meiri hl. þó hækkað áætlunina um 8 millj. vegna nýrra upplýsinga. Tekjuskatturinn mun reynast allmiklu meiri en þá var gert ráð fyrir. Hefðu þær upplýsingar legið fyrir, mundi minni hl. einnig hafa hækkað sína áætlun um 8 millj. Við þetta bætist svo, að vegna hinna nýju verðhækkana, sem hlýtur að leiða af þessum frumvörpum, sem nú á að fara að samþykkja, er ljóst, að söluskatturinn verður miklu meiri en áætlað var. Nú hefur reynslan orðið sú, að tekjurnar hafa á hverju ári reynzt miklum mun meiri en minni hl. hefur áætlað, og alltaf hefur ríkissjóður komið út með stórfelldan greiðsluafgang, og nú leggur hæstv. ráðh. t. d. fram till. um ráðstafanir á greiðsluafgangi s. l. árs, sem mun vera yfir 50 millj. kr. Það er því alveg víst, að þetta skattafrv. er gersamlega óþarft. Þess vegna munum við sósíalistar ekki koma með neinar brtt. við það. Hið eina rétta er að fella það eins og það kemur fyrir.

Rökstuðningurinn fyrir þessu frv. er mjög athyglisverður, fyrir nú utan þetta sama sem maður heyrir frá ári til árs, að hæstv. ráðh. heldur fram, að það þurfi að auka tekjur ríkissjóðs miklu meira en reynslan sýnir og hefur sýnt að þörf er á. Hæstv. ráðh. lætur hagstofuna reikna út, að þessar hækkanir séu aðeins í samræmi við hækkanir á framfærsluvísitölu. Það er alveg ný kenning, að tollar eigi að hækka samkv. framfærsluvísitölu eins og kaupgjald, alveg án tillits til þess, hvort þörf sé á hækkuninni eða ekki, og án tillits til þess, hvort tolltekjurnar hafi hækkað í raun og veru. Ætli það verði ekki næsta skrefið að setja lög um það, að tollar skuli innheimtir með vísitöluálagi, svona til þess að spara sér ómak? En þó tekur fyrst í hnúkana, þegar þessi röksemd er notuð um verðtollinn, sem auðvitað hækkar af sjálfu sér í hlut-

falli við hækkun verðlags á aðfluttum vörum. En þetta á ekki að duga. Til viðbótar á að koma hækkun samkv. framfærsluvísitölu. Sem sagt, það er rétt eins og þessir skattar séu lagðir á af einhverri áráttu til þess að skattpína landsfólkið, og maður kemst ekki hjá að velta fyrir sér þeirri spurningu, hver sé tilgangurinn með þessu öllu saman. Er það sú undarlega hagfræðikenning, sem maður hefur heyrt, að það sé ráð til þess að draga úr verðþenslu að leggja á háa skatta til þess að safna í sjóði, enda þótt þessir sömu skattar skrúfi upp dýrtíðina í landinu? Eða er vitandi vits verið að skrúfa upp dýrtíðina til þess að nota hana sem röksemd fyrir öðrum aðgerðum?

Við minnumst þess, að þegar skattarnir miklu voru lagðir á 1947 og 1948, var því haldið mjög á loft, að með þessu hefði gengi krónunnar raunverulega verið fellt og með gengisskráningarlögunum hefði ekki verið gert annað en að skrá rétt gengi á gjaldeyri, sem þegar hafi verið fallinn í verði. Ef þessi röksemd hefur verið rétt þá, gildir hún auðvitað líka um þessar ráðstafanir. Nú vildi ég spyrja: Verða þessar röksemdir að nýju bornar á borð til þess að réttlæta nýja gengisfellingu?

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Menn hafa nú beðið alllengi eftir að fá að vita um bjargráð ríkisstjórnarinnar, eins og það hefur verið kallað, og nú er loks svo komið, að þau eru sýnd hv. Alþingi og almenningi. Mikið hefur verið rætt um það manna á milli undanfarið, hversu miklu þær nýju álögur mundu nema, sem hæstv. ríkisstj. teldi sig þurfa að leggja á landsfólkið. Ég hef heyrt þar nefndar ýmsar upphæðir, 130 millj., jafnvel 150—160 millj., en það sýnir sig nú, að þegar tillögurnar koma fyrir Alþ., þá er um hvoruga þessa upphæð að ræða, heldur miklu hærri upphæð, a. m. k. 200 millj., samkvæmt áætlun hæstv. ríkisstj. sjálfrar.

Hæstv. fjmrh. tók svo til orða í umr. um fjárlögin í gær eða fyrradag, þegar rætt var um það, hversu úthluta skyldi nú greiðsluafgangi ársins 1955, milli 50 og 60 millj. kr., að það færi hrollur um sig, þegar hann hugsaði til þess, hvernig farið hefði fyrir landsfólkinu, ef ekki hefði verið hægt að úthluta þessum 50 millj. þann veg, sem gert er ráð fyrir í till. hans til breytinga á fjárlögunum.

Ég verð að segja það, að ef hugsun um slíkt hefur vakið hroll hjá hæstv. ráðh., þá skil ég ekki annað en það sé kominn hrollur í hann nú, þegar hann ásamt meðráðherrum sínum ungar út frumvörpum um nýja skatta ofan á það, sem fyrir er, rösklega 200 millj. kr., en það er eftir áætlun ríkisstjórnarinnar samanlögð upphæð þeirra álagna, sem á að leggja á landsfólkið samkv. þessu frv., sem hér er til umr. nú, og samkv. frv. um framleiðslusjóð, sem er til umr. í Nd. nú samtímis.

Það er augljóst mál öllum og ekki síst jafnglöggum manni og hæstv. fjmrh., að álagning slíkrar skattafúlgu ofan á það, sem fyrir er, hlýtur að hafa stórfelld áhrif í þjóðfélaginu, hlýtur að leiða til verðhækkana, hlýtur að leiða til aukins framleiðslukostnaðar, hlýtur að leiða til þess að rýra gildi íslenzku krónunnar. Og mig furðar mjög á því, ef hæstv. ráðh. kennir ekki hrolls, þegar hann leggur þessi frv. fram og mælir fyrir þeim, því að hann hlýtur að sjá, hverjar afleiðingarnar verða.

Samkv. fjárlfrv., eins og það liggur nú fyrir, og tillögum meiri hl. fjvn. um breytingar á því, virðist séð, að fjárlögin verði afgreidd þannig, að gjöld og tekjur verði nokkurn veginn jafnt, eða eitthvað á milli 650 og 660 millj. króna. 652 millj. kr. ætla ég að það sé samkv. tillögum meiri hl. fjvn. Við þessi útgjöld má svo bæta, ef samþykkt verður frv. um framleiðslusjóð, sem mun nú vera ráðið, 153 millj. kr. Þar við má enn bæta bátagjaldeyrisálaginu, sem mun vera áætlað ekki minna en 110 millj. kr. Þessar álögur samtals nema þá rétt í kringum 915 millj. kr. samkvæmt áætlun hæstv. ríkisstj. sjálfrar. En öll þekkjum við „Eysteinsáætlanir“, ef ég mætti nota það orð. Öll þekkjum við, hversu varlega hæstv. fjmrh. hefur jafnan áætlað tekjur ríkissjóðs á undanförnum árum, þannig að óhætt mun að fullyrða, að hér sé vanáætlað um 10—20 millj. kr., og er þá ljóst, að álögur á landsfólkið eru komnar eitthvað nokkuð á annan milljarð, eitthvað yfir 1000 millj. kr.

Ég verð að segja það, að mig furðar, að hæstv. ríkisstj. skuli leggja þessar till. fram, ekki vegna þess, að mér sé ekki ljóst, að hér þarf að gera ýmsar ráðstafanir, sem nokkurt fé þarf til, þó að mat mitt á því sé annað en hæstv. ríkisstjórnar, heldur vegna hins, að ég sé ekki, að nokkrar ábendingar um ráðstafanir til þess að draga úr því, að þessi nýja skattabyrði margfaldist og auki verðbólguna í landinu og framleiðslukostnaðinn, séu gerðar eða gert ráð fyrir í frumvörpunum. Það er ekki með einu orði minnzt á það, að nokkuð skuli gert til þess að draga úr því eða koma í veg fyrir, að þessar nýju 200 millj. kr. í álögum verði gróðalind fyrir milliliði, sem vörurnar fara í gegnum hendurnar á og leggja á þessar upphæðir sömu álagningu eða hærri en þeir hafa lagt á aðrar vörur og annað fé, sem þeir hafa haft handa á milli.

Sé gert ráð fyrir, að til uppjafnaðar sé álagningin eitthvað á milli 40 og 50% hjá milliliðum, sem vörurnar og féð fer í gegnum hendurnar á, þá er ekki um að ræða 200 millj. skatt, heldur upp undir 300 millj. skatt, sem er lagður á almenning í landinu, sumpart til ríkissjóðs og sumpart sem aukið fé til þeirra, sem annast dreifinguna, sem féð og vörurnar fara í gegnum hendurnar á, sem annast milliliðastarfsemi í landinu, að ótöldum þeim afleiðingum, sem hlýtur að leiða almennt af því, þegar verðlagið hækkar almennt, þeim áhrifum, sem það hefur á verð fasteigna og gildi peninga.

Þetta er nú almennt um efni þessa frv. og hins frumv., sem nú er til umr. í hv. neðri deild.

Í grg. þessa frv. er því haldið fram af hæstv. ráðh., að ástæðan til þess, að það er borið fram, sé sú, að ef samþykktar verða þær till. til hækkunar útgjalda fjárlaganna, sem meiri hl. fjvn. hefur lagt fram, verði halli á fjárlögunum milli 40 og 50 millj. kr., sem nauðsynlegt sé að jafna, og að þessu frumvarpi sé ætlað að sjá ríkissjóði

fyrir tekjum til þess að tryggja jöfnuð á fjárlögunum.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um, að það sé nauðsynlegt, að fjárlögin séu afgreidd hallalaus. En ég er þeirrar skoðunar, að jafnnauðsynlegt og það sé hitt, að áætlunarupphæðir fjárlaganna séu settar svo nærri því, sem ætla má að þær verði, sem hægt er að gera á hverjum tíma. Og ég vil fullyrða það, að í fjárlfrv., sem nú liggur fyrir, er það ekki gert að því er snertir tekjuáætlun fjárlaganna. Ég vil fullyrða, að það er óþarft að sjá ríkissjóði fyrir nýjum tekjum með sérstakri löggjöf til þess að tryggja, að fjárlögin verði hallalaus. Til þess nægja þeir tekjustofnar, sem nú eru fyrir hendi samkvæmt gildandi lögum, ef ekki er gert ráð fyrir, að innflutningi hraki stórkostlega frá því, sem hann var á s. l. ári, og ef til þess er ætlazt, að hæstv. ríkisstj. fylgi ákvæðum fjárlaganna, en taki sér ekki sjálf fjárveitingavald í hendur. Ég skal nú leiða að þessu nokkur rök.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir af hæstv. ríkisstj., að tekjur ríkissjóðs muni aukast um 49 millj. kr., og það telur hæstv. ríkisstj. að muni þurfa til þess að brúa bilið eða afgreiða fjárlögin hallalaus. Ég tel í fyrsta lagi fullvíst, að tekjur af samþykkt þessa frv. mundu verða stórum meiri en 49 millj. kr. Að þessu sinni skal ég láta mér nægja að benda aðeins á eitt atriði til að sýna fram á þetta. Verðtollurinn á s. l. ári reyndist vera 178 millj. kr., innborgað til 31. desember. Samkv. frv. á verðtollurinn að hækka um 25%. Fjórði hlutinn af 178 millj. kr. er nærfellt 45, eða 44½ millj. kr.

Ég sé enga minnstu ástæðu til þess, eins og horfir, að áætla verðtollinn lægri á þessu ári, 1956, en hann hefur reynzt á árinu 1955, og lætur þá nærri, að þessi upphæð ein, verðtollshækkunin, svari til þess, sem hæstv. fjmrh. telur að þurfi til þess að jafna halla fjárlaganna. Hinir aðrir liðirnir í frv. gefa a. m. k. milli 15 og 20 millj. kr., og ætla ég, að skeiki þar ekki miklu við áætlun fjmrh. sjálfs, þannig að sýnt er, að það er óhætt að áætla þessar tekjur ekki minni en yfir 60 millj. kr. En það má segja, að það skipti ekki mestu máli í þessu sambandi. Aðalatriðið er það: Er þörf á því að hækka skattana til þess að fá jöfnuð á fjárlögunum að samþykktum þeim till., sem meiri hl. fjvn. ber fram um aukin útgjöld og telja má víst að verði samþykktar?

Samkv. uppgjöri hv. fjvn. er talið, að það þurfi um 46 millj. kr., til þess að fjárlögin verði hallalaus. Ég lít hins vegar svo á, að margir veigamestu tekjuliðirnir séu stórum lægra áætlaðir í fjárlagafrv. en ástæða er til og rétt verður að teljast. Ég skal aðeins benda á nokkra stærstu liðina.

Verðtollurinn er í frv. nú áætlaður 155 millj. kr. fyrir árið 1956, en innborgað var hinn 31. des. rösklega 178 millj. kr. Ég vísa til þess, sem ég fyrr sagði, að verðtollurinn hefur farið vaxandi ár frá ári og á hverju ári farið mikið fram úr því, sem hæstv. ráðh. hefur áætlað hann. Enn er eitthvað óinnkomið af verðtolli frá 1955, þann 31. des. Það er engin skynsemi, nema menn geri ráð fyrir stórkostlegum þrengslum og mikið minnkuðum innflutningi og vandræðum, að áætla verðtollinn lægri á næsta ári en hann hefur reynzt á s. l. ári.

Næsti liður af stórliðum er söluskatturinn. Hann er í fjárlfrv. áætlaður 120 millj. kr., en hefur reynzt innborgaður 31. des. s. l. 130 millj., eða 10 millj. kr. meira en hann er áætlaður fyrir næsta ár. Það er sama að segja um þennan skatt og verðtollinn, að hann hefur jafnan farið stórkostlega fram úr áætlun hæstv. ráðherra. Um þennan skatt stendur svo á, að hann hlýtur að hækka með hækkandi verðlagi. Verðlagið er nú þegar hærra en það hefur verið að jafnaði árið 1955, og allt bendir til þess, að verðlagið verði enn hærra, svo að miklu munar, á árinu 1956, þannig að það er alveg fullvíst, að þessi skattur hlýtur að hækka, ekki aðeins verða jafn, 10 millj. kr. hærri en áætlað er á frv., heldur verulega hækkun ofan á það.

Um benzínskattinn og bifreiðaskattinn ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð. Það liggur í augum uppi, að þegar fjölgar um 3000 bifreiðar í landinu á einu ári, eins og gerðist á s. l. ári, hlýtur benzínnotkun og benzínskattur að aukast stórkostlega. Bifreiðaskatturinn eykst einnig, þegar 3000 nýjar bifreiðar koma inn. Benzínskatturinn er áætlaður aðeins 11.5 millj. kr., hér um bil sama og hann reyndist innborgaður 31. desember. Og það er fullvíst, að hann hlýtur að verða stórum mun hærri á næsta ári, og slíkt hið sama er einnig um bifreiðaskattinn að segja án hækkunar.

Þá er augljóst, að stimpilgjöldin hljóta að hækka með hækkandi verðlagi í landinu, eins og líka sýnir sig að þau hafa gert á s. l. ári, því að þau voru komin upp í 15 millj. kr. 31. des., en samt eru þau áætluð fyrir næsta ár aðeins 13½ millj. kr.

Ég fullyrði, að ef ekki er gert ráð fyrir beinu hruni og vandræðum, má treysta því, að þessir tekjustofnar, sem ég hér hef nú nefnt, hljóta að hækka a. m. k. svo, að nægir til þess að jafna þann mismun, sem meiri hl. fjvn. telur nú að sé á gjöldum og tekjum fjárl. Það er því alveg óþarfi að minni hyggju að samþykkja þetta frv. Það er að ófyrirsynju gert, nema sá sé tilgangurinn einn að láta ríkisstj. enn hafa til ráðstöfunar stórar fjárfúlgur umfram fjárlög, sem hún geti ráðstafað eftir sínum geðþótta og leitað svo, eftir því sem henni sýnist, seint og síðar meir samþykkis Alþingis eftir á fyrir nokkrum hluta af greiðslunum. En slíkt á ekki að ske og engin ástæða til þess, síður en svo, að skapa nokkurri ríkisstj., allra síst þeirri, sem nú situr, slíka möguleika. Niðurstaða mín af þessu verður því sú, að það sé óþarft að samþykkja þetta frv. til þess að tryggja jöfnuð á fjárlögunum, hér sé verið að veita ríkisstj. fé umfram þarfir, miðað við þau útgjöld, sem meiri hl. er búinn að koma sér saman um að bæta inn í fjárlagafrv.

Ég skal ekki hafa þessi mín orð miklu fleiri að þessu sinni. Ef til vill gefst mér tækifæri til þess að fara nánar út í þetta við 2. umr. málsins. Ég hef ekki getað fallizt á þetta frv. og legg til, að frv. verði fellt, af þeim ástæðum, sem ég hér hef greint.

Mér virðist, að þegar litið er til þess, hvað nú er að gerast í Nd., og þess, sem telja má víst að samþykkt verði þar, þá sé alveg furðulegt í viðbót við það, sem þar er farið fram á, að ætlast til þess, að hækkaðir séu þeir skattar og tollar og þau gjöld, sem farið er fram á að hækkuð séu í þessu frv. Ég fæ ekki betur séð en að eftir því sem bezt er hægt að gera sínar áætlanir fyrir næsta ár, ef miðað er við, að atvinnuvegir landsmanna haldist í gangi, megi telja fullvíst, að tekjur ríkissjóðs að óbreyttum lögum nægi til þess að mæta þeim gjöldum, sem tekin verða upp í fjárlögin samkv. tillögum meiri hl. hv. fjvn.

Hæstv. ráðh. drap á það, að æskilegt væri að geta afgreitt þetta frv. nú þegar á þessum degi. Ég mun ekki halda hér uppi neinu málþófi eða tefja framgang málsins. Stjórnarliðið verður að ákveða það sjálft fyrir sitt leyti, hvort það vill beita afbrigðum til þess að koma málinu í gegn. Ég vildi þó óska, áður en málið væri afgreitt, að færi gæfist á að útbýta því nál., sem ég fyrir kl. 4 var búinn að afhenda til prentunar, og vænti, að það lánist. En það vildi ég segja sem mína skoðun, að í raun og veru tel ég eðlilegast, að nokkurn veginn yrðu samferða þau tvö frumvörp um nýjar álögur, sem nú liggja fyrir sitt í hvorri deild. Þessi mál snerta hvort annað, og er því ekki óeðlilegt, að svo væri, en að sjálfsögðu er það á valdi hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokka, hvernig hún hagar afgreiðslu málsins.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér virðist hv. talsmenn stjórnarandstæðinga í deildinni hafa eina höfuðmótbáru gegn þessu frv. báðir sameiginlega og mun því ræða hana sérstaklega. Hún er sú, að það sé ófyrirsynju lagt til að leggja á þessa skatta og tollaviðauka, þar sem telja megi tryggt, að ríkisbúskapurinn mundi verða greiðsluhallalaus á þessu ári, þótt það væri látið undir höfuð leggjast. Þeir halda því sem sé fram, að tekjur ríkissjóðs af þeim skattalögum og tollalögum, sem nú eru í gildi, muni duga til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem þingmeirihlutinn fyrirhugar samkv. þeim till., sem nú eru fram komnar um afgreiðslu fjárlaga. Ég vil ræða þessa mótbáru nokkuð, vegna þess að þetta er auðvitað mjög þýðingarmikið atriði.

Þeir halda því fram báðir hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar, einkum ræddi hv. 4. þm. Reykv. það nokkuð ýtarlega, að tekjuáætlun hv. meiri hl. fjvn. og ríkisstjórnarinnar í sambandi við meðferð fjárlagafrv. væri of lág; það mætti hiklaust gera ráð fyrir, að tekjurnar yrðu mun meiri en þar væri gert ráð fyrir. Hv. 4. þm. Reykv., sem fór nánar út í þetta, rökstuddi þetta fyrst og fremst með því, að það væri engin ástæða til þess að álíta annað en verðtollur verði a. m. k. jafnmikill á þessu ári og hann varð á s. l. ári, að söluskattur verði meiri vegna hækkandi verðlags í landinu sjálfu og benzínskattur og bifreiðaskattur meiri en í fyrra og meiri en gert væri ráð fyrir í fjárlagafrv.

Út af þessu vil ég fyrst benda hv. þingmönnum á, að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að innflutningur til landsins verði jafnmikill á því ári, sem nú er að byrja, og hann var s. l. ár. Í fyrra hafði hver maður á Íslandi fulla atvinnu og vann yfirvinnu, og framleiðsla var hér óvenjulega mikil. Það er óhugsandi, að framleiðslan eða atvinnan geti aukizt á því ári, sem nú er að líða, að nokkru ráði a. m. k., frá því sem hún var í fyrra. Þrátt fyrir þessa gífurlega miklu framleiðslu og miklu tekjur var flutt inn á s. l. ári meira en hægt var að borga með þeim gjaldeyri, sem landsmenn fengu í aðra hönd fyrir vinnu sína. Það var gengið á gjaldeyrisbirgðir þjóðarinnar á s. l. ári þó nokkuð til þess að standa undir innflutningnum. Gjaldeyrisbirgðir landsmanna eru nú þrotnar, og það er ekki hægt að venda í það hús til þess að flytja inn á næsta ári meira en hægt er að borga með gjaldeyristekjum ársins. Þess vegna hlýtur að verða að gera ráð fyrir því, að innflutningur geti ekki orðið jafnmikill á þessu ári og hann varð s. l. ár. Hann verður að vera minni, ef það á að vera nokkur rökstudd von til þess, að við getum komizt hjá því að sökkva í botnlaust skuldafen út á við á þessu ári.

Til viðbótar þessu kemur svo, að á s. l. ári voru fluttar til landsins bifreiðar fyrir marga milljónatugi, margfalt á við það, sem áður hefur verið um fjölda ára, og margfalt á við það, sem getur orðið á þessu ári. En fáir hlutir eru þyngra skattaðir en bifreiðar, þegar þær flytjast til landsins, það er ekki ofsögum sagt, að ríkissjóður hefur haft milljónatugi í aukatekjur á s. l. ári af bifreiðainnflutningi, sem ekki getur endurtekið sig á því ári, sem nú er að byrja. Kemur þetta fram bæði á verðtollsliðnum og söluskattsliðnum.

Meginhluti söluskattsins er greiddur við innflutning, en aðeins lítill hluti söluskattsins er innheimtur af sölu innanlands eða þjónustu. Þar fellur sú röksemd hv. 4. þm. Reykv., að það megi vænta verulegrar hækkunar á söluskattinum, vegna þess að verðlag hækki í landinu á þessu ári. Það dregur sáralítið í söluskattinum um slíkar breytingar, en aftur á móti hefur bifreiðainnflutningurinn og hinn mikli innflutningur á síðasta ári haft stórfelld áhrif til hækkunar á söluskattinn.

Þeir hv. þingmenn, sem flytja málin á þessa lund, sem hv. stjórnarandstæðingar gera hér í d., hafa ekki kynnt sér þetta til fullrar hlítar.

Benzínskattur og bifreiðaskattur er sagður hækka af aukinni bifreiðaeign. Þar er um svo smáar fjárhæðir að ræða, þótt einhver hækkun yrði, 10—15% eða svo, að það er varla ástæða til þess að ræða það í þessu sambandi.

Á hinn bóginn er einn tekjuliður, sem verður vonandi mun hærri á þessu ári en á s. l. ári, þ. e. beinu skattarnir, vegna þess, hvað tekjur manna voru miklar árið 1955. En það er búið að hækka mjög tekjuáætlunina á þessum lið í fjárlögunum og enn gert ráð fyrir að hækka hann um 8 millj. við 3. umr. til þess að koma saman endunum. Það er því búið að teygja tekjuskattsáætlunina stórkostlega frá því, sem hún var, þegar frv. var lagt fram, og gera þar ráð fyrir þeirri hækkun, sem í vændum er á þeim lið.

Ef við lítum á heildartölur, munu tekjur ríkissjóðs á s. l. ári verða einhvers staðar á milli 630 og 640 millj., en nú er búið að setja tekjuáætlun fjárlaganna upp fyrir 600 millj. með þeirri

till., sem nú liggur fyrir um að hækka tekjuskattsáætlunina. Það munar því aðeins 30 millj. eða svo á áætluninni, eins og hún liggur fyrir núna, og tekjunum, eins og þær verða á s. l. ári.

Við vitum upp á hár, að óhugsandi er að komast hjá talsvert verulegum umframgreiðslum. 30 millj. eru því svo lítið borð fyrir báru, að tæpast má teljast forsvaranlegt að afgreiða fjárlögin á þá lund. Hér við bætist, að því miður verður að gera ráð fyrir því, að vísitala sú, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., reynist of lág fyrir þetta ár og komi umframgreiðslur því til greina í því sambandi.

Það er sannfæring mín, að það hafi aldrei á seinni árum verið farið óvarlegar um afgreiðslu fjárlaga en einmitt nú, þótt þessi tekjuauki verði samþykktur. Ég vil benda þeim mönnum, sem eru á móti frv., á, hversu háskalegt það væri, ef niðurstaðan yrði sú, að hallarekstur yrði á ríkisbúskapnum ofan á önnur vandkvæði, sem við eigum við að stríða í fjárhagsmálum. Það yrði sem olía í verðbólgueldinn, ef slíkt kæmi fyrir. Hingað til hefur það þó dregið úr verðbólguþróuninni, að ríkissjóður hefur fremur haft afgang en hið gagnstæða.

Þetta vildi ég segja um höfuðmótbáruna, en skal láta þetta nægja um það þýðingarmikla atriði.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það væru engin ákvæði í frv., hvorki í þessu frv. né frv. um framleiðslusjóð, sem hann ræddi nokkuð í leiðinni, til þess að draga úr því, að hinar nýju álögur yrðu beinlínis gróðalind fyrir milliliðina. Ég vil benda hv. þm. á, að samkv. frv. um framleiðslusjóðinn, sem verið er að ræða nú í hv. Nd., er bönnuð álagning á framleiðslusjóðsgjöldin, á sama hátt og bönnuð er álagning á söluskattinn í söluskattslögunum. Það er gert með því að vísa til þeirra ákvæða í söluskattslögunum, sem svo mæla fyrir. Enn fremur eru ákvæði um, að birgðir megi ekki hækka, og mönnum gert að skyldu að senda alla verðreikninga til verðlagseftirlitsins í heilt ár, til þess að hægt sé að hafa meira eftirlit með þeim málum en verið hefur nú um sinn.

Í þessu sambandi ræddu báðir hv. frsm. stjórnarandstæðinga nokkuð um frv. til l. um framleiðslusjóð, sem lagt hefur verið fyrir hv. Nd., og bentu á, að með þessum frv. báðum væri gert ráð fyrir að leggja mjög miklar viðbótarálögur á þjóðina, sem er auðvitað alveg rétt.

Ég hef rætt um þörfina á því að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, en um frv. það, sem liggur fyrir Nd., vil ég aðeins fara örfáum orðum af tilefni frá þessum hv. þingmönnum.

Ég gat ekki fundið það af ummælum þeirra, hvort þeir töldu það ófyrirsynju, að gert væri ráð fyrir að afla þess fjár, sem fjallað er um í frv. til l. um framleiðslusjóð, en mér fannst það skína í gegn, að þeir viðurkenndu, að það mundi þurfa mjög mikla fjáröflun í sambandi við framleiðslumálin. Ég vil aðeins segja það út af því frv., að það hefur verið athugað mjög gaumgæfilega, hvað mundi þurfa að gera til þess að koma af stað framleiðslunni við sjóinn án þess að grípa til gengislækkunar eða allsherjar niðurfærslu. Var það mat manna eftir miklar rannsóknir, að þau framlög, sem greinir í frv. um framleiðslusjóðinn, væru alveg óhjákvæmileg og þess vegna yrði að afla tekna til þess að standa undir þeim greiðslum. Þar er ekki verið að tala um það í raun og veru að styrkja sérstaklega sjávarútveginn eða útflutningsframleiðsluna, heldur er með þeim ráðstöfunum eingöngu verið að leggja til, að skilað verði aftur til útflutningsframleiðslunnar þeim verðmætum, sem af henni hafa verið tekin með öðrum ráðstöfunum umfram það, sem hún getur af hendi látið. Það eru gerðar tillögur um að skila þessum fjármunum til baka, til þess að framleiðslan stöðvist ekki, með þeim geigvænlegu afleiðingum, sem af því hlytu að verða. Auðvitað er þar um stórfelldar álögur að ræða, en þeir, sem eru á móti þeim, verða þá að benda á aðrar leiðir til þess að leysa þann vanda, sem þar óneitanlega var orðinn.

Þetta læt ég nægja um frv. um framleiðslusjóð, enda kemur það til umr. síðar hér í hv. d., og þá verður sjálfsagt greint, hvaða úrræði hv. stjórnarandstæðingar hafa hugsað sér í því máli.

Hv. 2. landsk. þm. minntist aðeins á, að það væri nýstárleg kenning og dálítið einkennileg, að tollar skuli hækka í samræmi við framfærsluvísitölu. Þetta er, finnst mér, byggt á nokkrum misskilningi. Það er sem sé alls ekki haldið fram þeirri kenningu í grg. eða nokkurs staðar í sambandi við frv., að tollar skuli hækka í samræmi við framfærsluvísitölu. Hins vegar er bent á, að það er ekki gengið lengra í þessum till. en svo, að þeir tollar, sem þar er um að ræða, hækka í hlutfalli við hækkun framfærsluvísitölu, frá því að þeir voru settir, og eru þess vegna í raun og veru álika þungir eftir þessa breytingu og þeir voru, þegar þeir voru upphaflega lögleiddir. Og varðandi benzínskattinn er gengið miklu skemmra. Því er ekki haldið fram, að þeir skuli hækka, heldur aðeins bent á, að svona er þetta, og óneitanlega er nokkuð fróðlegt að sjá, að þótt afla þurfi nú talsvert mikilla tekna handa ríkissjóði, þá þarf þó ekki að ganga lengra í þessum atriðum en svo, að það nægir að færa þessi gjöld til samræmis við þær verðlagsbreytingar, sem orðið hafa.

Ég vil minnast þess að lokum, að ástæðan til þess, að ríkisstj. og þingmeirihl. hafa ekki lagt til að hækka tekjuskattinn, þótt aflað sé nýrra tekna, er sú, að það er alveg augljóst, að svo að segja öll bæjarfélögin og sveitarfélögin þurfa að hækka mikið útsvörin, og beinu skattarnir eru eini skattstofninn, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa. Þótti mönnum þess vegna alls ekki skynsamlegt að raska neitt tekjuskattinum, þegar svona stóð á. Þetta er ástæðan til þess, að þótt hér sé stungið upp á að lögleiða viðauka á nokkra tekjuliði ríkissjóðs, þá er ekki stungið upp á því að lögleiða viðauka á tekjuskatt. Enn fremur kemur til, að tekjuskattsstiginn er mjög hár, þótt lækkaður væri í hittiðfyrra frá því, sem áður hafði verið.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það leggst í mig, að þetta verði aðalumræðan um þetta frv., ef það er ætlun stjórnarinnar að fá það fram, svo að mér þykir rétt strax nú við þessa umr. að víkja nokkuð að svörum hæstv. fjmrh.

Hann fullyrðir enn, að áætlun fjárlaganna um tekjur á næsta ári sé svo óvarleg, að ekki sé með nokkru móti gerandi að hækka áætlunina um tekjurnar. Ég má kannske minna hæstv. ráðh. á, að þetta sama hefur hann sagt, með sama þunga og sömu áherzlu, ég held a. m. k. 3—4 seinustu þing. (**Fjmrh.**: Það hefur ekkert minna gildi núna fyrir því.) Hæstv. ráðh. getur þó ekki komið í veg fyrir það, að eftir þær fullyrðingar, sem hann hefur borið fram í þessu efni og stutt með rökum undanfarin ár, sömu rökum og nú, leggi menn ekki trúnað á þessar fullyrðingar, þegar reynslan æ og ávallt sýnir, að stórfelldur afgangur verður á fjárlögunum, stórfelldar tekjur umfram það, sem hann hefur áætlað, þó að hann hafi fullyrt hverju sinni, að svo langt væri gengið í áætluninni sem með nokkru móti væri gerlegt og aldrei jafnóvarlega og í það skiptið, sem hann talar um.

Ég skal aðeins minna á, að þegar fjárlögin voru afgreidd fyrir 1955, flutti hæstv. ráðh. nákvæmlega sömu ræðuna og með sömu áherzlum og sama þunga. Hvað sýnir reynslan fyrir þetta ár? Hún sýnir, að tekjurnar, sem voru áætlaðar 514 millj. kr. á árinu öllu, voru orðnar 626 millj. innborgaðar þann 31. des., og sjálfur segir ráðherrann, að þær muni alltaf verða eitthvað á milli 630 og 640 millj. Ég hygg, að nær sanni sé að segja nær 650 milljónir. Sama saga var 1955 um útkomu ársins 1954, og svo mætti lengi telja.

Hæstv. ráðh. segir, að nú sé gjaldeyrisaðstaðan verri en hún var um síðustu áramót. Það ber nú ekki saman um þetta. Ég man ekki betur en að viðskmrh. sé alltaf að sanna okkur, að í raun og veru stöndum við okkur jafnvel, við eigum svo miklar birgðir nú, að þær jafna nokkurn veginn upp það, sem gjaldeyrisaðstaðan hefur versnað. Ég ætla þó ekki að leggja dóm á það, hvað verða kann í þessu efni.

Hæstv. ráðh. fullyrðir, að útflutningur og innflutningsmöguleikar á liðnu ári hafi verið meiri en nokkurt vit sé í að áætla næsta ár. Má ég minna hæstv. ráðh. á það, að Vestmannaeyjar höfðust ekki að næstum tvo mánuði í byrjun ársins 1955 vegna stöðvunar á atvinnurekstrinum þar? Má ég minna hann á sex vikna verkfall hér í Reykjavík? Heldur hann ekki, að þetta hafi dregið eitthvað úr innflutnings- og útflutningsmöguleikum landsmanna? Heldur hann ekki, að þetta hafi skert eitthvað tekjur bæði fyrirtækja og einstaklinga? Ég held, að svo horfi nú, að ekki megi gera ráð fyrir slíku á þessu ári, ef deilan um fiskverðið leysist, svo sem menn gera sér vonir um að hún muni gera nú næstu daga. Ég man ekki betur en þá væri af honum sjálfum og stjórnarliðinu yfirleitt því lýst með mörgum orðum og að vissu leyti með nokkrum rétti, hversu stórfellt tap og áfall væri fyrir þjóðina sú langa vinnustöðvun, sem var hér á s. l. vetri, og hversu gífurleg skerðing það væri á tekjum einstaklinga og þjóðarinnar í heild. Ég endurtek það, sem ég áðan sagði, að nú horfir svo, að ekki komi til slíks að þessu sinni. Um aflabrögð getum við engu spáð, við erum þar báðir jafnóvitandi, hvað framtíðin geymir í skauti sínu. Ég verð því að álíta, að það þurfi ekki nema meðalár og laklega það 1956 til þess að jafnast á við árið 1955 hvað snertir innkaup og innflutningsmöguleika, ef ekki verða einhverjar stórfelldar breytingar, sem hvorki ég né hæstv. ráðh. getum séð fyrir. Ég vil líka mega skjóta því að hæstv. ráðh., að hafi hann raunverulega verið svo hræddur um útkomu ársins 1956 sem hann nú lætur í veðri vaka, þá var óréttlætanlegt af honum að ráðstafa öllum 100 millj. kr. tekjuafgangi ársins 1955 og nota ekki eitthvað af því til þess að mæta erfiðleikunum, sem hann sá fyrir árið 1956, því að það er að sjálfsögðu ætlunin, að ef tekjur fara fram úr áætlun eitt ár, þá sé hægt með því að komast hjá því að leggja á nýja skatta á næsta ári.

Ég skal svo víkja að einstökum liðum, eins og t. d. verðtollinum. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess að ætla, ef ekki verður stöðvun hér á framleiðslu og annað slíkt, að verðtollurinn verði lægri á næsta ári en hann hefur reynzt innborgaður til ársloka 1955. Mér er ekki kunnugt um neinar verðlækkanir erlendis, sem hafa áhrif á þetta, sem neinu nemi.

Hæstv. ráðh. segir um söluskattinn, að hann breytist lítið með breytilegu verðlagi hér í landinu. Ég veit að vísu, að 6%, sem lögð eru á innflutning, breytast ekki eftir innlendu verðlagi. Þó fer það eftir því, hverjir skattarnir eru, sem búið er að leggja á áður, því að hann er lagður ofan á skattana og 10% fyrir væntanlegri álagningu, ef ég man rétt, og sama er gert ráð fyrir að verði gert samkv. frv. um framleiðslusjóð. En sá hlutinn, — ég hef ekki tölur um það, hversu mikill hann er, — en sá hlutinn, sem leggst á smásölu hér innanlands, ýmiss konar þjónustu og þess háttar, hlýtur að hækka með breytilegu verðlagi, breytilegu kaupi innanlands, og það er enginn vafi á því, að þær verðhækkanir, sem þegar eru komnar og fyrirsjáanlegar eru, hljóta að valda mjög verulegri hækkun á þessum liðum. Sama gildir að sjálfsögðu um benzínskattinn og bifreiðaskattinn, sem hækka með vaxandi fjölgun bifreiða o. s. frv.

Ég hygg því, að það sé fullkomlega réttmætt, bæði með tilliti til þess, hversu horfir nú og hver reynslan hefur orðið undanfarin ár, — fólkinu fjölgar í landinu um 3000 á hverju ári, eins og hæstv. ráðh. veit, — að gera ráð fyrir, að þessir tekjuliðir gefi ekki minna en ég gerði ráð fyrir hér í minni fyrri ræðu. Og ég veit, að hæstv. ráðh. játar þetta. Hann segir: Það verður alltaf að gera ráð fyrir, að einhver útgjöld falli á umfram það, sem fjárlögin segja. — Það er kappsmál fyrir fjvn. að ganga svo frá fjárlögunum, að það verði sem minnst. Hann spáir einnig vísitöluhækkun, og það kann vel að vera, að vísitalan hækki, en þar sem hæstv. ríkisstj. eða fjvn. hefur ekki talið ástæðu til að taka tillit til þess í sínum áætlunum, þá getur hann varla búizt við því, að stjórnarandstaðan fari að fara að hlaupa í skrápana og hjálpa upp á.

Hæstv. ráðh. vék að því, að ég hefði sagt, að þessir nýju skattar, þessar nýju álögur, 200 millj. kr., mundu verða, ef ekki væru gerðar sérstakar ráðstafanir, nýr álagningarliður fyrir milliliðina og þá, sem fjármunir og vörur fara í gegnum hendurnar á. Mér virtist hann játa það, að tilhneiging mundi verða í þá átt að nota sér þetta til gróðabralls, en hæstv. ríkisstj. hefði sett þarna skörulega undir þennan leka, svo að maður

þyrfti ekki að vera hræddur um, að úr þessum fyrirætlunum gæti nokkuð orðið. Hann skýrði frá því, að það verði bönnuð álagning á framleiðslusjóðsgjaldið í lögunum, það verði líka bannað að hækka þær vörubirgðir, sem væru til í landinu, þegar lögin öðluðust gildi, og enn fremur verði skylt að gefa skýrslur um álagninguna. Ég leyfi mér nú að spyrja hæstv. ráðh.: Hefur hann trú á því, að þessi ákvæði, sem öll eru nú í gildi, verði til þess að hindra álagningu milliliða á þessa nýju skatta? Eina ráðið til þess og sú eina viðleitni, sem ég sé að hægt væri að hafa í frammi, væri beinlínis að ákveða hámarksverðlag og hámarksálagningu á vörurnar. Það er að sjálfsögðu það eina, sem dugir, það eina, sem nokkurs árangurs er að vænta af. En að einhverjir tveir menn sitji uppi í innflutningsstofnun og safni skýrslum um álagningu, sem svo eru lagðar í bunka og geymdar og rifizt um, hvort séu réttar eða rangar og hvað þýði, og banna kaupmönnum að hækka vöru án þess að hafa nokkurt eftirlit, að þeir ekki geri það, eða banna þeim að leggja á þennan hlut af verðinu, en ekki hinn, hefur enga þýðingu, þegar þeir mega leggja á innkaupsverðið þeim mun hærra og leggja svo ekkert á innflutningsgjaldið. Þetta er ekkert annað en argasti hókuspókus, sem hefur enga minnstu þýðingu sem verðlagseftirlit, sem miði að því að halda verðinu niðri. Þetta veit hæstv. ráðh. mætavel sjálfur. Sé nokkur viðleitni eða vilji hjá hæstv. ríkisstj. til þess að fyrirbyggja, að þessir nýju skattar verði gróðalind fyrir milliliðina og þyngi enn meira á almenningi, þá ættu þeir að taka upp röggsamlegt eftirlit með verðlaginu, ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu, eftir því sem við á, og setja röggsamlegt eftirlit með því, að þessum ákvæðum verði fylgt.

Í þessu sambandi langar mig til að spyrja hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. hafi ekki séð ástæðu til þess að láta hagstofuna reikna út, hvaða áhrif þessar nýju álögur muni hafa á framfærsluvísitöluna og þar með kaupgjaldsvísitöluna í landinu. Þegar rætt er um breytingar á kaupi verkamanna, er jafnan leitað til fróðra manna til þess að reikna út, hversu mikil áhrif þetta hafi á vísitöluna til hækkunar. Það er ekkert óeðlilegt. Ég skal ekki andmæla því, að það sé gert, síður en svo. En er ekki alveg sama ástæða — og ekki minni — til þess að láta reikna út og upplýsa Alþingi um, hversu mikið fer í súginn aftur af tekjum ríkissjóðs vegna hækkandi vísitölu, sem stafar af hækkuðum álögðum sköttum og tollum? Og ég vildi mælast til þess við hæstv. ráðh., áður en meðferð þessara mála lýkur hér í þinginu, — og meina ég þá ekki endilega þetta frv., heldur einnig það, sem er í Nd., — að hann léti liggja fyrir þinginu greinargott álit frá hagstofustjóra um það, hversu mikillar hækkunar mætti vænta á vísitölunni, sem stafi af þessum nýju tollaálögum.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann vænti þess, að stjórnarandstaðan, ef hún væri ekki ánægð með þetta frv. hér og frv. í Nd., mundi gera sínar till. og bera þær fram hér um það, hvernig ætti að leysa vanda útgerðarinnar, því að vanda ríkissjóðs er að minni hyggju ekki erfitt að leysa, eins og ég hef drepið á. Við hefðum gjarnan viljað fá aðstoð til þess að kynna okkur þessi mál betur en við höfum átt kost á, eða ég fyrir mitt leyti. Ég hef óskað eftir að sjá skýrslur sérfræðinga og starfsmanna ríkisstj. um ástand útvegsins og afkomu hans og þeirra fyrirtækja, sem skipta við útveginn, sem kaupa af honum afurðirnar, sem selja honum nauðsynjar hans, hvernig afkoma þessara fyrirtækja hefur verið, hver gróðinn er, hvað tapið er. Á því mætti væntanlega sjá, hvaða leiðir væru líklegastar til úrbóta. En okkur hefur verið neitað um þessar skýrslur. Hæstv. ríkisstj. eða forsrh. fyrir hennar hönd hefur sagt, að þær væru einkamál ríkisstj., fyrir hana eina gerðar, hún léti þær ekki öðrum í té, og látið það nægja sem ástæður fyrir neitun sinni. Mér finnst furðu langt gengið að krefjast till. til úrbóta af þeim sömu aðilum sem neitað er um þær upplýsingar, sem nauðsynlegt er að hafa til að mynda sér rökstudda skoðun um, hvaða leiðir séu líklegastar til að bæta úr. Ríkisstj. hefur kosið að gera að sínu einkamáli þær upplýsingar, sem hún hefur fengið um hag þessara fyrirtækja, og birta þær ekki, og þar með hefur hún tekið sér einkarétt á því að undirbyggja till. um framkvæmdir og aðgerðir í málinu.

Ég skal svo aftur víkja að þessu frv., sem hér liggur fyrir þessari hv. deild. Ég er jafnsannfærður um það eftir ræðu hæstv. ráðh., að fari gjöld fjárlaganna ekki verulega fram úr því, sem þau verða samkvæmt till. meiri hl. fjvn., þá er óþarft að leggja á nýja skatta til þess að mæta þeim útgjöldum. Þeir skattstofnar, sem fyrir hendi eru, eru nægilegir, ef ríkisstj. fylgir ákvæðum fjárlaganna og ekki verður stöðvun í atvinnulífi landsmanna, sem ég vil ekki gera ráð fyrir að verði á þessu ári. Ráðherrann hefur sjálfur upplýst og staðfest hér, að þess megi vænta, að tekjurnar á árinu 1955 verði 630—640 millj. kr., eða yfir 120 millj. umfram það, sem þær voru áætlaðar á s. l. ári, og hann hefur sjálfur litið svo bjart á horfur og ástand á þessu yfirstandandi ári, að hann, auk þess að eyða 60—70 millj. kr. af þessum 120 millj. kr., leitar nú heimildar Alþingis til þess að ráðstafa til annarra hluta þeim 50—60 millj. kr., sem enn er óráðstafað af greiðsluafganginum. Þetta er rösklega sú upphæð, sem hann ætlar að fá með þessu frv., og ég sé ekki, að þar þurfi öllu gleggri sönnun fyrir því, að það sé óþarft að leggja þessi gjöld á.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Mér sýnist, að skattarnir samkv. þessu frv. verði allmiklu meiri, þegar maður fer að athuga það, heldur en kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. Hann áætlar hækkunina á vörumagnstollinum 6—7 millj., við skulum segja 7 millj., hækkunina á verðtollinum 35 millj. og á benzínskattinum 10 millj. kr. Þetta gerir til samans 52 millj., það mun vera miðað við 12 mánuði, og ætti þá að gera tæpar 48 millj. kr. á 11 mánuðum, aðeins þessir þrír skattar. En við þetta bætast síðan bæði bifreiðaskatturinn, hjólbarðarnir og 1% gjaldið á tollana til þess að byggja fyrir nýjar tollbúðir, og þetta verður varla minna á 11 mánuðum en 10 millj., ef borið er saman við það, sem þessir skattar hafa numið á s. l. ári, þannig að hér er alls ekki um að ræða 47—49 millj. kr. alls, þegar allt er

meðtalið, heldur verður það nær 60 millj. kr. Þegar svo við bætast aðrir þeir nýju skattar, sem renna í ríkissjóð og ég minntist á í fyrri ræðu minni, þá verður þetta um 70 millj. kr. alls.

Ég þarf ekki að svara röksemdum hæstv. fjmrh. um, að þetta frv. sé nauðsynlegt, að það sé nauðsynlegt að leggja á nýja skatta til þess að jafna halla fjárlaganna, nýja skatta, sem nema a. m. k. 50—60 millj. kr. Ég þarf ekki að fara út í það. Ég er algerlega sammála þeim rökum, sem fram komu hjá hv. 4. þm. Reykv. (HG), og ég held, að það verði mjög erfitt fyrir hæstv. fjmrh. að hrekja þau.

Hæstv. fjmrh. sagði, að innflutningurinn mundi ekki verða jafnmikill á næsta ári. Ég man eftir, að nákvæmlega það sama sagði hann við umr. fjárl. s. l. ár, nákvæmlega það sama, og sjálfsagt árið þar á undan. Enn fremur sagði ráðherrann, að það væri ekki hægt að gera ráð fyrir því, að það yrði jafnmikil atvinna, það hefði verið full atvinna núna þetta ár og það væri ekki hægt að gera ráð fyrir því, að svo yrði áfram. Nákvæmlega þetta sama hefur ráðherrann sagt ár eftir ár. Og má ég spyrja: Gerir hæstv. ráðherra raunverulega ráð fyrir því, að atvinnan minnki? Hvaða rök hefur hann fyrir því? Gerir hann ráð fyrir atvinnuleysi á þessu ári? (**Fjmrh.**: Ég sagði, að það væri ekki hægt að gera ráð fyrir því, að hún ykist.) Nú, ekki hægt að gera ráð fyrir því, það var allt annað mál. Það þarf alls ekki að gera ráð fyrir því, að hún aukist. Það hefur enginn gert ráð fyrir því í þeim áætlunum, sem fyrir liggja. Hann sagði enn fremur, að það væri ekki hægt að halda áfram slíkum innflutningi sem verið hefði s. l. ár. Það væri nú kannske rétt að spyrja ráðherrann í því sambandi, hvort meiningin sé að koma á nýjum innflutningshöftum, því að ég sé ekki neinar líkur til þess, að innflutningurinn minnki, nema því aðeins að það verði með beinum stjórnarráðstöfunum komið í veg fyrir, að innflutningurinn verði eins mikill og verið hefur. Ráðherrann benti náttúrlega á það, að bifreiðainnflutningurinn mundi minnka, og það er enginn vafi á því, að það er rétt. Þar kemur á móti, að 100% leyfisgjaldið á bifreiðum er nú komið í áætlun hæstv. ríkisstj. ofan í svo að segja ekki neitt, sem vitaskuld getur ekki staðizt, því að það hlýtur óhjákvæmilega að verða svo mikill innflutningur á bifreiðum næsta ár, að það gefur miklu meira en þar er gert ráð fyrir. Og móti þessu kemur líka alveg óhjákvæmilega stórkostleg hækkun söluskattsins vegna þeirra verðhækkana, sem verða m. a. fyrir áhrif þessara laga, sem nú er verið að samþykkja, söluskattsins á öðrum vörum en bifreiðum, og svo hækkun tekjuskattsins, sem ráðherrann líka viðurkennir. En það, sem er aðalatriðið, er þó það, að áætlanir minni hlutans eru gerðar af alveg ýtrustu varkárni, og reynslan hefur sýnt, að þessar áætlanir hafa verið svo varkárar, að tekjur ríkissjóðs hafa alltaf undanfarin ár orðið mun meiri en áætlað var af minni hlutanum. Ég tek þess vegna algerlega undir það með hv. 4. þm. Reykv., að til þess að tekjurnar nægi ekki fyrir útgjöldum á fjárl., eins og þau eru nú, þarf beinlínis að koma eitthvað algerlega óvænt fyrir, beinlínis hrun.

Hæstv. ráðherra minntist í þessu sambandi nokkuð á frv. um framleiðslusjóð og ráðstafanir ríkisins í heild, og hann spurði, hvort því mundi verða neitað af stjórnarandstöðunni, að það væri nauðsynlegt fyrir útgerðina að fá það fé, sem henni er ætlað í því frv. Ég neita því ekki, að útgerðinni veiti ekki af þeirri upphæð, sem hún á að fá samkvæmt þessu frv., þ. e. a. s. með þeim aðferðum, sem hæstv. ríkisstj. notar. Hæstv. ráðherra sagði, að með þessu væri í raun og veru verið að skila til baka því, sem tekið hefur verið af útveginum. Hverjir hafa tekið þetta af útveginum? Eru það neytendurnir í landinu? Hér er sem sagt verið að taka 200 millj. og verður þó, þegar öll kurl koma til grafar, talsvert miklu meira af neytendum í landinu handa útgerðinni. Hafa neytendur tekið 200 millj. eða á þriðja hundrað millj. af útgerðinni undanfarið? Eða skyldi það ekki nálgast það, þegar öll álagningin kemur á þetta, að neytendur þurfi að borga hátt á þriðja hundrað milljóna í hækkuðu vöruverði? Hafa neytendur tekið þetta af útgerðinni? Ekki hafa olíuhringarnir náttúrlega tekið neitt, þó að líklegt megi telja, að gróði þeirra sé varla minni en, ja, ákaflega varlega áætlað 40—50 millj., sennilega miklu meira, á ári, og ekki bankarnir, þar sem liggur nú fyrir, að gróðinn er 50—60 millj., ekki allir þeir, sem græða stórfé á þjónustu við útgerðina, ekki húsabraskararnir og okrararnir, sem hafa matað svo krókinn, að húsaleigan gleypir nú í mörgum tilfellum helming launanna, sem þýðir náttúrlega, að útgerðin verður að borga miklu hærra kaupgjald en ella. Það segir sig sjálft, hvaða áhrif það hefur á kauplagið í landinu, þegar svo er komið, að fjöldi fjölskyldna verður að greiða allt að helming launa sinna fyrir húsnæði. Það eru ekki þessir aðilar, sem hafa tekið af útgerðinni, því að ekki er verið að sækja fé í þeirra vasa. Nei, það eru neytendur, sem tekið hafa þessar 200—300 millj. af útgerðinni, og nú á að sækja aftur í vasa þeirra. Og nú er spurningin: Hvaða hjálp er þetta svo við útgerðina? Ég held, að þessar ráðstafanir muni, þegar til lengdar lætur, koma vandamálum útgerðarinnar í enn þá meiri hnút, eins og reynslan hefur sýnt um slíkar ráðstafanir áður. Og þá er spurningin: Hvað verður næsta skrefið? Ég spurði um það í minni fyrstu ræðu. Því svaraði hæstv. ráðh. ekki, en það er einmitt það, sem mestu máli skiptir.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekkert lögmál, að tollarnir eigi að hækka samkvæmt framfærsluvísitölu, eins og honum verður svo mjög tíðrætt um í grg. fyrir þessu frv., sem hér er til umr. Ég segi bara: Mikið var. En hæstv. ráðh. virðist þetta a. m. k. eðlilegt, og þetta er í raun og veru eina röksemdin fyrir þessari skattahækkun, eina röksemdin, sem fram hefur komið, og það var þess vegna, að ég fór nokkrum orðum um hana, því að vegna afkomu ríkissjóðs er þetta frv. algerlega þarflaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:3 atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 305 og 306, 307).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. 1. umr. þessa máls er nýafstaðin og ýtarleg. Rökin liggja hér enn í loftinu frá þeirri umr. og geta gert það að verkum, að 2. umr. megi verða styttri, svo að málið geti farið þá hröðu ferð, sem því er ætlað að fara af eðlilegum nauðsynjum.

Fjhn. athugaði málið, en klofnaði, eins og þskj. bera með sér. Meiri hl. n., 4 af 5, hefur skilað nál. á þskj. 306 og mælir þar með samþykkt frv. með einni breytingu þó. Aðalafstöðu sína byggir meiri hl. á þeim rökum, sem telja má að hafi komið mjög ýtarlega fram í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr., og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau nema að mjög takmörkuðu leyti.

Frv. þetta er í mjög nánum tengslum við afgreiðslu á fjárlögunum, eins og tekið hefur verið fram. Því er ætlað að afla tekna, til þess að tekjur geti orðið á móti gjöldum við afgreiðslu fjárlaganna, en öllum kemur saman um það, sem ábyrgð bera á þeirri afgreiðslu, að þar sé skarð, eins og nú standa sakir, sem þurfi að fylla. Minni hl. fjhn., hv. 4. þm. Reykv., skilar séráliti, sem enn hefur ekki verið útbýtt, en afstaða hans hefur komið mjög greinilega fram við umr. hér á undan. Og afstaða stjórnarandstöðunnar allrar er ein og hin sama, sem sé sú, að það sé ekki þörf á að afla meiri tekna en núgildandi tekjuöflunarlög mundu leiða af sér fyrir ríkissjóðinn. Þetta byggir stjórnarandstaðan á ýmsu, en aðallega því, að á síðustu árum hafi verið rangt áætlaðar tekjur samkvæmt þessum lögum, sem gilt hafa, og óþarflega mikið tekið í ríkissjóðinn til þess að mæta gjöldunum. Nú er það svo, að hygginn bóndi miðar ekki ásetning sinn við það, sem beztu vetur geta látið hann komast af með, heldur gerir hann ráð fyrir því að þurfa að mæta meðalvetri eða jafnvel vondum vetri. Og þegar á að gera áætlun fyrir ríkissjóðinn, þá er vert að hafa svipaða afstöðu og forsjáll bóndi við ásetning. Ég er líka í raun og veru viss um það, að sú bjartsýni, sem kemur fram hjá stjórnarandstöðunni gegn þessu frv. eða aukinni tekjuöflun, stafar miklu frekar af því, að stjórnarandstaðan telur sig ekki þurfa að bera ábyrgð á ásetningnum, heldur en hún sé trúuð á það, að góðæri það í tekjuöflun, sem verið hefur undanfarin ár, sé ábyggilegt til að endurtaka sig.

Það er mikið mælt á móti hækkun á vörumagnstolli og verðtolli, og í því sambandi er þó vert að taka til greina, að sá viðauki, sem þar er um að ræða, snertir ekki allra brýnustu nauðsynjar fólksins, svo sem mjöl, grjón, sykur, korn, salt, kol og steinolíu.

Um 2. lið 1. gr., sem meiri hl. fjhn. leggur til að felldur sé niður, er þess að geta, að um hann var nokkur ágreiningur innan meiri hl. En samkomulag varð um að leggja til, að hann yrði felldur niður úr þessu frv., því að í raun og veru má segja, að hann eigi ekki sérstakt erindi með tekjuöflunarfrv., sem miðað er við það að jafna fjárlögin. Þess vegna er eining um það af hálfu meiri hl. að mæla með því, að hann verði felldur niður, og um það er till. á þskj. 307.

Sams konar innskot í þetta frv. má segja að sé álag það á innflutningsgjald af benzíni, sem ætlað er sem tekjuöflun til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga og í brúasjóð, 5 aurar á hvorn stað, sem gera samtals, eftir því sem áætlað er, 5 millj. kr. Meiri hl. fjhn. er þessu samþykkur, enda er hér ekki um stórt atriði að ræða og mikil þörf, sem kallar eftir þessum framkvæmdum. Meiri hl. treystir því, að þó að þarna sé safnað í sjóð, sem verður svo sennilega ráðstafað af þeim, sem með þessi mál fara utan Alþ., að þeim tekjum, sem koma þarna, til þess að hægt sé að vinna að endurbótum, byggja stórbrýr og koma á nauðsynlegum tengivegum milli héraða, verði réttlátlega úthlutað til landshlutanna og megi þess vegna koma að eðlilegum og sanngjörnum notum fyrir þá, sem þarna eiga sérstaklega hlut að máli. En eins og menn vita, eru tengivegir, sem mikill áhugi er fyrir og nauðsyn að koma á, í öllum landshlutum svo og ógerðar brýr, sem brúasjóður hefur ekki annað að byggja.

Þegar um það er að ræða, hvort réttmætt sé að hækka innflutningsgjald af benzíni, þá er vert að athuga það, sem hæstv. fjmrh. raunar drap á, að álag á benzín hefur verið minna hér á landi en annars staðar yfirleitt, og það miklu minna en í nágrannalöndunum, Norðurlöndum. Ríkið hefur tekið 48 aura af lítra í skatt til ríkissjóðsins hér, en í Danmörku hefur verið tekið kr. 1.32, í Noregi kr. 1.05 og í Svíþjóð kr. 1.01, og verðlagið er, eins og sakir standa, kr. 1.75 hér, kr. 2.13 í Danmörku, kr. 2.19 í Noregi og kr. 1.92 í Svíþjóð. Ef frv. þetta verður að l., má gera ráð fyrir því, að það, sem íslenzka ríkið tekur, verði milli 80 og 90 aurar á hvern lítra, og nær það alls ekki því, sem aðrar þjóðir taka af benzíni í sinn ríkissjóð.

Við tölum oft um það, að það séu miklar álögur á Íslandi. En á það ber þá að líta jafnframt, að það er mikið, sem þjóðfélagið á Íslandi gerir fyrir þegna sína, og það er afar mikil efnahagsjöfnun, sem á sér stað í gegnum ríkissjóðinn. Þess vegna er það, að þeir skattar, sem við tökum, eru ekki látnir af hendi þannig, að steinn sé yfirleitt tekinn í staðinn. Og því er betur, að efnahagsástand og atvinnulíf á Íslandi er þannig nú, að ekki er ástæða til þess að berja barlómsbumbur fyrir landsfólkið. Hitt er svo annað mál, að telja má, að fyrir framtíðina sé ekki öryggi eins mikið og æskilegt væri. En mér er spurn: Mundi öryggið vaxa, þó að ríkissjóðurinn kæmist í greiðsluþrot? Mundi öryggið vaxa, ef Alþ. gengi þannig frá fjárlögum, að vafasamt væri, að ríkissjóður gæti innt af höndum það, sem hann hefur tekið að sér að inna af höndum, hvað þá ef hann kæmist í greiðsluþrot? Það er eins og frjmrh. sagði, ef slíkt ástand myndaðist, þá mundi það verða eins og olía á eld verðbólgunnar, og það má líka fullyrða, að þá mundi margur maður á Íslandi, ekki síst þeir fátæku, finna til þess, að fokið væri í skjól. Ég held þess vegna, að þótt æskilegt hefði verið,

að ekki hefði þurft að hækka álög, þá þurfum við ekki að vera afar hnuggnir yfir því, meðan ríkissjóður gerir það fyrir landsfólkið, sem hann gerir nú. Og ég verð að segja það, að ég hef ekki orðið þess var, t. d. í fjvn., að þar komi fram till. um, að hægt sé að spara, svo að verulegu nemi, eða vilji sé til þess — nema síður sé — hjá stjórnarandstöðunni að lækka þær greiðslur, sem ríkissjóði er talið skylt að inna og honum er gert að inna samkvæmt fjárlögum. Afleiðing gjaldanna verður svo eðlilega sú, að sjá þarf fyrir tekjum á móti, og sú tekjuöflun hvílir ekki svo þungt á þjóðinni — ég fullyrði það — að við getum ekki talið, að velgengni sé í landinu.

Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Framsöguræða hv. frsm. meiri hl. gefur mér ekki tilefni til langrar ræðu. Hann endurtók þær röksemdir, sem hæstv. fjmrh. bar fram við 1. umr. um frv., um leið og hann lagði það fyrir, og ég hef þegar svarað. Ég vísa að öðru leyti til nál. míns á þskj. 305, en vil aðeins að þessu sinni leyfa mér að vekja athygli fundarmanna á, að ég hef haldið því fram og þótzt sýna fram á, að ekki verði þörf þessara nýju skatta til þess að jafna halla á fjárlögunum.

Það er bersýnilegt hverjum þeim, sem ber saman útkomuna á árinu 1955 og fjárlagafrv. fyrir 1956, að óhætt er að hækka tekjuliðina svo, að jöfnuður náist. Viðleitni hæstv. ríkisstj. til að fá þetta frv. samþykkt er því augljóslega í því skyni gerð að fá umframtekjur fram yfir áætlaðar tekjur fjárlaganna, sem hún svo getur, á sama hátt og hún hefur gert á undanförnum árum, ráðstafað án þess að spyrja Alþ. um fyrr en þá eftir á og láta samþykkja orðinn hlut. Ég hef einnig sýnt fram á það, að álögur samkv. þessu frv. og frv. um framleiðslusjóð, sem liggur nú fyrir og er til umræðu í Nd., nema samkvæmt mati ríkisstj. sjálfrar a. m. k. 200 millj. kr. á þessu ári. Ég hef einnig sýnt fram á, að engar ráðstafanir eru til þess gerðar eða fyrirhugaðar, að því er séð verður af frv. ríkisstjórnarinnar, að koma í veg fyrir, að þessir nýju skattar á landsmenn, eitthvað yfir 200 millj. kr., verði álagningarliður fyrir milliliði og gróðamenn landsins. Sú leið ein, sem væri líkleg til að hefta það og koma í veg fyrir nýja gróðasöfnun vegna þessara sérstöku tekjuliða og þar með auknar álögur á landsmennina, væri að setja öflugt verðlagseftirlit með ákveðnu hámarksverði, hámarksálagningu.

Ég hef einnig spurzt fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort hann hafi látið rannsaka, hver áhrif þessi stórfellda hækkun á sköttum og álögum, yfir 200 millj. kr., muni hafa á vísitöluna og þar með kaupgjald og framleiðslukostnað í landinu, hversu mikið hún muni auka framleiðslukostnað útflutningsatvinnuveganna og hækka framfærslukostnað fólksins í landinu. Það er venja ríkisstj., eins og ég áður hef sagt, þegar um kaupgjaldsbreytingar er að ræða og samningar fara fram um það, að leita til hagstofunnar til að fá reiknað út, hve miklu þetta nemi. Að þessu sinni hefur hæstv. ríkisstj. ekki gert þetta, og ég vildi mjög óska þess, áður en þessum málum lýkur, að hún legði fram greinargerð um þetta atriði. Þá hef ég leyft mér að benda á, að samanlagðar álögur samkv. lögum til ríkissjóðs og útgerðarinnar verða að þessum tveimur frv. samþykktum hvorki meira né minna en a. m. k. 1 milljarður ísl. kr. Hversu mikill hluti þetta er af þjóðartekjunum, er ekki upplýst um, því að hæstv. ríkisstj. hefur ekki upplýst um, hvað líkur bendi til að þær verði núna á þessu ári. Hitt liggur í augum uppi, að hér er um svo gífurlega hækkun að ræða á sköttum og álögum, að það hlýtur að hafa mikil áhrif á verðlag og framleiðslukostnað í landinu og skapa erfiðleika fyrir þá, sem eiga sitt undir þessu tvennu.

Þar sem bersýnilegt er, að það er þegar ákveðið, að þetta frv. nái fram að ganga til þess að sjá ríkisstj. fyrir nokkrum umframtekjum til ráðstöfunar, taldi ég þýðingarlaust að bera fram brtt. við þetta og hafði ekki hugsað mér að gera það. Hins vegar sé ég nú, að hv. meiri hl. hefur lagt fram brtt. á þskj. 307 um að fella niður 1% gjaldið til tollskýla, og þykir mér þá rétt að reyna, hvort hugsanlegt væri, að eitthvað fleira fengist lagfært í frv. en þetta eitt. Ég veit, að það er alveg gersamlega þýðingarlaust að láta sér detta í hug að fá breytt ákvæðinu um álagninguna á verðtollinn, því að það er aðaltekjuliður þessa frv. Hins vegar heyrðist mér á hæstv. fjmrh., að hann legði ekki mikið upp úr þeim tekjuauka, sem yrði af bílaskattinum, hvorki benzínskattinum né þungaskattinum á bíla.

Félagsskapur bifreiðaeigenda hér í bænum, þeirra er hafa atvinnu af að aka leigubifreiðum, hefur nú snúið sér til þingmanna og fjhn. með tilmælum um, að veitt verði undanþága fyrir atvinnubíla frá þessum nýju álögum eða sú leið yrði farin að heimila ráðherra að endurgreiða annaðhvort að fullu eða nokkru þann skatt, sem á verði lagður með þessu frv.

Ég vildi, þó að ég hafi ekki mikla von um árangur, leita eftir áliti og undirtektum hv. deildarmanna um þetta, og leyfi mér samkvæmt því að leggja fram svofellda skriflega brtt., sem ég skal lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: „Við 1. gr. Á eftir d-lið í 3. tölul. komi ný málsgr.: „Ráðherra er heimilt að endurgreiða eigendum atvinnubifreiða hækkun á innflutningsgjaldi af benzíni samkv. lögum þessum og fella niður hækkun á bifreiðaskatti.“ Ég vil mega vænta þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari tillögu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 308) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ræða frsm. minni hl. gaf ekki ástæðu til þess, að ég fari að lengja hér umr. nema að einu leyti, þ. e. að því er snertir þá skriflegu till., sem hann lagði fram.

Ég vil þá geta þess, að erindi frá bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli barst fjhn., þegar hún hélt fund sinn áðan, og hún sá sér ekki fært að verða við óskum bifreiðarstjóranna, þ. e. a. s. meiri hl. Minni hl. hefur nú aftur á móti gengið til móts við þá. Ég vil að þessu gefnu tilefni upplýsa og benda á, að bifreiðaskattur ásamt

gjaldi af hjólbörðum og slöngum var ákveðinn 1949 og hefur haldizt óbreyttur síðan, og hann er ekki miðaður við verð, heldur við þunga. Hann hefur verið 3 kr. af kg hjólbarða og slangna, en nú er lagt til, að hann verði 6 kr. Þungaskattur bíla hefur verið 36 kr. af 100 kg, en nú er lagt til, að hann hækki um helming, þ. e. af bifreiðum, sem eru til fólksflutninga aðallega. Svo er þungaskattur af þeim bílum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 kr. af 100 kg, og það er lagt til, að hann hækki um 50%. Þegar á það er litið, hvað verðlag hefur breytzt í landinu og gildi peninga síðan 1949, er ekki hægt að segja, að harkalega sé að farið í þessu efni.

Um benzínskattinn þarf ég ekki að tala, ég gerði það áðan, og það liggur ljóst fyrir, að hann hvílir létt á hér í okkar landi, borið saman við það, sem er í öðrum löndum, og er þó meira, sem þarf að gera hér fyrir vegi, en annars staðar yfirleitt vegna þess, hve landið er stórt og miklar vegalengdir. Meiri hl. sem sagt taldi sig ekki geta orðið við óskum bifreiðarstjórafélagsins, og hann leggur því til, að till. hv. minni hl. verði felld.

ATKVGR.
Brtt. 307 samþ. með 9:1 atkv.
— 308 felld með 9:4 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv.
2. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

Á 54. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 309).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Meiri hl. fjvn. og ríkisstj. er sammála um, að ekki sé mögulegt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög nema með því að afla nýrra tekna. Þetta er algert nýmæli nú um sinn að því leyti, að undanfarin ár hefur ætíð verið hægt að lækka nokkuð skatta og tolla á hverju ári.

Ég ætla ekki að flytja hér langan inngang eða útskýra þessa þörf miklu nánar, vegna þess að það hefur verið gerð glögg grein fyrir henni í sambandi við brtt. hv. meiri hl. fjvn. og nál. hv. meiri hl. fjvn.

Þó vil ég aðeins víkja að því, að hv. stjórnarandstæðingar hafa dregið í efa, að þörf væri á því að samþykkja nýja tekjustofna fyrir ríkissjóð. Kom þetta fram í hv. Ed. við meðferð þessa máls. Út af því vil ég aðeins benda á, að samkvæmt því, sem nú liggur fyrir, er tekjuáætlun fjárlaga komin upp fyrir 600 millj. kr., og þá vantar hátt í 50 millj. kr., til þess að greiðslujöfnuður náist.

Á s. l. ári verða tekjurnar ekki hærri en 630—640 millj. kr. Þó hefur verið flutt svo mikið inn á því ári, að notaður hefur verið meiri gjaldeyrir en sá, sem tilfallið hefur á árinu, og á því ári hefur verið alveg óvenjulegur bifreiðainnflutningur, sem hefur fært ríkissjóði milljónatugi í tekjur, bæði verðtoll, aukinn söluskatt og leyfisgjöld af bifreiðainnflutningi. Bifreiðainnflutningur á þessu ári verður aðeins brot af því, sem hann var á s. l. ári, og það er ómögulegt að hugsa sér, að innflutningur í heild geti orðið eins mikill á þessu ári og s. l. ár.

Samt sem áður eru fjárlögin orðin þannig, að ef tekjurnar yrðu jafnmiklar í ár og þær hafa orðið s. l. ár, ekki meiri, þá væri gefinn greiðsluhalli. Það er óhugsandi, að umframgreiðslur verði ekki meiri en 30 millj. kr. Fyrir utan óvenjulegar greiðslur, sem á falla ætíð, hversu vandlega sem áætlað er, kemur svo, að visitalan er of lágt sett í fjárlagafrv. Það, sem treyst er á, er, að tekjuskatturinn verði hærri nú en hann varð á s. l. ári, og er þó áætlun hans teygð orðin.

Ég held, að tekjuáætlun fjárlaganna hafi aldrei á síðari árum verið jafnteygð og hún er nú, og þess vegna tel ég, að röksemdafærslur hv. stjórnarandstæðinga um það, að ekki sé þörf á því að afla nýrra tekna, séu á misskilningi byggðar.

Ég mun þá minnast fáum orðum, hvernig gert er ráð fyrir að afla teknanna.

Fyrst er ráðgert að hækka álag á vörutoll upp í 340%, en athugað hefur verið, að verði álagið hækkað á þessa lund, verður vörumagnstollurinn jafnhár hlutfallslega, samanborið við verðlag í landinu, þ. e. a. s. framfærsluvísitölu, og hann var, þegar grunnur tollsins var settur árið 1951. Hann er þess vegna færður til samræmis við hækkun á verðlagi í landinu, en í raun og veru hefur tollurinn lækkað tiltölulega ár frá ári undanfarið vegna verðlagsþróunarinnar.

Þá er gert ráð fyrir því að hækka innflutningsgjald af benzíni um 20 aura. Innflutningsgjald af benzíni er nú 31 eyrir og vörumagnstollur 15 aurar. Þannig hafa þessi gjöld staðið síðan 1949. Ef þau væru færð til samræmis við þróun verðlagsmála í landinu síðan, ætti að hækka aðflutningsgjöldin á benzínlítrann um 47 aura. Þá mundi benzínskatturinn verða jafnhár tiltölulega, miðað við framfærsluvísitölu, og hann var, þegar hann var ákveðinn. En í stað þess að leggja til, að hann verði hækkaður um 47 aura, er lagt til, að hann verði hækkaður um 20 aura á lítra.

Þá er ráðgert, að af þessum 20 aurum renni 10 aurar til ríkissjóðs sjálfs, en 5 aurar í brúasjóð til þess að standa undir byggingu stórra brúa, en með 5 aurum verði stofnaður sérstakur sjóður til þess að greiða kostnað við að leggja vegi á milli byggðarlaga. Er þá ráðgert, að Austurvegur fái væna fúlgu af því fé.

Þá er lagt til, að bifreiðaskattur og gjald af hjólbörðum og slöngum verði tvöfaldað. Þessi gjöld hafa staðið óbreytt frá því 1949, og með þessari uppástungu er lagt til, að þau verði færð

til samræmis við verðlagsbreytingar, sem orðið hafa síðan, miðað við framfærsluvísitölu. Með þessu móti verða þau jafnhá raunverulega, samanborið við verðlag í landinu, og þau voru, þegar þau voru sett. Hafa þau í raun og veru farið sílækkandi ár frá ári, þar sem þau hafa staðið óbreytt í krónutölu þrátt fyrir mjög breytt gildi peninga. Þessi gjöld eru nú mjög lág hér, og er rétt að benda á, að bifreiðaskattur af venjulegri sex manna fólksbifreið, tegund, sem mikið er notuð, er nú 504 kr., en verður eftir hækkunina 1008 kr., en í Noregi t. d. er gjald af slíkri bifreið 1256 ísl. kr., eða 25% hærra en verður hér eftir breytinguna.

Bifreiðagjald nær til fólksbifreiða og vörubifreiða, sem nota dieselorku og brenna olíu, en ekki til vörubifreiða, sem nota benzín. Til þess að fara varlega í því að hækka gjöld á vörubifreiðum er lagt til, að bifreiðaskattur á vöru- og sérleyfisbílum hækki aðeins um 50% frá því, sem hann er nú, og verður hann þá hvergi nærri færður til samræmis við verðlagsbreytingarnar, sem orðið hafa, síðan hann var settur, og sannast að segja eru þá dieselbifreiðar, sem vörur flytja, mjög vel settar eftir sem áður, samanborið við þær bifreiðar, sem benzín nota, þar sem dieselbifreiðarnar verða ekkert fyrir þeirri hækkun, sem gerð er á benzínskattinum, eins og gefur að skilja. Samt hefur ekki þótt rétt að hækka gjöldin á þessum bifreiðum um meira en 50%.

Ég skal taka það fram, að bifreiðaskatturinn er ekki heldur greiddur af skólabifreiðum, ekki vörubifreiðum, sem nota benzín, eins og ég sagði áðan, og eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu bifreiðaskatts, ef þeir sanna með vottorðum skattanefndar, að þeir hafi notað bifreiðarnar að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

Loks er svo stærsti liður frv., hækkunin á verðtollsálaginu. Það er gert ráð fyrir, að það hækki úr 45% í 80%, en það hefur verið 45% frá 1. jan. 1951, en var áður 65%. Var það lækkað, um leið og genginu var breytt, niður í 45%.

Að sjálfsögðu hefur verðtollurinn ekki hækkað eins mikið undanfarið og verðlag innanlands, því að verðlag á erlendum vörum hefur hækkað minna undanfarið en verðlag hefur hækkað í landinu, og þar af leiðandi hefur verðtollurinn hækkað minna en nemur hækkun á opinberum útgjöldum. Þess vegna má segja, að einnig frá þessu sjónarmiði sé ekki óeðlilegt, að til þess þurfi að grípa að hækka verðtollsprósentuna nokkuð.

Æskilegt hefði þó vitaskuld verið að komast hjá því að þurfa nokkuð að breyta skattabyrðinni, en því er ekki að heilsa, eins og ég gerði grein fyrir í upphafi þessa máls.

Þá er að geta þess, hvað gert er ráð fyrir, að ákvæðin færi ríkissjóði í tekjur. Ráðgert er, að vörumagnstollsviðaukinn gefi um 6 millj. kr. á heilu ári, benzínskatturinn til ríkissjóðs 5 millj. kr. á heilu ári og bifreiðaskatturinn um 6 millj. kr. og gúmmígjaldið og verðtollsviðaukinn 35—36 millj. kr. eða svo. Samtals er þetta á heilu ári um 53 millj. kr. En nú er janúarmánuður liðinn og aðeins um 11 mánaða tekjur að ræða á þessu ári, og mundi þá láta nærri, að gera mætti ráð fyrir um 49 millj. kr. tekjum af þessum nýju tekjuliðum á þessu ári, og það er það, sem þarf til þess að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus.

Ég skal geta þess mönnum til fróðleiks, að ég hef reynt að bera saman þær hækkanir á gjöldum, sem hér eru ráðgerðar, þ. e. a. s. þann tekjuauka í heild, sem hér er ráðgerður fyrir ríkissjóð, og þær lækkanir, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum fyrir atbeina núverandi ríkisstj. og þingmeirihluta, og telst mér svo til, að sá tekjuauki, sem hér er ráðgerður, sé sáralítið meiri en þær lækkanir, sem á þessum árum hafa verið lögleiddar.

Ég kemst helzt að þeirri niðurstöðu, að skattabyrðin á þjóðinni til ríkissjóðs, eftir að þessi löggjöf hefur verið sett, verði sem allra næst hin sama og hún var 1950. Það er að vísu mjög leiðinlegt að þurfa þannig að taka aftur til baka það, sem lækkað hefur verið, en hjá því verður ekki komizt vegna þeirrar stefnu, sem málin hafa tekið nú upp á síðkastið.

Loks vil ég fara örfáum orðum um meðferð málsins. Í þessu frv. eru m. a. ákvæði um það, að greiða skuli innflutningsgjaldið af benzíni af benzínbirgðum, eins og venja er, þegar breytt er benzínskatti, og einnig skuli greiða af verzlunarbirgðum af hjólbörðum og slöngum. Þetta leiðir af sér, að frv. þyrfti endilega að fá afgreiðslu nú á þessu kvöldi frá hv. Alþ., til þess að ekki sé hægt að viðhafa spákaupmennskusölu á þessum vörum umfram það, sem vitanlega er að einhverju leyti orðið í dag um benzínið, þó í mjög smáum stíl.

Um þetta frv. hef ég rætt allýtarlega við hv. leiðtoga stjórnarandstæðinga í gær og í fyrradag og m. a. um málsmeðferðina og þennan þátt í málinu, sem ég var nú að minnast á. Hv. talsmenn stjórnarandstæðinga í Ed. greiddu fyrir því, að málið gæti fengið þar afgreiðslu síðari hluta dagsins í dag. Vona ég, að hv. leiðtogar stjórnarandstæðinga í þessari deild hafi sama háttinn á, enda hef ég gert mér far um, að þeir hefðu nægilegan tíma til þess að setja sig inn í málið. Ég afhenti þeim frv. sem trúnaðarmál í gær, til þess að þeir gætu athugað það og búið sig undir að taka afstöðu um málið í heild eða einstök atriði þess, og var það allt miðað við, að það gæti fengið skjóta afgreiðslu.

Ég vil beina því til hv. fjhn., sem fær málið til meðferðar, að hún afgr. málið fljótt, eins og fjhn. í Ed. gerði, og hef ég líka undirbúið það nokkuð með því að hafa samband við fjhn.-menn utan fundar í dag, og hef ég góða von um, að n. muni vilja hafa þann háttinn á að taka afstöðu fljótt og skörulega um málið og án þess að það þurfi að tefjast.

Ég vil óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hef margt við þetta frv. að athuga.

Í fyrsta lagi tel ég, að tekjuáætlun þess sé ekki rétt, hún sé of lág. Frv. gerir ráð fyrir því, að það þýði 49 millj. kr. skattahækkun á hinum ýmsu liðum, sem hæstv. ráðh. hefur nú gert grein fyrir að felast í frv. Ég tel, að varlegt sé að áætla þetta frv. þýða 60 millj. kr. skatta-

hækkun, og byggi það þegar á því, að 25% hækkun á verðtollinum einum jafngildir 45 millj. kr. verðtollsauka. Hækkun verðtollsins ein lætur því nærri að gefa sömu tekjuaukaupphæð og hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir að allt frv. gefi, ef miðað er við, að innflutningur verði svipaður á þessu ári og hann reyndist á árinu 1955. Það vill hæstv. ráðh. að vísu draga í efa, en ég tel ekkert benda til þess, að ástæða sé til að draga það í efa.

Í öðru lagi, og það er mergurinn málsins, tel ég, að engin þörf sé fyrir þessa skatta og þar af leiðandi engin þörf á að samþ. þetta frv. Fjárl. hafa ekki verið afgr. enn, 3. umr. stendur yfir, en fyrir því hafa verið færð sterk rök, svo sterk, að ég treysti þeim, að tekjuáætlun fjárl. sé enn röng. Hún hefur verið það mörg undanfarin ár, og undanfarin ár hefur hæstv. fjmrh. staðið hér og sagt: Tekjuáætlunin er frekar of há en of lág. — Það hefur alltaf reynzt eftir á, þegar árið var liðið, vera rangt. Hæstv. ráðh. hefur alltaf verið svartsýnni en ástæða hefur verið til. Hann telur eflaust embættisskyldu sína að vera svartsýnn á afkomu ríkissjóðsins, en það hefur aldrei farið eftir spádómum hans í þessum efnum. Tekjurnar hafa ávallt undanfarin ár reynzt mun meiri en þær hafa verið áætlaðar. Þetta hefur verið svo föst regla, að legið hefur nærri að álíta, að þetta væri með vilja gert, til þess að ríkisstj. hefði rúmar hendur um ráðstöfun fjárins, til þess að hún gæti, eftir að árið er liðið eða þegar árið væri að líða, komið fram með frumvörp í skyndi, þar sem hún ráðstafaði tekjuaukanum til þeirra þarfa, sem hún kýs að verja honum í. Raunverulegar tekjur ársins í fyrra, 1955, voru 110 millj. kr. hærri en áætlað var í fjárl. fyrir árið.

Verðtollurinn er í frv. fyrir 1956 áætlaður 155 millj. kr., en hann var í raun og veru 1955 178 millj. kr., eða 23 millj. kr. hærri. Virðist engin ástæða vera til að áætla hann lægri á þessu ári en hann reyndist í fyrra. Söluskatturinn er áætlaður á þessu ári 120 millj. kr. Hann var 1955 130 millj. kr., þ. e. 10 millj. kr. hærri í fyrra en hann er áætlaður í ár. Á þessum tveimur liðum skakkar því 33 millj. kr. Um fjölmarga aðra tekjuliði fjárlfrv. gildir það, að þá væri hægt að áætla talsvert hærri en þeir hafa verið áætlaðir. Vil ég t. d. nefna bifreiðaskatt og benzínskatt, sem hvorir tveggja munu vafalaust skila mun meiri tekjum í ríkissjóð en áætlað er í fjárlagafrv.

Ég tel þess vegna, að þessi skattlagning, sem hér er ráðgerð, sé óþörf, það sé hægt að afgreiða fjárlagafrv. tekjuhallalaust, þó að þessir skattar séu ekki lagðir á. En um það er ég hæstv. ráðh. og ríkisstj. sammála, að brýna nauðsyn ber til, eins og ástand allt er í efnahagsmálum þjóðarinnar, að tekjuhalli verði ekki á fjárl., heldur þvert á móti er þar tekjuafgangur nauðsynlegur.

Varðandi einstök atriði frv. vil ég aðeins láta þess getið, að það skásta, sem var í frv. eins og það kom frá hæstv. ríkisstj., var úr því fellt í hv. Ed., þ. e. ákvæðið um að innheimta og leggja í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá til þess að verja til byggingar tollstöðva í landinu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að tollgæzlan er í hinum mesta ólestri, fyrst og fremst sökum þess, að aðstaða öll til tollheimtunnar er óforsvaranleg víðast hvar á landinu. Það hefði því verið til mikilla bóta að gera ráðstafanir til þess að bæta skilyrði tollgæzlunnar. Þeir peningar, sem til þess hefði verið varið, hefðu skilað sér aftur á skömmum tíma. Þetta ákvæði frv., sem var það skásta og að mínu viti hefði fyllilega komið til greina að samþykkja, felldu hæstv. stjórnarflokkar út úr frv. í Ed.

Þá vil ég aðeins geta þess, sem hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni og er raunar getið í grg. fyrir frv., að hækkun vörumagnstollsins er miðuð við vísitölu. Það er í hæsta máta undarleg regla, sem hér er tekin upp, að hækka tolla á landsmenn eftir vísitölu. Hvar er nú fordæmingin á vísitöluskrúfunni margumtöluðu? Mig minnir, að það hafi verið einn aðalkjarninn í öllum boðskap hv. stjórnarflokka undanfarin ár, að vísitöluskrúfan væri stórhættuleg, eitt það allra hættulegasta við það fyrirkomulag, sem við nú búum við í kaupgjaldsmálum. Þegar hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að draga úr áhrifum svokallaðrar vísitöluskrúfu, t. d. með því að hætta að láta kaupgjaldshækkun verka á landbúnaðarverðið. En nú er hér tekinn upp sá kostur að færa vísitöluskrúfuna inn á nýtt svið, þ. e. að fara að láta hana verka á tollana líka. Menn geta hæglega séð, hvar þetta kemur til með að lenda. Ef verðlag hækkar á einhverri innfluttri vöru og vísitalan hækkar af þeim sökum, þá á rétt á eftir að hækka tollana, af því að vísitalan hækkaði. Þá hækkar auðvitað vísitalan enn, og svona heldur þetta áfram.

Hér er greinilegt dæmi um það, að skrúfugangur vísitölunnar er settur í gang. Hann hefur verið afnuminn á sumum sviðum réttilega, þar sem hann hefur skaðlegar verkanir og óþarfi er að láta hann verka, og þá hleypur hæstv. ríkisstj. til og innleiðir skrúfuganginn á öðrum sviðum.

Hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að sér virtust það vera meðmæli með þessu frv., að álögurnar væru þó ekki miklu meiri en stjórnarflokkarnir hefðu lækkað álögurnar á almenningi um undanfarin ár. Það er nú svo. Gaman hefði nú verið að fá að njóta þess einu sinni í svolitinn tíma, að álögur á landsmenn væru lækkaðar. En það virðist ekki eiga að geta gerzt. Hæstv. ríkisstj. unir því auðsjáanlega alls ekki, að almenningur fái að njóta þeirra lækkana, sem hún er búin að gorta af mörg undanfarin ár. Hún er ekki í rónni, þrátt fyrir allt gortið af lækkununum, fyrr en hún er búin að taka þetta af almenningi aftur og hækka álögurnar um það, sem hún áður lækkaði þær um, þó að hún hafi mikið af því gortað.

Hvað sem annars um þetta má segja, telur Alþfl. það vera merg málsins í þessu sambandi, að þessar álögur séu — sem betur fer — óþarfar og þess vegna sé óþarft að fylgja frv., og munum við því greiða atkv. gegn því við afgreiðslu málsins hér.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að hann gaf okkur í stjórnarandstöðunni kost á að kynna okkur þetta frv. sem trúnaðarmál, áður en hann lagði það fram, og bað um, að ekki yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að tefja það, sökum þess, hvernig háttaði um sölu á vörunum, sem

það fyrst og fremst leggst á. Við munum ekki gera neinar sérstakar ráðstafanir til þess að berjast það harðvítuglega í þessu máli, að það tefjist þess vegna, því að það er auðséð, að málið á að ganga í gegn. Hitt finnst mér, að ríkisstj. megi athuga, að henni ber að hafa sinn atkvæðameirihluta til taks, þegar hún ætlar að þvinga mál fram á þennan hátt. (**Fjmrh.**: Það er sanngjörn krafa.) Það er mjög sanngjörn krafa. En það er hins vegar hlutur, sem yfirleitt kemur ekki fyrir í þinginu. Það er nú búið að drepa svo allan dug úr þm. stjórnarliðsins, að þegar þeir ekki lengur yfirleitt fá að tala í neinum málum og láta í ljós neina sjálfstæða skoðun og eiga ekkert eftir annað en að fá einstaka sinnum að rétta upp hendurnar og venjulega með slæmum málum, þá eru þeir farnir að letjast á því að sitja á bekkjunum, og þess vegna er það ekki nema sanngjarnt, að ríkisstj. geri sérstakar ráðstafanir til þess, að þeir séu viðstaddir og að stjórnarandstaðan þurfi ekki bókstaflega að hjálpa málunum áfram með því að greiða atkvæði á móti afbrigðum eða öðru slíku.

Fyrsta atriðið í sambandi við þetta frv. er sú stefna, sem hæstv. fjmrh. fer inn á. Hann leggur hér fram frv. um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, — og kemur nú einu sinni enn þá gamli bandormurinn eða höggormurinn til sögunnar í þinginu að nýju; alltaf er hann vakinn upp með nokkurra ára millibili, — og segir, að nú vanti sig til þess að geta afgreitt fjárlögin. Þetta er þskj. 302, og á þskj. 290 eru nokkrar brtt. við fjárl., m. a. brtt. frá hæstv. fjmrh., og það er dálítið gaman að athuga þetta tvennt í samhengi.

Hann fer fram á við okkur með þessu frv., sem hér liggur fyrir í dag, að það sé lagður skattur á almenning, sem muni gefa um 50 millj. kr. í ríkissjóðinn, annars verði ríkissjóður alveg ófær um að greiða það, sem á honum hvíli. Samtímis leggur hann svo fyrir brtt. um að veita úr ríkissjóði 54 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1955, sem hann sagði um, þegar þau fjárl. voru ákveðin, að það væri alveg óhjákvæmilegt að innheimta þær álögur, sem þá væru til, vegna þess að annars mundi ekki vera nóg í ríkissjóði til þess að borga. M. ö. o.: Hann hefur 54 millj. kr. afgangs, sem hann leggur til í dag við okkur að ráðstafa. Hann hefur afgangs 54 millj. kr. frá árinu 1955. Svo kemur hann hér fram fyrir okkur og segir: Viljið þið ekki lofa mér að leggja á sérstaklega 50 millj. kr. fyrir næsta ár? — og segir þá aftur, að þetta sé til þess, að hann hafi nú eitthvað upp í að borga, þó að við vitum, að þetta sé til þess, að hann hafi eitthvað afgangs, milli 50 og 100 millj., til þess að ráðstafa á næsta ári, eins og hann er að ráðstafa þessum 54 millj. kr. núna á þskj. 290.

Það hefði verið einfaldast af hæstv. fjmrh. að taka þessar 54 millj. kr. af tekjuafgangi 1955 og segja: Má ég ekki hafa þetta til vara fyrir fjárl. 1956? — Þetta er nokkurn veginn sama upphæð. Og það, sem ég vildi ræða við hann í þessu sambandi, er stefnan í þessu. Það er þessi stefna að leggja nefskatta á almenning til auðsöfnunar fyrir ríkissjóð eða einstök fyrirtæki í landinu. Er þetta rétt stefna, eða er hún röng? Ég álít, að hún sé röng. Ég álít, að það nái ekki nokkurri átt og að það sé bara að blekkja sjálfan sig að vera að leggja tolla á neyzluvörur almennings til þess að taka þá peninga síðan og ráðstafa þeim í þá stóru útlánasjóði bankanna. Í fyrsta lagi er algerlega óréttlátt að leggja slíkan skatt á alþýðu manna til þess eins að safna auði handa forríkum fyrirtækjum, þó að það séu ríkisfyrirtæki. Og ég býst við, að hæstv. fjmrh. hafi orðið var við það, að þó að hann leggi til í þessari brtt. við fjárl., að þetta sé lánað fiskveiðasjóði, Búnaðarbankanum og öðrum slíkum, þá er þegar komið fram yfirboð frá einum þm. Sjálfstfl. um, að þetta sé gefið, þetta sé látið sem óafturkræft framlag til viðkomandi sjóða. Ég geng út frá, að það sé fyrsti forsmekkurinn að kosningunum, að það eigi að sjá til, hvort Framsfl. stenzt samkeppnina við Sjálfstfl., þegar Sjálfstfl. segir: Við skulum gefa Búnaðarbankanum, við skulum gefa fiskveiðasjóði, — og hvort fjmrh. fellst þá ekki heldur á, að Framsfl. eigi að gefa líka, jafnvel þó að hann vilji ekki eyða þessu fyrir ríkissjóði. Og þá erum við sem sé komnir inn á það, að við leggjum á verðtoll, við leggjum á vörumagnstoll, við leggjum tolla á nauðsynjar almennings til þess að gefa í ákveðna forríka sjóði. Þetta er hlutur, sem ekki á að eiga sér stað.

Í öðru lagi, ef menn vildu gera eitthvað svona, ef menn vildu fara inn á þá stefnu að leggja vörutolla og verðtolla á almenning, neyzluvörur hans, til þess að safna í digra sjóði, þá á að segja þetta fyrir fram. Það á að segja við alþýðu manna fyrir fram: Nú legg ég til, að það sé lagður skattur á allt korn í landinu t. d., til þess að fiskveiðasjóður geti fengið mikla peninga. — Þetta treysti ríkisstj. sér ekki til að gera, vegna þess að hún álítur, að slík stefna mundi ekki eiga upp á pallborðið hjá almenningi. Hún gerir þetta á annan hátt. Hún gerir þetta á þann hátt, að fjmrh., sem er kunnur fyrir að vera góður búmaður fyrir ríkissjóð, er látinn barma sér hér hvert einasta ár, barma sér og barma sér og meira og meira, fá alla til að vorkenna sér, hvað vesalings ríkissjóðurinn sé nú illa staddur, þangað til hann er búinn að betla út úr sínum stjórnarstuðningsmönnum nógu mikla peninga til þess að geta komið næsta ár og sagt: Sjáið nú, hvað ég er góður búmaður!

Þessi háttur getur ekki gengið. Að leggja nefskatt á almenning til þess að safna í digra sjóði, sem fyrir eru, nær ekki nokkurri átt.

Hæstv. fjmrh. sagði, þegar hann talaði fyrir þessari till. sinni á þskj. 290, að sér hefði þótt hryllilegt að hugsa til þess, ef það hefði ekki verið hægt að koma fram með þessar till. núna. Það er vitanlegt, að ríkisstj. hefur allan tímann verið að reyna að fá lán handa þessum sjóðum erlendis. Það hefði verið hægt að fá lán handa þessum sjóðum erlendis, ef ríkisstj. væri ekki eins þrælbundin og hún er í sambandi við alla sína lánapólitík. Þess vegna er farið inn á þá aðferð að taka þetta af almenningi á þennan hátt og reyna nú að læða því einu sinni enn þá í gegn með því frv., sem hérna liggur fyrir.

Ég álít, að þessir hlutir verði að hætta. Ef menn vilja fara að safna auði handa ríkinu eða

ákveðnum fyrirtækjum með þessum aðferðum, þá eiga menn að segja það fyrir fram og gera það að stefnuatriði. Eins og sakir standa núna, væri nær að taka þessar 54 millj., sem þarna eru afgangs, og láta hæstv. fjmrh. geyma þær til næsta árs og borga þá, ef það skyldi vanta þetta upp á fjárl. 1956, sem hann segir að muni vanta. Þess vegna álít ég strax hvað þetta snertir, að allar þessar tillögur hæstv. ráðh. séu óþarfi.

Svo kem ég að þessu frv. sjálfu og hinum einstöku liðum þess og röksemdafærslum hæstv. ráðh. Þær voru vægast talið barnalegar. Hæstv. ráðh. vildi segja okkur, að þessir tollar hafi því miður raunverulega farið hlutfallslega silækkandi undanfarið, og það var rétt eins og hann vildi segja, að honum hefði bara láðst að hækka þetta til samræmis við dýrtíðina; þetta væri bara yfirsjón, sem hann hefði uppgötvað núna; þetta væri bara orðið á eftir; það væru til álögur á landsmenn, sem hefðu ekki fylgzt með annarri dýrtíð í landinu. *Óttaleg vandræði! Hæstv. fjmrh. veit* ekki, hvað húsaleigan hefur hækkað hérna í Reykjavík. Ætli það væri ekki rétt fyrir hann að athuga það? Þar er alveg ljómandi hlutur að miða við. Er það ekki ágæt röksemdafærsla næst, að að vísu þyki hagkvæmt að hafa ekki húsaleiguna í vísitölunni, vegna þess að þá mundi kaup manna hækka til samræmis við það, sem húsaleigan hækkaði, en hins vegar væri alveg ágætt að miða við einhverja raunverulega húsaleiguvísitölu, þegar menn ætla að fara að hækka hina og þessa skatta, sem hefur láðst að hækka eða hafa dregizt aftur úr? Þessi hæstv. ráðh., sem alla sína tíð hefur alltaf verið að tala á móti verðbólgu og á móti dýrtíð, kemur nú allt í einu fram og færir það sem ein höfuðrök, að því miður hafi dýrtíðin ekki hækkað jöfnum skrefum alls staðar, sums staðar hafi hún komizt fram úr. Og þá leggur hann ekki til að kippa þar til baka. Nei, hinir, sem hafi drattazt aftur úr, einhverjir liðir, sem ekki hafi getað spjarað sig í dýrtíðarkapphlaupinu, skuli ekki verða aftur úr héðan af.

Ég veit, að hæstv. fjmrh. hefði ekki notað þessa röksemdafærslu, ef honum væri nokkurn veginn sjálfrátt með þá hluti, sem hann er að gera þessa dagana. Það er alveg auðséð og auðheyrt á báðum þeim hæstv. ráðh., sem við höfum rætt við í þessari d. í dag, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að *hjá þeim er raunverulega komið svo, — mér* datt í hug á dönsku orðatiltæki um þetta, eins og danskurinn segir: „Desto galere, desto bedre“ — því vitlausara, því betra; það sé sem sé um að gera, að það, sem nú verði að gera, sé gert allt saman sem vitlausast; og það, sem virðist vera aðalatriðið hjá hæstv. fjmrh., sé, að það hafi ekki verið, eins og danskurinn mundi segja, „system i galskabet“, að það hafi ekki verið kerfi í dýrtíðarvitleysunni fram að þessu, það hafi einstök atriði í dýrtíðarvitleysunni dregizt aftur úr og þetta dugi ekki. Áfram með þetta. Upp með þetta. Skrúfum þetta áfram á einum degi í gegnum þingið.

Það er vitanlegt, og hæstv. forsrh. upplýsti okkur um það, af hverju þetta er. Þetta er vegna þess, að þessir tveir stjórnarflokkar eru búnir að ákveða, að nú skuli þessu skellt í gegn eins og söluskattinum 1948, síðan skuli verða kosningar á miðju ári, eins og var 1949, síðan skuli verða gengislækkun á árinu næsta þar á eftir, skömmu eftir að búið sé að kjósa, þegar nógu langur tími sé liðinn til þess, að þessir tveir stjórnarflokkar séu búnir að koma sér saman. Þess vegna er bezt, áður en allt er gert vitlaust á þennan hátt, að það sé búið að jafna alla liðina, því að það skilja menn, að þegar gengið er fellt, þá fellur það jafnt alls staðar, svo að það er engin hætta á, að það verði neinn liður aftur úr. Það er því um að gera að vera búinn að hjálpa liðunum, sem drógust aftur úr, á sinn stað, og það er það, sem fjmrh. er að gera núna.

Hæstv. fjmrh. verður að afsaka það, þó að það séu til menn hjá þjóðinni og meira að segja á þinginu, sem álíta, að það gerði ekkert til, þó að dýrtíðin væri ekki jafnbölvuð alls staðar, þó að það væru einstaka liðir, þar sem ekki væri lagt jafnmikið á neyzluvörur almennings og á aðrar. Og það er einmitt þess vegna, að ef til vill eru einstaka menn hér í þinginu, sem kunna ekki að meta þessa röksemdafærslu, og ég er einn af þeim.

Þá er bezt að athuga þessa einstöku liði. Vörumagnstollurinn og verðtollurinn, sem eftir áætlun hæstv. fjmrh. eiga að gera um 41 millj. kr., ef væri miðað við allt árið, líklega um 40 millj. ella, eru þær álögur, sem leggjast beint á almenning og hans neyzlu í þessu. Ef að vanda lætur, mundu þessir tveir liðir raunverulega koma út með í kringum 50 millj. kr. eða upp undir það einir saman, ef við reiknum eins og reynslan hefur kennt okkur að reikna, þegar búmaðurinn hæstv. fjmrh. barmar sér.

Þessi skatta- eða tollahækkun er alveg óþörf, gersamlega óþörf, og þess ekki verð að láta sér detta í hug að samþykkja hana.

Þá kemur hæstv. fjmrh. með till. um benzínskatt, að hækka hann um 20 aura. Ég athugaði í frv., hvort það væri nokkur till. frá hæstv. ráðh. um nokkurt verðlagseftirlit eða verðlagstakmörkun í sambandi við benzínhækkunina. Það er ekki. (**Fjmrh.**: Það er hámarksverð á benzíni.) Já, en það hámarksverð skilst mér að muni eiga að fá að hækka samsvarandi þessum skatti. Eða vill hæstv. fjmrh. gefa hér þá yfirlýsingu, að hámarksverð á benzíni verði ekki hækkað þrátt fyrir þessa skatthækkun? Ef hann vill gefa þá yfirlýsingu, þá þykir mér mjög vænt um það, því að það var einmitt það, sem ég ætlaði að koma að.

Ég álít, að þessi benzínskattur, þessir 20 aurar, sé ekki meira en hæfilegur til þess, að hringarnir geti deilt honum á milli sín, stjórnarflokkarnir og þeirra olíufélög geti skipt þessu á milli sín. Þetta eru ekki nema 5 millj. kr. Ég man eftir, að einu sinni í gamla daga, þegar ein stjórn var hér, sem Framsókn og Alþfl. stóðu að, var benzínið hækkað um 4 aura lítrinn, og þá voru vissir menn, sem voru utan við þá stjórn, sem héldu því fram, að það væri hægt að láta olíuhringana bera þetta. Þá fór það svo, að það varð verkfall hérna í Reykjavík á öllum bifreiðum, og það endaði svo, þrátt fyrir alla yfirlýsingu olíuhringanna um, að þeir gætu ekki borið þennan 4 aura benzínskatt, að þeir urðu samt að lækka

það benzinverð, sem þeir höfðu hækkað um 4 aura, og lækka það um meira en þessa 4 aura, vegna þess að almenningur tók í taumana. Það var enginn efi á því, að olíuhringarnir gátu borið þessa 4 aura hækkun þá, og 4 aura hækkun þá er eins og 40 aura hækkun núna, þannig að þessari 20 aura og þó að meira væri geta olíuhringarnir ósköp vel skipt á milli sín. Þetta hefur kannske verið misskilningur hjá mér, það sé meiningin hjá hæstv. fjmrh., að það eigi alls ekki að gefa leyfi til þess, að benzínið hækki það sem þessu svarar, og þá vona ég, að hann lýsi því yfir hér á eftir, en ef ekki, þá held ég, að hann ætti að taka það til athugunar að láta hringana skipta þessu bróðurlega í helmingaskiptum.

Þá er till. um skatt á bifreiðarnar og skatt á hjólbarðana, og það er nú ekki verið að fara í neinn greinarmun um það, hvort í hlut eigi gamlir bílar, sem menn verða þá máske að liggja í sífellt að vera að gera við og séu orðnir dýrir, eða lúxusbílarnir, sem auðmennirnir hafa flutt inn nú. Enn fremur er ekki verið að gera neinar aðrar ráðstafanir í því sambandi. En það er rétt hins vegar, að hv. þm. fái að vita af því, að bifreiðarstjórafélagið Hreyfill hér í höfuðstaðnum hefur í dag sent svo hljóðandi bréf til þm., sem ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp:

„Til Alþingis, Reykjavík.

Vér leyfum oss hér með að mótmæla harðlega þeirri hækkun á rekstrarvörum og þungaskatti bifreiða svo og öðru, sem orsakar aukinn kostnað við rekstur leigubifreiða, sem felst í frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, er lagt hefur verið fyrir Alþ. í dag. Vér gerum kröfu til þess, að leigubifreiðar verði undanþegnar almennum álögum á bifreiðar, þar sem leigubifreiðar eru, eins og allir vita, í þjónustu almennings og þó sérstaklega þeirra, sem engin ráð hafa til að eignast bifreið til eigin nota, enda mundu slíkar álögur óhjákvæmilega stórhækka öll fargjöld með leigubifreiðum, sem mundi gera hvort tveggja, að gera fólki ókleift að nota þessi farartæki og draga stórlega úr atvinnumöguleikum þeirra manna, sem hafa akstur leigubifreiða að atvinnu.

Í b-lið athugasemda frv. er gert ráð fyrir ívilnunum á bifreiðaskatti til nokkurra aðila, og teljum vér, að leigubifreiðar til mannflutninga ættu tvímælalaust að njóta slíkra ívilnana, ef færðar eru sönnur á, að bifreiðin sé einvörðungu notuð sem leigubifreið.

Þar sem oss hefur gefizt naumur tími til að athuga greint frv., þá höfum vér ekki getað farið neitt ýtarlega út í einstakar greinar þess, þótt æskilegt hefði verið. Væntum vér þess, að hv. Alþ. sjái, hve brýn nauðsyn það er að undanþiggja leigubifreiðar frá þeim gífurlegu hækkunum, sem í frv. felast. Sjái Alþ. sér hins vegar ekki fært að verða við framangreindum kröfum vorum, þá viljum vér eindregið mælast til þess, að fjmrh. verði veitt heimild til að falla frá fyrirhuguðum tollum og sköttum á leigubifreiðar í samráði við félag vort.

Í fullu trausti á góðan skilning alþm. á máli þessu, þá leyfum vér oss að vænta þess, að Alþ. verði við framangreindum kröfum vorum og tilmælum.

Virðingarfyllst,

f. h. bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils,
Bergsteinn Guðjónsson, formaður.“

Ég vildi eindregið óska þess, að hæstv. ráðh. vildi svara þeim spurningum, sem settar eru fram í þessu bréfi, og hvað það er, sem hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér í sambandi við undanþágurnar, sem hún þarna talar um. Það er yfirleitt, þegar um slíkt er talað, bezt að vita fyrir fram, hvernig eigi að nota það, til þess að misnotkun eigi sér ekki stað í sambandi við það.

Svo að síðustu: Hæstv. fjmrh. sagði, að raunverulega væri með þessum till., sem fyrir okkur liggja hér í dag, skattabyrðin hin sama og hefði verið. Mismælti ekki hæstv. ráðh. sig? Gleymdi hann ekki einhverju pínulitlu, þegar hann var að tala um skattabyrðarnar í dag? (Gripið fram í.) Já, en skyldi nú ekki ríkissjóður eiga framleiðslusjóðinn? Skyldu það ekki vera álögur á almenning líka? (Gripið fram í.) Jæja, en skyldi ekki ríkissjóður eiga framleiðslusjóðinn líka, þegar þar að kæmi? Álögurnar verða þær sömu, hvort sem það er skipt um og kallað eitthvað nýtt, nema þarna búi eitthvað annað á bak við. Mér hefur satt að segja verið að detta það í hug út frá því, hvað mér gekk illa að fá Framsókn til að svara fyrir sig í sambandi við umr., sem hérna fóru fram í dag í sambandi við framleiðslusjóðinn, hvort Framsfl. sé ekki með því frv. Er það svo, að hæstv. forsrh. stendur eiginlega einn með það frv.? Ég var þá búinn að lýsa því yfir og vitna í grein í því frv. um, að ríkisstj. stæði að því í heild og ekki í pörtum, svo að ég þykist hafa lagabókstaf fyrir mér í því, að Framsfl. standi að því líka. Þess vegna held ég, að það sé alveg óhætt fyrir hæstv. fjmrh. að minnast þess, þegar hann talar um álögurnar á almenning og hvað ríkisstj. sé nú að taka til baka af því, sem hún kunni að einhverju leyti áður að hafa létt af almenningi, að ríkisstj. er í dag að leggja þyngri byrðar á almenning en nokkurn tíma hafa verið lagðar á hann áður. Og hvort sem það er látið ganga í gegnum ríkissjóðinn eða framleiðslusjóðinn, og sumt af því, sem er í ríkissjóðnum núna, kemur meira að segja í gegnum dýrtíðarsjóðinn, þó að það fari aldrei lengra, þá held ég, að það sé alveg greinilegt, að samábyrgðin um að leggja þessar álögur á er sú sama. Og það, sem ég vil spyrja um í því sambandi, er: Er þetta niðurstaðan af þeim bollaleggingum, sem Framsfl. hefur verið með í vetur viðvíkjandi því, hvaða stjórnarstefnu skuli taka upp, þetta frv., sem núna liggur fyrir og hæstv. fjmrh. hefur verið að mæla með, og þetta frv., sem við vorum að ræða í dag um framleiðslusjóðinn og hæstv. forsrh. var þá að mæla með? Er þetta niðurstaðan? Er þetta árangurinn af öllum samningum, sem farið hafa fram í vetur á milli Alþfl. og Framsóknar? Er þetta niðurstaðan um nýja og betri stjórnarstefnu og betri í garð alþýðu en þá, sem verið hefur? Ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt í sambandi við umræðurnar um þessi mál hér á þinginu, þegar nú á að knýja hér í gegn 50—60 millj. kr. álögur í

sambandi við þetta frv. og 100—150 millj. kr. kannske í sambandi við hitt, að við fáum að vita þetta. Álögur upp undir 200 millj. kr., ýmist framlengdar eða lagðar á nýjar, gera það eðlilega að verkum, að við hljótum að spyrja, hvert sé verið að stefna með þessum hlutum. Það er spurningin. Er það þetta, sem Framsókn kallar vinstri stefnu? Okkur finnst satt að segja vera stefnt til hægri. Okkur finnst meira að segja vera stefnt til verðbólgu. Okkur finnst meira að segja stefnt til vísitöluskrúfu. Og það er þá meira en lítið laus skrúfan í stjórninni, eins og einn góður þm. skaut hér fram í áðan, ef hún er farin að rugla vinstri og hægri líka í þokkabót við það, hvað sé upp og niður.

Ég held þess vegna, að hæstv. fjmrh. ætti nú, fyrst hann skaut sér hjá því að taka þátt í umr. í dag um framleiðslusjóðinn, að ræða við okkur, hvort sem hann gerir það nú við 1. umr. eða við þær seinni, um stefnu Framsóknar í þessum efnum. Hann vildi gera mikinn greinarmun á framleiðslusjóði og ríkissjóði. En má ég spyrja hann: Þegar söluskatturinn var lagður á um árið, átti hann allur saman að renna í dýrtíðarsjóð, og það átti að vera einn geysilega sjálfstæður sjóður, en hvað er eftir af honum í dag? Það er ekkert nema tekjuöflunarleiðirnar eftir af honum, sjóðurinn er sjálfur farinn, tekjuöflunin orðin beint í ríkissjóð, I. og II. kafli farnir, tekjuöflunarákvæðin úr III. kaflanum eftir.

Ef Sjálfsfl. og Framsókn eiga eftir að fara saman með stjórn landsins lengur, ef þau eiga eftir að ganga í varanlegt og vanheilagt hjónaband, sem fólkið forði okkur frá, þá er ég hræddur um, að það líði ekki mörg ár, áður en I. og II. kafli úr l., sem var verið að afgreiða til fjhn. í dag um framleiðslusjóð, verði felldir niður og tekjuöflunarhlutinn úr II. kaflanum verði framlengdur og þá verði ekki lengur gerður greinarmunur á ríkissjóði og framleiðslusjóði. Þetta endar allt í sömu hítinni, ef haldið er áfram eins og nú er stefnt, ef haldið er áfram að hlífa einokunarauðvaldinu í Reykjavík við að bera þær byrðar, sem það á að bera, og haldið áfram að hlaða á alþýðu, eins og gert er með þessu frv., sem hérna liggur fyrir, eins og gert var í enn stærri stíl með frv., sem lá fyrir í dag. Hins vegar mega flokkarnir vera vissir um það, að alþýðan hristir þá af sér.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gat þess réttilega í framsögu sinni fyrir þessu frv., að leitað hefði verið til stjórnarandstöðunnar um tilmæli þess efnis, að frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði ekki tafið með löngum umr. Enda þótt við fulltrúar stjórnarandstöðunnar þættumst vita, að frv. væri þess eðlis, að við mundum ekki geta fylgt því, drógumst við á það varðandi þetta frv., að það yrði ekki tafið, en svo var um talað, a. m. k. af minni hálfu, að hitt frv. hæstv. ríkisstj., það sem þá var einnig á döfinni og var hér til 1. umr. í dag, frv. um framleiðslusjóð, yrði ekki knúið fram með afbrigðum og ekki afgreitt fyrir þriðjudag héðan úr deildinni. Ég vænti þess, að við þetta verði staðið, svo að ekki þurfi að gera neinar sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að það frv. verði knúið fram svo fljótt.

Hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt hér fram á sama degi tvö allveigamikil frv. Þessi frv. hafa verið lengi á döfinni, og menn hafa um skeið vitað, að slíkra frv. væri von. Annað þessara frv. á að bjarga útgerðinni, hitt á að bjarga ríkissjóði. Samtals nema þessi frv. 200 millj. kr. álögum á þjóðina til viðbótar við allar þær byrðar, sem þegar eru á hana lagðar af opinberri hálfu. Þetta er þó aðeins samkv. áætlun hæstv. ríkisstj. sjálfrar, en eftir því sem næst verður komizt, verður hér varla um öllu minna en 240 millj. kr. að ræða, og er það vissulega ekki smátt skammtað. Það mætti því ætla, þegar slíkar byrðar eru lagðar á þjóðina til viðbótar öllum þeim, sem fyrir eru, að þá hefði verið leitað á hina líklegustu staði til þess að taka alla þá fjármuni, sem hér er um að ræða, nú ætti að fara rækilega inn í rottuholurnar, sem mig minnir að hæstv. forsrh. hafi einu sinni nefnt svo, og þaðan tekið, sem auðsöfnunin er mest. Þjóðin á eftir að dæma um það og margur einstaklingur að finna á sjálfum sér, hvort svo er eða ekki.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram í því skyni að afla ríkissjóði viðbótartekna, sem hæstv. ríkisstj. og meiri hl. telur að nú muni þurfa, svo að greiðslujöfnuður náist á fjárlögum fyrir þetta ár. Telur stjórnin, að þessar nýju álögur, sem lagðar eru til með þessu frv., muni nema tæpum 50 millj. kr., en þegar hefur verið sýnt fram á það með veigamiklum rökum, að þessi áætlun er of lág. Skattahækkunin, sem lögð er til með þessu frv., mun, ef að líkum lætur, nema allmiklu hærri upphæð, ef ekkert sérstakt kemur fyrir, sem gerbreytir öllum hlutföllum varðandi tekjuöflun og þjóðartekjur. Þetta sést bezt á því, að 25% hækkun á verðtolli einum nemur 44—45 millj., miðað við innkominn verðtoll 1955, eins og hv. 1. landsk. þm. sýndi fram á hér áðan. Verði ekki um stórkostlega minnkaðan innflutning að ræða á þessu ári frá því, sem var í fyrra, þá mun þessi skattahækkun, sem hér er lagt til að gerð verði með þessu frv., nema einum 60 millj. kr. og líklega fremur yfir það en undir. Hér er því greinilega haldið hinni gömlu stefnu, sem mjög hefur tíðkazt hjá þessari hæstv. ríkisstj. og fyrirrennurum hennar, að áætla tekjuliði ríkissjóðs of lágt, að því er virðist algerlega vísvitandi, til þess að hæstv. stjórn geti svo ráðskazt með umframtekjurnar eftir sinni vild.

Afstaðan til þessa frv. hlýtur að mótast af tvennu: annars vegar þörfinni fyrir auknar tekjur ríkissjóðs, ef sú þörf væri fyrir hendi, og hins vegar hversu réttlátar þær tekjuöflunarleiðir eru, sem á að fara samkv. þessu frv. Við 2. umr. fjárlaga héldum við þjóðvarnarþingmenn og aðrir stjórnarandstæðingar því fram, að fjölmargir tekjuliðir fjárlaga væru eins og oft áður of lágt áætlaðir, beinlínis að því er virtist í því skyni, að hæstv. ríkisstj. hefði sem rýmstar hendur til þess að ráðskast með umframtekjur og ráðstafa þeim að verulegu leyti án aðildar Alþ. Slík hefur reynslan orðið mörg undanfarin ár og þá ekki sízt nú á nýliðnu ári. Tekjurnar árið 1955 voru áætlaðar 514 millj., en reynast að lík-

indum, þegar allt er inn komið, 640, jafnvel 650 millj., að því er líkur benda til, eða um 130 millj. kr. fram yfir áætlun. Nú áætlar meiri hl. hv. fjvn. tekjur ríkissjóðs á þessu ári 606 millj. kr. Telur meiri hl. og hæstv. ríkisstj., að 46 millj. vanti þá, til þess að hægt sé að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Við þjóðvarnarmenn héldum því fram við 2. umr. fjárlaga, að óhætt væri að hækka ýmsa tekjuliði, og hv. 8. landsk. þm. sýndi fram á, að ríkissjóður mundi ekki þurfa öllu meiri tekjur til þess að standa undir áætluðum útgjöldum. Í samræmi við þessa afstöðu bárum við þá fram brtt. til leiðréttingar á tekjuliðum frv. Þær till. voru allar felldar, þær sem ekki bíða enn 3. umr. Við sáum ekki ástæðu til að bera fram nýjar till. um þetta efni nú við 3. umr. frv., þar sem minni hl. hv. fjvn., þeir hv. 3. landsk. þm. og hv. 11. landsk., hafa flutt till. varðandi leiðréttingar á tekjuáætlun, till., sem við getum fallizt á og munum styðja. Við erum þeirrar skoðunar, að ekki sé þörf á auknum tekjum til handa ríkissjóði, eins og nú standa sakir, og erum algerlega andvígir því, að ríkisstj. fái árlega mjög verulegar umframtekjur, sem hún ráðstafar síðan að miklu leyti án þess, að Alþ. fái þar um að fjalla, fyrr en þá eftir að öllu fénu er eytt.

Það er engin ástæða til þess að sjálfsögðu að leggja þyngri byrðar á þjóðina en nauðsyn krefur. Ríkissjóður tekur nú til sín svo gífurlega mikið af þjóðartekjunum, að þar er vissulega ekki á bætandi að nauðsynjalausu. Ef miðað er við útflutning, virðast hlutföllin vera 3 á móti 4, þ. e. a. s. ríkissjóður tekur 600 millj. eða meira, en allur útflutningur þjóðarinnar er um 800 millj. Það, sem ríkissjóður tekur þannig til sín, nemur sennilega allt að fjórðungi þjóðarteknanna allra. Enn fremur lítum við þannig á, að margt hefði mátt spara af þeim útgjöldum, sem nú eru á fjárlögum, ýmsar upphæðir séu þar, sem ekki hefði verið knýjandi þörf að hafa þar nú. Öllum till. til sparnaðar á rekstri hins opinbera hefur bæði nú og áður verið tekið af hinu mesta tómlæti af hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkunum og látið í það skína, að hvergi sé hægt að bæta rekstur, hvergi sé hægt að spara, svo að nokkru nemi.

Meiri hl. hv. fjvn. hefur að þessu sinni verið óspar á að flytja hækkunartill. Margar þeirra eru, það skal ég viðurkenna, um þarfa hluti, en sumar þeirra eru um miður þarfa hluti. Mér telst svo til við lauslega athugun, að hv. fjvn. eða meiri hl. hennar hafi við 2. og 3. umr. fjárlaga flutt samtals rúmar 300 hækkunartill., og hæstv. fjmrh. hefur staðið upp hér við báðar umr. og fært n. kærar þakkir. Hann hefur þakkað henni fyrir góð störf, og ég ætla ekkert að fara að draga úr því, að hún hafi starfað rösklega, en hann hefur jafnframt þakkað fyrir allar hækkunartill., eins og þær lögðu sig. Öðruvísi mér áður brá, má segja um það, því að mig minnir, að einstaka sinnum hafi hæstv. fjmrh. að því vikið, að ekki væri bætandi miklu meiri byrðum á ríkissjóðinn. Nú þakkar hann bara fyrir.

Hins vegar hef ég ekki heyrt enn þá neitt þakklæti frá hæstv. fjmrh. fyrir þær lækkunartill., sem komið hafa frá minni hl., og verð ég þó að segja, að flestar þeirra eru til þarflegri hluta en einar og aðrar þær till., sem hann hefur þegar þakkað meiri hl. fyrir.

Það hefði ef til vill verið ástæða til að ræða nokkuð um það út af fyrir sig, hvort þeir skattar, sem frv. fer fram á að enn séu lagðir á þjóðina, komi réttlátlega niður, eða svo réttlátlega sem orðið gat, væri það á annað borð viðurkennt, að teknanna sé þörf. Ég lít svo á og er sammála þeim ræðumönnum úr stjórnarandstöðunni, sem hér hafa bent á það með rökum á undan mér, að mjög skorti á, að svo sé. En þar sem við þjóðvarnarmenn erum þeirrar skoðunar, að þetta frv. sé óþarft og eigi ekki að samþykkjast í einu eða neinu formi, mun ég ekki fara frekar út í þá sálma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr., og fram komu skrifl. nál. (sjá þskj. 310 og 311). — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Eins og þegar hefur komið fram, var ágreiningur í fjhn. um afgreiðslu málsins, og liggja fyrir tvö nál. skrifl., frá meiri og minni hl. n. Meiri hlutinn lítur svo á, að ekki verði hjá því komizt að afla ríkissjóði nýrra tekna, til þess að fjárlögin, sem væntanlega verða afgreidd hér á þingi næstu daga, geti orðið hallalaus. Vil ég í því sambandi benda á það, að í framhaldsnál. hv. fjvn. um fjárlagafrv. á þskj. 288 er frá því skýrt, að greiðsluhallinn á fjárlagafrv. sé nú um 45½ millj., ef gengið er út frá því, að þær till. um breytingar á frv., sem fyrir liggja frá hv. nefnd, verði samþykktar, og er því vissulega þörf allmikilla tekna til þess að jafna þennan halla. Það er því till. meiri hl. í fjhn., að frv. þetta verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Frv. hefur þegar fengið afgreiðslu í hv. Ed., og var gerð þar á því lítils háttar breyting, sem fjhn. þessarar deildar telur sízt til bóta á frv. Hefði fjhn. þessarar deildar talið æskilegra, að sú breyting hefði ekki verið gerð, en telur þó ekki fært að flytja brtt. um að setja frv. í upphaflegt horf og fara þannig að vísa því aftur til Ed., þar sem mjög er þá óvíst, hvernig tækist um afgreiðslu málsins. Einn nefndarmanna í meiri hl., hv. þm. A-Húnv., hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, sem ég geri ráð fyrir að hann geri grein fyrir hér í umræðunum, ef hann telur ástæðu til.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þar sem hv. 9. landsk. þm. er veikur og getur ekki mætt hér á þessum fundi nú, mun ég segja hér nokkur orð fyrir hans hönd í sambandi við það nál., sem hann hefur lagt fram í þessu máli. Ég geri að vísu ráð fyrir því, að það sé með öllu óþarft að hafa langt mál um þetta á þessu stigi máls-

ins, þar sem útséð er, að frv. þetta verður nú samþykkt í þeim búningi, sem ríkisstj. hefur farið fram á, og langar umræður um málið hafa ekkert verulegt gildi hér á Alþ., eins og komið er. Af því mun ég líka hafa mín orð tiltölulega fá og kannske færri en efni frv. út af fyrir sig gefur tilefni til.

Í aðalatriðum er efni þessa frv. það, að lagt er til, að tekjur ríkissjóðs verði hækkaðar samkvæmt þessu frv. um 68 millj. kr., eftir því sem næst verður komizt. Ef út er reiknuð sú álagshækkun á vörumagnstolli og verðtolli, sem hér er ráðgerð, og gengið út frá þeirri fjárhæð, sem innheimt hefur verið af vörumagnstolli, og þeirri fjárhæð, sem innheimt hefur verið árið 1955 af verðtolli, þá er alveg sýnilegt, að sú hækkun, sem ráðgerð er á þessum liðum, hlýtur að fara eitthvað yfir 50 millj. kr.

Þetta er hægt að reikna út. Hins vegar er vitanlega hægt að deila lengi um það, hvort búast megi við því, að verðtollurinn verði eins hár á árinu 1956 og hann reyndist á árinu 1955, hvort innflutningur muni verða eins mikill og hann var og hvort eitthvað muni falla úr af tiltölulega tollháum vörum. Um það getur vitanlega enginn sagt með neinni vissu fyrir fram. En eigi að miða við það, sem verið hefur, er sýnilegt, að þessi hækkun nemur röskum 50 millj. kr. Sé á sama hátt reiknað út, hvað hækkunin muni verða mikil af 20 aura aukagjaldi af benzíni, mun láta mjög nærri eftir reynslunni, að það muni nema um 8 millj. kr. Þetta eru 58 millj. í tekjuhækkun. En svo er lagt til, að bifreiðaskattur verði tvöfaldaður, og hann mun á árinu 1955 vera rétt um 6 millj. kr. og þó heldur yfir, og er þá komið í 64 millj. kr. hækkun. Þá er enn lagt til, að lagt verði aukagjald á bilagúmmí, en eftir því sem flutt hefur verið inn af þeirri vöru nú s. l. ár, má fyllilega búast við því, að þessi gjaldaauki nemi 4 millj. kr. Sé því gengið út frá því, sem verið hefur á árinu 1955, er þarna greinilega um ekki undir 68 millj. kr. tekjuhækkun að ræða.

En þetta eru ekki einu till., sem hæstv. ríkisstj. leggur hér fram um að auka við tekjur ríkissjóðs. Hún hefur svo farið aðra leið, og meiri hl. fjvn. hefur lagt hér fram f. h. ríkisstj. till. um að hækka tekjur af síma og pósti um 5 millj. kr. Enn fremur hefur meiri hl. fjvn. lagt til f. h. ríkisstj., að sá háttur verði á hafður á árinu 1956, að þeim skatti, sem lagður hafði verið á tóbak til þess að styrkja síldarsöltun hér við Faxaflóa, skuli ekki verja í því skyni, sem hann var lagður á fyrir, heldur á hann nú að renna í ríkissjóð. Er því hér einnig um beina tekjuhækkun fyrir ríkissjóð að ræða, og eins og þetta hafði verið áætlað á fjárlögum, var það 6.3 millj. Þarna er því eftir annarri leið farið fram á að hækka tekjur ríkissjóðs um 11.3 millj.

Sú tekjuhækkun, sem ríkisstj. fer því fram á, er samkvæmt þessu frv. 68 millj. og samkvæmt öðrum till. 11.3 millj., eða 79.3 millj., og ekki yrði ég neitt hissa, þó að þessar tekjur yrðu jafnvel nokkru drýgri en ég hef reiknað með að þær yrðu á þessu ári.

Rökstuðningurinn fyrir því af hálfu ríkisstj., að það þurfi að leggja á þessa nýju skatta og tolla, er svo fólginn í því, að hætta sé á, að tekjur ríkissjóðs samkvæmt þeim tekjuöflunarlögum, sem ríkissjóður nú býr við, verði ekki nægar til þess að standa á móti gjöldum. Eftir því sem meiri hl. fjvn. leggur nú til, leggur hann til, að heildarútgjöld á fjárlögum verði rétt um 640 millj. kr., en tekjurnar á árinu 1955, sem var að líða, munu verða nokkru hærri.

Þegar búskapurinn er á þessa leið, geta menn spurt sig sjálfir að því, hvort það liggi fyrir ástæður til þess að fara að leggja á landsmenn, eins og nú er háttað, allar þær álögur, sem hér er lagt til að leggja á þá. Eins og venjulega segir vitanlega hæstv. fjmrh.: Já, en þetta var nú árið, sem var að líða, en það má búast við öllu miklu svartara á árinu, sem nú er byrjað. Nú verður innflutningurinn minni, nú detta niður tekjurnar, og nú þurfum við að hafa eitthvað í rassvasanum til þess að hlaupa upp á í lokin. Og ekki er nú heldur amalegt að hafa þá einhvern afgang í árslokin til þess að deila út á milli góðra stofnana, eins og gert hefur verið síðustu árin. — En þetta er hæstv. fjmrh. búinn að segja nú í mörg ár í röð, og þessar skýringar hans hafa alltaf reynzt vera rangar, og eins og málin standa nú í dag, eru engar líkur til annars en að þessar skýringar hans séu jafnrangar enn. Á árinu, sem var að líða, og nú í byrjun þessa árs eru m. a. að koma til landsins fjöldamargir nýir fiskibátar, líklega verða um 40 fleiri nýir fiskibátar að veiðum á komandi vertíð en voru á vertíðinni s. l. vetur. Ég geri mér því fyllilega vonir um, að aflinn muni enn aukast og hann muni líka aukast eftir því sem tíminn líður lengra fram og friðunarlöggjöfin stendur lengur. Fari þá svo, að aflinn fari vaxandi, fara vitanlega líka gjaldeyristekjur þjóðarinnar vaxandi, og innflutningurinn mun fara vaxandi og tekjurnar af þeim ástæðum einnig vaxandi. Það er því engin ástæða til þess að leggja á alla þessa nýju skatta, sem hér er farið fram á, og það virðist vera orðinn mjög hættulegur veikleiki á þeim mönnum, sem fá að ráða því, að svona er áfram haldið ár eftir ár, að bæta í sífellu við þær byrðar, sem lagðar eru á landsmenn, þó að þær vitanlega velti síðan aftur fram í hækkuðu verðlagi, sem vitanlega hlýtur að íþyngja framleiðslulífinu. Geta menn búizt við því, að yfir 50 millj. kr. samkv. þessu frv. í hækkuðum tollum á allar vörur, sem fluttar eru til landsins svo að segja, hljóti ekki að koma fram í verðlaginu? Og geta menn búizt við því, ef verðlagið hækkar mikið, að laun hækki ekki á eftir? En hækkun launa hlýtur svo vitanlega að íþyngja framleiðslunni.

Það er því afstaða Sósfl., að það sé gersamlega ástæðulaust að lögfesta þá tekjuöflun, sem hér er farið fram á, og er þar stuðzt við tölur, sem liggja fyrir, en ekki einhverja svartsýnisspádóma, sem þeir menn eru að spá, sem alltaf hafa reynzt spá rangt um þessa hluti. Við leggjum því til, að þetta frv. verði fellt, því að það séu ekki rök fyrir því að samþykkja þetta.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjhn., mæli ég með því,

að þetta frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, en hef skrifað undir nál. með fyrirvara og vil með því vekja athygli á því, að ég ber ekki ábyrgð á þeim gjöldum, sem lögð hafa verið á ríkissjóðinn og gera það nauðsynlegt, að þessir skattar eru nú á lagðir. Ég benti á það allrækilega hér í vetur, þegar deilan stóð um samþykkt nýrra launalaga og um að borga vísitölu með verðlagsuppbót upp í topp, að þessar ráðstafanir hlytu að kalla á nýja skatta umfram það, sem nú væri. Og sannleikurinn er sá, að sú skattaupphæð, sem hér er farið fram á að leggja á til viðbótar, er sprottin af þessum orsökum. En það er nú svona, að þegar búið er að ákveða gjöldin, verður að útvega tekjur til þess að mæta þeim gjöldum, og í því sambandi vil ég segja það, að ég hlýt að taka góðar og gildar þær áætlanir, sem hv. fjvn. hefur gert um tekjur ríkisins á næsta ári. Og ég sem fulltrúi Sjálfstfl. í hv. fjhn. get ekki annað en mælt með þessu frv., þar sem ekki hefur orðið neitt samkomulag um aðrar ráðstafanir til þess að fá tekjur í ríkissjóðinn en það, sem hér liggur fyrir. Fyrir þessu vildi ég gera grein, um leið og ég viðurkenni, að eins og nú er komið verður naumast hjá því komizt að bæta þessum tollum, sem hér er farið fram á, við þær álögur, sem áður eru á lagðar.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál, enda þótt rík ástæða væri til að geta um ýmislegt í því sambandi, sem verkar þannig, að ég fyrir mitt leyti hefði talið heppilegri aðrar leiðir út úr því vandræðamáli, sem hér er um að ræða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 312).

---

15. Framleiðslusjóður.

Á 54. fundi í Nd., 28. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um framleiðslusjóð [146. mál] (stjfrv., A. 303).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mál það, sem hér er til 1. umr. og lagt er fram af ríkisstj., frv. til l. um framleiðslusjóð, er án efa eitt af stærstu málum, sem legið hafa fyrir þessu þingi, og væri áreiðanlega hægt að gera þá réttmætu kröfu til ríkisstj., að hún gerði ýtarlega grein fyrir, hvað það er, sem veldur, að hún hefur talið nauðsynlegt að bera fram till. um svo þunga skatta á þjóðina sem frv. þetta mælir fyrir um, og jafnframt, á hvaða rökum hún reisir þörfina fyrir þær framleiðslubætur þeim til handa, sem frv. ákveður slíkar bætur.

Þetta mál hefur að vísu að því leyti nokkuð verið rætt, að bæði hefur ríkisstj. gefið út tilkynningar um, hverjar umbætur hún hafi hugsað sér í þessu máli, fyrir nokkrum dögum, auk þess sem á málið hefur oft verið minnzt hér á Alþingi, svo að segja má, að hv. þm. sé efni þess nokkuð kunnugt. Þó þykir mér skylt að fara um málið nokkrum orðum og skal leitast við að hafa þau ekki fleiri en nauðsyn býður, en vænti, að menn virði mér til vorkunnar, þó að ég þurfi að hafa mál mitt kannske lengra en mín er venja.

Eins og allir muna, gerðu menn sér ljóst, þegar kauphækkanir urðu hér á s. l. vori, að af því mundi leiða margvíslegar breytingar og raskanir í efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar. Þessar kauphækkanir voru í öndverðu taldar frá sjónarmiði atvinnurekandans nema 13.6%. Afleiðing af þeim varð að sjálfsögðu hækkað þjónustugjald á öllum sviðum, sem svo að íslenzkum lögum leiddi til hækkaðs verðlags á landbúnaðarafurðum, og allt hefur þetta svo leitt til vísitöluhækkunar, sem einnig var séð fyrir að verða mundi, þannig að nú eru kaupgjaldshækkanirnar orðnar, að því er fróðustu menn telja, tæp 22%.

Það gefur nú auga leið um það, að íslenzk framleiðslustarfsemi er ekki bær um að standa undir slíkum kaupgjaldshækkunum, án þess að einhverjar bætur komi fyrir eða aðstoð komi einhvers staðar frá í þeim efnum, og bið ég menn þá að hafa hugfast, að einn hinn langveigamesti þáttur í framleiðslukostnaðinum er einmitt kaupgjaldið.

Varðandi bændurna og aðstoð til þeirra minni ég á það, að samkv. íslenzkum lögum eiga þeir kröfu á vissu verðlagi á afurðum sínum, sem miðast við afkomu annarra stétta í landinu. Á s. l. hausti stóðu sakir þannig, að fyrir bændur var að velja milli þess að gera annað tveggja, að hækka verðlag þess hluta kjöts, sem selt var á innlendum markaði, nægilega mikið til þess, að þeir bæru úr býtum fyrir heildarkjötmagnið að meðtöldu því, sem út var flutt, það, sem þeim bar, til þess að kjötverðið yrði nægjanlega hátt til myndunar þeirra tekna, sem bóndinn á kröfu til samkv. áðurgetnum lögum, eða hins vegar að hætta við þessa hækkun á kjötverðinu á innlendum markaði gegn því, að ríkisstj. gæfi þeim fyrirheit um uppbætur á útflutt kjöt, áætlað 1500 smál. minnir mig, sem jafngiltu uppbótunum, sem sjávarútvegsmenn fá á sínar vörur í formi bátagjaldeyrisins, en einmitt svipaðar uppbætur voru taldar nægja til þess, að bóndinn bæri sitt úr býtum samkv. gildandi lagaákvæðum.

Ríkisstj. valdi síðari kostinn, að gefa fyrirheit um að beita sér fyrir, að slíkar bætur væru veittar bændum, og gerði það ekki fyrir bænd-

urna eina, — og það segi ég þeim til minnis, sem telja allt ofan í bændur, — heldur var þetta gert fyrir heildarhagsmunina. Hækkun á kjötverðinu innanlands hlaut að leiða til verulegrar hækkunar á vísitölu, sem þá bitnaði á öllum þeim, sem kaupgjald þurfa að greiða. Nú er gerð tilraun til að efna þetta heit með þessu frv., þar sem ætlað er samkv. því að verja úr hinum svokallaða framleiðslusjóði, sem frv. fjallar um, 15 millj. til uppbóta á útflutningsvöru bændanna. Ég skal ekki fjölyrða um þá hlið málsins, en vil leyfa mér að vísa til þess, sem hæstv. landbrh. kann um það að segja, ef hann telur frekari skýringa þörf.

En nú var eftir hlutur sjávarútvegsins. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að tekjur sjávarútvegsins eða tekjuhliðin byggist fyrst og fremst á tvennu, annars vegar á aflamagninu, sem hverju sinni berst að landi, og hins vegar á verðlagi á erlendum markaði. Yfir hvorugu ráðum vér Íslendingar nema að óverulegu leyti. Við höfum þó nokkur áhrif á aflamagnið að því leyti að taka í okkar þjónustu þá tækni, sem á hverjum tíma er fullkomnust. Við höfum leitazt við að gera það og gengið á undan öðrum í þeim efnum, a. m. k. ekki látið okkar hlut eftir liggja, og þurfum engan kinnroða fyrir það að bera. Varðandi hins vegar verðið á erlendum markaði erum við mörgum og mörgu háðir og getum á það ákaflega lítil áhrif haft. Við höfum á undanförnum árum reynt að leita nýrra markaða sem allra víðast. Hvort það þykir nóg, sem að því hefur verið gert, skal ég ekki staðhæfa neitt um, en talsvert og raunar mikið hefur verið aðhafzt og árangur af því orðið góður, og er sjálfsagt að halda áfram á þeirri braut. En vitaskuld spyr kaupandi íslenzks fisks ekki að því, hvað kosti að framleiða þann fisk á Íslandi, heldur að hinu, hvers virði honum sé þessi matvara, miðað við aðra matvöru af sama tagi eða svipuðu, sem hann gæti keypt. Við erum þess vegna ævinlega því ofurseldir, að þær þjóðir, sem búa við lægri framleiðslukostnað, hafi aðstöðu til þess að bjóða sína vöru lægra verði og þar með að hindra sölu á okkur vöru eða knýja okkur til verðlækkunar umfram það, sem við höfum aðstöðu til, ef litið væri á framleiðslukostnaðinn einan. Það er einmitt við þennan vanda, sem við höfum orðið að glíma. Það er vegna þess, að þessi vandi verður ekki umflúinn, sem íslenzk stjórnarvöld hafa á undanförnum árum æ ofan í æ orðið að leita nýrra úrræða til þess að bæta upp framleiðslustarfseminni og þá einkum við sjávarsíðuna það, sem af framleiðslunni hefur verið heimtað umfram gjaldgetu hennar, eins og hún er raunverulega, með tilliti til þess, sem ég áðan var að geta um.

Árið 1949 var svo komið, ef ég man rétt, að flotinn var að stöðvast og þótti þurfa milli 100 og 200 millj. kr. í nýja skatta til að fullnægja þeim kröfum, sem hann þá bar fram til að skapa hinn svokallaða rekstrargrundvöll. Upp úr því spannst svo gengisfellingin, sem ætlað var að mætti nægja að minnsta kosti í bili. Hún reyndist ófullnægjandi, og liggja til þess margar orsakir, m. a. verðhækkun á erlendum markaði á okkar nauðsynjavörum og sú staðreynd, sem ekki verður hrakin, að íslenzkt verzlunarárferði var mjög lélegt einmitt á þeim árum. Það varð þess vegna þá að grípa til nýrra bjargráða, og þá var sett á hið svonefnda bátagjaldeyriskerfi, sem hér er margrætt, flókið kerfi, sem ég ætla að reyna að komast undan að þurfa að skýra, í trausti þess, að allir hv. alþm. þekki það. Þetta kerfi hefur svo verið til endurskoðunar um hver áramót, þannig að fulltrúar Landssambands íslenzkra útvegsmanna hafa átt viðræður við fulltrúa ríkisstj. um svonefndan starfsgrundvöll fyrir útveginn. Í því sambandi hafa verið athugaðar minni eða meiri háttar breytingar á bátakerfinu og reyndin þó jafnan orðið sú, að því hefur verið haldið svo að kalla óbreyttu frá 1951, er það var sett á, og þar til um síðustu áramót. Þá gerði ríkisstj. tilraun til þess að skerða kerfið þannig að minnka aflamagnið, sem bátagjaldeyrisfríðindin féllu á, úr 50% og niður í 40% á aðalvertíðinni, þ. e. frá áramótum og fram til 15. maí. Þetta var skerðing á bátagjaldeyriskerfinu á þessum aðalveiðitíma um 10%.

Útgerðarmenn vildu illa sætta sig við þetta, en létu þó gott heita að una sínum hlut fyrir fortölur ríkisvaldsins eða ríkisstj. og í því trausti, að enn mætti aukast aflamagn, sem heldur hafði farið vaxandi og raunar mikið vaxandi, eftir að friðunarráðstafanir voru gerðar með reglugerðinni 19. marz 1952, en afli hafði þá farið stórvaxandi frá því, sem hann var lægstur, en lægstur mun hann hafa verið um 5 smál. í róðri, en kominn var hann yfir 7 smál., þegar þessi skerðing var gerð.

Skerðingin var þó gerð, ekki aðeins af þessum ástæðum, heldur einnig til að sanna viðleitni ríkisvaldsins til að hindra nýjar verðhækkanir í landinu, og það var kannske það frekar en annað, sem varð þess valdandi, að útvegsmenn sættu sig við þessa skerðingu á sínum hlut. Ríkisstj. sagðist vonast til, að þjóðin vildi þá fremur una óbreyttum kjörum, ef útvegurinn sætti sig við minnkandi friðindi bátagjaldeyris, en auðvitað hafði stjórnin eins og aðrir áhuga fyrir því að reyna að halda öllu sem mest í sama horfi og verið hafði, en þá hafði vísitalan staðið sem næst óbreytt í tvö ár, áttavitar fjármálalífsins sýndu stefnuna rétta og veðurspáin var góð.

Svo verður að játa, að eftir að þessar tilraunir til að halda öllu í skorðum fóru út um þúfur vegna kauphækkananna í apríllok 1955, má segja kannske, að þessi skerðing hafi verið gerð að ófyrirsynju. Nú um áramótin a. m. k. urðu menn þó ekki sammála um að rétta þennan hlut aftur að útvegsmönnum, en fríðindin, sem þeir þarna voru sviptir, jafngiltu verðlækkun á slægðum fiski með haus, sem nam rúmum 6 aurum, ef ég man rétt, á kg, sem er, eins og menn sjá, nærri 12 millj. kr. skaði fyrir bátaútveginn einan.

Í öllum þessum hugleiðingum og bollaleggingum um, hvernig ráða mætti fram úr vandkvæðum útvegsins, deildu menn mjög um, hvort byggja skyldi á grundvelli bátagjaldeyrisfríðindanna eða hafna því kerfi að fullu. Ég vil skjóta því hér inn í til að fyrirbyggja allan misskilning, að

vegna þess, hversu oft hefur gengið stirðlega á undanförnum árum að samræma sjónarmið útgerðarmanna annars vegar og ríkisstj. hins vegar, var það nú viðleitni stjórnarinnar að reyna að fyrirbyggja, að nokkur skaði gæti af slíku hlotizt nú um þessi áramót. Fyrir því skipaði ríkisstj. nefnd fjögurra sérfræðinga — allir voru þeir hagfræðingar — til þess að athuga þetta mál fyrir þingbyrjun eða í þingbyrjun, en auk þess fjölluðu um málið þeir embættismenn ríkisvaldsins eða ríkisstj., sem því voru kunnugastir og mest hafa að því staðið á undanförnum árum, ráðuneytisforstjórarnir, fiskimálastjóri o. fl., undir forustu Gunnlaugs Briems ráðuneytisstjóra í atvmrn. Þó að svo snemma væri á málinu tekið, tókst samt svo ógiftusamlega til, að nokkur bið varð á því, að róðrar gætu hafizt rétttímis, en þó kom það ekki mjög að skaða, vegna þess að óveður hefðu hvort eð er verulega hindrað róðrana.

Í öllum þessum bollaleggingum var við það miðað, að þau fríðindi, sem útvegurinn hafði búið við um síðustu áramót, væru nokkuð nærri lagi, enda hafði verið mjög mikil vinna lögð í rannsókn þess máls, áður en að því var gengið um áramótin 1954—55.

Endir bollaleggingarinnar um það, hvort viðurkenna skyldi bátagjaldeyriskerfið áfram, jafnvel stækka það, eins og sumir vildu og ég hefði fyrir mitt leyti verið tilleiðanlegur til þess að vissu marki, enduðu í því, að ríkisstj. sagði við útgerðarmenn, að hún vildi beita sér fyrir því, að bátagjaldeyriskerfið stæði óbreytt, álagið yrði það, sem nú er, og listinn sá, sem nú er. Þetta varð niðurstaðan. Þetta kerfi hefur sýnt fleiri galla en við sáum fyrir, sem að því stóðum, þegar það var sett á, en það hefur enn þá kosti, sem því ráða, að ég hef ekki fyrir mitt leyti komið auga á annað betra. Ég tel megingalla kerfisins vera þann, að jafnvel þótt gjaldeyrisskortur sé, eigi menn kost á því að kaupa eða fá gjaldeyri til kaupa á vöru, sem síður er nauðsynleg en það, sem nauðsynlegast er talið, því að það er einmitt á bátagjaldeyrislistann valin vara, sem talið er að fólkið vilji gjarnan kaupa, en getur þó án verið, ef það vill. Þetta er meginstefna listans, þó að þarna séu undantekningar. Ég tel þetta galla. Hins vegar er það náttúrlega kostur, ef hægt er að taka þennan skatt, því að það er skattur af vörum, sem fólkið getur verið án, auk þess sem kerfið hefur sýnt, að það ýtir undir aukna framleiðslustarfsemi í landinu, og hefur raunar ýmsa aðra kosti, samanborið við önnur úrræði, sem hægt hefur verið að benda á í þessu sambandi.

Þegar búið var að viðurkenna, að þessa væri þörf, var spurt: Hvers meira er þá þörf, hverju þarf að bæta við vegna kauphækkananna, sem áður eru orðnar, og þeirra annarra breytinga, sem þar hafa orðið á kostnaðarliðunum? Um það var mikið deilt, og eðlilega héldu útvegsmenn sínum rétti fram og vinnslustöðvarnar líka, en embættismenn ríkisins gerðu þá skyldu að reyna að kryfja málið til mergjar og segja stjórninni sína dóma um það. Að lokinni rannsókn um þetta virtist niðurstaðan verða sú varðandi togarana, að þeirra hlutur væri verstur. Þeir höfðu samkvæmt till. mþn., sem skipuð var á árinu 1954, eins og menn muna, fengið 2 þús. kr. í bætur á útgerðardag, en niðurstaða reikninga, byggð á sama grundvelli og þessi mþn. hafði sjálf byggt á, sýndi nú, að þörf var fyrir 6500 kr. dagbætur, og er þá ekki gert ráð fyrir kaupgjaldshækkunum, sem fram undan eru og nauðsynlegar eru sjómönnunum til handa, miðað við það, sem orðið er á öðrum sviðum.

Ríkisstj. sá sér ekki fært að taka tillit til þess að fullu, en lagði hins vegar til, að bæturnar yrðu 5 þús. kr. á dag. Þá er ekkert reiknað fyrir fyrningu og ekkert fyrir ýmsum öðrum kostnaðarliðum, en stjórnin taldi sér ekki fært að ganga lengra.

Varðandi bátana var ákveðið að bæta þeirra hag með því að greiða niður hálft iðgjald hvers báts með vissum skilyrðum, þ. e. a. s., að hann hefði einhvers staðar verið gerður út á aðalvertíð. Kostnaður af því er um 8 millj. kr., og ég hygg, að það jafngildi fyrir bátana um 4 aurum á hvert kg af slægðum fiski með haus.

Nú var þetta náttúrlega ekki nóg, það vissum við. En þegar tillit var tekið til þess, að bátaútvegurinn hafði rétt sinn hlut, vegna þess að í nóvembermánuði var hækkað bátagjaldeyrisálag úr 60 upp í 70 á EPU-gjaldeyri og úr 25 í 35 á clearing-gjaldeyri og að hlutur bátsins af þeirri hækkun nam 3.7 aurum á kg, taldi fiskimálastjóri, en útgerðarmennirnir beygðu sig að lokum undir þann dóm, að með þessum hætti stæði báturinn heldur skár að vígi en hann gerði í fyrra, enda var vitað, að fram undan stóðu samningar við sjómenn, þar sem talið var, að eitthvað smávegis þyrfti að hækka fiskverðið, og var þá reiknað með 3 aurum, hvort sem samningar næst um það eða ekki; það er mér ekki kunnugt um.

Þegar hér var komið sögu, kom að vinnslustöðvunum, og þær upplýstu, að aðstaða þeirra til að greiða sama verð og í fyrra væri þannig, að það kæmi ekki til mála. Vinnslustöðvarnar héldu því fram, a. m. k. frystihúsin, og það eru vanalega þau, sem mest er um rætt, að aukinn kostnaður við vinnsluna vegna kauphækkana í vor næmi 14—16 aurum á kg, miðað við slægðan fisk. Sérfræðingar þeir, sem ríkisstj. fékk til að dæma um þetta, töldu þetta ofmat og að nóg væri að ætla þeim 12 aura.

Til þess að efla aðstöðu frystihúsanna til að greiða sama verð og í fyrra, — en það var auðvitað nauðsynlegt, einfaldlega vegna þess, að tekjuáætlanir bæði togarans og bátsins eru byggðar á sama verði og í fyrra af hendi vinnslustöðva, — var ákveðið að greiða úr þessum framleiðsluþótasjóði 5 aura til vinnslustöðvanna sem vinnslugjald á hvert kg af slægðum fiski með haus. Sú greiðsla kostar sjóðinn um 18 millj. og nemur 5/12 af því, sem okkar sérfærðingar töldu að frystihúsin þyrftu vegna aukins framleiðslukostnaðar. Svo að menn sjái þá mynd rétta, minni ég enn á þá hækkun, sem varð á álagi á bátagjaldeyrinum á s. l. hausti, sem ég áðan gat um, en hlutur frystihúsanna af því álagi er rúmir 6 aurar, jafnvel 6.2 aurar. Og ef þau þannig hafa þessa 6.2 aura, að viðbættu því 5 aura vinnslugjaldi,

sem þetta frv. mælir fyrir um, þá hafa þau fengið 11.2 aura af þeim 12 aurum, sem sérfræðingar okkar töldu, að þau þyrftu.

Sagan er þó með þessu móti ekki öll sögð, vegna þess að ef miðað er við þessa þörf, er gengið út frá, að vissir markaðir, sem við þurfum mjög á að halda, en verðfall hefur orðið á, verði ekki hagnýttir nema að litlu leyti. Það var afar rík ósk hjá frystihúsunum að mega framleiða fyrir Ameríkumarkaðinn og selja þangað jafnmikið magn og selt var þangað á árinu 1954, en það er helmingi meira en selt var þangað árið 1955. Ef við þessari ósk hefði verið orðið, hefði það kostað 7 aura á kg á allan bátafiskinn, sem hefði þá numið einum 13 millj. kr. úr sjóðnum, en það sá stjórnin sér ekki fært að gera.

Enn fremur var það rík ósk frystihúsanna að mega framleiða í betri umbúðir vissan hluta af því, sem fer til Rússlands, en ríkisstj. vildi ekki heldur fallast á að greiða úr þessum sjóði í því skyni, enda þótt hvort tveggja væri talið æskilegt út af fyrir sig, að efla Ameríkumarkaðinn, sem í dag er nokkru lægri um vissar fisktegundir en hann var í fyrra og getur að sönnu hækkað aftur, og þó að játað sé, að öruggara væri til að festa sig betur á Rússlandsmarkaðnum að hafa umbúðirnar betri, jafnvel þótt stjórn Rússlands eða umboðsmenn hennar hefðu ekki lagt áherzlu á það í samningunum, sem við þá voru um þetta.

Það kom ýmislegt fleira til, sem studdi kröfu vinnslustöðvanna um hærra framlag, en ég hirði ekki að rekja það hér. Niðurstaðan varð sú, að enda þótt óskir þeirra væru um 15 aura framlag, eftir að þær höfðu verið færðar niður í löngum samningaumleitunum, varð niðurstaðan ekki önnur en sú að leggja fram þessa 5 aura á kg, sem ég hef getið um.

Ég hef sagt frá, hverjar bætur á að greiða togurunum. Ég held, að ég hafi gleymt að tala um, að það er talið, að þær muni kosta 66 millj. úr sjóðnum. Ég hef sagt frá bótunum til vinnslustöðvanna, sem talið er að kosti fyrir báta- og togarafisk 18 millj. kr. Við það á svo að bæta bótum fyrir smáfisk af bátum, sem vinnslustöðvarnar vinna úr, það eru aðallega frystihúsin og raunar kemur það líka bæði á saltfisk og skreið, en augljósust er nauðsynin fyrir þessar bætur, þegar aðeins er litið á frystihúsin, þó að hún komi mjög til greina og sé réttmæt á öðrum sviðum líka.

Efni málsins er, að á undanförnum mörgum árum hefur verið sama verð fyrir smáfisk og fyrir stórfisk. Nú er það staðreynd, að smáfiskurinn er miklu minna virði, sem kemur til af því, að bæði eru flökin, sem úr honum koma, miklu minni en úr sama þunga af stórum fiski, þ. e. a. s. úrgangurinn er hlutfallslega meiri úr smáum fiski en stórum, en auk þess eru auðvitað handbrögðin fleiri og vinnslan dýrari, því smærri sem fiskurinn er. Réttlátt hefði verið, að þessi vara, sem er minna virði, yrði greidd lægra verði. Það þótti hins vegar ekki auðið, af því að með því hefði verið skertur hagur sjómanna og útvegsmanna, einmitt þeirra, sem kannske sízt mega við því, og þó að menn hefðu viljað leggja þessar kvaðir á frystihúsin áfram, þá lentu þær einmitt á frystihúsunum, sem við örðugastan hag eiga að búa, frystihúsunum víða úti um landið, sem hafa minna aflamagn og þess vegna verri aðstöðu til sæmilegrar heildarafkomu en önnur frystihús.

Ég held þess vegna, að þessi krafa styðjist við fullkomið réttlæti. Hún kostar 7 millj. kr.

Þá er þarna einnig getið um verðuppbætur á ýsu og steinbít um 2 millj. kr. Frá því að ýsa var í hærra verði en þorskur, er svokallað skiptiverð hærra á ýsu en þorski, þannig að sjómenn fá meira fyrir ýsukílóið en þorskkílóið. Nú hefur ýsa fallið í verði og er a. m. k. þá ekki nema á Ameríkumarkaðinum eitthvað lítið hærri og þó lítið, þannig að þetta er líka réttlátt. Þetta kostar 2 millj. kr.

Þá hef ég gert grein fyrir öllum útgjöldunum, öðrum en síldinni á Suðvesturlandi og í Austurdjúpi, sem er ætluð þarna á gjaldaliðunum 10 millj. Þetta er fyrirheit, sem stjórnin gaf varðandi árið 1955 og búið er að greiða mikið af, og er þó ætlað, að ríkissjóður fái þetta aftur, en þá náttúrlega haft í huga, að á þessu ári kynni eitthvað svipað að koma til greina, þó að menn vilji ekki binda sig við það að fullu, fyrr en sýnt er, hver þörfin þá verður.

Er þá ekkert ótalið af útgjaldaliðunum annað en 26 millj., sem ætlað er að verja til að kaupa upp B-skírteini. Ég geng út frá, að alþingismenn viti, að B-skírteinin eru þau skírteini, sem útgerðarmenn mega selja með álagi. Þau hafa safnazt fyrir og voru rétt reiknað um síðustu áramót um 55 millj. liggjandi af þessum skírteinum óseldum. Ég tel og við í stjórninni, að það geti verið nokkur hætta að láta of mikið safnast fyrir af þeim. Vegna stækkandi bátaflota og vonandi a. m. k. ekki minna aflamagns en hefur verið og verðlag ekki lægra er hætta á, að þessi hali, sem kallaður hefur verið, af B-listum fari vaxandi, ef ekki er gerð nein ráðstöfun til að minnka hann. Þess vegna eru ætlaðar þessar 26 millj. kr. til að kaupa upp þessi B-skírteini. Það er aðeins til að taka þau úr umferð og láta útgerðarmenn fá peninga upp í, þar sem þeir eiga þetta. Ríkið kaupir það, í staðinn fyrir að almenningur kaupi það, og eyðir skírteinunum, í staðinn fyrir að þeim sé varið til að kaupa fyrir vörur, og er þetta sem sagt aðeins ráðstöfun til að hindra, að of mikið safnist fyrir af þessum skírteinum, sem við í stjórninni teljum að gæti verið skaðlegt.

Þetta er gott og blessað sjálfsagt, svo langt sem það nær. En, segja menn, rignir þá gulli af himnum ofan eingöngu vegna þess, hversu ágæta stjórn við höfum í landinu? Ég, sem hef miklar mætur á stjórninni, hef enga trú á, að gulli rigni af himnum ofan, og segi því, að næstu þungu sporin í þessum efnum voru auðvitað að leita að tekjustofnum til þess að standa undir þessum þörfum.

Alls er útgjaldaþörfin, eins og ég hef getið um, um 152 millj. kr. Upp í það hefur verið leitað tekna, 137 millj., en við bætist svo, að við eigum eftirstöðvar í togarasjóðnum, 15 millj., og gerir þetta til samans 152 millj. Nýir skattar eru þess vegna 137 millj., eða skattar eða tollar. En rétt þykir mér að geta þess, að jafnframt fellur niður bílaskatturinn, sem á s. l. ári varð 38 millj.,

minnir mig, og eru þá 99 eða 100 millj., sem nettóskattaaukningin verður.

Sjálft gerir frv. grein fyrir, hvernig skattarnir eru teknir, og ég tel það þarfnast miklu minni skýringa en hitt, hvernig á að verja peningunum og hvers vegna þeim er varið eins og stjórnin leggur til. Menn eiga miklu meiri heimtingu á að spyrja um: Ja, hvernig stendur á, að þið ætlið að borga 5 aura vinnslugjald? Hvernig stendur á, að þið ætlið að borga niður hálfa vátryggingu? Hvernig stendur á, að þið ætlið að borga uppbætur á ýsu? Hvernig stendur á, að þið ætlið að borga uppbætur á smáfisk og annað þess háttar? Á hverju byggið þið þetta? Það er miklu eðlilegra, að menn spyrji um það, heldur en um, hvað felist í fyrirmælunum um tollana, því að það þekkja allir hv. þm. eins vel og við í stjórninni. Það má spyrja um, hvernig standi á, að við völdum þessa tolla og skatta, en ekki eitthvað annað. En hitt sjá menn af sjálfum ákvæðum laganna, hvar á að taka tekjurnar, og eru alveg jafnbærir um að dæma um, hvort það sé réttlát leið, eins og við, sem í stjórninni erum, og tel ég það þess vegna aðeins málalengingu, ef ég fer að rekja það frekar en gert er í frv.

Ég hygg nú ekki, herra forseti, að ég bæti mikið mál mitt með frekari skýringum á þessu stigi. Ég vænti, að þm. hv. hafi fengið nokkur svör við því, sem þeir hefðu haft tilhneigingu til að spyrja stjórnina um á þessu stigi, en mun að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að svara, eftir því sem mín þekking nær, þeim spurningum, sem fyrir mig kunna að verða lagðar hér í umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og hæstv. forsrh. hefur nú mælt fyrir, heitir „frv. til laga um framleiðslusjóð". Það ætti að heita frv. til laga um gjaldþrot núverandi stjórnarstefnu.

Hver hefur verið stefna þeirrar ríkisstj., sem nú situr? Hæstv. ráðh. var fáorður um stjórnarstefnuna. Hann sagði aðeins, að ríkisstj. væri ágæt, og það segir hann vafalaust sjálfur, af því að hann veit það eins og allir aðrir, að þeim fer utan ríkisstj. ávallt fækkandi, sem segja, að ríkisstj. sé ágæt, jafnvel á Alþingi, hvað þá með þjóðinni. En það má rifja upp í örfáum orðum, hver hefur verið stefna hæstv. ríkisstj. Hún hefur í fyrsta lagi verið hallalaus rekstur atvinnuveganna, þ. e. engir ríkisstyrkir til framleiðslunnar, og í öðru lagi hefur hún verið frjáls verzlun. Hver er reyndin? Hvernig hefur stefnan verið framkvæmd? Er verzlunin frjáls? Því þarf ég ekki að lýsa og skal ekki ræða það mál hér; svo kunnugt er það, að á verzluninni eru núna höft, höft í einu versta formi, sem höft geta verið. Það er ekkert lýðræðislegt eftirlit með því, hvernig höftunum er beitt. Framkvæmdirnar eru í höndum fáeinna embættismanna, aðallega í bönkunum.

Er rekstur atvinnuveganna hallalaus? Um það fæst svar í þessu frv.

Nú á að leggja á 150 millj. kr. skatta til þess að greiða atvinnuvegunum styrki. Nú er með öðrum orðum svo komið, að lagt er til, að á því ári, sem nú er að byrja, verði stjórnarstefnan um hallalausan atvinnurekstur og enga styrki til framleiðslunnar framkvæmd með því að innheimta 150 millj. kr. skatta til þess að greiða í styrki til atvinnuveganna. Það er því ekki ofmælt, að með þessu frv. sé hæstv. ríkisstj. í raun og veru að fella neyðarlegan dóm yfir sjálfri sér og stefnu sinni.

Hæstv. forsrh. hefur áður staðið í þessum ræðustól til að leggja fram till. um sama vandamálið og nú steðjar að íslenzkum sjávarútvegi. Hvað sagði hann þá, og hvað gerði hann þá? Og hvað sögðu þeir sérfræðingar, sem hann þá og líklega enn leggur mest upp úr, hvað segja um málið? Það var 1950, sem ástand sjávarútvegsins var ekki ósvipað því og það er núna í meginatriðum. Þá, fyrir réttum sex árum, lagði hæstv. forsrh. fram frv. til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. Það er það frv., sem er hliðstæða þessa frv., sem nú liggur fyrir. Grg. þess byrjaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir síðustu alþingiskosningar lýsti Sjálfstfl. því yfir, að hann teldi, að nauðsyn bæri til, að af hendi löggjafans yrði svo um hnútana búið, að atvinnurekstur landsmanna yrði í meðalárferði rekinn hallalaus án styrkja úr ríkissjóði, og jafnframt yrði að því stefnt að aflétta svo fljótt sem auðið væri höftum og bönnum á sviði verzlunar og viðskipta."

Þeir flokkar, sem nú stjórna landinu, hafa stjórnað því í þau sex ár, sem liðin eru, síðan þetta frv. var lagt fram. Þeir hafa haft sex ár til að framkvæma þá stefnu, sem Sjálfstfl. lýsti yfir í kosningunum árið áður, að það ætti að búa svo að atvinnurekstri landsmanna, að hann yrði í meðalárferði rekinn hallalaus án styrkja úr ríkissjóði og verzlunin yrði frjáls sem fyrst. Hvernig er ástandið eftir sex árin? Nú þarf 150 millj. til að styrkja þann atvinnurekstur, sem gera átti hallalausan, og allir vita, hvernig komið er verzluninni. Í skjali, sem lagt var fram varðandi vandamálin, sem þá steðjuðu að, voru margvíslegar upplýsingar um þær leiðir, sem þá voru einkum taldar koma til greina, en það var sú leið, sem var farin, gengislækkunin, sú leið, sem var talin koma til greina af ýmsum og sumpart hafði verið farin áður, leið hins tvöfalda gjaldeyris, þ. e. a. s. bátagjaldeyrisleiðin, og svo í þriðja lagi styrkjaleiðin. Þessar þrjár leiðir voru vegnar og metnar af sérfræðingum ríkisstj., og ríkisstj. gerði ummæli þeirra að sínum, skoðanir þeirra að sínum skoðunum. Það er mjög fróðlegt að athuga örfá af þeim ummælum, sem þessir sérfræðingar höfðu um styrkjaleiðina, þá leið, sem nú á að fara til lausnar aðsteðjandi vandamálum.

Þeir segja á bls. 28 í þessu frv. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, þar sem þeir ræða hinar ýmsu leiðir, sem til greina koma: „Þá væri í öðru lagi hægt að halda áfram styrkjaleiðinni með því að stórhækka skatta árlega. Sú leið mundi leggja þungar byrðar á allan almenning án þess að leiðrétta það jafnvægisleysi, sem nú er í þjóðarbúskapnum." Þetta er einn dómur þeirra um styrkjaleiðina. Annar er nokkrum blaðsíðum síðar, á bls. 31, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur þessi setning: „Ætti að halda áfram styrkjaleiðinni, yrði að leggja á nýja skatta eða hækka skatta, sem fyrir eru, og það

talsvert meir en gert var ráð fyrir í tekjuliðum frv. Alls mundi þurfa nýja skatta, sem nema a. m. k. 75 millj. kr. Þar sem tekjuöflunin hlyti að ganga í svipaða átt og frv. gerði ráð fyrir, *má líta á frv. sem áætlun um framkvæmd styrkjaleiðarinnar.*" Átt er við það frv., sem hafði legið fyrir Alþ., áður en gengislækkunarfrv. kom til.

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að það mundi kosta 75 millj. að leysa aðsteðjandi vanda án gengislækkunarinnar. Þetta ofbauð sérfræðingunum og hæstv. ríkisstj. svo fullkomlega, að þeir töldu fjarstæðu að fara leiðina. Nú á að leggja á 150 millj. kr. skatta, og engum ofbýður á stjórnarheimilinu.

Sérfræðingarnir segja enn fremur nokkru síðar þessar setningar, þar sem þeir meta gildi styrkjaleiðarinnar, kosti hennar og ókosti: „Aðalókostur styrkjaleiðarinnar frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð er sá, að hún leysir í raun og veru ekki vandamál útflutningsframleiðslunnar, sem berst í bökkum jafnt eftir sem áður, og á það ekki aðeins við um útgerðarmennina, heldur og aðra framleiðendur. Styrkjaleiðin lofar engu um bætta verzlun, sem þegar til lengdar lætur er höfuðvandamálið, og hún er heldur ekki viðunandi bráðabirgðalausn, m. a. vegna þess, að útflutningsframleiðslan mundi verða meiri við hagstæðari kringumstæður. Reynsla undanfarinna ára sýnir augljóslega, að til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum eða jafnvel til þess eins að halda öllu í horfinu er styrkjaleiðin ekki fær. Hún skapar ekki nein skilyrði til þess, að hægt verði að stöðva dýrtíðina, koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn og þá um leið jafnvægi við útlönd og létta höftunum af verzluninni. Styrkjaleiðin gefur ekkert loforð um betra í framtíðinni."

Þetta er höfuðniðurstaða tveggja aðalráðunauta hæstv. ríkisstj. fyrr og nú, dr. Benjamíns Eiríkssonar og Ólafs prófessors Björnssonar, þ. e., að styrkjaleiðin lofi engu um betra í framtíðinni. Engu að síður hefur hæstv. ríkisstj. nú gert styrkjaleiðina, hina *margfordæmdu styrkjaleið*, að höfuðstefnumáli sínu til lausnar aðsteðjandi vandamálum. Ekki svo að skilja, að nú sé rætt um sömu styrki. Nei, nú er um að ræða helmingi meiri styrki en þá, nákvæmlega helmingi hærri upphæð, og samt er leiðin farin.

Hverjar eru orsakir þessa ófremdarástands, sem nú er í íslenzkum efnahagsmálum? Hæstv. ríkisstj. segir, að það séu kaupgjaldshækkanirnar, sem áttu sér stað á s. l. vori, kaupgjald hækkaði um 22% á s. l. *ári; þar sé að leita orsaka alls* þess, sem aflaga fer nú í íslenzku efnahagslífi.

En má ég minna á, að hér var óbreytt kaupgjald frá árslokum 1952 til vors 1955, eða því sem næst? Þá skyldi maður halda, ef kenning hæstv. ríkisstj. væri rétt, að allt hefði verið í himnalagi í íslenzkum efnahagsmálum á árabilinu 1953—55. En var svo? Þarf ég að spyrja á þessum stað, hvort svo hafi verið? Vita ekki allir, að það var á árinu 1954, sem togararnir raunverulega stöðvuðust, *sem hallarekstur í togaraflotanum* var orðinn svo mikill, að stöðvun stóð fyrir dyrum, og hæstv. ríkisstj. tók þann kostinn að hverfa fyrir alvöru inn á styrkjaleiðina og leggja á sérstaka skatta til þess að greiða togurunum rekstrarstyrk, 2000 kr. á dag? Það var ekki kauphækkun, sem olli því, að þannig fór. Það hafði smám saman verið að síga á ógæfuhlið fyrir togurunum, þangað til meinið var orðið óviðráðanlegt án sérstakra aðgerða þegar 1954, og þá var styrkjapólitíkin tekin upp.

Það verður af engri skynsemi sagt, að kaupgjaldshækkanir hafi valdið þessu ástandi, því að ekkert kaupgjald hafði hækkað í næstum 2 ár, þegar togararnir gáfust upp.

Ég lít svo á, að það sé einhver mesta falskenning, sem nú er haldið á loft í íslenzkum stjórnmálum, að kaupgjaldshækkunin vorið 1955 sé undirrót þess, hvernig komið er fyrir íslenzkum atvinnuvegum. Sannleikurinn er sá, að kaupgjald var þegar hækkað á frjálsum vinnumarkaði, alllöngu áður en kom til kaupgjaldshækkunar samkvæmt samningum vorið 1955. Það voru hin almennu markaðslögmál á vinnumarkaðinum, sem höfðu þegar hækkað kaupið. Framboð og *eftirspurn höfðu fengið að ráða kaupgjaldinu á* vinnumarkaðinum undanfarin ár. Og hví skyldi framboð og eftirspurn ekki ráða kaupgjaldinu á vinnumarkaðinum? Og hvers vegna skyldu þeir vera hissa á því, að kaupgjaldið ákveðist að meira eða minna leyti af framboði og *eftirspurn*, einmitt þeir, sem telja, að vöruverðið eigi að ákvarðast af framboði og eftirspurn? Þeim ætti sízt að koma það á óvart.

En hvað var það, sem hafði hækkað kaupið á hinum frjálsa vinnumarkaði? Á því er enginn vafi, að það var fyrst og fremst tvennt. Það var annars vegar varnarliðsvinnan, það sérstaka ástand, sem skapaðist á vinnumarkaðinum vegna hennar, og svo hins vegar það, að öllum hömlum var létt af fjárfestingunni á þessu *tímabili*. Þetta tvennt, varnarliðsvinnan og hin hóflausa fjárfesting, hin stjórnlausa fjárfesting, sem efnt var til, var undirrót þess, að kaupgjald var á öllu tímabilinu 1953—1955 að smáhækka á hinum frjálsa vinnumarkaði, en þó að vísu mjög ójafnt. Kaupgjaldshækkunin var langsam*lega mest í fjárfestingarvinnunni* og annarri skyldri vinnu, en aftur á móti miklu minni á ýmsum öðrum sviðum. Einmitt þetta, hvað kaupgjaldið var misjafnt vegna hins óskipulagða vinnumarkaðar, var ein höfuðundirrót þess, að kom til *verkfallsins* mikla 1955 og á þann hátt, sem til þess kom.

En ríkisstj. átti einmitt kost á því að hafa áhrif á það, sem átti sér stað í varnarliðsvinnunni og fjárfestingunni. Hún hafði eða átti að hafa völd yfir þróuninni á báðum þessum sviðum. En hún brást. Það, sem gerðist, var, að ríkisstj. brást. Hún sveikst um að hafa stjórn á varnarliðsvinnunni, eins og nauðsynlegt var. Af því hlauzt sú ringulreið á vinnumarkaðinum, sem varð *með ójafnri kaupþróun á hinum ýmsu* sviðum.

Sannleikurinn er og sá, að í samningunum vorið 1955 hækkaði kaupgjaldið alls ekki upp í hið frjálsa markaðsverð á vinnu við fjárfestingarstörfin. Strax daginn eftir að samningarnir höfðu verið gerðir, var greitt hærra kaupgjald á ýmsum sviðum heldur en samkvæmt hinum opinberu kauptöxtum, svo að það er núna á ýmsum sviðum hærra en opinberir kauptaxtar gera ráð fyrir. Hæstv. ríkisstj. sér ekkert við

þetta að athuga. Af hverju ekki? Af því að þar er um hagsmuni þeirra að ræða, sem kaupa vinnuna fyrir yfirverð með einhverjum hætti. Það er ekkert að athuga við hátt kaup frá sjónarmiði hæstv. ríkisstj., ef vinnukaupandinn græðir á því, að kaupið sé hátt. Þá er það ágætt. En ef kaupgjaldshækkunin er með þeim hætti, að hún að einhverju leyti skerðir gróða eða gróðamöguleika vinnukaupandans, þá er hún allt í einu orðin háþölvuð. Þetta er mergurinn málsins, sem hér er um að ræða.

Ég endurtek það, að ég tel þá kenningu, að kauphækkunin 1955 sé höfuðundirrót erfiðleikanna nú, einhverja mestu falskenningu, sem nú sé uppi í íslenzkum stjórnmálaumræðum. Raunveruleg orsök ófremdarástandsins er stjórnleysið, sem verið hefur á fjárfestingunni, það, að verðlagseftirlitið var afnumið og verðlaginu á ýmsum vörum sleppt lausu og skapaðir gífurlegir gróðamöguleikar á ýmsum sviðum. Orsökin er enn fremur eftirlitslaus og röng bankapólitík. Í raun og veru er eini ljósi punkturinn í allri heildarstefnu hins opinbera í fjármálum og efnahagsmálum fjármálastjórn sjálfs ríkissjóðsins; það verður að viðurkennast. En á hinum sviðunum öllum, sem skipta máli, hefur ríkisstj. mjög yfirsézt.

Það vakti athygli mína, að í áramótagreininni, sem birt var af hálfu Sjálfstfl. í málgagni hans við s. l. áramót og var í það skipti rituð af hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssyni, fann hann upp annan sökudólg við hlið Alþýðusambandsins, sem bæri höfuðábyrgðina á ófremdarástandinu í efnahagsmálunum nú, og það var Landsbankinn. Grein hans varð ekki skilin öðruvísi en að höfuðsökudólgarnir væru tveir, annars vegar Alþýðusambandið, verkalýðshreyfingin, og hins vegar Landsbankinn. Um fjárfestinguna ræddi hann ekkert. Um afnám verðlagseftirlitsins ræddi hann ekki heldur neitt. En það er sannarlega undarlegt, að í málgagni Sjálfstfl. skuli landsbankavaldinu stillt upp sem höfuðsökudólg í þessum efnum.

Ég tel það rétt, að bankakerfið í heild hefur brugðizt á undanförnum árum, og það er ein höfuðástæða þess, hversu illa er komið. En það er spaugilegt að lesa gagnrýni á þessu, sem sérstaklega er beint að Landsbankanum, í málgögnum Sjálfstfl. Landsbankanum er stjórnað af 8 mönnum, 5 manna bankaráði og þrem bankastjórum. Fimm af þessum átta mönnum eru framámenn Sjálfstfl. Sjálfur forsrh. situr í bankaráði Landsbankans. Einn af helztu mönnum Sjálfstfl. á þingi, hv. þm. A-Húnv. (JPálm), situr í bankaráði Landsbankans til dæmis, þannig að Sjálfstfl. hefur hreinan meiri hluta í bankaráði Landsbankans og í bankastjórn hans. Samt sem áður les maður það í málgagni Sjálfstfl., að stefna Landsbankans hafi verið alröng, svo hættulega röng, að líkja megi því við hina óþjóðhollu afstöðu verkalýðshreyfingarinnar.

Í þessu frv. er í raun og veru ekki fólgin nein lausn á þeim vanda, sem nú steðjar að sjávarútveginum, af þeirri einföldu ástæðu, að tekjuöflunarráðstafanirnar eru þannig, að þær munu hafa í för með sér sjálfkrafa mjög verulega hækkun á vísitölunni, þá um leið hækkun á kaupgjaldi og þá um leið hækkun á framleiðslukostnaði, sem síðan mun aftur íþyngja útgerðinni, allri framleiðslunni, að mjög verulegu leyti.

Ég hef enn sem komið er auðvitað ekki haft tíma eða aðstöðu til þess að athuga, hversu vísitalan muni hækka mikið vegna þessara ráðstafana, en ef ég má leyfa mér að nefna einhverja ágizkun í því sambandi, þá tel ég, að það geti varla orðið minna en 8—9 stig, sem vísitalan muni hækka vegna þessara ráðstafana. Síðan hækka landbúnaðarvörurnar auðvitað á sínum tíma, og má þá geta nærri, að útvegurinn fær mjög fljótlega á sig aftur verulegar byrðar vegna þeirra ráðstafana, sem hér eru gerðar.

En hvað á þá að gera? er von að spurt sé. Hvað á að gera? Eitthvað verður að gera útveginum til bjargar. Allir sjá, að hann var stöðvaður um áramótin og mundi vera stöðvaður áfram, ef ekkert væri aðhafzt. Auðvitað verður því ekki á móti mælt, að gera þarf ráðstafanir til bjargar sjávarútveginum. Framleiðendur sjávarafurða, hið vinnandi fólk við sjávarsíðuna, þarf að fá stærri hluta af kökunni, sem þjóðin í heild bakar með vinnu sinni, en þeir fá nú. Spurningin er í fyrsta lagi: Hversu mikil á stækkun þess hluta að vera, sem þeir, sem vinna við sjávarútveginn, eiga að fá? Og svo í öðru lagi, af hverjum á að taka þessa stækkun?

Ég er þeirrar skoðunar, að sú stækkun á hlutdeild sjávarútvegsins, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þ. e. það, sem tekið er af öðrum til að bæta hlut hans, sé óþarflega mikil. Ég mun við þessa 1. umr. ekki rökstyðja þetta rækilega. Ég mun láta það bíða til síðari umr. þessa máls, en hér vil ég aðeins láta þess getið, að hagfræðinganefnd sú, sem hæstv. forsrh. nefndi í framsöguræðu sinni áðan og gerði athuganir á því, hversu mikið þyrfti að bæta hlut sjávarútvegsins, gerði ekki ráð fyrir jafnmiklum álögum í þessu skyni og gert er ráð fyrir í þessu frv. hér, og skeikar þar nokkrum tugum milljóna.

En aðalatriðið er þó hitt, aðalgallinn á þessum ráðstöfunum er þó sá, að það, sem tekið er af öðrum til að rétta sjávarútveginum, er tekið á ranglátan hátt. Það er tekið á þann hátt aðallega, að lagt er jafnt gjald, sama gjald á allan innflutning, hvort sem hann er nauðsynlegur eða ónauðsynlegur. Það er í þessu frv. bókstaflega engin tilraun gerð til þess að leggja þyngri byrðar á þá, sem hafa breið bök til þess að bera þær, en hina. Það eru bókstaflega engar ráðstafanir gerðar til þess að láta hina ríku og tekjuháu greiða meira en hina fátæku. Mér liggur við að segja, að yfir frv. sé hreint íhaldsyfirbragð, næstum óskammfeilið íhaldsyfirbragð. Það er framhald af þeirri stefnu, sem tekin var upp með löggjöfinni um húsnæðismálastjórn. Þar var engin tilraun gerð til þess að mismuna þeim, sem góða aðstöðu hafa, og hinum, sem bága aðstöðu hafa. Áður hefur þó venjulega verið gerð einhver tilraun í þá átt að jafna kjörin milli hinna ríku og hinna fátæku, milli stéttanna, þegar svona stórkostlegar byrðar hafa verið lagðar á. Slíkt virðist vera talið óþarfi lengur. Til svo mikils meira treysta íhaldsöflin sér í þjóðfélaginu nú en þau hafa gert undanfarin ár.

Þegar fluttar eru till. um 150 millj. kr. flutn-

ing á tekjum á milli stétta, er óverjandi að gera ekki ráðstafanir til þess að ganga örugglega úr skugga um, að ekki séu greiddir meiri styrkir en nauðsynlegt er. Það er óverjandi að gera ekki ráðstafanir til þess að jafna aðstöðumun stéttanna, jafna tekjur þeirra, að draga úr óhófsgróða og braski, en hlífa þeim, sem höllum standa fæti í lífsbaráttunni. Engar slíkar ráðstafanir eru í þessu frv., en það eru slíkar ráðstafanir, sem Alþfl. vill gera, um leið og útveginum er hjálpað. Það eru slíkar ráðstafanir, sem Alþfl. telur óhjákvæmilegt skilyrði þess, að hægt sé að grípa til ráðstafana útveginum til hjálpar, sem þó vissulega eru nauðsynlegar.

Ég sagði áðan, að þetta frv. væri í raun og veru engin lausn á grundvallaratriðum þess vanda, sem að steðjar. Það er áframhald á rangindaráðstöfunum undanfarinna ára. Fyrir 6 árum kom gengislækkunin, af því að tvöfalt gengi var talið enn verra. Svo kom tvöfalda gengið, þ. e. bátagjaldeyririnn, af því að skattar og styrkir voru taldir enn verri, og nú loksins koma skattarnir og styrkirnir, sem ávallt hafa verið taldir hið versta, svo að við höfum fengið allt þrennt. Við höfum fengið gengislækkunina, við höfum fengið bátagjaldeyrinn, og við höfum fengið skattana og styrkina.

Hæstv. ríkisstj. leggur til að gera það, sem hún var búin að segja þjóðinni í 6 ár að aldrei mætti gera. Sú stjórn, sem gerir slíkt, á að fara. Hún getur ekki haft traust þjóðarinnar.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Þá hafa þau ráð hæstv. ríkisstj. séð dagsins ljós, sem alþýða þessa lands hefur fyrir fram gefið nafnið fjörráð við efnahagslíf landsins og alþýðustéttir. Ég ætla ekki að nota þetta tækifæri við 1. umr. málsins til að gera eldhúsdag að ríkisstj. Eldhúsdagsins er nú skammt að bíða, og það kann að fara svo, að þar verði talin ástæða til að víkja að þessum málum eins og vert er.

Hæstv. forsrh. hefur haft framsögu fyrir þessu máli. Er það að vonum, vegna þess að hann á sameiginlegra hagsmuna að gæta og ber samábyrgð með þeim mönnum, sem nú eru, eins og hæstv. dómsmrh. komst að orði á Heimdallarfundi nýlega, að beita kommúnistisku ofbeldi til að knýja fram sínar kröfur í þessu þjóðfélagi, allri alþýðu landsins til tjóns og miska.

Ég tel þó ástæðu til að lýsa nú þegar yfir andstöðu minni og okkar þjóðvarnarmanna almennt við þá leið, þá meginleið í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem þetta frv. boðar, eins og annað frv., sem nú er til umr. í Ed. og er í samhengi við þetta frv.

Þess gengur enginn maður dulinn, að þær gífurlegu álögur, sem nú á að fara að leggja á þjóðina til þess að borga sönnuð og ósönnuð töp einstakra manna og atvinnufyrirtækja þeirra og sönnuð og ósönnuð töp heillar atvinnustéttar í landinu, leysa engan vanda til frambúðar í þessu þjóðfélagi. Það hlýtur að vera augljóst öllum mönnum, sem um þessi mál hugsa, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, hlýtur að auka þann vanda, sem það er þessari þjóð að koma efnahagslífi sínu á heilbrigðan grundvöll og búa framleiðslu þessa lands starfhæfan grundvöll. Verði þetta frv. samþ. og þær ráðstafanir aðrar, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú á prjónunum, þá þýðir það, að það verður annaðhvort óvinnandi verk að leysa vandann í framtíðinni eða svo erfitt, að það mun ganga nær þessari þjóð en nokkurn mann nú grunar. Þetta frv. boðar að vísu ekki neina nýja stefnu. Við höfum kynnzt þessari stefnu á undanförnum árum. Hvert einasta mál, sem hæstv. ríkisstj., flokkar hennar og stuðningsmenn leggja fram hér á Alþ., miðar að einu marki, — allt að því að gera vanda þjóðarinnar, sérstaklega framleiðslugreinanna, erfiðari með hverjum degi sem líður. Þær hundruð milljóna króna, sem nú á að leggja á almenning í landinu til þess, eins og það er kallað, að koma í veg fyrir, að aðalatvinnuvegur landsmanna stöðvist, er aðeins gjald, sem lagt er á þjóðina til að fresta í bili og um mjög takmarkaðan tíma því allsherjarhruni, sem íhaldsöflin í landinu hafa rækilega undirbúið um mörg ár. Þetta er sú ólánsstefna, sem við þjóðvarnarmenn höfum barizt gegn. Við höfum, frá því að Þjóðvfl. var stofnaður og frá því að hann fékk menn á þing þjóðarinnar, borið fram og barizt fyrir þveröfugri leið í efnahagsmálum þjóðarinnar. Við höfum lagt hér fram frv. eftir frv., sem miðuðu að því að koma efnahagskerfinu í það horf, að til frambúðar mætti verða og að hér mætti reka styrkjalausa framleiðslu um langa framtíð.

Því miður er ástandið á Alþingi Íslendinga þannig í dag, að þessi viðleitni okkar og þessi frv. okkar hafa fengið tiltölulega lítið fylgi utan okkar eigin flokks, og höfðum við þó sannarlega vænzt annars.

Við höfum nú nýlega lagt hér fram í Nd. frv. um að taka eignarnámi eða leigunámi allar fiskvinnslustöðvar í landinu, sem máli skipta, fyrir nýtingu sjávarafla, og reka þær á kostnað ríkisins og ábyrgð, á meðan ekki hafa verið stofnuð framleiðslusamvinnufélög sjómanna og útvegsmanna, sem að sjálfsögðu ættu að okkar áliti að hafa þessa starfsemi í eigin höndum. Í þessu frv. er einnig lagt til að taka fiskflutningaskip eignareða leigunámi og reka þau í sama skyni og á sama hátt. Þá er og lagt til, að allur fiskútflutningur verði tekinn í hendur ríkisins og síðar afhentur samtökum sjómanna og annarra, sem lífsframfæri hafa af vinnu við og vinnslu sjávarafla, þegar það er tímabært.

Það, að við leggjum þetta til, byggist á því, að okkur er ljóst eins og öllum eða flestöllum Íslendingum, að það verð, sem fæst fyrir útflutning okkar á erlendum mörkuðum, kemur engan veginn allt til skila. Ef svo væri, þá mundi bátaflotinn ekki þurfa þeirra styrkja við, að minnsta kosti ekki allra, sem nú er sagt eða talið að hann þurfi.

Ég mun ekki fara langt í að rökstyðja þetta nú. Til þess mun gefast tækifæri og tími síðar. En ég kemst ekki hjá því að minna á það, að þegar jafnþýðingarmikið frv. og frv. okkar er, sem vitað er, að ef borið væri undir þjóðaratkvæði nú, mundi fá atkv. mikils meiri hluta þjóðarinnar, — þegar það er borið fram, þá er það ekki tekið á dagskrá í þingi, ekki haldinn um það kvöldfundur eða laugardagsfundur né n. skipað að vinna að því á sunnudegi, eins og þeim frv., sem

hæstv. ríkisstj. ber hér fram íslenzku atvinnulífi og almenningi til óþurftar.

Þannig er ástandið á Alþingi Íslendinga í dag. Við höfum borið fram í því skyni að lækka framleiðslukostnað og tryggja það, að sjómenn og þeir, sem vinna að fiskframleiðslu, fái allt það verð, sem vinna þeirra skapar, fleiri frv. en þetta, sem ég nú nefndi. Við höfum borið fram frv. um að taka eignar- eða leigunámi eignir olíufélaganna í landinu og að stofna olíuverzlun ríkisins, sem hefði það hlutverk að draga úr þeim ofsagróða, sem nú er á olíu, og því fjárbruðli, sem á sér stað í dreifingu og sölu olíunnar, og lækka á þann hátt olíuverðið og þar með framleiðslukostnað atvinnuveganna og einkum og sér í lagi sjávarútvegsins. Öllum er ljóst, að ef þetta væri gert, þá hlyti það bil, sem nú er talið vera á milli verðmætis framleiðslunnar og kostnaðarins við að framleiða hana, að minnka og þar með að vera minni þörf fyrir álögur á almenning til að halda framleiðslunni gangandi.

Við höfum einnig borið fram frv. um að lækka milliliðagróða almennt, fækka þeim milliliðum, sem nú lifa eins og sníkjudýr á framleiðslunni og mergsjúga hana, lækka álagningu og afhenda alþýðusamtökunum verðlagseftirlit í landinu til þess að tryggja það, að ekki væri lagt meira á framleiðsluna af kostnaði en nauðsynlegt væri. Við höfum einnig borið fram frv. um að lækka þann skatt, sem ranglátastur er í þessu þjóðfélagi, söluskattinn, og þó ekki nema þann hluta hans, sem verst gegnir að vera skuli í gildi, þ. e. a. s. söluskatt í smásölu, en það vita allir menn, að þessi skattur hefur mjög veruleg áhrif fyrir framleiðslukostnað í landinu, því að mikill hluti hans kemur inn í vísitöluna. Þar að auki bætist svo það við, að milliliðir eru látnir innheimta þennan skatt, með þeim afleiðingum, að hann kemur ekki nema að hluta til í ríkissjóð. Hann er innheimtur af almenningi í landinu, en rennur ekki þangað, sem honum er ætlað að renna, í ríkissjóðinn.

Ég minnist þess, að nokkrir hv. þm. Sjálfstfl. hafa hér í ræðum á Alþ. ekki reynt að draga neina dul á það, að ekki mundu öll kurl koma til grafar við skattaframtöl manna og fyrirtækja og þá sérstaklega fyrirtækja, sem ekkert eftirlit er haft með að telji rétt fram. Ég efast ekki um, að þetta er rétt skoðun. En þá er það um leið augljóst, að þau fyrirtæki, sem ekki gefa allar tekjur sínar upp til skatts, geta ekki heldur gefið upp allan þann söluskatt, sem þau innheimta fyrir ríkið, vegna þess að ef þau gerðu það, gæfi það opna leið til að komast að skattsvikum þeirra að öðru leyti. Lækkun á söluskatti mundi því stórlega lækka framleiðslukostnað í landinu og búa atvinnutækjunum betri skilyrði til starfsemi, skilyrði, sem sennilega, ef allar okkar ráðstafanir yrðu samþykktar, mundu duga þeim án styrkja og án þess að grípa þyrfti til nokkurra sérstakra álaga á almenning í því skyni að halda þeim gangandi.

Við þjóðvarnarmenn teljum einnig sjálfsagt að lækka vexti lánsstofnana mjög verulega til þess að draga úr framleiðslukostnaði atvinnuveganna og þá einkum og sér í lagi sjávarútvegsins gegn því skilyrði, að sparifé landsmanna yrði þá vísitölutryggt, sem ekki hefur neinn ókost í för með sér fyrir framleiðsluna, miðað við það ástand, að verðhjöðnun sé í gangi í þjóðfélaginu. Þessi ráðstöfun mundi einnig, — við höfum að vísu ekki lagt það fram í frumvarpsformi enn þá, en erum reiðubúnir til þess, — þessi ráðstöfun mundi einnig létta framleiðslu landsins starf sitt.

Þetta ásamt ýmsum öðrum ráðstöfunum viljum við láta gera og vitum eins og allir aðrir að miðar að því að búa atvinnu landsmanna eðlileg starfsskilyrði, starfsskilyrði, sem hún verður að fá, ef þessi þjóð á ekki að tortímast og glata efnahagslegu sjálfstæði sínu. En hæstv. núverandi ríkisstj. hefur ekki verið og er ekki til viðtals um þetta, vegna þess að hún er handbendi örfárra ofbeldismanna, svo að ég noti orð hæstv. dómsmrh., sem hafa það eitt í huga að græða sem mest sjálfir, hvað sem líður tilveru þessarar þjóðar. Og það er ekki eðlilegt, að slík ríkisstj. sé reiðubúin til að fara inn á þær brautir, sem við þjóðvarnarmenn leggjum til, því að það mundi þýða það, að starfsemi ofbeldismannanna yrði útilokuð í þessu þjóðfélagi og gróðamöguleikar þeirra gerðir að engu.

Í sambandi við það frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur hér borið fram, þykir mér rétt á þessu stigi málsins að gera örfáar athugasemdir. Í fyrsta lagi er það augljóst mál, að þessar ráðstafanir, að leggja hér samtals um 200 eða rúmlega 200 millj. kr. nýjar álögur á þjóðina, eru ekki annað og gera ekki annað en að fresta miklu geigvænlegri og alvarlegri aðgerðum. Þær munu að sjálfsögðu, eins og allir sjá og skilja, ýta svo stórkostlega undir verðbólguþróun í þessu landi, að aldrei hefur nein ráðstöfun til þessa dags verið gerð jafnháskaleg í einu skrefi. Þessar ráðstafanir munu að sjálfsögðu auka vantraust almennings á verðgildi peninga, eyðileggja sparnaðarvilja og sparifjársöfnun og koma þessu þjóðfélagi þannig endanlega úr skorðum, enda minntist hæstv. forsrh. ekki á það í framsöguræðu sinni hér, að Sjálfstfl. væri nú eða ætlaði að slá skjaldborg um verðgildi peninganna, eins og hann hefur áður tjáð sig ætla að gera, né að þetta frv. ætti að miða að því að auka sparifjársöfnun og sparnaðarvilja landsmanna, og þó hafa þessir herrar oft brýnt fyrir þjóðinni, hvílík nauðsyn það væri, að fólk sparaði saman og legði fyrir fé, svo að það yrði handbært til nauðsynlegra framkvæmda í þjóðfélaginu. Hér er vísvitandi verið að eyðileggja sparifjársöfnun og sparnaðarviljann.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að greiða útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur, þ. á m. dilkakjöt. Ég verð að segja það eins og er, að mér kom þetta alleinkennilega fyrir sjónir, þegar ég sá það, og ég hef ekki heyrt enn né skilið þau rök, sem liggja til grundvallar þessari ráðstöfun. Og ég skal nú segja hvers vegna.

Það er ljóst, að á s. l. ári, þ. e. á árinu 1955, var kjötframleiðsla landsins um 2400 smál. meiri en á árinu 1954. Verðlag landbúnaðarafurða á síðasta hausti var þó miðað við framleiðsluna eins og hún hafði verið áður, þ. e. a. s. án þess að tekið væri tillit til þessarar framleiðsluaukningar. Almenningur í þessu landi borgar kjötverð,

sem er ákveðið þannig, að ekkert er tekið tillit til þessarar auknu framleiðslu. Það, sem gerist, er því raunverulega það, að árið 1956 borga landsmenn niður í því kjöti, sem þeir kaupa, þær 2400 smál., sem framleiddar voru meira á árinu 1955 en 1954, að fullu, og skil ég þá ekki, hvernig á því getur staðið, að það á að fara til viðbótar að borga útflutningsgjald á þann hluta kjötframleiðslunnar, sem ekki selst í landinu sjálfu, þegar hvort sem er er búið að borga framleiðslukostnað hennar að fullu.

Ég vil mælast til þess, að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því, hvort hann hefur athugað þetta mál og sett sig inn í það svo sem skyldi, hvort honum er það ljóst, að verðlagið á kjöti er ekki miðað við það kjötmagn, sem framleitt var árið 1955, heldur við magnið eins og það hafði verið áður, þegar framleiðslan var 2400 smál. minni.

Í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv. var hæstv. forsrh. hógværari og bljúgari en hann á vanda til hér á þingi, og það fór minna fyrir honum í ræðustólnum en oft áður. Málstaður hans og málflutningur var þó með nokkuð svipuðum hætti og venja er til, þ. e. í meginatriðum rangur og í öðrum atriðum villandi. Hann sagði m. a., að hækkun landbúnaðarvara á s. l. hausti stafaði af hækkun launanna s. l. vor. Það er að vísu rétt í þessari fullyrðingu, að auðvitað kom launahækkunin, sem varð s. l. vor, bændum til góða, af því að þeir taka laun eftir sömu reglum og verkamenn. En hækkun landbúnaðarvara stafar ekki nema að litlu leyti af þessari launahækkun. Til hennar lágu allt aðrar orsakir. Menn minnast þess, að á síðasta þingi bar hæstv. ríkisstj. fram frv. um að hækka vexti af lánum til landbúnaðarins, verkamannabústaða og annars þess háttar vegna meintra vaxtatapa þessara sjóða. Þessi vaxtatöp voru þó aldrei sönnuð, og þó að þau hefðu verið einhver, eins og hæstv. ríkisstj. taldi, þá hefðu þau samt ekki getað numið nema í hæsta lagi nokkur hundruð þúsund krónum.

Við þjóðvarnarmenn bentum á hættuna af því að fara inn á þá braut að hækka þessa vexti og lögðum til, að það vaxtatap, sem kynni að verða á þessum sjóðum, yrði bætt upp með því að leggja t. d. skatt á gróðafélagið Eimskip eða veita öðrum gróðafélögum í landinu ekki 20% eftirgjöf af skatti, eftir að hann hafði verið lagður á eftir gildandi lögum. Þetta ráð var að engu haft, og vaxtahækkunin var gerð. Afleiðingarnar urðu þær, að bændur gátu að sjálfsögðu ekki sætt sig við að taka þær á sínar herðar. Þeir höfðu með réttu haldið því fram, að vaxtakostnaður þeirra væri ekki tekinn inn í vísitöluna eins og skyldi, og nú notuðu þeir tækifærið til þess að hækka vextina, ekki aðeins sem svaraði þeirri hækkun, sem hér hafði verið gerð á Alþ., heldur mun meira. Vextir í landbúnaðarvísitölugrundvellinum voru hækkaðir úr 900 kr. í 5700 kr. á meðalbú, eða um 4800 kr. á hvert bú í landinu. Í öllum útreikningum um landbúnað er það föst venja að reikna með um 6200 búvörueframleiðendum í landinu. Hækkunin, sem þarna er lögð á almenning í landinu með þessari ráðstöfun einni, er því um 30 millj. kr. Af þessu stafaði hækkunin á landbúnaðarvörunum á s. l. hausti að langmestu leyti. Þessar voru afleiðingar gerða ríkisstj. hér á Alþ.

Ekki er mér ljóst, hvort hæstv. ríkisstj. hefur séð þessar afleiðingar fyrir eða ekki. Ég býst við, að hennar ráðstafanir og hennar tillögur séu flestar með þeim endemum, að hún geri sér enga grein fyrir því, hvaða afleiðingar þær hafa í þjóðfélaginu. En þessi ráðstöfun, sem leit meinleysislega út, þegar var verið að gera hana hér á Alþ., varð þannig ein af helztu sprautunum, sem verðbólgan hefur fengið frá hæstv. ríkisstj. á undanförnu ári og árum. Þetta vildi ég aðeins benda á til að hrekja þær fullyrðingar hæstv. forsrh., að hækkunin á landbúnaðarvörunum og þar með vísitölunni stafaði eingöngu af þeim launahækkunum, sem verkamenn fengu á s. l. vori. Hækkunin, sem af launahækkununum stafaði, var miklum mun minni en þessi hækkun af vaxtahækkuninni.

Þá sagði hæstv. forsrh. einnig í ræðu sinni, að ekki væru nú þessar álögur eins miklar og þær litu út fyrir í frv., því að nú ætti að fella bílaskattinn, sem var í gildi á s. l. ári, niður. Nú veit maður það um hæstv. forsrh., að hann kynnir sér illa mál hér á þingi og málefni þjóðarinnar almennt. En svo algerlega fáfróður hélt ég að hann væri nú ekki um þessi mál, að hann vissi ekki, hvað í þessu frv. stendur, sem hann er að bera hér fram og mæla fyrir. Þar stendur það skýrum stöfum, að það eigi að halda þessum skatti áfram, það eigi að leggja áfram 100% skatt á tollverð þeirra bíla, sem fluttir verða inn á næsta ári, þ. e. a. s. sömu bílategunda og gert var á s. l. ári, alveg sama skattinn. Það er því síður en svo, að þennan skatt sé verið að fella niður.

Loks sagði hæstv. forsrh. í framsöguræðu sinni, að það væri ekki á okkar valdi að ákveða verðið á fiskinum, það væri ákveðið á erlendum mörkuðum, og við réðum harla lítið við það, hvað þar fengist. Þetta vitum við að sjálfsögðu. Við ráðum lítið við það og þó nokkuð í sumum tilfellum. En við hitt getum við ráðið, að það verð, sem fæst fyrir fiskinn á erlendum mörkuðum, komi hingað heim og því sé skilað þeim, sem það eiga. Við það getum við ráðið, en með því er nú ekkert eftirlit. Og það er vitað, það veit hæstv. forsrh., og það vita allir landsmenn, að þessu verði er ekki skilað, það kemur ekki hingað heim, og á því byggjast hörmungar bátanna, sem einokunarhringarnir hér notfæra sér til þess að beygja þessa ríkisstjórnarnefnu, sem við höfum, með ofbeldi, með kommúnistiskum ofbeldisaðferðum, eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það, til að afhenda sér hundruð millj. króna styrki eftirlitslaust líka, sem eru reyttir úr vasa skattborgaranna.

Ég ætla að láta þetta nægja að þessu sinni um þetta mál. (**Forsrh.**: Vill ekki þm. standa við þetta utan þings, sem hann var að segja áðan?) Ég skal standa við þetta, hvenær sem er, og ég hef nú þegar vitni að því öllu. (**Forsrh.**: Það væri gott, að það væri endurtekið utan þings.) Nú vildi ég mælast til þess, að hæstv. forsrh. héldi sér í skefjum, meðan ég er að tala. Ég veit, að honum líður illa undir þessum orðum, en hann ætti að reyna að sjá sóma sinn í því að halda

sér í skefjum, á meðan ég tala, og vera ekki að trufla mál mitt.

Ég vildi mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. gæfi þingheimi upplýsingar um það, hvaða áhrif þessar hækkanir, sem hún ber hér fram, hafa á vísitöluna. Ég vildi enn fremur mælast til þess, að hæstv. forsrh. eða hæstv. ríkisstj. gæfi upplýsingar, sem hún á og hlýtur að hafa, um það, að hve miklu leyti þessar álögur skella nú þegar beint á framleiðslunni og auka framleiðslukostnað hennar og erfiðleika í stað þess að minnka þá. Og loks vildi ég mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. gæfi upplýsingar um það, hve mikið álagning á þær vörur hækkar, sem þessar álögur skella á, hve mikið hún hækkar og hvað samtök verzlunarmanna hafa sagt um það efni, hve mikið þau teldu sig þurfa að hækka álagningu, vegna þess að þessar álögur hefðu í för með sér aukin vaxtagjöld og ýmsan annan kostnað fyrir verzlanirnar. Ég býst við því, að ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir þessu, og vildi mælast til þess, að hún veitti mér og öðrum þm. upplýsingar um þessi mál.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það frv., sem hæstv. ríkisstj. hér hefur lagt fram og á að vera hennar lausn, fundin eftir mikla innbyrðis erfiðleika, er, ef maður ætti að segja það í stuttu máli, hvað tekjuöflunina snertir rán, sem er rökstutt með lygi. Og ég held, að það veiti ekki af, ef við eigum að geta rætt þessi mál af einhverju viti hér, að hæstv. forsrh. leggi fram dálítið betri upplýsingar en hann nú hefur gert og hætti að reyna að rökstyðja þessar álögur, sem hann er að leggja hér á, með kauphækkunum hjá verkamönnum og það fái að koma alveg í ljós eins og það er, hverjir það eru, sem eru að drepa sjávarútveginn á Íslandi.

Það efast enginn um, að útgerðin þarf að fá stórfé. Það efast heldur enginn um, að sjávarútvegurinn skapar og er grundvöllur að öllum þeim gróða, sem skapaður er á Íslandi. Það þýðir, að ef við ætlum að hjálpa sjávarútveginum, til þess að hægt sé að reka hann, þá verðum við að rannsaka, hvert gróðinn fer, sem sjávarútvegurinn skapar, hvaða aðilar það eru í þjóðfélaginu, sem halda áfram að raka til sín ekki aðeins tugum millj., heldur hundruðum millj. kr. í gróða, í tekjuafgang, á sama tíma sem sjávarútvegurinn er eftir skilinn með tap. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem þessi mál koma hérna fyrir, en ég spái því, að þó að fyrir liggi að leggja á annað hundrað millj. kr. á þjóðina, þá muni verða jafnerfitt að fá upplýsingar um þetta mál og meðan við höfum verið að ræða það áður, þó að engar till. hafi legið frammi um neina tekjuöflun. Ég vil þess vegna leyfa mér að skora á hæstv. forsrh. og ríkisstj. í heild að gefa okkur hér upplýsingar um raunverulegt fjárhagslegt ástand útgerðarinnar og í öðru lagi upplýsingar um afkomu þjóðarbúsins í heild. Þar með á ég við, hvernig sá gróði, sem skapast í þjóðarbúinu, skiptist á milli verzlunarstéttarinnar eða verzlunarauðvaldsins, bankanna og annarra þeirra aðila, sem þessi gróði rennur til. Við getum þrætt endalaust um þessi mál hér, á meðan við getum ekki fengið fram upplýsingar um þessa hluti, því að þetta er það raunverulega, sem fyrst og fremst skiptir máli, þegar við erum að ræða um sjávarútveginn.

Það verða allir áreiðanlega sammála um tvennt, annars vegar, að sjávarútvegurinn sé grundvöllurinn að öllum okkar þjóðarbúskap og þar með líka grundvöllurinn að allri þeirri auðsöfnun og gróðasöfnun, sem er til á Íslandi, og hins vegar, að sjávarútvegurinn sé rekinn með gífurlegu tapi. Það er hægt að deila um það og menn geta verið hér ósáttir um það, talið, að það nemi kannske nokkrum tugum millj. kr. meira eða minna, en að það sé gífurlegt tap og að hann þurfi hátt upp í þær álögur, sem hér eru, og kannske allar, það efast menn ekki um. Nú veit ég, að það hafa farið fram rannsóknir á þessum hlutum, og ég veit, að hæstv. ríkisstj. situr inni með niðurstöður um þetta, og hvað eftir annað alla þessa mánuði, sem þessi mál hafa verið hér til umr. eða hefur borið á góma, hefur stjórnarandstaðan hér farið fram á að fá eitthvað af þessum upplýsingum, og henni hefur alltaf verið neitað um það; henni hefur meira að segja verið neitað um að fá þær sem trúnaðarplögg. Þó vitum við, að mánuðum saman eða a. m. k. vikum saman eru sérfræðingar ríkisstj. búnir að sitja við að rannsaka þetta. Hvernig stendur á því, að það er ekki hægt einu sinni fyrir Alþ., hvað þá fyrir þjóðina, að fá upplýsingar um þessa hluti? Hvernig stendur á því, að ríkisstj. hefur hagsmuni af því að fela þessar upplýsingar fyrir þjóðinni? Hvernig dettur ríkisstjórninni í hug að koma fram og segja, eins og sagt er með þessum tveim frv., sem hér er verið að leggja fyrir í dag: Við leggjum hátt upp í 200 millj. kr. nýjar álögur á þjóðina, en við fáumst ekki til þess að leggja fram rökin fyrir því, að þessar álögur séu nauðsynlegar? — Hvers konar grundvöllur er þetta, sem hæstv. ríkisstj. ætlast til að málið sé rætt á? Mig skal ekki undra, þó að stólarnir séu tómir hér á Alþ. Umræður um þýðingarmestu málin, eins og hvorki meira né minna en hátt í 200 millj. kr. álögur á þjóðina, eru komnar inn á það stig, að fyrst er þetta athugað innan ríkisstj. á grundvelli einhverra leyniplagga, sem ríkisstj. fær, síðan er fyrirskipað á nokkrum þingflokksfundum stjórnarflokkanna hér niðri: Nú skuluð þið, þm. góðir, trúa þessu, sem ráðherrarnir segja, og samþ. þetta, — og síðan gæta þessir góðu þm. stjórnarflokkanna þess að vera helzt hvergi nærri, til þess að engin samvizka eða engin rök gætu truflað þá, þegar farið væri að ræða þessi mál. Og ríkisstj. gætir þess um leið að halda öllum sínum plöggum leyndum, þannig að enginn maður fái að gagnrýna þetta eða skyggnast fyrir um, hvernig ástandið raunverulega sé. Ég vil segja við þessa hv. stjórnarflokka, sem tala hér og þreytast aldrei á að tala um lýðræði og þingræði: Ef þeir halda, að þetta eigi eitthvað skylt við þau hugtök, þá fara þeir villir vegar. Hér er með hreinum einræðisaðferðum fyrst þeirra eigin stjórnarflokkum fyrirskipað að trúa þeim leyniplöggum, sem ráðherrarnir hafa, og síðan þar með meiri hlutanum á Alþ. skipað að samþykkja þetta og ekki að spyrja út í hlutina og sízt af öllu að fara að grufla út í þá, það gæti verið hættulegt.

Það er engum efa bundið, að útgerðin þarf peninga og hún þarf mikla peninga. En af hverju þarf hún þessa miklu peninga? Er það vegna þess, að það skapist enginn gróði á Íslandi og allt sé rekið með tapi, ríkissjóðurinn, bankarnir, heildverzlanirnar, innflutningsfyrirtækin, útflutningsfyrirtækin og allt saman þetta? Er það vegna þess? Nei, það er ekki vegna þess. Það er vegna þess, að sjávarútvegurinn er af pólitískum valdhöfum í landinu settur í þá aðstöðu, að hann er látinn tapa. Hann er rúinn inn að skinninu. En á sama tíma eru aðrir aðilar í landinu látnir græða. Hinir pólitísku valdhafar skammta þessum aðilum gróðann, en skammta sjávarútveginum tapið. En af því að sjávarútvegurinn er sá aðilinn, sem mjólkar þó öllum gróðanum, þegar öllu er á botninn hvolft, verður þó að halda honum lifandi. Menn sjá það nokkurn veginn, meira að segja þeir, sem völdin hafa, að menn græða ekki hér á því að reka banka eða verzla með gjaldeyri eða flytja inn olíu og selja hana eða flytja inn aðrar vörur, ef enginn gjaldeyrir er til þess að verzla með og ef enginn sjávarútvegur er í gangi. Þó að merkilegt megi virðast, sjá þeir þetta, þessir herrar, sem stjórna málum þjóðarinnar þannig, að sjávarútvegurinn er látinn tapa svona. Þess vegna henda þeir um hver áramót einhverju í sjávarútveginn til þess að reyna að halda honum gangandi. Og þegar að því kemur, að hent er í hann, eftir að jafnvel er búið að stöðva hann einn mánuð eða lengur, þá er sagt hér á Alþ.: Ja, ykkur varðar nú ekkert um það, hvernig stendur á því, að það þarf að henda þessum peningum í sjávarútveginn til þess að láta hann ganga. — Valdhafarnir nota sér þá aðstöðu, að þeir ráða ríkisvaldinu, og þeir beita ríkisvaldinu þannig, að tapi er skellt á sjávarútveginn, en gróða frá sjávarútveginum veitt í sérstakar stofnanir í þjóðfélaginu. Hér er gengið út frá því, — og ég skal út af fyrir sig ekki draga neitt í efa þær tölur, ég hef ekki aðstöðu til þess, ég efast ekki um, að ýmsir mundu gagnrýna þær, og það er endalaust um þær hægt að deila, yfirleitt misnotkun eða misrétti og annað slíkt í því sambandi, — en við skulum segja, að það sé enginn efi á því, að það þurfi þarna stórfé, það þurfi þarna á annað hundrað millj. til útgerðarinnar. En hvaða aðilar eru það þá í þjóðfélaginu, sem hafa gróða nú sem stendur og hefðu ekki þennan gróða nema vegna þess, að sjávarútvegurinn er til, og vegna þess, að hann er rekinn?

Við skulum taka innflutningsaðilana. Við skulum taka olíuhringana, heildsalana og aðra slíka. Hvernig stendur á því, að hvernig sem beðið er um upplýsingar um það hér á Alþingi, hverju gróði þessara stofnana raunverulega nemi, hvað verzlunarauðvaldið í heild, olíuhringarnir og aðrir slíkir græði, að það er aldrei hægt að fá neinar upplýsingar, ekki neitt svar, ekki neina tilraun til svars, ekki neina rannsókn? Það var nýlega sýnt fram á það hér, að mismunurinn á olíuverði í smábæ í Þýzkalandi og hér heima á Íslandi væri um 50 millj. kr. á ári af þeirri olíu, sem báta- og togaraflotinn kaupir. Við höfum áður fengið upplýsingar um, að slík olía væri miklu lægri í Noregi en hér. Af hverju fást aldrei neinar rannsóknir á þessu? Við höfum staðhæft hér, að gróði olíuhringanna sé að komast í 30—40 millj. kr. á ári. Af hverju er ómögulegt að fá í gegn rannsóknir á þessum hlutum? Við öllum blasir gífurleg fjárfesting þessara aðila, sem þeir afskrifa jafnóðum. Það fæst rannsakað tap á sjávarútveginum, en það er ómögulegt að fá rannsakaðan gróðann hjá þeim aðilum, sem græða á því að verzla við sjávarútveginn. Hvernig stendur á þessu? Stendur þannig á því t. d., að olíuhringarnir í landinu eru eign valdamikilla aðila í Sjálfstfl. og Framsfl., og það eru höfð helmingaskipti á milli þessara olíufélaga Sjálfstfl. og Framsfl. um innflutninginn og söluna á olíunni til landsins? Hvað eftir annað höfum við óskað eftir upplýsingum um þetta, en það er eins og þetta sé „tabú“, eins og um þetta sé algerlega bannað að tala, eins og þetta sé eitthvert heimilisleyndarmál stjórnarflokkanna. En finnst mönnum nú eðlilegt, að stjórnarandstaðan gleypi við álögum á almenning, á meðan hennar staðhæfingar í þessu efni, studdar ýmsum líkum, fást ekki ræddar, fást aldrei nokkurn tíma ræddar hér?

Það er vitanlegt, að verzlunarauðvaldið á Íslandi græðir, það tapar ekki. Ef það tapaði, mundi vafalaust vera komið fram með einhver frv. hér um að styðja það. En það koma ekki frv. um það. Menn vita, að það græðir. En það er ómögulegt að fá neina niðurstöðu um, hve mikið það græðir. Við getum öðru hverju séð í skýrslum, að á ári eins og 1953 sé veitt til verzlunarinnar alveg sérstaklega 73 millj. kr. í lánum frá bönkunum hérna, margfalt meira en til eins þarfra hluta og húsbygginga eða annars slíks. Við getum séð, að á sama tíma sem dregið er jafnvel að lána til sjávarútvegs, séu aukin þannig lánin til verzlunarinnar. En það er ómögulegt að fá í gegn rannsóknir á þessum hlutum.

Á einstaka sviðum getum við sjálfir séð eitthvað. Þeir bankar, sem mest græða, græða á því að verzla með gjaldeyri þjóðarinnar. Bankarnir græða eftir upplýsingum Framkvæmdabankans 57 millj. kr. á árinu 1954. Ég býst við, að sá gróði sé raunverulega meiri. Ég hef staðhæft það, að gróði bankanna væri varla minni en 60—70 milljónir, og er mér ofur lítið kunnugt um, hvernig þessir reikningar þeirra eru færðir. Þessir bankar græða á því, að sjávarútvegurinn gengur. Sjávarútvegurinn framleiðir gjaldeyrinn, sem þeir verzla með, borgar þeim sjálfur allmikið fé í vexti og stendur undir allri þeirri verzlun, sem gefur bönkunum þeirra gróða. Er nokkurt hóf í því og nokkurt vitrænt skipulag á þeim þjóðarbúskap, að undirstöðuatvinnuvegurinn skuli ganga með yfir hundrað milljón króna tapi, en bankar, sem lifa á þessum atvinnuvegi, skuli koma út með um 60 millj. kr. gróða? Er óeðlilegt, að mönnum detti í hug: Er ekki hægt að minnka þennan gróða og láta sjávarútveginn bera sig betur?

Hvað gerir svo ríkið sjálft? Hvað gerir ríkisbúskapurinn sjálfur? Okkar þjóðarbúskapur veltir á ári í kringum 3000 millj. kr., það er það, sem við höfum að skipta úr. Hvað tekur ríkið sjálft til sín? Ríkið tekur yfirleitt til sín í kringum 600 millj. kr. Hvernig hefur það verið undanfarin ár? Ríkið hefur tekið til sín fyrir

utan það, sem fjárlögin hafa ákveðið, hátt í 100 millj. kr. aukreitis, sem er bein auðsöfnun, sem síðan er hlutað út í ýmislegt, ýmislegt af því vafalaust þarflegt, en er engu að síður bein auðsöfnun. Hvers konar víðtækt skipulag er það og þjóðarbúskapur, að undirstaða alls þjóðarbúskaparins, sem ríkisbúskapurinn líka byggist á, sjávarútvegurinn, skuli vera látinn ganga með yfir 100 millj. kr. tapi, en ríkið rífa til sín fram yfir fjárlög hátt upp í 100 millj. kr. á ári, sem auðvitað er tekið úr þessari sömu köku? Dettur nokkrum manni í hug að halda því fram, að það væri nauðsyn á því, að sjávarútvegurinn væri látinn ganga með yfir 100 millj. kr. tapi, þegar ríkið tekur til sín upp undir 100 millj., þegar bankarnir taka til sín um 60 millj., þegar verzlunarauðvald, olíuhringar og aðrir slíkir taka til sín tugi milljóna? Haldið þið, að það væri ekki hægt að skipuleggja þetta þannig, ef valdhafarnir vildu það, að sjávarútvegurinn fengi ekki aðeins þær yfir 100 millj. kr., sem hann tapar núna, heldur dálítinn gróða þar að auki, til þess að menn sæktust eftir því að kaupa togara, en hins vegar væri minnkaður gróðinn hjá öllum hinum aðilunum?

Við getum tekið fleiri aðila. Hvernig er með vátryggingarfélögin, skyldu þau ekki græða? Hvernig er með flutningaskipin? Skyldu þau ekki raka saman fé á því m. a. að flytja hraðfrysta fiskinn? Og hvernig skyldi það vera með alla verðbólgubraskarana, sem fjmrh. ber nú sérstaklega fyrir brjósti? Hvað skyldu þeir vera búnir að hrúga til sín mörgum tugum og hundruðum milljóna króna á því, hvernig ríkisstj. á undanförnum árum hefur spennt upp allar fasteignir í verði með sinni fjármálapólitík? Ég vil segja: Meðan hæstv. ríkisstj. fæst ekki til þess að leggja plöggin á borðið um þessi mál, meðan hún fæst ekki til að leggja fyrir okkur rannsóknina á öllum þessum gífurlega gróða einokunarauðvaldsins í landinu, þessum gróða, sem er rifinn þannig burt frá sjávarútveginum, að honum er ekkert eftir skilið nema tapið, þá er ekki hægt að ætlast til þess, að það sé samþykktur einn einasti eyrir til að leggja á alþýðu manna. Þetta er hins vegar hinn mikli leyndardómur ríkisstjórnarinnar. Öll hennar plögg, allar hennar hagfræðinga- og sérfræðingarannsóknir eru látnar vera leyniplögg. Þau gætu e. t. v. komið upp um eitthvað af þessu. Hef ég þó satt að segja frekar trú á, að meira að segja sérfræðingar ríkisstj. rannsaki þessa hluti frekar lítið, m. a. vegna þess, að þeim sé sagt að vera ekkert að hnýsast í það, sem þeim komi ekki við. Þetta einokunarauðvald, sem rífur þannig til sín hundraða milljóna króna gróða af þjóðinni, af sjávarútveginum, er í þeirri sérstöku aðstöðu, að það ræður ríkisvaldinu, það hefur þá aðstöðu, að ef einhver þegn í þjóðfélaginu, t. d. mennirnir, sem skapa allan þennan gróða, verkalýðurinn, vilja fá eitthvað pínulítið af þessu eða jafnvel vilja bara halda í, þannig að þeir hafi það, sem þeir hafa haft, þá stendur þetta einokunarauðvald þannig að vígi með ríkisvaldið í sínum höndum, að það getur gert ráðstafanir til þess að ræna þessu jafnóðum af verkalýðnum aftur með frv. eins og þessu.

Þessi einokunarklíka, sem rænir þannig á annað hundrað milljónum króna af sjávarútveginum, ætlar auðsjáanlega — það sjáum við á þessu frv. — engu að sleppa af sínum ránsfeng, en nota ríkisvaldið til þess að velta alltaf yfir á alþýðuna jafnóðum öllu því, sem hún neyðist til að gefa sjávarútveginum eftir, svo að hann geti gengið, svo að gullhænan haldi áfram að verpa, svo að mjólkurkýrin drepist ekki. Og hvernig stendur á því, að þessir valdhafar hafa hagsmuni af því að reka efnahagspólitík þjóðarbúskaparins á þennan hátt? Þessir valdhafar, þetta einokunarauðvald, sem ræður ríkinu, ræður bönkunum og ræður innflutningsverzlun og útflutningsverzluninni, situr fyrst og fremst fyrir um lánin úr bönkunum. Þetta einokunarauðvald setur peningana, sem það fær að láni í bönkunum, í fasteignirnar í landinu, í verzlunina, í atvinnutækin og annað slíkt. Þessu einokunarauðvaldi er lánað fé þjóðarinnar, sparifé barnanna, sem sérstaklega var verið að skora á börnin að leggja nú í bankasjóðina, áður en þetta frv. kom fram. Þetta einokunarauðvald kaupir fasteignirnar í landinu, og þetta sama einokunarauðvald lækkar síðan verðmæti krónunnar ár frá ári. Ef það einhvern tíma borgar sínar skuldir til baka, þá verður það með krónum, sem eru aðeins partur af því, sem krónan var, þegar lánin voru veitt. Þannig eru eignir stóreignamanna hækkaðar í verði, skuldir stóreignamanna lækkaðar. Þannig er svikamyllan látin ganga áfram, á meðan þessir valdhafar geta notað ríkisvaldið til þess.

Það er skiljanlegt, að það sé erfitt að fá þessa valdaflokka til þess að gefa upplýsingar um gróða einokunarauðvaldsins, að það sé erfitt að fá þá til þess að ræða þetta, og er það ekki vegna þess, að ég hafi aldrei minnzt á þetta mál áður, að ég kem fram með þetta nú. Hæstv. ríkisstj. er búin að hafa mörg tækifæri til þess að leggja þetta fyrir. Ég held ég hafi ekkert tækifæri látið ónotað til þess að krefja hana sagna um þennan gróða. Þrátt fyrir það gefur hæstv. forsrh. hér í sinni framsöguræðu ekki eina einustu upplýsingu um eitt einasta atriði í þessum málum, og mátti hann þó vita, að ég mundi spyrja að þessu. Hins vegar kemur hann með það, að kaupgjaldið hafi hækkað. Og hvað veit hæstv. forsrh. sjálfur viðvíkjandi kaupgjaldinu? Það, sem hann veit, er það, því að um það hefur hann skýrslur, að kaupgjaldið er lægra, raunverulegt kaupgjald hér í Reykjavík, kaupmáttur tímakaupsins er lægri en hann var 1947. Kaupmáttur tímakaupsins er lægri meira að segja eftir verkfallið í sumar en var 1947. M. ö. o.: Verkamenn hafa á þessum 8 árum ekki hækkað sitt kaup um einn einasta eyri hvað kaupmáttinn snertir. Í þessi 8 ár hefur það staðið í stað, sem þeir geta keypt fyrir það, sem þeir fá fyrir einn vinnutíma. Það eru aðrir aðilar, sem hafa skrúfað krónuna niður og verðbólguna upp á þessum 8 árum. Það eru þeir aðilar, sem hafa fellt gengi krónunnar, þeir aðilar, sem hafa hrúgað hverjum skattinum og tollinum á á fætur öðrum, þeir aðilar, sem hafa sleppt öllu braski í þjóðfélaginu lausu, þeir aðilar, sem hafa afnumið allt verðlagseftirlit og leyft öllum, sem gátu grætt, að græða, þeir aðilar, sem hafa afnumið

húsaleigulögin, þeir aðilar, sem hafa raunverulega sagt við fólkið í þjóðfélaginu: Græðið þið, hver sem betur getur. Okrið þið, hver sem betur getur. Peningarnir, það er það, sem þið eigið að reyna að ná í. — Þetta hefur verið siðalögmálið, sem hefur legið til grundvallar fyrir öllum aðgerðum ríkisstj., og samkvæmt því hefur öll hennar löggjöf verið. Afleiðingin af því er m. a., að húsnæði, sem flestar atvinnurekendastéttir í þeim löndum, þar sem þær ráða, hvort sem við lítum til Englands eða Skandinavíu, húsnæði, sem er eitt af því, sem þær reyna að halda niðri, til þess að kaupgjald þurfi ekki að hækka vegna hækkaðs húsnæðis, hefur farið upp úr öllu valdi fyrir beinar aðgerðir núverandi valdaflokka, sem afnámu húsaleigulögin. Húsaleiga í Reykjavík fyrir 3 herbergja íbúð er í dag í fjöldamörgum tilfellum 1500—2000 kr., en var fyrir samsvarandi húsnæði fyrir 10 árum 150 kr. Húsnæði hefur tífaldazt, á sama tíma sem kaup hefur tvöfaldazt. Þetta hef ég sagt hér áður við ríkisstj. Hún hefur ekki reynt að mótmæla því. Henni hefur ekki heldur dottið í hug að reyna að gera neinar ráðstafanir gegn þessu. Hún kvartar um fjárfestingu og fjárfestingin fari í ýmsa „ópraktíska“ hluti, hún fari ekki í togara og ekki í báta, heldur í alls konar brask. Mér þætti gaman að vita, hvort það væru í leyniplöggum hagfræðinganna upplýsingar um það, hvað er búið að festa mikið fé, þó að ekki væri nema hérna í Reykjavík, í að kaupa gamlar íbúðir, sem byggðar voru fyrir stríð. Heil hús kannske kostuðu 30—40 þúsund, en hver íbúð í þeim hefur verið seld núna á upp undir fjórðung milljónar. Það er búið að sprengja upp með þessu móti verðlagið hvað þessa hluti snertir í skjóli afnáms húsaleigulaganna hjá núverandi stjórnarflokkum, búið að skapa meiri dýrtíð, sem var alveg óþarfi að skapa, búið að festa með því fé, sem var vitlaust að láta nokkurn tíma festast í þessum hlutum. Hver afglöpin hafa rekið þarna önnur, en ríkisstj. hefur ekki nokkurn tíma einu sinni fengizt til þess að ræða afleiðingarnar af þessum ráðstöfunum. Hins vegar er aðalmálgagn ríkisstj., Morgunblaðið, látið birta sama leiðarann í 6 mánuði, aðeins um einn einasta hlut, að allt illt, sem ríkisstj. ætli að gera, sé kaupgjaldshækkun að kenna. Þannig á að reyna að berja inn í menn, hvað sem það kostar, þessari lygi, þessari, eins og eini hagfræðiprófessorinn, sem við höfum hér, orðaði það áðan, „mestu falskenningu, sem uppi er í íslenzkum stjórnmálum“.

En fæst hæstv. ríkisstj. nokkurn tíma til þess að reyna að rökstyðja þessa hluti og reyna að ræða þessa hluti hérna við okkur? Þorir hún að reyna að koma fram með eina einustu mótbáru á móti því, að það sé hennar pólitík, sem hafi valdið dýrtíðinni? Þorir hún að reyna að hrekja það, að kaupmáttur tímakaupsins sé lægri en hann var 1947? Nei, hún reynir það ekki. Hún reynir engin rök í þessu máli, ekki nokkur. Hennar eina ráð er í krafti þægðar sinna flokka þingmanna að keyra hlutina í gegn, án raka, án umræðna, án hugsunar, bara í tómri blindni. Þetta hefur verið hennar pólitík, þegar hún ákvað þessa hluti. Þetta var hennar pólitík, þegar hún afnam húsaleigulögin. Þetta var hennar pólitík, þegar hún lækkaði gengið. Þetta hefur alltaf verið hennar pólitík. Það eina, sem hún hefur sagt við okkur í stjórnarandstöðunni, er þetta: Í guðanna bænum verið þið nú ekki að tefja fyrir málinu, það fer fram hvort sem er.

Hæstv. forsrh. sagði, að verkamenn hefðu síðasta vor hækkað sitt kaup og atvinnureksturinn — og þá hugsaði hann fyrst og fremst um sjávarútveginn — hefði ekki borið það. Yfirstéttarklíkan í landinu bar vel kauphækkunina. Hún hefði vel getað látið þá hækkun í té. Aðstaðan er hins vegar þannig, að verkalýður landsins nær ekki til þessarar yfirstéttarklíku öðruvísi en gegnum atvinnurekendurna. Atvinnurekendastéttin er sá aðili, sem verkalýðurinn verður að semja við. Og atvinnurekendastéttin á síðan sinn aðgang að þessum háu herrum, að valdaklíkunni í þjóðfélaginu, að einokunarauðvaldinu, sem ræður verzluninni, sem ræður bönkunum, ræður útflutningnum og innflutningnum og ræður skipaflutningunum og ýmsu öðru slíku, og skammtar verkalýðnum og skammtar sjávarútveginum skít úr hnefa, ef hún getur. Erfiðleikarnir eru, að verkalýðurinn nær ekki til þessarar einokunarklíku nema með pólitískum aðgerðum. Hann nær ekki til hennar með þeim daglegu aðgerðum. Og þessi einokunarklíka, á meðan hún enn þá hefur ríkisvaldið í sínum höndum, situr í þeirri aðstöðu að geta með lögum, eins og hérna er lagt til, velt yfir á þjóðina því, sem hún neyðist til þess að láta til atvinnurekendastéttarinnar, í þessu tilfelli sjávarútvegsins.

Það var líka alveg greinilegt, um það leyti sem verkamenn voru komnir í þá aðstöðu að hafa 20% lægra kaup hvað kaupmátt tímakaupsins snerti fyrir verkfallið í vor en þeir höfðu 1947, og þá er þó ekki reiknað með húsaleiguhækkuninni, það var þegar þeir voru komnir í þá aðstöðu að krefjast þess að reyna að ná einhverju af þessu til sín, að hæstv. forsrh. sagði, að þeir skyldu vita það, að svo framarlega sem þeir reyndu að knýja fram kauphækkun, þá skyldi ekki standa á ráðstöfununum til þess að ná þessu aftur af verkalýðnum. M. ö. o.: Hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að hvað sem gert yrði í þjóðfélaginu af hálfu verkalýðsins, af hálfu atvinnurekenda, þá skyldi einokunarauðvaldið halda sínum gróða óskertum, og það er það, sem einokunarauðvaldið er að tryggja sér í dag. Þegar verkamenn höfðu rétt ofur lítið sinn hlut og samt ekki náð því, sem þeir höfðu 1947, þegar sjávarútvegurinn, sem er í verstri aðstöðu meðal atvinnurekenda, verður að fara fram á við ríkið að hjálpa sér og þegar á að fá eitthvað til þess að gera honum kleift að ganga, þá kemur einokunarauðvaldið í formi þessara tveggja flokka og segir við þjóðina: Nú skalt þú borga mér 200 milljónirnar, svo að ég haldi mínum gróða áfram. Ég ætla engu að sleppa. — Bankarnir, ríkissjóðurinn, olíuhringarnir, allir þessir aðilar skulu sannarlega engu sleppa. Það er það, sem er inntakið í III. kaflanum í þessu frv., og það er það, sem er framkvæmdin á hótun hæstv. forsrh. Þetta frv. er hvað tekjuöflunina snertir hefndarráðstafanir einokunarklíkunnar á Íslandi gegn verkalýðnum og um leið áframhaldandi ráðstaf-

anir til að auka braskið í þjóðfélaginu og til að auka verðbólguna í þjóðfélaginu.

Ef þessar till. í III. kafla þessara laga, sem ég hér fyrst og fremst tala um, því að það er það, sem ég hef nægan kunnugleika til þess að geta þó rætt um, verða samþykktar, þá vona ég, að hæstv. ríkisstj. sé alveg ljóst, að sú dýrtíð, sem er aukin með þessum á annað hundrað millj. króna, sem þarna eru lagðar á, verður aldrei aftur tekin. Ég skil ekki í, að það geti verið nokkur maður hér inni, sem dettur í hug, að eftir að búið er að leggja á þessar hátt í 200 milljónir, sé hægt aftur að fara að tala um eitthvað, sem heiti verðlækkun eða verðhjöðnun eða eitthvað þess háttar. Það væri hrein og skær fávizka. Það, sem gert er með því að samþykkja þennan III. kafla, er því að festa þá dýrtíð í sessi, sem þarna er sköpuð. Það þýðir að lækka raunverulega allt sparifé í verði, ég skal ekki staðhæfa hvað mikið. Hér sagði hv. 1. landsk. áðan, að þetta mundi þýða vísitöluhækkun allt upp í 10%, og þegar hún hleður á sig, þá má mikið vera, ef það færi ekki að nálgast það, að það væri farið að lækka allt sparifé og krónuna raunverulega í gildi um a. m. k. 10%. Enn fremur vonast ég til, að hæstv. ríkisstj. sé það ljóst, að með þessum hennar ráðstöfunum í III. kaflanum kallar þetta aftur á skatta eitthvað í þessa áttina að ári, því að þá verða þessar hennar ráðstafanir búnar að hlaða á sig, þannig að til þess að bæta upp afleiðingarnar af þessum ráðstöfunum fyrir útveginn þarf — ég veit ekki, hvort þeir kalla það framleiðslusjóð eða hvað þeir kalla það — þá þarf einhvern nýjan sjóð og nýjar álögur.

Auðvitað þýðir þetta launahækkun á eftir hjá verkalýðnum. Auðvitað þýðir þetta, 10% álagið á t. d. byggingarefni og annað slíkt, hækkun á húsakosti og húsaleigu og öðru slíku. Þetta hleður allt saman á sig. Þetta heldur áfram sömu hringavitleysunni sem hefur verið pólitík ríkisstj. undanfarin ár. Það virðist líka mjög greinilegt, að það sé tilætlunin. Það er ekkert einasta ákvæði í þessum lögum, sem talar um eitthvert verðlagseftirlit, einhverjar takmarkanir á því, hvað megi hækka vörurnar eftir þetta, ekki snefill af neinu slíku, allt saman þurrkað út. Það er eins og hæstv. fjmrh., sem einu sinni gat aldrei opnað sinn munn án þess að tala um verðbólgu, sé nú orðinn einn allsherjarumboðsmaður verðbólgunnar á Alþingi og nú megi hann ekki einu sinni lengur heyra minnzt á eða sjá í sínum frv. neitt um verðlagstakmarkanir eða neitt í þá áttina, og hefði mönnum þó kannske fundizt ástæða til þess, þegar farið er að hlaða á almenning nefsköttum, sem eru hátt á annað hundrað millj. króna.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., og raunar hafa fleiri spurt að því hérna áður: Hvað heldur hún, að þessar hennar till. muni hækka verðlagið í þessu landi á þessu ári, og hvað heldur hún, að bara vegna þessara ráðstafana þyrfti að öllum öðrum kringumstæðum óbreyttum að bæta miklu við handa útveginum um næstu áramót? Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hugsar bara með sér: Ja, ég verð hvort sem er ekki þá. Ég þarf ekkert að vera að hugsa um það. Við látum hverju ári nægja sínar þjáningar. Þetta er sams konar vitleysa og ég gerði í fyrra og hittiðfyrra, og hún hefur dugað mér fram að þessu, og hví skyldi hún ekki duga mér áfram, hví skyldi ég ekki komast í gegn við kosningar, þó að ég hagi mér svona? Og svo er henni alveg sama um, hvernig hitt gengur. Ákveðnir aðilar hafa þarna sína stóru hagsmuni. Þeir aðilar eru voldugir, þeir eiga góðar fasteignir, þeir byggja fín hús, þeir reisa hallir, og þeir prenta blöð í sínum höllum til þess að koma því inn í almenning, að það eina, sem meiri hluti Íslendinga, launþegarnir, ekki megi fá, sé kauphækkun, á meðan einokunarauðvaldið í landinu gramsi til sín upp undir 200 millj. kr. af árlegum tekjum þjóðarinnar. Svona á hringrásin að ganga.

Það er auðvitað margt í þessu frv., sem mann mundi langa til þess að spyrja um, ef einhver von væri um, að það væri hægt að knýja einhver svör yfirleitt út úr ríkisstj., t. d. í sambandi við 6. gr., verðuppbæturnar til landbúnaðarins, sem áætlaðar eru 15 millj. kr. Gætum við fengið að sjá þennan verðútreikning, hvað reiknað er með miklu magni, hvað reiknað er með mikilli upphæð og öryggið fyrir því, að það fari ekki fram úr þessum 15 millj.? Ég vil minna á, að ég man eftir því 1954, þegar samþ. voru á 6 mín. hérna í þinginu ákveðnar uppbætur viðvíkjandi útflutningi á vissum landbúnaðarafurðum, sem menn gengu út frá að væri mjög lítil upphæð, en reyndist síðan skipta tugum millj. kr. Um leið og menn eru sammála um, að bændur þurfi að fá sitt, þá er alveg sjálfsagt að leggja reikningana fyrir um það, og það er rétt, að ríkisstj. gefi okkur um leið upplýsingar um, hvort við gætum ekki fengið þetta sama jafnvel út og bændurnir gætu fengið alveg jafnmikið, þó að við verðum þessu fé til þess að borga niður kjöt hér heima og aðrar slíkar afurðir og gera landsmönnum sjálfum mögulegt að borða meira af þeim en þeir gera núna, því að það mega þessir hv. stjórnarflokkar muna eftir, að á þeirra tíma var það, sem jafnvel mjólkurneyzlan í Reykjavík í þrjú ár fór minnkandi, þó að sífellt bættist við fólkið, vegna þess að menn höfðu ekki efni á því að drekka eins mikla mjólk og þeir vildu.

Ég vona, að báðir stjórnarflokkarnir muni það, að frá því í marz 1950 og þangað til eftir verkfallið í desember 1952 náði mjólkurmagnið, sem selt var í Reykjavík, alla þessa 30 mánuði aldrei því, sem það var í marz 1950, og menn geta séð það, að þegar menn jafnvel spara við sig mjólkina og það verkamennirnir hér í Reykjavík, þá mundu margir geta borðað meira af kjöti og landbúnaðarafurðunum, ef þeir hefðu efni á því. Það má fyllilega athuga það, áður en öllum peningunum er fleygt í útlendinga hvað þetta snertir, hvort landsins eigin börn mættu ekki fá meira af okkar góðu landbúnaðarframleiðsluvörum. Þetta vil ég aðeins segja vegna þess, að það væri gott að fá þessar upplýsingar um leið.

Ég tek eftir í 10. gr., að stjórn sjóðsins og greiðslur úr honum á að vera í höndum tveggja manna. Já, náttúrlega. Hví skyldi brugðið út af reglunni? Hvað sem öllu öðru líður, þó að þjóðarbúskapurinn sé að farast og allt annað slíkt, helmingaskiptin skulu standa. Hefði nú ekki verið hugsanlegt fyrir ríkisstj., sem vildi bægja

frá sér óþarfa tortryggni um hennar réttlæti og hennar heiðarleik, að leggja t. d. þarna til, að það væri t. d. 5 manna stjórn, kosin af Alþ., sem sæi um þetta, og jafnvel að henni væri falið að rannsaka um leið, hvort bankarnir og ríkissjóður og innflutningsfyrirtækin og skipafélögin og aðrir slíkir græddu ekki eitthvað ofur lítið; þeir gætu dundað við það, á milli þess sem þeir skiptu þessu upp? En ég sé, að helmingaskiptareglan þykir öruggari.

Svo er hér í 19. gr. ákaflega skemmtileg ákvörðun. Hún hljóðar svo: „Þar sem talað er um ríkisstj. í lögum þessum, er átt við ríkisstj. í heild.“ Það er sem sé ekki ríkisstj. í pörtum. Á ég að skilja þetta svo sem ríkisstj. hafi verið í dálitlum pörtum, þegar hún var að koma þessu saman, og partarnir séu ekki alveg samstæðir, svo að það þyki vissara að taka fram í lögum, að hún sé öll saman ábyrg fyrir því? Fyrir okkur í stjórnarandstöðunni er það náttúrlega ekkert lakara. Það gerir það eðlilegt, að við komum til með að spyrja jafnt Framsfl. sem Sjálfstfl. um þessa pólitík og ábyrgðina á henni.

Hvað snertir grg. fyrir frv. er ákaflega hart að byrja hana með þeim ósannindum, sem ég gat um í upphafi míns máls, og reyna ekki með einu einasta orði að koma inn á það, að erfiðleikar sjávarútvegsins stafi af því, hvernig reytt er af honum af hálfu valdaaðilanna í þjóðfélaginu.

Það er eftirtektarvert, að með þessu frv., sem er á vissan hátt endurtekning á frv., sem áður hafa komið fram, er hins vegar endanlega fellt allt burt, sem að einhverju leyti átti að reyna að hemja það, að sérstakur gróði yrði af ráðstöfununum. Það eina, sem ekki virðist mega raska, eru gróðamöguleikar allra þeirra, sem njóta gjaldeyris sjávarútvegsins. Verðlagstakmörkun, verðlagseftirlit eða annað slíkt, það fer ekki mikið fyrir því, og mér þætti satt að segja gaman að vita það, þegar ríkisstj. var að ræða þetta í pörtum, hvort annar parturinn af henni hafi aldrei komið fram með það, t. d. Framsóknarparturinn, að það væri heppilegt að hafa þarna verðlagseftirlit, og mér þætti vænt um, ef Framsfl. á á annað borð einhvern málsvara hérna í d., að hann gæfi upplýsingar um það, eða hvort hann hefur gleypt þetta allt saman hrátt. Það er annað frv., sem liggur fyrir okkur núna um leið og í eru till. frá hæstv. fjmrh. í sambandi við fjárl., sem hæstv. fjmrh. var að minnast á í gær, þar sem hann var að tala um, hvað það hefði verið óhugsandi tilhugsun fyrir sig, ef hann hefði ekki haft t. d. m. a. 10 millj. kr. til þess að stinga í einn sjóð. Og ég vil nú spyrja: Ef hæstv. fjmrh. er svona óskaplega glaður yfir því að hafa pínt með tollum af neyzluvörum almennings út úr almenningi 10 millj. kr. til þess að stinga í einn ákveðinn bankasjóð, sem kannske er 100 millj. og kannske eitthvað annað, og ef hæstv. fjmrh. svo um leið gerir ráðstafanir eins og þessar, sem minnka raunverulegt verðgildi þeirra, ja, t. d. 100 millj. kr., sem fyrir voru í þessum bankasjóði, um 10% smátt og smátt, finnst þá hæstv. fjmrh. þetta vera fjármálaspeki? Hverju er hann bættari að hafa tekið þessar 10 millj. undan blóðugum nöglum almennings og lækka 100 millj. kr. sjóðinn, sem hann setti þetta í, um 10% um leið? Sjá þeir menn, sem gera þessar ráðstafanir, ekki, að það er Kleppsvinna, sem þeir eru að vinna? Einokunarauðvaldið, sem ræður landinu, hefur að vísu möguleika til þess að ræna alltaf í gegnum ríkisvaldið af alþýðu, en þeir gera ekki annað með þessu móti en að mala niður krónuna og mala niður sjóðina og mala niður tiltrúna til sparifjárins og peninganna í landinu, því að þeir hafa til allrar hamingju ekki það vald að geta haldið áfram að ræna almenning og komið honum niður á það stig, að hann lifi verr en hann hafði lifað áður hér á Íslandi, fyrir 1947.

Þessi Kleppsvinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, stafa af græðgi þess einokunarauðvalds, sem ræður þessu landi og enn þá fer með ríkisvaldið, og þetta einokunarauðvald er að eyðileggja okkar þjóðarbúskap. Það er núna í 7 ár búið að hindra, að nokkur nýr togari væri keyptur til landsins, að þeim auðsköpunartækjum, sem drýgst eru í að skapa auðinn í þjóðfélaginu, væri fjölgað. Og þetta sama einokunarauðvald fær að eyðileggja núna tiltrúna til gjaldeyrisins, tiltrúna til gengisins, tiltrúna til sparifjárins með þeim ráðstöfunum, sem það þarna er að gera, allt vegna þess, að það tímir ekki að sjá af þeim peningum, sem það hrifur til sín, tímir ekki að sjá af einhverju af þeim 100 millj., sem ríkissjóður tekur aukreitis inn á ári, tímir ekki að sjá af einhverjum af þeim 60 millj., sem bankarnir taka inn, tímir ekki að sjá af einhverju af þeim gróða, sem olíuhringarnir og aðrir heildsalar hafa, og hefur valdaaðstöðu til þess að ná sér jafnóðum niðri á þjóðinni og verkalýðurinn gerir einhverjar ráðstafanir til þess að bæta sinn hag.

Ég get skilið þessa pólitík frá sjónarmiði harðsvíraðasta auðvaldsins hér í Reykjavík, og kann þó svo að fara, að meira að segja þess fylgjendum í alþýðuhópi, fylgjendum Sjálfstfl., fari að finnast nóg um. Ég á bágar með að skilja þessa pólitík frá sjónarmiði Framsfl., nema hann sé orðinn öllu samgrónari verzlunarauðvaldinu og einokunarvaldinu en ég jafnvel hafði gert mér hugmynd um, og hef ég þó oft gagnrýnt hann fyrir of náin samskipti í þeim efnum. En mér þætti vænt um það, ef Framsfl. á einhvern málsvara hér í þessari hv. d., — ég er nú hræddur um, fyrst hæstv. fjmrh. er hér inni, að hann eigi engan, hann á hendur máske til þess að réttast upp, þegar kemur að því að greiða atkv., en ef hæstv. fjmrh. er hér nærri, þá er ég vonlítill um, að hann eigi málsvara, — en mér er spurn: Framsfl. er, eftir því sem ég bezt veit, búinn að standa í samningum við Alþfl. frá því í haust um stjórnarráðstafanir og stjórnarstefnu almenningi í hag. Er þetta afleiðingin af samningunum? Eru þetta bjargráðin, sem þeir hafa fundið út? Það væri æskilegt, að Framsfl. gæfi upplýsingar um það. Það er ekki til neins að ætla að píska í gegn hér á Alþ. frv. eins og þetta, sem hér liggur fyrir, taka hátt á annað hundrað millj. kr. af almenningi og segja svo á eftir: Ég er alveg saklaus af þessu. — Annaðhvort er þetta stefna eða þetta er ekki stefna, og ef þetta eru afleiðingarnar af því að vera búnir að rökræða við Alþfl. í marga mánuði um stjórnarstefnu á

lýðræðissinnuðum endurbótagrundvelli, ef þetta eru endurbæturnar og ef þetta er lýðræðið, þá held ég, að Framsfl. eigi að fara að biðja fyrir sér. Við, sem höfum einhverja reynslu hér í þinginu, vitum alveg og skiljum alveg, fyrr en skellur í tönnunum, hvað hér er að gerast. Ég vil minna hv. stjórnarflokka á, að nákvæmlega sams konar frv. og þetta fluttu þeir og settu í gegn 1948, lögin nr. 100 þá 29. desember, lögin um söluskatt. Það hét þá lög um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, og fyrsti kaflinn var um, hvað gera skyldi fyrir útveginn, annar kaflinn var þá um síldveiðarnar, og þriðji kaflinn var um dýrtíðarsjóð. Og þriðji kaflinn er líka núna um, hvernig skuli afla framleiðslusjóði tekna, það, sem hét dýrtíðarsjóður þá og átti að vera til að standa undir framleiðslunni í landinu, heitir framleiðslusjóður núna. Alltaf eru það ný og ný nöfn. Nú er búið að fella fyrsta og annan kafla þessara laga úr gildi, þriðja kaflanum var haldið, það var tekjuöflunin, hitt var fellt úr gildi, það var fiskábyrgðin. Og ég veit svo sem, að ef hæstv. fjmrh. fær að koma nærri fjármálum áfram, þá líða ekki mjög mörg ár þangað til fyrsti og annar kafli í þessum lögum, það sem er gert fyrir útgerðina, verða felldir úr gildi, en álögurnar í þriðja kafla koma til með að haldast og það verður gefin út ný bráðabirgðabreyting nokkurra laga, þar sem ákveðið verður, að tekjuöflunaratriðin í III. kafla þessara laga skuli standa.

En hvað var svo það, sem gerðist eftir að söluskattslögin voru samþ. Söluskattslögin komu í gildi 1949. Fyrsta árið, sem þau voru í gildi, var 1949, og hvað gerðist 1950? Árið 1950 var gengið fellt. Fyrir okkur, sem þekkjum ráðstafanir þessara flokka, þessara stjórnarflokka, er alveg gefið mál, að næsta atriðið, sem þessir tveir stjórnarflokkar koma sér saman um, er gengislækkun, bein afleiðing af þeim ráðstöfunum, sem þeir gera núna, og þá koma þeir til með að segja: Ja, það er raunverulega búið að fella gengi krónunnar með þessum ráðstöfunum, sem þarna voru gerðar, með bátagjaldeyrinum og ýmsu öðru slíku, og það, sem við þess vegna erum að gera með því að lækka gengið, er bara að skrá hana rétt. — Lögin um söluskatt voru samþ. 29. des. 1948. Þau tóku þannig gildi fyrir árið 1949. Á miðju árinu 1949 fóru fram kosningar. Eftir að búið var að kjósa þessa tvo hv. stjórnarflokka aftur í meiri hluta hér á Alþ., felldu þeir gengið. Þeir rifust ósköp pínulítið um það á þessum tíma, hvort Sjálfstfl. ætti að sitja einn í stjórn undir forsæti hæstv. núverandi forsrh. eða hvort þeir mættu báðir verða samferða um það að lækka gengið. Það var það eina, sem þá greindi á um. Og þegar Framsfl. var þá kominn í stjórnina með Sjálfstfl., var allt í lagi með að fella gengið, sem hafði ekki verið í lagi, á meðan Sjálfstfl. lagði það til einn. Ég get vel hugsað mér, að það yrði einhvers konar deila núna. Ég get jafnvel líka hugsað mér, að þessir tveir flokkar kæmu sér saman um að hafa t. d. kosningar í sumar, það passar alveg inn í tímaröðina, og eftir kosningarnar í sumar rifust þeir máske fyrst eitthvað um það, hvort Sjálfstfl. ætti einn að mynda stjórn eða jafnvel hvort Framsfl. ætti að komast í stjórnina með, og þegar hann væri kominn í stjórnina með, þá væri gengislækkunin næst. Og það liggur við, að mig hálflangi til að spyrja hæstv. forsrh. samvizkuspurningar: Er máske ein af ástæðunum til þess, að ríkisstj. er svona óvenju treg á að láta okkur hafa nokkuð af plöggunum, sem hagfræðingar hennar hafa útbúið, — hún var nefnilega ekki svona treg á það við gengislækkunina, þá fengum við stóra bók, sem Benjamín útbjó, — er máske ein af ástæðunum til þess sú, að hagfræðingarnir hafi lagt til gengislækkun og kaupbindingu? M. ö. o.: Er það næsta, sem á að koma á eftir þessu frv. hérna, gengislækkun og kaupbinding, en auðvitað bara ekki fyrir kosningar, heldur eftir kosningar, eins og maður skilur ósköp vel?

Ég býst ekki við að fá mikil svör við því. Ég býst við, að hæstv. ríkisstj. vilji láta allt vera á huldu um, hvað þarna á að verða. En hv. 1. landsk. sagði hér áðan í sinni ræðu um þessi mál, að þetta frv. táknaði gjaldþrot núverandi stjórnarstefnu. Mig mundi langa til að beina fyrirspurn til hans: Hvaða stjórnarstefnu er Alþfl. reiðubúinn til að setja í staðinn? Ég held, að það sé erfitt að ræða mál eins og þessi öðruvísi en að marka það, og það verður gerð tilraun til þess í áframhaldandi umr. um þetta mál, hvers konar stjórnarstefnu menn vilja taka upp hér á Íslandi.

Ég hef nú gert tilraun til þess að reyna að fá ríkisstj. til þess að gefa nokkrar upplýsingar í þessum málum, reynt að fá hana til þess að ræða það, sem er aðalatriði í þessum málum, reynt að fá hana til þess að gera einhverja grein fyrir þeim ægiþunga, sem einokunarauðvaldið hér á Íslandi liggur á sjávarútveginum með. Ég veit, að hún muni ekki kæra sig um að ræða það. Ég veit, að hún vill láta það vera svo að segja sitt fjölskylduleyndarmál. Það þýðir, að við munum náttúrlega gera það, sem við getum, til þess að knýja það fram, að þær gífurlegu álögur, sem hér eiga að leggjast á almenning, verði lagðar á einokunarauðvaldið sjálft. Ef þeir flokkar, sem við kosningar telja sig vinstri flokka og telja sig vilja berjast fyrir alþýðuna, meina eitthvað með því, þá er nú tækifæri fyrir þá til þess að standa á móti því, að einokunarauðvaldið geti haldið áfram öllum sínum álögum, bæði á sjávarútveginn og almenning, þá er nú tækifæri fyrir þá til þess að leggja þessar álögur á einokunarauðvaldið sjálft, og þá er nú tækifæri til þess að hindra, að verðbólguskrúfan haldi áfram, þannig að gera verði ráðstafanir að ári til þess að létta af sjávarútveginum afleiðingunum af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. leggur til að gerðar séu nú.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég get vel unað við þær umr., sem hér hafa farið fram. Sumir menn þurfa hér að sýna málsnilld sína og aðrir þurfa að sýna innræti sitt. Það þykir mér eðlilegt og hef ekkert við það að athuga. Kjarni málsins er sá, að þeir, sem hér hafa talað af skynsemi, hafa viðurkennt, að útgerðin þurfi á þeirri aðstoð að halda, sem hér er farið fram á. Almennar hugleiðingar um ástandið í þjóðfélaginu eru ævinlega skemmtilegar, sérstaklega þegar

jafnágætlega málfær maður og hv. 2. þm. Reykv. (EOl) flytur þær, þó að þær séu nú ekki eins skemmtilegar fyrir okkur, sem höfum heyrt þær stundum áður, það játa ég, enda fór hann ekkert dult með, að þetta væri engin jómfrúrræða um efnið, heldur svo sem hundraðasta útgáfa af þessu merka handriti, sem hann hefur samið á æskuárunum og endurbætt í ellinni.

Hann spurði mig um það, hvernig stæði á því, að við legðum aldrei fram hér greinargóðar skýrslur um skiptingu þjóðarteknanna og arð einstakra stétta í þjóðfélaginu. **Ég geri ráð fyrir, að** hann hafi lesið miklu meira en ég af slíkum skýrslugerðum, sem fram hafa komið, bæði af hendi opinberra stofnana og opinberra nefnda, og skal ég þá ekki brigzla honum með því, sem hann er stundum að brigzla mér með, að ég nenni ekki að lesa nógu mikið, svo að hann ætti að geta svarað sjálfum sér, þegar hann kemur heim, því, *sem hann var að spyrja um hérna niður frá.* Ég bendi honum hins vegar á, að ef hann er að ræða um óeðlilegan gróða einstakra stétta í þjóðfélaginu, þá liggur nú fyrir Alþ. till. um nefndarskipun til þess að rannsaka slíkan gróða, og ég hygg, að það sé a. m. k. líklegt, ef ekki öldungis víst, að hann eða hans flokkur getur haft mann *í þeirri nefnd og þar komið að þeim fyrirspurnum* um upplýsingar, sem þar eiga betur heima en í umræðum um þetta mál.

Annarri fsp. beindi hv. þm. til mín í lok sinnar ræðu, en hún var sú, hvort n. hagfræðinga hefði lagt til, að fellt væri gengi peninga. Nú legg ég spurningu fyrir hann; þetta átti að vera samvizkuspurning til mín: Ætlast þessi þm. til, ef þetta væri staðreynd, að ég segði frá því? Teldi hann það til hagsbóta fyrir almenning í þessu landi? Hins vegar minni ég menn á það, að þegar gengið var síðast fellt, þá réðust menn mjög á þær aðgerðir. Þegar bátagjaldeyrisskipanin var á sett, var einnig ráðizt á þær aðgerðir fyrir það, að þær væru ofrausn í garð útvegsmanna og þá væntanlega sjómanna. Þegar dregið var úr þeim fríðindum, var á það ráðizt. Og nú, þegar skattar eru á þjóðina lagðir til þess að reyna að halda framleiðslunni gangandi, þá er á það ráðizt. En ef framleiðslan stöðvast, þá er einnig á það ráðizt. Hvað á þá að gera?

Hv. þm. sagði: Hér eru aðilar, sem hafa allt of mikinn gróða, og nefni ég þar fyrstan ríkissjóð. — Annar hv. stjórnarandstæðingur sagði: Það er einn sólskinsblettur í heiði í þessu öngþveiti fjármálalífsins, en hann er sá, að það er tekjuafgangur hjá ríkinu. — Nú veit ég ekki, hvor þessara stjórnarandstæðinga hefur á réttu að standa. Þeir geta rifizt um það innbyrðis. En ef þeir vilja spyrja mig, þá tel ég það mjög til farsældar, að ríkisbúskapurinn er rekinn hallalaus og með gróða, og ég segi, að sú ráðstöfun, sem gerð hefur verið fram að þessu á óvæntum tekjuafgangi ríkisins, er þjóðinni í heild til framdráttar og lofsverð ráðstöfun út af fyrir sig. Það má kannske gagnrýna okkur fyrir það, að við höfum leyft okkur að úthluta þessum óvænta arði ríkisins í stað þess að binda hann. Ég viðurkenni, að út af fyrir sig ýtir sú ráðstöfun undir verðbólgu. Samt sem áður eru þau verkefni, sem þar er við að fást, í okkar huga svo þýðingarmikil fyrir afkomu almennings í landinu, að við höfum talið nauðsynlegt að gera þetta.

Hv. þm. segir, og það var aðalkjarninn í hans ræðu, að svo miklu leyti sem þetta frv. áhrærir, sem hér er til umr., að kaupgjaldið hafi í raun og veru engin áhrif haft á þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera. Ég sannaði það í minni frumræðu, og það var í raun og veru aðalþráður í minni ræðu, að þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, eru gerðar fyrst og fremst vegna kauphækkunarinnar. Ég sannaði, að kauphækkunin væri orðin yfir 22%, og tölurnar, sem ég byggði á, voru reistar á auknum þunga vinnslu- og veiðikostnaðar út af þessum kauphækkunum, en ekki út af neinu öðru í verulegum mæli, þó að ég að vísu viðurkenni, að inn í það dregst nokkur hækkun á olíuverði og öðrum útgerðarkostnaði. Þetta er efni málsins.

Ég man nú ekki eftir, að hv. þm. beindi sérstaklega til mín öðrum fyrirspurnum en þeim, sem ég hef svarað, enda skrifaði ég ekki hjá mér neitt úr hans löngu ræðu. En höfuðefni málsins er, og það endurtek ég, að þær ráðstafanir, sem hér er farið fram á að gerðar verði, eru afleiðingar af kauphækkunum, sem urðu á s. l. vori.

Ég vil svo hans vegna benda honum á, svo að hann geti leiðrétt það, því að hann er alveg nægjanlega mikill maður til þess, ef hann reynir á sinn skárri mann, að ég hef aldrei haft neinar hótanir í frammi um það, að af almenningi í landinu skuli teknar þær kjarabætur, sem verkalýðurinn hefur krækt sér í með mikilli baráttu og miklum tilkostnaði. Ég lét hins vegar í ljós kvíðboga um það, að kauphækkanirnar mundu leiða til annarra ráðstafana, sem sviptu verkalýðinn þeim fríðindum, sem honum féllu í skaut, eftir að kaupdeilunni var lokið. Því miður reyndist ég í það skiptið sannspár, — því miður, segi ég, vegna þess að ég er eins og aðrir hér í þessu hv. Alþ., að við getum sjálfsagt allir unnt hver öðrum hinna beztu kjara og ekki sízt þeim, sem við verst kjör búa.

Í þessu frv., sem er hér til umr., eru gerðar eðlilegar ráðstafanir til þess að hindra það, að menn geti hagnazt á þessum verðlagshækkunum, sem fram undan eru á vissum vörutegundum, um ákveðið tímabil. Að öðru leyti er byggt á því, sem fyrri reynsla hefur sannað, að verðlagseftirlit komi að litlu gagni, en hin frjálsa samkeppni nægi til að halda niðri vöruverði, ef framboðið er nægjanlegt. Það er aðalatriðið, að framboðið sé nægjanlegt. Og því skal ég óaðspurður svara, eða frá því skal ég óaðspurður segja úr þessu nefndaráliti hagfræðinganna, sem verið er að spyrja um ævinlega, að það er sameiginlegt álit þeirra allra, að verðlagseftirlitið komi að engu liði og muni sízt til bóta.

Ég veit, að eina vonin til þess, að þetta mál geti komizt til n. nú í kvöld, þannig að auðnast megi einnig í kvöld að afgreiða tekjufrv. ríkissjóði til framdráttar, en á því er ríkt nauðsyn til að *fyrirbyggja*, að menn geti hagnazt á þeim upplýsingum, sem nú þegar liggja fyrir um það, — ég veit, að eina ráðið til þess er, að ég fari hér ekki í spárðatíning eða að svara einstökum ádeil-

um á Sjálfstfl. sem slíkan, á einstaka ráðherra eða á ríkisstj. í heild. Mér er það mjög þrautalaust. Ég er svo vanur að sitja undir ádeilum hv. þingbræðra minna, sumum, sem þeir meina, og öðrum, sem þeir meina ekki, að ég tek mér ekkert nærri, þó að ég þurfi ekki að svara þeim, og get einnig svarað þeim við síðari umr. þessa máls, ef ég óska. Ég skal þess vegna í því skyni að flýta afgreiðslu þessa máls, sem nauður einnig rekur til, láta það nægja, sem ég nú hef sagt.

Einar Olgeirsson: Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir það litla, sem hann reyndi nú að svara. Það eina, sem hann ætlaði verulega að reyna að leyna í þessu, held ég, að hann hafi nú komið upp um, út af spursmálinu um gengislækkun og kaupbindingu. Hann spurði mig að því sem samvizkuspurningu, hvort ég ætlaðist til þess, ef það væri þarna, að hann segði frá því. Það þarf nú ekki að draga nema einfalda ályktun af því, að það muni vera þar. (Gripið fram í.) Já, ef það væri ekki, þá hefði hann verið óhræddur að segja: Það er eitt, sem víst er, að þar er það ekki.

Þá talaði hæstv. ráðherra um viðvíkjandi till. fjmrh. í sambandi við fjárl., 10 millj. kr. till., sem ég var að tala um áðan m. a., að það eina, sem mætti álasa þeim fyrir, væri, að þeir skyldu ekki festa þetta, það mundi valda verðbólgu, ef því væri úthlutað og það væri látið fara til fólksins. Ég held, að á þessum sviðum sé ríkisstj. oft og tíðum sjúklega hrædd við verðbólgu, og ég held, — ég veit ekki, hvort hagfræðingarnir hafa gert þetta eða hverjir það eru, — að það sé orðið gersamlega ruglað í hugum ríkisstj., hvað sé aukning á þjóðarauði og sparnaði og hvað sé verðbólga. Ef ríkið eignast fé og það er sett út aftur til þess að byggja t. d. eitthvert nýtt hús fyrir, kaupa fyrir það togara eða eitthvað slíkt eða lána fiskveiðasjóði til þess að kaupa fyrir þessar 10 millj. nýjan togara eða nýja báta eða eitthvað slíkt, þá er haldið, að þetta skapi verðbólgu. Þetta er hrein hörmung og vitleysa. Ef þessu er varið til þess að kaupa skip, sem framleiðir fisk, og þennan fisk seljum við og fyrir hann fáum við gjaldeyri, þá eykur þetta þjóðarauð og þjóðartekjur, en ekki verðbólgu. Það er aðeins undir einum kringumstæðum, sem þetta verður til að skapa verðbólgu, og það er ef því er varið eins og af vitleysingjum, eins og hefur verið um meginið af því, sem varið hefur verið af hæstv. ríkisstj. á síðustu 7 árum. Ef ríkisstj. hefði sett mikið af því, sem hún hefur haft til umráða, til þess að auka þau tæki, sem skapa þjóðarauðinn, þá hefði hún ekki þurft að vera með þessar verðbólguáhyggjur. Ég veit, hvaðan þetta er upprunnið. Það voru til menn, sem sögðu, þegar við keyptum hér einu sinni 30 togara, að auðvitað mundi þetta skapa verðbólgu. Það eru þessir menn, sem alltaf ganga með verðbólgu í kollinum. Það er gefið, að þegar við spörum saman fé eða notum fé til slíks, þá erum við þvert á móti að vinna á móti öllu, sem heitir verðbólga. Við erum að skapa stöðugleik í þjóðarbúinu, við erum að auka þess eign. Þarna er orðinn alger ruglingur á öllum þessum hugtökum.

Þá kom hæstv. forsrh. inn á það, að hann hefði sannað í sinni framsöguræðu, að kauphækkunin ylli verðlagshækkun. En það, sem hæstv. forsrh. gleymdi að sanna, var, að gróðamyndunin í þjóðfélaginu bæri ekki þessa kauphækkun. Og það er eins og það sé föst trúarsetning hjá stjórnarflokkunum, að ef kaup hækkar, þá hljóti það að hækka verðlag. Þetta er hrein vitleysa, og mér þætti gaman að sjá hér þann hagfræðing, sem dirfðist að halda þessu fram. Kauphækkun hækkar því aðeins verðlag, að gróðamyndunin í þjóðfélaginu geti ekki staðið undir kauphækkuninni. Og það, sem hæstv. forsrh. gleymdi að sýna fram á, var, að gróðamyndunin í þjóðfélaginu gæti ekki staðið undir þessari kauphækkun. Við skulum taka dæmi. Ef kaupgjald alls verkalýðs hefur hækkað á síðasta ári í krónutölu um t. d. 70—80 millj. kr., mundi þá gróði íslenzku auðmannastéttarinnar og ríkisbákns hennar ekki vera fær um að standa undir þessari hækkun án þess að láta það þýða verðlagshækkun. Ég hef leyft mér að halda því fram, að sá gróði, sem rennur til einokunarauðvaldsins og þess ríkisbákns, sem það notar eins og sitt, væri jafnvel hátt upp í 200 millj. kr., og það hefur ekki verið reynt að hrekja einn staf af því. Það hefur bara verið sagt, eins og þegar ég minnist á þetta viðvíkjandi ríkinu, að það skuli taka milli 50 og 100 millj. kr. aukreitis af almenningi: Ja, þetta er alveg indælt, mér þykir vænt um þetta, segir hæstv. forsrh. M. ö. o.: Ef einhverjir græða þarna, þá er bara sagt: Nú, það er ágætt, að þeir græði. — En þegar verkalýðurinn heimtar til sín einhvern hluta af þessu, sá aðilinn, sem skapar þennan gróða allan, þá er sagt, að það valdi verðlagshækkun. Þetta verður því aðeins verðlagshækkun, að annaðhvort gróðinn væri ekki til — nú er hann til þarna — eða þá hins vegar að sú yfirstétt, sem á þennan gróða, sé í þeirri aðstöðu vegna ríkisvaldsins að geta hækkað verðlagið, og það er það, sem hún hefur verið að gera í sumar. Ríkið er eins og lítið tæki fyrir þetta einokunarvald, ríkisstj. er eins og nefnd auðmannanna í Reykjavík, eins og hún væri kjörin til að framkvæma þeirra hagsmuni á kostnað almennings, og það er bezt sannað með þessu frv., sem hérna liggur fyrir. Þess vegna vildi ég fá hæstv. forsrh. út í rökræðu við mig um þetta mál. Þá vísar hann bara til, að það eigi kannske að setja nefnd, sem eigi að athuga milliliðagróðann, og ég hef áður tekið þátt í umr. um það. Ég er hræddur um, að sú nefndartill. sé ekki einu sinni komin til n. enn þá, og þegar sú nefnd verður sett og á að fara að rannsaka, þá er nú sem ég sjái, hve mikið bækurnar verða opnaðar fyrir henni. Það voru kosnar tvær nefndir hérna á þinginu í fyrra, og það var sagt, þegar þær voru kosnar: Það skulu allar bækur opnaðar fyrir þessum mönnum. — Þær fá ekkert að gera enn þá. Nei, gróðabók íslenzka einokunarauðvaldsins er lokuð bók, hún verður ekki opnuð, fyrr en aðrir menn verða komnir í ríkisstj. en menn einokunarauðvaldsins á Íslandi.

Þá sagðist hæstv. forsrh. ekki hafa hótað því að lækka gengið. Það er vafalaust rétt hjá honum, að það orðalag er mitt. Ég hef lagt út af því, sem hann sagði, og dregið eðlilegar af-

leiðingar af því. Hann sagðist hafa borið kvíðboga fyrir því, að það, sem verkalýðurinn væri að gera, yrði til þess því miður, að gengið yrði nú lækkað. Já, ég veit um þennan kvíðboga, sem hann ber fyrir því. Það er verst, að hagsmunir einokunarauðvaldsins í Reykjavík skuli allir saman vera á þá leiðina, að það þurfi ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því, að gengið sé lækkað, heldur að það skuli þvert á móti græða því meira sem gengið lækkar. Eitt hins vegar fullvissaði hæstv. ráðh. mig um að fyrirfyndist ekki í öllum leyniplöggum ríkisstj. og öllum álitum hagfræðinga hennar og það væri orðið „verðlagseftirlit". Slíkt er ekki til í biblíu ríkisstj. Það þóttist ég líka vita. Að setja mætti einhver takmörk við, hvernig menn græddu á verðbólgunni, það er ekki til. Það getur ríkisstj. ekki hugsað sér.

Ég spurði að því áðan, hver afstaða Framsfl. hefði verið til þessa frv. Hæstv. fjmrh. er nú viðstaddur, ég veit ekki, hvort hann vill svara því. Það er kannske hægt að ræða um það við hann í sambandi við annað mál, ef honum finnst það betra. Ég skal þá láta staðar numið um þetta mál í svipinn; það á hvort sem er eftir að ganga í gegnum tvær umr. hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 303, n. 313, 314 og 316).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar í morgun. Nál. er nú að vísu ekki útbýtt enn þá, og í sjálfu sér skiptir það ekki miklu máli frá sjónarmiði okkar í meiri hl., sem leggjum til, að þetta frv. verði samþ., en minni hl. mun skila sérálitum og sennilega óska eftir því, að það verði einhver frestur á afgreiðslu málsins, þangað til þau eru fram komin.

Ég vil aðeins taka fram í þessu sambandi, að í 5. gr. hefur komið til athugunar innan n., þar sem rætt er um heimild til þess að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð saltaðrar reknetasíldar, sem veidd var fyrir Suður- og Suðvesturlandi árið 1955, hvort það þyrfti ekki að takast til athugunar, að það mundi vera eðlilegra, að hér væri um Suður- og Vesturland að ræða. Eitthvað af síld hefur verið saltað þar og gert ráð fyrir, að hún nyti sömu fyrirgreiðslu og hér á Suðvesturlandi. Það er þá atriði, sem mætti athuga milli umræðna. Það er álit okkar í meiri hl. að mæla með því, að frv. verði samþ., en eins og ég sagði áðan, eru nál. ekki enn fram komin frá minni hl., og sennilega verður að gera einhverja frestun á afgreiðslu málsins þess vegna. — [Fundarhlé.]

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Nál. hafa nú víst ekki komið enn þá, en ég mun nú lýsa hér afstöðu minni til málsins í von um það, að brtt. þær, sem við sósíalistar flytjum við frv., verði komnar fram, áður en ég hef lokið máli mínu.

Þetta frv. um stofnun framleiðslusjóðs er í rauninni aðeins hluti af þeim heildartillögum, sem hugsaðar eru sem lausn á vandamálum útflutningsframleiðslunnar. Annar hlutinn af þessari allsherjarlausn er ekki lagður hér fram í frv.-formi á Alþ., þ. e. sá hlutinn, sem leysa á með bátagjaldeyriskerfinu, en sá háttur hefur verið hafður á á undanförnum árum af hæstv. ríkisstj. að halda öllum ákvörðunum um bátagjaldeyriskerfið fyrir utan verksvið Alþ., og hafa því alþm. ekki átt kost á því að koma fram brtt. í sambandi við það kerfi. Það er hugsað að haga þessu eins nú, að um það bil helmingurinn eða reyndar stærri hlutinn af lausn þessara vandamála sé enn þá hafður gersamlega fyrir utan valdsvið Alþ.

En nokkur hluti kemur nú fram hér í þessu frv. Ríkisstj. leggur til, að stofnaður verði sérstakur framleiðslusjóður, og gerir ráð fyrir, að heildarútgjöld úr framleiðslusjóði verði á þessu ári um 152 millj. kr.

Það er nú alveg augljóst, að þessi heildarútgjöld úr framleiðslusjóði eru ranglega áætluð. Það er ekki þörf á því samkvæmt þeim gögnum, sem hér liggja fyrir, að áætla útgjöldin svona há, og skal ég nú víkja að því sérstaklega.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að greiddur verði úr framleiðslusjóði ákveðinn styrkur til síldarsaltenda hér við Faxaflóa, og samkvæmt grg. frv. er talið, að greiðslur þessar muni nema um 10 millj. kr. Þessar greiðslur eiga ekki heima í framleiðslusjóði, vegna þess að það var búið að semja um þessar greiðslur áður. Það var búið að leggja á sérstakan skatt til þess að standa undir þessum greiðslum. Verð á tóbaki var hækkað á sínum tíma í þessu skyni, og vitanlega kemur ekki til nokkurra mála að fara að leggja skatta á aftur í sama skyni og áður er búið að leggja á skatt fyrir.

Hér er vitanlega um það að ræða, að ríkisstj. virðist hafa tilhneigingu til þess að gera útgjöld þessa framleiðslusjóðs sem allra hæst til þess að skapa sér aðstöðu til þess að hafa álögurnar aftur á móti sem allra hæstar. Ég fer alveg sérstaklega fram á það, að hæstv. ríkisstj. geri grein fyrir því, hvernig stendur á þess háttar vinnubrögðum, að semja um það við útvegsmenn, að þeir skuli fá tiltekinn styrk til þess að salta síld hér við Faxaflóa, og að leggja á sérstakan tóbaksskatt í því skyni að standa undir þessu, en hlaupa svo frá öllu saman, ætla að hirða þennan tóbaksskatt í ríkissjóð, en koma nú þessum skatti öðru sinni í álögur á fólkið með því að reikna með honum sem útgjöldum hjá framleiðslusjóði.

Það ber því að lækka heildarútgjöld framleiðslusjóðs sem þessum 10 millj. nemur. Það er alveg tvímælalaust.

Þá er gert ráð fyrir í 7. gr. frv., að varið verði úr framleiðslusjóði 26 millj. kr. til þess að kaupa upp svonefnd B-skírteini. Þessi ráðstöfun er með öllu óeðlileg, og hún er ekki heldur í samræmi við það, sem útgerðarmenn fóru fram á í þessum efnum. Það vandamál, sem þarna var um að ræða, var fólgið og er fólgið í því, að útvegs-

mönnum þykir, að heldur gangi seint að innheimta og koma til réttra eigenda bátagjaldeyrisálaginu, og þeir hafa óskað eftir því, að ríkisstj. hlutaðist til um að greiða fyrir þessu uppgjöri. Útgerðarmenn bentu á það, að það væri innan handar fyrir gjaldeyrisbankana að veita n. þeirri, sem sér um sölu og uppgjör á innflutningsréttindum bátaútvegsins, bráðabirgðalán sem þessari upphæð næmi, 26 millj., svo að hún gæti flytt uppgjörinu. Bankar landsins gætu sér alveg að meinalausu veitt þessa fyrirgreiðslu, veitt bráðabirgðalán og tekið, eins og útvegsmenn lögðu til, veð í innflutningsréttindunum. Ef horfið hefði verið að þessari leið, hefði ekki þurft að leggja á landsfólkið 26 millj. kr. í nýjum sköttum sem þessari upphæð nemur.

Hér er því algerlega um tilefnislausa álagningu að ræða, sem sjálfsagt er að fella niður, en fallast hins vegar á till. útvegsmanna um að skylda gjaldeyrisbankana til þess að veita þeim þetta umbeðna lán með veði í réttindum útvegsmanna.

Í þessu efni má benda á það, að bankarnir hafa jafnan stórar fjárfúlgur liggjandi hjá sér, sem eru fyrirframgreiðslur innflytjenda vegna vörukaupa. Ég hygg, að iðulega sé þessi fjárfúlga um og yfir 100 millj. kr. Bankarnir greiða ekki einn eyri í vexti af allri þessari fjárfúlgu, sem hjá þeim liggur sem fyrirframgreiðsla upp í vörukaup. Það hefði því verið alveg vandræðalaust að taka lítinn hluta af þessari upphæð og lána útvegsmönnum til fyrirgreiðslu í þessu efni.

Þegar tillit hefur verið tekið til þessa, þá er sem sagt sýnilegt, að það má áætla heildarútgjöld framleiðslusjóðs 26 millj. lægra en frv. gerir ráð fyrir og 10 millj. vegna Faxasíldarinnar lægra en frv. gerir ráð fyrir, eða samtals 36 millj. lægra, en verða þó við öllum óskum útvegsmanna, skerða ekki þau hlunnindi, sem þeir hafa farið fram á eða þeir óska eftir, á neinn hátt.

En þá eru eftir útgjöld um 116 millj. kr. Nú er upplýst, að í bílasjóði togaranna eða styrktarsjóði þeim, sem aflað var tekna með aukatolli á innflutta bíla, eru fyrir 15 millj. kr. Auðvitað þarf ekki að leggja á sérstök gjöld fyrir þeim, og er þá óhætt að lækka þessi útgjöld sem því nemur, og erum við þá komin í 101 millj. kr.

Þá er einnig meiningin að halda áfram þessum aukatolli á innfluttar bifreiðar á þessu ári. Ríkisstj. áætlar, að sá tekjuliður muni gefa 8 millj. nú á þessu ári. Það er auðvitað öllum, sem nokkuð hafa komið nærri því máli, augljóst, að hér er um alranga áætlun að ræða. Miklu nær sanni er að áætla, að þessi liður muni verða a. m. k. 16 millj. kr. Ég vil benda á, að á 15 mánuðum eða svo, sem gjald þetta var innheimt, hljóp gjaldið upp á 53 millj. kr. Að vísu má reikna með því, að innflutningur á bifreiðum á þessu ári verði miklu minni en áður, en fyrr má nú muna heldur en öllu þessu. Það er t. d. kunnugt, að ríkisstj. hefur þegar gert milliríkjasamning um ákveðin bílakaup. Það er gert ráð fyrir því í samningi, sem gerður var við Ítalíu, að keyptir verði a. m. k. 100 bílar, og það er gert ráð fyrir talsvert verulegum kaupum á bílum frá Rússlandi og fleiri vöruskiptalöndum. Ég tel því rétt að áætla tekjur samkvæmt þessum lið 16 millj., en ekki 8, eins og ríkisstj. gerir. Þegar þetta allt hefur verið tekið til greina, erum við komin þannig, að útgjöld, sem vantar tekjur fyrir úr framleiðslusjóði, eru raunverulega 85 millj. kr.

Ég hygg, að um þessa áætlun verði í rauninni ekki deilt. Það er aðeins hægt að deila um þennan eina lið, sem er áætlunarliður, að bílatollur, aukatollur af bílum á yfirstandandi ári, verði aðeins 8 millj., í staðinn fyrir að ég áætla hann 16 millj.

Hér er gert ráð fyrir því, að þau útgjöld séu nauðsynleg, sem þetta frv. gerir ráð fyrir til hinna ýmsu greina útgerðarinnar og til landbúnaðarins, sem ég skal ekki á neinn hátt vefengja. Ég tek að vísu undir þær aths., sem hér hafa komið fram, að ég tel með öllu óviðeigandi, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki leggja hér fram, bæði fyrir þingnefnd og eins fyrir Alþ. sem heild, þær upplýsingar, sem hún hefur aflað sér um ástæður hinna einstöku greina útvegsins. Ég fyrir mitt leyti efast ekki um það, eins og ég mun víkja nánar að síðar, að eins og í pottinn er búið hér á landi með rekstur útvegsins, þarf togaraútgerðin t. d. fyllilega á þeim stuðningi að halda, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Því er ég vel kunnugur. Ég býst líka við því, að þegar litið er á bátaútveginn í heild, muni honum varla veita af því, sem hér er gert ráð fyrir, þó að þar sé að vísu allmikill skilsmunur á hinum ýmsu fleytum og þeirri aðstöðu, sem þær búa við.

Aðstöðumunur frystihúsanna er auðvitað líka feiknalega mikill. Það sjá allir, að það er vitanlega mikill aðstöðumunur við rekstur, hvort stórt og afkastamikið frystihús býr við stofnkostnað upp á ½ millj. kr. eða hvort jafnstórt frystihús býr við stofnkostnað upp á 10 millj. kr., eins og dæmi eru til um. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að þegar það húsið, sem býr við hinn háa stofnkostnað, á heldur í fjárþröng, hefur hitt frystihúsið sæmilega rúmar hendur í fjármálum. Enn fremur er vitanlega geysilega mikill mismunur á rekstri frystihúsa eftir því, hvar á landinu er.

En sem sagt, ég hef ekki haft aðstöðu til þess eða við hér í minni hl. að gegnumskoða þau gögn, sem ríkisstj. hefur aflað sér frá sínum sérfræðingum, sem þetta hafa rannsakað, og ég átel það, að ríkisstj. skuli ekki treysta sér að leggja þessi gögn hér fram. Ég vil þó miða við það, að Alþ. haldi sér við þær greiðslur til stuðnings framleiðslunni, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og þær óbreyttar, þeim verði skipt á þá lund, sem hér er lagt til, en vitanlega verður sú skipting að skrifast á reikning ríkisstj. á allan hátt, því að hún ein hefur gögn í höndum um það, hvort þessi skipting sé í eðli sínu réttlát á milli hinna einstöku þátta útgerðarinnar.

En þá er svo aftur spurningin um það, hvernig eigi að afla þeirra tekna, sem ég hef hér gert grein fyrir, eða um 85 millj. kr., sem virðist þurfa að afla, til þess að hægt sé að tryggja framleiðslunni það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ríkisstj. hefur hnigið að því ráði að vilja afla allra þessara tekna í formi hækkaðs vöruverðs, með því að leggja sérstakt gjald á allar innfluttar vörur eða flestar innfluttar vörur, sem ég get

ekki annað betur séð en að hljóti að leiða til þess, að verðlag allt í landinu hljóti, þegar líður fram á árið, að hafa hækkað um varla minna en 15—20%. Ég get varla séð, að það fari svo, að verðlagið hækki ekki alltaf um það.

Ég tel því, að í eðli sínu sé þessi leið, sem ríkisstj. velur til tekjuöflunar, alveg forkastanleg frá sjónarmiði framleiðslunnar sjálfrar. Það, sem raunverulega er veitt með annarri hendinni í styrkjum, verður tekið að mjög verulegu leyti aftur, a. m. k. þegar líður fram á árið, í hækkuðum framleiðslukostnaði, því að hækkað vöruverð þýðir hækkaða vísitölu, hækkuð vísitala þýðir hækkað kaup, og þá fer að verða skertur hluturinn, sem þetta frv. á að færa framleiðsluatvinnuvegunum í landinu. Og það kæmi mér ekki ókunnuglega fyrir sjónir, þó að við stæðum frammi fyrir því, þegar komið er fram á seinni hluta ársins, svona fram í septembermánuð, að þá segðu stórar greinar framleiðslunnar, og á ég þar m. a. við frystihúsin: Ja, nú hefur verðlag hækkað það mikið — auðvitað sem afleiðing af þessu — að við höfum ekki lengur hag af rekstrinum. Við ætlum ekki að frysta meira, við ætlum að hætta. — Ef þau gera það ekki, þá er það bara sönnun þess, að þau búa nú við þannig afkomu, að þau hljóta að hafa verulegan hagnað á fyrri hluta ársins, það er ómögulegt annað.

Í eðli sínu er því sú leið, sem ríkisstj. velur, í rauninni engin leið. Hún er aðeins skammgóður vermir, hægt að nota hana örstuttan tíma, á meðan sveiflan er að ganga yfir, annars étur hún sig upp sjálf.

En þá er aftur hitt: Eru þá ekki til neinar aðrar leiðir til þess að afla tekna í þessu skyni? Við sósialistar teljum, að það sé fyllilega hægt, og ég skal fara um það nokkrum orðum, af því að við flytjum hér brtt. um það. Það er að vísu ekki búið að útbýta till., en til þess að hraða fyrir umr. mun ég samt ræða þessar till., eins og þær væru fram komnar, og reyna að skýra efni þeirra jafnóðum.

Við leggjum til, að í staðinn fyrir þær tekjuöflunarleiðir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., verði á árinu 1956 gjaldeyrisbankarnir tveir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, skattlagðir með aukaskatti um 25 millj. kr. Ja, þetta er ekkert lítill skattur, segja sumir, a. m. k. þeir, sem finna alltaf til með bönkunum. En er þetta óréttmætt? Í tiltölulega nýútkominni skýrslu frá Framkvæmdabanka Íslands segir Framkvæmdabankinn, þegar hann er að gera grein fyrir þjóðarbúskapnum, að gróði banka og sparisjóða í landinu hafi árið 1953 verið 55 millj. kr., en þess er svo jafnframt getið, enda kunnugt af öllum, að hagnaður sparisjóða í landinu er hverfandi lítill. Gróðinn er næstum allur hjá gjaldeyrisbönkunum tveimur. Auðvitað er þetta gefið mál, að þessi gróði bankanna er að mjög verulegu leyti tekinn af útgerðinni í landinu, að vísu ekki allur. Nokkur hluti af gróðanum er t. d. tekinn með því, að bankarnir lána verzluninni í landinu allmikið. En hvað gerir verzlunin við þá vexti, sem bankarnir láta hana greiða? Verzlunin hækkar verðlagið sem vöxtunum nemur. Verðlagið hækkar vísitöluna, verðlagið hækkar kaupgjaldið. Margir geta velt af sér kaupgjaldinu, nema útflutningsframleiðslan, hún getur það ekki. Hún hefur því fengið þennan hluta líka í hausinn. Og nokkurn hluta taka bankarnir af því, að þeir veita mönnum lán til þess að byggja hús eða til að kaupa hús og taka sína háu vexti af því. Og hvert fara þeir vextir? Þeir fara í það, að húsverð í landinu hækkar, að húsaleigan hækkar og að þeir, sem borga háa húsaleigu, vilja fá hærra kaup. Og þetta háa kaup bitnar á útflutningsframleiðslunni. Það er því sannleikur málsins, að öll sú stóra upphæð, sem bankarnir rífa til sín á hverju ári, hvílir öll í heilu lagi á útflutningsframleiðslunni, þegar málið er skoðað ofan í kjölinn. Ég segi, að þegar þarf að grípa til slíkra ráðstafana sem þessara, þá er það sannarlega ekki of mikið, þó að bankarnir láti svo sem hálfs árs gróða í þennan sjóð.

Þá leggjum við til í öðru lagi, að aflað verði tekna á þann hátt, að olíufélögin í landinu verði nú skattlögð sérstökum aukaskatti, sem nemur 20 millj. kr., til þessa sjóðs. Ja, það eru sumir menn, sem álíta það og hafa aldrei viljað hlusta á það, að olíufélögin hafi meira en bara til hnífs og skeiðar. Ég veit það. Ég þekki þetta vel, því að ég er oft búinn að minnast á þetta áður. En ég vildi gjarnan, að þeir menn, sem vilja taka að sér að verja olíufélögin og verðlagið hjá þeim, gæfu skýringu á því atriði, sem ég skal nú nefna. Þegar ég tek upp olíuverð í þýzkum útgerðarbæ núna um miðjan desembermánuð, bæ, sem er helmingi minni en Reykjavík, og ég tek því ekki lægsta verðið, sem þar er fáanlegt, og tek verð á nákvæmlega sömu olíu, þeirri olíu, sem bátarnir nota hér um sama leyti, hver var þá verðmismunurinn? Verðið hér var 376 kr. hærra á tonn, eða rétt um 70% hærra. Verðið á togaraolíunni var á sama tíma 66 kr. hærra á tonn hér en þar úti. Verðmunurinn á þeirri olíu hefur alltaf verið miklu minni en á bátaolíunni. Verðið hér var rétt um 20% hærra. Þegar ég tek svo samkvæmt opinberri skýrslu heildarolíumagnið, sem selt er hér í landinu á ári, og hlutfalla það niður á þennan verðmismun, þá kemur út, að ársnotkun okkar af olíu er seld hér á rétt um það bil 50 millj. kr. hærra verði en í þessum útgerðarbæ í Þýzkalandi. Hvað er það, sem veldur því, að olíufélögin verða að selja olíuna á svona miklu hærra verði hér? Þau viðurkenna, að þau borgi ekki hærri farmgjöld hingað en þessi markaðslönd borga. Þau hafa meira að segja viðurkennt fyrir mér, að flutningsgjaldið hingað, á meðan olían var flutt frá Mexíkóflóa, eins og flestir þessir aðilar verða að flytja hana og við höfum lengst af flutt hana, hafi verið heldur lægra en bæði til Danmerkur, Noregs og Þýzkalands. En þessi verðmismunur á olíu, sem ég tilgreindi, er mjög sambærilegur eða samsvarandi mismuninum við öll þessi lönd, sem ég nefndi. Það er því ekki til að dreifa flutningsgjaldinu. Sé það rétt gefið upp, er ekki því til að dreifa. Nú, það eru auðvitað vinnulaun, — ýmsir benda á þau. En það er þó vitað mál, að vinnulaun eru í þessum efnum alveg hverfandi liður. Á það má t. d. minna, að það kom fram í síðasta verkfalli, að olíufélögin héldu því fram, að einn einasti maður hjá þeim gæti dælt í land allri olíu, og þyrftu engir fleiri að koma nærri, ef hann bara

fengi að vera í friði við kranann. Það þurfti ekki meira vinnuafl, sögðu þeir, því að sannleikurinn er sá, að skipin hér úti á legu eru tengd með slöngum við tankana í landinu. Og mikill meiri hlutinn af olíunni er afgreiddur þannig, að olíunni er dælt beint úr birgðageymum félaganna og út í bátana og skipin. Vinnulaun eru ekki ýkjamikill liður, en þó skal ég játa, að þar er einhver munur. Sá munurinn, sem maður hins vegar viðurkennir að er á kostnaði olíufélaganna hér og erlendis, er vaxtamismunur. Þeir segja: Við verðum að borga 7—8% vexti hér, en þeir úti þurfa ekki að borga nema 2—3%, og berast þá böndin enn að þeim hérna í Austurstræti. Ég veit, að þau þurfa að borga meiri vexti, en það eru bara óhófsvextir, sem engu tali tekur. En svo er þó langstærsti liðurinn, sem ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um að þetta skýrist með. Það skýrist með því, að olíufélögin hér hafa verið að heimta af rekstrartekjum sínum óeðlilega mikið í stofnkostnað, sem þau hafa átt við að glíma.

Fyrir örfáum árum treður sér inn í olíusöluna nýtt olíufélag, alveg nýtt. Til þess að það geti verið með, þarf að byggja fyrir nokkra tugi milljóna. Það þarf að kaupa bíla, byggja tankstöðvar og afgreiðslustöðvar úti um allt land og byggja stórar birgðastöðvar hér. Það gat ekki verið með öðruvísi. Það hefur komizt yfir þetta blessunarlega. Og hin olíufélögin hafa ráðizt í tugmilljónaframkvæmdir. Ég hygg, að olíufélögin hagi þessu eins og títt er reyndar um þá, sem í fjárfestingu standa hér á landi, að þau segi: Ja, stofnkostnaðinn verðum við að fá til baka á 10 árum. Það verður að reikna með því, að þessi stofnkostnaður sé borgaður upp á 10 árum, og vextir af þessu verða að borgast 7—8%. — Og þegar þau eru búin að dreifa á olíusöluna í landinu öllum þessum gífurlega kostnaði á stuttum tíma, þá er vitanlega skýringin fengin.

Ég eyði svo ekki frekari orðum að þessu til þess að lengja mál mitt ekki um of, að olíufélögin eru að okkar dómi sjálfsögð til þess að bera ekki minna en 20 millj. kr. Ég gæti trúað því, að það væri svona um það bil hálfs árs gróði þeirra.

Þá leggjum við í þriðja lagi til, að flutningaskipafélög þau, sem flytja afurðir útgerðarinnar á erlendan markað og flytja aftur til landsins þær vörur, sem keyptar eru fyrir þessa framleiðslu, verði látin borga nú með sérstökum aukaskatti 15 millj. kr. Þá er spurningin: Hvernig hefur hagur þessara skipafélaga verið? Efast nokkur maður um það, að Eimskipafélagið og sambandsskipin og frystiskipin hafi haft góðan rekstur á undanförnum árum? Er það ekki öllum ljóst, að eitt af þessum félögum hefur byggt sig hreinlega upp, þ. e. skipafélag Sambandsins, eignazt 6 stór og vönduð skip á örfáum árum? Og ég veit ekki betur en að Sambandið hafi eignazt þessi skip án þess að leggja einn einasta eyri á meðlimi sína í stofngjald fyrir þessum skipum. Það, sem þarna er um að ræða, er það, að skipin hafa ágætan hagnað árlega. Og Eimskipafélagið, það er kunnugt um það líka, hvernig það hefur byggt upp sinn skipastól. Allir sjá svo, að þessi gróði þessara félaga er fenginn af því, að þau flytja á erlendan markað framleiðslu útgerðarinnar og flytja heim aftur vörurnar fyrir andvirðið. Þau eru rétt komin til þess að borga 15 millj. kr. í þennan sjóð eitt ár, og það er ábyggilega ekki nema hluti af ársgróða þeirra.

Þá leggjum við einnig til, að tekna verði aflað í þennan sjóð með því, að vátryggingarfélög í landinu verði látin borga 10 millj. kr. Ég hef líka nokkrum sinnum haldið því fram, að vátryggingarfélög í landinu hefðu aðstöðu til þess að raka til sín allálitlegum gróða. En það er almenn tilhneiging, a. m. k. hjá stjórnarvöldunum í landinu, að halda, að þetta sé allt saman ofsagnir, raunverulega græði olíufélögin ekki, — því er nú ekki neitað með bankana, þeir bara þurfa þess, — raunverulega græði skipafélögin ekki, a. m. k. ekki meira en þau þurfa; og raunverulega græði vátryggingarfélögin ekki heldur neinn obba.

Ég tók eftir því í nýjustu skýrslu, sem Landsbankinn gefur út um fjármál, Fjármálatíðindunum, að þar er skýrt frá því, að vátryggingarfélög í landinu, önnur en Brunabótafélag Íslands og önnur en Tryggingastofnun ríkisins, eigi þá í árslok 1954 í skráðum skuldabréfalánum röskar 60 millj. Einhverjir kunna nú að halda, og það datt mér í hug fyrst, að út af fyrir sig, þó að þetta bæri vott um allgóðan efnahag hjá þeim, að þau hafi getað lánað þetta, væri þetta kannske margra ára samsafn og því ekki gerandi allt of mikið úr því. En það var þá önnur skýrsla þarna við hliðina í þessum Fjármálatíðindum, þar sem gerð var grein fyrir því, hvað hinir ýmsu aðilar hefðu veitt mikil skuldabréfalán, sem skráð eru, bara á árinu 1954, og þá kemur í ljós, að vátryggingarfélög, önnur en Brunabótafélagið og Tryggingastofnun ríkisins, veittu í skuldabréfalán rúmlega 17 millj. kr. Ég fyrir mitt leyti efast ekkert um það, að þeir aðilar, sem veita svona 17 millj. kr. í lán á einu ári, hafa ekki verið með hallarekstur. Þau veita þetta af því, að þau hafa getu til þess. Og fleiri tölur mætti sýna um það. Ég hef t. d. minnzt á það áður, að það kom fram í bréfi frá einu af þessum vátryggingarfélögum, þegar rætt var um útboð á brunatryggingum fyrir Reykjavík núna fyrir stuttu, þetta vátryggingarfélag gerði það að talsverðu kappsmáli að fá þessar tryggingar, og það rökstuddi beiðni sína um að fá tryggingarnar í fyrsta lagi með því, að það hefði gert hagstætt tilboð, og í öðru lagi með því, að félagið væri orðið svo vel efnum búið, að það ætti nú orðið rúmlega 20 millj. í sjóði. En rétt um sama leyti fékk ég smábók frá þessu félagi, og þar var verið að skýra frá því, að félagið væri núna á sjöunda aldursári. Það var ekki nema rúmlega 6 ára gamalt. Þarna gat ekki farið á milli mála, að félagið hafði grætt. Og það er hægt að rökstyðja það með miklu fleiri dæmum, að vátryggingarfélögin í landinu hafa aðstöðu til þess að hagnast vel. Við leggjum því til, að þau verði látin greiða í þennan sjóð með sérstökum aukaskatti 10 millj. kr., en þó verði undanþegin þau vátryggingarfélög, sem eru hrein bátaábyrgðafélög, svo og Tryggingastofnun ríkisins og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Þá leggjum við enn til, að lagður verði sér-

stakur aukaskattur, sem nemi 15 millj. kr., á alla þá verktaka og verktakafélög, sem hafa tekið að sér stórframkvæmdir á vegum hersins, bæði á s. l. ári, 1955, og vegna samninga, sem þau gera á árinu 1956. — Það vitanlega blandast engum manni hugur um það, að þessir aðilar, sem þarna hafa hreiðrað um sig, hafa aðstöðu til þess að raka að sér miklu fé, sem sleppur allt undan sköttum. Ég nefni í þessu sambandi, að fram undan er mjög dýr hafnargerð í Njarðvík. Ég hef heyrt sagt, að áætlanir væru um það, að hún kostaði ekki undir 150 millj. kr. Það hefur verið upplýst hér, að það væru allar líkur til þess, að íslenzk félög mundu fá þetta verk. Það er mín skoðun, að það eigi að leggja þessar 15 millj. kr. á þessa verktaka og þessi verktakafélög, sem m. a. vinna nú framleiðslunni stórógagn með því að keppa um vinnuafl við framleiðsluna, yfirbjóða í vinnuaflið og gera útgerðina oft og tíðum svo til óstarfhæfa. Þeir væru vel að því komnir að borga, þótt ekki væri nema 15 millj. kr. í eitt ár.

Þá hef ég gert grein fyrir till. okkar um 85 millj. til þessa sjóðs, og álít ég, að hér sé auðvitað fyrst og fremst um það að ræða, hvort eigi að fara þá leið, sem ríkisstj. leggur til, að hækka álögurnar á almenningi í landinu, hækka allt vöruverð í landinu með þeim afleiðingum, sem allir sjá, að það hlýtur að hafa, eða eigi að láta þá borga þetta, sem sannanlega hafa gróða og eiga ekki að fá að velta því af sér yfir á verðlagið, og þannig gæti þó framleiðslan fengið að búa að fullu við þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil svo víkja með örfáum orðum að því, hvernig raunverulega háttar til og gengur til með þessar ráðstafanir, sem alltaf er verið að gera fyrir útveginn og nú á að gera, og ég skal taka dæmi af því, þar sem ég er kunnugastur, í sambandi við togara. Það er sagt af ýmsum núna, að hlutur togaranna úr þessum ráðstöfunum sé sá bezti, þeir fái mesta hækkun og þeir ættu að mega una við sitt. Já, hækkunin hjá þeim er talsvert mikil. Það er rétt. En við skulum bara líta á með örfáum dæmum, hvernig þetta gengur fyrir sig. Hækkunin hjá togurunum er úr 2000 kr. dagsstyrk upp í 5000 kr. dagsstyrk, eða 3000 kr. á dag, auk 5 aura vinnslugjalds, sem ég skal koma að síðar. Hver togari fær 3000 kr. meiri dagsstyrk en áður hefur verið. Það jafngildir, miðað við 300 úthaldsdaga, en það er það, sem almennt er reiknað með, um það bil 900 þús. í hækkun. Og það er eðlilegt að menn segi: Þetta er nú bara talsvert. — Og það er mikið. En ég fullyrði, að raunverulega verður það svo, að það kemur ekki einn einasti eyrir af þessu í venjulegan sjóð togara. Það er þegar, áður en útborgun byrjar, búið að ráðstafa allri þessari upphæð til annarra aðila og þó líklega heldur meiru. Olíuverð hefur nýlega verið hækkað um 115 kr. tonn til togara. Olíufélögin létu sem sagt ekki standa á sér að ná í sinn hluta af þessu, og þau tilkynna það og hafa þrítekið það við mig, þegar ég hef talað við þau, að enn væri von á hækkun á þessari olíu innan skamms, sem nemur 2 dollurum á tonn eða um það bil 35 kr., vegna þess að grunnverð á olíunni eigi að hækka um þetta erlendis, segja þeir. Þá er olíuverðshækkunin frá því í fyrra 150 kr. á tonn, en það er samkvæmt þeim áætlunum og útreikningum, sem allir viðurkenna, rétt um það bil 1000 kr. á dag, en 1000 kr. á dag eru 300 þús. á ári, miðað við 300 úthaldsdaga. Borið saman við úthaldið í fyrra, fara af þessari upphæð 300 þús. í hækkaða olíu. Þar fór um þriðji hlutinn í olíufélögin.

Þá er gert ráð fyrir því samkv. þessu frv., illu heilli, að togararnir eigi að fá á næsta ári verð það, sem greitt var fyrir fisk þeirra í desembermánuði 1955, en þá voru frystihúsin nýbúin að lækka verð á karfa úr 90 aurum á kg í 75 aura á kg. Endurskoðandi ríkisstj., sá sem fór yfir reikninga togaranna, reiknaði það nákvæmlega út, hverju þetta jafngilti fyrir togarana. Hann tók afla 31 togara s. l. ár, sem hann hafði skýrslur um, og deildi karfaaflanum nákvæmlega niður á þá og sagði: Ég geng út frá þessum karfaafla að meðaltali á skip, sem út úr þessu kom, og lækka síðan karfann úr 90 aurum í 75 aura, og þá nemur það, segir hann, 368 þús., sem skipin fá minna fyrir afla sinn, miðað við sama aflamagn, heldur en þau fengu árið á undan. Þar fór rösklega annar þriðji hlutinn.

Það er svo vitað mál, að um nokkurn tíma hafa verið opnir samningar á milli útgerðarmanna og togarasjómanna. Þeir samningar eru komnir allverulega langt, þó ekki alveg búnir. Eins og þeir samningar standa nú, og um leið geri ég þó fyrir mitt leyti ráð fyrir, að þeir eigi eftir að hækka talsvert á þessum dögum, sem enn eru eftir, þá eru þeir mjög nærri því að vera 200 þús. kr. aukin útgjöld á skip á ári. Ég held, að það sé mjög óvarlegt að reikna þarna með minni kauphækkun til togaraskipshafnar en 200 þús. kr. á ári. Hvað er 200 þús. kr. kaup-hækkun þarna? Hún er, miðað við meðalkaup skipshafnarinnar, rétt um 9% kauphækkun. Það er því alveg þýðingarlaust að segja við togaraeigendur, eins og stundum hefur verið sagt hér í Alþ. og ég gæti svo sem búizt við að yrði reynt að segja nú: Ja, ef togaraútgerðarmenn eru svo „blankir", að þeir vilja endilega fara að samþykkja hækkaðar kaupkröfur sinna manna, þá verða þeir að eiga um það við sig. — Getur nokkur maður búizt við því, þegar kaup hefur hækkað í landinu, eins og það hefur gert að undanförnu og eins og sjálf ríkisstj. stóð fyrir í sambandi við launalögin, sem afgreidd voru hér rétt fyrir jólin, þegar fjöldamargir aðrir hækkuðu um 30—40% í kaupi, að togarasjómenn, sem eru með opna samninga, sætti sig við öllu lægra en 9%? Er við því að búast? Ég reikna því þarna með 200 þús. Sé svo reiknuð út sú visitöluhækkun, sem orðið hefur frá því í desembermánuði og þangað til nú, og reiknað með því, að talsverður hluti af kaupgjaldi á togurum er fast kaup og fylgir visitölu, þá gildir það um 70 þús. kr., miðað við úthald. Ef þetta er tekið saman, eru útgjöld togara fram yfir það, sem þau voru á s. l. ári, 938 þús.

Ég fyrir mitt leyti er því alveg sannfærður um það, að togaraútgerðin ber sig ekki betur á þessu ári, sem nú er að byrja, heldur en hún gerði á hinu; síður en svo. Þegar hún fær svo

á sig eins og öll útflutningsframleiðslan almennt hækkað vöruverð og almennt hækkaða visitölu og hækkað kaupgjald, þá hlýtur hagur hennar enn að versna. M. ö. o. er gangurinn þessi: Nú er borgað mikið til togaranna, og margir segja hér í landinu: Þetta er alveg óguðlegt, hvað mikið er borgað með útgerðinni, og það verður að fara að rannsaka þetta, hvernig á þessu getur staðið. — En það, sem um er að ræða og menn hafa aldrei fengizt til þess að hlusta á, er það, að rannsaka þarf, hvað ýmsir aðilar taka mikið af útgerðinni. Það þarf að rannsaka það. Þó að sé verið að veita togurunum á einu ári 66 millj. kr., þá eru ákveðnir aðilar búnir að deila því á milli sín, áður en það kemur til skipta. Það er þetta, sem er aðalatriði málsins. Ég veit, að þetta fer á sömu leið hjá bátunum. Það er t. d. vitað mál, að það er talsvert síðan búið var að reikna út verðhækkunina á bátaolíum, en þessi verðhækkun hefur ekki verið tilkynnt, og ég veit alveg upp á hár, að það mun í mesta lagi líða ein vika, frá því að hér verður endanlega gengið frá bjargráðum vegna bátanna, þar til sú olíuverðhækkun verður tilkynnt, sem búið er að reikna út. Olíufélögin koma þar líka og taka sinn hluta, og þau segja, alveg eins og þau hafa sagt áður: Fragtirnar hafa hækkað mikið, okkar útgjöld hafa hækkað, og við verðum því að fá þetta. — En það má aldrei rannsaka það, hvort þau hafa haft of mikið. Og svo komast þau venjulega upp með það, þegar fragtirnar einn tíma ná hámarki, því að það gerist venjulega einu sinni á ári, að þær fara upp, að fá olíuverð fest eftir þeirri fragt. En það er hins vegar alveg óþekkt fyrirbæri, að það sé verið að slaka eitthvað til á olíuverðinu, þegar lækkunin kemur á fragtirnar.

Ég geri nú ráð fyrir því, að þær brtt., sem við flytjum hér, séu um það bil að koma fram eða komnar fram, en ég held, að ég hafi gert grein fyrir þeim flestum. Það eru hér smærri brtt., eins og um skipun sjóðsstjórnarinnar samkvæmt 10. gr. En allar þær brtt., sem hér skipta höfuðmáli, held ég, að ég hafi gert að umtalsefni og þurfi í rauninni ekki að hafa mitt mál lengra.

Frsm. 2. *minni hl.* (*Gylfi Þ. Gíslason*): Herra forseti. Í fjhn. urðu menn ekki sammála um afstöðu til þessa frv. Meiri hl., fulltrúar stjórnarflokkanna, vildi mæla með samþykkt þess óbreytts. Þó tók einn fulltrúi stjórnarflokkanna í n. fram, svo sem kemur fram í nál. meiri hl., að honum litist í raun og veru alls ekki á þær ráðstafanir, sem hér væri verið að gera. Hann tók það skýrt fram, að þetta væru vandræðaráðstafanir. Hann vísaði til þess, að hann hefði sjálfur flutt till. til lausnar á framleiðslu- og efnahagsvandamálum þjóðarinnar, sem hann teldi miklu betri en þær, sem hæstv. ríkisstj. hefði hugkvæmzt að leggja til í þessu frv. M. ö. o. hefur það gerzt, að einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir vantrausti á henni, hefur tekið fram, að þær till., sem ríkisstj. hefur lagt fram, séu að mörgu leyti lítt merkar og að fara ætti allt aðrar leiðir en hún vill fara til þess að leysa vandann. Er lítill vafi á því, að fleiri stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hugsa eitthvað á svipaða leið og þessi stuðningsmaður hennar, sem tekið hefur kjark í sig og sagt hreinskilnislega, að þessar till. séu öngþveitistillögur.

Mergur þessa máls, sem hér er um að ræða, er tvenns konar: Í fyrsta lagi, hversu mikla aðstoð á að veita útgerðinni, og í öðru lagi, hvernig á að afla nauðsynlegs fjár í nauðsynlega aðstoð.

Ég ræddi málið almennt við 1. umr. þess, og skal ekki endurtaka neitt af því hér, heldur snúa mér að einstökum atriðum málsins, svo sem ætlazt er til við 2. umr. Ég skal þó endurtaka, að ég dreg ekki í efa í sjálfu sér, að nauðsyn sé á viðtækum ráðstöfunum útveginum til stuðnings. Það er augljóst mál, að væri ekkert að gert, yrði hlutur þeirra, sem við útveginn starfa, of rýr, miðað við það, sem þeir bera frá borði, sem vinna hliðstæð störf í þágu þjóðarheildarinnar.

Einhverjar ráðstafanir eru því tvímælalaust nauðsynlegar. Spurningin er fyrst og fremst, hve þessi aðstoð eigi að vera mikil. Ríkisstj. hefur undirbúið eða notað marga mánuði til að gera sér grein fyrir því, hversu aðstoðin ætti að verða mikil. Hún hefur ráðið marga sérfræðinga til þess að annast athuganir í því sambandi. Ríkisstj. skipaði t. d. 4 manna hagfræðinganefnd fyrir mörgum mánuðum til þess að gera athuganir hér að lútandi og skila áliti og tillögum um þessi efni. Hún hefur enn fremur látið ýmsa af ráðuneytisstjórum sínum og fiskimálastjóra vinna að miklum rannsóknum um þessi efni. Hins vegar hefur svo undarlega brugðið við, að hæstv. ríkisstj. hefur neitað stjórnarandstöðunni algerlega um að fá nokkurn aðgang að þeim upplýsingum, sem þessir sérfræðingar hennar hafa aflað og kostnaðurinn við hefur verið greiddur af landsfé. Stjórnarandstaðan hefur talið, að hún ætti rétt á því að fá að sjá niðurstöður þessara rannsókna. Hún hefur tekið fram, að hún ætlaðist ekki til þess að fá að vita um það fyrir fram, hvaða tillögur í einstökum atriðum þessir sérfræðingar gerðu eða hvaða tillögur hæstv. ríkisstj. hygðist gera. En hún hefur talið sig eiga kröfu á að fá aðgang að þeim skýrslum og rannsóknum, sem gerðar eru fyrir opinbert fé. Þær eiga ekki og mega ekki og geta ekki verið einkamál ríkisstj. einnar. Svo hefur hins vegar brugðið við, að hæstv. ríkisstj. hefur talið þessar rannsóknarniðurstöður vera sitt einkamál einvörðungu. Þetta hlýtur að vekja tortryggni í þá átt, að það, sem lagt er fram hér opinberlega sem till. ríkisstj., sé ekki að öllu leyti a. m. k. rökstutt með þeim hlutlausu rannsóknum, sem gerðar hafa verið.

Hæstv. ríkisstj. mun hafa látið stuðningsmenn sína, a. m. k. helztu stuðningsmenn sína hér á hinu háa Alþ., fá aðgang að ýmsum skýrslum, sem um þetta hefur verið safnað. Það hefur orðið þess valdandi, að nokkuð hefur síazt út um, hver t. d. hafi verið niðurstaða hagfræðinganefndarinnar og hvað hún hafi lagt til. Eftir þeim fregnum, sem mér hafa um þetta borizt, lagði hún til, að bátagjaldeyriskerfið í heild væri afnumið, m. ö. o., að einu helzta stefnuatriði núverandi stjórnarflokka varðandi framkvæmd aðstoðarinnar við útveginn skuli breytt, en jafnframt skuli B-skírteini innleyst. Mér hefur skilizt, að hagfræðingarnir hafi enn fremur lagt til,

að hliðstæðu gjaldi yrði haldið á þeim vörum, sem fluttar hafa verið inn samkvæmt bátagjaldeyriskerfinu, 60% álagi á vörur fluttar fyrir frjálsan gjaldeyri og 30% álagi á clearing-vöru, og enn fremur hafi þeir lagt til, að 30% gjald yrði lagt á fjölmargar aðrar innflutningsvörur, þó að undanskildum nauðsynjum almennings og útvegsins. Þeir hafa gert ráð fyrir því að afla *með þessu móti 220 millj. kr. í útflutningsstyrktarsjóð.* Innifalið í honum er það, sem bátagjaldeyriskerfið hefur gefið og reikna má að sé um 110 millj. kr. Þá var afgangurinn um 110 millj., en það, sem afla á samkv. þessu frv., er 137 millj. kr., svo að það virðist vera, ef þessar fregnir, sem ég hef af þessu haft, eru réttar, sem þeir hafi talið, að nauðsynlega þyrfti ekki nema um 110 millj. kr. nýjar álögur, þar sem hæstv. ríkisstj. telur að þurfi næstum 140 millj. kr. nýjar álögur. M. ö. o. hafa hagfræðingarnir talið, að komast mætti af með 30 millj. kr. minni álögur en ríkisstj. hefur nú gert till. um. Þeir gerðu ráð fyrir, að halda ætti áfram að greiða togurum *rekstrarstyrk með svipuðum hætti og verið hefur* og að bátarnir fengju uppbót í formi ákveðinnar greiðslu á fisk upp úr sjó.

Hver getur verið ástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengizt til þess að gera kunnar rannsóknarniðurstöður og till. hagfræðinganefndarinnar? Mig grunar, að meginástæðan sé sú, að í áliti hagfræðinganna hafi falizt mjög veruleg gagnrýni á stjórnina og stefnu hennar, að hagfræðingarnir hafi verið sammála um að gagnrýna ýmis veigamikil atriði í stjórnarframkvæmdum ríkisstjórnarinnar, þeir hafi t. d. talið, að bátagjaldeyriskerfið hafi gengið sér fullkomlega til húðar og það sé óverjandi að halda því *áfram. Samt sem áður ætlar hæstv. ríkisstj.* að halda því áfram. Enn fremur hefur mér skilizt, að þeir hafi gagnrýnt verulega þá fjárfestingarstarfsemi, sem haldið er uppi og studd af ríkisvaldinu, en engin breyting mun vera í aðsigi á því sviði af hálfu hæstv. ríkisstj.

Hvað sem þessu líður, er það tvímælalaust, að án þess að eiga aðgang að þeim skýrslum og rannsóknum, sem fram hafa farið á vegum ríkisvaldsins, er ógerningur að gera sér nákvæma grein fyrir því, hver er raunveruleg aðstoðarþörf togaraútvegsins og bátaútvegsins. Í sjálfu sér getum við í minni hl. hv. fjhn. því ekki gert brtt. um þær upphæðir, sem hér er lagt til að *greiddar skuli í rekstrarstyrki eða uppbætur.* Nokkur atriði eru þó hér, sem augljóst er að mætti færa til betra horfs, og hefur hv. 11. landsk. þm. (LJós) þegar gert grein fyrir sameiginlegri skoðun okkar á því máli. Við erum sammála um, að eðlilegra væri að fara aðra leið en þá að kaupa B-skírteini af útvegsmönnum, þ. e. að fara þá leið, sem þeir sjálfir stungu upp á í till. sínum til ríkisstj., að hlutazt væri til um, að bankarnir veittu lán, helzt vaxtalaus, með veði í innflutningsréttindunum. Ef það yrði gert, væri óþarfi að framkvæma nokkur kaup á óseldum B-skírteinum. Enn fremur erum við sammála um að fella niður 5. gr., þ. e. að láta það duga, sem þegar hefur verið gert til að afla fjár til greiðslu uppbóta á söluverð saltaðrar reknetasíldar, en um það gilda nú þegar fastir samningar milli útvegsmanna og hæstvirtrar ríkisstjórnar.

Við þessar tvær ráðstafanir minnkar fjáröflunarþörfin í sjóðinn úr 152 millj. í 116 millj. kr. Þar af eru til í bifreiðasjóði frá fyrra ári 15 millj., svo að nýtt fé, sem afla þarf, ætti samkv. því að vera 101 millj. kr. Nú tel ég það vera merg málsins í sambandi við slíkar ráðstafanir *allar, að með þeim er tapið á útveginum í raun* og veru þjóðnýtt, það er gert að alþjóðarmáli, að tap skuli vera á útveginum, ef til engra ráðstafana sé gripið. Hvað liggur þá beinna við en að segja sem svo, ef einhvers staðar í útveginum er ágóði: Á þá ekki einnig að þjóðnýta hann? Er þá ekki a. m. k. eðlilegt, að sá gróði, sem verður á einstökum sviðum í því mikla kerfi, sem útvegurinn er, gangi til þess að mæta því tapi, sem er á öðrum sviðum í útveginum?

Það hefur verið altalað undanfarin ár, að þó að sjálf fiskveiðitækin hafi verið rekin með halla, þ. e. bátarnir og togararnir, hafi verið verulegur gróði af fiskvinnslunni, og sum árin hefur það verið *tvímælalaust, að um gróða hefur þar verið* að ræða. Leiðin, sem farin hefur verið, hefur verið sú, að tapinu, sannanlegu tapi af rekstri togara og báta, hefur verið velt yfir á herðar alls almennings í landinu, ríkissjóður hefur tekið að sér greiðslu þess taps, en gróðinn í fiskvinnslustöðvunum hefur fengið að renna eftir sem áður í vasa þeirra, sem þær eiga, þangað til á þeim fer að verða tap, þá er ekki ætlazt til þess, að gróði fyrri áranna fari til að borga tapið, heldur er þá komið til ríkisvaldsins og ætlazt til, að tapið verði greitt af almannafé. Þetta er óeðlilegt. Í þessu er fólgin hin fyllsta öfugþróun. Hér verður að jafna á milli ára, gróði *eins árs verður að ganga upp í tap annars árs,* og hér verður að jafna á milli aðila innan útvegsins, gróði sá, sem einn aðili hlýtur, á að fara til að jafna tap, sem annar aðili ber. Ef reynslan sýnir ár eftir ár, að tap er, og ef reynslan sýnir, að tap er á öllum starfsháttum útvegsins, þá er ekkert við því að segja, þó að sótt sé greiðsla á því tapi í almannasjóð. Slíkur undirstöðuatvinnuvegur sem sjávarútvegurinn verður náttúrlega að fá þann hluta af heildarþjóðarframleiðslunni, sem honum ber, til þess að geta séð öllum þeim, sem við hann vinna, fyrir hliðstæðum kjörum og aðrir menn njóta fyrir jafnþjóðnýt störf.

En hvað á að gera til þess, að fyrir það verði tekið, að allt tap sé greitt af hinu opinbera, en gróði, ef hann verður og þegar hann verður, falli í skaut þeim, sem eiga þau fyrirtæki, sem hér eiga hlut að máli?

Mér finnst, að nú, þegar þetta mál er til umr., sé tími til þess kominn að staldra við. Með þessu frv. er gert ráð fyrir langstærstu uppbótargreiðslum til útvegsins, sem nokkurn tíma hefur verið gert ráð fyrir. Nú á að taka af almannafé meira til þess að greiða kostnaðinn við þjóðnýtingu tapsins en nokkurn tíma hefur verið gert áður. Þá finnst mér tími kominn til að gera ráðstafanir til þess að ganga úr skugga um eða tryggja, að sá gróði, sem þarna kann að myndast á einstökum sviðum, fari til þess að mæta tapinu, áður en komið er að ríkissjóðnum, áður

en farið er að sækja fé í vasa almennings. Þess vegna tel ég eðlilegt, að nú sé það gert að skilyrði fyrir aðstoð samkv. þessum lögum, að sá ágóði, sem myndast kann á einstökum sviðum útvegsins, sé endurgreiddur í framleiðslusjóðinn, ef athugun sýnir, að um ágóða er að ræða. Hér dugir ekki að veita ríkisstj. rétt eða skylda hana til þess að ganga úr skugga um, hvort um ágóða er að ræða á einstökum sviðum útvegsins. Menn treysta ríkisstj. alls ekki til þess að framkvæma hlutlausa rannsókn á afkomunni á útveginum. Ríkisstj. hefur meira að segja átt í hörðu við hraðfrystihúsin um að fá reikninga hjá þeim, sem þau þó fyrir löngu höfðu skilað skattayfirvöldum, og þegar einstakir atvinnurekendur í útvegsstétt gerast svo baldnir gagnvart ríkisstj. og ríkisstj. er jafnmáttlaus gagnvart þeim og raun ber vitni, dugir ekki annað en að taka málið nokkru fastari tökum. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv., sem er í prentun, en berst væntanlega sem þskj. innan nokkurra mínútna. Þar sem henni hefur ekki verið útbýtt, vil ég leyfa mér að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta. Hún er um, að á eftir 7. gr., greininni um greiðslu aðstoðarinnar, komi ný gr., svo hljóðandi:

„Skilyrði fyrir aðstoð samkv. lögum þessum er, að útgerðarmenn og eigendur fiskvinnslustöðva séu félagar í sameignarfélagi, sem stofnað sé í hverri verstöð. Stjórn hvers félags skipa þrír menn og skal einn þeirra kosinn af útgerðarmönnum og eigendum fiskvinnslustöðva, annar af sjómannafélögum verstöðvarinnar og hinn þriðji af ríkisstj., og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Stjórnin á aðgang að reikningum allra þátttakenda í félaginu og hefur úrskurðarvald um einstaka kostnaðarliði þeirra. Henni er enn fremur rétt og skylt að rannsaka rekstrarfyrirkomulag sérhvers félags og miða viðurkenningu sína á réttmæti einstakra kostnaðarliða við það, að um hagkvæman rekstur sé að ræða. Komi í ljós, að tekjuafgangur verði hjá félaga sameignarfélagsins, skal hann greiddur framleiðslusjóði, en þó aldrei hærri upphæð en nemur aðstoð þeirri, er hlutaðeigandi hefur fengið úr sjóðnum."

Ég skal leyfa mér að skýra meginhugsun þessarar brtt. með örfáum orðum. Ég tel algerlega óverjandi að ætla sér að greiða hátt á annað hundrað millj. kr. til útvegsins til þess að mæta tapi innan hans, án þess að það sé jafnframt fullkomlega tryggt, að verði hagnaður í einstökum greinum hans, gangi sá hagnaður fyrst og fremst til þess að mæta tapinu. Ég lít á útveginn allan sem eina heild, þar sem bæta eigi í þann vasann, sem vantar í, úr hinum, sem safnast fyrir í, og ráðið til þess er að gera það að skilyrði fyrir aðstoðinni, að í hverri verstöð sé myndað félag, sameignarfélag útgerðarmanna og eigenda fiskvinnslustöðva, og félagi þessu stjórnað af þrem mönnum, einum frá útvegsmönnum, einum frá sjómönnum og einum frá ríkisvaldinu, og að þessir aðilar eigi fullkominn aðgang að öllum reikningum og öllum upplýsingum um rekstur hinna einstöku fyrirtækja í verstöðinni. Það, sem ég legg sérstaka áherzlu á hér, er það, að sjómenn öðlist aðild að stjórn þessara félaga og þar með rétt til þess að kynna sér rekstur allra fyrirtækja útvegsins í eigin verstöð út í æsar til þess að ganga úr skugga um, hvort um hagkvæman rekstur sé að ræða eða ekki, og fá að vita um það, ef um gróða eða gróðamöguleika er að ræða. Ef það kemur í ljós, að rekstrurinn er alls staðar þannig, að rekstrarhagkvæmnin verður ekki aukin og að það er tap, þrátt fyrir það að fyllstu hagsýni sé gætt í hvívetna, þá hlýtur sjómaðurinn og allir landsmenn að viðurkenna, að nauðsyn er á opinberri aðstoð til útvegsins. Komi aftur á móti í ljós, að um hagnað sé að ræða á einhverju stigi, t. d. við fiskvinnslu, á að skila þeim hagnaði aftur í framleiðslusjóðinn. Með þessu móti einu hygg ég að hægt verði að sætta almenning í landinu við áframhald á þeirri braut, sem nú er komið út á í þessum efnum. Þjóðnýting á tapinu er því aðeins réttlát, að þeir, sem sjálfir vinna framleiðslustörfin, sannfærist um, að ekki sé hægt að reka framleiðsluna betur en gert er og að sá gróði, sem kann að myndast, fari fyrst og fremst til að jafna tapið, sem verður á öðrum sviðum.

Þá kem ég að hinu meginatriði málsins, hvernig eigi að afla þeirra tekna, sem nauðsynlegt er að afla í þessu skyni, samkv. þeim styrkjum, sem gert er ráð fyrir í I. kafla frv.

Ég sagði áðan, að ég teldi, að um 101 millj. kr. tekjuöflun í framleiðslusjóðinn nægði til þess að standa straum af þeim verkefnum, sem honum eru falin. Í bifreiðasjóði eru þegar 15 millj. kr., sem ég geri ráð fyrir að gangi í sjóðinn, eins og frv. einnig gerir. Teknanna á samkv. frv. að afla aðallega með fernu móti: í fyrsta lagi — og það er langstærsti tekjustofninn — með 9.9% gjaldi á nær allan innflutning, enn fremur með 30% gjaldi á ýmsa tollvöru, með 40% álagi á ýmsa innlenda tollvöruframleiðslu og með 100% álagi á fob-verð innfluttra bifreiða og bifhjóla. Eina tekjuöflunaraðferðin af þessum fjórum, sem ég get fallizt á, er sú að halda áfram að leggja 100% gjald á fob-verð innfluttra bifreiða, og geri ég því ekki till. um, að þeim ákvæðum verði breytt. En við erum sammála um það í minni hl. fjhn., að tekjuáætlunin, að upphæð 8 millj., sé of lág og að fyllilega væri óhætt að tvöfalda þá tekjuáætlun og reikna með 16 millj. kr. tekjum af þessu bifreiðaleyfagjaldi. Eftir verður þá nauðsyn á 85 millj. kr. tekjuöflun í framleiðslusjóðinn.

Ég get með engu móti fallizt á, að sanngjarnt sé að afla þessara tekna fyrst og fremst með því að leggja hlutfallslega jafnt gjald, næstum 10%, á nær allan innflutning í landinu, og rökstyð ég það með tvennu móti. Fyrri röksemdin er sú, að með þessu móti er byrðunum af aðstoðinni við útveginn velt á herðar alls almennings hlutfallslega jafnt, hvort sem um nauðsynlega neyzlu er að ræða eða ónauðsynlega, hvort sem hlutaðeigandi er ríkur eða fátækur. Þetta er ranglátt, og þetta er, held ég, í fyrsta skipti, sem stórfjár er aflað í ríkissjóð, án þess að nokkur tilraun sé gerð til þess að miða álögurnar að einhverju leyti við gjaldgetu þeirra, sem þær eiga að bera. Hingað til, er um slíkar stórálögur hefur verið að ræða, hefur alltaf verið reynt með einhverjum hætti að leggja þyngri

byrðar á þá, sem breiðari hafa bökin. Hér er það ekki gert, hér skulu allir greiða jafnt, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, hvort sem þeir nota nauðsynlega vöru eða ónauðsynlega. Í þessu sambandi má geta þess, að eftir þeim fregnum, sem ég hef haft, gerði hagfræðinganefndin ekki till. um að fara þannig að. Það gjald, sem hún reiknaði með á innflutninginn og var að vísu hærri hundraðshluti, átti alls ekki að falla á helztu nauðsynjavörur almennings og helztu nauðsynjavörur útvegsins. Hjá þeim var sjónarmiðið auðsjáanlega það að hlífa hinni bráðnauðsynlegustu neyzlu og hlífa framleiðslunni. Ríkisstj. hefur tekið hinn kostinn að leggja jafnþungt á nauðsynlegu neyzluna og að leggja jafnmikið á framleiðsluna. Þetta er óeðlilegt, og á þetta get ég með engu móti fallizt.

Hin meginröksemdin gegn þessu er sú, að hér er verið að taka af framleiðslunni með annarri hendinni það, sem henni er rétt með hinni, því að samkv. vísitölukerfinu, sem er í gildi og á að vera í gildi áfram, hækkar auðvitað verðlag og þar með vísitala og kaup, svo að útvegurinn verður mjög bráðlega að bera hærri kaupgreiðslur en hann hefði þurft, ef nauðsynjavörunum hefði verið hlíft, og er það auðvitað það sjónarmið, sem vakað hefur fyrir hagfræðingunum, er þeir gerðu sínar tillögur.

En þá er spurningin, hvernig eigi að afla þeirra 85 millj. kr., sem ég fellst á að aflað sé í framleiðslusjóð til bráðabirgða, þangað til séð verður með því fyrirkomulagi, sem ég geri að öðru leyti ráð fyrir í brtt. mínum, hvort ekki verður um gróða að ræða á ýmsum öðrum sviðum útvegsins, sem gæti minnkað þá álöguþörf.

Ég hef leyft mér að flytja till. um, hvernig þess fjár skuli aflað, og er sú till. einnig í prentun, eins og hin fyrri, sem ég nefndi. Ég vil því leyfa mér að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún er um, að 13. gr. frv. orðist þannig:

„Ríkisstj. skipar eftir tilnefningu þingflokkanna 5 manna nefnd til að undirbúa lagasetningu um skatt á verðbólgugróða, og skal hún hafa lokið störfum fyrir 15. febr. n. k. Skatturinn skal lagður á eignarauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. jan. 1940 til 30. des. 1955, vera stighækkandi og nema sem næst 85 millj. kr. samtals. Skatturinn skal þó aðeins lagður á þá skattþegna, sem hafa aukið skuldlausa eign sína um meira en 300 þús. kr. á þessu tímabili. Við ákvörðun eignaraukans skal miða við gangverð eigna. Í lögunum skal vera heimild til þess að framkvæma birgðatalningu og skrásetningu verðbréfa.“

Ég legg svo til, að aðrar gr. í frv. um tekjuöflun verði felldar niður.

Megintilgangurinn er að láta þá, sem hagnazt hafa á hinni gífurlegu verðbólguþróun undanfarinna 15 ára, greiða þær 85 millj. kr., sem nauðsynlegt er að útvegurinn fái í sinn hlut, að því er séð verður nú, í stað þess að allur almenningur eigi að greiða þessar 85 millj. af neyzlu sinni á líðandi ári. Á því er ekki nokkur vafi, að gróðamyndun á s. l. 15 árum hér á landi hefur verið gífurleg, nemur mörg hundruð milljónum, ef ekki milljörðum króna. Hvað er eðlilegra, þegar gera þarf hallærisráðstafanir eins og þær, sem hér er um að ræða, þegar gerðar eru slíkar öngþveitisráðstafanir útveginum til hjálpar, en að taka fé þar, sem gróði hefur safnazt saman á undanförnum hálfum öðrum áratug. Það á auðvitað að gera, áður en seilzt er ofan í vasa alls almennings, sem nú hefur í ýmsum stéttum ekki meira en rétt til hnífs og skeiðar. Þessa tekjuöflun tel ég margfalt réttmætari og skynsamlegri en að leggja tekjuöflunina á neyzlu manna, hlutfallslega jafnt á alla neyzlu.

Mergurinn málsins er svo auðvitað sá, að það þarf að koma útvegsmálunum í það horf, að ekki þurfi ár eftir ár að grípa til neyðarráðstafana eins og hér er gert. Því verður auðvitað ekki haldið áfram ár eftir ár að taka allt að 100 millj. kr. af eignaraukanum síðan 1940, og það er ekki heldur ætlunin. Mergurinn málsins er sá, að snúið sé við á þeirri óheillabraut, sem mál útvegsins hafa verið á undanfarin ár, þannig að enn þurfi ekki að koma til svipaðra ráðstafana. Það er í trausti þess, að þetta sé í síðasta skipti, sem til slíkra vandræðaráðstafana er gripið, að ég legg til, að þessi aðferð verði viðhöfð, að verðbólgugróði s. l. hálfs annars áratugs sé fyrst og fremst notaður til þess að greiða það, sem útvegurinn nú þarf á að halda. Ég er sannfærður um, að þessar 85 millj. kr. eru ekki nema lítill hluti af þeim feiknagróða, sem safnazt hefur saman á ýmsum sviðum íslenzks atvinnu- og fjármálalífs á undanförnum hálfum öðrum áratug. Ef frv. er afgreitt á þennan hátt, þá held ég, að útvegurinn mætti vel við una. Það er séð fyrir þörfum hans á yfirstandandi ári, en það eru ekki lagðar ósanngjarnar byrðar á almenning til þess að standa straum af nauðsynlegum aðgerðum útveginum til hjálpar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hef nú kannske ekki fyllilega aðstöðu til að átta mig á þeim till., sem hv. frsm. minni hl. hafa gert hér að umræðuefni, því að þær liggja ekki enn fyrir prentaðar. Ég tel mig þó hafa fengið um þær nægar upplýsingar til að geta lýst því yfir, að ég get ekki á þær fallizt, og ég býst við, að það sé sameiginlegt álit þeirra, sem að því frv. standa, sem hér er til umr.

Hv. 1. landsk., sem hér var að enda við að tala, vitnaði mjög í hagfræðingaskýrsluna svonefndu, sem hann taldi að ríkisstj. hefði borið skylda til að leggja fram fyrir alla þá alþm., sem þess óskuðu, en taldi að öðru leyti vera leyndarmál. Ríkisstj. ber náttúrlega ekki skylda til þess að sýna öðrum en þeim, sem hún sjálf óskar, þau gögn, sem hún hefur aflað sér, hvort sem það er á þessu sviði eða öðru. Auk þess liggur það mál svo sérstaklega fyrir, að þegar ríkisstj. fékk þessa ágætu hagfræðinga til að starfa fyrir sig, gaf hún þeim um það fyrirheit, að þeirra umsagnir, rannsóknir og till. yrðu ekki birtar, og um það hefur ríkisstj. borizt skrifleg áskorun að gefnu tilefni frá öllum þessum hagfræðingum, að við það loforð sé staðið. Ég leiði svo aðeins athygli að því, að það er ekki hægt að leggja neitt verulegt upp úr því, sem hv. 1. landsk. segir um þessa skýrslu, vegna þess að hún hefur verið afhent þm. sem trúnaðarmál og ekki honum, og

hann getur þar af leiðandi ekkert um það vitað, hvað í henni stendur. Mér dettur ekki í hug að gera neinum þeim, sem þessa skýrslu hefur fengið í hendur sem einkamál og trúnaðarmál, neinar getsakir um, að þeir hafi sagt honum né öðrum frá því, sem þar stendur.

Þessi hv. þm. vildi, ef ég skil rétt, gera tvær veigamiklar brtt. við þetta frv. Önnur hné að því, að allir útgerðarmenn og öll frystihús skyldu skoðast sem ein heild. Ef eitthvert frystihús einhvers staðar einhvern tíma græddi, skyldi það greiða tap einhvers annars frystihúss, sem einhvers staðar annars staðar tapaði. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé í fyrsta skipti, sem slík till. kemur fram á Alþingi, og mér er hún svo fjarstæð, að ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Ég get ekki sætt mig við, að þó að framleiðslustarfsemi landsmanna hafi verið stefnt í voða vegna aukinna og of mikilla krafna eða byrða, sem hafa verið lagðar henni á herðar, skuli af því leiða, að enginn maður megi reka þessa atvinnu nema með þeirri kvöð, að hann skuli, ef honum gengur vel eða sæmilega, nota það, sem honum kann að áskotnast, til að greiða tap fyrir einhvern mann, sem hann hefur aldrei séð né getur nein áhrif haft á hvernig kann að stjórna sínu fyrirtæki. Þetta veit ég að a. m. k. flestum hv. alþm. finnst eðlileg skoðun af minni hendi; því mun ég trúa, þar til annað reynist.

Hin aðaltill. hv. þm. var sú, að tekna í framleiðslusjóð skyldi afla með þeim hætti, ef ég skildi rétt, að það ætti að skipa þingnefnd, sem innan 15. febr. ætti að finna út, með hverjum hætti skyldi taka 85 millj. kr. af þeim gróða, sem orðið hefði í þjóðfélaginu frá 1940. Var þetta ekki rétt skilið? Ja, ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur átt við 15. febr. n. k. eða t. d. 1966. (Gripið fram í.) Stendur í tillögunni, já. En ég teldi það rösklega af sér vikið, ef menn gætu setzt niður núna og leitað að þessum 85 millj., — segjum, að það væri einhvers staðar á milli 70 og 100 millj. kr., sem ætti að finna, svo að maður léti þá ekki hafa allt of næman mælikvarða, og þeir ættu að greiða þetta, sem hefðu efnazt um meira en 300 þús. á þessu tímabili, — og þeir hefðu lokið því fyrir 15. febr. n. k.

Auk þess er ég andstæður þessum eilífa eltingarleik við þá, sem til einhverra bjargálna hafa komizt, eins og það væri pest og mein í þjóðfélaginu, maður, t. d. eins og ungur prófessor, hefði með elju og dugnaði getað eignazt íbúð yfir höfuðið á sér. Við skulum segja, að þessi maður hefði verið vinnuforkur á árunum frá 1940 til 1945 eða 1950, hefði með því að fella dag við nótt getað aflað sér einhverra þeirra tekna, að hann á þeim árum hefði getað komið sér upp smávægilegri íbúð fyrir sig, konu sína og börn, sem kannske í dag væri 500 þús. kr. virði, hefði þá kostað 140—150 þús. kr. Slíkan mann ætti að fara að elta og skattleggja af því, sem hann hefur hagnazt umfram 300 þús. kr. Mér er þetta ákaflega ógeðfelld tilfinning. Auk þess álít ég, að þetta yrði svo vandunnið verk, að þegar af þeirri ástæðu væri ekki leggjandi út í það.

Ég skil hins vegar vel, að menn leiti allra úrræða og þá þessara eins og annarra, láti sér detta það í hug, þegar þarf á svo miklum tekjum að halda. En þá vænti ég einnig, að menn skilji, að eins og hv. stjórnarandstæðingar vilja ekki sætta sig við þær till., sem ríkisstj. hefur leyft sér fram að flytja, er ríkisstj. ekki heldur ginnkeypt, — og get ég þó ekki talað í hennar nafni á þessari stundu, því að við höfum ekki borið okkur saman, — en ég hygg, að ég megi segja f. h. míns flokks: ekki ginnkeypt fyrir uppástungum eins og þessum.

Ég vil svo aðeins leiðrétta það að gefnu tilefni, sem hv. þm. sagði, að þessi 9.9% tollur eða skattur, sem á að leggjast á innfluttar vörur, er náttúrlega ekki á nærri öllum vörum. Það eru ýmsar vörur þar undanþegnar, þ. á m. ýmsar helztu framleiðsluvörurnar svoköllуðu. Ég nefni þar til olíu, benzín, salt, kol, fóðurbæti, áburð, veiðarfæri og ýmislegt fleira, sem ég man nú ekki upp að telja, en ekki er meiningin að skatturinn falli á.

Hv. 11. landsk. (LJós) hafði að sumu leyti svipaðar till. að gera og að nokkru leyti ólíkar þó. Hann gerði mjög að umræðuefni, hvað olíuverðið væri miklu hærra á Íslandi en annars staðar, og ef hans tölur eru réttar, viðurkenni ég, að mér þykir það nokkuð undarleg skýrsla, sem hann flutti, og get ekki gert mér grein fyrir, hvernig á þessu stendur. Ég get að sönnu gert mér grein fyrir því, að það er ekki sambærilegt að taka einn útgerðarbæ í Þýzkalandi annars vegar og Ísland, sem hefur meðaltalsverð, hins vegar. Það er enginn dreifingarkostnaður, sem lendir á olíuna frá þessum hafnarbæ, en það eigum við aftur við að búa hér á landi. Hins vegar bendi ég honum og öðrum þeim, sem hér hafa mjög haft í frammi óskir um almennt verðlagseftirlit, á það, að einmitt olían er undir verðlagseftirliti, einmitt hún, og í því hefði ég viljað mega telja að lægi nokkur trygging fyrir hóflegu verðlagi á þessari vöru, a. m. k. í augum þeirra manna, sem svo mjög treysta á verðlagseftirlit sem þessi hv. þm. hefur gert.

Ég skal ekkert deila við hv. þm. um það, hvort rétt er, að mikill hluti þeirra bóta, sem togararnir fá með þessu frv., sé nokkurn veginn fyrirsjáanlega af þeim tekinn með hækkun á olíu, sem við náttúrlega ráðum ekki við hér, og með lækkun á karfaverði, sem við ráðum ekki heldur við, og með væntanlegri kauphækkun. Ég geri ráð fyrir, að það sé nokkuð til í því, sem hann sagði, þó að ég vildi mega vona, að það væri ekki með öllu rétt. Ég skal þó benda honum á um þann veigamikla lið, sem hann nefndi, karfann, en hann taldi, að lækkað verðlag á karfa, sem nú á að miða við, frá því, sem það raunverulega var á árinu 1955, mundi lækka hlut togarans um hér um bil 1200—1300 kr. á dag, ef ég man rétt, að það er náttúrlega enginn togari neyddur til að vera endilega á karfaveiðum. Ef útkoman hvað karfa áhrærir er svona miklu verri en áður var, þá geta þeir stundað saltfisksveiðar eða ísfisksveiðar í ríkari mæli, sérstaklega ef takast mætti að ná samkomulagi við Breta um afléttingu löndunarbannsins þar. (Gripið fram í.) Það á auðvitað að knýja Breta til að aflétta löndunarbanninu, ef það er hægt. (Gripið fram í.) Ég veit nú ekki,

hvort menn ganga almennt kaupum og sölum, en ég veit, að það eru til lubbar, sem hægt er að kaupa.

Hv. þm. sagði varðandi tekjuhliðina, að hann teldi réttara að áætla 16 millj. kr. tekjur af bílaskatti. Ég hef ekki og við í stjórninni talið óhætt að áætla þetta nema 8 millj. og höfum þá gert ráð fyrir, að bílainnflutningurinn miðaðist við það.

Hv. þm. taldi ekki ástæðu til að reikna þarna með Faxasíldinni og kostnaði af henni. Það er a. m. k. hyggilegt að gera ráð fyrir, að á þessu ári, sem nú er byrjað, þurfi að grípa til einhverra svipaðra ráðstafana og gert var á síðasta ári, og þegar þess er gætt, að tóbaksskatturinn gefur ekki nema nokkurn hluta af þeim tilkostnaði, sem hefur verið við stuðning við þessa framleiðslustarfsemi, þá tel ég hyggilegt að ætla 10 millj. í þessa síld með hliðsjón af að endurgreiða ríkissjóði það, sem hann hafði greitt á árinu 1955 umfram tekjurnar af tóbakshækkuninni, og höfum við þá með því eitthvað upp í kostnað á árinu 1956.

Varðandi till. bæði hv. 11. landsk. og hv. 1. landsk. um að fella niður tekjuöflun til uppkaupa á B-skírteinum vil ég aðeins segja það, að ég dreg í efa, að þeir hafi skoðað það mál niður í kjölinn. Fyrir okkur vakir að reyna með þessu að girða fyrir, að þessi svokallaði hali B-skírteina, þ. e. a. s. magnupphæð B-skírteinanna, fari vaxandi, og helzt að hann geti farið minnkandi. Ég ætla að ganga út frá og veit, að mér er það óhætt, að þessir tveir hv. þm. þekki alveg það kerfi, sem hér er um að ræða. Ég hygg, að það sé rétt mynd af kerfinu að segja, að í byrjun þessa árs hafi legið óseld B-skírteini, sem séu að upphæð 55 millj. kr. Nú er það svo, að á þessu ári er vitað, að bátaflotinn stækkar og það allverulega, og ef menn leyfa sér að vona, að aflabrögð verði ekki verri og verðlag svipað og var í fyrra, þá vex upphæð B-skírteina. Af því mundi leiða, úr því að bátagjaldeyrislistinn er óbreyttur, að þessar 55 millj. mundu hækka, en ekki lækka. Það gefur hins vegar auga leið, að það getur verið hættulegt að hafa mjög risavaxna upphæð þessara skírteina óselda á markaðnum, og skal ég ekki rökstyðja það frekar. Auðvitað þarf ég ekki að benda þessum hv. þm. á, að engin ríkisstj. gerir það að gamni sínu að fara að hækka álögur á þjóðina um 26 millj. til að kaupa upp þessi skírteini og rífa þau svo eða brenna. Ríkisstj. hlýtur þess vegna að álíta, að þetta sé mikil nauðsyn.

Ég skal svo aðeins út af till. hv. 11. landsk. um tekjustofnana segja, að það litur náttúrlega vel út að taka þetta af vátryggingarfélögum, mér er nú ekkert kunnugt um þeirra hag, af olíugróðanum, sem hann kallar, af bankagróðanum, af verktökunum og skipafélögunum. Það er sjálfsagt hyggilegt til vinsælda að benda á einhverja svona stóra aðila og segja: Látum þá bara borga brúsann, þá erum við hinir lausir. — Og ég væri mjög ánægður, ef einhver vildi borga það, sem mér er ætlað í þessum sköttum. Það er nú kannske ekkert mjög mikið, en ánægður væri ég þó. Ég veit hins vegar ekki nægilega um þessar tekjur, sem hér er verið að ræða um, til þess að segja: Úr því að við þurfum á svona fúlgu að halda, þá nefnum við þarna nokkra menn og segjum, að þeir borgi eða nokkur fyrirtæki borgi. Til þess þurfa auðvitað að liggja fyrir allt aðrar og miklu meiri skýrslur um þeirra efnahag en ég hef handbærar í bili. En aðalatriðið er, og því vil ég að menn veiti athygli, að ef hér er um að ræða svona stórkostlegan gróða hjá þessum félögum, þá hlýtur að vera hægt að ná honum í gegnum tekjuskattslögin, a. m. k. að verulegu leyti. Það hlýtur að vera hægt. Og ef þessir aðilar hafa þessa gífurlegu gjaldgetu og þó þannig, miðað við allar aðstæður, að það sé óhætt að taka þetta af þeim, þá trúi ég ekki, að svo hugkvæmir menn sem hér eiga hlut að máli hafi aldrei komið auga á fyrr en nú, að það væri rétt að gera þetta, en till. man ég ekki eftir að hafa séð um það. Ég veit að vísu, að ég hef sjálfur mjög haldið verndarhendi yfir Eimskipafélagi Íslands, að það hefði skattfrelsi. Það er hæpið, hvað lengi þarf að gera það. Félaginu hefur vaxið vel fiskur um hrygg, og það getur verið, að það komi nú að því, að það geti greitt skatt eins og önnur hliðstæð félög, og skal ég þá sízt hafa á móti því.

Ég hef oft talað um það, að þó að megi benda á háa vexti og annað slíkt, þá er það staðreynd, að bankarnir á Íslandi eru ekki of ríkir, heldur of fátækir. Það er staðreynd, og það er ákaflega hæpið fyrir þjóðfélagið að setja það fram sem óskalista, að bankarnir verði sem verst stæðir, auk þess sem það er náttúrlega ákaflega hæpin leið, að löggjafinn grípi snögglega inn í slíka starfsemi og segi með einu pennastriki, svo að við notum gott og gamalt orð: Viljið þið gera svo vel að skila hálfum arðinum, sem þið hafið haft á undanförnu ári eða árum, til vissra þarfa? — Ég hygg, að það mundi ekki verða til að styrkja lánstraust Íslands út á við. Ég er ósköp hræddur um, að vátryggingarfélögin og olíufélögin, ef þau ættu að borga slíka skatta, hefðu kannske einhver ráð með að koma því aftur yfir á útgerðina, svo að það væri þá svipað og það, sem hér er verið að tala um og gagnrýna að eigi að gera.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, herra forseti, að þessu sinni og vona, að auðnast megi að ljúka 2. umr., svo að málið geti náð sem fyrst afgreiðslu gegnum þingið, vegna þess, sem mönnum nú einnig er ljóst, að það liggur viss hætta í því að tefja úr hófi afgreiðslu málsins, því að með því eru skapaðir möguleikar fyrir einstaka aðila til óeðlilegs gróða.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 315 og 318, sem voru of seint fram komnar, og skrifl. brtt. (sjá þskj. 319) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Í nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 313 er að nokkru leyti gerð grein fyrir afstöðu minni til þessa stóra máls, sem hér liggur fyrir. En mér þykir þó ástæða til að segja til viðbótar nokkur orð um skoðun mína á því.

Mér og öðrum var það vissulega ljóst fyrir löngu, að það yrði ekki hjá því komizt að gera stórfelldar ráðstafanir til bjargar útgerðinni og

landbúnaðinum, eins og sökum er nú komið, og mér er kunnugt um það, að hæstv. forsrh. og hans aðstoðarmenn hafa lagt í það mikla vinnu undanfarnar vikur að koma á því samkomulagi, sem fram kemur í þessu frv. varðandi aðstoð til útgerðarinnar og útgerðarfélaganna. Ég fyrir mitt leyti er því eindregið þeirrar skoðunar, að það verði ekki hjá því komizt að veita þær upphæðir, sem hér er um að ræða. En mér þykir sá galli á þeim og get ekki leynt honum, að þetta eru bráðabirgðaráðstafanir, sem maður veit ekki nema þurfi að endurtaka baráttuna um strax um næstu áramót.

Í þeim till., sem ég hef lagt hér fram í byrjun þings, var til þess ætlazt, að við kæmum á þetta fastri skipan, þannig að það væri hvað útgerðina snerti miðað við það framleiðsluverð, sem sannað ist að vera næsta ár áður hjá bæjarútgerðunum að meðaltali. Þetta virðist hv. þm. ekki hafa viljað hlusta á, en ýmislegt bendir til þess, að þetta væri mjög réttlát leið, og hún gæti dugað ekki einu sinni, heldur og áframhaldandi. Hv. 1. landsk. (GÞG) var að tala um það áðan, að hann treysti ekki ríkisstj. til þess að gera hlutlausa rannsókn á því á hverjum tíma, hvað útgerðin þyrfti að fá mikla aðstoð. Þessi hv. þm., sem er, eins og kunnugt er, ríkisrekstrarmaður og sósialisti, ætti að geta treyst því, að þessi fyrirtæki, sem hafa hvað bezta aðstöðu af útgerðaraðilum í landinu, ættu að geta sýnt þann árangur, sem ætti að vera hægt fyrir slíkan mann að treysta að einkareksturinn gæti miðazt við. Og þessi sami hv. þm. var að tala um það, að við yrðum alltaf að vera í vafa um það, miðað við þetta frv., hvort ekki væri hægt að reka útgerðina betur en kemur fram í þeim skýrslum, sem hér hafa verið lagðar fram.

Nú þýðir ekki í sjálfu sér á þessu stigi málsins að tala mikið um þá leið, sem ég hef hér lagt til. En ég get ekki látið hjá líða að geta þess, að mín skoðun í því efni hefur ekki að neinu leyti breytzt, enda þótt ég fylgi þeim till., sem hér liggja fyrir í I. og II. kafla þessa frv., sem eru bráðabirgðatillögur, og treysti ég mér ekki til að gera á þeim breytingar, miðað við þann grundvöll, sem þær eru byggðar á. En það er annað í þessu frv., sem mér þykir miklu meira neyðarúrræði að samþykkja, enda þótt naumast sé um annað að tala, eftir að búið er að binda það fastmælum milli tveggja stærstu flokka þingsins, að þessa leið skuli fara, en ekki aðra. Þetta neyðarúrræði er það, á hvern hátt tekjurnar eru teknar í þennan stóra sjóð. Meginhlutinn af þeim, kannske svo að segja allt, að undanteknum bílaskattinum, þýðir verðhækkun á vörum, þýðir hækkun á vísitölu, hækkun á kaupgjaldi, hækkun á launum og áframhaldandi dýrtíðarskrúfu. Hins vegar hef ég, eins og menn vita, lagt til, að þær upphæðir, sem þarf að afla á þennan hátt, séu lagðar öðrum þræði á eyðsluna, hins vegar beint á launin yfir alla línuna, þjóðina alla, og þá kæmi það hlutfallslega á fólkið eftir því, hvað hver hefði há laun, og næðist að nokkru leyti það, sem hv. 1. landsk. var að tala um. Hefur hann þó verið mjög á móti þeirri leið, að það yrði farið að nokkru leyti eftir því, hvað menn geta borgað. Þó að þetta væri að mínu áliti rétt leið og leið, sem ekki mundi hafa í för með sér þá vaxandi skrúfu, sem auðsjáanlega heldur áfram og batnar ekki við þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, þá er svo komið, að þegar um það er að ræða, hvort útgerðin á að vera rekin eða ekki, þá verðum við, sem erum í félagsskap um að bera ábyrgð á afgreiðslu mála hér á Alþ., að dragnast með til þess að fylgja slíkum till., enda þótt við teljum aðrar heppilegri og betri. Á þessum grundvelli og á þessum grundvelli einum mun ég neyðast til þess að fylgja þessu frv., eins og ég hef í fjhn. mælt með.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er gott að fá í eitt skipti eina rödd úr hópi þeirra þm., sem fylgja stjórnarflokkunum. Ég hef undanfarið skorað allmikið á þm. Framsfl. að láta í ljós afstöðu sína til þeirra tveggja mála, sem hérna liggja fyrir, annarra en ráðherranna, og þeir hafa þagað. En einn af elztu þm. Sjálfstfl., fyrrverandi forseti sameinaðs Alþingis og fyrrverandi ráðherra þess flokks, dregur ekkert úr því, hvernig hugurinn sé hjá þeim heiðarlegu mönnum í því liði, sem geta ekki á sér setið að segja sinn hug um þessar till., sem hér liggja fyrir, og hann segist neyðast til þess og dragnast til að fylgja ríkisstjórninni. Svona eru þessi bjargráð, sem hæstv. ríkisstj. leggur fram, að ef nokkur hennar þm. opnar sinn munn, þá gefur hann þá yfirlýsingu, að hann neyðist til að fylgja þessu og hann dragnist til þess að fylgja því.

Spurningin er, hvernig þm. stjórnarliðsins líta á málin, sem stjórnin leggur hér fyrir. Svo skulum við hins vegar athuga, hvað hægt væri að gera til þess að koma þeim stjórnarþingmönnum, sem á annað borð færu nú loksins að rumska, inn á einhverjar skynsamlegar leiðir.

Mér þykir verst, ef hæstv. forsrh. er hvergi nærri. Hann lét svo lítið að fara að koma fram með nokkur rök í þessum málum, og það hefur fram að þessu verið mjög erfitt að fá hann inn á það að ræða málin, þannig að ég vildi gjarnan víkja nokkrum orðum að þeirri ræðu, sem hann flutti hérna áðan. Ef hæstv. forsrh. er í húsinu, þætti mér vænt um, að hæstv. forseti léti hann vita af því.

Hæstv. forsrh. sagðist vera á móti till. á þskj. 315, till. Sósfl. viðvíkjandi því að jafna þessum álögum niður á einokunarauðvaldið í landinu. Mig furðaði satt að segja ekkert á því, en mig furðaði dálítið á röksemdaleiðslunni hjá hæstv. forsrh. í þessu sambandi. Hann byrjaði með því að segja, að hann þyrfti nú meiri skýrslur, hann meinti skýrslur um gróða bankanna og olíuhringanna, flutningaskipafélaganna, vátryggingarfélaganna og annarra slíkra, — hann þyrfti meiri skýrslur. Jæja, hefur þá sérfræðinganefnd ríkisstj. ekki rannsakað neitt afkomu þessara aðila? Hefur hagfræðinganefndin svikizt um að rannsaka það, þegar hún átti að athuga hag útgerðarinnar, hvort einhverjir aðilar væru í landinu, sem stælu af útgerðinni í svo ríkum mæli, að henni væri ekki nóg eftirskilið, til þess að hún gæti borið sig? Hefur hagfræðinganefndin álitið það utan við sitt verkefni að rannsaka þetta,

eða hefur hæstv. ríkisstj. bannað hagfræðingunum að rannsaka þetta? Kannske ég mætti fá upplýsingar um þetta, hvort heldur er? Hefur hæstv. ríkisstj. svikizt um að gefa fyrirmæli til sinnar sérfræðinganefndar um að rannsaka þennan hlut? Hefur hæstv. ríkisstj. svikizt um það? Kannske hæstv. ríkisstj. sæi ástæðu til að leggja hérna fyrir okkur skipunarbréf hennar til sérfræðinganefndarinnar, þannig að við fengjum einu sinni að vita, hvað þeim mönnum var falið að rannsaka, sem ríkisstj. lætur vinna í því mánuðum saman og vafalaust borgar of fjár fyrir að rannsaka ástandið í landinu, áður en 200 millj. kr. skattur er lagður á þjóðina. Ég vonast til þess, að hæstv. ráðherrar, sem hér eru inni, ef forsrh. mætir ekki, gefi okkur upp, hverjum er um að kenna. Hafa hagfræðingarnir svikizt um að gera þetta, eða hefur ríkisstj. svikizt um að segja þeim að gera þetta?

Nú segir hæstv. ráðh. við okkur: Það vantar meiri skýrslur. — Hér erum við búnir að biðja um skýrslur í marga mánuði. Við erum búnir að leggja til að fá að rannsaka þessa hluti. Við erum búnir að biðja um að fá að vita, hvers konar skýrslur það eru, sem þarna liggja fyrir, og í fyrsta skipti, sem hæstv. forsrh. fæst til þess að svara einni athugasemd eða einni till. um, hvernig eigi að útvega fé, þá segir hann: Mig vantar meiri skýrslur. — Ja, það verður þokkalegt, ef hann á að vera lengi forsrh. og sjá oft um að undirbúa hluti eins og þetta. En ég verð að segja, að mér er ekki alveg grunlaust um, að forsrh. hafi vitað betur en hann vildi láta. Hann talaði um, að þessir aðilar, sem þarna eigi hlut að máli og eigi nú að fara að borga allt í einu, hafi ekki mikil efni á því, bankarnir meira að segja séu ekki of ríkir. En fólkið, verkamennirnir, bændurnar, millistéttarfólkið, það er nógu ríkt, það getur borgað. Mennirnir, sem í átta ár eru búnir að búa við lægri laun en þeir höfðu 1947, þeir geta borgað, þar á má hlaða, en þeir aðilar, sem hafa grætt, eins og einn einasti banki í landinu, svo að skiptir hundruðum millj. kr. á þessum tíma, mega ekki borga. Og nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh.: Er hann svona ókunnugur öllum þessum fyrirtækjum, að hann viti ekki neitt um afkomu þeirra? Við skulum taka bankana fyrst: Hverjir eru í stjórn Landsbankans, hverjir eru í bankaráði Landsbankans? Er ekki hæstv. forsrh. sjálfur í bankaráði Landsbankans? Og hefur hann ekki hvað bankastjórnina snertir það þægilegan aðgang að bankastjórum Landsbankans, fyrir utan það að vera bankaráðsmaður, að hann ætti að geta fengið upplýsingar um, hvernig Landsbankinn ber sig? Vill hæstv. forsrh. ræða hérna við mig um reikninga Landsbankans? Ég hef séð heildarreikningana eins og hann. Vill hann staðhæfa, að þó að reikningarnir séu t. d. síðasta árið afgreiddir með um 26—27 millj. kr. gróða, þá sé ekki sá raunverulegi gróði nær því að vera 40 milljónir? Hæstv. forsrh. er sjálfur í stjórn Landsbankans og veit ósköp vel, hvernig þessi banki stendur, og hann veit ósköp vel, hvað hann á í skuldlausum eignum fyrir utan allar fasteignir: á þriðja hundrað milljónir króna bara í sjóðunum, og samt búinn að skrifa niður meginið af öllum skuldabréfum stórkostlega. Nei, hæstv. forsrh. veit ósköp vel, að þessir bankar eru nógu ríkir til þess að bera þetta. Eða þá olíufélögin, skyldi hæstv. forsrh. ekki hafa neina aðstöðu til þess að spyrja t. d. í stjórn Shell, hvernig það gengi? Er það svo fjarskylt honum? Eða hvað snertir Eimskipafélag Íslands, er ekki varaformaður Sjálfstfl. einn aðalstjórnandi Eimskipafélags Íslands? Er ekki bróðir hæstv. forsrh. annar í stjórn Eimskipafélags Íslands? Er ekki mágur hæstv. forsrh. forstjóri Eimskipafélags Íslands? Ætlar hann að reyna að telja okkur trú um, að hann hafi ekki aðstöðu til þess að vita, hvernig þessi félög græða? Nei, það þýðir ekki að koma hér fram og segja neitt slíkt.

Viðvíkjandi verktökunum fer ekki á milli mála, hvað þeir hafa grætt á undanförnum árum og hvað búizt er við að þeir græði nú og hvernig ríkisstj. sjálf sem slík er fléttuð inn í allan þann „svindilbusiness“, svo að maður noti orð verzlunarmannanna hér í Reykjavík. Það þýðir ekkert að koma hér og segja, að þeir þurfi meiri skýrslur og þeir þekki þetta ekki nógu vel. Sannleikurinn er, að hæstv. ríkisstj. þekkir þetta of vel. Bankarnir, sem þarna getur um, eru nú meira og meira að verða eins konar einkafyrirtæki Sjálfstfl. Olíufélögin eru helmingaskiptafélög ríkisstjórnarinnar. Flutningaskipafélögin til samans eru eins og helmingaskiptafélög ríkisstjórnarflokkanna. Verktakafélögin, sem annast framkvæmdirnar á Suðurnesjum, eru helmingaskiptafélög ríkisstjórnarflokkanna. Þeim er þess vegna fullvel kunnugt um, hvað þessir aðilar græða, en stjórnarflokkarnir eru sjálfir svo fléttaðir inn í þetta, að það kemur við aðalgróðamenn þessara flokka, ef þessir aðilar eiga að borga.

Ég skora á hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. eða hvaða ráðh. sem vera skal að koma hér fram og bera á móti því, að þessi félög, sem þarna er lagt til að beri þetta, geti staðið undir því. Eina viðbáran, sem hæstv. forsrh. kom með, var, að bankarnir væru ekki of ríkir, þeir þyrftu að verða enn ríkari. Bankar, sem eru búnir að græða, eins og einn banki hér, á sjö árum hátt á þriðja hundrað millj. króna, eru ekki of ríkir. Þarna höfum við það. Þessir aðilar mega halda áfram að safna auði, þó að það sé farið svo kynduglega að um leið, að þetta fé, sem þeir eiga, eins og eign Landsbankans, sé bókstaflega fellt í verði með þeim ráðstöfunum, sem er verið að gera. Það er þeim alveg sama um, bara ef hægt er að halda áfram að telja fjárhæðina meiri en hún var. Þar veit maður, hvernig stendur á. Þá veit maður nefnilega, að þó að það, sem Landsbankinn á, falli í verði, þá græða þeir, sem hafa séraðstöðu til þess að fá lánin út úr Landsbankanum. Krónan, sem þeir hafa fengið að láni og var allmikils virði, verður lítils virði, þegar þessir skuldunautar eiga að borga hana til baka. Og þar kemur að því, að einkafélög stjórnarflokkanna hafa hagnaðinn af, þegar stjórnarherrarnir eru búnir að lána sjálfum sér út úr bönkunum, fella síðan krónuna í verði og borga svo til baka með lægri krónu.

En það eru aðrir, sem hæstv. ríkisstj. finnst

að geti borið byrðarnar. Það eru þeir, sem eiga féð í bönkunum. Það eru þeir, sem eiga spariféð. Það er það vinnandi fólk, sem hefur lagt eitthvað inn í bankana í trú á margföld loforð ríkisstj. um að vernda gengi krónunnar. Það eru meira að segja börnin, sem af hálfu þess opinbera hafa verið hvött til þess að reyna að spara. Þessir aðilar mega borga. Á þessa aðila má leggja tvöfalda skatta, annars vegar að gera allar vörur, sem þeir eiga að kaupa, dýrari og hins vegar að minnka spariféð, sem þeir eiga, í verði. M. ö. o.: Fólkið í landinu má borga. Það má rýja það, ef það hefur eitthvað átt, í það endalausa. En stórgróðafélögin, helmingaskiptafélögin, hræfuglarnir, gammarnir, sem hafa hrifsað til sín gróðann, mega ekki borga, þeir eru ekki of ríkir, segir hæstv. forsrh.

Svo kemur hæstv. forsrh. með þá röksemd, að það mundi ekki batna lánstraust t. d. Landsbankans og Útvegsbankans við það að verða að borga svona skatt. Veit hæstv. forsrh., að t. d. bankarnir í Danmörku, einkabankar þar, þó að þeir séu margfalt stærri, hafa ekki nema hluta af þeim gróða, sem bankarnir taka hér á ári, en eru samt skattlagðir? Heldur hæstv. forsrh., að lánstraust Landsbankans og Útvegsbankans batni við þær ráðstafanir, sem verið er að gera með þessu frv., um að fella raunverulega íslenzka krónu í verði? Ætlar hann að fara að reyna að telja okkur trú um það, að hann sé að bæta lánstraustið með þessu? Ég gæti trúað, að lánstraustið batnaði meira með því, að t. d. Landsbankinn snaraði út 10—15 millj. kr. af sínum gróða, og að verðlagið héldi ekki áfram að hækka í landinu, heldur en með þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. leggur til að gera. Og ég skora á hæstv. forsrh. að ræða það mál við okkur. Ef þetta eiga að vera aðgerðir til þess að bæta lánstraustið út á við, þá eru það undarlegar aðferðir, og mér þætti vænt um að sjá álit hagfræðinganna um lánstrausts þáttinn í þessum aðgerðum.

Hæstv. forsrh. vill enn ekki gefa upplýsingar um skýrslu sérfræðinganna. Af hverju? Er það af því, að þessi skýrsla þoli ekki dagsins ljós? Þá væri honum bezt að segja það. Eða er það af hinu, að þetta eru bara fyrstu ráðstafanirnar, sem lagðar eru til í þeirri skýrslu, og aðrar og verri eiga að fara á eftir?

Þá minntist hæstv. forsrh. á, að olían væri nú undir verðlagseftirliti, svo að þar sæi maður, hvaða gagn væri að verðlagseftirliti. Jú, undir verðlagseftirliti hverra? Stjórnarflokkanna sjálfra, stjórnarflokkanna, sem sjálfir eru beint eða óbeint aðalhluthafarnir í olíufélögunum. Ég spurði hæstv. fjmrh. að því við umræðurnar á laugardaginn, hvort hann treysti sér til þess að láta olíuhringana bera benzínskattinn, 20 aurana, sem þá voru lagðir á, og hann virtist hálfpartinn taka vel í það. En í gær var tafarlaust auglýst, að auðvitað hækkaði benzínið um 20 aura. Það kom ekki til mála að láta olíuhringana bera það. Og það er vitanlegt, að það er ríkisstj. sjálf, sem fyrirskipar þetta.

Það er rétt, að verðlagseftirlit þessarar ríkisstjórnar væri ekki mikils virði í þessum efnum. Það er öllu harðvítugra verðlagseftirlit, sem alþýðan sjálf getur haft áhrif á, sem þarf. Ríkisstjórnarflokkarnir álita sjálfsagt að velta öllu, sem þeir geta, yfir á fólkið.

Svo sagði hæstv. forsrh., — og það var táknrænt fyrir hans afstöðu, þegar hann kom inn á að reyna að svara röksemdum hv. 11. landsk. um, hvað verið væri að taka af útgerðinni í sambandi við verðið á karfanum, — þá sagði hæstv. forsrh.: Ja, togararnir þurfa ekki að fara á karfa. — M. ö. o.: Togararnir þurfa ekkert að vera að því að fara á karfa, veiða karfa hér fyrir hraðfrystihúsin, skapa með því stórkostlega atvinnu í landinu, margfalda útflutningsverðmæti fisksins. Þeir þurfa ekkert að vera að því. En hvað áttu þeir að gera að áliti hæstv. forsrh.? Jú, það á bara að ná samkomulagi við Breta um að aflétta löndunarbanninu. Og við vitum, hvað það þýðir: hætta við alla útvíkkun landhelginnar, ná samkomulagi við Breta og taka upp á því að fara að flytja fiskinn út óunninn. Hvað mundi það þýða? Það mundi þýða atvinnuleysi um allt land og stórkostlega minnkun á gjaldeyrisframleiðslu þjóðarinnar. Atvinnuleysi, minnkun gjaldeyrisframleiðslunnar, það er ráðið, sem hæstv. forsrh. bendir á. Þeir þurfa ekki að vera á karfa, við getum bara náð samkomulagi við Breta um að aflétta löndunarbanninu. Það er svarið.

Það er fróðlegt að fá þessa yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. Það er ekki nóg að leggja þessar álögur á þjóðina, sem hann nú býr sig undir, hann ætlar að koma atvinnuleysi yfir á hana líka.

Hæstv. forsrh. kom ekki inn á mál, sem ég hins vegar hafði í ræðu minni hér við 1. umr. þessa máls skorað á hann að ræða, og það voru ósannindin, sem allt þetta frv. er byggt á, ósannindin um það, að þessar álögur stöfuðu af kauphækkun verkamanna s. l. vor. Hæstv. forsrh. reyndi ekki einu sinni að endurtaka þessi ósannindi núna, því síður að fara út í einhverjar röksemdaleiðslur um þetta. Það er búið að leggja fyrir hann svart á hvítu, að það væri hægt að láta þá menn borga og þau félög, sem grætt hafa á tapi útgerðarinnar, sem grætt hafa á vinnu sjómanna og verkamanna, og að það er rétt, að þeir borgi. Hann ber sig illa upp undan því, en hann reynir ekki lengur, hann gefst alveg upp við að reyna að færa rök að því, að þessar hækkanir séu verkamönnum að kenna, enda getur hann það ekki. Hann veit, að kaupgjald er í dag lægra hvað kaupmáttinn snertir en það var 1947. Hann veit, að húsaleigan, sem ríkisstj. hefur séð um að hækka, er í dag tíföld hér í Reykjavík, þegar kaupið er tvöfalt hjá verkamönnum. Ríkisstj. hefur séð um fimmfalt meiri hækkun en þá, sem verkamenn hafa knúið fram, enda er þeirra hækkun það lítil, að hún heldur ekki í við dýrtíðina.

Ég hef sýnt hér fram á, hvernig þær ráðstafanir, sem ríkisstj. leggur til, séu einokunarauðvaldinu í hag. Það var þess vegna ekkert undarlegt, þó að hæstv. forsrh. kæmi hér og segði, að hann væri alveg á móti því, að einokunarauðvaldið væri látið borga. En mér er spurn: Hver er afstaða Framsfl. í þessum efnum? Við höfum nú heyrt afstöðu eins af þm. Sjálfstfl., við höfum heyrt andann þaðan, að hann neyddist til að

fylgja þessu frv., að hann dragnaðist til að fylgja því, en hver er afstaða Framsfl.? Vill ekki hæstv. fjmrh. láta okkur heyra, hverjum það er í hag að knýja þetta frv. í gegnum Alþingi? Ég lýsi eftir afstöðu Framsfl. Ef hæstv. fjmrh. þorir ekki að taka til máls um þetta, þá langar mig til að leiða eitt vitni um þetta mál. Af því að hv. þm. A-Húnv. kom fram hér áðan sem einn þm. úr hópi Sjálfstfl., þá langar mig nú til að leiða fram einn þm. úr hópi Framsfl. og hann ekki af óæðri endanum. Hann á ekki sæti í þessari deild, svo að hann getur ekki talað hérna. Fyrst hv. framsóknarþingmenn eru svo tregir á að taka *til máls og ráðherrar þeirra, skal ég lofa* þm. að heyra ofur lítið af skoðun hans á aðferðum eins og þeim, sem hér er stungið upp á, og því, sem gerzt hefur undanfarið. Hæstv. form. Framsfl., Hermann Jónasson, hv. þm. Str., segir í sínum nýárshugleiðingum eftirfarandi m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Rómverjar hinir fornu töldu, að ef eitthvert afbrot hefði verið framið eða skaðleg framkvæmd gerð, væri hyggilegt að spyrja, hverjum það hefði verið í hag, til þess að finna hinn seka. Þessi *regla ætti einnig að vera nothæf hér á landi* til þess að gera sér grein fyrir raunverulegri afstöðu manna til dýrtíðarmálanna. Ekki græða verkamenn á dýrtíð og krónufalli, alveg þvert á móti. Ekki græða framleiðendur til lands og sjávar, sannanir fyrir því eru kunnari en um þurfi að ræða. Ekki græða embættismenn. Ekki græða þeir fátæku. Hverjir græða? 1) Þeir, sem eiga miklar vörubirgðir, græða á beinu og óbeinu gengisfalli tugi milljóna. 2) Þeir, sem eiga úreltar vörubirgðir og lítt eða ekki seljanlegar, geta orðið *auðugir menn við gengisfall og innflutn*ingshöft. Vörubirgðir, sem voru að gera þá gjaldþrota, fljúga út. 3) Þeir, sem naumast eða alls ekki eiga fyrir skuldum fyrir verðbólguna og gengisfallið, eiga víst að verða efnamenn eftir gengisfall, ef þeir hafa varið lánum til fjárfestingar. 4) Þeir, sem hafa vald yfir fjármagni bankanna og geta hrifsað það til sín til þess að byggja og selja jafnóðum eða til þess að leigja með sihækkandi húsaleigu, meðan skuldirnar afskrifast af sjálfu sér með lækkandi peningagildi, *eiga víst að verða auðugir menn*. 5) Verðbólga með sífyrirvofandi gengisfalli, beinu eða óbeinu, er sú paradís, sem alls konar spákaupmenn þrá mest. Það er því alltaf líklegt, að ekki sé sagt víst, að þeir stjórnmálamenn, sem eru fyrst og fremst fulltrúar þessara fjáraflamanna, vinni í samræmi við hagsmuni þeirra, einmitt þegar þessir sömu stjórnmálamenn tala fjálglega um brennandi áhuga sinn á því að vinna gegn dýrtíð og gengisfalli."

Þetta eru orð formanns Framsfl., hv. þm. Str., núna um áramótin, birt í Tímanum. Að vísu hefur það vantað, sem vant er annars að koma í sambandi við umr. um svona mál, t. d. frá hálfu hæstv. fjmrh., þ. e., að allar svona ráðstafanir séu gerðar til þess að forða mönnum frá dýrtíð og forða mönnum frá gengisfalli. Það virðist sem stjórnarflokkunum finnist ekki einu sinni þörf á því að hræsna þannig lengur, bezt sé að ganga beint framan að, lækka bara gengið, auka bara dýrtíðina. En hitt er alveg skýrt, að þessum þm. Framsfl., form. hans, fyrrverandi forsrh. landsins hvað eftir annað, er alveg ljóst, í hverra þágu er verið að gera þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera.

Ég minntist hér áðan á, hvernig hefði verið með húsaleiguna, sem stjórnarflokkarnir slepptu lausri, og hvað hún hefði þýtt, líka í samanburði við kaupgjaldið, og það er máske rétt, að ég lofi hv. þm. að heyra, hvað form. Framsfl. álítur í þeim efnum og hvað hann álítur haldgóðar þær ráðstafanir, sem Framsfl. og Sjálfstfl. núna leggja til að gerðar verði. Hann segir í þessum sömu *hugleiðingum eftirfarandi*, með leyfi hæstv. forseta:

„Við athugun á húsaleigu í nokkrum löndum virðist mér húsaleiga vera um það bil ⅕ af kaupi manna, þar sem hún er hæst. Hér hefur þessi mesta lífsnauðsyn hvers manns og sú, sem mest áhrif hefur á alla dýrtíð, verið gerð að aðalgróðalind verðbólgubraskaranna. Íbúð, sem er þrjú herbergi og eldhús, mun nú ekki kosta minna en 250 þús. kr., húsaleigan er því um 24—25 þús. á ári. Menn geta svo reiknað það sjálfir, hvað sá maður, *sem býr í* þessu húsnæði, þarf að hafa í kaup. Menn geta einnig hugleitt, hvaða útflutningsframleiðsla muni fá staðizt að greiða slíkt kaup. Við erum nú að komast inn í útjaðar á dýrtíðarröst, sem erfitt er að sjá, hvert ber."

Og nú kemur hæstv. form. Framsfl. að þessum till. ríkisstj.:

„Eftir áramótin mun ríkisstj. bera fram till., og í umr. um þær mun margt skýrast." — Ég skýt hér inn í, að hann hefur auðsjáanlega gengið út frá, að þeir mundu taka þátt í umræðunum, ráðherrarnir. — „Það blasir við öllum, að stórauknar nýjar álögur verði nú enn einu sinni að leggja á landsmenn vegna vaxandi dýrtíðar til þess að geta afgreitt fjárlög og bjargað framleiðslunni í bráð. Hve mikið þessar viðbótarálögur eru á annað hundrað millj. kr. fyrir árið 1956, veit ég ekki. Ljóst er, að þessar álögur verður nú að leggja á ýmsar nauðsynlegar vörur, og mun þetta því enn auka dýrtíðina. Svo kemur kauphækkun í kjölfarið. Allt þetta hleður utan á sig í vaxandi mæli eftir sama lögmáli og þegar krakkar velta snjóbolta á undan sér í blotaveðri. Afkoma ríkissjóðs og framleiðslunnar verður næsta haust komin í sama farið aftur eða verra. Ráðstafanirnar eftir áramótin verða því skyndiráðstafanir til að afstýra stöðvun til bráðabirgða, nema gerðar verði gerbreytingar á rekstrar- og efnahagskerfinu."

Svo mörg eru þau orð hv. form. Framsfl.

Væri nú alveg óhugsandi, að hæstv. fjmrh. Framsfl. vildi nú segja nokkur orð hér í deildinni í sambandi við þessa skoðun formanns Framsfl., svo að maður gæti vitað, hvaða skoðun hv. Framsfl. hefur í þessum málum?

Ég veit ekki, hvort ég þreyti hv. þm. með því að lofa þeim að heyra fleira af því, sem form. Framsfl. skrifaði, en ég held þó, að þeim sé það hollt. Ég held, að stjórnarandstaðan komist ekki heldur öllu betur að orði *um afleiðingarnar af* þeim ráðstöfunum, sem verið er að gera, og ætla þess vegna að leyfa mér, með leyfi hæstv. for-

seta, að lesa upp ofur lítið meira úr áramótahugleiðingum hv. þm. Str. Það hljóðar svo:

„Það ættu flestir að sjá, að þetta stjórnarfar fær ekki staðizt. Að halda því áfram er háskaleikur með fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Þetta stafar af ástæðum, sem ég hef áður margrakið. Verkamenn standa utan við ríkisstj. og haft gert það um langan tíma. Þeir hafa því ekki tök á því að hafa áhrif á það fyrir milligöngu fulltrúa, er þeir ættu í ríkisstj., hvernig þjóðartekjunum er skipt milli þegnanna, svo sem með því að halda niðri húsaleigu, vöruverði og öðrum nauðsynjum. Ef verkalýðssamtökin álíta, að ríkisstj. afskipti verkalýðinn, hafa þau aðeins eitt úrræði til þess að freista að bæta kjör sín, laga misskiptinguna, og það er að knýja fram kauphækkun með verkfalli." — Ég vil vekja athygli hv. þm. á, að þetta eru orð hv. þm. Str., formanns Framsfl., ekki mín, þó að ég geti undirstrikað þau. — „En í skjóli þess valds, sem milliliðirnir og spákaupmennirnir eiga í ríkisstj., hækka þeir samstundis alla álagningu, milliliðakostnaðinn í óteljandi myndum, oft miklu meira en kauphækkuninni nemur."

Það er ekkert undarlegt, þó að þeir hv. þm. Framsfl., sem í deildinni sitja, aðrir en hæstv. forseti, sem getur ekki vikið úr stólnum, fari út, þegar þeir heyra þetta. Þeir finna til þess, að það er ekkert þokkalegt, sem verið er að láta þeirra flokk samþykkja nú, og kemur heldur illa saman við þær skynsamlegu hugleiðingar, sem þeirra form. hafði í frammi um áramótin. — Hann heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Með þessu er komin á alveg ný tegund borgarastyrjaldar á Íslandi í fjármálalífi þjóðarinnar. Þjóðinni blæðir, en spákaupmennirnir græða. Landsmönnum þeim, sem vilja skilja, er nú ljóst orðið, að þjóðinni verður ekki stjórnað, svo að þolanlegt sé, að þessari leið. Valdið til þess að marka stefnuna og ábyrgðin á stefnunni verður að vera á einni og sömu hendi. Með öðru móti er ekki hægt að stjórna neinu þjóðfélagi án stórslysa. Í minum huga er engin spurning um það, að samstarf milli bænda, verkamanna og annarra, er vinna þjóðfélaginu nauðsynleg störf, verður að koma og kemur. Spurningin er nú aðeins um það, með hverjum hætti þessu samstarfi verður fyrir komið og hvaða tíma það tekur að koma því á. Verk þessara samtaka verður fyrst og fremst, eins og ég hef oft áður rakið, að stöðva dýrtíðina, koma á jafnvægi í fjárhagskerfi þjóðarinnar, gerbreyta rekstrarkerfinu við sjávarsíðuna. Með þessu móti einu er unnt að koma í veg fyrir þá stöðnun, sem nú vofir yfir, og hefja nýtt og eðlilegt framfaratímabil."

Þetta voru orð form. Framsfl., hv. þm. Str. Ég hef nú lokið upplestri úr hans áramótahugleiðingum, en menn geta nokkurn veginn séð af þessu, hvernig þeir menn, sem einhverja reynslu hafa í stjórnmálum og eitthvert vit á efnahagsmálum þjóðarinnar og einhvern skilning á því, hvers konar ráðstafanir það eru, sem ríkisstj. nú er að leggja til, hugsa um þessi mál.

Ég skil ákaflega vel, að hæstv. fjmrh. kjósi að vera fjarri, þegar verið er að ræða þessi mál. Ég skil ákaflega vel, að meginið af þingmönnum stjórnarliðsins og ekki sízt framsóknarþingmenn kjósi að vera helzt ekki nærri, þegar verið er að tala um þetta. Ég veit, að það kemur ekki til með að vanta hendurnar, sem verða réttar upp til þess að samþykkja þessar álögur. En það getur líka farið svo, að það vanti ekki heldur hendurnar í þjóðfélaginu, sem koma til með að velta þeim af sér, þær vinnandi hendur. Það þýðir lítið hér í þessum sölum að samþykkja álögur eins og þessar, sízt af öllu þegar það er gert með því algera sannfæringarleysi, sem samþykktinni fylgir hjá fylgismönnum stjórnarinnar, eins og nú er auðséð. Það er gefið, að af samþykkt tillagna ríkisstj. mundi leiða nýja gífurlega verðbólgu, sem aldrei verður aftur tekin. Þær till., sem þm. Sósfl. hafa borið fram, mundu afstýra slíkri verðbólgu, mundu koma í veg fyrir hana og gefa þjóðfélaginu heilt ár til þess að gera sínar ráðstafanir í þessu efni. Og það eru fleiri till., sem hægt væri að gera, heldur en þær, sem þar er lagt til, ef menn vildu yfirleitt ljá máls á því að ræða það að láta þá auðugu borga. Það er hægt líka að taka dálítið af verðbólgugróðanum. Það er hægt líka að taka þó nokkuð af stórtekjum heildsalanna. Það væri eðlilegt líka í sambandi við svona mál að setja bann við verðhækkunum, strangt eftirlit og takmörkun á verðhækkunargróða og annað slíkt. Um þetta er allt saman hægt að koma fram till. með, ef það er hér í þinginu yfirleitt nokkur vilji á því að stöðva verðbólgu í þjóðfélaginu, stöðva dýrtíðina, ef meiri hl. þessarar hv. deildar, eins og form. Framsfl. lýsti, er ekki bara sem stjórnmálamenn fulltrúar fjáraflamannanna og verðbólgubraskaranna, þar með taldir þm. Framsfl. Það er eftirtektarvert, að í till. ríkisstj. er ekkert um verðlagseftirlit eða neitt slíkt, enda upplýsti hæstv. forsrh. við 1. umr. þessa máls, að slíkt væru sérfræðingarnir ekki heldur með. Þar átti sannarlega ekki að vera nokkur takmörkun. Húsaleigan, vöruverðið, gróði allra, sem í slíku braska, má vera skefjalaus, þar má vera skefjalaust frelsi. Einu mennirnir í landinu, sem ekki mega hafa frelsi að áliti Sjálfstfl., eru verkamennirnir til þess að hækka sitt kaup, þó að það hafi farið lækkandi. Þeir eru aldrei nógu fátækir að áliti hæstv. forsrh., en bankarnir aldrei of ríkir. Það er gefið mál, að þeir, sem samþykkja þessar till. ríkisstj. hér, vilja verðbólgu í landinu, og tvímælalaust eru þeir að undirbúa gengislækkun. Það sýnir sig líka, að þeir eru það fléttaðir inn í fyrirtæki einokunarauðvaldsins, stjórnarflokkarnir sjálfir, að þeir geta ekki hugsað sér að láta þá, sem græða tugi milljóna á ári, borga lítinn hluta af sínum gróða. En ég vil spyrja þessa hv. stjórnarflokka: Dettur ykkur í hug, að verkalýðurinn í landinu sætti sig við þetta? Dettur ykkur annað í hug en að sjómenn og verkamenn komi til með að svara þessu og það undireins? Þið segizt vera að bjarga útgerðinni. En er ykkur ekki ljóst, að það þarf sjómenn á flota, til þess að flotinn gangi? Haldið þið, að það séu bankarnir og olíufélögin, sem reka togarana og bátana? Haldið þið, að það séu þeir, sem draga fiskinn úr sjónum? Það var talað um í gærkvöld, að það mundi líklega vera samkomu-

lag um fiskverð til sjómanna, kr. 1.30. Hvað haldið þið að sé fyrsta afleiðingin af þessu frv. ríkisstjórnarflokkanna? Fyrsta afleiðingin var sú, að hér uppi á Akranesi fella sjómennirnir, kolfella að sætta sig við kr. 1.30 fiskverð, menn, sem sjá fram undan, að það á að hækka alla dýrtíð í landinu um 15—20%. Án þessara sjómanna aflið þið ekki þessa fisks, sem bankarnir og oliuhringarnir og allir gammarnir hér í Reykjavík græða á. Hvernig haldið þið, að þið getið stjórnað landinu? Viljið þið ekki reyna að sýna okkur fram á það? Það er óstjórn og stjórnleysi, sem þið hafið í frammi hér. Það er háskalegur leikur, sem hérna er verið að leika með alla afkomu þjóðarinnar. Það vil ég, að þeim mönnum sé ljóst, sem nú ætla að ganga til þess að fella allar till. um, að þeir auðugu í þessu landi, þeir, sem reytt hafa af útgerðinni, svo að skiptir hundruðum millj. króna, verði látnir borga. Einokunarauðvaldið og þess flokkar á Alþingi geta kúskað þetta í gegn, en áður en þeir gera það, er rétt, að þeir geri sér afleiðingarnar ljósar. Það er ekki til neins fyrir þá að koma á eftir og segja, að þetta hafi þeir ekki séð fyrir. Ég hef gert þeim þessar afleiðingar ljósar, líka gert þeim þær ljósar með orðum formanns Framsfl. (**Gripið fram í**: Lastu alla greinina?) Las úr henni það, sem þurfti að lesa yfir hausamótunum á hv. þm., þeim sem yfirleitt hlustuðu á, og gæti lesið hana aftur, ef það kæmu einhverjir fleiri inn í salinn af þeim, því að ekki mundi þeim nú veita af að heyra hana. En þeim þeirra, sem komu of seint til þess að heyra blessunarorðin, mundi ég hins vegar vísa á að lesa hana nú yfir, áður en þeir greiða atkvæði, því að það verða ef til vill greidd atkvæði víðar en í þingsölunum í sumar, og þá munu ekki duga neinar afsakanir fyrir því að hafa lagt þessar álögur á í einhverri blindni.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Þau tíðindi gerðust á Alþ. s. l. laugardag, sem lengi munu í minnum höfð. Þá um daginn voru lögð fyrir Alþ. tvö stjfrv., sem höfðu inni að halda nýjar álögur á allan almenning, sem munu nema talsvert á þriðja hundrað millj. króna. Samkvæmt þessum frv. kemur því hver fimm manna fjölskylda á landinu til með að greiða 7000 kr. til ríkissjóðs að meðaltali á næsta ári til viðbótar þeim tollum og sköttum, sem fyrir eru.

Nú hefði mátt ætla, að hæstv. ríkisstj. hefði gefið þm. sæmilegan frest til að athuga þessar nýju till.

Annað frv., sem heitir frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga og lagt var fram í hv. Ed. af hæstv. fjmrh. og gerir ráð fyrir 47—49 millj. kr. auknum tekjum á þessu ári samkvæmt áliti hans, var knúið í gegn í báðum deildum þingsins á laugardaginn, sama dag og frv. var lagt fram.

Mitt álit er, að með slíkum vinnubrögðum hafi hæstv. fjmrh. með stuðningi stjórnarflokkanna og vitanlega allrar ríkisstj. framið slíkt gerræði, að slíkt muni vera einsdæmi í þingsögunni.

Nú var það vitað, að hæstv. ríkisstj. hafði haft á prjónunum till. um stórfelldar skattahækkanir. Slíkar hækkanir og till. höfðu að sjálfsögðu verið margræddar á flokksfundum þm. stjórnarliðsins. Hafa þar verið fram lagðar þær upplýsingar, sem fáanlegar voru, og því þessum þm. gefizt tækifæri til að kynna sér málið eins og frekast hefur verið hægt. Aftur á móti var þess vandlega gætt að láta stjórnarandstöðuna ekkert vita um, hvað til stóð, og engar ábyggilegar upplýsingar lágu fyrir um það, hvað stjórnin hygðist gera í þessum málum. Slíkar starfsaðferðir eru með öllu óverjandi og hreint og beint gerræði gagnvart minni hlutanum. Á jafnstuttum tíma og þm. fengu til að lesa yfir og athuga frv. gafst að sjálfsögðu enginn tími til að athuga málið til hlítar. Má með sanni segja, að hér hafi meirihlutavaldið verið notað til hins ýtrasta.

Nú er það skoðun stjórnarandstæðinganna, að engin sérstök þörf hafi knúið hæstv. fjmrh. eða ríkisstj. í heild til þess að knýja fram auknar tekjur til handa ríkissjóði, sem að hans dómi nema hvorki meira né minna en tæpum 50 millj. kr., en munu verða, þegar allt kemur til alls, aldrei undir 60—70 millj. kr.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt og sannað, svo að ekki verður um deilt, að útreikningar hæstv. fjmrh. og meiri hl. fjvn. á hinum ýmsu tekjuliðum fjárlaganna hafa reynzt rangir, tekjuliðirnir hafa farið langt fram úr áætlunum. Ekkert bendir til þess, að hæstv. fjmrh. og meiri hl. fjvn. hafi reiknað réttar nú en undanfarin ár. Í þessu sambandi má bara aðeins benda á, að t. d. verðtollurinn er nú áætlaður í fjárlagafrv. fyrir 1956 155 millj. kr., en var í árslok 1955 178 millj. kr. Þannig er með marga aðra tekjuliði. Og hver trúir því, að tekjur yfirstandandi árs verði minni en ársins 1955? Enginn, ekki einu sinni hæstv. fjmrh.

Af hverju var þá verið að samþykkja á einni kvöldstund nýjar álögur á þjóðina, sem gefa í ríkiskassann tæpar 50 millj. kr. að dómi hæstv. fjmrh., en munu verða 60—70 millj. kr., þegar öll kurl koma til grafar, þegar líka er hægt að sanna, eins og gert hefur verið af minni hl. fjvn., að hægt var að afgreiða fjárlögin með engum eða mjög litlum tekjuhalla? Manni verður á að spyrja: Hvers konar fjármálalegt siðferði er yfirleitt haft hér í frammi? Eru engin takmörk fyrir því, hvað hinir háu stjórnarherrar leyfa sér, þegar um er að ræða skatta- og tollaálögur á almenning?

Þetta frv., sem ég hef hér gert að umræðuefni, er orðið að lögum, og svo mikið lá á, að forseti Íslands staðfesti lögin svo að segja samstundis og Alþ. hafði lokið við að afgreiða þau. Það má segja, að hér hafi rösklega verið gengið að verki, og getur hæstv. fjmrh. sagt með fullum rétti, að drjúg séu kvöldverkin.

Hitt stjfrv., sem heitir frv. til laga um framleiðslusjóð, var lagt fram s. l. laugardag og þá tekið fyrir til 1. umr. hér í þessari hv. deild. Frv. þetta gerir ráð fyrir tekjum, sem fengnar séu á eftirfarandi hátt:

Af tollverði allrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu skal greiða 9% framleiðslusjóðsgjald. Gjald þetta er áætlað, að muni nema 115 millj. kr. Að sjálfsögðu, byggt á fyrri reynslu, er litið upp úr þeirri tölu leggjandi fremur en öðrum útreikn-

ingum hæstv. ríkisstj. Flestir hennar útreikningar eru að meira eða minna leyti út í bláinn. Bendir ýmislegt til, að gjald þetta verði mörgum millj. kr. hærra. Þetta framleiðslusjóðsgjald er vitanlega ekkert annað en nýr söluskattur, en sá skattur er af öllum almenningi talinn einn óréttlátasti skattur, sem á hefur verið lagður, auk þess sem slík skattálagning gefur alveg beina og opna leið til stóraukinna skattsvika, og þarf ekki frekar orðum að því að fara. Það skilja allir, sem eitthvað hafa kynnt sér slík mál.

Til viðbótar þessu skal svo taka nýtt aukagjald af skattskyldri sölu og veltu, og nemur það 3%.

Framlengd eru svo leyfisgjöld af bifreiðum og bifhjólum. Á það að vera 100%, eins og verið hefur, af fob-verði bifreiðanna. Áætlaðar tekjur af þessum skatti eru ekki nema 8 millj. kr. Það var bent á það hér áðan af hv. 11. landsk. þm. (LJós), að þessi áætlaða upphæð væri allt of lág, enda er ríkisstj. þegar búin að gera samninga við erlend ríki um kaup á bifreiðum í allstórum stíl. Þetta gjald hlýtur því að verða miklu hærra en hér er gert ráð fyrir.

Þá skal enn fremur leggja nýjan toll eða hækka þann, sem fyrir er á innlendum tollvörutegundum, um 40%. Í frv. er talið, að þar sé hægt að aura saman 4 millj. kr.

Leggja skal sérstakt aukagjald á alla ávexti, sem til landsins verða fluttir, svo og flestar tegundir búsáhalda, smíðatól, verkfæri o. s. frv. Gert er ráð fyrir, að þarna náist 10 millj. kr.

Til framleiðslusjóðs skulu svo renna eftirstöðvar í sjóði vegna togaraaðstoðar. Eru þær eftirstöðvar taldar vera 15 millj. kr.

Samtals nema þá áætlaðar tekjur væntanlegs framleiðslusjóðs fyrir árið 1956 hvorki meira né minna en 152 millj. kr., en eins og áður hefur verið bent á, eru fullar líkur fyrir því, að þessar tekjur geti numið mörgum millj. kr., jafnvel tugum millj. kr. hærri upphæð. Flest af þessu eru áætlaðar tölur, eins og áður hefur verið bent á, og engin ástæða er til að ætla, að væntanlegar tekjur hins nýja sjóðs hafi verið rétt reiknaðar, enda máske erfitt, og munu fara langt fram úr áætlun. Það má telja alveg öruggt, að þessar nýju álögur koma til með að verða miklu hærri að krónutölu en gert hefur verið ráð fyrir í frv., enda í fullu samræmi við það, sem átt hefur sér stað með fjárlögin, og þarf ekki fleiri orðum að því að víkja.

Það er mjög athyglisvert að athuga þá aðferð, sem viðhöfð er, þegar verið er að reikna út væntanlegar tekjur af þessum eða hinum skattinum. Þá er það föst regla að áætla tekjurnar sem allra lægstar. Þetta er gert til að þjóna alveg sérstaklega sjúklegri tilhneigingu hjá hæstv. fjmrh. um að hafa yfir að ráða nægilegu fé fram yfir það, sem áætlað er, svo að hægt sé að ráðstafa því utan fjárlaga.

Nú er rétt að athuga, til hvers þessu mikla fé, sem framleiðslusjóður kemur til með að ráða yfir, skal varið.

Í fyrsta lagi skal verja til togaranna 66 millj. kr., eða nánar tiltekið 5 þús. kr. á hvern dag, sem skipinu er haldið út til veiða.

Annað er vinnsluuppbót á togarafisk, 9 millj. kr. Gjald þetta nemur 5 aurum á hvert kg af útfluttum togarafiski, miðað við slægðan fisk með haus, nema óslægðan karfa, enda greiði vinnslustöðvarnar sama fiskverð og í desember 1955.

Þriðja eru vátryggingargjöld fiskibáta, eða til að greiða vátryggingargjöld fiskibáta, 9 millj. kr. Framleiðslusjóður skal sem sé greiða hálft vátryggingargjald fiskibátanna fyrir árið 1956. Skilyrði eru þau ein, að báturinn hafi verið gerður út frá einhverri veiðistöð yfir vertíðina.

Fjórði liður er um bætur á smáfiski af bátum, 7 millj. kr.

Fimmti liður er um vinnsluuppbót á bátafiski, 9 millj. kr.

Sjötta er verðlagsuppbætur á ýsu og steinbít af bátum, 2 millj. kr.

Og sjöunda er uppbætur á síld, veidda við Suðvesturland og í Austurdjúpi, 10 millj. kr.

Árið 1955 voru flestar tóbaksvörur hækkaðar allverulega. Hækkun þessi nam rúmum 6 millj. kr. Þessum auknu tekjum af tóbaki, aðallega sígarettum, var svo varið til þess og átti að verja til að greiða útvegsmönnum hér við Faxaflóann og Suðvesturland 80—100 kr. á hverja tunnu síldar, sem fiskaðist hér við Vestur- og Suðvesturlandið. En nú skeður það merkilega í þessu máli, að hæstv. fjmrh., sjálfsagt með fullu samþykki allrar ríkisstj. og þingflokka hennar, hefur innbyrt þessar rúmar 6 millj. kr. í ríkissjóð, sem hækkunin af tóbakinu gerði. Svo eru bara lagðir á almenning nýir tollar og skattar til að greiða uppbót á væntanlega síld, veidda fyrir Suðvesturlandi á þessu ári. Ja, það verður ekki um deilt, að hæstv. fjmrh. er mjög sniðugur maður og fylginn sér, þegar um er að ræða nýjar tekjuöflunarleiðir fyrir ríkissjóð.

Áttundi liðurinn í hinni nýju skrá yfir greiðslur úr framleiðslusjóði er uppbætur á landbúnaðarafurðir. Það eru aðeins 15 millj. kr. og þykir lítið.

Níundi liðurinn er svo aðalrúsínan í pylsuendanum, eins og vera ber, en sá liður er til þess að kaupa B-skírteini og taka þau úr umferð. Þar eru 25 millj. kr.

Tekjur og gjöld hins nýja sjóðs eru svo látin mætast, og eru báðum megin 152 millj. kr. Ekki vantar nú nákvæmnina í reikningsfærsluna.

Eins og sjá má af þessu yfirliti, skal miklum hluta af tekjum framleiðslusjóðs varið til að styrkja útgerð togara, fiskibáta og fiskvinnslustöðvar.

Nú skal ekkert um það fullyrt hér, hvort þær upplýsingar um hinn mikla og alvarlega taprekstur þessara fyrirtækja, sem bent er á, séu byggðar á nákvæmri athugun eða ekki.

Í athugasemdum frv. er því haldið fram, að öll útgerð, bæði á togurum, fiskibátum og rekstur hraðfrystihúsanna, sé rekin með tapi. Um rekstur togaranna er það að segja, að þar mun vera um allmikið rekstrartap að ræða. Um það liggja fyrir óyggjandi skýrslur. Liggja til þess margar orsakir, sem ekki verða raktar hér, enda má benda á t. d., að ekki hafa togararnir notið þeirra hlunninda, sem bátaeigendur hafa notið og nú hafa verið framlengd, bátagjaldeyrisfyrirkomulagið. Hins vegar eru allar upplýsingar viðkomandi bátaútveginum og fiskvinnslustöðv-

um í landi af mjög skornum skammti og í sumum tilfellum engar.

Ríkisstj. skipaði nýja sérfræðinganefnd í sumar eða haust til að rannsaka ástand útgerðarinnar og til að gera till. til úrbóta. Þessir ágætu hagfræðingar eru sjálfsagt búnir að skila áliti fyrir alllöngu. Þrátt fyrir mjög ákveðnar kröfur alþingismanna leyfir hæstv. ríkisstj. sér að halda þessu áliti sérfræðinganna leyndu fyrir þingmönnum. Slík framkoma gagnvart alþm. er hreint gerræði og algerlega óverjandi. Hverju er hæstv. ríkisstj. að leyna? Er t. d. hagur sumra þeirra atvinnufyrirtækja og atvinnugreina, sem nú á að fara að *styrkja með milljónum króna, jafnvel milljónatugum* af almannafé, ekki eins slæmur og af er látið? Spyr sá, sem ekki veit. Eru þessar ráðstafanir, sem lagt er til með þessu frv., aðeins byrjun þess, sem koma skal? Er það t. d. rétt, sem margir álíta, að hinir vísu hagfræðingar hafi lagt til stórfellda gengislækkun, en hæstv. ríkisstj. hafi ekki þorað að fara út í slíkar aðgerðir fyrr en að loknum alþingiskosningum? Það er ekki að ófyrirsynju, þótt spurt sé um ýmislegt í sambandi við þetta mál.

Allar þessar gífurlega auknu álögur einkennast af því, að þær eru allar teknar með verðhækkunum og neyzlusköttum, en við auðfélögunum er ekki hróflað. *Þau eru ekki látin leggja fram einn* einasta eyri. Hér er um að ræða einhverja þá stórkostlegustu og um leið svívirðilegustu árás á lífskjör alls almennings í landinu, sem um getur á síðari tímum, og jafnast á við það, sem gerðist, þegar gengisfellingin var látin koma til framkvæmda. Með slíkum ráðstöfunum sem hér um ræðir er hleypt af stað óstöðvandi verðbólguskriðu. Sjáanlegt er, að allt verðlag í landinu hækkar stórlega. Hvað sú verðhækkun verður mikil, getur enginn sagt um með neinni vissu, eins og nú standa sakir. Vel má láta sér þó detta í hug, að verðhækkunin vegna þessara nýju ráðstafana geti numið 15—20% á allar neyzluvörur landsmanna. Vitað er, að vísitalan muni hækka, hvað mikið, liggja ekki neinir útreikningar fyrir, gæti orðið 8—10 stig. Það þýðir, að allt kaupgjald í landinu, eins og áður hefur verið bent á, hlýtur að hækka. Sem sagt, dýrtíðarskrúfan heldur áfram með meiri hraða en nokkurn tíma áður. Ekkert bendir til þess, að hæstv. ríkisstj. ætli sér að auka verðlagseftirlitið. Síður en svo. Braskararnir eiga því að fá að leika lausum hala hér eftir sem hingað til, og alls konar okraralýður á í ró og næði að geta *stundað iðju sína og rakað saman of fjár á kostn*að alþýðunnar í landinu. Og nú spyrja menn og það í fullri alvöru: Eru allar þessar nýju álögur fram settar með fullu samþykki Framsfl. á Alþingi? Telja framsóknarmenn þessar aðgerðir ríkisstj. í samræmi við öll skrifin í aðalmálgögnum flokksins um t. d. vinstri stjórnina? Það er ekki óeðlilegt, að um þetta sé spurt. Þessum spurningum og ótalmörgum öðrum í sambandi við þetta mál kemst Framsfl. ekki hjá að svara fyrr eða síðar. Þessar nýju tugmilljóna króna álögur á allan almenning eru beint áframhald af þeirri óheillastefnu, sem núverandi ríkisstj. er ábyrg fyrir.

Það hefur verið og er stefna núverandi valdhafa að auka allar álögur á launastéttirnar eða m. ö. o. að gera þá fátæku fátækari, en þá ríku ríkari. Það er öllum ljóst, að fjölmörg auðfélög, þar með taldir bankarnir, hafa rakað saman ofsagróða og mergsogið útgerðina úr hófi fram. Það er hjá slíkum aðilum, sem átti að taka peningana til að greiða með hallann á útgerðinni. Það eru hin voldugu auðfélög, sem hafa skapað sér einokunaraðstöðu og fengið óáreitt og í mörgum tilfellum með stuðningi ríkisvaldsins að mergsjúga sjávarútveginn úr hófi fram. Með fullkomnu blygðunarleysi er því haldið fram af hæstv. ríkisstj. og blöðum hennar, að það öngþveiti, *sem nú ríkir í atvinnumálum* landsmanna, sé að kenna kauphækkunum þeim, sem fengust s. l. vor. Þessar órökstuddu fullyrðingar hafa margsinnis verið hraktar lið *fyrir lið*. Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar á Alþingi komu á gengislækkuninni 1950. Með þeim ráðstöfunum voru launastéttirnar rændar stórum hluta launa sinna. Þegar gengisfellingin sýndi sig að vera allt annað en forsvarsmenn hennar vildu vera láta og kom útgerðinni og öðrum atvinnurekstri ekki að nema mjög litlu haldi og það skamman tíma, var gripið til bátagjaldeyrisfyrirkomulagsins, sem vitanlega var ekkert annað en grímuklædd gengislækkun. Allt verðlagseftirlit var á *sama tíma gert að engu og hverjum leyft* að haga sér eins og honum bezt líkaði og hann gat höndum undir komið að græða á seldri vöru, keyptri vöru, án þess að ríkisvaldið gripi þar nokkurn tíma inn í. Verkalýðsstéttin var því neydd til að rétta hlut sinn að nokkru og lífsnauðsyn að fara út í aðgerðir. Það tókst að rétta hlut hennar að nokkru s. l. vor. En ríkisstj. og flokkar hennar hugðu á hefndir. Það voru ekki liðnir nema nokkrir dagar eða jafnvel nokkrir klukkutímar frá því að samningar við verkalýðsfélögin voru undirskrifaðir s. l. vor, þegar alls konar hækkanir dundu yfir og í langflestum tilfellum algerlega að ástæðulausu. En hæstv. ríkisstj. lét sér vel líka og hreyfði ekki hönd eða fót til að stöðva þessar tilefnislausu hækkanir. Slíkar athafnir voru gerðar að hennar vilja. Svo koma þessir herrar og tönnlast sífellt á þeim ósannindum, að það sé sök verkafólksins í landinu, hvernig nú sé komið hag atvinnuveganna, kaupgjaldið sé of hátt, vinnutíminn of stuttur og þar fram eftir götunum.

Hér er of langt gengið í ósannindum, til þess að menn taki slíkan áróður fyrir góða og gilda vöru. Þetta er sami áróðurinn og hefur verið *hafður í frammi í hvert einasta skipti* sem verkalýðurinn hefur farið fram á að fá kjör sín bætt. Þetta er sami áróðurinn og hafður var í frammi *í fyrsta skipti sem verkalýðurinn á Íslandi fór* fram á að fá bætt sín kjör, og enn í dag er þessum áróðri haldið fram og það af þeim krafti, sem andstæðingar verkalýðsins hafa yfir að ráða. Væri einhver sannleiksneisti til í þessum áróðri auðstéttarinnar og fulltrúa hennar, væru allir þeir, sem fengjust við verzlun, útgerð og ýmsan atvinnurekstur, fyrir löngu komnir á hausinn fjárhagslega. Staðreyndin er hins vegar sú, að aldrei hefur meiri auður safnazt á hendur auðfélaga og auðmanna hér í þessu landi en einmitt *nú síðustu árin*.

Þannig mun þessi áróður yfirstéttarinnar halda áfram, á meðan fulltrúar auðmanna fara með stjórnartaumana hér í þessu landi. Það er sannarlega tími til kominn, að það fólk, sem ekki er samþykkt óheillastefnu núverandi ríkisstj., taki til sinna ráða og bindist samtökum um, að breytt verði til um stjórnarstefnu. Slíkt er ekki framkvæmanlegt nema með stórauknu samstarfi á pólitískum vettvangi, m. a. meira og betra samstarfi á milli hinna svokölluðu vinstri flokka og annarra þeirra, sem af einlægni vilja snúa við á þeirri óheillabraut, sem hefur verið áfram haldið mörg undanfarin ár og ríkisstj. og þeir flokkar, sem hana styðja, eru beinlínis ábyrgir fyrir. Þeir menn, sem vinna á móti slíkri samvinnu og breytingu á slíkri stjórnarsamvinnu, en telja sig samt í orði vera ósammála stefnu núverandi hæstv. ríkisstj., eru ekki að vinna að hagsmunum verkafólksins í landinu og annarra launastétta, heldur hið gagnstæða. Slíkir menn eða flokkar eru sjálfum sér algerlega ósamþykkir.

Um nál. minni hl. fjhn. er ég að öllu leyti sammála. Í því áliti er farið inn á þær einu réttu leiðir, þ. e. að láta þá, sem mergsogið hafa útgerðina á undanförnum árum, skila til baka nokkrum hluta af þeim gróða, sem þessir aðilar hafa haft af viðskiptum sínum við útveginn. Með þessum till. minni hl. er stefnt að réttu marki. Till. hans, ef samþykktar yrðu, mundu ekki auka dýrtíðina í landinu og verka þannig þveröfugt við það, sem stjórnarfrv. kemur til með að gera, ef það verður að lögum. Fyrir því, ef hv. alþm. vilja raunverulega stöðva þá þróun, sem hefur verið undanfarin ár og virðist enn halda áfram hröðum skrefum, ef hv. alþm. vilja stöðva dýrtíðarskrúfuna, þá ber þeim að samþykkja þær till., sem minni hl. fjhn. hefur hér lagt fram. Það eru þær einu raunhæfu till., sem geta orðið til þess að lækna það sjúka ástand að einhverju leyti, sem auðkennir okkar þjóðfélag og kemur einna skýrast fram í því, hvernig komið er fyrir svo að segja öllum atvinnurekstri á Íslandi í dag.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Samkvæmt frv., sem hér liggur fyrir, á að stofna svonefndan framleiðslusjóð og safna til hans allmiklu fé á þessu ári. Fé sjóðsins á að nota til stuðnings útflutningsframleiðslunni og þá fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir, að útgerð fiskiskipa stöðvist á árinu.

Í sambandi við þetta mál er vissulega ástæða til að íhuga, hvað það er, sem einkum veldur því, að afkoma sjávarútvegsins er þannig, að þörf er fyrir þær ráðstafanir, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Það er fleira en eitt, sem veldur tapi á útgerðarrekstrinum, m. a. er það óheppilegt fyrirkomulag á afurðasölunni hjá mörgum útgerðarfyrirtækjum. Hér á landi hafa risið upp mörg fyrirtæki, sem stofnuð eru í þeim tilgangi að kaupa óverkaðan afla fiskiskipa til vinnslu og sölu. Mörg af þessum fyrirtækjum hafa byggt fiskfrystihús. Önnur hafa komið upp verkunarstöðvum fyrir saltfisk og harðfisk. Enn önnur hafa sett upp verksmiðjur, þar sem fiskúrgangur er gerður að söluhæfri vöru. Eins og skiljanlegt er, vilja eigendur þessara fyrirtækja reka þau þannig, að þeir hafi ágóða af rekstrinum. Það er því hagsmunamál þeirra að fá fiskinn hjá útgerðarmönnum og sjómönnum fyrir sem lægst verð. Margir útgerðarmenn selja afla sinn óverkaðan til fiskvinnslustöðvanna, vegna þess að þeir hafa ekki aðstöðu til að verka fiskinn sjálfir. Um hver áramót eiga þeir í samningum við eigendur vinnslustöðvanna um fiskverðið. Aðrir útgerðarmenn þurfa ekki að standa í slíkum samningum, vegna þess að þeir hafa komið upp fiskverkunarstöðvum og verka þar aflann af skipum sínum. Og það mun óhætt að fullyrða, að á undanförnum árum hefur útkoman af rekstrinum yfirleitt verið hagstæðari hjá þeim útgerðarmönnum, sem hafa verkað aflann sjálfir, heldur en hjá hinum, sem hafa selt fiskinn óverkaðan upp úr skipunum. Ýmsir eigendur fiskvinnslustöðva á þeim stöðum, þar sem mikill afli berst á land á skömmum tíma, hafa áreiðanlega grætt á viðskiptunum við útgerðarmennina á undanförnum árum.

Þegar rætt er um afurðasölumál sjávarútvegsins, virðist ekki óeðlilegt, að bent sé á til samanburðar, hvernig þeim málum er fyrir komið hjá landbúnaðinum, og vil ég fara um það nokkrum orðum.

Samvinnufélög bændanna eiga mjólkurbúin, slátrunar- og kjötfrystihúsin, þar sem afurðirnar eru gerðar að söluhæfum vörum, og félögin annast einnig sölu þeirra. Flestir bændur hér á landi afhenda samvinnufélögunum, sem þeir eru þátttakendur í, nú vöru sína til vinnslu og sölu, og með þessu fyrirkomulagi tryggja þeir sér það verð, sem þeim ber fyrir framleiðsluna, þ. e. a. s. söluverðið að frádregnum vinnslu- og sölukostnaði. Félögin eru ekki stofnuð til þess að græða á þessum viðskiptum, heldur til þess að veita framleiðendum þá þjónustu að taka vörur þeirra til vinnslu og sölu og skila öllu andvirðinu heim til þeirra að frádregnum óhjákvæmilegum kostnaði. Þetta fyrirkomulag hefur svo vel gefizt, að bændunum mun ekki koma til hugar að hverfa frá því. Að vísu er það svo, að nokkrir bændur selja kaupmannaverzlunum framleiðsluvörur sínar að einhverju eða öllu leyti, en þá oft með þeim skilmálum, að þeir fái þar sama verð og stéttarbræður þeirra fá frá samvinnufélögunum. En mikill meiri hluti bændanna felur eigin fyrirtækjum, samvinnufélögunum, að annast sölu á framleiðsluvörunum.

Það er áreiðanlegt, að þeir bændur eru fáir, ef þeir eru þá nokkrir, sem telja hyggilegt að hverfa frá samvinnunni og taka upp þá viðskiptahætti útgerðarmannanna að selja einstöku kaupsýslumönnum eða hlutafélögum fárra manna framleiðsluvörurnar fyrir ákveðið verð. Bændur ættu þó sennilega kost á þessu, ef þeir vildu, því að trúlegt er, að kaupmenn væru fáanlegir til að kaupa fé til slátrunar að haustinu og verzla með afurðirnar. Og menn, sem hafa áhuga fyrir kaupsýslu, gætu líka stofnað hlutafélög hér og þar um landið, sem hefðu það verkefni að kaupa landbúnaðarvörur frá bændum og verzla með þær. En það eru engar sjáanlegar líkur fyrir því, að slík kaupsýslustarfsemi aukist frá því, sem nú er. Það er vegna þess, að bændurnir vilja

yfirleitt alls ekki skipta við slík einkafyrirtæki. Þeir hafa komizt að raun um, að samvinnuskipulagið á afurðasölumálunum, sem þeir hafa búið við í marga áratugi, hefur svo mikla kosti, að þeim kemur ekki til hugar að hverfa frá því. Þeim þætti áreiðanlega ekki fýsilegt að þurfa að eiga í samningum við óviðkomandi aðila um verð á búvörunum í byrjun hverrar kauptíðar, á svipaðan hátt og útvegsmenn eiga nú í samningaþófi við eigendur fiskvinnslustöðva um verð á fiskinum í byrjun hverrar vertíðar. Það fyrirkomulag á afurðasölumálum munu flestir bændur áreiðanlega telja mjög óviturlegt.

Hér þarf að verða breyting á hjá sjávarútveginum. Fiskverkunarstöðvarnar eiga að vera undir stjórn útgerðarmanna, reknar í þeim tilgangi einum að útvega þeim sem hæst verð fyrir aflann. Og þeir sjómenn, sem taka laun sín í hlut af afla, þurfa að eiga þess kost að vera þátttakendur í þeim félögum, sem reka fiskvinnslustöðvarnar, með fullum réttindum til þess að eiga hlut að stjórn þeirra og fylgjast með öllum rekstri, svo að þeir geti falið þeim að annast sölu á sínum aflahlut í stað þess að selja útgerðarmönnum hann fyrir ákveðið verð, eins og nú er gert. En eitt af nútímans fyrirbærum í þessum efnum er samningaþófið milli útgerðarmanna og sjómanna um verð á aflahlut sjómannanna, og oft liggur við borð, að útgerðin stöðvist vegna ósamkomulagsins þar. Hefur þá sáttasemjari ríkisins verið til kvaddur að reyna að koma á samkomulagi eins og í vinnudeilum. Þessi togstreita gæti horfið, ef sjómenn hefðu aðstöðu til að verka sinn aflahlut hjá eigin fyrirtækjum og tryggja sér á þann hátt sannvirði hans. Það ætti ekki að vera hættumeira fyrir bankana að veita félagsfyrirtækjum útgerðarmanna og sjómanna lán til þess að koma upp fiskvinnslustöðvum og reka þær heldur en þeim einkafyrirtækjum, sem nú fást við þann atvinnurekstur.

En hvaða möguleikar eru til þess að koma á nýju og hagkvæmara fyrirkomulagi í þessum efnum? Fyrst og fremst þarf vilja til þess hjá þeim, sem hafa hag af því, að breytt verði til, útgerðarmönnunum sjálfum. Ýmsir þeirra munu sjá þörfina fyrir breytta starfshætti í þessum efnum og vilja vinna að því, að þeir verði upp teknir, en aðrir vilja halda öllu í svipuðu horfi og nú er. En félagssamtök útvegsmanna munu vera þannig uppbyggð, að í þeim eru ekki aðeins útgerðarmennirnir, sem þurfa að fá sem hæst verð fyrir fiskinn, heldur einnig fiskkaupmenn eða forstöðumenn fiskkaupafyrirtækja, sem hafa hag af því að fá keyptan fisk fyrir sem lægst verð.

Sjálfstæðisflokksmenn hafa verið mestu ráðandi í Landssambandi ísl. útvegsmanna, og ráðherrar þess flokks hafa á undanfarandi árum farið með yfirstjórn sjávarútvegsmála í ríkisstj. Það eru því sjónarmið þess flokks, sem hafa verið mestu ráðandi í sjávarútvegsmálunum, þ. á m. í afurðasölumálum útgerðarinnar. En öllum er kunnugt, að um fyrirkomulag afurðasölunnar og viðskiptamálin yfirleitt er djúpstæður ágreiningur milli núverandi stjórnarflokka. Þess er ekki að vænta, að sjálfstæðismenn beiti sér fyrir þeim breytingum á vinnslu- og sölufyrirkomulagi sjávarafurða, að þar verði tekinn upp félagsrekstur á samvinnugrundvelli í stað þess kaupsýslufyrirkomulags, sem nú ríkir. Það er ekki hægt að búast við því, að Sjálfstfl. felli sínar ær og kýr með því að ganga inn á stefnu framsóknarmanna í viðskiptamálum. Hér fást því ekki verulegar breytingar, nema aðrir menn veljist til forustu í málunum, en það er mjög þýðingarmikið, að í þessum efnum verði breytt um til hins betra. Hitt er svo annað mál, að jafnvel þó að útvegsmenn og sjómenn hefðu verkun aflans í eigin höndum og sú þjónusta væri rekin á hagkvæmastan hátt og þó að þeir hefðu félagsinnkaup á öllum útgerðarnauðsynjum, þá mundi þetta ekki nægja, eins og nú er ástatt, að öðru óbreyttu, til þess að útgerðin gæti orðið rekin hallalaust. Það er vegna þess, að verðið, sem fæst fyrir útfluttar vörur í erlendum gjaldeyri, umreiknað í íslenzka peninga með núverandi gengisskráningu, er ekki nógu hátt til að vega á móti framleiðslukostnaðinum.

Stundum heyrist talað um það í nokkrum ásökunartón, að útvegsmenn séu stöðugt að gera kröfur á hendur því opinbera um stuðning við atvinnureksturinn. En ef að er gáð, þarf þetta ekki að vera neinum undrunarefni. Það er vegna þess, að útvegsmenn eins og aðrir búa við verzlunarhöft, sem sett eru af ríkisvaldinu. Þeir og aðrir, sem selja vörur úr landi, þurfa að afhenda erlenda gjaldeyrinn, sem fyrir þær fæst, fyrir verð, sem ákveðið er af yfirvöldunum. Auk þess eru önnur höft á útflutningsverzluninni og einokun á a. m. k. einni útflutningsvörutegund, sem ekki hefur fengizt samkomulag um að létta af. Þegar á þetta er litið, getur það ekki talizt undarlegt, þó að útvegsmenn og aðrir, sem selja vörur úr landi, kalli á ráðstafanir stjórnarvaldanna, þegar framleiðslan ber sig ekki. Allt öðru máli væri að gegna, ef hér væri viðskiptafrelsi, en því er ekki að heilsa, að svo sé. Það mun óhætt að segja, að hér hafi verið meiri og minni viðskiptahömlur síðan í byrjun fyrri heimsstyrjaldarinnar, árið 1914, og enn sést alls ekki hilla undir verzlunarfrelsi hér á landi, þó að sumir menn séu oft að spjalla um slíkt.

Þjóðin má ekki við því, að útgerð fiskiskipa hætti og vörusala til annarra landa falli niður. Til þess að koma í veg fyrir, að svo fari á þessu ári, er frv. þetta lagt fyrir þingið. Samkomulag hefur orðið milli stjórnarflokkanna um frv., og því hef ég mælt með samþykkt þess, eins og fram kemur í nál. á þskj. 313.

Oft er það svo, þegar samið er um mál milli tveggja eða fleiri flokka, að niðurstaðan verður nokkuð önnur en hvor eða hver flokkur hefði helzt kosið. Þannig mun vera um þetta frv., að ýmsir þeir, sem stuðla að framgangi þess með atkvæði sínu, hefðu kosið að hafa einstök ákvæði þess nokkuð öðruvísi en samkomulag hefur náðst um milli flokkanna. Annar af meðnefndarmönnum minum í meiri hl. fjhn., hv. þm. A-Húnv., hefur lýst því yfir, að hann væri mjög óánægður með frv., þó að hann greiði atkv. með því, og birtir hann andvarp frá sér á prenti í nál. meiri hluta fjhn. Hann minnir þar á frv. um verðtryggingarsjóð, sem hann hefur flutt á þessu þingi. Í sambandi við aths. hv. þm. A-Húnv. vil ég taka

fram, að þess hefur ekki heyrzt getið, að Sjálfstfl. hafi bent á hans frv. sem úrræði, þegar var verið að undirbúa það frv. um framleiðslusjóð, sem hér liggur fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 31. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SG, SkG, StgrSt, BÓ, EI, EOl, HÁ.

nei: BergS.

GilsG, GÞG, HV, EggÞ greiddu ekki atkv.

5 þm. (KGunn, GTh, JR, SB, ÁB) fjarstaddir.

Brtt. 315,1 felld með 20:9 atkv.

2. gr. samþ. með 21:1 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 315,2 felld með 20:10 atkv.

— 319,1 kom ekki til atkv.

5. gr. samþ. með 20:8 atkv.

6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 319,2 felld með 20:7 atkv.

— 315,3 felld með 21:10 atkv.

7. gr. samþ. með 20:7 atkv.

Brtt. 319,3 felld með 21:5 atkv.

8.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 315,4 felld með 20:10 atkv.

10. gr. samþ. með 21:3 atkv.

Brtt. 315,5 felld með 20:10 atkv.

11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 315,6 felld með 21:9 atkv.

12. gr. samþ. með 22:2 atkv.

Brtt. 319,4 felld með 20:9 atkv.

— 315,7 felld með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, BergS, EggÞ, EOl, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós.

nei: SÁ, SkG, StgrSt, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, HÁ.

4 þm. (SB, ÁB, KGunn, GTh) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 20:8 atkv.

Brtt. 315,8 tekin aftur.

14.—15. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 315,9 felld með 17:10 atkv.

— 319,5 kom ekki til atkv.

16. gr. samþ. með 19:9 atkv.

Brtt. 315,10 felld með 20:9 atkv.

— 319,6 kom ekki til atkv.

17. gr. samþ. með 20:10 atkv.

Brtt. 315,11 tekin aftur.

— 319,7 tekin aftur.

18. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

19. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 318 samþ. með 18 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

21.—22. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:10 atkv.

Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 328).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21:3 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EirÞ, EystJ, GíslG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, BÓ, EI.

nei: GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl.

3 þm. (SB, ÁB, KGunn) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mál þetta er út af fyrir sig svo stórt, að það ætti að fylgja því í hvorri d. sem væri myndarleg greinargerð. Hins vegar tel ég, að það sé að bera í bakkafullan lækinn, að ég hér fari að skýra málið, og þá fyrst og fremst vegna þess, að útvarpsumræður, sem fóru fram frá Sþ. í gær, hnigu að verulegu leyti um þetta mál. Það, sem ég um það segði, yrði þess vegna ekkert annað en endurtekning og ekki nokkurt málsatriði, sem ég mundi upplýsa og hv. þdm. ekki áður vita. Ég óska ekki að hefja þann málamyndaleik hér. Ég tel hins vegar alveg sjálfsagt, ef hv. þm. óska eftir einhverjum þeim upplýsingum, sem ég kynni að geta lagt fram hér frekar en gert hefur verið, að gefa þær.

Ég minni á, að af ástæðum, sem öllum eru kunnar, er nauðsynlegt, að þetta mál nái afgreiðslu í dag. Ég hefði kosið, ef hv. þdm. vilja una því, og þá með hliðsjón af því, hversu mjög málið er kunnugt og rætt, að það mætti nú ganga fram nefndarlaust. Ég hef aðeins farið á fjörurnar um það við hv. stjórnarandstæðinga, án þess að þeir beinlínis hafi svarað því. En ef ekki yrði andstaða gegn því, þá teldi ég það æskilegt, og mundum við þá geta lokið málinu fyrir matmálstíma.

Meira hef ég, hæstv. forseti, ekki um þetta að segja og gef þá fyrirheit um að koma hér aftur og reyna þá að taka eitthvað fjörugri þátt í umræðunum.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu á valdi hæstv. ríkisstj. og hennar flokka að ákveða það og meta, hvort hún telur ástæðu til, að þetta mál fari til nefndar. Í sjálfu sér skiptir það ekki mjög miklu máli frá minu sjónarmiði, því að það er vitað og yfirlýst, að hér er búið fyrir fram að ráða örlög frv., áður en það kemur hingað í þessa deild.

Um það verður ekki deilt, að sjávarútveginum er, eins og komið er, nauðsyn á mjög mikilli aðstoð, til þess að þeir, sem hann stunda, geti notið sömu lífskjara og aðrar stéttir þjóðfélagsins. Hins vegar skortir mig með öllu möguleika á því að dæma um, hvort þessi þörf er rétti-

lega metin í frv. því, sem hér liggur fyrir, og hvort þær till. til aðstoðar, sem þar eru gerðar, eru við hæfi eða ekki.

Hæstv. ríkisstj. hefur kosið að hafa þann hátt á í þessu efni að fela fyrir þingheimi þær skýrslur, rannsóknir og athuganir, sem hún hafði falið sérfræðingum sínum að afla og þeir að sjálfsögðu hafa lagt mikla vinnu í. Sérfræðingarnir hafa einnig, geri ég ráð fyrir, séð ástæðu til að benda á leiðir, benda á úrræði. Till. í einu formi eða öðru hafa þeir væntanlega gert til hæstv. ríkisstj. Ef svo er, þá eru einnig þessar till. fullkomið leyndarmál.

Ég er samþykkur þeim þætti þessa frv., að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til þess að veita útgerðinni aðstoð, en get ekki metið, eins og málið liggur fyrir, hvort þörfin er rétt metin í þessu frv. En ég er ósamþykkur þeirri leið til tekjuöflunar og því fyrirkomulagi, sem er á þessu haft og í frv. felst. Ég hefði talið þýðingarmikið, ef hæstv. ríkisstj. hefði greint frá, á hverjum rannsóknum og að hve miklu leyti á till. sérfræðinganna hún byggir þetta frv.

Ég fæ ekki skilið, hvers vegna hæstv. ríkisstj., sem metur þörf sjávarútvegsins á aðstoð, að því er mér skilst, eitthvað nálægt 250 millj. kr. á þessu ári, tekur ekki þann háttinn, sem einlægastur væri, að taka þetta fé einn veg eða annan og láta renna í einn sameiginlegan sjóð, sem trúnaðarmenn hæstv. ríkisstj. og fulltrúar frá þeim, sem eru aðilar að þessu máli, þ. e. a. s. útvegsmönnum og sjómönnum, ættu sæti í stjórninni fyrir.

Þessa leið hefur hæstv. ríkisstj. ekki kosið að fara. Bátagjaldeyrisfyrirkomulagið hefur sérstaka stjórn og umsjón. Sölusamband innkauparéttinda útvegsmanna mun hafa þriggja manna stjórn, sem sér um þá gjaldeyrisverzlun, sem er í sambandi við útgáfu B-skírteina. Þetta fé rennur svo um hennar hendur til útgerðarmanna, eins og kunnugt er. Síðan á að leggja á sérstök gjöld eftir frv., sem eiga að renna í framleiðslusjóð, sem á svo til viðbótar að jafna metin og gera kleift að halda útveginum gangandi.

Mér hefði sýnzt miklu einlægara, að öll þessi aðstoð væri sameinuð á einum stað og að yfirstjórn þess sjóðs, sem myndaður yrði, væri í höndum fulltrúa frá þeim aðilum, sem eiga að njóta fjár úr honum, og ríkisvaldsins, sem hefur tekið fé af almenningi til þess að leggja í sjóðinn. Mér er óskiljanlegt, að þessi háttur skuli ekki upp tekinn, úr því að ríkisstj. telur, að ekki nægi lengur bátagjaldeyrisfyrirkomulagið. Ég hef það líka fyrir satt, að eitt af því kannske ekki mjög marga, sem sérfræðingarnir hafa verið sammála um, hafi einmitt verið það, að ef væri myndaður sérstakur framleiðslusjóður, þá væri rétt að fella bátagjaldeyriskerfið niður og láta þær tekjur, sem útgerðarmenn hafa haft af því, renna í framleiðslusjóð.

Mér þætti æskilegt, að hæstv. forsrh. gæti upplýst, hverjar ástæður liggja til þess, að þessi einfalda og sjálfsagða leið hefur ekki verið farin.

Um fyrirkomulagið að öðru leyti vil ég segja það, að mér virðist þetta óþarflega flókið og margbrotið, sumpart um stuðning til útgerðarmanna, togaranna sérstaklega, bátaeigendanna sérstaklega, og sumpart framlag til vinnslustöðvanna, frystihúsanna eða saltfisksverkunarstöðva eða herzlustöðva eftir mjög mismunandi reglum og með því skilyrði einu, að ákveðið verð sé greitt. En höfuðókosti þessa frv. tel ég þó það, hvernig fjárins er aflað, og gallar þess fyrirkomulags, sem upp á að taka samkvæmt frv., eru fyrst og fremst þeir, að með því að heimta tekjur sjóðsins inn með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, þá er um leið verið að draga úr, minnka, ég vil ekki segja gera að engu, — draga úr og minnka aðstoðina til útvegsins. Um leið og gjöldin eru lögð á neyzlu almennings í landinu, sem hlýtur að leiða til vaxandi verðhækkunar og aukins framleiðslukostnaðar, er verið að þyngja róðurinn fyrir þeim, sem aðstoðina á að veita.

Mér hefði því þótt sjálfsagt, að þess mætti vænta, að þar sem hæstv. ríkisstj. hefur nú svo lengi haft þessi mál til athugunar og gert þau að sínum einkamálum, þá hefði hún fundið einhverjar leiðir til þess að afla fjárins með öðrum hætti en þeim, sem hér er gert, þ. e. a. s. að hækka verðið á nauðsynja- og neyzluvörum fólksins í landinu og skapa nýja gróðamöguleika fyrir þá, sem græða á hverjum nýjum tolli. (Gripið fram í.) Já, það er ekki gott að láta vera að segja allan sannleikann, þó að utan eldhúss sé.

Ég minnist þess, að hæstv. ráðherra hafði þau orð fyrir nokkru, þegar rætt var um stóreignaskatt og annað í sambandi við það, að hann skyldi sjá um, að fé yrði sótt í rottuholurnar, ef menn vildu ekki fúslega láta það af hendi, sem hefðu grætt á verðbólgunni þá. Mér hefði þótt einsýnt, að hæstv. ríkisstj. hefði leitað eftir því að taka fé til þessarar aðstoðar frá þeim aðilum, leita þess í þeim rottuholum, sem gróði undanfarinna ára mest hefur verið falinn inn í. Engin viðleitni er sýnd í þá átt í þessu frv., þvert á móti. Í Nd. hefur flokksmaður minn lagt fram till., sem miða í þessa átt. Að sjálfsögðu er ekki hægt á þessum stutta tíma og með þeim litlu upplýsingum, að ég ekki segi engum, sem fyrir hendi eru, að ganga frá ýtarlegri till. í þessu efni, en hún er þó a. m. k. ábending til hæstv. stjórnar og Alþingis um það, hvert sé að leita fjárins til þess að leggja þessa aðstoð fram. Einnig tel ég, að nauðsynlegt sé, að hið opinbera, ríkisstj., sem tekur þetta fé af almenningi og leggur til útgerðarinnar, fylgist með því, hversu þetta fé er notað, og gæti þess, að það sé eingöngu notað þar, sem raunverulega er þörf á.

Ég skal svo láta þetta nægja við þessa umr., en mun fyrir 2. umr. reyna að bera fram brtt. svipaðs efnis og þær, sem hafa komið í Nd. Annars verður hæstv. ríkisstj. og flokkar hennar að ákveða, hvort þeim þykir ástæða til að vísa málinu til nefndar eða ekki. Það er á þeirra valdi að kveða þar á um.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Það er um þetta mál eins og flest önnur stórmál, sem koma hér fyrir hv. Alþingi, að öll aðalatriði þess eru ráðin, áður en það kemur hér til umræðu. En þetta mál hefur þegar verið þrautrætt í hv. Nd., auk þess stendur svo á um það,

að umr. um það, opinberar og frammi fyrir alþjóð, standa yfir, og get ég því fallizt á, að það sé ekki sérstök ástæða til þess, að stjórnarandstæðingar í þessari hv. deild bregði út af þeirri venju sinni að tefja ekki framgang mála með málþófi.

Hv. 2. landsk. þm. og hv. 4. þm. Reykv. hafa þegar í umr. um það frv. til tekjuöflunar, sem lagt var hér fyrir hv. deild fyrir nokkrum dögum, markað afstöðu stjórnarandstæðinga í þessari hv. deild til beggja þessara mála, sem verða vart aðskilin. Það eru frv. til stórkostlegrar tekjuöflunar í ákveðnu skyni. Það má vitanlega deila um, hve mikil þörfin sé til tekjuöflunar vegna sjávarútvegsins, og það má vitanlega deila um, hve mikið þurfi til þess, að fjárlög 1956 verði afgreidd greiðsluhallalaus. Um það, hve mikla fjárhagslega aðstoð sjávarútvegurinn þurfi, hafa engar skýrslur verið lagðar fram, eins og bent hefur verið á í umr. um þetta mál. Þær eru ekki fáanlegar. Þær eru taldar trúnaðarmál hæstv. ríkisstj. og hennar ráðgjafa. Það hafa ekki heldur að mínu viti verið færð nein fullnægjandi rök fyrir því, að það þurfi að leggja stórkostlegar nýjar álögur á þjóðina nú, til þess að hægt sé að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög.

Ég er sjálfur auk þess alls ekki sannfærður um, að það sé alltaf höfuðnauðsyn í einu landi að afgreiða fjárlög greiðsluhallalaus. Það mætti benda á mörg dæmi þess, að meiri fjármálamenn en þeir, sem stjórna fjármálum Íslendinga, hafa ekki gert þetta að skilyrðislausri reglu, hvernig sem á stendur. En það hefur verið af hálfu stjórnarandstæðinga hér á hv. Alþingi sýnt fram á, að það sé hægt að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög nú, aðeins ef þær upphæðir um tekjuöflun, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., sem við höfum haft til meðferðar, væru áætlaðar eins og reynslan hefur sýnt þær. Auk þess liggur fyrir stórfelldur tekjuafgangur frá s. l. ári. Um allt þetta má deila, og um allt þetta hljóta deilur að standa, ekki aðeins hér innan þingsalanna, heldur munu þær standa frammi fyrir þjóðinni og með þjóðinni næstu vikur og mánuði.

Ég get verið stuttorður um þetta mál og snúið mér frá því að ræða um það, sem mest er deilt um í þessu sambandi. Ég vildi taka hinn kostinn: að benda á það, sem mér virðist ekki vera hægt að deila um, og það eru einkum tvö atriði.

Mér virðist ekki vera hægt að deila um það, að þær álögur, sem lagðar eru nú á þjóðina með þessum frv., hljóta að verða til þess að stórhækka verðlag í landinu, auka dýrtíð, vegna þess að þær eru lagðar á allan almenning í landinu og koma til verðhækkunar á nauðsynjavörum almennings. Þær hljóta að hækka vísitöluna, framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu, innan fárra mánaða a. m. k., en auk þess er verðlag að ýmsu leyti og verulegu leyti óbundið í landinu, og reynslan sýnir og sannar, að það eru til menn og hópar manna, sem nota sér hvert tilefni til verðhækkana á ýmsum vörum til þess að leggja á meiri verðhækkanir en tilefni er til. Það eru til hópar manna, sem stjórnarblöðin sjálf, a. m. k. stjórnarblaðið Tíminn, kalla verðbólgubraskara í þessu landi. Það eru þeir menn, sem nota þá verðbólguþróun, sem á sér stað, hvert tilefni til verðhækkana, til meiri verðhækkana, til þess að taka gróða í sinn vasa. Þessi hefur reynslan orðið af þeim kauphækkunum, sem hafa átt sér stað, og af þeirri tekjuöflunarlöggjöf, sem hefur verið sett á undanförnum árum.

Þær álögur, sem nú eru lagðar á þjóðina, eru tollar, auknir tollar og söluskattur, þó að sumt af þeim heiti nú öðrum nöfnum en þeir hafa áður verið nefndir. Það liggur ekkert fyrir um það, þótt það ætti að vera hægt að reikna það út af fróðum mönnum, hvað vísitalan muni hækka beint vegna þessara ráðstafana, sem nú eru gerðar, en það er augljóst mál, að það hlýtur hún að gera. En auk þess sýnir reynslan, að hækkanir á verðlagi í landinu muni verða meiri.

Nú var sýnt fram á það af hagfróðum mönnum í byrjun s. l. árs, að það hefði á undanförnum árum orðið stórfelld rýrnun á kaupmætti þeirra launa, sem verkamenn og aðrir launþegar báru úr býtum samkvæmt gildandi vísitölu, vegna þess að hækkanir á verðlagi, aðrar en þær, sem fólgnar eru í vísitölunni, höfðu átt sér stað. Þannig höfðu raunverulega laun verkamanna lækkað um allt að 20%, miðað við árið 1947, í byrjun s. l. árs. Það var vegna þessarar staðreyndar, sem það var viðurkennt af öllum sanngjörnum mönnum á s. l. ári, að verkamenn þyrftu kauphækkun. Í kjölfar þeirrar kauphækkunar hefur svo orðið stórfelld verðlagshækkun í landinu, og er um það deilt, hvort það sé kauphækkununum einum að kenna eða öðrum aðilum. Mér virðist það liggja alveg ljóst fyrir, að þessar stórfelldu verðlagshækkanir, sem hafa orðið, stafa ekki af kauphækkununum einum, heldur af því, að verðbólgubraskarar hafa tekið miklu meiri hluta í sinn hlut en áður var.

Þegar nú vísitalan hækkar sem bein afleiðing af þessum nýju tollum og sköttum og slík verðhækkun verður sem reynslan hefur sýnt og við vitum að hefur átt sér stað, hvað verður þá vísitalan orðin, þegar verð á landbúnaðarvörum hækkar á næsta hausti lögum samkvæmt? Það mætti vafalaust fara nærri um það, en það liggur ekki fyrir. Mér er nær að ætla, að hún yrði þá nálægt 200 stigum. Og hvað verður þá orðin kaupgjaldsrýrnun verkamanna, og hvað verður um kostnað útgerðarinnar, þegar svo er komið?

Í sambandi við umr. um þetta mál, eins og það ber nú að, og þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera, vakna hjá mér endurminningar um fyrstu persónuleg kynni mín af hæstv. forsrh. haustið 1949, þegar við vorum á ferð um Gullbringu- og Kjósarsýslu, og ég sá hann þar og heyrði í fyrsta skipti tala til sinna kjósenda. (**Forsrh.**: Og varðst strax stórhrifinn.) Já, það er rétt. Ég var að ýmsu leyti hrifinn af því, hvað hæstv. forsrh. var fimur að tala við sína kjósendur. Hann hafði þá verið utan ríkisstj. nokkuð á þriðja ár, en flokkur hans hafði setið í þeirri ríkisstj. og ráðið þar mestu. Sú ríkisstj. hafði gert á árunum 1947—49 nákvæmlega sams konar ráðstafanir og þær, sem verið er að gera nú. Hún hafði hækkað sömu tollana, söluskattinn og með sömu afleiðingum og við stjórnarandstæðingar nú spáum um afleiðingar af þess-

um ráðstöfunum. Hæstv. forsrh. var ekki frammi fyrir sínum kjósendum myrkur í máli um það, hve heimskulegar þessar ráðstafanir hefðu verið. Hann var ekkert að draga úr því, þó að hann væri formaður þess flokks, sem mestu hafði ráðið um stefnu ríkisstj. Hann sagði: Þessir skattar og tollar, sem hafa verið lagðir á almenning, á þjóðina, eru drápsklyfjar, og þær koma fyrir ekki, þær verða ekki nema til ills eins. Í þeim er engin varanleg lækning fólgin, síður en svo, *og nú þolir þjóðin ekki meira*, sagði hann þá. Og hann spurði: Eða hver er það, sem mundi þora að leggja á, þótt ekki væri nema næstu 10 milljónirnar, í styrki til atvinnuveganna? Hver þorir? — Og nú spyr ég: Hver þorir að leggja á næstu 100 eða 200 milljónirnar í styrki til atvinnuveganna með sama hætti og felst í þessum frv., sem nú liggja fyrir? Þora hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að leggja meiri drápsklyfjar en þetta á þjóðina með sama hætti í styrki handa atvinnuvegunum?

Hæstv. forsrh. og hans stjórn hafa nú gert það sama og eru að gera nákvæmlega það sama og stjórn sú, sem var kennd við Stefán Jóhann, gerði á árunum 1947—49. Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, sagði þá við þjóðina: Það, sem hefur verið gert, er gengislækkun. Það er hart, að þeir menn, sem hafa stutt þessa stjórn, þykist nú vera á móti gengislækkun, því að þeir hafa verið að framkvæma gengislækkun.

Ég vildi ekki mótmæla þessum skilningi hæstv. forsrh. þá, og ég geri það ekki enn. Það, sem verið er að gera nú, er gengislækkun.

Hæstv. forsrh. sagði þá við þjóðina, að hann gæti með einu pennastriki afnumið styrkina til atvinnuveganna, tryggt styrkjalausan atvinnurekstur í landinu framvegis — styrkjalausan og blómlegan atvinnurekstur. Og pennastrikið kom. Hæstv. forsrh. stóð fyrir því. Hann gerði það pennastrik í byrjun árs 1950, og hann hefur síðan haft fimm ár til þess að sjá afleiðingarnar. Eru nú hér blómlegir, styrkjalausir atvinnuvegir? Nú, eftir að hæstv. forsrh. hefur stjórnað í fimm ár og hefur haft nægan meiri hluta á þingi, liggur fyrir árangurinn af þessu ágæta ráði, pennastrikinu frá 1950, og nú er gripið til sama ráðs og áður: styrkja til atvinnuveganna. Allir okkar atvinnuvegir ganga með styrkjum. Og það er gripið til sama ráðsins og áður, það eru lagðar drápsklyfjar á þjóðina í tollum og sköttum, neyzlusköttum, sem hljóta að hækka vísitöluna, verðbólguna og auka dýrtíðina.

Lengi framan af stjórnarárum þessarar hæstv. ríkisstj., sem nú situr, var það viðkvæðið í öllum ræðum hæstv. ráðherra og þeirra stuðningsmanna, að ríkisstj. stæði fyrst og fremst í baráttu við dýrtíðina, baráttu gegn verðbólgunni, það væri hennar höfuðmarkmið að stöðva verðbólguna. Ég veit, að það verður ekki einn einasti af fylgismönnum eða forsvarsmönnum hæstv. ríkisstjórnar til þess í þeim umræðum, sem nú standa yfir, að segja, að með þessum ráðstöfunum sé verið að stöðva verðbólguna, stöðva dýrtíðina, stöðva þá óheillaþróun, sem hefur átt sér stað í okkar þjóðfélagi nær óslitið síðan 1939.

Ef við lítum svo á allir, að þetta sé óheillaþróun, að áframhaldandi verðbólga og gengisfall, sífellt gengisfall íslenzku krónunnar, sé óheillaþróun, — og það láta allir svo sem þeir vilji stöðva hana, ég vil ekki rengja menn um það, — en hvað er þá í vegi fyrir því, að það sé hægt að stöðva þessa þróun?

Það vita allir og viðurkenna allir, að vinnandi stéttir þjóðarinnar græða ekki á þessari þróun. Þær eru í sífelldri hættu um það, að lífskjör þeirra rýrni og versni vegna þessarar þróunar og að þær falli niður á annað og lægra stig um alla *sína* afkomu og lífskjör og niður á lægra menningarstig, af því að efnaleg kjör þeirra versna.

Það verða fáir til þess að halda því fram, að þjóðin í heild sinni græði á þessari þróun. Það virðast allir viðurkenna, að það sé öllu líklegra, að hún tapi á henni. En það eru til menn, sem græða á henni. Það er *ómótmælanlegt*, að það eru til hópar manna, kannske ekki ýkja fjölmennir, sem hafa grætt stórfé á þessari þróun, kannske hundruð milljóna. Það eru þeir, sem standa í vegi fyrir því, að það sé hægt að stöðva þessa þróun, jafnvel þótt flestir meini það, sem þeir segja, að þeir vilji stöðva hana. Þessir menn kunna að vera til í öllum flokkum, en ég er ekki í neinum vafa um, að þeir eru fyrst og fremst í Sjálfstfl. Þess vegna er það, að ég hef ekki *neina trú á því, að Sjálfstfl., þótt hann réði einn* og þó að hann segðist vilja stöðva þessa þróun, gerði það. Ég trúi því ekki, að forustumenn hans gætu það. Svo sterk held ég að þessi öfl, sem hafa grætt milljónir, hundruð milljóna á þessari verðbólguþróun, séu innan Sjálfstfl.

Hæstv. forsrh. sagði í útvarpsumræðunum í gærkvöld, að það væri ekki hægt að stjórna þessu landi án Sjálfstfl. Ef það er, þá hef ég ekki mikla trú á því, að það verði unnt í náinni framtíð að stöðva þá þróun, sem hefur átt sér stað og á sér stað í dag. En þetta er nú staðhæfing hæstv. forsrh. fyrir hönd síns flokks. Hann fullyrðir, að það sé ekki hægt að stjórna þessu landi án Sjálfstfl. En það hefur nú samt verið gert um nokkur ár. Og ég hef trú á, að það sé hægt.

Hæstv. forsrh. sagði einnig í umræðunum í *gærkvöld*, að *stjórnarandstæðingar hér á Alþingi* væru sjálfum sér sundurþykkir. Ekki skal ég neita því með öllu. Það er vitanlegt, að markmið og stefnur þeirra ýmsu fylkinga, sem eru í stjórnarandstöðu á Alþingi, eru ekki hin sömu. En afstaða þeirra í þessum málum er svo lík, að ég held, að það sé enginn vandi að samræma tillögur þeirra og sjónarmið í þeim. Ég held, að þeir hafi líka yfirleitt allir komið auga á, að verkalýður og vinnandi stéttir, sem þeir telja sig fulltrúa fyrir, græða ekki á áframhaldandi verðbólgu og gengisfalli, og þess vegna er það skylda þeirra sem fulltrúa þessara stétta að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að stöðva verðbólgu og gengisfall.

Ég er sannfærður um, að þessar ráðstafanir, sem nú er verið að gera, eru aðeins bráðabirgðaráðstafanir. Ég er sannfærður um, að innan skamms verður aftur farið að segja: Slíkar bráðabirgðaráðstafanir eru nú ekki færar lengur. Nú verður að leggja til annarrar og stærri atlögu. — Og það verður sagt: Verkalýðssamtökin eru þar í veginum — eins og sagt er nú í dag

og hefur verið sagt síðustu mánuði, að það hafi verið verkalýðssamtökin, sem á s. l. ári eyðilögðu alla hina góðu og göfugu stefnu núverandi ríkisstjórnar.

Ég er sannfærður um, að stjórnarandstæðingar, þó að þeir séu í ýmsum hópum, muni, þegar að því kemur, að það eigi að leggja til slíkrar atlögu gegn verkalýðnum og samtökum hans, standa sameinaðir. Ég er ekki heldur alveg viss um, að flokkar hæstv. ríkisstj. séu alveg lausir við að vera eitthvað sundurþykkir. Það hefur komið fram í umræðunum um þessi mál, að einstakir þingmenn, trúir stuðningsmenn hæstv. forsrh. að öðru leyti, hafa lýst yfir því, að þeir fylgdu þessum málum sáróánægðir, sárnauðugir. Hv. þm. A-Húnv. kvað svo að orði, að hann dragnaðist aðeins sárnauðugur með þessu fyrirhugaða máli hæstv. forsrh.

Ég er ekki viss um, þó að það hafi ekki komið eins skýrt fram, að allir hv. þm. Framsfl. séu hrifnir af þessum ráðstöfunum. Það bendir mjög margt til þess, að það sé langt frá því. Og það bendir mjög margt til þess, að það sé langt frá því, að Framsfl. hafi svo misskilið hagsmuni sinna umbjóðenda, að það geti ekki komið að því, að hann í heild sinni liti nokkuð svipuðum augum á þessi mál og stjórnarandstæðingar gera í dag, eins og þeir menn, sem bera fyrir brjósti hag vinnandi stétta í landinu, en þar með tel ég hiklaust bændur. Ég held, að það geti komið að því, ef og þegar kemur að því, sem ég býst við að verði ekki mjög langt að bíða, að það verði reynt að leggja til atlögu við verkalýðssamtökin í þessum málum, þá geti runnið tvær grímur á Framsfl. í heild sinni, hvorum megin hann skipar sér. En hitt er ég sannfærður um, að undir merkjum Sjálfstfl. verður aldrei unninn bugur á verðbólgu og dýrtíð í þessu landi né heldur stöðvuð sú sífellda gengislækkun, sem á sér stað, heldur verður þess ekki langt að bíða, að Sjálfstfl. segi, eins og hann sagði 1949 og 1950: Það er til lækning við öllum þessum meinsemdum. Hún heitir gengislækkun. Og það er ekki annað en að kveða niður með löggjöf og harðfylgi þá andstöðu, sem kann að vera í þjóðfélaginu gegn slíkri lækningu.

Þær bráðabirgðaráðstafanir, sem nú verða samþykktar hér, eru ekki lækning. Þær eru þvert á móti. Þær eru aðeins innspýting í þjóðarlíkamann, sem gerir illt verra, eins og hæstv. forsrh. lýsti nákvæmlega sams konar ráðstöfunum, sem gerðar voru af ríkisstj. á árunum 1947—49.

Ég mun ekki hafa þetta mál mitt lengra að sinni. Ég hef lýst afstöðu minni til þessa máls og því, hverjar ég býst við að verði afleiðingarnar af samþykkt þessara ráðstafana.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég tel ekki óeðlilegt, að hv. framsögumenn stjórnarandstöðunnar hafi flutt hér nokkra greinargerð fyrir skoðun sinni, og ég verð fullkomlega að viðurkenna það, að þeir hafa í þeim greinargerðum mjög forðazt allar málalengingar. Ég var að mælast til þess og hygg, að það sé nokkuð sameiginlegur vilji okkar allra, að þetta mál fái nú fljóta afgreiðslu. Mér er ljóst, að ef ég nú svara þeim ádeilum, sem hafðar hafa verið hér í frammi á ríkisstj. og efni þess frv., sem hér er borið fram, má sú ósk ekki ná fram að ganga, að okkur lánist að afgreiða þetta mál fyrr en þá síðla nætur. Ég finn út af fyrir sig enga tilhneigingu heldur hjá mér til að byrja að karpa um málið, meðfram og einkum kannske vegna þess, að í fyrsta lagi hefur verið hóflega í málin farið, þó að menn hafi látið sín rök í ljós, og í öðru lagi og einkum af hinu, að ef ég svara nú því, sem mér þykir mest um vert að svara, þá mundi ég með því endurtaka ræðu hæstv. fjmrh. og mína eigin ræðu í útvarpsumræðunum í gær, en þær ræður hlustuðu menn á og græða ekki sérstaklega á að heyra aftur.

Ég leiði aðeins athygli að því, að þetta frv. er stutt þeim rökum, sem einnig eru viðurkennd, skilst mér, af andstæðingum, að útvegurinn þarf á aðstoð að halda, og af hendi ríkisstj. eru lögð fram gögn um það, að aðstoðarþörfin skapist af kaupgjaldshækkununum, sem urðu á s. l. hausti. Ég vil leiðrétta þann smávægilega misskilning, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv., að það séu sérfræðingarnir, sem hafi samið þetta leyniplagg, sem var talað um af hans hendi. Sérfræðingana í þessu máli nefnum við embættismennina, sem um það hafa fjallað ár eftir ár. Hitt var hagfræðingaálit, sem átti að dæma um ástand í fjármála- og atvinnulífi þjóðarinnar, kom auðvitað inn á þetta mál í leiðinni, en margt annað einnig.

Ég skal svo aðeins leyfa mér út af því, sem hv. 6. landsk. sagði um mína ádeilu á háa skatta á árunum 1947—49, sem sjálfsagt er rétt og satt, — ég minnist þess nú ekki sjálfur svo nákvæmlega, ég segi margt og viturlegt og held ekki um það skrá, — en ég minni aðeins á það, sem ég sagði í gær, að við vissar aðstæður eiga vissar ráðstafanir og við breyttar aðstæður aðrar ráðstafanir. Og alveg eins og ég taldi gengisfellingu nauðsynlega 1950, hygg ég, að ég gæti fært sterk rök að því, að einmitt þessi leið sé nú réttari en gengisfelling, því að ég hygg, svo að ég segi ekki meira, að gengisfelling í dag mundi fljótlega gefa okkur aðra gengisfellingu.

Og svo, herra forseti, hlýtur það að vera minn hlutur í þessu máli að lofa andstæðingunum að deila hæfilega á mig án þess að deila á þá, ef óskir mínar um fljóta afgreiðslu málsins eiga að ná fram að ganga, sem einnig undir niðri eru þeirra óskir, hvað sem þeir um það segja. Um leið og ég vísa til minna fyrri raka og raka hæstv. fjmrh. í útvarpsumræðunum í gær fyrir því frv., sem hér er til umræðu, — og ég vísa einmitt til þeirra raka fremur en þess, sem sagt var í hv. Nd. og hv. efrideildarmenn höfðu ekki tækifæri til að hlusta á, — þá skal ég nú láta máli mínu lokið og þætti vænt um, ef hv. d. teldi það viðunandi, að málið gæti gengið nefndarlaust til 2. umr. og við gætum þá lokið því fyrir kvöldverð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:3 atkv.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Mér er um það kunnugt, enda var það staðfest af hæstv. forsrh., að það eru fullkomnir samningar milli stjórnarflokkanna, öflugs meiri hl. í þinginu, um afgreiðslu þessa máls eins og það nú liggur fyrir. Ég sé því enga ástæðu til þess að tefja framgang málsins með löngum ræðuhöldum og mun ekki heldur gera það. Ég greiddi ekki heldur atkv. gegn afbrigðum frá þingsköpunum, því að úr því að örlög málsins eru ákveðin, þá þýðir ekki að leggja kapp á að draga það nokkrum stundum lengur að afgreiða málið. En ég kemst ekki hjá því vegna ummæla hæstv. forsrh. í þeim fáu orðum, sem hann áðan sagði, að drepa á tvö atriði.

Hæstv. ráðh. fullyrti það nú, að ástæðan til þess, að aðstoðar væri nú þörf fyrir bátaútveginn, væri kauphækkanir þær, sem orðið hefðu á s. l. vori. Ég vil mótmæla þessu. Ég vil ekki neita því, að þær kauphækkanir, sem þá urðu, séu að einhverju leyti þáttur í erfiðleikum útgerðarinnar. En að ástand útgerðarinnar nú, afkomuhorfur og rekstrarhorfur stafi af þeim hækkunum einum saman, er náttúrlega fjarri öllum sanni, eins og hæstv. ráðh. vel veit, ef hann bara minnist þeirra lýsinga, sem hann um síðustu áramót gaf á ástandi útgerðarinnar, enda liggur í augum uppi, að þær upphæðir, sem hér er um að ræða, eru svo stórfelldar, að sú kauphækkun, sem varð á s. l. ári, er aðeins brot af þeim upphæðum, sem þar er um að ræða. Þessari fullyrðingu hæstv. ráðh. gat ég ekki látið ómótmælt.

Annað var það, að hann teldi nú ekki gengisfellingu neitt bjargráð fyrir útveginn, það væru nú breyttir tímar. Sjálfsagt eru breyttir tímar nú frá 1950. En að hverju leyti þeir séu þann veg breyttir, að það, sem var bjargráð 1950, sé það ekki nú, ef sömu augum er litið á, vantar mig skýringu á. Ég sé ekki, að þeir, sem trúðu á gengislækkun þá sem bjargráð útvegsins, muni ekki líta sömu augum á málið nú. Hins vegar er ég sammála honum um það, að það sé síðasta neyðarúrræðið, sem vert sé að grípa til eða gerlegt sé að grípa til. Hinu tel ég ekki rétt að loka augunum fyrir, að gengislækkunin er þegar komin undir stjórn hæstv. ráðh., miklu meiri en sú, sem ákveðin var með lögum á árinu 1950, því að allan tímann síðan hefur hæstv. ríkisstj. með sínum aðferðum verið að lækka gengi peninganna í landinu. Auðvitað er bátagjaldeyririnn gengislækkun, ekki nokkur vafi á því, enda margviðurkennt. Auðvitað eru hækkaðir innflutningstollar á nauðsynjar almennings rýrnun á gildi peninga og þar með felling á verði krónunnar. Um þetta þurfum við ekki að deila.

Hvort gengislækkun leiði til nýrrar gengislækkunar, hlýtur jafnan að vera undir því komið, hverjar ráðstafanir stjórnin í hlutaðeigandi landi gerir til þess að tryggja það nýja gengi og afstýra nýrri gengislækkun. Stundum getur það verið svo erfitt, að hún hafi ekki fullt vald á því, en undir venjulegum kringumstæðum á það ekki að vera ókleift, þótt það væri ekki gert 1950, enda ekki reynt, eins og kunnugt er.

Ég vildi aðeins nefna þessi tvö atriði, af því að hæstv. ráðh. ræddi nokkuð um þau. En að lokum vildi ég benda á það, að hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni hér í útvarpinu í gær og talaði þá án efa fyrir munn hæstv. forsrh., að í raun og veru væri ekki nema um þrjár leiðir að ræða til þess að aðstoða útveginn, eins og hann orðaði það. Ein væri sú að lækka gengið, hið skráða gengi. Önnur væri sú að fara niðurfærsluleiðina, sem hann kallaði og skýrði ekki nánar. Og hin þriðja væri eins konar milligjöf, og það væri sú leið, sem farin væri í þessu frv., þ. e. a. s. með niðurgreiðslum, með uppbótum og með styrkjum og með bátagjaldeyri að flytja hluta af tekjum annarra borgara þjóðfélagsins yfir til útgerðarinnar, og það er sú leið, sem ætlazt er til þess að sé farin eftir ýmsum krókaleiðum samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir. En mér finnst hæstv. ríkisstj. hafa gleymt því, að það er raunverulega til fjórða leiðin í þessu efni, og hún er sú, að gera þær ráðstafanir með löggjöf og framkvæmd ríkisvaldsins, að tekjuskiptingin hjá þjóðinni verði önnur en hún nú er, án þess að jafna metin með sköttum eða tollum og uppbótarstyrkjum. Þá leið hefur hæstv. ríkisstj. ekki viljað nota og látið svo sem hún hafi ekki eygt hana eða telji hana með öllu ófæra. En það er vitað, að mikið fé rennur frá útgerðinni til ýmissa aðila í þjóðfélaginu, sem væri betur komið og mundi stórlega bæta hag útgerðarinnar, ef það rynni til hennar sjálfrar.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín miklu lengri. Ég vil, þar sem ekki gefst tækifæri til að gefa út nál., leyfa mér að vísa til nál. á þskj. 316 frá 2. minni hl. fjhn. í Nd. Og mér þykir rétt, þó að ég viti, að engin von sé til, að þær brtt. fáist samþ., að leggja fram þær brtt., sem sami hv. 2. minni hl. fjhn. í hv. Nd. lagði fram þar við umr. málsins, en efni þeirra er að benda á þær tvær leiðir, sem líklegar þættu til þess að afla fjárins annan veg en gert er samkvæmt frv. og til þess að tryggja, að almenningur og ríkisvaldið, sem fé leggur fram, hefði nokkra íhlutun um og eftirlit með, hvernig þessu fé væri varið.

Ég leyfi mér því að afhenda hæstv. forseta þessar brtt. og óska eftir, að hann leiti afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 335) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að auðvitað er það ofmælt, ef ég hef sagt, að þessi mikla tekjuþörf, sem við tölum um og gerð er grein fyrir í því frv., sem hér er til umr., stafi öll af kauphækkununum frá því í vor. Það er náttúrlega fjarri sanni, að það sé rétt. En sú nýja aðstoð, sem um er að ræða, einkum til bátaflotans, stafar að verulegu leyti að mínu viti af þeim ástæðum. Svo að ég færi sjálfur fram bara eitt einasta atriði, sem mundi mótmæla þeirri staðhæfingu minni, að öll nýja tekjuþörfin stafaði af kauphækkunum, skal ég minna á það, að olía hefur hækkað svo mikið í verði, að ég hygg, að það muni auka dagleg rekstrargjöld togaranna um 1200—1300 kr. Ég viðurkenni fyllilega, að mér

er ljóst, að þetta stafar ekki allt af þeim ástæðum, þó að mínar skoðanir að öðru leyti séu óbreyttar um áhrif kaupgjaldsins á nýjar þarfir fyrir aðstoð útveginum til handa.

Ég skal svo aðeins segja það, að ég vil ekki taka hér upp neinar deilur við hv. 4. þm. Reykv. um það, að krónan hafi ekki lækkað í verði. Ég hef einmitt þvert á móti haldið því fram, að krónan sé raunverulega lækkuð í verði, og hef sagt það opinberlega, að þeirri staðreynd þýði ekkert að mótmæla, því að það finni allir gjaldþegnar þessa þjóðfélags á öllum sviðum.

Ég skal svo ekki, herra forseti, orðlengja um þetta, enda situr sízt á mér að gera það, svo skjóta afgreiðslu sem hv. stjórnarandstæðingar vilja veita málinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 335,1 felld með 9:5 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 335,2 felld með 10:4 atkv.
7. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Brtt. 335,3 felld með 9:5 atkv.
8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 9:2 atkv.
12. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 335,4 felld með 9:4 atkv.
13.—15. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Brtt. 335,5 felld með 9:4 atkv.
16. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 335,6 felld með 9:4 atkv.
17. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Brtt. 335,7 tekin aftur.
18.—22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 336).

---

16. Fjárlög 1956.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1956 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 4. fundi í Sþ., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Síðastliðinn vetur gerði ég hv. Alþingi grein fyrir afkomu ríkissjóðs árið 1954. Það var bráðabirgðayfirlit og gert með fyrirvara, eins og vant er. Reikningur hefur nú verið saminn fyrir það ár, og hafa hátt-virtir alþingismenn fengið í hendur aðalreikninginn.

Tekjur og gjöld á reikningnum eru aðeins hærri en á bráðabirgðayfirliti. Einkum sýndi það sig, að eftirstöðvar af tekjum urðu minni við lokauppgjör en gert var ráð fyrir.

Gjöld á rekstrarreikningi reyndust tæplega 5 millj. kr. hærri samtals en ráð var fyrir gert í yfirlitinu. Stafar sú hækkun nærri eingöngu af því, að til vegaviðhalds var notað 4.6 millj. kr. meira en gefið var upp, þegar bráðabirgðayfirlitið var samið. Hin raunverulegu fjárfestingarútgjöld á 20. gr. reyndust 1.6 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir, og er það vegna þess, að stjórn flugmálanna lagði þessa fjárhæð í framkvæmdir umfram það, sem gefið var upp til fjmrn., þegar bráðabirgðayfirlitið var samið.

Eins og sjá má af reikningnum, stóðst heildarútkoman fyllilega það, sem gert var ráð fyrir, og er raunar nokkru betri en bráðabirgðayfirlitið sýndi.

Þegar ég gaf bráðabirgðayfirlit um afkomuna 1954, gerði ég ekki mjög ýtarlegt yfirlit um skuldir ríkissjóðs og breytingar á þeim. Ég sé því ástæðu til þess að geta þess nú, að skuldir þær, sem ríkissjóður stendur sjálfur straum af, námu sem næst 175 millj. í árslok 1954. Þá tel ég ekki með í þeirri fjárhæð notaðar fjárveitingar, sem geymdar eru, né annað geymslufé, sem mér virðist ekki ástæða til að telja með skuldum í þessu sambandi. Sé þessi fjárhæð skuldanna borin saman við skuldirnar í ársbyrjun 1950, kemur í ljós, að skuldir þær, sem ríkissjóður stendur straum af, hafa lækkað um 70 millj. á 5 árum. Föstu lánin hafa verið borguð niður jafnt og þétt og nokkuð höggvið í lausar skuldir. Hefur ríkissjóður þó á þessu tímabili tekið nærri 25 millj. kr. lán í Landsbankanum vegna kaupa á tíu togurum.

Þensla, sem verið hefur í efnahagskerfi landsins þetta ár og þó einkum síðan kauphækkanirnar urðu s. l. vor, hefur aukið tekjur ríkissjóðs frá því, sem gera mátti ráð fyrir, þegar fjárlög fyrir yfirstandandi ár voru sett, en þegar fjárlögin voru sett, var gert ráð fyrir stöðugu verðlagi, svo sem verið hafði þá nærfellt í þrjú ár.

Það sem af er árinu, hefur innflutningurinn verið um það bil 5% hærri en á sama tíma í fyrra, en svo virðist sem tollhærri vörur hafi verið fluttar inn tiltölulega meira en áður, því að tolltekjur hafa vaxið meira en um 5%. Kemur hér fyrst og fremst vafalaust til greina bílainnflutningurinn.

Of snemmt er að fullyrða, hvað tekjurnar muni verða á árinu, en vafalaust verða þær eitthvað yfir 600 milljónir. Ríkissjóður verður á hinn bóginn fyrir ýmsum óvæntum útgjöldum á árinu. Koma þar til hækkaðar launauppbætur, útgjöld vegna almennra verðhækkana, sem átt hafa sér stað, útgjöld vegna óhappa í samgöngumálum, umframgreiðslur til jarðræktarframkvæmda, vaxandi greiðslur til þess að borga niður dýrtíð með vaxandi neyzlu þeirra vara, sem niður eru greiddar, o. fl. o. fl., sem of langt yrði hér að telja að sinni. Þrátt fyrir allmikil aukaútgjöld virðist þó augljóst, að nokkur greiðsluafgangur verði á árinu.

Þá kemur hér til, að s. l. sumar varð eitt hið örðugasta til heyskapar um Suður- og Vesturland, er sögur fara af. Hlýtur hið opinbera að hlaupa undir bagga, þar sem verst er ástatt, á hliðstæðan hátt og tíðkazt hefur áður á síðari árum, þegar slík áföll hefur hent. Eru þau mál nú í deiglunni.

Því miður gefur þó þessi niðurstaða ársins, sem er að líða, ekki von um, að það verði létt hlutverk að afgreiða nú fjárlög fyrir næsta ár, svo gersamlega hefur nú skipt um í efnahagsmálum landsins. Kemur þetta glöggt fram, þegar ég gef yfirlit um fjárlfrv. og horfur almennt í sambandi við það.

Greiðsluafgangur ríkissjóðs á undanförnum árum hefur komið að stórkostlegu liði. Sumpart hefur hann verið notaður til þess að greiða fyrir hinum mest aðkallandi framkvæmdum í almannaþágu, en að því leyti sem hann hefur ekki verið borgaður út, hefur hann gengið til þess að höggva í lausaskuldir ríkissjóðs og þannig orðið til stórkostlegs stuðnings um leið við að mynda og halda við því jafnvægi í verðlagsmálum, sem hér stóð til mikilla hagsbóta fyrir alla nærfellt í þrjú ár.

Greiðsluafgangur undanfarinna ára hefur ekki náðst með skatta- og tollahækkunum. Skattar og tollar hafa þvert á móti verið lækkaðir nær því árlega eitthvað, sem kunnugt er. Tekjur ríkissjóðs hafa samt sem áður vaxið með vaxandi framleiðslu í landinu og greiðsluafgangur þá komið fram, blátt áfram vegna þess, að ríkisútgjöldunum hefur verið haldið í skefjum, þau hafa ekki vaxið að sama skapi og tekjurnar. Ríkisútgjöldin hafa sem sé ekki fylgt þeirri útþenslu, sem orðið hefur í landinu almennt á undanförnum árum. Þess vegna hefur greiðsluafgangur orðið ár eftir ár.

Ég kem þá að fjárlagafrv., sem fyrir liggur.

Heildargreiðslur eru í frv. ráðgerðar 578 millj., en á núgildandi fjárlögum eru heildargreiðslur fyrirhugaðar 515 millj. Gjaldabálkurinn, að 20. gr. meðtalinni, er því 63 millj. kr. hærri í þessu frv. en í gildandi fjárlögum. Tekjubálkurinn er á hinn bóginn áætlaður 579 millj., og er það 63½ millj. hærra en gert var ráð fyrir í gildandi fjárlögum. Fjárlagafrv. hækkar því stórkostlega frá fjárlögum þessa árs, og er það auðvitað í samræmi við það, sem allir hafa búizt við. Það alvarlegasta er, að því fer fjarri, að í þessu frv. séu öll kurl til grafar komin. Í frv. er t. d. hvorki gert ráð fyrir útgjöldum vegna nýrra laga um atvinnuleysistryggingar né nýrra launalaga, en um báða þessa lagabálka hafa verið gefin fyrirheit, sumpart í sambandi við verkfall það, sem háð var á s. l. vori, og sumpart í framhaldi af því. Ég mun nú gera nokkra grein fyrir helztu breytingum á þessu frv. frá gildandi fjárlögum.

Eitt fyrsta verkefnið, þegar semja á fjárlagafrv., er að gera sér grein fyrir því, með hvaða dýrtíðarvísitölu eigi að reikna. Þetta verður að ákveða strax að vorinu, því að undirbúningur fjárlagafrv. byrjar í júnímánuði í stofnunum og ráðuneytum. Rn. bað að þessu sinni hagstofustjóra að gera tillögu um, með hvaða vísitölu reikna skyldi í frv. Þetta gerði rn., þar sem tímabil hins stöðuga verðlags var sýnilega á enda og stórfelldar verðbreytingar fram undan. Hagstofustjóri taldi, að vegna kauphækkana, sem þá nýlega höfðu komið til framkvæmda, mundi vísitalan hækka um 8½—9 stig fyrir áramótin vegna hækkana á innlendum vörum og þjónustu, síðan mundi væntanlega koma önnur vísitöluhækkun snemma á næsta ári, og gerði hann ráð fyrir, að bein hækkun á vísitölunni vegna kauphækkananna yrði samtals 12½—13 stig. Taldi hann rétt að gera ráð fyrir 12 stiga hækkun á vísitölunni að meðaltali fyrir árið 1956, en vísitalan var 161 stig, þegar þetta álit var samið. Hefur því samkv. þessu í fjárlagafrv. verið gert ráð fyrir vísitölu 173 að meðaltali fyrir næsta ár. Í gildandi fjárlögum er á hinn bóginn gert ráð fyrir vísitölunni 158. Er því um að ræða hvorki meira né minna en 15 stiga hækkun á vísitölunni, og veldur það gífurlegri hækkun á fjárlagafrv.

Það liggur nú nokkuð ljóst fyrir, hver áhrif kauphækkanirnar hafa haft á innanlandsverðlagið í haust og þar með á verðvísitöluna, og kemur í ljós, að áætlun hagstofustjóra frá því í vor stenzt alveg — má heita nákvæmlega. Þá er einnig rétt að taka það fram, að hagstofustjórinn hafði einnig gert áætlun um áhrif kauphækkana á verðlagið, á meðan á verkfallinu stóð í vor sem leið, og komizt að svipaðri niðurstöðu. Var hlutaðeigendum öllum þetta fullvel ljóst þá þegar. Það er því næsta kátlegt, þegar þeir aðilar, sem þá öldu reistu, þykjast nú reka upp stór augu og undrast verðhækkanir innanlands, sem þó voru hverju mannsbarni fyrirsjáanlegar strax í vor og rækilega sagðar fyrir, svo rækilega, að tæpast mun hafa farið fram hjá nokkrum þeim, sem kominn er til vits og ára.

Í fyrravetur var nokkuð hækkuð grunnlaunauppbót til opinberra starfsmanna og afnumin vísitöluskerðing að nokkrum hluta. Þessar ráðstafanir, en þó alveg sérstaklega hækkun dýrtíðarvísitölunnar, sem ég var að greina frá, valda því, að launaútgjöld ríkisins í þessu frv. munu vera um 29 millj. kr. hærri en á gildandi fjárlögum.

Hér til viðbótar koma svo, þegar þar að kemur, nýju launalögin, sem mjög nauðsynlegt er að setja á þessu þingi til þess að samræma launakjör opinberra starfsmanna við önnur laun, eins og nú er komið.

Ekki er ástæða til þess að rekja hér fjölmarga einstaka liði frv. né breytingar á þeim frá gildandi fjárlögum, því að langflestar breytingarnar stafa einmitt af þessu, sem nú þegar hefur verið frá sagt. En nokkra liði er ástæða til að minnast á, einkum nýja liði eða eldri liði, sem hafa breytzt verulega af öðrum ástæðum en þeim, sem nú hafa verið greindar.

Gert er ráð fyrir, að vaxtaútgjöld ríkissjóðs lækki um 1 millj. 432 þús. Þessi liður hefur sífellt farið lækkandi á undanförnum árum, og veldur því lækkun þeirra skulda, sem ríkissjóður stendur sjálfur straum af, svo sem ég hef þegar drepið á.

12. gr., útgjöld vegna læknaskipunar og heilbrigðismála, hækkar stórkostlega ár frá ári. Valda því að verulegu leyti nýjar ráðstafanir í heil-

brigðismálum. Í fyrra kom þar inn nýr liður: stóraukinn stuðningur til sjúkrahúsa. Í þessu frv. hækkar rekstrarhalli ríkisspítalanna um 4 millj. kr. Mjög stafar þetta af launahækkunum, en hér kemur einnig til, að auka á verulega starfrækslu landsspítalans, bæta þar við barnadeild og stækka handlækningadeildina, en hvort tveggja þetta mjög aðkallandi nauðsyn. Verður hægt að koma þessu í framkvæmd, þar sem hjúkrunarkvennaskólinn á að flytja í sitt nýja húsnæði á næsta ári. Þá tvöfaldast húsrými fávitahælisins í Kópavogi á næsta ári, og fylgir því að sjálfsögðu aukið starfslið og kostnaður. Þá fjölgar rúmum og sjúkrahúsum mjög ört, sem betur fer, og fleiri komast á sjúkrahús en áður af þeim, sem þess þarfnast. Aukast þá greiðslur ríkissjóðs vegna sjúkra manna og örkumla, en greiðslur til sjúkra manna af ríkisfé eru mjög bundnar við, að þeir fái sjúkrahúsvist. Þá setti síðasta Alþingi ný læknaskipunarlög, og er gert ráð fyrir, að þau auki útgjöldin um 400 þúsundir. Enn fremur var á síðasta þingi breytt lögum um heilsuverndarstöðvar, og er ráðgert, að sú breyting hafi í för með sér 500 þús. kr. hækkun á ríkisútgjöldum.

Allar þessar ráðstafanir í heilbrigðismálum eru mjög þarfar og ánægjulegt, að þær komast í framkvæmd, og enginn vafi er á því, að frekari átaka er þörf, enda standa menn í stórræðum í þessum efnum víðar, þótt mesta átakið sé hin stórfellda stækkun landsspítalans, sem nú er unnið að. Þessum framkvæmdum ber að fagna af heilum hug. Jafnframt er mönnum skylt að minnast þess, að aukin heilbrigðisþjónusta og önnur slík þjónusta kostar fé, þótt því sé síður en svo á glæ kastað. Gallinn er bara sá, að sú hlið málanna vill stundum gleymast, þegar menn bölsótast út af ríkisútgjöldum og sköttum.

Þá er rétt að minnast á 13. gr. B, samgöngur á sjó. Rekstrarhalli strandferðanna er í frv. áætlaður 4½ millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, en þó nokkru lægri en áætlun forstjórans. Hér kemur ýmislegt til. Í fyrsta lagi stórfelld hækkun á útgjöldum vegna launahækkana, því að síðan undirbúningur núgildandi fjárlaga fór fram, hafa margir nýir kjarasamningar verið gerðir, sem snerta launagreiðslur á sjó. Hafa allir þessir samningar haft í för með sér verulegar hækkanir á kaupi áhafna á skipum og ýmis aukin fríðindi. Þá hækkar fæðiskostnaður verulega. Óhjákvæmilegt er að framkvæma flokkunarviðgerð á tveimur skipum, og er kostnaður við þetta áætlaður 750 þús. umfram venjulegt viðhald. Hins vegar hefur ekki þótt fært að hækka fargjöld eða farmgjöld með skipunum til þess að vega á móti þessum auknu útgjöldum. Þykir verða að láta dreifbýlinu í té strandferðaþjónustuna gegn óbreyttum gjöldum á næsta ári, þótt það þýði aukna byrði fyrir ríkið.

Þá er að minnast fáum orðum á 14. gr. B, kostnað við kennslumál. Sú grein hækkar í frv. um 12 millj. 411 þús. frá gildandi fjárlögum. Hér koma launahækkanir fyrst og fremst til greina og stöðug fjölgun starfsmanna frá ári til árs vegna fjölgunar á nemendum. Hér hefur einn liður hækkað sérstaklega, og það er kostnaður við iðnfræðslu. Á síðasta þingi var lögfest, að ríkissjóður skyldi taka á sig hliðstæðan kostnað við iðnfræðslu og hann hefur borið vegna gagnfræðamenntunar. Þetta hefur verulega útgjaldaaukningu í för með sér. Vex kostnaðurinn um liðlega eina milljón á næsta ári vegna nýju laganna. Þá er á þessari grein einnig nýr liður vegna löggjafar frá síðasta Alþingi um aukin framlög til almenningsbókasafna. Áður hefur að vísu verið veitt fé til bókasafna og lestrarfélaga, en samkv. nýju lögunum hækka þessi framlög um 782 þús. á ári, eins og nú horfir. Að öðru leyti er hin gífurlega hækkun á 14. gr. B, kennslumálum, vegna árlegrar útþenslu í fræðslukerfinu í samræmi við fólksfjölgun í landinu og að einhverju leyti vegna bættrar aðstöðu til gagnfræðamenntunar og framhaldsmenntunar og svo vegna hækkunar á launum.

Þá er 16. gr. A, gjöld til landbúnaðarmála. Gjöld samkv. jarðræktarlögunum hækka mjög verulega vegna breytingar á framlögum til jarðræktar og framræslu. Hækkar framlag ríkissjóðs til þessara mála um 3 millj. og 300 þús., ef gert væri ráð fyrir sömu framkvæmdum og urðu 1954. En komið hefur í ljós, að framlag vegna jarðræktar og framræslu hefur verið of lágt sett í fjárlögin undanfarið, framkvæmdir meiri ár frá ári en gert var ráð fyrir, og þykir ekki fært annað en að hækka þennan lið um 4 millj. og 800 þús. frá því, sem er í gildandi fjárlögum, en þar af eru vegna nýju laganna 3 millj. og 300 þús., eins og ég sagði áðan.

Lögboðinn hluti ríkissjóðs af kaupi héraðsráðunauta hækkar um 220 þús. samkv. lagabreytingum frá í fyrra, frá síðasta þingi, og framlag til kaupa á jarðræktarvélum hækkar um 400 þús. kr. samkv. lögum frá sama Alþingi. Á hinn bóginn er lækkaður í frv. kostnaðurinn við sauðfjársjúkdómavarnirnar um 1 millj. 333 þús. kr., en sá liður hlýtur að breytast gersamlega og verða að hækka á ný, þar sem í ljós hefur komið nauðsyn fjárskipta á nokkru svæði, frá því að frv. var samið.

Í sambandi við 16. gr. B, til sjávarútvegsmála, er ástæða til að minnast á tvennt. Í fyrsta lagi er hér nýr liður: framlag til fiskveiðasjóðs Íslands samkv. lögum, er sett voru um sjóðinn á síðasta Alþingi. Þetta framlag nemur 2 millj. kr. árlega, og eru 2 millj. á fjárlagafrv. Þá er enn hækkuð fjárveiting til þess að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir. Mestur hluti þessarar fjárveitingar er notaður til að gera út varðskipið Ægi til fiski- og síldarrannsókna. Þarf að búa skipið enn betri rannsóknartækjum en gert hefur verið fram að þessu. Einnig er nokkuð af þessari fjárveitingu notað vegna tilrauna til að veiða síld með nýjum aðferðum.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á, að á 15. gr. B er gert ráð fyrir nokkuð auknum kostnaði við fiskideild atvinnudeildar háskólans. Stendur þetta í raun og veru allt saman í sambandi hvað við annað. Gert er ráð fyrir að fjölga þar starfsliði við fiskideildina. Þetta er í sambandi við áherzlu þá, sem lögð hefur verið á og lögð er á að auka haf- og fiskirannsóknir, fiskveiðitilraunir og fiskimiðaleit. Jafnframt því sem fé er lagt til útgerðar skipa í þessu skyni, bæði Ægis

og rannsóknarskipsins Maríu Júlíu, þarf að efla liðskost í landi til þess að vinna úr þessum rannsóknum.

Undanfarið hafa verið síauknar fjárveitingar til þessara mála, enda mun vandfundin betri ávöxtun fjár fyrir þjóðina en rannsóknir þessar og tilraunir. Reynsla okkar og reynsla annarra sýnir þetta glöggt. Lítur út fyrir, að af þessu starfi öllu ætli að verða glæsilegur árangur. M. a. vegna þessa starfs er viðhorf til síldveiða nú mjög að breytast, möguleikar að skapast til þess að ná síldinni með ýmsu móti, sem áður hefur verið talið óframkvæmanlegt. Mætti nú segja mér, að á næstu árum yrðu enn stórfelldari breytingar til bóta í þessu tilliti en við höfum átt að fagna undanfarið. Hefur verið reynt að hlynna að þessu starfi og fiskirannsóknum yfirleitt með auknum fjárveitingum, og er stefnan enn hin sama í frv. því, sem hér liggur fyrir.

Á 16. gr. B eru tveir nýir liðir, sem ástæða er til að minnast á. Það er fyrst fjárveiting til kaupa á jarðbor, 1 millj. 250 þús. kr., og 1 millj. kr. fjárveiting til þess að starfrækja þennan bor.

Okkur er brýn nauðsyn að auka fjölbreytni í atvinnulífi landsins, og þjóðin á mikið undir því að geta notfært sér alla þá möguleika til hins ýtrasta, sem náttúran býður. Ómögulegt er að koma þessu við, nema þjóðin eigi góð rannsóknartæki. Vísindamenn okkar hafa sýnt fram á, að ómögulegt er að komast eftir því, hvaða verðmæti við eigum í iðrum jarðar, með tilstyrk þeirra ófullkomnu tækja, sem við nú höfum til þess að beita fyrir okkur í því efni. Djúpboranir, sem svo eru kallaðar, eru ekki mögulegar með þeim tækjum, sem við höfum nú, þótt þau hafi reynzt gagnleg eigi að síður. Til þess að vita, upp á hvað hin dýpri jarðlög hafa að bjóða, verður því svo að segja hvað sem það kostar að kaupa og starfrækja fullkomnari jarðbor. Verkefni fyrir slíkan jarðbor bíða nú víða og eru svo að segja ótæmandi. Gert er ráð fyrir, að hinn nýi bor kosti eitthvað yfir 2 millj. kr. Þótt hér sé ekki veitt öll fjárhæðin, er vonast eftir því, að hægt verði að kaupa bor strax í vetur. Áætlað er, að það kosti um 2 millj. kr. á ári að starfrækja þetta tæki og að litlar beinar tekjur komi upp í þann kostnað fyrst um sinn að minnsta kosti. Fjárveiting sú, sem sett er á frv. til þess að starfrækja borinn, er því miðuð við, að hann verði í notkun hálft næsta ár.

Á gildandi fjárlögum er 6 millj. kr. aukaframlag til almannatrygginganna. Var það sett vegna rekstrarhalla tryggingannа og vegna þess, að nokkuð vantaði á, að ríkissjóður hefði undanfarið borið ⅓ af tryggingaútgjöldum, svo sem í öndverðu var byggt á. Í frv. er ekki gert ráð fyrir aukaframlagi til tryggingannа, þar sem þessi mál eru öll í deiglunni nú sem stendur. Hætt er þó við, að auka verði fjárveitingu til tryggingannа, áður en frá fjárlögunum verður gengið, eftir nýjustu tíðindum um afkomu þeirra.

Á 19. gr. er liður til dýrtíðarráðstafana. Lagt er til, að þessi liður hækki um 7 millj. og 900 þús. Samt er gert ráð fyrir óbreyttum niðurgreiðslum á næsta ári frá því, sem nú er, en þetta fé gengur allt til þess að greiða niður verð á innlendum afurðum. Neyzla innlendra afurða í landinu fer á hinn bóginn stöðugt vaxandi, sem betur fer, og þar með hækkar sú fjárhæð, sem verja verður til þess að greiða niður verðið að óbreyttum reglum. Þá hefur það komið í ljós undanfarið, að þessi liður hefur alltaf verið of lágt áætlaður, aldrei verið gert ráð fyrir eins mikilli aukningu á sölunni og orðið hefur.

Þá er nýr liður á 19. gr., sem nefndur er „til aukningar löggæzlu og tollgæzlu“, 1 millj. kr. Það er yfirleitt kvartað um ófullnægjandi löggæzlu með vaxandi þéttbýli og aukinni umferð. Brýn þörf er einnig að efla tollgæzluna. Þessi mál eru öll í athugun hjá fjmrn. og dómsmrn., en þeim athugunum var ekki svo langt komið, þegar gengið var frá fjárlagafrv., og er ekki enn, að leitað verði sundurliðaðrar fjárveitingar til úrbóta í þessum málum. Til dæmis er það ekki ljóst enn, að hve miklu leyti hægt verður að nota aukinn mannafla bæði til tollgæzlu og löggæzlu. Þar sem þessi mál standa þannig, er það ráð tekið að setja einn lið á fjárlögin til aukningar löggæzlu og tollgæzlu og gert ráð fyrir, að þeirri fjárveitingu verði varið til þessara mála með samkomulagi þeirra tveggja ráðuneyta, sem hér eiga hlut að máli.

Þá er þessu næst rétt að benda á, að fjárveitingar til nýrra vega, vegaviðhalds, fjárveitingar til skólabygginga og til fjárfestingarútgjalda yfirleitt með sárafáum undantekningum, sem ég kem að sumum hér á eftir, eru óbreyttar að krónutölu í þessu fjárlagafrv. frá því, sem þær voru í gildandi fjárlögum.

Vegna þeirra kauphækkana og verðhækkana, sem orðnar eru og verða, þýðir þetta, að fjárveitingar til fjárfestingarmála eru í raun og veru lækkaðar í þessu frv. allmikið frá því, sem þær eru í gildandi fjárlögum. Treystir ríkisstj. sér ekki til að hækka þessar fjárveitingar að krónutölu frá því, sem þær eru nú, miðað við hið ískyggilega útlit um afgreiðslu greiðsluhallalausra fjárlaga fyrir næsta ár og einnig með sérstöku tilliti til þeirrar gífurlegu fjárfestingar, sem nú á sér stað af hálfu annarra aðila. Það skal einnig tekið fram í þessu sambandi, að til þess að reyna að draga nokkuð úr fjárfestingunni hefur ríkisstj. á yfirstandandi ári látið undir höfuð leggjast að nota ýmsar fjárveitingar til bygginga í Reykjavík, og verða þær fjárhæðir geymdar og notaðar til þessara framkvæmda, þegar möguleikar eru á að koma þeim áleiðis.

Undantekningar frá hinni almennu reglu í frv. um fjárveitingar til fjárfestingarmála eru þessar helztar:

Til eignaaukningar landssímans er gert ráð fyrir 1 millj. kr. hærri fjárhæð en í gildandi fjárlögum. Er þar stærsti liðurinn 400 þús. kr. fjárveiting til stuttbylgjusambands við Hornafjörð. Er þar um að ræða skref í þá átt að koma á bættu símasambandi við Austurland.

Þá er liðurinn til flugvallagerðar hækkaður um 700 þús. Þótti það óhjákvæmilegt, miðað við verkefni þau, sem fyrir liggja. Til bygginga á prestssetrum er fjárveiting hækkuð um 600 þús. kr. Loks er tekinn inn nýr liður, framlag til tollgæzluhúss í Reykjavík, 850 þús. kr. Er óhjá-

kvæmilegt að byrja að leggja fé til hliðar til þessarar byggingar, þar sem telja má ókleift að halda uppi fullnægjandi tollgæzlu við þau skilyrði, sem nú eru.

Ég hef þá rakið gjaldahlið fjárlagafrv. í höfuðdráttum og getið um helztu nýja liði í frv. Gjaldabálkurinn á rekstrarreikningi frv. er um 59 millj. og 300 þús. kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, eru höfuðorsakir þessarar hækkunar sem hér segir.

1) Launagreiðslur hækka um 29 millj. kr.

2) Hækkanir vegna löggjafar frá síðasta Alþingi nema um 12 millj. kr.

3) Hið lögákveðna framlag til almannatryggingganna hækkar um 4 millj. kr. vegna hækkandi vísitölu.

4) Framlag til þess að greiða niður vöruverð hækkar um 7 millj. og 900 þús. kr.

5) Veitt til kaupa og rekstrar á jarðbor 2 millj. og 200 þús. kr.

Þessar eru sem sé höfuðástæður fyrir hækkun fjárlagafrv.

Ég kem þá að tekjubálki frv.

Eins og ég gat um áðan, eru tekjur í frv. áætlaðar 579 millj., eða 63½ millj. kr. hærri en á gildandi fjárlögum. Þessi mikla hækkun tekjuáætlunarinnar er að nokkru leyti byggð á reynslunni á þessu ári. Mest er hækkunin á tekju- og eignarskatti. Er ráðgert, að hann hækki um 30 millj. Er augljóst, að skattskyldar tekjur verða að krónutölu hærri í ár en undanfarið vegna kauphækkana, sem orðið hafa, og vegna þeirrar miklu yfir- og næturvinnu, sem nú á sér stað. Þá er nokkuð hækkuð áætlun verðtolls og söluskatts. Tekjuáætlun þessa er sjálfsagt að endurskoða í samráði við fjvn. síðar í haust, ef betur skyldi þá sjást en þegar er orðið, hvernig stefnir, en stórfelldar breytingar hygg ég tæpast að á henni verði gerðar.

Eins og fjárlagafrv. liggur fyrir, eru greiðslur samanlagðar svo að segja jafnar tekjunum. Mættu teljast sæmilegar horfur um afgreiðslu fjárlaganna, ef þessi niðurstaða væri alveg rétt mynd af horfunum. En því miður er ekki því til að dreifa, eins og ég gat um áðan, og tel ég nauðsyn að gera því atriði nokkru nánari skil.

Í frv. eru samkvæmt venju ekki sett önnur lögboðin útgjöld en þau, sem Alþingi hefur þegar samþykkt. Á hinn bóginn gaf ríkisstj. og stjórnarflokkarnir fyrirheit um, til þess með því að reyna að leysa verkfallshnútinn s. l. vor, að sett yrði ný löggjöf um atvinnuleysistryggingar. Hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls, en frv. um það efni liggur þó ekki fyrir enn þá. Við þetta heit verður að sjálfsögðu staðið, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram í atvinnuleysistryggingasjóð 2% af kaupgjaldi. Var s. l. vor ráðgert, að hluti ríkissjóðs til tryggingasjóðsins yrði ekki langt frá 14 millj. kr. á ári.

S. l. vetur gaf ríkisstj. fyrirheit um það, að hún mundi beita sér fyrir setningu nýrra launalaga á því þingi, sem nú er að byrja. Verður frv. til nýrra launalaga lagt fyrir Alþingi nú á næstunni. Öllum er ljóst, að ný launalög hljóta að auka útgjöld ríkisins, þar sem óhjákvæmilegt er að færa laun opinberra starfsmanna til meira samræmis við önnur laun í landinu en nú eru þau. Leiðir þetta blátt áfram af þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á launum almennt nú upp á síðkastið. Verður kostnaður við þessa nýju lagasetningu áreiðanlega eitthvað yfir 20 millj. kr.

Þá er unnið að endurskoðun almannatryggingalaganna, svo sem ég vék að áðan. Þeirri endurskoðun er að vísu ekki lokið, en nokkuð langt komið. Að vísu geri ég tæpast ráð fyrir, að það verði talið fært að setja ný almannatryggingalög, sem hafi í för með sér útgjaldaaukningu frá því, sem nú er, umfram þá stórfelldu útgjaldaaukningu, sem leiðir af kauphækkunum og verðhækkunum, sem eru að verða. En eins og ég gat um áðan, þá er ekki í frv. gert ráð fyrir því aukaframlagi til Tryggingastofnunarinnar, sem er í gildandi fjárlögum og á yfirstandandi ári nemur 6 millj. kr. Þætti mér því ekki ólíklegt, eins og ég sagði áðan, að óhjákvæmilegt yrði, hvað sem líður setningu nýrra laga um almannatryggingar, að ríkissjóður yrði að leggja fram hærri fjárhæð til tryggginganna en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Þá vil ég loks benda á það, að þótt fjárveiting til vegaviðhalds sé látin standa eins og hún er í gildandi fjárlögum, 25 millj. kr., þá er augljóst, að með þeirri hækkun á kaupgjaldi, sem orðin verður á næsta ári vegna hækkandi vísitölu, verður óhugsandi að halda vegakerfinu í viðunandi ástandi fyrir þessa fjárhæð á næsta ári. Það er því augljóst, að gjaldahlið þessa fjárlagafrv. á eftir að hækka um marga milljónatugi.

Hv. Alþingi verður hér að horfast í augu við afleiðingar þess, sem gerzt hefur í efnahagsmálunum, og þarf það engum á óvart að koma, svo rækilega sem það var allt brýnt fyrir mönnum s. l. vetur og s. l. vor. Með kauphækkunum þeim, sem áttu sér stað s. l. vor, var brotið blað í efnahagsmálum. Fram að þeim tíma höfðum við um nær þriggja ára skeið búið við stöðugt verðlag, greiðsluafgang ríkisins, lækkandi skatta og tolla og stóraukinn almennan sparnað, sem gat orðið upphaf þess, að úr rættist þeirri „krónisku“ lánsfjárkreppu, sem við höfðum búið við svo lengi. En nú verða menn að horfast í augu við síhækkandi verðlag, minnkandi sparnað, stóraukin ríkisútgjöld og standa nú frammi fyrir því, að það verður ekki hægt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án þess að auka tekjurnar með hækkuðum tollum eða sköttum eða nýjum álögum í einhverri mynd í fyrsta skipti um langan tíma.

Þegar menn sjá hina miklu hækkun, sem nú verður á fjárlögunum, er eðlilegt, að mönnum detti í hug, hvort ekki væri unnt að lækka eða fella niður einhverja meiri háttar kostnaðarliði ríkisins. Þetta atriði hefur mjög oft og ýtarlega verið rætt hér á hv. Alþingi á undanförnum árum. Vitaskuld þarf að viðhafa stöðuga sparnaðarviðleitni í rekstri ríkisins, koma honum eins skipulega og hagkvæmt fyrir og frekast er auðið. Er sönnu næst, að ætið er lagt mikið starf í þetta, ekki sízt fyrir abeina fjmrn.

Á árinu 1954 gekkst ég fyrir því, að sett var á fót nefnd til þess að rannsaka gaumgæfilega gjaldahlið fjárlaganna og ríkisreikningsins með

það fyrir augum að benda á leiðir til sparnaðar. Var einn fulltrúi í nefndinni af hendi hvers ráðh. í ríkisstj. Þessi nefnd hefur nú fyrir nokkrum dögum skilað áliti, sem sent hefur verið til ráðuneytanna. Eru þar allýtarlega rædd ýmis atriði, sem nefndin hefur athugað í þessu sambandi, og ýmsar ábendingar gefnar um starfrækslu ríkisins. Nál. þetta mun fjvn. að sjálfsögðu fá til afnota við sitt starf. Á hinn bóginn þykir mér ástæða til að taka það fram strax, að niðurstaða þessarar athugunar, sem fram hefur farið á útgjöldum ríkissjóðs, staðfestir þá skoðun, sem áður hefur þráfaldlega verið rökstudd hér á Alþingi, að enginn kostur er þess að lækka eldri útgjaldaliði í starfrækslu ríkisins, svo að verulega muni um til lækkunar á heildarútgjöldum þess, nema með því að færa niður þær greiðslur, sem inntar eru af höndum til verklegra framkvæmda, til styrktarstarfsemi og til þess að halda uppi margs konar þjónustu í þágu almennings, eða þá með því að hætta að greiða niður verðlag á vörum innanlands, sem vitaskuld mundi hafa í för með sér tilsvarandi verðhækkanir. Fram hjá þessu verður ekki með nokkru móti komizt.

Í þessu sambandi er einnig rétt að geta þess, að það er síður en svo, að stefna Alþingis undanfarið hafi miðað í þá átt að draga úr lögboðnum útgjöldum ríkisins til þess að koma slíkri lækkun á ríkisútgjöldunum í framkvæmd, og þarf ekki langt að seilast eftir dæmum um það, þar sem síðasta Alþingi samþykkti nýja útgjaldalöggjöf, sem samtals hækkaði útgjöld ríkisins um 12 millj. á þessu ári og þó mun meira þegar frá líður.

Afleiðingar þess, sem skeði á s. l. vetri, eru ekki aðeins augljósar á því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, heldur speglast þær alls staðar í efnahagslífinu.

Þegar sýnt var í vor, að efnahagskerfið var að ganga úr skorðum á nýjan leik, reis fjárfestingaralda sú, sem byrjuð var að rísa, áður en sjálf þáttaskilin urðu eftir verkföllin, enn þá hærra en áður. Segja má, að við höfum búið í sumar við eins konar „fjárfestingarpanik", ef nota mætti það orð, þar sem menn láta vinna við ljós á kvöldum og um nætur til þess að koma lausu í fast, eins og það er orðað, eða til þess að komast sem lengst í því að koma sér upp þaki yfir höfuðið, áður en afleiðingar kauphækkananna í vor næðu að koma fram að fullu í byggingarkostnaðinum. Þessi „panik" hefur svo vitaskuld átt sinn þátt í því að gera ástandið mun erfiðara en ella, aukið þensluna og verðbólguhættuna um allan helming og stórhækkað byggingarkostnaðinn. Sparifjárinnlög hafa einnig vaxið mun minna en í fyrra og hittiðfyrra. Þannig hefur sparifé aukizt á þessu ári frá 1. jan. til ágústloka um 95 millj., en á sama tíma árið 1954 um 148 millj. og í hittiðfyrra, árið 1953, um 121 millj. á sama tíma. Útlán bankanna hafa á hinn bóginn stóraukizt á árinu.

Það hefur lítið stoðað til þess að vega upp á móti þessum ósköpum, þótt áhrif ríkissjóðs á fjárhagskerfið hafi verið hagstæð á árinu vegna góðrar afkomu hans og sömuleiðis þótt ríkisstj. hafi látið ónotaðar ýmsar fjárveitingar til byggingarframkvæmda í Reykjavík og staðið á móti því, að lagt verði í ýmsar stórbyggingar í höfuðstaðnum, þar sem mest hefur verið um að vera.

Þetta nýja upplausnarástand í efnahagsmálum hófst fyrir alvöru, þegar kommúnistar voru leiddir til valda í verkalýðssamtökunum haustið 1954, því að þá þóttust margir sjá, hversu fara mundi um verðlagsmálin, og sá hugsunarháttur festist, að ekki mætti láta fjárfestingar né innkaup bíða stundinni lengur. Magnaðist þetta þó um allan helming við kauphækkanirnar s. l. vor. Verkuðu þær að sjálfsögðu sem olía á eld, þar sem verðhækkanir og nýjar kauphækkanir aftur vegna þeirra voru þá auðreiknaðar hverjum manni.

Það er víst alls ekkert ofsagt, að almenningur í landinu hagnist síður en svo á þessu ástandi, allra sízt launþegarnir yfirleitt, eins og raunar var alltaf fyrir séð, enda ekki refirnir til þess skornir. Það eru allt aðrir, sem græða á því ástandi, sem við nú búum við. Það eru verðbólgubraskarar, sem reyna að nota upplausnarástandið á margvíslegan hátt til þess að skara eld að sínni köku, og tækifærið hefur enn einu sinni verið lagt þeim upp í hendurnar. Enn sem komið er gengur framleiðslan þrátt fyrir það, sem skeð hefur, en þar brennur þó eldurinn heitast. Framleiðslukostnaður fer mjög vaxandi á öllum sviðum, enda verður kaupgjald nú í byrjun næsta árs orðið um 20% hærra en fyrir verkfallið.

Þær greinar framleiðslunnar, sem áður höfðu gengið án styrks eða uppbóta, eru nú sem óðast að komast á slíkar uppbætur eða tilkynna stöðvun sína fram undan, ef ekki verði ráðstafanir gerðar til þess að jafna metin. Faxasíldin fær uppbætur stórum meira en áður. Landbúnaðinum hefur verið heitið útflutningsuppbótum til jafns við bátaútveginn. Það er vitað mál, að frystihús þau, sem aðallega taka á móti smáfiski, eru að stöðvast og geta ekki keypt fisk við því verði, sem hann hefur verið seldur innanlands, en lækkun á fiskverði til sjómanna og útgerðarmanna kemur ekki til mála. Togaraútgerðinni er fleytt áfram með álagi á innflutta bíla, en gjaldeyrir til þeirra kaupa sagður mjög á þrotum og uppbótarfé ekki fyrirliggjandi nema fram í marzlok, að því er manni skilst, að óbreyttum stuðningi við útgerðina.

Það væri synd að segja, að kommúnistar hefðu ekki náð þeim tilgangi sínum frá í vor að skapa ný vandamál, sem erfitt mundi að leysa. Að því leyti hafa þeir ástæðu til þess að vera ánægðir. Það sýnir ástandið, eins og það er nú, og verkefni þau, sem fram undan eru og ég hef lauslega drepið á. Aftur á móti er ég ekki viss um, að kommúnistar hafi af þessu eins mikinn ávinning og þeir fyrir fram töldu líklegt. Ég held sem sé, að fleirum og fleirum sé að verða ljóst samhengi þessara mála og hverri lukku það muni stýra, eða hitt þó heldur, að láta þá hafa áfram stjórn alþýðusamtakanna í landinu og halda verkalýðnum þannig frá allri þátttöku í ábyrgu þjóðmálastarfi.

Ég held, að fleiri og fleiri sjái æ betur og betur, hver hamingja af því muni stafa, eða hitt þó heldur, ef kommúnistum verður látið haldast

uppi að beita hinum miklu áhrifum verkalýðssamtakanna einhliða þannig, að verði vatn á myllu upplausnar og fjármálabrasks, í stað þess að áhrif verkalýðsins komi að notum við uppbyggingarstarf, sem efli framfarir og bæti lífskjör.

Það sýnir m. a., hvernig augu margra eru að opnast gagnvart þessum verðbólgu- og vísitöluleik, sem leikinn er, að starfsfólk í fyrirtæki einu í Danmörku neitaði nú fyrir skemmstu að taka á móti nýrri vísitöluuppbót, sem það átti rétt á að fá vegna almennrar verðhækkunar. Með þessu vildi fólkið á kröftugan og eftirminnilegan hátt gefa til kynna þann skilning sinn, að hinar sífelldu kauphækkanir og verðlagshækkanir á víxl væru ekki til hagsbóta fyrir launþegana almennt, það yrði að finna aðrar leiðir. Það verður skýrara og skýrara fyrir mönnum, að kauphækkanir einar tryggja mönnum ekki betri lífskjör. Þar þarf fleira að koma til. Þar þurfa m. a. að koma til áhrif og samstarf alþýðusamtakanna í jákvæðu þjóðmálastarfi.

Ég vil þá þessu næst minnast á framkvæmdir ýmsar, sem ríkisvaldið er riðið við, og útvegun fjár til þeirra. Er þar efst á blaði sementsverksmiðjan. Málefnasamningur flokkanna við stjórnarmyndunina ákveður, að útvegun lánsfjár til rafmagnsframkvæmdanna í dreifbýlinu skuli sitja fyrir öllu öðru en lánsútvegunum til sementsverksmiðjunnar. Sementsverksmiðjan er því önnur af tveimur forgangsframkvæmdum ríkisstjórnarinnar.

Unnið hefur verið langa hríð að útvegun erlends láns fyrir erlendu efni og vélum til sementsverksmiðjunnar og væntum við fastlega, að það takist nú næstu daga að ganga endanlega frá láni fyrir hinum erlenda hluta stofnkostnaðarins. Lánsútvegun þessi hefur mjög dregizt á langinn, og teljum við þó á engan hátt hægt að ásaka ríkisstj. né starfsmenn hennar, sem að þessum málum vinna, fyrir þann mikla drátt, sem orðið hefur. Verður nánar frá þessari fjárútvegun skýrt, þegar alveg sér fyrir endann á málinu.

Við þurfum áreiðanlega á nokkru erlendu lánsfé að halda til þess að framkvæma raforkuáætlun dreifbýlisins með þeim hraða, sem nú er fyrirhugaður. Hefur ekki enn verið gengið frá þeim málum, en ætlunin var að athuga um erlendar lántökur til þeirra í sambandi við véla- og efniskaup til stærstu veitnanna. Eru tilboð nú nýkomin, og verður því vonandi hægt að ganga frá þessari hlið málanna nú alveg á næstunni. Annars er um raforkumálin það að segja, að séð verður um, að þær framkvæmdir komist á samkvæmt áætlun þeirri, er gerð var við stjórnarmyndunina.

Þá vil ég minnast á ræktunarsjóð og fiskveiðasjóð. Alþingi hefur nýlega sett löggjöf varðandi þessa sjóði báða, breytti ræktunarsjóðslöggjöfinni, gerði ráð fyrir nokkuð auknum útlánum til útihúsabygginga og setti nýja löggjöf um fiskveiðasjóð, þar sem gert er ráð fyrir auknum lánum út á nýja báta og skip. Ríkisstj. hefur í samráði við Alþingi haft uppi ráðagerðir um öflun fjár til þessara sjóða og heitið þeim fé. Í trausti þess hafa menn lagt í framkvæmdir í sveitum og gert samninga um smíði og kaup á nýjum fiskibátum. Menn vita, að ríkisstj. hefur haft í huga þá aðferð við fjáröflun til þessara sjóða, að Framkvæmdabankinn leitaði til Alþjóðabankans um lán, sem gætu orðið endurlánuð sjóðunum. Á hinn bóginn hefur verið þannig ástatt undanfarið og er þannig enn, að Alþjóðabankinn hefur viljað vita, hvernig lántökum til sementsverkmiðjunnar yrði fyrir komið, áður en hann léði máls á frekari lánveitingum til Íslendinga, en sementsverksmiðjan hefur verið önnur sú framkvæmd, sem ríkisstjórnin og flokkar þeir, sem hana styðja, hafa viljað láta sitja fyrir öllu öðru, eins og ég sagði áðan. Af þessum ástæðum hefur blátt áfram ekki verið mögulegt fram að þessu að vinna að lántökumálum ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs, enda þótt þau hafi verið lögð fyrir Alþjóðabankann og skýrð fyrir honum.

Þegar sementsmálið er leyst, verður farið á stúfana á nýjan leik með mál ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs og ef til vill fleiri mál og reynt að fá þeim hraðað eftir föngum. En Alþjóðabankinn hefur þann hátt á að kynna sér sem bezt fjárhagsástæður í þeim löndum, sem óska eftir lánum, áður en til úrslitaumræðunnar kemur um lánbeiðnir, og tekur það sinn tíma. Nú þyrftum við að fá erlent lánsfé handa ræktunarsjóði og fiskveiðasjóði einmitt til þess að mæta útlánaþörf þeirra á þessu hausti og framan af vetri, vegna þess að það væri mjög slæmt að þurfa að leysa fjárþörf þeirra öðruvísi, eins og nú er ástatt í fjárhagsmálum landsins. Ég vil engu spá um, hvort þetta tekst, og er raunar orðinn svartsýnn á, að svo verði, vegna þess, hve þessi mál hafa dregizt. Fari svo, að við fáum ekki erlend lán í tæka tíð, verður að efna heitin við þessa sjóði með innlendu fé. Verður þá sennilega sem fyrr þrautalendingin að taka af greiðsluafgangi ríkissjóðs. Er það þó neyðarúrræði að setja greiðsluafganginn í umferð, svo sem nú standa sakir, sem allir munu sjá. Að mínum dómi verður þó svo að gera, ef þetta mál leysist ekki á annan hátt.

Þegar við sjáum, hvernig ástatt er og á hve tæpt vað er hér teflt, t. d. í lánamálum ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs, þá mætti okkur einnig verða hugsað til þess, hvernig ástatt væri, ef ríkisbúskapurinn væri rekinn með halla ofan á allt annað eða væri í engu aflögufær, og gefur það einnig hugmynd um, hvernig ástatt yrði, ef svo yrði um hnútana búið, að ekki reyndist lengur kleift að afgreiða sæmilega sterk fjárlög.

Sumir velta því fyrir sér, hvort við þurfum á erlendu lánsfé að halda eða ekki. Frá mínu sjónarmiði er auðvelt að svara því. Við þurfum mjög á erlendu lánsfé að halda á næstu árum, ef við eigum að geta haldið áfram þeirri stórfelldu uppbyggingu, sem hér á sér stað og verður að eiga sér stað á næstunni. Nægir í því sambandi að minna enn á ræktunarsjóð, fiskveiðasjóð og þau verkefni, sem þessir sjóðir eiga að leysa, þá raforkumálin, bæði dreifbýlisáætlunina og hina nýju virkjun Sogsins, sem nú stendur alveg fyrir dyrum, ef vel á að fara. Þá eru skipakaup, hitaveit-

ur, jarðhitaorkuver, vatnsorkuver til stærri átaka og iðjuver, sem ókleift er upp að telja, o. s. frv.

Framkvæmdir hafa verið hér gífurlega miklar á undanförnum árum. Þær hafa að mjög verulegu leyti byggzt á þjóðartekjunum sjálfum, en einnig mjög á erlendu fé, bæði lánsfé og gjafafé, sumar stærstu framkvæmdirnar. Það eru til um þetta mjög merkilegar upplýsingar, sem hafa komið út á vegum Framkvæmdabankans. Samkv. þeim upplýsingum hefur erlent ráðstöfunarfé til fjárfestingarmálanna numið 31% af fjármunamyndun ársins 1950, 31% árið 1950, 25% árið 1951, 18% árið 1952, 13% árið 1953, en árið 1954 6.7%. Þetta sýnir, að við höfum notað mjög mikið erlent fé á undanförnum árum, en þó hefur það farið hraðminnkandi, enda herðir nú mjög að um fjárútvegun til ýmissa framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru. Þetta gefur auga leið um það, að ef við ætlum ekki að láta undan síga í þessum efnum, þá þurfum við á verulegu erlendu fjármagni að halda. Þótt við getum aldrei byggt fjárfestingu okkar nándar nærri einvörðungu á erlendu lánsfé, þá verðum við samt að reyna að haga málum þannig, að við getum átt kost á lánsfé erlendis á næstu árum.

Það er á hinn bóginn óhætt að fullyrða, að takist okkur ekki að koma hér á auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, takist okkur ekki með skynsamlegum ráðstöfunum að byggja upp aftur í stað þess, sem brotið hefur verið niður undanfarið, þá munum við mæta miklum erfiðleikum í sambandi við öflun erlends lánsfjár á næstu árum.

Það verður að segja það svo skýrt, að allir skilji, að atburðir eins og þeir, sem gerzt hafa í efnahagslífi okkar undanfarið, eru sízt til þess fallnir að greiða fyrir lántökum erlendis.

Aldrei verða hér þó tryggðar öruggar og öflugar framfarir, ef þjóðin eyðir öllum tekjum sínum og fjármagnsmyndun í landinu verður svo lítil, að framkvæmdir dragast saman. Höfuðhættan við verðbólguþróunina er einmitt sú, að hún ýtir undir gegndarlausa eyðslu og lamar sparnaðinn og fjármagnsmyndunina innanlands. Ömurlegasta dæmið, sem ég þekki um þetta, er frá árinu 1946. Þá var svo komið, að innlend fjármagnsmyndun í bönkum og sparisjóðum var engin, minni en ekki neitt, raunar meira fé tekið út en inn var lagt. Á þessu ári er sýnilega mikil breyting til hins verra í þessu tilliti frá því, sem orðið var í fyrra og hittiðfyrra, svo sem ég gat um áðan, þótt því fari fjarri, að eins illa sé enn ástatt og verst hefur verið.

Hvernig á að koma í veg fyrir, að þessi mál komist aftur á það stig, sem þau komust 1946, með þeim afleiðingum, að þjóðin verði algerlega háð erlendu fjármagni til meiri háttar framkvæmda, vegna þess að enginn þorir að eiga innstæður af ótta við stórfellda verðrýrnun þeirra? Hvernig á að forðast þetta, ef það á að verða hlutskipti okkar á næstu árum að taka með örstuttu millibili aðrar eins verðbólguveltur og við höfum tekið undanfarið og erum að taka núna?

Allir ættu að sjá, hvernig fer, ef fjármagnsmyndun verður sama sem engin. Hvar ætla menn þá að fá öll lánin, sem menn vilja eiga kost á til alls konar framkvæmda? Í þessu sambandi kemur ýmislegt til greina, verðtryggður sparnaður og þá jafnframt skuldir, sem ekki lækka í raun og veru, þótt verðbólguöldur skelli yfir. Á þessu er ætlunin að byrja til reynslu nú samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi, þar sem heimilað var að bjóða út 20 millj. kr. í vísitölutryggðum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Þá kemur til greina, að þeir, sem spara, leggi meira fé sitt en verið hefur í hlutabréf, sem gera mætti ráð fyrir að væru seljanleg og hækkuðu í verði, þegar verðlag almennt hækkar. Þá hefur sparifé verið gert skatt- og útsvarsfrjálst. Allar hugsanlegar leiðir þarf að athuga gaumgæfilega, sem orðið gætu til þess að efla heilbrigða fjármagnsmyndun í landinu og forða því, að verðmæti þeirra, sem vilja spara, verði verðbólgu alveg að bráð. En það vitum við vel, að heilbrigðasta leiðin í þessum málum er sú, að þau öfl, sem hér um ráða mestu, gerist samtaka um að koma á og viðhalda stöðugu verðlagi og peningagengi.

Það er auðvitað æskilegast, að veðrið sé gott og hagstætt. Þó gefast menn ekki upp, þótt misjafnlega viðri, heldur reyna að finna leiðir til þess að bjarga sér samt.

Við verðum að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að koma þessum málum í gott og stöðugt horf, en jafnframt finna leiðir til að mæta vandanum, ef þau öfl í landinu, sem hér um ráða miklu, dæma okkur til þess að taka hverja veltuna af annarri næstu árin. Á þessu stigi málanna hef ég ekki aðstöðu til þess að gera uppástungur um, hvað gera skuli til þess að koma aftur á meira jafnvægi í efnahags- og atvinnumálum landsins. Eitt er þó víst: aldrei má gefast upp. Hversu oft sem fellt er taflið, verður að ráða upp á nýjan leik og halda áfram. En höfuðatriðið er, að almenningur í landinu nái að skilja efnahags- og framleiðslumálin og veiti öruggan stuðning skynsamlegum ráðstöfunum, jafnvel þótt þær í bili kunni að snerta menn óþægilega. Sé ekki hægt að treysta því, að almenningur átti sig á þessum efnum, þá er fen undir fæti, og leiðir það til hinna verstu tíðinda.

Ég vil að lokum minna á nokkur atriði, sem ég tel þýðingarmikil grundvallaratriði í þessum málum.

Ég held, að það skorti mjög mikið á, að menn geri sér almennt grein fyrir því og það margir af þeim, sem mikið tala um frelsi og jafnvægi í atvinnurekstri, viðskiptum og framkvæmdum, hvað gera þarf, til þess að slíkt frelsi og jafnvægi geti staðið stundinni lengur. Ég held, að það skorti mjög skilning á því hér á landi enn þá, að jafnvægi í efnahagslífinu, frelsi í viðskiptum og framkvæmdum verður ekki viðhaldið stundinni lengur með því að hafa allar flóðgáttir opnar, alla enda lausa, ef svo mætti að orði komast. Frelsi í viðskiptum og framkvæmdum verður t. d. ekki til lengdar við haldið, nema tekið sé öruggum tökum á peningamálunum og þau tök notuð til þess að styðja þetta frelsi, jafnvel þótt gera þurfi ýmsar ráðstafanir í því skyni, sem verða hlytu til þess að allir fengju ekki öllu fram komið, sem þeir vildu helzt.

Það er vafalaust vonlítið að viðhalda jafnvægi, stöðugu verðlagi og frjálsum viðskiptum, ef rekstur ríkissjóðs er með greiðsluhalla eða bankarnir auka útlán sín umfram sparifjárinnlög og umfram það, sem framleiðslan eykst á móti. Og þegar efnahags- og atvinnulífið einkennist af miklum athöfnum, fullri atvinnu fyrir alla og jafnvel skorti á vinnuafli, þá er víst vonlítið, að jafnvægi eða frelsi haldist eða mögulegt sé að komast hjá stórfelldum höftum í mörgum greinum, ef ekki eru beinlínis gerðar ráðstafanir til þess að vega á móti ofþenslunni með því að draga úr útlánum að tiltölu við innlán eða með öðrum hliðstæðum ráðstöfunum af hendi bankanna eða með því að hafa stórfelldan greiðsluafgang hjá ríkinu, með nýjum álögum, ef þyrfti, sbr. ný dæmi frá Danmörku einmitt um þessi mál, — greiðsluafgang, sem lagður væri til hliðar sem aukinn sparnaður, en ekki notaður fyrr en aftur vottaði fyrir samdrætti í efnahags- og atvinnulífinu.

Það er grundvallarskilyrði frelsis í viðskiptum og framkvæmdum, að ríkisvaldið telji sér jafnskylt að koma í veg fyrir ofþenslu í efnahagskerfinu og hitt að fyrirbyggja kyrrstöðu og atvinnuleysi.

Það er tómt mál að tala um frelsi í viðskiptum og framkvæmdum, ef ekkert er gert til þess að þjóðin fái skilið, hvað gera þarf, hvað verður t. d. á sig að leggja eða neita sér um, til þess að frelsið geti staðizt. Það kemur sem sé ævinlega upp úr kafinu, að það er allsendis óhugsandi, að hvergi sé neitt aðhald í efnahags- og atvinnulífinu. Það verður einhvers staðar að vera miðlandi afl, ef svo mætti segja. Ef ekki er gengið beint framan að með höftum og notað leyfakerfi, eins og stundum hefur verið gert, en mönnum líkar ekki vel og velflestir telja neyðarúrræði, þá verður þetta miðlandi afl að njóta sín í gegnum bankapólitíkina og fjármálapólitík ríkisins til þess að vinna gegn jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum.

Hér ber nefnilega allt að sama brunni. Það er ekki meira til ráðstöfunar en aflast. Það er ekki hægt að gera allt í senn, ekki hægt að nota sama fé nema einu sinni. Þetta verða menn að þora að segja og þora að skilja, þora að viðurkenna í orði og verki, bæði þeir, sem stíga fram og bjóðast til þess að sjá fyrir málefnum landsins, ef menn vilja þá til þess kjósa, og ekkert síður allur almenningur í landinu.

En hér þarf einnig fleira til, eins og ég hef reynt þráfaldlega undanfarið að benda á og ég bendi á enn, vegna þess að það er aldrei of oft sagt. Ríkisvaldið og bankavaldið er ekki einhlítt í þessu tilliti, eins og þjóðfélag okkar er uppbyggt. Hin voldugu almannasamtök hafa sitt að segja, einkum samtök launafólksins. Jafnvægi í þessum málum næst tæpast og stendur varla stundinni lengur, þótt náist í bili, nema stjórnarvöldin og forráðamenn lánsstofnana á einu leitinu og almannasamtökin, einkum launafólksins, á hinu leitinu miði að sama marki; miði að því að halda stöðugu verðlagi og stöðugu gengi og frelsi í viðskiptum; miði að þessu af því, að allir þessir láti sér skiljast, að stöðugt verðlag og gengi er undirstaða þess, að framleiðsluskilyrðin nýtist svo sem ástæður frekast leyfa, og grundvöllur batnandi lífskjara. Þetta mundi ekki þýða, að aldrei ætti að hækka kaupið. Kaupið ætti þvert á móti ævinlega að vera eins hátt og framleiðslan getur borið. Þetta mundi á hinn bóginn þýða, að launapólitík verkalýðsfélaganna væri við það miðuð að hækka launin eins mikið og mögulegt væri, án þess að skapa verðbólgu, enda gerði þá ríkisvaldið allt það, sem með skynsamlegu móti væri af því hægt að krefjast til þess að halda stöðugu verðlagi í landinu og efla framfarir.

Hér hefur undanfarið áreiðanlega ýmislegt á skort, til þess að fullum árangri yrði náð í efnahagsmálunum. Eitt er þó allra augljósast. Samstarf hefur ekkert verið milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins í þessum þýðingarmiklu málum. Um það hafa kommúnistarnir séð. Verkefni þau, sem úrlausnar bíða nú, eru ekki öll sérlega aðlaðandi né skemmtileg fremur en stundum áður. Það verður á hinn bóginn að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru.

Ég tel það hollt og réttmætt, að umr. þær, sem hljóta og eiga að fara fram hér á hv. Alþingi, áður en til afgreiðslu þessara mála kemur og til undirbúnings afgreiðslu þeirra, beinist nokkuð að þeirri merku tilraun, sem hér var gerð á árunum 1950—55 til þess að koma á varanlegu jafnvægi í efnahagsmálum landsins, og ástæðunum til þess, að við búum nú við upplausnarástand í þessum málum þrátt fyrir stórfelldan árangur til góðs fyrir alla, sem orðinn var á tímabili. Við þetta hef ég leitazt við að miða mitt mál, og þess vegna hef ég drepið á, hvaða skilyrði mér sýnist þurfa að vera fyrir hendi, til þess að vel megi farnast í þessum málum. Vænti ég, að það geti orðið inngangur að því, að málefni þessi verði rædd til nokkurs gagns með rökum, m. a. á þann hátt, að menn geri rökstudda grein fyrir áliti sínu á því, sem gert hefur verið eða látið ógert, allt til leiðbeiningar, áður en ákvarðanir verða um það teknar, hvað nú skuli til bragðs taka.

Þótt ég hafi nú bent á margan vanda, sem úrlausnar bíður, og svartar blikur, sem á lofti sjást, þá ber ekki að draga af því þá ályktun, að ég sé svartsýnn á framtíðina. Við höfum aldrei átt betri framleiðslutæki en nú, aldrei haft betri skilyrði til þess að bjarga okkur en einmitt nú. Dugnaður er mikill, þótt stundum sé annað á orði haft. Unga fólkið er yfirleitt tápmikið og dugmikið, og atvinna er mikil og afkoma almennings góð. Þetta er ánægjulegt, og þessa er gott að minnast, ef mönnum fer að vaxa vandinn mjög í augum. Þetta er þó allt í hættu, ef framleiðslan dregst saman og framkvæmdir stöðvast vegna skorts á fjármagni. Við höfum á marga lund góð skilyrði til þess, að öllum vegni vel. Hér vinna flestir mikið, þegar atvinna er nóg í boði, og hér eru jafnbetri lífskjör en víðast annars staðar og vafalítið jafnari en á nokkru öðru byggðu bóli.

Við verðum að bera gæfu til þess að koma svo málum, að þessi velmegun geti haldið áfram og að við þurfum ekki að horfast í augu við kyrrstöðu og atvinnuleysi. Ég er sannfærður um, að þetta tekst, þótt það kunni að kosta ýmsar ráð-

stafanir, sem verða umdeildar og sumum sýnast í fljótu bragði ekki vera gróðabragð fyrir sig persónulega. Þær geta verið það samt, þegar málin eru skoðuð ofan í kjölinn. Það er bjargföst sannfæring mín, að Íslendingar muni ekkert síður en aðrar þjóðir læra að skilja samhengið í efnahagsmálum og gera sér grein fyrir meginreglum þeirra, en á því byggist auðvitað allt, þegar til kemur, í þjóðfélagi hinna frjálsu félagasamtaka, sem vill ekki láta beita valdi, heldur byggja á ákvörðunum fjöldans. En einmitt af því að við viljum byggja á frjálsum félagssamtökum ákvarðanir um ýmsa af þýðingarmestu þáttum efnahagsmálanna, þá á þjóðin allt í því tilliti undir þekkingu og þroska þeirra manna, sem þar fjalla um. Umr. um efnahagsmál á Íslandi og margar ákvarðanir bera þess glöggan vott, að mikil þörf er stóraukinnar almennrar fræðslu um þessi mál. Við þurfum ekkert að fyrirverða okkur fyrir þetta, því að það er skemmra síðan við fórum við þau að fást á nútímavísu en margir aðrir, og fleira kemur þar til. En það vil ég láta verða mitt síðasta orð að þessu sinni, að úr þessu verður að bæta á næstunni með stóraukinni almennri fræðslu um efnahagsmálin, ef vel á að fara.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir til umr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1956. Það er í öllum höfuðatriðum svipað fjárlögum yfirstandandi árs og fjárlögum síðustu ára. Fjármálastefnan er hin sama, og þróunin er í sömu átt og áður. Samkvæmt frv. eru heildarútgjöld á rekstrarreikningi næsta árs áætluð 515 millj. kr., en voru á síðustu fjárlögum 455 millj. Hækkun útgjalda er því um 60 millj. kr., eða rétt um 13%.

Gefið er í skyn, að þessi hækkun útgjaldanna stafi fyrst og fremst af hækkun kaupgjalds og orsökina sé að finna í verkföllunum í vetur, þegar verkafólk knúði fram nokkra kauphækkun sér til handa. Við athugun á frv. kemur þó í ljós, að þessi skýring er í verulegum atriðum röng. Þeir gjaldaliðir frv., sem almennt verkamannakaup verkar mest á, hækka langsamlega minnst. Glöggt dæmi um það er framlög til vegamála. Samkv. frv. eru útgjöld til vegamála áætluð 49.7 millj. kr., en voru á síðustu fjárlögum 48.9 millj. Hækkunin er því aðeins 800 þús. kr., eða um 1.6%. Til vita- og hafnarmála er áætlað á frv. 13.5 millj., en var 13.2 millj. Hækkunin er aðeins 2.2%. Þessir tveir liðir, vegamál og hafnarmál, eru þeir liðir, sem langmestu máli skipta og aðallega byggjast á kaupi verkafólks, en á þeim er hækkunin svona sáralítil. Það er að vísu augljóst, að þessar fjárveitingar til vegamála og hafnarmála jafngilda minnkandi framkvæmdum í þeim efnum, en hitt er líka ljóst, að hækkunin á útgjöldum ríkisins á að renna eitthvað annað en til verkafólks.

Séu aftur á móti athuguð þau útgjöld ríkisins, sem renna í embættis- og skrifstofubáknið, verður annað upp á teningnum. Kostnaður ríkisstjórnarinnar sjálfrar er áætlaður á frv. 17.9 millj. kr., en var 14.9 millj. á fjárlögum yfirstandandi árs. Þar nemur hækkunin rúmum 20%. Útgjöld af dómgæzlu og lögreglustjórn eru áætlum 34.7 millj. kr., en voru 28.9 millj. Hækkunin nemur 20%. Kostnaður við innheimtu tolla og skatta er áætlaður 14.6 millj., en var 11.7 millj. Hækkunin er 25%. Þannig hækkar embættis- og skrifstofubáknið miklu meira en sem nemur meðaltalshækkun frv.

Launahækkanir til embættismanna hafa auðvitað verið samþ., þó að þeir gerðu ekkert verkfall s. l. vetur. En hækkun á þessum liðum stafar þó eins mikið eða meir af stækkun embættisbáknsins og af beinni kauphækkun til starfsmannanna. Útþensla embættiskerfisins heldur enn áfram, eins og hún hefur gert mörg undanfarin ár. Stjórnarflokkarnir kappráða nýja og nýja menn í þjónustulið sitt hjá ríkinu. Einn daginn hefur Framsókn frumkvæðið og ræður nokkra gæðinga sína, og næsta dag er það Sjálfstfl., því að í höfuðatriðum má ekki raska helmingahlunnindum stjórnarflokkanna.

Það er glöggt, svo að ekki verður um villzt, að þetta fjárlagafrv. er byggt á sömu fjármálastefnu og fylgt hefur verið í nokkur undanfarin ár og breytingar þess frá gildandi fjárlögum eru yfirleitt sama eðlis og breytingar ríkisstj. á fjárlögum síðustu ára hafa verið.

Við afgreiðslu fjárlaga undanfarin ár höfum við fulltrúar Sósfl. tekið það skýrt fram, að við erum í aðalatriðum ósamþykkir fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar. Einn veigamesti þátturinn í fjármálastefnu stjórnarinnar hefur verið sá, að ríkisstj. ætti að hafa sem álitlegastan tekjuafgang. Sérfræðingar stjórnarinnar hafa látlaust hamrað á þeirri speki, að ríflegur tekjuafgangur ríkissjóðs mundi skapa jafnvægi í fjárhagslífi þjóðarinnar og stuðla að almennri velgengni. Það sama hefur verið sagt um rekstur bankanna. Aukinn árlegur gróði þeirra hefur átt að stuðla að fjárhagslegu jafnvægi, forða verðbólgu og auka á almenna velmegun í landinu. Þessi kenning hefur óspart verið notuð til þess að koma fram aukinni tekjuöflun fyrir ríkið og til þess að tryggja bönkunum vaxandi gróða. Tekjur ríkissjóðs hafa farið ört vaxandi einmitt hin síðari ár, sem áttu að vera ár jafnvægis í efnahagslífinu. Tolltekjurnar hafa stórvaxið, og nýir gífurlega háir tollar hafa verið lagðir á án þess þó að renna beint í ríkissjóð, og skiptir þar mestu máli bátagjaldeyrisskatturinn, sem nú mun nema um 100 millj. kr. á s. l. ári.

Stórfelldar hækkanir hafa verið samþ. á ýmsum smærri liðum skattlagningarinnar, eins og t. d. á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi o. fl. þess háttar liðum.

Árið 1950 voru aukatekjurnar 2 millj. kr., en 1954 voru þær 8.2 millj., höfðu rúmlega fjórfaldazt. Árið 1950 voru tekjur ríkisins af stimpilgjöldum 5.3 millj., en s. l. ár 13.5 millj. Þannig hefur ríkið sífellt gengið lengra og lengra í tolla- og skattaálagningu.

Þegar gripið var til þess ráðs að leysa vandamál togaraútgerðarinnar á þann sérstaka hátt að efna til stórkostlegs innflutnings á bílum, var fyrirsjáanlegt, að ríkissjóður mundi stórgræða á miklum bilainnflutningi vegna gífurlega hárra tolla, sem á bílum eru. Þegar á það var bent, að réttmætt væri, að ríkið gæfi nokkuð eftir af þessum tollum sínum og annað tveggja yrði gert, að nýi togaraskatturinn yrði

þeim mun lægri eða að eftirgjöf ríkissjóðs rynni beint í sjóð þann, sem styrkja átti togaraútgerðina, þá var öllu slíku harðlega neitað, því að meira máli skipti að dómi ríkisstjórnarinnar að auka við gróða ríkissjóðs en að tryggja sómasamlega útgerð togaraflotans. Þannig hefur linnulaust verið gengið á það lagið að innheimta nýjar og stærri fjárfúlgur í ríkissjóð, þó að öllum mætti vera ljóst, að slíkt hlaut að leiða til aukinnar dýrtíðar, erfiðari afkomu atvinnuveganna og fyrr eða síðar beinnar og almennrar kauphækkunar þeirra, sem látnir voru greiða í ríkiskassann.

Stefna bankanna hefur verið hin sama og ríkissjóðs. Þeir hafa hækkað vexti og krafizt meiri og meiri fyrirframgreiðslu vegna gjaldeyriskaupa. Með því hafa þeir aukið gróða sinn, en jafnframt aukið dýrtíð og torveldað allan eðlilegan rekstur.

En fjármálastefna ríkisstjórnarinnar hefur ekki aðeins miðazt við það, að tekjur ríkissjóðs yrðu sem mestar og gróði bankanna færi vaxandi. Hún hefur einnig stefnt að því, að gróði ýmissa milliliða yrði sem mestur. Og auðvitað hefur gróði kaupsýslumanna, olíuhringa og skipafélaga átt að gera sams konar gagn til jafnvægis í fjárhagslífinu og gróði ríkissjóðs og bankanna. Slíkar skoðanir byggðust á slíkri kenningu, að kaupmáttur almennings væri of mikill og því væri gróðasöfnun nokkurra aðila mikilvæg til þess að draga úr eftirspurn eftir vörum og þjónustu frá hálfu almennings. Af þessum ástæðum var kaupsýslumönnum gefinn laus taumur að mestu leyti í verðlagsmálunum. Fyrst var þeim heimilað að verðleggja alla bátagjaldeyrisvöru eftir vild. Næst komu nær allar frílistavörur og svo öll þjónusta. Verðlagseftirlit og verðlagshömlur voru ekki lengur þarfar í þessum efnum. Auðvitað stórhækkaði álagning, og gróði ýmissa einstaklinga varð gífurlegur, einkum þar sem sérstaða skapaðist.

Árið 1950 var fyrsta ár jafnvægisstefnunnar. Það ár var gengisbreytingin gerð. Þá urðu heildartekjur ríkissjóðs 306 millj. kr. Það ár voru ekki í gildi neinar reglur um bátagjaldeyrisskatt né heldur togaragjaldeyri. S. l. ár, 1954, urðu tekjur ríkissjóðs 551 millj. kr., en auk þess nam bátagjaldeyrisálag um 100 millj. og togaraálag um 27 millj. Þannig hefur ríkið á beinan og óbeinan hátt innheimt 372 millj. kr. meira af landsmönnum s. l. ár en árið 1950, eða meira en tvöfaldað skattfúlguna á þennan hátt. Við þetta má svo bæta aukinni innheimtu bankanna, verzlunarinnar og ýmissa milliliða. Þannig hefur þróunin verið á undanförnum árum, einmitt þeim árum, sem jafnvægisstefnan í fjármálum hefur verið að verki. Og rétt er að undirstrika það alveg sérstaklega, að þetta hefur gerzt áður en kauphækkanirnar voru gerðar nú á s. l. vetri.

Afleiðing þessarar fjármálastefnu hefur auðvitað orðið sú, að dýrtíð hefur aukizt, að raunverulegur kaupmáttur launa hefur minnkað og hagur aðalatvinnuveganna hefur orðið verri og verri. Á s. l. vetri var svo komið, að kaupmáttur launa verkamanna hafði minnkað um 20% frá árinu 1947, eftir því sem tveir landskunnir hagfræðingar, sem það mál athuguðu, gáfu yfirlýsingu um.

Verkalýðssamtökin hafa eðlilega reynt að hamla gegn þessari þróun og krafizt hækkaðs kaups verkafólki til handa. Slíkum kröfum hefur verið mætt af ríkisstjórnarinnar hálfu með löngum og hörðum verkföllum, sem kostað hafa þjóðarheildina of fjár. Þannig hefur fjármálastefna ríkisstjórnarinnar æ ofan í æ leitt af sér framleiðslustöðvanir um lengri eða skemmri tíma. Það hefur verið venja stjórnarflokkanna að snúa algerlega við sannleikanum um þessi mál og reyna að halda því fram, að kauphækkanir verkafólks hafi skapað dýrtíðina og séu orsök allrar verðlagshækkunar. Gegn betri vitund er fjöður dregin yfir þá staðreynd, að það er fjármálastefna ríkisstjórnarinnar sjálfrar, sem er ástæða vaxandi dýrtíðar. Glöggt dæmi í þessum efnum eru þær verðhækkanir, sem ákveðnar hafa verið í vor og sumar, allar greinilega með beinu samkomulagi við ríkisstjórnina og hugsaðar þannig, að hægt sé að kenna kauphækkun verkafólks um. Flestar voru verðhækkanir þessar langt yfir það, sem kauphækkuninni nam. Sumar hækkanirnar voru um 20%, aðrar 30% og nokkrar jafnvel um 60%. Kaupgjald hækkaði þó aðeins um 10—11%, og í flestum tilfellum gat það ekki valdið meir en 5—8% verðhækkun. En ríkisstjórnin virtist láta sér þessar verðhækkanir vel líka. Við þeim sagði hún ekki eitt orð, nema síður væri. T. d. var varla annað hægt að skilja en að Morgunblaðið birti þessar verðhækkunarfréttir sigri hrósandi og hið ánægðasta, um leið og það kenndi kauphækkun verkafólks um allt saman.

Ríkisstjórnin hefur lítið kært sig um að halda á lofti þeim sannindum, að tekjuafgangur ríkissjóðs hefur undanfarin ár numið jafnhárri upphæð og lögð hefur verið öllum vélbátaflotanum með bátagjaldeyrisálagi og að gróði bankanna hefur numið hærri fjárhæð árlega en styrkja hefur þurft togarana með. En auk þess hefur svo verið sívaxandi gróði alls konar milliliða. Þannig hefur fjármálastefna ríkisstjórnarinnar leitt til þess ófremdarástands, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar eru reknir sem styrkþegar. Hún hefur leitt til versnandi kjara vinnandi fólks og til stórfelldra framleiðslustöðvana. Hún hefur jafnframt ýtt undir brask og milliliðaokur og hjálpað nokkrum auðfélögum til þess að raka að sér stórgróða á kostnað atvinnuveganna.

Fjárlagafrv. fyrir komandi ár ber það með sér, að sama stefnan er fyrirhuguð í öllum meginatriðum. Rökrétt framhald þessarar stefnu mun koma fram í því, að á þessu þingi verði enn ákveðnir nýir tollar og nýjar skattahækkanir á almenning í einu eða öðru formi. Telja má alveg víst, að í vetur verði lagður á nýr tollur til þess að standa undir verðuppbótum á útfluttum landbúnaðarvörum. Nýjar álögur munu einnig verða samþykktar til þess að forða stöðvun togaraflotans. Og bátagjaldeyrisskatturinn verður eflaust hækkaður til þess að forða stöðvun þess rekstrar.

Í fullu samræmi við þessa stefnu er svo sú staðreynd, sem nú er orðin kunn, að ríkisstj. hefur látið semja nýtt frv. til breytingar á skatta- og útsvarslöggjöfinni, en þar er gert ráð fyrir að leggja algerlega niður öll veltuútsvör

fyrirtækja og gera raunverulega allan rekstur skattfrjálsan. Í stað þess er lagt til að hækka söluskattinn um 25% og láta þá hækkun renna til bæjar- og sveitarfélaga í stað veltuútsvaranna. Með þessu á að gera öll útsvör og allan tekjuskatt að hreinum persónugjöldum. Allur rekstur og þá fyrst og fremst verzlunarrekstur á að losna að fullu við veltuútsvar og við tekjuskatt. Þessi ráðstöfun miðar að því að koma gjöldunum yfir á herðar einstaklinganna, en losa verzlun, iðnað og annan rekstur við beina skattlagningu. Sú hugsun, sem að baki þessu stendur, er í fyllsta samræmi við grundvallarskoðun þá, sem stendur á bak við fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar, þá skoðun, að kaupmáttur almennings sé of mikill og því sé rétt að draga úr honum með hærri skattlagningu, hærra verðlagi og auknum gróða félaga og fyrirtækja. Þetta er jafnvægiskenning ríkisstjórnarinnar og sérfræðinga hennar, sú kenning, að þá fyrst megi vænta heilbrigðs fjármálaástands, ef takast megi að koma á því jafnvægi, að kaup vinnandi fólks minnki, en gróði ríkis, banka og milliliða vaxi að sama skapi.

Það er út frá þessari skoðun, að ríkisstj. og sérfræðingar hennar eru alltaf að ræða um möguleika á nýrri gengislækkun. Sérfræðingar stjórnarinnar telja sjálfsagt að samþykkja nýja gengislækkun með það sem aðalmarkmið, að kaupgjald verði lækkað. Ríkisstjórnina vantar ekki vilja, en hún hefur ekki þorað vegna almennrar andúðar á gengisbreytingu að grípa til þess ráðs. En enginn launþegi þarf að efast um, að núverandi ríkisstjórn situr um færi til gengislækkunar og hún mun grípa til þess, hvenær sem tækifæri býðst, en sennilega leggur hún þó ekki út í slíkt fyrr en að afstöðnum almennum kosningum til Alþingis.

Það fjarstæðufulla ástand, að togarafloti landsmanna og bátaflotinn hafa að formi til verið reknir sem styrkþegar, hefur skiljanlega ruglað rétta dómgreind margra í því, hvernig raunverulega er ástatt í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er vitanlega hin mesta fjarstæða, að togaraútgerðin hafi verið baggi á ríkinu og að bátaútgerðin hafi verið raunverulegur styrkþegi. Hið sanna er, að togara- og bátaútgerðin hafa staðið undir síauknum tekjum ríkissjóðs, undir gróða bankanna, gróða olíufélaganna, gróða tryggingarfélaganna, gróða verzlunarinnar og gróða skipafélaganna. Sjávarútvegurinn hefur verið máttarstoð hins íslenzka atvinnulífs, hvað sem öllum bókhaldsfærslum um tap og gróða líður.

Á miðju ári 1953 neyddist ríkisstj. til þess að skipta um stefnu í afurðasölumálunum. Þá var gerður mikill samningur við Sovétríkin um sölu þangað á sjávarafurðum okkar. Í árslok 1952 var sú stefna að einskorða afurðasöluna við Bandaríkin og Bretland komin í algert þrot. Afurðirnar hrúguðust upp, og grípa varð til þess neyðarúrræðis að takmarka framleiðslu á frosnum fiski, banna beinlínis að halda áfram frekari framleiðslu. Með samningunum við Sovétríkin urðu pólitískir fordómar að vikja, og upp frá því hafa viðskiptin við Austur-Evrópu farið sívaxandi. Afleiðingin hefur orðið sú, að framleiðslan óx og fiskverðið hækkaði. Karfaverðið til togaranna var 65 aurar pr. kg, á meðan Bandaríkjamarkaðurinn skapaði verðið, en hækkaði í 90 aura með Rússlandsmarkaðinum.

Samningarnir við Sovétríkin, Tékkóslóvakíu, Pólland og Austur-Þýzkaland hafa forðað okkur frá efnahagslegu hruni, sem alveg var fyrirsjáanlegt, ef treysta átti eingöngu á Bretland og Bandaríkin. Um leið og eðlilegir markaðir höfðu opnazt, sýndi það sig, að raunverulega stóðu landsmenn vel að vígi í efnahagsmálunum. Þrátt fyrir óhagstæða og skammsýna fjármálastjórn ríkisstjórnarinnar hefur reynslan orðið sú, að nokkurn veginn hefur tekizt að ná gjaldeyrisjöfnuði í þjóðarbúskapnum. Sjávaraflinn hefur jafnt og þétt vaxið þrátt fyrir rekstrarstöðvanir vegna verkfalla, þrátt fyrir stöðvanir nokkurra togara af fjárhagsörðugleikum og þrátt fyrir manneklu.

Reynslan hefur sýnt, að landsmenn eiga það mikið góðra atvinnutækja, að hægt er að auka framleiðsluna, sé þeim réttilega beitt. Möguleikar eru þó tvímælalaust til þess að gera miklu meir en gert hefur verið. Því fer fjarri, að tæki okkar séu fullnotuð og vinnuaflið hagnýtt á þann hátt, sem heppilegastur er fyrir þjóðarheildina. Eigi fiskiskipaflotinn að notast til fulls, er óhjákvæmilegt að rétta við hag útgerðarinnar, en það verður ekki gert, nema breytt sé um fjármálastefnu í landinu. Það verður að létta af útgerðinni milliliðaokrinu, bankagróðanum og hinni gífurlegu óbeinu skattlagningu ríkisins. Það verður að koma í veg fyrir stöðvanir fiskiflotans. Slíkt hneyksli, að nýsköpunartogarar skuli liggja í reiðileysi mánuðum saman vegna fjárhagsaðgerða opinberra aðila, verður að koma í veg fyrir. Um tvö ár samfleytt hafa einn til tveir nýsköpunartogarar legið þannig í reiðileysi, og nú hefur t. d. einn nýsköpunartogari legið hér í Reykjavíkurhöfn ónotaður í rösklega fimm mánuði.

Slíkt hneyksli eins og það, að nú skuli nýsköpunartogararnir liggja í losunarstoppi, fullir af karfa, eða settir í veiðibann vegna þess, að ekki hefur verið hugsað fyrir skipum til þess að flytja frosna fiskinn á markað, er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Ríkisstj. og sérfræðingar hennar virðast ekki telja slíkt til vandamála, sem þurfi að leysa, og allra sízt virðist hún skilja, að hér sé um efnahagsvandamál að ræða. Efnahagsvandamál telur hún einvörðungu þess eðlis, að lækka þurfi laun vinnandi fólks.

Afurðasalan til Austur-Evrópu hefur vissulega bjargað okkur frá efnahagshruni, en þó hafa þeir möguleikar, sem þar hafa boðizt, hvergi nærri verið notaðir til fulls. Auðvelt hefði verið að selja miklu meira fiskmagn til Austur-Þýzkalands en gert hefur verið. En þar hafa pólitísk sjónarmið ríkisstjórnarinnar staðið í vegi. Engum efa er bundið, að hefði verið selt það fiskmagn til Austur-Þýzkalands, sem þangað var auðvelt að selja, þá hefði aldrei komið til þeirrar framleiðslustöðvunar, sem nú er skollin á hjá togaraflotanum. En ríkisstjórn Íslands hefur ekkert beint samband við stjórnarvöld Austur-Þýzkalands, og svo er hitt, sem kannske er enn þá þyngra á metunum, að aukin viðskipti við Austur-Þýzkaland mundu að sjálfsögðu minnka

enn hin svonefndu frjálsu verzlunarviðskipti heildsalanna við umboðsfirmu sín í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Möguleikar Íslendinga til þess að afla alls þess gjaldeyris, sem þjóðin þarf, og til þess að halda uppi þeim lífskjörum, sem nú eru í landinu, eru vissulega miklir. Við eigum mikil og góð framleiðslutæki, bæði til lands og sjávar, og við eigum mikil fiskimið, sem eru lítt könnuð og sum ekkert. Framleiðslan hefur aukizt með jöfnum skrefum undanfarin þrjú ár þrátt fyrir óstjórn í efnahagsmálum og þrátt fyrir mjög óhagstæð fjárhagsleg skilyrði atvinnutækjanna.

Í nokkur undanfarin ár höfum við sósíalistar lagt til, að keyptir yrðu 10 nýir togarar og hafin smíði togara innanlands til endurnýjunar og aukningar á togaraflotanum. Skammsýni ríkisstjórnarinnar hefur hindrað allar aðgerðir í þessum efnum. Öllum má þó vera ljóst, að stórhætta er fyrir efnahagslíf landsins að reka togaraflotann árum saman án eðlilegrar endurnýjunar. Takist ríkisstjórninni að standa áfram gegn togarakaupum, hljóta Íslendingar að dragast aftur úr í togararekstri með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Sama stöðvunarstefna var uppi hjá ríkisstjórninni og bönkunum gagnvart endurnýjun bátaflotans, en á s. l. áru brustu hömlur og vörn ríkisstjórnarinnar í þeim málum, enda munu nú bætast 30—40 nýir fiskibátar við flotann í vetur.

Aukning fiskiflotans og endurbætur og aukning fiskiðnaðarins er aðkallandi nauðsyn. Fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar ber ekki vott um, að hún skilji þá nauðsyn, heldur þvert á móti. Undirstaða aukinnar framleiðslu er breytt fjármálastefna. Það þarf að létta af framleiðslunni milliliðaokrinu, lækka vexti af framleiðslulánum og draga úr gegndarlausri eyðslu ríkisbáknsins. Það þarf að tryggja hagstæð lán til fiskiskipakaupa, þar með talið til togarakaupa. Og nauðsynlegt stofnfé verður að útvega til byggingar nýrra fiskvinnslustöðva, þar sem þeirra er þörf. Slík stefna kallar á samdrátt skrifstofu- og embættisbáknsins, en ekki látlausa útþenslu þess, eins og nú er. Slík stefna kallar á bætt kjör þeirra, sem vinna að framleiðslustörfum, en ekki eilífar vinnustöðvanir og fjandskap við það fólk, sem að framleiðslunni vinnur. Og slík stefna krefst þess, að íslenzkt vinnuafl verði notað í þágu aðalatvinnuvega landsins, en ekki bundið við þjóðhættuleg hernaðarstörf suður á Keflavíkurflugvelli, eins og nú er.

Möguleikar okkar til góðrar efnahagsafkomu eru miklir. Ástæða til gengisbreytingar eða annarra ráðstafana gegn hagsmunum vinnandi fólks er síður en svo nauðsynleg. En eigi möguleikar okkar að nýtast, er óhjákvæmilegt að breyta um fjármálastefnu frá því, sem verið hefur. Vinnandi fólk í landinu óskar eftir breyttri stefnu í atvinnu- og fjárhagsmálum. Það kom glögglega fram á síðasta þingi Alþýðusambands Íslands, sem einróma gerði samþykkt um að fela stjórn sinni að leita samstarfs við stjórnmálaflokkana um framfarasinnaða stjórnarstefnu, sem byggð yrði á samstarfi við verkalýðssamtökin.

Nú hefur stjórn Alþýðusambandsins snúið sér til allra vinstri flokkanna, Sósfl., Alþfl., Þjóðvfl. og Framsfl., með beiðni um, að flokkarnir skipi viðræðunefndir við Alþýðusambandið um möguleika á því að koma á vinstra samstarfi í landinu. Allir þessir flokkar hafa nú kosið nefndir til viðræðna við Alþýðusambandið. Í nefndum flokkanna eru m. a. allir formenn flokkanna, en formlegar viðræður eru nú að hefjast. Alþýðusambandið hefur þegar sent flokkunum stefnuyfirlýsingu sína, sem lögð verður til grundvallar þessum viðræðum. Vinnandi fólk stendur einhuga á bak við Alþýðusamband Íslands í þessum málum. Öllum landsmönnum ætti líka að vera það ljóst, að stjórn, sem byggir á samstarfi við hið vinnandi fólk, er líklegri til giftusamlegra átaka í málefnum landsins en ríkisstjórn, sem stendur í sífelldum deilum við verkalýðinn og telur sig bundna af sérhagsmunum milliliða og braskara. Almenningur í landinu mun vissulega fylgjast af athygli með viðræðunum um vinstri stjórn og hvort ekki tekst á þann hátt að koma fram breyttri stefnu í fjármálum og atvinnumálum landsins.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég fæ ekki stillt mig um nú í upphafi máls míns að vitna í stuttan kafla úr blaðagrein eftir einn kunnasta stjórnmálamann landsins, mann, sem mikið hefur fengizt við fjármál. Mega alþm. og aðrir tilheyrendur leiða að því getur, hver höfundurinn sé, meðan ég les ummæli hans, er þannig hljóða:

„Afkomuhorfur ríkissjóðs eru nú þannig, að fjárþrot vofir yfir þegar á næsta ári. Ástæðan til þess, hvernig þessum málum er komið, er einfaldlega sú, að nær öllum hinum gífurlegu tekjum ríkissjóðs á þessum árum hefur verið eytt jafnharðan. Rekstrarkostnaður ríkisins hefur farið vaxandi ár frá ári með geysihraða, enda vitað af þeim, sem vel þekkja til, að allt aðhald hefur skort af hendi fjármálastjórnarinnar um aukningu útgjaldanna og forusta engin verið um afgreiðslu fjárlaganna á Alþingi né aðhald í opinberum rekstri. Ofan á allt þetta hefur svo bætzt aðgerða- og stefnuleysi í dýrtíðarmálum, með þeim afleiðingum, að fjármál ríkisins eru orðin óviðráðanleg, nema gerbreytt verði um stefnu í fjárhagsmálum þjóðarinnar. En allt situr í sjálfheldu, stýrið fast, og skipið stefnir beint á land upp. Það er og sönnu næst, að leitun mun á þeirri stjórn í þingræðislandi, sem ekki teldi það skyldu sína að segja af sér, þegar svo væri komið fram úrræðaleysi hennar í fjármálum landsins á mestu góðæristímum, en viðsjálir tímar fram undan."

Í lok þessarar skörulegu greinar segir svo:

„Eftir er einnig hitt, að ríkisstj. geri sér það ljóst, að hún á engan tilverurétt, ef hún gerbreytir ekki um stefnu, ekki þegar búið verður að éta upp allt, sem étið verður, heldur nú þegar. Geri hún það ekki, þá er henni skylt að fara frá strax, svo að séð verði, hvort ekki er unnt að fá landsstjórn, sem getur eitthvað annað aðhafzt en bíða þess með hendur í skauti, að fjármál þjóðarinnar og atvinnumál reki í fullkomið öngþveiti."

Höfundur þessara ummæla er hæstv. núverandi fjmrh., Eysteinn Jónsson. Hann lét engin svipuð orð falla hérna áðan, enda nokkur vorkunn, svo mjög sem honum er málið skylt, þótt hann

kveinkaði sér við að gera svo hreinskilnislega játningu.

Hæstv. fjmrh. felldi þennan dóm fyrir tæpum 11 árum um aðra ríkisstj. undir forustu Ólafs Thors, nýsköpunarstjórnina sælu. Þá var hæstv. núverandi fjmrh. í stjórnarandstöðu. Ég læt ósagt, að miklu leyti dómurinn átti við rök að styðjast um nýsköpunarstjórnina, en hitt fullyrði ég, að þessi 11 ára gömlu ummæli má í einu og öllu heimfæra upp á hæstv. núverandi ríkisstj., stjórn Eysteins Jónssonar og Ólafs Thors.

Ég hygg, að það sé næsta torvelt að lýsa fjármálastefnu þessarar hæstv. ríkisstj. og afleiðingum hennar öllu betur í stuttu máli. Rifjum aðeins upp kjarnann í dómsorðunum, þeim sem ég áðan las, minnugir fjármálaástandsins í landinu í dag: Rekstrarkostnaður ríkisins vex ár frá ári með geysihraða. Allt aðhald skortir um aukningu útgjalda og hagsýni í opinberum rekstri. Ríkt hefur aðgerða- og stefnuleysi í dýrtíðarmálum, með þeim afleiðingum, að fjármál ríkisins eru að verða óviðráðanleg. — Þetta er sönn lýsing á afleiðingum þeirrar stjórnarstefnu, sem íhaldið og Framsfl. hafa fylgt á undanförnum árum. Dómurinn er þungur, en því miður réttur.

Hugsandi menn hafa fyrir löngu séð, hvert fjármálapólitík núverandi valdhafa hlyti að leiða. Menn hafa gert sér ljóst, ekki aðeins stjórnarandstæðingar, heldur einnig margir fylgismenn stjórnarflokkanna, að sá hrunadans brasks, verðbólgu og spillingar, sem stiginn hefur verið æ fastar og villtar, eftir því sem ævidagar núverandi ríkisstj. treindust lengur, hlyti að enda með ósköpum. Valdhafarnir hafa reynt í lengstu lög að dylja sannleikann fyrir þjóðinni og freista þess reyndar enn. Þeir hafa ekki allt til þessa treyst sér til að segja henni, á hve völtum stoðum reist væri fjárhagskerfi hennar, það væri sem riðandi hús, er hlyti að hrynja, ef ekki væri breytt um stefnu og leitazt við að styrkja grunn og máttarviði í stað þess að bæta sífellt á yfirbygginguna nýju hrófatildri.

Tilraunir valdhafanna til að blekkja þjóðina og fá hana til að láta hjá líða að horfast í augu við staðreyndir báru um skeið allmikinn árangur. En nú er svo komið, að það mun torvelt að leika öllu lengur slíkan blindingsleik. Hjúpur blekkinganna er orðinn svo gisinn, að hver heilskyggn maður sér veruleikann að baki. Sá veruleiki birtist næsta greinilega í fjárlagafrv. fyrir árið 1956, því frv., sem hér er nú til 1. umr. Hann birtist ekki aðeins í þeim háu tölum, sem þar standa nú, heldur engu síður í þeim gífurlegu fjárfúlgum, sem þar sjást ekki, en allir vita að þangað hljóta að koma að óbreyttri fjármálastefnu, eigi hæstv. fjmrh. að nálgast það að ná endum fjárlaganna saman.

Áður en ég vík að fjárlagafrv. sjálfu, þykir mér hlýða að rekja stuttlega megindrættina í efnahagsþróun síðustu ára, en fjárlagafrv. er skilgetið afkvæmi þeirrar þróunar.

Um langt skeið hafa núverandi stjórnarflokkar farið með stjórn landsins, oftast báðir saman. Alla þá stund hafa þeir notið þeirrar þægilegu aðstöðu, einkum vegna ríkjandi kjördæmaskipunar, að hafa yfirgnæfandi meiri hluta þm. að baki sér. Stefna þessara tveggja flokka hefur því mótað efnahagsþróunina hér á landi um mörg undanfarin ár, og þeir bera höfuðábyrgð á henni. Hversu mjög sem þeir reyna nú af skiljanlegum ástæðum að skjóta sér undan þeirri ábyrgð og velta henni yfir á herðar almennings, verkamanna og annarra launþega, mun það ekki takast. Þjóðin gerir sér nú ljósar en fyrr, hvaða öfl það eru, sem verða að svara til saka fyrir það, að fjármálakerfi hennar er að steypast á kaf í botnlaust hyldýpi verðbólgu, ef ekki verður að gert.

Stjórnarsinnar reyna, eins og hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðu sinni hér áðan, að kenna verkföllunum í vor og 12% kauphækkun verkamanna um nær allt hið illa, sem að steðjar nú í fjárhagsmálum. En þeir láta undir höfuð leggjast að nefna ákveðnar staðreyndir. Verkföllin voru afleiðing þeirrar stjórnarstefnu, sem hér hefur ríkt. Þau voru nauðvörn verkamanna til að leitast við að rétta skarðan hlut. Því miður varð raunverulegur árangur til hagsbóta fyrir hina lægst launuðu enginn, þar eð kauphækkanirnar eru þegar upp étnar af sívaxandi dýrtíð. Verðbólgubraskararnir, sem hæstv. fjmrh. nefndi hér áðan, leika lausum hala og mata krókinn. Ríkisstj. átti þess kost að mæta kröfum verkamanna og annarra launþega um bætt kjör með því að beita sér fyrir verðlækkunarleiðinni, þeirri leið, sem ein var fær. En sú leið hefði komið hart niður á verðbólgubröskurunum, enda var hún ekki farin.

Verðbólguþróun sú, sem stjórnarvöld landsins höfðu hvorki dug né vilja til að stöðva, var orðin slík þegar árið 1950, að atvinnuvegir þjóðarinnar voru þá að sligast. Ríkisstj. greip þá til þess úrræðis að lækka stórlega gengi krónunnar. Hún þóttist hafa óbilandi trú á því, að gengisfelling mundi ekki aðeins bjarga útflutningsatvinnuvegunum, heldur yrði einnig hægt að afnema allt verðlagseftirlit og gefa verzlunina frjálsa, eins og það var kallað. Nú yrði hægt að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn, sögðu menn, og látið var í veðri vaka, að hér væri fundið heillaráð til að bæta lífskjör almennings. Athyglisvert er það, að hin mjög lofsungna frjálsa verzlun átti þó ekki að ná til útflutningsins. Hann skyldi reyrður í sömu viðjar og áður, enda þannig um hnútana búið þar, að ýmsir helztu broddar Sjálfstfl. sátu við þá eldana, sem bezt brunnu.

Nú er því svo háttað um gengisfellingu, sem aðrar aðgerðir hins opinbera, að hana má framkvæma með ýmsu móti eftir því, að hverju er stefnt af hálfu Alþingis og ríkisvalds. Með róttækum og réttlátum ráðstöfunum, sem að því beindust að koma nýrri skipan á rekstur útflutningsatvinnuveganna og innflutningsverzlunarinnar, mátti koma í veg fyrir brask og óheilbrigða gróðamyndun. Þá var það og brýn nauðsyn, ætti að hindra það, að gengisfellingin hefði í för með sér stóraukna verðbólguþróun, að dregið væri úr hinni hóflausu skattheimtu ríkisins, t. d. með því að stórlækka eða afnema söluskattinn. Ríkisstj., sem bar almannahag fyrir brjósti, hlaut að láta slíkar aðgerðir koma í kjölfar gengisfellingar eða verða henni samhliða. En því var ekki að heilsa. Ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. hagnýtti

gengisfellinguna eftir því, sem fyrir segir í öllum afturhaldskokkabókum, til að velta byrðunum yfir á almenning. Auðmenn og auðfélög fengu bætta aðstöðu til að hrifsa til sín skjótfenginn gróða. Hákörlum þjóðfélagsins gafst betra svigrúm en nokkru sinni fyrr til að stunda iðju sína, enda jukust nú um allan helming sporðaköst þeirra í kjölfarinu.

Það leið ekki heldur á löngu, unz í ljós kom, hverjar urðu þjóðfélagslegar afleiðingar þess, á hvern hátt gengisfellingin 1950 var framkvæmd. Gífurleg kjaraskerðing skall með óbærilegum þunga á herðum almennings, braskarar komu ár sinni betur fyrir borð en áður, og vaxandi dýrtíð át upp á örskömmum tíma þann ávinning, sem látið var í veðri vaka að gengisfellingin ætti að færa sjávarútveginum.

Vorið 1951, ári eftir gengisfellinguna, var bátaútvegurinn að stöðvast. Þá greip ríkisstj. til þess ráðs að taka upp bátagjaldeyrisfyrirkomulagið og koma þar með á tvöföldu gengi krónunnar. Þetta var að sjálfsögðu ný gengisfelling, þótt óbein væri, og tók hún til um það bil fjórðungs af gjaldeyristekjum þjóðarinnar.

Um sömu mundir og bátagjaldeyrinum var skellt á, steig ríkisstj. sitt stærsta ógæfuskref, þegar hún með herstöðvasamningnum við Bandaríki Norður-Ameríku skerti stórlega sjálfstæði landsins og leiddi yfir þjóðina þau vandkvæði, sem Íslendingar munu lengi súpa seyðið af. Virðast stjórnarherrarnir hafa litið svo á, að hvað sem liði þjóðarsóma mætti hafa not af amerísku gulli til að halda áfram þeirri fjármálastefnu, sem fært gæti gæðingunum aukinn auð og tryggt stjórnarflokkunum áframhaldandi valdaaðstöðu í skjóli hins máttuga dollars. Þetta hefur og tekizt. En dýrkeypt hefur sú ákvörðun orðið íslenzku þjóðinni — einnig í fjárhagsmálum. Hermangararnir hafa matað krókinn, satt er það, og nú er svo komið, að sterk öfl innan stjórnarflokkanna telja það stórfelldan fjárhagslegan ávinning, að hersetunni haldi áfram, og berjast fyrir því, að hún vari sem lengst. Þessi öfl hafa með stuðningi stjórnarvalda haldið þeirri kenningu að landsmönnum, að hér mundi óhjákvæmilega verða ríkjandi atvinnuleysi og jafnvel eymd, ef herinn hyrfi brott og lokað yrði fyrir straum þeirra fjármuna, sem þaðan renna.

Aldrei hefur land vort og þjóð verið smánað eftirminnilegar en með þessum boðskap, boðskap uppgjafar og eymdar, a. m. k. ekki síðan á mestu niðurlægingartímum hennar, þegar Danir héldu því fram, eftir að þeir höfðu mergsogið okkur um aldir, að hér væri ólíft með öllu, og vildu flytja forfeður okkar suður á Jótlandsheiðar. Þessi kenning er yfirlýsing um það, að Íslendingar geti ekki lifað af afrakstri eigin atvinnuvega, þeirra bíði það hlutskipti að reisa framtíð sína á þjónustu við erlendan her eða svelta ella. Sem betur fer, er auðvelt að sanna, að þetta er villukenning. Við eigum þess kost, Íslendingar, að afla daglegs brauðs með öðrum og sæmdarmeiri hætti. Sæti hér að völdum stjórn og þingmeirihluti, sem legði allt kapp á að efla þá atvinnuvegi, sem þjóðin hefur lifað á fram að þessu, og léti opinberar aðgerðir miða að því að gera framleiðsluna verðmeiri og fjölbreyttari en hún er nú, myndu þeir 2000—3000 Íslendingar, sem í dag vinna ófrjó og niðurlægjandi störf á vegum Bandaríkjahers, færa þjóðinni sýnu meiri og blessunarríkari björg í bú en þeir gera. Jafnframt yrði numin á brott ein meginorsök þeirrar verðþenslu, sem nú sýkir þjóðlífið og hefur nálega sligað allan heilbrigðan atvinnurekstur.

Það er kunnugt, enda viðurkennt af fræðimönnum á sviði efnahagsmála, að hersetan og herstöðvaframkvæmdirnar eiga sinn mikla þátt í þeirri verðbólguþróun, sem hér hefur orðið síðustu árin og bitnar með sívaxandi þunga á atvinnuvegum landsmanna og allri alþýðu. Í skýrslu Landsbankans um árið 1953 segir á þessa leið:

„Er það ljóst, að ný verðbólguskrúfa, sem á einkum rót sína að rekja til varnarliðsframkvæmdanna og mikillar fjárfestingar samhliða ónógum sparnaði, mun ná æ fastari tökum á efnahagskerfinu, áður en langt um líður, ef ekki er spyrnt við fæti."

Þessi sannindi hafa síðan verið ítrekuð hvað eftir annað, m. a. í riti Landsbankans, Fjármálatíðindum, enda svo víðs fjarri, að stjórnarflokkarnir hafi, síðan fyrrgreindur dómur var felldur, spyrnt fæti við verðbólguþróuninni, að ýmsar aðgerðir ríkisvaldsins hafa þvert á móti orðið til að auka hana og magna. Afleiðing þeirrar þróunar hefur m. a. orðið sú, að grípa varð til þess ráðs að fá hingað fjölmennan hóp Færeyinga, svo að hægt væri að gera út togarana, stórvirkustu framleiðslutæki landsins. Og ekki reyndist það einhlítt. Á síðasta ári var málum svo komið, að togaraútgerðin varð að leita á náðir ríkisvaldsins, þar eð dýrtíðin var að sliga þessa atvinnugrein. Enn var gripið til næsta vafasams úrræðis. Að þessu sinni var bjargráð ríkisstj. í því fólgið að leggja stórfelldan skatt á innflutta bíla, svo að hægt yrði að koma togurunum á veiðar. Hér var ekki um smáskilding að ræða, 2000 kr. á úthaldsdag hvers togara, og voru þó leidd nokkur rök að því, að það skattgjald mundi naumast nægja. Og nú þurfti að láta hendur standa fram úr ermum til að fá milljónatugi upp í togaraskattinn. Af takmörkuðum gjaldeyri þjóðarinnar var stórfé varið til bílakaupa.

Og enn heldur hæstv. ríkisstj. áfram að spila sína löngu vitleysu. Snemma á þessu hausti, þegar sýnt var, að dýrtíðin hlyti að koma í veg fyrir alla síldveiði í Faxaflóa, nema opinber afskipti kæmu til, var gripið til þess ráðs að hækka verð á tóbaki. Litlu fyrr var áfengi hækkað í verði, að sögn hæstv. fjmrh. í því skyni, að hann gæti greitt starfsmönnum ríkisins launauppbót.

Nú er því svo komið, að menn verða að kaupa margvíslegt erlent glingur og þarflítið dót til þess að halda bátaflotanum úti, bíla og aftur bíla vegna togaranna, drekka kynstur af áfengi, svo að starfsmenn ríkisins fái launin sín, og reykja baki brotnu, til þess að síldveiðar stöðvist ekki. Munu þeir þjóðfélagsþegnar naumast taldir á marga fiska á hærri stöðum, sem gera ekkert af þessu. Og nú leitar hæstv. ríkisstj. að nýjum skattheimtuleiðum til að verðbæta útflutt dilkakjöt, gærur og karfa. Trúlega verður ekki óbjörgulegt í landinu, eftir að stjórnin hefur

fundið hin nýju bjargráð atvinnuvegunum til handa. Mun sú tegund stjórnvizku næsta fágæt, sem til þess þarf að snúa snældu fjárhagsmála á þann veg, að svo líti út sem sjávarútvegur og landbúnaður, þessir undirstöðuatvinnuvegir, sem brauðfæða þjóðina, séu orðnir ómagi á ríkissjóði, en sorphreinsun á Keflavíkurflugvelli, erlendur glysvarningur, lúxusbílar, tóbak og brennivín þær máttarstoðir, sem þjóðfélagsbyggingin hvílir á.

Við þjóðvarnarmenn höfum jafnan gagnrýnt margvíslegt siðleysi, sem gætt hefur í opinberu lífi og stöðugt virðist færast í aukana. Fjármál og viðskiptamál eru þar engin undantekning, nema síður sé.

Hér er nú rekin gagngerðari fjárplógsstarfsemi en dæmi eru til áður, og er vægilega til orða tekið, þó að fullyrt sé, að ríkisvaldið taki þau mál helzt til oft vettlingatökum. Afskiptaleysi hins opinbera og skortur á röggsamlegu eftirliti á tvímælalaust sinn þátt í því, hve títt er orðið, að einstaklingar og stofnanir skara helzt til freklega eld að sinni köku, oft án þess beinlínis að brjóta landslög, en stundum, og án efa oftar en upplýst verður, handan við lög og rétt. Ein af ástæðum þessa er sú alvarlega staðreynd, að stjórnmálamenn og stjórnmálablöð víla ekki fyrir sér að verja jafnvel fjárglæfra og ótvíræð lögbrot, ef þau eru framin af áhrifamiklum flokksbræðrum.

Hundruð milljóna króna hafa á undanförnum árum verið greidd úr sameiginlegum sjóði þegnanna, án þess að við væri borið að hafa með þeim fjármunum skaplegt eftirlit. Eitt dæmi þess eru hin gífurlegu framlög til skólamála, þ. á m. skólabygginga, sem ávísað hefur verið nær aðgæzlulaust, að því er virðist.

Og hvert er eftirlit hins opinbera með bátagjaldeyrinum? Hvert er eftirlit þess með þeim aðilum, sem hafa einkarétt á að selja fisk úr landi? Vita opinberir aðilar með öruggri vissu, hvað greitt er á erlendum markaði fyrir fiskinn hverju sinni? Í þessum spurningum felast engar dylgjur, aðeins fyrirspurn um það, hvort verið geti, að ríki og bankar sofi hér á verðinum. Ekkert ríki annað en þá hið íslenzka teldi sér stætt á því að veita eftirlitslítið eða eftirlitslaust þau forréttindi, sem einstakir aðilar njóta hér varðandi útflutning framleiðslunnar. Hvaða stjórnarvöld í nálægum löndum mundu ekki leitast við að tryggja það, eftir því sem hægt er, að bankarnir fái allan þann gjaldeyri, sem þeim ber, og sjómenn og smáútvegsmenn rétt verð fyrir fiskinn, sem þeir afla? En hvernig er þetta tryggt hér?

Á sviði innflutningsverzlunarinnar er eftirlit hins opinbera ekki beysið, enda hafa núverandi stjórnarflokkar hælt sér af því, þegar þeir afnámu að mestu það ófullkomna verðlagseftirlit, sem áður gilti. Þeir gáfu tiltektum sínum hið fagra nafn: frjáls verzlun, en almenningur, sem fundið hefur, hvernig verð á vörum og þjónustu hækkar látlaust, kallar fyrirbærið frjálst okur.

Hin mörgu óreiðu- og fjárdráttarmál, sem verið hafa á döfinni nú um hríð og enn fer fjölgandi, eru því miður ekki einangrað fyrirbæri, heldur áþreifanleg sjúkdómseinkenni í íslenzku efnahags- og viðskiptalífi. Þau vekja meiri athygli og umtal en mörg sjúkdómseinkenni viðskiptalífsins önnur, sem þó bera ljósan vott um hið sama. Vissulega ættu öll þessi einkenni hins sjúka ástands, ef skoðuð eru í heild, að vera nægilega skýr til þess, að hverju mannsbarni sé ljóst, hvað við blasir. Við erum komin á yztu nöf, og það er ekki seinna vænna að stinga við fótum.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1956 sýnir flestu öðru betur, hvar við erum á vegi staddir, Íslendingar. Það er, eins og ég áður sagði, skilgetið afkvæmi þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið á undanförnum árum, og ber vott um tvennt, að sú stefna er nú komin í þrot og að hæstv. núverandi ríkisstj. hefur, að því er virðist, hvorki getu né vilja til að bjarga þjóðarskútunni út úr voðanum.

Eins og vita mátti, er þetta fjárlagafrv. hið langhæsta að krónutölu, sem nokkru sinni hefur verið lagt fram á Alþ. Niðurstöðutölur þess eru 577 millj. kr. Er það 82 millj. kr. hækkun frá fjárlagafrv. í fyrra, en 62 millj. kr. hækkun frá gildandi fjárlögum.

Athyglisvert er það og táknrænt um ástandið, að þeir liðir í útgjaldabálki fjárlaga hækka langmest, sem snerta beinan rekstur. Framlög til verklegra framkvæmda verða undir í verðbólgukapphlaupinu. Til þeirra fer minni hundraðshluti ríkisteknanna, eftir því sem kostnaðurinn við ríkisbáknið gleypir meira. Ég skal nefna örfá dæmi og miða þá við gildandi fjárlög annars vegar og fjárlagafrv. fyrir árið 1956 hins vegar.

Kostnaður við ríkisstjórn og stjórnarráð hækkar um 20%, dómgæzla og lögreglustjórn hækka um 20%, kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta hækkar um 26%, læknaskipun og heilbrigðismál, hækkun um 29%, kirkjumál, hækkun um 16%, kennslumál, hækkun um 19%.

Líti maður hins vegar á atvinnuvegina og verklegar framkvæmdir, horfir málið öðruvísi við. Örfá dæmi skal ég nefna: Framlög til vegamála hækka aðeins um 1.7%, framlög til vitamála um 0.4% og framlög til iðnaðarmála lækka um 44%.

En þó að maður hafi fyrir sér þær tölur, sem í fjárlagafrv. standa, eins og hæstv. fjmrh. leggur það fram nú í þingbyrjun, þá skortir mjög á, að það gefi rétta hugmynd um þær álögur, sem lagðar verða á landslýðinn nú í ár. Í grg. fyrir frv. lætur hæstv. fjmrh. þess getið svo og í fjárlagaræðu sinni hér áðan, að þar sé hvorki gert ráð fyrir útgjöldum ríkissjóðs vegna atvinnuleysistrygginga né nýrra launalaga, en áætlað er, að hvort tveggja muni það kosta ríkið 34 millj. kr. Þá hefur ríkisstj. heitið verðuppbótum á útflutt dilkakjöt. Loks er vitað, að bátagjaldeyriskerfið er komið í strand, og allar líkur benda til þess, að útgerðarmenn togara telji sig ekki geta komizt af öllu lengur með þær 2000 kr. í styrk á úthaldsdag, sem þeir hafa fengið að undanförnu.

Allt bendir því til þess, að ríkisstjórnin telji sig eiga um tvo kosti að velja: Annars vegar þann að leggja miskunnarlaust á þjóðina nýja skatta og tolla til viðbótar öllum þeim, sem fyrir eru. Hinn kosturinn er ný, stórfelld gengisfelling, sem mundi tákna það í meðferð núverandi

stjórnar, að rýrð yrðu stórlega lífskjör alls almennings, drápsklyfjum velt yfir á hann.

En eru nokkrar leiðir til út úr ógöngunum? mun margur spyrja. Hefur ekki verðbólgustefnan, sem núverandi ríkisstjórn ber höfuðábyrgð á, teymt þjóðina svo langt út í kviksyndið, að allt hljóti að sökkva? Er ekki fram undan algert fjárhagshrun á Íslandi?

Þessum spurningum svara ég hiklaust á þá leið, að þrátt fyrir allt, sem misgert hefur verið, megi miklu bjarga, en til þess þarf gagngera stefnubreytingu í fjárhags- og atvinnumálum. Með samstilltu átaki ríkisstjórnar og þegna má takast að forða fjárhagshruni og byggja upp heilbrigt atvinnulíf í landinu, en núverandi ríkisstjórn gerir það ekki. Sú stefnubreyting, sem koma þarf, verður ekki framkvæmd, meðan stjórn landsins er að verulegu leyti í höndum þjóðfélagsafla, sem láta gróðasjónarmið hinna ríku ráða gerðum sínum. Sú ríkisstjórn ein, sem styddist við hinar vinnandi stéttir og ynni í þeirra þágu gegn gróðabralli, en að uppbyggingu atvinnulífs og stórfelldri aukningu framleiðslunnar, mundi fá því áorkað að verja þjóðarfleyið fyrir þeim holskeflum fjármálaöngþveitis, sem nú rísa fram undan. Mér dettur ekki í hug að segja, að það verði létt verk og auðunnið. En sú er trú okkar þjóðvarnarmanna á landið og möguleika þess, að Íslendingar geti, ef þeir vilja, lifað farsælu lífi á auðlindum hafs og moldar, en það tekst því aðeins að stjórnarstefnan sé mörkuð með tilliti til hinna mörgu og smáu, en ekki hinna fáu og ríku.

Með það í huga, sem að framan var sagt, hefur miðstjórn Þjóðvarnarflokks Íslands á fundi hinn 4. þ. m. samþykkt heildartill. um lausn aðsteðjandi efnahagsvandamála, tillögur, sem eru við það miðaðar að bjarga gengi íslenzku krónunnar, losa þjóðina við marga, dýra milliliði, fá almenningi í hendur atvinnutæki, koma atvinnulífinu á heilbrigðan og samkeppnisfæran grundvöll, efla atvinnuvegina og auka framleiðsluna, en hætta að sóa dýrmætu vinnuafli í hervirkjagerð. Slíkar aðgerðir telur flokkurinn nauðsynlegar og óhjákvæmilegar, eigi að takast að forða fjárhagslegu hruni. Í ályktun flokksins segir á þessa leið:

„Miðstjórn Þjóðvarnarflokks Íslands er ljóst, að sú verðbólga, sem hömlulaust hefur aukizt síðan verzlunarálagning var gefin frjáls og varnarliðsframkvæmdir fóru að hafa áhrif á íslenzkt efnahagslíf, hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér allsherjar gengisfall á næstu missirum, ef sömu stefnu í stjórnmálum og efnahagsmálum er fylgt sem nú ríkir og að undanförnu hefur ríkt.

Miðstjórnin gerir sér grein fyrir því, að til alvarlegra ráðstafana verður að grípa, ef takast á að stöðva verðbólguna og hindra gengisfall, ráðstafana, sem sumar hverjar að minnsta kosti hljóta óhjákvæmilega að koma hart niður á ýmsum hagsmunahópum, sérstaklega milliliðum í framleiðslu, innflutnings- og útflutningsverzlun, en munu auk þess hafa í för með sér, að almenningur verður að neita sér um margt og taka á herðar sér ýmsa erfiðleika í bili.

Miðstjórnin lítur þó svo á, að flokknum beri að beita sér fyrir slíkum ráðstöfunum, og samþykkir því eftirfarandi ályktun:

1) Hernámssamningnum frá 1951 sé sagt upp og öllum hernaðarframkvæmdum hætt og þar með m. a. komið í veg fyrir bein og óbein verðbólguáhrif hernámsframkvæmda og samkeppni herliðsins við íslenzka atvinnuvegi um vinnuafl, er veldur röskun á eðlilegum framleiðsluháttum þjóðfélagsins.

2) Söluskattur sé afnuminn, a. m. k. af innlendri framleiðslu og þjónustu, og einnig af vörum í smásölu. Fullkomnu verðlagseftirliti verði komið á, meðan verið er að koma efnahagsmálum þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll, og hafi samtök alþýðustéttanna framkvæmd þess eftirlits með höndum. Með slíkri niðurfærslu sé kröfum alþýðunnar um óskert og batnandi lífskjör mætt fyrst um sinn, en ekki með grunnkaupshækkunum, sem reynslan hefur sýnt að gerðar hafa verið að engu með hækkuðu verðlagi.

3) Bátagjaldeyrir, togaragjaldeyrir og aðrar slíkar styrkveitingar, sem að undanförnu hafa komið í stað gengisfellingar, verði afnumdar. Sett verði löggjöf um samvinnurekstur fiskvinnslustöðva og fiskútflutnings, sem geri sjómönnum, útvegsmönnum og öðrum þeim, er við fiskframleiðslu starfa, kleift að taka þá starfsemi í eigin hendur. Fiskvinnslustöðvar og útflutningsfyrirtæki verði tekin eignar- og leigunámi og afhent slíkum samvinnufélögum, er þau hafa verið stofnuð, til þess að tryggja þeim, sem við þessa framleiðslu starfa, sannvirði vinnu sinnar.

4) Lögð sé höfuðáherzla á eflingu atvinnuveganna, bæði þeirra, sem nú eru starfræktir, og nýrra, arðbærra iðngreina. Lagt sé kapp á að auka verðmæti sjávarafurða með auknum fiskiðnaði. Á þennan hátt sé m. a. þeim, sem nú vinna í þágu herliðsins, tryggð atvinna og möguleikar nýttir til að auka framleiðslu og gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Jafnframt því er það haft í huga, að slíkar ráðstafanir verður að miða við það að skapa ört vaxandi þjóðfélagi atvinnuskilyrði og lífsbjargarmöguleika.

5) Meðan verið er að byggja atvinnuvegi þjóðarinnar upp á þann hátt, að menningarþjóðfélag geti af þeim lifað án erlendra gjafa og herstöðvavinnu, er óhjákvæmilegt að draga úr nýrri, óarðbærri opinberri fjárfestingu og annarri fjárfestingu, sem tök eru á að fresta.

6) Komið sé upp ríkisverzlun með olíu og benzin og eignir núverandi olíufélaga teknar eignar- eða leigunámi í því skyni. Ríkisverzluninni sé enn fremur gert kleift og skylt að annast alla olíuflutninga landsmanna með eigin skipum.

7) Innflutningur annarrar nauðsynjavöru almennings og framleiðslutækja sé takmarkaður við hagsmuni og gjaldeyrisgetu þjóðarinnar, meðan verið er að endurskipuleggja atvinnuvegina og ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Tekin verði upp ný skipan á innflutningsverzluninni og fækkað stórlega þeim aðilum, er innflutning annast. Innflutningur á almennum vörum verði að mestu í höndum samtaka neytenda, smásöluverzlana og samvinnufélaga. Innflutningur á útgerðarvörum og hráefnum til iðnaðar sé í hönd-

um samtaka þeirra aðila, sem þar hafa mestra hagsmuna að gæta.

8) Stefnu ríkis og banka í fjármálum og peningamálum þjóðarinnar verður að samræma framangreindum ráðstöfunum, draga úr óhófseyðslu og útþenslu, sem hefur í för með sér verðbólguþróun, og koma þannig á jafnvægi í efnahagslífinu og efla traust á gjaldmiðlinum, svo að sparnaðarvilji vaxi og sparifjársöfnun aukist.

9) Gerðir séu nákvæmir þjóðhags- og þjóðartekjureikningar og rannsökuð afkoma og gjaldþol hinna einstöku atvinnugreina, þannig að almenningur eigi jafnan greiðan aðgang að öruggum upplýsingum um þau mál.

Miðstjórn Þjóðvarnarflokks Íslands lítur svo á, að verði þessar ráðstafanir framkvæmdar af aðilum, sem eingöngu hafa hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum, muni unnt að stöðva verðbólguna, koma í veg fyrir beina og óbeina gengisfellingu og koma efnahagslífi þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll. Þess vegna lýsir miðstjórnin yfir því, að flokkurinn sé reiðubúinn til að taka þátt í að mynda þingmeirihluta til að hrinda þessum ráðstöfunum í framkvæmd."

Þessi ályktun hefur verið send formönnum Alþfl., Framsfl. og Sósfl.

Ég vil að síðustu taka það fram, bæði til skýringar á því, sem ég hef áður sagt, og að gefnu tilefni vegna bollaleggínga, sem nú eru uppi um svonefnda vinstri stjórn, að Þjóðvarnarflokkur Íslands mun líta á málefnin og láta þau ráða afstöðu sinni. Honum er ljóst, að þjóðin þarfnast breyttrar stjórnarstefnu til hagsbóta fyrir almenning og til verndar efnahagslegu og stjórnarfarslegu sjálfstæði. En þjóðvarnarmenn eru ekki ginnkeyptir fyrir því að styðja eða hlaupa inn í ríkisstjórn, sem héldi áfram hermangi, styddi að verðþenslu, verzlunarokri, gengisfellingu og hvers konar sukki, aðeins ef hún væri kölluð vinstri stjórn. En vilji andstöðuflokkar íhaldsins af heilindum og festu hefja viðnám og uppbyggingu á svipuðum grundvelli og Þjóðvfl. hefur þegar bent á, þá mun hann ekki láta gamlar væringar né ólík viðhorf á öðrum sviðum standa í vegi þess af sinni hálfu, að samstarf geti tekizt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Samstjórn Íhaldsflokksins og Framsfl. hefur nú farið með völd í meira en fimm ár. Engin ríkisstjórn um langan tíma hefur haft jafnöflugan þingmeirihluta sér að baki og þessi ríkisstj. Hún hefur átt og virðist eiga öruggt fylgi 37 þm. af 52. Ríkisstj. hefur því bókstaflega getað ráðið öllu, bæði um lagasetningu á Alþ. og um stjórnarframkvæmdir, enda hefur hún gert það. Hún hefur haft að engu till. andstöðuflokkanna og manna úr þeim. Hún hefur haldið sinni stefnu frá því fyrsta og allt til þessa, og mér virðist frv. það, sem hér liggur fyrir til fjárl. fyrir árið 1956, benda til þess, að enn sé stefnan óbreytt.

Þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum árið 1950 og lækkaði gengi krónunnar til þess að bjarga atvinnuvegunum, eins og það þá var kallað, lýsti hún yfir því, að stefna hennar og markmið væri það, sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi að fella niður styrki og uppbótagreiðslur og lækka skatta.

Í öðru lagi að koma útflutningsatvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll og að tryggja þeim hallalausan rekstur.

Í þriðja lagi að gera verzlunina frjálsa.

Í fjórða lagi að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum inn á við og út á við.

Og að lokum að tryggja stöðugt gengi, hið nýskráða gengi íslenzku krónunnar.

Þetta voru þau loforð og þær yfirlýsingar, sem hæstv. ríkisstj. gaf þjóðinni fyrir fimm árum. Hún hefur haft meira en fimm ár til þess að framkvæma þessa stefnu sína, og hún hefur, eins og ég áðan sagði, öllu getað ráðið, bæði á Alþ. og í stjórnarframkvæmdum.

Allir vita, hvernig nú er komið. Ég skal ekki rifja það upp að þessu sinni, geri það kannske síðar, en ég vil rétt til glöggvunar rifja upp fyrir mönnum, hv. alþm. og öðrum, sem mál mitt heyra, vitnisburði þá, sem ríkisstj. lagði fram til staðfestingar því, að henni hefur verið fært að gera það, sem hún lofaði í stefnuyfirlýsingu sinni, og vitna ég þar í hagfræðilegt álit þeirra Benjamíns Eiríkssonar og Ólafs Björnssonar, sem voru þá og hafa verið ráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálum.

Í álitsgerð þessari segir svo, með leyfi forseta:

„Ef atvinnulífið, fjármálin og peningamálin eru á heilbrigðum grundvelli, er engin ástæða til þess, að gjaldeyrisskort geti borið að höndum nema rétt í bili, og þá því aðeins, að snöggar breytingar verði á utanríkisverzluninni."

Enn fremur segja þessir sömu ráðunautar í þessari álitsgerð sinni:

„Útlánastarfsemi bankanna er í raun og veru annar þátturinn í gjaldeyrisverzluninni, hinn er fjármálastefna ríkisins. Hvort tveggja þessu ræður ríkisstj. eða getur ráðið. Henni er því í lófa lagið, vilji hún framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir, að sjá um, að jafnvægi haldist í þjóðarbúskapnum, að gjaldeyrisverzluninni sé haldið í jafnvægi."

Á þessu ári hefur gjaldeyrisaðstaðan við útlönd versnað um 162 millj. kr.

Um uppbætur og styrki segja þessir sömu ráðunautar:

„Aðalókostur styrkjaleiðarinnar frá þjóðhagslegu sjónarmiði er sá, að hún leysir í raun og veru ekki vandamál útflutningsframleiðslunnar, sem berst í bökkum jafnt eftir sem áður, og hún er heldur ekki viðunandi bráðabirgðalausn."

Uppbótagreiðslurnar vaxa og styrkjaleiðin magnast ár frá ári og uppbæturnar hækka og niðurgreiðslurnar einnig.

Um frjálsu verzlunina segja þessir ráðunautar einnig:

„Höfuðskilyrði frjálsrar verzlunar er, að greiðslurnar séu frjálsar, en það þýðir, að hægt sé að greiða erlendis, ef íslenzkir peningar eru fyrir hendi."

Allir vita, að svo er ekki. Nú bíða menn eftir gjaldeyrinum í bönkunum, í staðinn fyrir áður að bíða eftir leyfunum frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Um bátagjaldeyrinn segja þeir:

„Ekki er hægt að mæla með þessari leið. Með

því að fara þessa leið mundi raunverulega sett tvöfalt gengi á íslenzku krónuna og þá um leið tvenns konar verðlag á innfluttar vörur. Með því væri skapaður jarðvegur fyrir margs konar brask og óheilbrigða verzlunarhætti. Þessi leið mundi því kalla á aukin verzlunarhöft og opinbera íhlutun um verðlagsmál."

Bátagjaldeyriskerfið gerir að þeirra dómi óhjákvæmilegt að taka upp strangt verðlagseftirlit. Það hefur ríkisstj. ekki gert af ástæðum, sem öllum eru kunnar.

Niðurstaðan af þessum hugleiðingum ráðunautanna er í skemmstu máli sú, að í raun og veru sé það og hafi verið og eigi að vera á valdi þeirrar ríkisstj., sem hefur nægilegt þingfylgi, að skapa atvinnuvegunum heilbrigðan grundvöll og jafnvægi í fjármálum og efnahagsmálum út á við og inn á við.

Hvernig er þá ástandið í þessum efnum nú? Hvernig hefur ríkisstj. gengið að efna þessi loforð, sem hún gaf, þegar hún tók við völdum fyrir fimm árum, með þá einstöku aðstöðu, sem hún hefur haft til þess að framkvæma vilja sinn og stefnu?

Samkvæmt yfirliti Hagstofu Íslands um vöruinnflutning til landsins og frá því til ágústloka þessa árs er verzlunarhallinn þá orðinn 250 millj. kr., þ. e. a. s., hvern einasta dag frá ársbyrjun hafa Íslendingar til jafnaðar flutt inn fyrir einni milljón króna meira en þeir hafa getað greitt með útflutningnum, og ekki er sjáanlegt, að hér sé nein breyting fram undan. Að vísu er það rétt, að aðrar tekjur í erlendum gjaldeyri hafa borizt og berast en andvirði útflutningsvörunnar. Þar vega þyngst gjaldeyristekjurnar af framkvæmdum varnarliðsins í Keflavík og víðar. Þessar tekjur námu um 200 millj. kr. árið 1954, en hæstv. ríkisstj. hefur upplýst, að þær hafi minnkað á þessu ári. Kemur það einnig bert fram, þegar litið er á gjaldeyriaðstöðu bankanna. Í ársbyrjun 1955 áttu bankarnir 102 millj. kr. inni erlendis. Í lok ágústmánaðar s. l. skulduðu þeir um 60 millj. Gjaldeyrisaðstaðan hefur versnað á þessum átta mánuðum um hvorki meira né minna en 160 millj. kr. Þetta er nú jafnvægið út á við, eins og ég áðan sagði.

Hvað er þá um jafnvægið inn á við?

Öll framleiðslustarfsemi í landinu svo að segja er nú styrkt af opinberu fé. Fiskframleiðsla vélbátaflotans nýtur gjaldeyrisfríðinda, fær bátagjaldeyrisálag á útfluttar vörur, sem nemur upp undir 60%, ofan á hið skráða gengi. Togaraútgerðinni eru greiddar 2000 kr. á dag í beinan útgerðarstyrk. Á hverja einustu tunnu síldar, sem veidd hefur verið í Faxaflóa í haust, eru greiddar útflutningsuppbætur. Framleiðsluvörur landbúnaðarins eru greiddar niður hér innanlands, það sem landsmenn kaupa sjálfir. Það, sem gert er ráð fyrir að verði flutt út, á að verðuppbæta, annaðhvort með bátagjaldeyrisálagi, allt að 60% á skráð gengi, eða með öðrum hætti. Gert er ráð fyrir, að lambakjöt, sem flutt verður til útlanda og selt þar, verði selt fyrir 9 kr. kg, og er því augljóst, að eigi slík sala að standa undir búrekstri bænda, þá er nauðsyn að bæta þar við. Verðið, sem við borgum hér innanlands, mun láta nærri að sé þrefalt hærra en útflutningsverðið.

Iðnaðurinn nýtur að vísu ekki beinna styrkja úr ríkissjóði, en hins vegar nýtur hann tollverndar, sem að ýmsu leyti kemur honum að sama haldi og hefur sömu afleiðingar að því er verðlag snertir og áhrif á dýrtíðina í landinu.

Framfærsluvísitalan er í dag 172 stig. Kaupgjaldið er miðað við 164 stig. Í maíbyrjun, fyrir röskum fimm mánuðum, var framfærsluvísitalan 161 stig og kaup greitt samkvæmt sömu vísitölu. Mismunurinn á framfærsluvísitölu og þeirri vísitölu, sem almennt kaupgjald er miðað við, er því nú þegar orðinn 8 stig, þ. e. a. s., þær 10—11% kauphækkanir, sem verkalýðurinn fékk á s. l. vori, er þegar búið að skerða um sem svarar 8 stigum. Hver vísitalan verður 1. desember, verður ekki sagt enn, heldur ekki hver munur þá verður á kaupgreiðsluvísitölunni og framfærsluvísitölunni, en ég verð að segja það, að mér finnst það æði mikil bjartsýni af hæstv. fjmrh., ef hann treystir því, að áætlunin um 173 stiga meðalvísitölu á árinu 1956 fái staðizt, þegar þess er gætt, að á þeim fimm mánuðum, sem liðnir eru frá 1. maí, hefur framfærsluvísitalan hækkað, eins og ég áðan sagði, um 11 stig.

Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, þó að sagt sé, að aldrei í sögu þjóðarinnar hafi loforð og yfirlýsingar verið jafnátakanlega brigðuð og loforð hæstv. ríkisstj., þegar hún tók við fyrir fimm árum.

Í stað þess að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll, tryggja þeim hallalausan rekstur og skapa jafnvægi í búskap þjóðarinnar út á við og inn á við, er nú svo komið sem komið er. Viðskiptahallinn við útlönd eykst stöðugt, ójafnvægið þar sívaxandi, og hið sama gildir einnig um verðlag innanlands og viðskipti öll. Allri framleiðslustarfsemi þjóðarinnar svo til og bókstaflega allri útflutningsframleiðslunni er fleytt fram með opinberum styrkjum, sem heimtir eru af landsmönnum með ýmiss konar sköttum og tollum. Tollarnir verða síðan aftur gróða- og álagningarliður fyrir milliliðina, sem auka byrðina stórkostlega með sinni álagningu.

Skattarnir hækka ár frá ári, eins og fjárlfrv., sem nú liggur fyrir, bezt sýnir.

Hæstv. ráðh. játaði þetta í ræðu sinni áðan. Ástandið er nú þannig, sagði hæstv. ráðh., að verðbólgubraskararnir einir græða á ástandinu. Tímarnir eru góðir fyrir verðbólgubraskarana, segir hæstv. ráðh., en erfiðir og horfurnar óskyggilegar fyrir landsmenn alla og atvinnuvegi þeirra. — Þetta er hans dómur um ástandið í dag.

Hæstv. ríkisstj. og blöð hennar leitast við að telja fólki trú um, að ástæðan til ástandsins í dag sé sú, að á s. l. vori var kaupgjald verkafólks í landinu almennt hækkað um 10—11%. Þessir atburðir telja þeir að hafi raskað því jafnvægi, sem búið var að ná á árunum 1953 og 1954, að þeir nú segja. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að öðruvísi söng í tálknum stjórnarliðsins, þegar fjármálin voru til umr. á síðasta hausti hér á Alþ. Þá var sami söngurinn eins og nú: Atvinnuvegirnir voru að stöðvast, togararnir gátu bókstaflega ekki haldið áfram, nema þeim væri tryggður a. m. k. 2000 kr. úthaldsstyrkur á dag. Gjaldeyrishrun, lækkun krónunnar, var þá talið yfirvofandi. Nú segja blöð ríkisstj. og hæstv.

ráðh., að þá hefði í raun og veru verið mesta fyrirmyndarástand, þá hafi verið stöðugt verðlag og jafnvægi. Jafnvægið innanlands var þá þannig, að raunverulegt verðgildi kaups verkafólksins hafði verið skert stórlega á undanförnum árum, þó að þjóðartekjurnar hefðu aukizt.

Við Alþfl.-menn töldum, að líklegasta leiðin til þess að bæta úr þessu, til þess að bæta kjör verkalýðsins og tryggja honum réttmætan hluta af aukningu þjóðarteknanna, væri að reyna að skammta, takmarka gróða milliliðanna, lækka þann kostnað, annan en verkalaunin, sem fellur á framleiðslustarfsemina í landinu, vexti, tolla, milliliðagróða o. s. frv., o. s. frv. Þessi leið var reynd árið 1952 og gaf nokkurn árangur — mikinn, að því er hæstv. ríkisstj. nú segir.

Alþfl.-menn lögðu fram á þingi í fyrrahaust till. þess efnis, að ríkisstj. gerði þær ráðstafanir, sem í hennar valdi stæðu, til þess að reyna að koma fram verðlækkunum, stöðva vöxt dýrtíðarinnar og jafnvel að reyna að skrúfa örlítið til baka. Með því móti töldum við, að hægt væri að tryggja verkamönnum kjarabætur, sem þeir áttu rétt á, án þess að hækka kaupgjaldið eins mikið og raun varð á eftir deiluna s. l. vetur.

Ríkisstj. hafnaði till. okkar og ráðleggingum Alþfl.-manna í þessu efni. Hún þvertók fyrir það að reyna þessa leið. Með því móti gaf hún vind í seglin þeim öflum innan verkalýðshreyfingarinnar, sem fyrst og fremst vildu leggja áherzlu á beinar kauphækkanir án tillits til þeirra afleiðinga, sem þær kynnu að hafa. Þannig studdi ríkisstj. þau öfl innan verkalýðssamtakanna, sem stefndu að beinni kauphækkun, en ekki óskuðu að reyna verðlækkunarleiðina áfram.

Við Alþfl.-menn vöruðum við því að fara þessa leið, að krefjast svo mikilla beinna kauphækkana sem gert var. Við töldum, að fyrir alla, verkalýðinn sjálfan og þjóðina í heild sinni, væri ráðlegri, skynsamlegri, æskilegri sú leiðin að reyna að knýja dýrtíðina niður og lækka tollana og takmarka gróða milliliðanna, vexti, tryggingargjöld og annan slíkan kostnað.

Vegna neitunar ríkisstj. á því að vilja fara þessa leið varð ofan á í verkalýðssamtökunum að berjast fyrir beinum kauphækkunum. Kauphækkanirnar námu þó ekki nema nokkru broti af því, sem upphaflega var farið fram á, eða 10—11%, eins og áður segir. En síðan þetta gerðist hafa þessar kauphækkanir verið notaðar sem skálkaskjól og yfirvarp til þess að koma fram verðhækkunum, sem ekki á nokkurn hátt er hægt að réttlæta með þeim kauphækkunum, sem urðu á s. l. vori. Þetta er hverjum manni kunnugt. Verðhækkanir á mörgum liðum nema frá 20 til 60%. Ég man eftir þremur dæmum, sem þrír aðilar standa að, er sýna þetta ljóslega.

Eftir að verkfallinu í vor lauk, voru ýmis þjónustugjöld hjá olíufélögunum hækkuð um milli 30 og 40% og jafnvel meira. Það hæsta, sem kauphækkunin gat réttlætt í þessu efni, hefði verið um 8% hækkun.

Nú nýlega hefur bæjarstjórn Reykjavíkur, svo að ég taki opinberan aðila, hækkað sand og möl, byggingarefni, sem þeir verða að kaupa, sem eru að reyna að koma upp húskofa yfir sig, um 57%. Mér er óskiljanlegt, að nokkrum detti í hug, að slík hækkun standi í sambandi við kauphækkunina í vor.

Daggjöld á ríkisspítölunum voru í ársbyrjun 70 kr. á dag og voru þá hækkuð samkv. fjárlögum upp í 75 kr. Nú fyrir skömmu hefur ríkisstj. tilkynnt, að þessar 75 kr. eigi að hækka upp í 90 kr., þ. e. a. s. hækkunin frá áramótum verði um 30% á 9 mánuðum.

Því fer fjarri, að hæstv. ríkisstj. hafi sýnt nokkra viðleitni til þess að hafa hemil á þessum verðhækkunum. Þvert á móti, blöð hennar hafa reynt að réttlæta þessar verðhækkanir með kauphækkuninni, sem varð á s. l. vori, þó að bersýnilegt sé, að þær fara langt fram úr því, sem kauphækkunin gat gefið tilefni til. Verður því ekki annað séð en að hæstv. ríkisstj. hafi með mestu velþóknun horft á þessar aðgerðir til verðhækkunar.

Mér virðist augljóst, að sú stefna, sem nú er fylgt af hæstv. ríkisstj., geti ekki leitt til annars en fullkomins öngþveitis og að fyllsta nauðsyn sé á að stinga við fótum.

Hér hafa fulltrúar tveggja flokka, kommúnista og Þjóðvfl., haft orð á því, að Alþýðusamband Íslands hefði ritað fjórum flokkum, Framsóknarflokknum, Alþýðuflokknum, Sósíalistaflokknum og Þjóðvarnarflokknum, bréf þess efnis, að þeir óskuðu að ræða við þá um myndun vinstri stjórnar. Ég fæ ekki skilið, hvernig Alþýðusamband Íslands, sem er félagssamtök verkafólks úr öllum pólitískum flokkum, getur tekið að sér hlutverk pólitískra flokka og ætli að vinna að myndun ríkisstjórnar, þó að sjálfsagt sé, að flokkarnir hlýði á óskir þeirra um einstök áhugamál verkalýðsins.

Hv. þm. Þjóðvfl., Gils Guðmundsson, las hér upp bréf og ályktun frá Þjóðvfl. þess efnis, að Þjóðvfl. væri reiðubúinn til þess að mynda „þingmeirihluta“, eins og það var orðað, til þess að koma fram efni þeirrar ályktunar, sem hann las upp. Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort honum sé kunnugt um, að möguleiki sé nú á þingi til að mynda annan þingmeirihluta en þann, sem nú er og styður hæstv. ríkisstj. Alþfl. átti frumkvæði að því á s. l. vetri að gefnu tilefni í ræðum og ritum formanns Framsfl. að hefja óformlegar umr. við menn úr Framsfl. og Þjóðvfl. um möguleika á því að koma á samstarfi lýðræðissinnaðra andstæðinga íhaldsins um gerbreytta stjórnarstefnu og stjórnarhætti. Þær umr. eru ekki svo langt komnar enn, að neitt sé hægt frá þeim að segja. En mér er ekki kunnugt um, að sú afstaða, sem hér var á þingi, þegar hæstv. ríkisstj. var mynduð, hafi breytzt. Þá var ekki hægt að mynda meirihlutastjórn annan veg en þann, sem gert var. Afstaða Sósfl. var slík, að samvinna við hann var hvorki talin æskileg né möguleg. Mér er ekki kunnugt um, að á því hafi síðan orðið breytingar. Mér væri kært, ef hæstv. fjmrh. vildi upplýsa, áður en þessari umr. lýkur, hvort svo er.

Verði ekki breytingar á þingmeirihluta á þessu þingi, fæ ég ekki annað séð en að aðeins eitt sé fram undan. Stefnunni virðist ekki verða breytt með óbreyttri ríkisstj., þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið og veldur því, hvernig nú er ástatt, og beint leiðir til ófarnaðar. Verði ekki breytt

til nú á þessu þingi, sé ég ekki, að önnur leið sé til en sú að leggja málið fyrir dóm kjósenda í landinu. Þeir hafa nú búið þrjú ár við hæstv. núverandi stjórn, fimm ár full við samstjórn íhaldsins og Framsfl. Ég held það sé kominn tími til þess, áður en lengra er haldið og meira sígur á ógæfuhliðina, að láta kjósendur landsins leggja sinn dóm á gerðir og stefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þess er væntanlega mjög langt að bíða, að við Íslendingar getum komizt í tölu stórveldа hvað höfðatölu snertir. En þegar litið er á eyðslu einstaklinganna, þá erum við fyllilega orðnir jafnokar flestra, ef ekki allra þjóða, og útgjöld þjóðarbúsins vaxa svo stórkostlega ár frá ári, að með sama áframhaldi verður þess ekki langt að bíða, að niðurstöðutölur fjárlaga verði ekki aðeins taldar í milljónum, heldur nái þau milljarðamarkinu.

Það er ekki nema eðlilegt í vaxandi þjóðfélagi, að bæði tekjur og útgjöld ríkissjóðs vaxi nokkuð ár frá ári. Getur verið nokkuð erfitt að ákveða, hver sé eðlilegur hraði í þeim efnum, enda kemur þar margt til greina. Þessa markalínu verða menn þó jafnan að reyna að finna við samningu fjárlaga, því að sé farið langt yfir hana, geta slík vixlspor haft alvarleg áhrif á efnahags- og fjármálaþróunina í landinu.

Það er svo með fjárlög eins og aðrar skýrslur með löngum talnadálkum, að þau virðast ekki vera sérlega aðgengileg né skemmtileg aflestrar. Engu að síður eru þó fjárlögin mjög girnileg til fróðleiks, ef þau eru skoðuð niður í kjölinn. Fjárlög eru ekki aðeins tölulegar upplýsingar um tekjur og gjöld ríkissjóðs, heldur eru þau einnig merkilegur leiðarvísir um ástand og horfur í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Og fjárlögin eru raunar einnig máttugt tæki til þess að hafa áhrif á þróun þessara mála. Fjárlögin varða þannig beint og óbeint hvern einasta þjóðfélagsborgara, og því er nauðsynlegt, að fólk reyni eftir beztu getu að gera sér grein fyrir, hversu horfir í þessum mikilvægu málum.

Ég sé ekki ástæðu til að gera í einstökum atriðum að umtalsefni hvorki afkomu ríkissjóðs árið 1954 né heldur fjárlög ársins 1956, því að þær tölulegu upplýsingar um þetta efni hefur hæstv. fjármálaráðh. gefið í framsöguræðu sinni, og er ekki ástæða til að endurtaka hér orð hans.

Ég mun því fyrst og fremst verja tíma mínum til þess að ræða í stórum dráttum viðhorfið í efnahagsmálum þjóðarinnar og ræða einnig nokkuð þróun þá, sem verið hefur og er í fjármálalífi þjóðarinnar. Verður þó auðvitað ekki hægt að drepa á nema fá atriði og alls ekki gera þessum vandamálum nein viðhlítandi skil, enda ekki tímabært að gera nú á þessu stigi málsins neinar ákveðnar till. um lausn þess mikla vanda í efnahagsmálunum, sem nú er við að stríða, því að þau mál eru enn á umræðustigi og í athugun hjá hæstv. ríkisstj.

Í öllum umr. um fjárlög og afkomu ríkissjóðs er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd, að hallalaus ríkisbúskapur er óhjákvæmilegt skilyrði þess, að um heilbrigða þróun geti verið að ræða í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þetta atriði höfum við sjálfstæðismenn ætíð lagt ríka áherzlu á, og hefði farið betur, ef varnaðarorðum þeirra sjálfstæðismanna, sem á sínum tíma fóru með fjármálastjórnina, hefði verið hlýtt. En því miður nutu þeir ekki þess stuðnings samstarfsflokkanna í þessu efni sem nauðsynlegur var, ef hafa átti föst tök á fjármálastjórninni og afgreiðslu fjárlaga í þingi.

Þegar minnihlutastjórn Sjálfstfl. lagði fram till. sínar um viðreisn efnahagskerfisins árið 1950, var hallalaus ríkisbúskapur talinn ein mikilvægasta forsenda þess, að þær till. gætu orðið að gagni. Tókst þá samvinna við Framsfl. um framkvæmd þessarar fjármálastefnu, sem leitt hefur af sér mjög góða afkomu ríkissjóðs alla tíð síðan, þannig að sum árin hefur greiðsluafgangur ríkissjóðs numið tugmilljónum króna. Hefur þó á þessum árum reynzt auðið að framkvæma allverulegar skattalækkanir. Þessi góða afkoma ríkissjóðs er því fyrst og fremst að þakka stefnubreytingunni 1950, sem fjármálaráðherrar Sjálfstfl. höfðu árum saman lagt áherzlu á að nauðsynleg væri, en ekki tókst fyrr að ná samkomulagi um. Einnig er hin góða afkoma ríkissjóðs því að þakka, að stjórnarflokkarnir hafa staðið fast saman um það að leggja ekki þyngri byrðar á ríkissjóð en hann fékk undir risið. Tel ég vafasamt, að nokkur fjármálaráðherra í samsteypustjórn hér á landi hafi átt svo eindreginn stuðning samstarfsflokks síns um skynsamlega afgreiðslu fjárlaga.

Því er ekki að leyna, að þeirrar skoðunar gætir nokkuð hjá almenningi, að forráðamenn þjóðarinnar hafi á undanförnum árum að óþörfu málað skrattann á vegginn, þegar þeir lýstu ugg sínum vegna þróunarinnar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Má víða heyra þær raddir, að þótt talið hafi verið, að vaxandi dýrtíð og hækkun kaupgjalds og verðlags mundu lama atvinnuvegi þjóðarinnar og stórvaxandi fjárkröfur á hendur ríkissjóði stefna afkomu hans í bráða hættu, þá hafi allt gengið vel til þessa og þá ekki ástæða til annars en ætla, að svo verði einnig í framtíðinni.

Vissulega er það rétt, að tekizt hefur að bjarga atvinnuvegum þjóðarinnar og framleiðslunni frá stöðvun og koma þannig í veg fyrir skort og hörmungar í landinu. En það er sannarlega ekki stjórnarandstæðingum að þakka, heldur þrátt fyrir þeirra aðgerðir. Er vissulega fróðlegt fyrir þjóðina að hlýða á ræður hv. stjórnarandstæðinga hér í dag, sem allar ganga í þá átt að hneykslast á ráðstöfunum ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna vegna erfiðleika, sem kommúnistar og fylgifiskar þeirra hafa átt drjúgan þátt í að skapa.

Sama er að segja um afkomu ríkissjóðs. Enda þótt útgjöld hafi stórhækkað ár frá ári, þá hafa tekjurnar hækkað enn meira, en hinu er ekki að leyna, að hefðu þá stjórnarandstæðingar mátt ráða, hefði verið mikill greiðsluhalli hjá ríkissjóði á undanförnum árum. Þetta eru staðreyndir, sem nauðsynlegt er að þjóðin hafi í huga.

Um afkomu ríkissjóðs yfirstandandi ár er ekki auðvelt að segja enn sem komið er, þótt margt

bendi til þess, að niðurstaðan verði mun hagstæðari en menn þorðu að vona við afgreiðslu síðustu fjárlaga. Það liggur hins vegar endanlega fyrir nú, að 1954 hafa bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs farið mjög mikið fram úr áætlun. Hafa tekjurnar þannig orðið nær 108 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, umframgreiðslur á rekstrarreikningi orðið rúmar 47 millj. kr. og eignahreyfingar rúmar 44 millj. kr., þannig að útgjöld ríkissjóðs umfram fjárlagaáætlun hafa orðið rúmlega 91 millj. kr.

Fundið hefur verið að tvennu í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og fjármálastjórnina sjálfa: Annars vegar, að reynslan hefði sýnt, að hvorki fjmrh. né fjvn. væru nógu nákvæm í áætlunum sínum, þannig að fjárlögin væru of fjarri því að gefa rétta mynd af raunverulegri afkomu ríkissjóðs næsta fjárhagsár, og hins vegar því, að hin gætilega tekjuáætlun gæfi fjmrh. allt of frjálsar hendur um umframgreiðslur, þannig að fjárveitingavaldið væri að nokkru leyti tekið úr höndum Alþingis.

Um fyrra atriðið er það að segja, að á verðbólgutímum er mjög erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir tekjuhorfum. Eru þau ein úrræði fyrir hendi að miða við síðasta fjárhagsár og reyna jafnframt að gera sér grein fyrir því, hvort horfur séu á auknum innflutningi eða vaxandi tekjum almennings í landinu á næsta ári. Hefur fjvn. hagað tekjuáætlun sinni jafnan í samræmi við þetta, þótt ekki hafi verið talið verjandi að ganga þar á fremstu nöf vegna óhjákvæmilegra umframgreiðslna, sem jafnan hljóta að verða. Auðvitað hefði mátt hafa tekjuáætlunina nokkru hærri og láta fjárlögin þannig sýna meiri greiðsluafgang, en því miður hefur reynslan sannað það, að illgerlegt er að halda í þann greiðsluafgang, ef hann er tekinn í fjárlagaáætlunina. Hygg ég, að fjvn. verði naumast sökuð með réttu fyrir sín vinnubrögð í þessu efni, þótt reynsla síðustu ára hafi leitt í ljós, að tekjurnar hafa orðið drýgri en með nokkurri skynsemi var hægt að hugsa sér, þegar fjárlögin voru afgreidd.

Hitt atriðið eru umframgreiðslurnar, sem snerta framkvæmd fjárlaga í höndum fjmrh. Allir, sem til þekkja, vita það gerla, að á hverju ári koma ýmis þau atvik fyrir, sem gera umframgreiðslur úr ríkissjóði óhjákvæmilegar, enda sýnir yfirlit, sem gert hefur verið allt til ársins 1924, að umframgreiðslur hafa jafnan verið miklar á ári hverju. Hafa umframgreiðslurnar á rekstrarreikningi orðið minnstar árið 1950, 1.16%, en mestar árið 1942, eða 216.49%. Verða fjármálaráðherrarnir oft ekki fremur öðrum sakaðir um þessar umframgreiðslur, en auðvitað er það höfuðnauðsyn og brýn skylda fjmrh. að gæta þess jafnan, að umframgreiðslur verði sem allra minnstar, því að hér er vitanlega verið að taka fjárveitingavaldið úr höndum Alþ. Og þegar umframgreiðslur eru orðnar föst venja, þá er hætt við því, að aðhaldið verði minna og fjmrh. freistist til, þegar afkoma ríkissjóðs er góð, að slaka hér á taumunum meira en góðu hófi gegnir. Er mjög mikilvægt, að endurskoðendur ríkisreikninganna rannsaki sem rækilegast nauðsynina fyrir umframgreiðslum og fjvn. einnig eftir föngum, en því miður er henni fenginn allt of skammur tími til starfa, til þess að hún geti kannað þessi mál eins og æskilegt væri.

Stjórnarandstæðingar hafa stundum fært ríkisstj. það til ámælis, að allmikill greiðsluafgangur hefur orðið hjá ríkissjóði undanfarin ár. Öllum þessum greiðsluafgangi hefur verið ráðstafað til mjög mikilvægra þarfa í þágu þjóðarheildarinnar, þarfa, sem ella hefði ekki verið hægt að sinna. Það hefur ekki heldur á það skort, að stjórnarandstæðingar vildu vera með í því að ráðstafa þessu fé. Stjórnarflokkarnir verða áreiðanlega ekki með réttu ásakaðir fyrir það, þótt þeir hafi verið gætnir við afgreiðslu fjárlaga, en hitt verða þeir ef til vill með meira rétti ásakaðir fyrir, að hafa ekki lagt allan þennan greiðsluafgang í sjóð, sem hægt væri að nota, ef harðnaði í ári. Slíkt eru raunar sjálfsögð búhyggindi, að spara í góðu árunum, en þarfirnar hafa verið svo margvíslegar og brýnar, að löngunin til að uppfylla þær hefur orðið gætninni að þessu leyti yfirsterkari. Geri ég naumast ráð fyrir því, að ríkisstj. og þingflokkar hennar muni fá þungan dóm hjá þjóðinni fyrir þá afstöðu.

Árið 1953 hækkuðu fjárlögin um 41 millj. kr., miðað við næsta ár á undan. Árið 1954 nam hækkunin 23 millj. og 1955 69 millj. Sýnilegt er, að nú verður hækkunin langmest, væntanlega töluvert á annað hundrað millj. króna. Er þegar vitað um hækkanir, sem nema munu um 96 millj. kr., og ef að vanda lætur, má gera ráð fyrir nokkrum milljónatugum til viðbótar. Fjárlögin bera þess því glöggt vitni, að nýtt verðbólguflóð hefur skollið yfir þjóðina. Hefur þessi þróun málanna vakið ugg og kvíða með þjóðinni og ekki að ástæðulausu, því að ekki mun auðvelt að finna nýja fótfestu til þess að spyrna gegn straumnum.

Vegna hinnar breyttu fjármálastefnu hafði tekizt að koma því jafnvægi á í efnahagsmálum þjóðarinnar, að dýrtíðarskrúfan hafði stöðvazt, kaupgjald og verðlag verið nokkurn veginn stöðugt á þriðja ár, eða allt þar til í ár, að verkföllin skullu á. Þessi stöðvun var farin að hafa augljós heillavænleg áhrif á efnahagsþróunina í landinu. Fólk var á ný farið að öðlast trú á gildi peninganna, og sparifjársöfnun óx stöðugt, en einmitt sparifjársöfnunin er einn af traustustu hyrningarsteinum efnahagskerfisins. Afkoma útflutningsframleiðslunnar var að vísu erfið, en stöðvun verðbólgunnar var þó fyrsta skrefið til þess, að auðið væri að rétta hennar hag. Fjárhagsafkoma ríkissjóðs var góð, og reynzt hafði auðið að draga allverulega úr skattaálögum. Í meginatriðum má því segja, að ástæða hafi verið til bjartsýni.

Því miður hafa á þessu ári gerzt atburðir, sem þegar hafa haft mjög óheillavænleg áhrif, og eru þó enn eigi öll kurl til grafar komin. Það er naumast vafi á því, að verðbólga og rýrnandi verðgildi peninga kemur þyngst niður á alþýðu manna, enda hafa verkalýðssamtök í flestum löndum verið fremst í fylkingu í baráttunni gegn vaxandi dýrtíð.

Hér á Íslandi hefur reyndin því miður verið allt önnur, enda hefur áhrifamesti flokkurinn í verkalýðssamtökum hér á landi fyrst og fremst lagt áherzlu á það að beita þessum áhrifamiklu

samtökum fyrir pólitiskan stríðsvagn sinn án hliðsjónar af hagsmunum verkamanna sjálfra. Hefur því verkalýðsbaráttan oftast verið háð sem einhliða kauphækkunarbarátta, án þess að reynt væri að gera sér grein fyrir, hverjar raunverulegar kjarabætur fylgdu kauphækkunum. Horfið var þó að heilbrigðari stefnu í kjarabaráttunni árið 1952, þegar samið var um lausn verkfalls með verðlækkunum. En með valdatöku kommúnista í Alþýðusambandinu var horfið frá þessari stefnu, þótt hag verkalýðsins væri með því teflt í mikla hættu.

Verðmæti framleiðslunnar ákveður kjör þjóðarinnar. Undirstaða bættra lífskjara er því annaðhvort aukin framleiðsla eða hækkað verð á framleiðsluvörum. Enginn dregur í efa, að æskilegt hafi verið að bæta launakjör almennra verkamanna. En því miður var hagur framleiðslunnar þannig, að ekki var um neinn arð að ræða, er nota mætti til greiðslu aukinna vinnulauna. Það var því ljóst, að kauphækkanir hlutu að torvelda enn mjög afkomu útflutningsframleiðslunnar, og var þó ekki á erfiðleika hennar bætandi, og enn fremur að hækka verð og þjónustu á innlendum markaði. Þar sem það var því a. m. k. fullkomið vafamál, hvort kauphækkanir hefðu ekki meira illt en gott í för með sér fyrir verkalýðinn og þjóðina í heild, var það tvímælalaus skylda verkalýðsforingjanna að kanna þetta atriði til hlítar, en svo sem kunnugt er var tilboðum ríkisstj. um það efni algerlega hafnað og kröfunum haldið til streitu. Var ráðizt með fúkyrðum að ríkisstj. fyrir aðvörunarorð hennar, en mér er nær að halda, að í dag óski flestir verkamenn eftir því, að meir hefði verið hlustað á þau aðvörunarorð og gætilegar í sakirnar farið.

Meginhluti hinna miklu hækkana á fjárlögum næsta árs stafar beint eða óbeint af launahækkunum, og hefði það áreiðanlega verið raunverulegri kjarabót, ef auðið hefði verið að nota það fé til þess að lækka álögur á almenningi. Kauphækkanirnar hafa nú þegar leitt af sér stórfellda hækkun á öllum landbúnaðarvörum. Kauphækkanirnar munu torvelda mjög hinar miklu framkvæmdir í húsnæðismálum og framkvæmd á raforkuáætlun ríkisstjórnarinnar, og þær munu enn fremur gera enn minni hlut verklegra framkvæmda í ríkisútgjöldum, og þó er það ef til vill verst af öllu, að þessi nýja verðbólguskriða hefur dregið stórkostlega úr söfnun sparifjár og skapað óeðlilega eftirspurn eftir vörum. Leiðir þetta af sér óeðlilega eyðslu, óheppilega fjárfestingu og ýmiss konar brask og torveldar jafnframt eðlilega starfsemi lánsstofnana þjóðarinnar.

Myndin, sem við oss blasir í dag, er því allt annað en glæsileg. Að vísu er atvinnuástandið í landinu mjög gott vegna mjög mikilla framkvæmda á ýmsum sviðum og afkoma almennings góð. Hins vegar hefur hvað eftir annað legið við, að lífsnauðsynleg útflutningsframleiðsla stöðvaðist, og hefur þurft í æ ríkari mæli að grípa til opinberrar aðstoðar í því sambandi. Hlýtur að síga æ meir á ógæfuhliðina í þessum efnum, enda mun fremur vera um lækkun en hækkun að ræða á framleiðsluvörum þjóðarinnar á erlendum markaði. Og það er tilgangslítið að segja öðrum þjóðum, að við verðum að fá hærra verð fyrir framleiðsluvörur okkar vegna hins háa kaupgjalds í landinu, ef aðrir seljendur bjóða vöruna við lægra verði.

Hv. 11. landsk. taldi það bót allra meina, ef Hannibal Valdimarsson og kommúnistar í alþýðusambandsstjórn tækju forustu um stjórn þjóðmálanna. Slíkt er fásinna. Lögmálum fjármála og viðskipta verður ekki haggað, hver sem með völdin fer.

Það er skylda sérhverrar ríkisstjórnar að miða stjórnarstefnu sína við það að tryggja öllum almenningi í landinu sem bezta lífsafkomu, og það er eigi síður skylda einstakra stéttasamtaka að styðja ríkisstj. í þeirri viðleitni. Afkoma ríkissjóðs er einnig nátengd hag framleiðslunnar. Það ber því allt að sama brunni, hvernig sem á málið er litið, að það er fyrst og fremst öflun framleiðsluverðmæta, sem þjóðin verður að einbeita sér að. Það er því ekki aðeins hagsmunaatriði fyrir vinnuveitandann, hvort framleiðslan gengur vel eða illa, og það er því kynleg leið til kjarabóta, þegar í verkföllum er reynt á stundum með öllum ráðum að lama framleiðsluna sem mest og stefna jafnvel í bráðan voða tugmilljónaverðmætum. Það var mikil ógæfa fyrir þjóðina, að ekki var fylgt varnaðarorðum þeim, sem forsrh. mælti í áramótaboðskap sínum við síðustu áramót, þar sem hann skoraði á þjóðina að slá skjaldborg um krónuna og varast allar aðgerðir, er leitt gætu af sér nýja verðbólguskriðu. Vegna vísitölukerfisins og bágborins hags framleiðslunnar hlutu kauphækkanir að leiða af sér nýja dýrtíðaröldu. Það var því hin brýnasta nauðsyn, eigi síst fyrir verkalýðinn sjálfan, að rækilega væri kannað, hvaða leiðir væru líklegastar til raunverulegra kjarabóta. Hefur líka fljótt komið í ljós, að kauphækkanirnar í vor hafa ekki leitt til neinna kjarabóta, heldur leitt af sér vandræðaástand, sem ógnar hag allrar þjóðarinnar. Eina raunverulega kjarabótin var atvinnuleysistryggingarnar, sem vissulega eru mjög mikils virði fyrir verkalýðinn, en hefði verið hægt að fá án verkfalls.

Nú segja ýmsir: Ekki geta það eingöngu verið kauphækkanirnar, sem hleypt hafa af stað hinni nýju dýrtíðaröldu, því að verðhækkanir hafa á ýmsum sviðum orðið meiri en sem svarar kauphækkununum einum. — Um þetta atriði er erfitt að fullyrða. Landbúnaðarvörur hafa hækkað lögum samkvæmt, og taldi fulltrúi neytenda í verðlagsnefndinni þá hækkun eðlilega. Flestar aðrar vörur og þjónusta hafa hækkað, og getur vel verið, að eitthvað hafi það hækkað meira en góðu hófi gegndi, eins og oft vill verða, þegar dýrtíðarþróun er. Er að sjálfsögðu mjög mikilvægt, að stjórnarvöldin fylgist með öllum verðhækkunum.

Annars er hægt að fá glöggan og hlutlausan dóm um orsakir og afleiðingar ríkjandi ástands í Fjármálatíðindum Landsbankans, en þar ritar hagfræðingur bankans, dr. Jóhannes Nordal, grein í síðasta hefti, þar sem hann m. a. kemst svo að orði:

„Horfurnar í efnahagsmálum Íslendinga hafa stórversnað á undanförnum mánuðum. Síðan verkfallinu lauk í vor, hefur verðhækkunaraldan

breiðzt óðfluga um hagkerfið, valdið hækkandi framleiðslukostnaði til lands og sjávar og versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna. Verðbólguhugsunarhátturinn er nú aftur að ná heljartökum á hugum manna, og hin sívaxandi þensla í efnahagslífinu hefur orðið til þess, að gjaldeyrisaðstaðan hefur versnað stórkostlega, það sem af er þessu ári.

Haldi þessi þróun áfram óhindrað, verður á skammri stund rifið niður allt, sem áunnizt hefur á undanförnum árum í þá átt að endurreisa trú manna á verðgildi peninganna og koma á frjálsara atvinnulífi. Nú er því þörf róttækra ráðstafana, ekki til þess eins að tryggja afkomu eins eða tveggja atvinnuvega um nokkurra mánaða skeið, heldur til þess að stöðva dýrtíðarflóðið og koma í veg fyrir áframhaldandi rýrnun á verðgildi peninganna."

Er í þessari umsögn staðfest tvennt: annars vegar, að rétt hafi verið stefnt síðustu árin, og hins vegar, að verðhækkunaraldan hafi verið afleiðing verkfallsins í vor. Er síðar í greininni vikið að ýmsum leiðum til úrbóta, og skal hér aðeins minnzt á eina, en það er takmörkun fjárfestingarinnar.

Þegar um fjárfestingu er rætt, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að samdráttur í fjárfestingu þýðir minni framkvæmdir. Þarfirnar fyrir margvíslegar framkvæmdir í landi voru eru mjög miklar og knýjandi, og vel má vera, að of djarft hafi verið teflt í þessum efnum, einkum í sambandi við húsnæðismálin, en þar var einmitt nauðsynin sérstaklega brýn. Það er mikilvægt, að fjárfesting sé jafnan svo mikil, að auðið sé að veita öllum vinnufærum mönnum atvinnu. En fjárfestingin getur reynzt hættuleg, þegar eftirspurnin eftir vinnuaflinu verður of mikil, og getur þá fjárfestingin á vissum sviðum leitt af sér yfirboð á vinnumarkaðinum, sem skapar verðbólgu og erfiðleika fyrir ýmsar atvinnugreinar í landinu.

Fullkomnar skýrslur liggja ekki fyrir um fjárfestinguna nú, en án efa er hún of mikil, enda gerði ríkisstjórnin á þessu sumri ráðstafanir til þess að draga mjög úr opinberum byggingarframkvæmdum og veita ekki leyfi til nýbygginga, sem enn eru háð fjárfestingareftirliti. Fjárfestingin er atriði, sem auðið á að vera að ráða við, og verður í því sambandi að hafa tvö sjónarmið í huga: í fyrsta lagi, að fjárfestingarframkvæmdir séu eigi svo miklar, að vinnuafl sé dregið frá framleiðsluatvinnuvegunum, og í öðru lagi, að fjárfestingunni sé hagað þannig, að hún leiði til atvinnujöfnunar í landinu.

Þótt atvinnuárferði muni nú yfirleitt vera gott um allt land, þá er því ekki að leyna, að þenslan er langmest nú sem áður hér á suðvesturhluta landsins og því enn fyrir hendi sú hætta, að fólk leiti hingað meira en heppilegt er frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Það er því mikilvægt, að fjármagni til opinberra framkvæmda sé fyrst og fremst beint til þeirra staða, þar sem a. m. k. er um tímabundið atvinnuleysi að ræða, og leyfum til fjárfestingar úthlutað einnig eftir þessu sama sjónarmiði. Er það vissulega alvörumál, að hlutur verklegra framkvæmda, þ. á m. brúa, hafna og vegagerða, skuli nú minnka verulega í ríkisútgjöldunum, því að hér er um hinar brýnustu framkvæmdir að ræða til tryggingar jafnvægi í byggð landsins, og má einna sízt draga úr þeirri fjárfestingu. Fjárfesting í þágu framleiðslunnar verður tvímælalaust að sitja í fyrirrúmi, enda getur ekki verið hættulegt fyrir efnahagskerfið að leyfa fjárfestingarframkvæmdir, sem stuðla að aukningu framleiðsluverðmæta.

Það eru, svo sem áður var sagt, miklir erfiðleikar í efnahagsmálum, sem blasa við augum, þegar Alþ. kemur saman í þetta sinn, og veltur á miklu, að nú sé með ábyrgðartilfinningu og festu á málum tekið. Vafalaust eru enn til ýmsir, sem hugsa sem svo: Þetta hefur allt gengið vel þrátt fyrir hrakspár undanfarin ár, og hví skyldi það ekki enn vera allt í lagi?

Auðvitað er enn mögulegt að halda áfram að afskrifa krónuna, framfleyta öllum atvinnurekstri í landinu með styrkjum, sem teknir eru svo aftur frá þjóðinni í sköttum, en reynsla allra þjóða sannar, að slíkri efnahagsþróun hlýtur á endanum að lykta með skelfingu.

Þegar litið er á orsakir þeirra vandræða, sem nú er við að stríða, þá þarf sannarlega mikið blygðunarleysi til þess að halda því fram, að allt þetta stafi af svokallaðri dýrtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar, eins og stjórnarandstæðingar hafa leyft sér að staðhæfa utan þings og innan. Það er álíka líkt sannleikanum og ef maður, sem slær stoðirnar undan húsi, svo að það hrynur, ber síðan þær sakir á þann, sem setti stoðirnar undir húsið, að hrun hússins sé honum að kenna. Af mikilli skammsýni hafa nú þær jafnvægisstoðir verið slegnar undan efnahagskerfi þjóðarinnar, sem smám saman hefur verið skotið þar undir með góðum árangri á undanförnum árum, og nú neita hinir seku algerlega að horfast í augu við afleiðingar sinna óhappaverka. En það þýðir ekki um að sakast, heldur að reyna að mynda nýja varnarlínu til þess að koma í veg fyrir fjármálalegt öngþveiti í landinu. Þjóðin hefur nú ekki þörf fyrir pólitíska ævintýraleiki, heldur samstillt átök allra þjóðhollra afla til þess að reyna að firra vandræðum, sem gætu leitt hinar mestu hörmungar yfir þjóðina.

Vegna umbótastefnu þeirrar í atvinnumálum, sem fylgt hefur verið síðasta áratug og mörkuð var árið 1944 af nýsköpunarstjórn Ólafs Thors, er þjóðin nú að framleiðslutækjum mjög vel undir lífsbaráttuna búin, og það er eingöngu sjálfskaparvíti, ef þjóðin getur ekki nú búið við góð kjör. En þeirri staðreynd megum við aldrei gleyma, að það er framleiðslan, sem ákvarðar lífskjörin, og undir henni er hagur allra stétta þjóðfélagsins kominn. Hver sem heggur á þessa lífæð er því að vinna gegn hagsmunum þjóðar sinnar.

Það er ekki hægt að segja um það nú í dag, hvaða leiðir séu líklegastar til þess að stemma stigu við hinni nýju verðbólguöldu, en afkoma ríkissjóðs og alls almennings í landinu er undir því komin, að það takist. Það verður að vera hægt að koma á þeirri skipan, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar geti borið sig styrkjalaust í meðalárferði, þannig að fýsilegt verði fyrir dugandi menn að leggja út í framleiðslustarfsemi. Það verður að glæða að nýju trú manna á gildi gjaldmiðilsins og viljann til sparnaðar.

Allar vestrænar ríkisstjórnir, einnig stjórnir jafnaðarmanna, hafa misst trúna á höft og bönn í viðskiptalífinu, og það væri vissulega mikil ógæfa, ef þyrfti að hverfa frá þeirri stefnu frjálsræðis, sem fylgt hefur verið hér á undanförnum árum og glætt mjög framtak og athafnaþrá þjóðarinnar. Það væri einnig mikil þjóðarógæfa, ef torvelduð væri af nýju dýrtíðarflóði rafvæðing landsins, hinar miklu ræktunarframkvæmdir og húsagerðir við sjó og í sveit, sem unnið er nú að og reynt hefur verið að tryggja lánsfé til af opinberri hálfu. Efling sjávarútvegsins verður að halda áfram, en þar er sannarlega ekki glæsilegt um að litast, þegar hver togari þarf nokkur þús. króna rekstrarstyrk á dag, og frystihúsin, sem lengi hafa verið talin miklar gróðalindir, berjast nú í bökkum. Það eru því sannarlega engar hrakspár, þótt sagt sé, að nú sé kominn tími til, að menn staldri við og athugi sinn gang.

Sjálfstfl. er nú sem fyrr reiðubúinn til þess að leggja fram sína krafta til lausnar á vandamálunum og vonar, að þjóðin beri gæfu til þess að láta ekki niðurrifs- og óheillaöfl villa sér sýn. Enn er tími til að forðast öngþveiti og atvinnuleysi, en þá verðum við öll að þora að horfast í augu við staðreyndirnar og setja þjóðarhagsmuni ofar flokkshagsmununum. Sjúklingi getur liðið vel í bili með því að taka sterk deyfilyf, en þau eru engin lækning. En sársaukafull skurðaðgerð getur gefið endanlegan og góðan bata. Hið sama gildir í efnahagsmálunum. Þar hættir oss til að vilja í lengstu lög forðast skurðaðgerðirnar, en nota heldur deyfilyfin, því að þau eru oft í bili vinsælli. En þau geta aldrei læknað sjúkdóminn. Forustumenn þjóðarinnar verða að hafa þor og samtakamátt til þess að framkvæma skurðaðgerðir, ef með þarf, þótt sársaukafullar kunni að vera í bili, og þjóðin verður að skilja nauðsyn þessara aðgerða. Og við verðum einnig öll að skilja nauðsyn þess að lifa heilbrigðu lífi, til þess að sjúkdómurinn taki sig ekki upp aftur. Það hefur þjóðin gert á undanförnum árum, þar til farið var út af sporinu á þessu ári, en með þreki og manndómi á að vera hægt að komast inn á rétta leið að nýju. Um það verða öll þjóðholl öfl að sameinast.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. síðasti ræðumaður, 2. þm. Eyf., hóf mál sitt með því að minnast á forgöngu sjálfstæðismanna í fjármálum. M. a. tók hann þannig til orða, að ef varnaðarorðum sjálfstæðismanna hefði verið fylgt, þeirra sem fóru með fjármálin fyrir 1950, hefði betur farið, og ef þeir hefðu fengið því framgengt, sem þeir hefðu viljað. Ég veit ekki betur en að þessi hæstv. fjmrh. hafi þá fengið því framgengt, sem þeir vildu beita sér fyrir, og það hafi ekki staðið á samstarfsmönnum þeirra þá. Satt að segja finnst mér dálítið broslegar þessar sífelldu sögur sjálfstæðismanna af þessum ráðherrum, sem engu réðu, meðan þeir fóru með völdin, en allt, sem vel tekst, er að þakka, löngu eftir að þeir eru hættir störfum.

Viðvíkjandi því, að hin góða afkoma ríkissjóðs sé að þakka stefnubreytingu, sem sjálfstæðismenn hafi sérstaklega beitt sér fyrir 1950, vil ég enn þá einu sinni upplýsa, að þetta er alveg rangt og því villandi, eins og þráfaldlega hefur verið leiðrétt. Sú stefnubreyting var knúin fram með kosningunum, sem fram fóru haustið 1949, og þær kosningar voru knúðar fram með till., sem Framsfl. gerði um þessi mál og var síður en svo vel tekið af öðrum flokkum þá, þó að nú vilji menn tileinka sér þær.

Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, minntist á, að það hefði mistekizt að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum og halda því. Ég vil benda hv. þm. á það, að hér var stöðugt verðlag og nokkurn veginn stöðugur framleiðslukostnaður í nærri þrjú ár og jafnvægi í gjaldeyrisviðskiptum út á við það sama tímabil. Hins vegar hefur þetta nú allt raskazt, eins og við vitum mjög vel og greinilega, og kemur þar ýmislegt til, en þó fyrst og fremst niðurstaða verkfallsins, sem varð á s. l. vetri. — Hv. þm. sagði, að ég hefði minnzt á, að verðbólgubraskarar græddu á því ástandi, sem nú væri og hefði skapazt. Það er sannarlega rétt, að það gera þeir, enda munu engin ráð vera til þess að koma í veg fyrir, að menn geti grætt á fasteignabraski og braski með peninga, þegar það er alveg augljóst, að fram undan eru stórhækkanir á öllum sviðum. Slíkt ástand verður ætíð til þess, að sérstaklega glæsilegt haglendi skapast fyrir alls konar verðbólgubraskara.

Hv. 11. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, reyndi að gera að höfuðatriði í sínu máli, að það væri fjármálastefna ríkisstjórnarinnar, sem væri orsök þess dýrtíðarflóðs, sem við nú byggjum við, en ekki niðurstöður verkfallanna frá s. l. vori. Í því sambandi viðhafði hann ýmis furðuleg ummæli, og hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, tók nokkuð í sama streng. Tvennt var það, sem þeir bentu á sérstaklega: Annað, að tollar og skattar hefðu verið stórkostlega hækkaðir og þeir hefðu haft dýrtíðaraukandi áhrif. Þetta er algerlega rangt. Á undanförnum árum hafa tollar og skattar verið lækkaðir, svo að nema mundi nú mörgum milljónatugum árlega. Þá sögðu þeir, að útþensla ríkisbáknsins væri sífellt mikil og ætti sinn þátt í dýrtíðaraukningunni. Þetta er ekki heldur rétt. Ef að er gáð, er niðurstaðan sú, eins og ég gat um áðan, að greiðsluafgangurinn, sem orðið hefur, hefur einmitt orðið vegna þess, að ríkisútgjöldin hafa ekki vaxið í hlutfalli við ríkistekjurnar og ekki vaxið í hlutfalli við almenna útþenslu í þjóðarbúskapnum.

Þá sagði hv. 11. landsk. þm., að það væri glöggt, af hverju verðhækkanirnar, sem nú væru að dynja yfir, stöfuðu. Það væri glöggt, að þær stöfuðu ekki af kauphækkunum, sem áttu sér stað í vor. Út af þessum fullyrðingum gætu menn rifjað það upp fyrir sér, að áður en verkföllunum lauk í vor, þegar kommúnistar voru að taka upp verðhækkunarstefnuna í vor, þá voru látnar fara fram athuganir á því, hverjar mundu verða afleiðingar kauphækkananna, eins og þá var ástatt. Þær athuganir sýndu, að það væri í vændum stórfelld hækkun á verðlagi og framleiðslukostnaði, ef kaup hækkaði. Og þessir útreikningar hafa allir staðizt. Þetta vissu menn áður. Það lá alveg á borðinu, að þessar verðhækkanir hlutu að verða afleiðingar þess, sem þá var að gerast. Hitt er svo annað mál, ég

efast ekkert um það, að ýmsir hafi hækkað óeðlilega verð og braskað margvíslega í skjóli þeirrar öldu, sem reist var.

Það er ljóst, að sú stefna, sem tekin var upp í vor af kommúnistum, hlaut að hafa í för með sér stórfellda hækkun á verðlaginu og stórfellda hækkun á framleiðslukostnaðinum. Það er sannast að segja furðulegt, að hv. alþm. skuli bera sér annað í munn. En hvernig stendur á því, að þessi stefna var tekin upp, en ekki önnur heillavænlegri? Það lá fyrir s. l. vor, að kaupmáttur launa hafði staðið nokkurn veginn óbreyttur í þrjú ár, eða frá 1952. Á hinn bóginn lá það fyrir, að kaupmáttur kaupgjalds var minni en hann hafði verið 1947. Það er ekkert óeðlilegt, þótt verkafólk og aðrir vilji hækka sínar raunverulegu tekjur, ef það er hægt, og bæta þar með sinn hlut úr þjóðarbúinu. Og þá kom spurningin: Hvernig hefði slíkt helzt mátt verða? Áreiðanlega hefði slíkt helzt mátt verða með því, að reynt hefði verið að lækka verðlagið, reynt hefði verið að fá samtök um að pína verðlagið eitthvað niður. Möguleikar á því voru að vísu mjög takmarkaðir, eins og á stóð, en þeir voru einhverjir til. En hvernig stóð á því, að ekki var hægt að nýta þessa möguleika og ekki fengust einu sinni samtök um að rannsaka þá til hlítar, svo að séð yrði, hvað hægt væri að gera með sameiginlegu átaki, t. d. stjórnarinnar og verkalýðssamtakanna, í þessu efni? Ástæðan var sú, að kommúnistar máttu ekki heyra annað nefnt en einmitt hækkunarstefnuna og það vegna þess, að þeir vildu koma á því óheillaástandi, sem við nú búum við. Þetta var ástæðan til þess, að hin leiðin fékkst ekki einu sinni athuguð. Kommúnistar gengu með í vösunum áætlanir um að hækka kaupgjald í landinu um 30—70%. Það voru þær kröfur, sem þeir gerðu. Auðvitað datt mönnunum ekki í hug, að menn gætu fengið raunverulegar kjarabætur, sem neinu líku næmi, eða að nokkur gæti á líku hagnazt. En þeir höfðu þessar kröfur uppi samt, vegna þess að þeirra launapólitík er ekki miðuð við að fá það bezta, sem hægt er, út úr dæminu fyrir verkalýðinn, heldur er hún miðuð við að skapa ný vandamál. Þess vegna er það ekkert einkennilegt, þó að kommúnistum eins og hv. 11. landsk. sé það áhugamál að reyna að slíta í sundur samhengið í þessum málum, reyna að berja höfðinu við steininn og halda því nú fram, að það, sem nú er að koma fram í efnahagsmálunum og framleiðslumálunum, sé ekki afleiðing þess, sem hann og aðrir slíkir beittu sér fyrir í vor. Það grátlega við þetta allt saman, það vitum við öll, er, að verkamenn hafa ekkert á þessum aðförum grætt. Svo rammt kveður að þessu, að jafnvel talsmaður Þjóðvfl. hér í þessum umr., hv. 8. þm. Reykv., lýsti því yfir hér sem sinni skoðun, að verkamenn hefðu ekkert á því grætt að fylgja stefnu kommúnista í þessum málum. Þegar svo maður eins og hv. 11. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, og hans félagar eru búnir að koma þessum málum í algert öngþveiti, kemur hann hér í útvarpið og grætur krókódílstárum út af afkomu framleiðslunnar, hvað sérstaklega sé farið illa með framleiðsluna o. s. frv.

Lítum svo aðeins á þau úrræði, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa drepið á, sérstaklega hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, og raunar kom það sama líka fram, þó ekki eins skilmerkilega, hjá hv. 11. landsk. þm., Lúðvík Jósefssyni. Við vitum, að málflutningurinn er í þessu tilliti nær sá sami. Hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, las upp till. frá sínum flokki um það, hvað nú ætti að gera. Það var í sem stytztu máli þetta: Það á að hafa gengið óbreytt, það er alveg tekin afstaða á móti gengislækkun, hafa kaupgjaldið óbreytt, þannig að það verður sem sé 20% hærra í janúarmánuði næsta en það var í aprílmánuði s. l., en jafnhliða þessu á svo að afnema allan söluskattinn og ekki nóg með það, heldur afnema allan bátagjaldeyrinn og alla framleiðslustyrki yfirleitt, án þess að nokkuð komi í staðinn. Svo fylgja þessari speki hátíðlegar yfirlýsingar um, að tillögumenn séu að hugsa um að mynda ríkisstjórn alveg á næstunni. Þetta ætti sem sé að vera stefnan. Hvernig halda menn svo, að ástandið yrði í framleiðslumálum landsmanna, þegar búið væri að framkvæma þessar till. Þjóðvfl., en þeim fylgja hátíðlegar yfirlýsingar um, að þeir vilji taka á sig ábyrgð? Svipuð er afstaða kommúnistanna.

Þá var talað um það hér áðan, að Alþýðusambandið hefði boðað til viðræðna við stjórnmálaflokkana. Ég vil segja um þetta aðeins örfá orð. Á s. l. vetri skrifaði Alþýðusambandið Framsóknarflokknum og fleiri flokkum og stakk upp á viðræðum um stjórnarmyndun. Framsfl. svaraði þá á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórnin telur það mjög mikils virði og raunar nauðsyn sérhverri ríkisstj. að hafa gott samstarf við stjórn Alþýðusambands Íslands, samtök launafólks í öllum stjórnmálaflokkum. Framsfl. hefur áhuga á því nú sem fyrr, að lýðræðissinnaðir umbótamenn nái samstarfi um stjórn landsins. En til þess að mynda ríkisstj. og koma fram málum þarf stuðning meiri hluta þingmanna, eins og yður er að sjálfsögðu ljóst. Á þessu stigi málsins vill miðstjórnin því spyrjast fyrir um það, hvaða þingstyrkur sé á bak við tilmæli yðar, og að því svari fengnu er miðstjórnin fús til að taka þennan þátt bréfs yðar til nánari yfirvegunar. En án alls tillits til þessa er miðstjórnin reiðubúin til þess að ræða við stjórn Alþýðusambandsins um það, hvaða mál hún telur brýnustu hagsmunamál Alþýðusambandsins og fólksins í verkalýðsfélögunum, og reyna af fremsta megni að finna lausn á þeim vandamálum."

Frá því að þetta bréf var skrifað í marz s. l. vetur og þangað til nú fyrir nokkrum dögum heyrði Framsfl. ekkert frá Alþýðusambandinu um það, hvort Alþýðusambandið vildi taka upp viðræður um hagsmunamál Alþýðusambandsins og fólksins í verkalýðsfélögunum, en nú fyrir nokkrum dögum barst bréf, sem sagt hefur verið frá, til Framsfl., þar sem stungið er upp á, að hann tilnefni menn til þess að ræða við Alþýðusambandið. Ég hafði skilið þetta svo, að hér væri átt við viðræður um hagsmunamál Alþýðusambandsins og fólksins í verkalýðsfélögunum, en það er afstaða Framsfl. í þessu máli, að um stjórnarmyndun verði að ræða við þingflokka. En að sjálfsögðu er Framsfl. ætíð reiðubúinn til þess

að ræða við Alþýðusambandið um hagsmunamál þess fólks, sem innan vébanda þess starfar.

Að lokum þetta: Ég tel, að höfuðmeinsemdin í okkar þjóðlífi sé sú, hvað kommúnistar eru sterkir í verkalýðsfélögunum og að þeim hefur tekizt að fá því ráðið innan verkalýðsfélaganna, að sú stefna var upp tekin, sem hefur kallað yfir okkur þau vandkvæði, sem við nú búum við, án þess að launafólkið hafi af því nokkurn hagnað eða ávinning. Á hinn bóginn mundu vera miklir möguleikar til þess að koma fram þýðingarmiklum hagsmunamálum almennings og ná betri tökum á viðfangsefnunum yfirleitt en hægt hefur verið undanfarið, ef áhrif kommúnista gætu orðið kveðin niður innan alþýðusamtakanna, og ég tel, að þá mundi nást samstarf umbótaaflanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 10. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Fjvn. óskar ekki eftir að gera aths. við fjárlagafrv. við þessa umr., og legg ég því til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr.

Forseti (JörB): Samkomulag hefur orðið um það milli þingflokkanna, að eldhúsdagsumræðu um frv. verði frestað til 3. umr. eða að eldhúsdagsumræða eða almennar umræður um þessi mál fari fram síðar, ef samkomulag verður um það. Ég vil því bera það undir hv. Alþ., hvort það ekki fellst á, að eldhúsdagsumræðum verði frestað þar til síðar.

ATKVGR.

Afbrigði um að fresta útvarpsumr. leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Sþ., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 181 og 183, 179, 180, 182, 184).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 181 ber með sér, hefur ekki náðst samkomulag innan nefndarinnar um afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1956. Sjö nefndarmanna standa að áliti meiri hlutans, en hinir tveir fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í nefndinni skila séráliti. Þess ber þó að geta, að þótt tvö nál. komi þannig fram, þá stendur nefndin öll að brtt. á þskj. 179. Hins vegar ber minni hl. n. fram á sérstöku þskj. allmargar brtt. um auknar fjárveitingar úr ríkissjóði á næsta ári, sem meiri hl. n. hefur ekki séð sér fært að mæla með, enda þótt þar sé um ýmis framlög að ræða, sem nefndarmenn allir mundu gjarnan vilja stuðla að. En það er nú sem áður við afgreiðslu fjárlaga, að mörgum óskum verður að hafna, því að ætíð eru fjárráðin minni en útgjaldaþörfin. Mun þó vafalaust mörgum sýnast, að ástæða hefði verið til enn meiri varfærni um útgjöld á næsta ári með hliðsjón af því, að nú er ekki lengur hægt að hækka áætlunina um gildandi tekjuliði ríkissjóðs til þess að mæta útgjaldahækkununum, heldur er augljóst, að gera verður sérstakar ráðstafanir til tekjuöflunar, ef auðið á að reynast að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög.

Ég mun síðar víkja að tekjuhorfum ríkissjóðs á næsta ári og brtt. meiri hl. n. við 2. gr. frv., en vil aðeins geta þess hér strax, að aðalágreiningur varð í nefndinni milli meiri og minni hluta um tekjuáætlunina, svo sem samanburður á brtt. nefndarhlutanna um þetta efni ber með sér. Að öðru leyti vil ég geta þess, að samvinna hefur verið hin bezta innan nefndarinnar og nefndarmenn allir verið einhuga um að hraða eftir föngum athugun fjárlagafrv. í nefndinni.

Áður en ég vík að einstökum brtt. n., langar mig til að benda á nokkrar staðreyndir, sem menn verða að hafa í huga í sambandi við afgreiðslu fjárlaga í þetta sinn.

Þegar frv. var lagt fyrir Alþ., gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir því, að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári mundu vaxa mjög, miðað við núgildandi fjárlög. Rekstrargjöld á frv. eru rúmar 515 millj. kr., en till. n. um gjaldaauka eru samtals 29.2 millj., þannig að rekstrargjöldin verða alls 544.2 millj. kr., ef allar till. n. verða samþ., og er það tæpum 40 millj. kr. hærri útgjöld en á rekstraryfirliti núgildandi fjárlaga. Fer þó fjarri, að öll kurl séu til grafar komin, svo sem síðar mun vikið að, og má jafnvel gera ráð fyrir, að hækkun rekstrarútgjalda ríkissjóðs, miðað við gildandi fjárl., verði á næsta ári 80—90 millj. kr.

Þegar um svo geysilega hækkun útgjalda ríkissjóðs er að ræða, munu menn að vonum spyrja: Hver er orsökin? Er skiljanlegt, að svo sé spurt, því að hér er vissulega um uggvænlega þróun að ræða, þótt eðlilegt sé í vaxandi þjóðfélagi, að um nokkurn vöxt sé að ræða árlega í útgjöldum ríkissjóðs.

Undanfarin tvö ár, eða fram á öndvert yfirstandandi ár, hafa tiltölulega litlar breytingar orðið á kaupgjaldi og verðlagi í landinu, og vísitalan hafði að mestu staðið í stað. Stefndi þessi þróun tvímælalaust í þá átt að skapa meira jafnvægi og festu í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem m. a. kom glöggt fram í aukinni trú manna á gildi peninga. Þótt ekki hafi að vísu tekizt að koma útflutningsframleiðslunni á rekstrarhæfan grundvöll, var þó vaxandi trú manna á, að takast mætti að stöðva verðbólguflóðið. Afleiðingar verkfallanna í byrjun þessa árs hafa orðið þær, að verðbólguhjólið snýst nú aftur af fullum krafti, og er ósýnt, hversu auðið verður að stöðva það að nýju. Í kjölfar verkfallsins fylgdu miklar kaup- og verðhækkanir, og gætir þessara óheillavænlegu afleiðinga nú í æ ríkara mæli og ekki hvað sízt í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Fjárlagafrv. er nú miðað við vísitölu 173 stig, og er þar um að ræða 12 stiga hækkun frá núgildandi fjárlögum. Sýnt þykir þó, að hækkunin verði a. m. k. 2—3 stigum meiri. Þessi mikla hækkun leiðir að sjálfsögðu af sér aukinn rekstrarkostnað í flestum eða öllum greinum ríkisbú-

skaparins, enda er mikill hluti af hækkun ríkisútgjaldanna á næsta ári bein afleiðing af hinni nýju dýrtíðarþróun. Er nauðsynlegt, að þjóðin öll geri sér grein fyrir þessu, þar sem málum er nú svo komið, að leggja verður í einni eða annarri mynd nýjar álögur á þjóðina til þess að standa undir útgjöldum ríkissjóðs og hverfa þannig frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið undanfarin ár, að reyna eftir föngum að lækka skattaálögur á þjóðina.

En nú munu vafalaust margir enn fremur spyrja: Er ekki auðið að mæta hinni óhjákvæmilegu útgjaldaaukningu að einhverju eða öllu leyti með því að draga úr kostnaði ríkisins á öðrum sviðum? Það hefur að vonum bæði innan þings og utan oft verið talað um nauðsyn þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og sér í lagi að minnka ríkisbáknið, sem oft er talað um. Því miður hafa þó sjaldan komið fram raunhæfar till. í þessa átt, sem nemi nokkrum verulegum fjárhæðum, og þá sjaldan slíkar till. hafa verið lagðar fram hér á hinu háa Alþ., hafa þær ekki fengið nægilegan stuðning. Á þeim skamma tíma, sem fjvn. hefur til umráða árlega til athugunar á fjárlagafrv., er henni ekki auðið að gera nauðsynlega heildarathugun á þessum málum. En n. hefur áður beint því til ríkisstj. að láta rannsaka, hvort koma mætti við sparnaði í rekstri ríkisins. Ríkisstj. skipaði n. til þess að rannsaka, hvort og þá á hvern hátt mætti draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Starfaði n. þessi á s. l. ári. Nefnd þessi hefur skilað áliti, og eru heildarniðurstöður n. mjög í samræmi við þá skoðun, sem fjvn. hefur haft í þessum málum, að um verulegan sparnað í útgjöldum ríkisins geti ekki orðið að ræða, nema breytt verði margs konar löggjöf, sem þá hefði það í för með sér, að dregið yrði að meira eða minna leyti úr þjónustu samfélagsins við borgarana. Ekki telur sparnaðarnefndin hægt að fækka starfsmönnum ríkisins, svo að nokkru nemi, enda virðist þróunin í þessum efnum sökum aukinnar þjónustu hins opinbera við þjóðfélagsborgarana fremur stefna í öfuga átt. Hér á Alþ. hefur að vísu komið fram till. um að leggja niður ríkisstofnun, sem er þungur baggi á ríkissjóði, en sú till. hefur enn a. m. k. ekki fengið nægilegt fylgi hér á Alþ. Þá eru eftir hin ólögbundnu framlög á fjárlögum hverju sinni, sem að mestu leyti eru fjárveitingar til svokallaðra verklegra framkvæmda, þ. e. til hafnargerða, vegagerða, brúargerða, skólabygginga og ýmissa annarra byggingarframkvæmda á vegum ríkissjóðs. Allir vita, hversu framkvæmdir á flestum þessum sviðum eru brýnar víðs vegar um landið, enda jafnan harðast sótt á um fjárveitingar í þessu skyni. Þótt þær hafi undanfarin ár ekki hækkað hlutfallslega við aðra útgjaldaliði fjárlaganna, sem lögboðnir eru, þá virðist einnig vera almenn skoðun hér á Alþ. og raunar, að ég hygg, með þjóðinni í heild, að fremur beri að auka en minnka framlög ríkissjóðs til ýmiss konar þjónustu við þjóðfélagsborgarana.

Virðist að þessu öllu athuguðu ekki blása sérstaklega byrlega um niðurskurð á núverandi útgjöldum ríkissjóðs til þess þannig að vega upp á móti þeim hækkunum, sem óumflýjanlegar eru í þetta skipti. Hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. ekki heldur lagt fram neinar raunhæfar sparnaðartill., svo að nokkru nemi. Meiri hluta fjvn. er hins vegar mjög vel ljós nauðsyn þess að framkvæma eftir föngum sparnað í ríkisrekstrinum og beinir því í nál. sínu þeirri ósk til ríkisstj., að hún athugi gaumgæfilega niðurstöður þær, sem sparnaðarnefndin hefur komizt að, og undirbúi fyrir næsta Alþ. till. í samræmi við niðurstöður þeirrar athugunar sinnar.

Till. fjvn. varðandi gjaldabálk fjárlagafrv. leiða til 29.2 millj. kr. hækkunar, ef þær till. allar verða samþ., sem nefndin í heild stendur að. Samkvæmt till. n. er gert ráð fyrir 13.5 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til samgöngubóta, þ. e. vegna vega, hafna og brúa.

Með nýjum vegalögum, sem samþ. voru á síðasta þingi, var vegakerfi landsins lengt um næstum 900 km. Er auðskilið, að þessi mikla viðbót við þjóðvegakerfið krefst bæði aukinna framlaga til nýbyggingar og viðhalds. Væri fráleitt að auka þjóðvegakerfið svo mjög, ef ekki væri séð fyrir einhverjum auknum fjárveitingum í því sambandi, ekki sízt þar sem mjög skortir á, að lokið sé lagningu hinna eldri þjóðvega. Leggur fjvn. því til, að framlag til nýbyggingar vega verði hækkað um 3 millj. 910 þús. kr. og framlag við vegaviðhalds hækkað um 5 millj. kr. Þá er og lagt til að veita 200 þús. kr. til nýbýlavega, sem gert er ráð fyrir að veitt verði fé til samkvæmt hinum nýju vegalögum.

Víða um landið eru óbrúaðar ár enn mikill samgöngutálmi, og skortir mikið fé til að leysa þann vanda. Leggur fjvn. til, að framlag til brúargerða verði hækkað um 3 millj. og 20 þús. kr. og gangi ½ millj. kr. af þeirri hækkun til smábrúa, en samkvæmt reynslu undanfarandi ára hefur jafnan verið mikil umframgreiðsla á þeim lið.

Enn sem fyrr skortir mikið á, að ríkissjóður leggi fram, jafnóðum og framkvæmdum miðar áfram, þann kostnaðarhluta við hafnargerðir, sem ríkissjóði er ætlað að greiða. Á mörgum stöðum á landinu hefur þó verið svo knýjandi nauðsyn á hafnarbótum og er enn, að viðkomandi staðir hafa talið sig til neydda að ráðast í framkvæmdir, þótt ríkisframlagið væri ekki fyrir hendi. Nema því vangoldin framlög ríkissjóðs til hafnargerða háum fjárhæðum, og mörg sveitarfélög eiga erfitt með að afla nauðsynlegs fjár til hafnarframkvæmda af þessum sökum. Nefndin hefur þó ekki talið sér fært að hækka framlög til hafnargerða sem þörf væri á, en leggur þó til, að framlag til hafnargerða verði hækkað um tæpar 1.2 millj. kr. Vegna hins mikla fjölda hafnargerða, sem nefndin telur óumflýjanlegt að veita einhverja fjárveitingu til, hefur hún ekki talið sér fært að leggja til, að nokkur höfn fái hærri fjárveitingu en 350 þús. kr., þótt henni sé ljóst, að það sé lítið upp í þær dýru framkvæmdir, sem unnið er nú að á þeim stöðum.

Í sambandi við samgöngumálin er rétt að minnast á fyrirhleðslur þær, sem unnið er að á nokkrum stöðum sunnanlands til þess í senn að forðast landbrot, vernda ræktarlönd og tryggja samgöngur. Annast vegamálastjórnin framkvæmdir á þessu sviði í flestum tilfellum. Er

hér um mikla nauðsyn að ræða til þess að forðast alvarlegt tjón. Er talið nauðsynlegt að hækka nokkuð fjárveitingar í þessu skyni, og leggur fjvn. til, að framlag til fyrirhleðslnanna verði samtals hækkað um 260 þús. kr.

Í fjárlagafrv. er framlag til flugvallagerðar hækkað um 700 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs. Væri auðvitað mikil þörf aukinna fjárveitinga á þessu sviði, þar sem þáttur flugsins í samgöngunum fer stöðugt vaxandi. En ekki hefur þótt fært að hækka beint framlag til flugvallagerðar meira í þetta sinn. Í 22. gr. fjárlagafrv. er heimilað að nota tekjuafgang flugmálanna umfram fjárlagaáætlun til framkvæmda í þágu flugsins, en þar sem heimildin er bundin við notkun fjárins á árinu 1957, er hætt við verulegum samdrætti í flugvallagerð á næsta ári, enda þótt hin beina fjárveiting sé aukin.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, var það eitt af aðalstefnumálum hennar að rafvæða landið að verulegu leyti á næstu 10 árum. Var um þetta gerð áætlun, sem gerði ráð fyrir, að til þessara framkvæmda þyrfti 250 millj. kr. En nú þegar er ljóst, að sú upphæð verður ófullnægjandi. Tvö ár eru nú liðin af þessu 10 ára tímabili. Hefur framkvæmdum miðað vel áleiðis, einkum héraðsveitum, en vegna mjög aukins tilkostnaðar á flestum sviðum, sem einnig varða þessar framkvæmdir, er óumflýjanlegt að hækka fjárveitinguna til nýrra raforkuframkvæmda allverulega, ef auðið á að vera að fylgja áætluninni. Leggur fjvn. því til, að framlag til nýrra raforkuframkvæmda hækki um 4 millj. kr., því að n. telur brýna nauðsyn, að hægt sé að halda rafvæðingunni áfram af fullum krafti.

Bygging viðbótarhúsnæðis fyrir sjálfvirku símstöðina í Reykjavík er nú komin á lokastigið. Mikið fé hefur verið fest í þessum framkvæmdum og því nauðsynlegt, að hægt sé að taka þessa viðbót sem allra fyrst í notkun, því að hún mun færa símanum mjög auknar tekjur. Bíða nú þúsundir manna eftir að fá síma í umdæmi því, sem sjálfvirka stöðin í Reykjavík nær til. Fjárveiting sú, sem nú er í fjárlagafrv., er talin alveg ófullnægjandi, og leggur n. því til að hækka vegna byggingarframkvæmda þessara framlag til bæjarsímans í Reykjavík og Hafnarfirði um 800 þús. kr. og enn fremur að hækka um 2 millj. kr. heimild á 22. gr. fyrir ríkisstjórnina til að verja fé eða taka lán handa símanum til þessara framkvæmda.

Í núgildandi fjárlögum er 1 millj. kr. framlag til byggingar iðnskóla í Reykjavík. Veitt hefur verið úr ríkissjóði til byggingar iðnskóla samtals um 6 millj. kr. En kostnaður við skólabygginguna er nú orðinn um 12 millj. Enn vantar mjög mikið fé til þess að fullgera bygginguna, því að heildarkostnaðaráætlunin mun vera um 30 millj. kr. Er því lagt til, að einnig á næsta ári verði varið 1 millj. kr. til byggingar iðnskólans.

Svo sem kunnugt er, hefur sú mikla ógæfa hent bændur í Dalasýslu, að mæðiveiki hefur komið þar upp á nýjan leik, og er því óumflýjanlegt að framkvæma þar aftur niðurskurð sauðfjár. Af þessum sökum verður að hækka fjárveitingu til sauðfjárveikivarna um 2 millj. 710 þús. krónur.

Svo sem brtt. fjvn. bera með sér, eru gerðar allmargar till. um nokkrar hækkanir á fjárveitingu til vissra embætta og ríkisstofnana. Er sums staðar um að ræða fjölgun starfsmanna, en annars staðar fjárveitingu til greiðslu á ýmsum öðrum kostnaði. Eru allar þessar fjárveitingar teknar upp samkv. ósk viðkomandi ráðuneyta í samráði við fjmrn., enda í ýmsum tilfellum aðeins um leiðréttingu að ræða. Hefur nefndin að sjálfsögðu ekki aðstöðu til að meta þörf einstakra ríkisstofnana fyrir aukið starfslið og verður því að byggja á skoðun þeirra ráðuneyta, sem eiga að hafa eftirlit með viðkomandi stofnun. Hirði ég ekki að rekja nánar þessar einstöku brtt., enda nema fæstar þeirra háum fjárhæðum.

Í fjárlögum þessa árs eru veittar 450 þús. kr. til iðnlánasjóðs. Lögbundið framlag til sjóðsins er 300 þús. kr. á ári. Hefur það framlag verið óbreytt um margra ára skeið og er orðið algerlega ófullnægjandi. Féllst Alþ. á þá till. fjvn. við afgreiðslu núgildandi fjárlaga að hækka framlagið um 150 þús. kr. umfram hið lögboðna framlag. Telur nefndin aðstæður síður en svo hafa breytzt á þann veg, að fært sé að lækka þessa fjárveitingu nú, og leggur því til, að jafnhá fjárveiting verði tekin í fjárlög ársins 1956 og er í núgildandi fjárlögum.

Nefndin leggur til nokkra hækkun á ýmsum liðum styrkveitinga í 15. gr. og 17. gr. og að nokkrir nýir liðir verði teknir upp. Vísa ég um þetta efni til grg. með brtt. varðandi þessar greinar fjárlaganna.

Vegna aukins námskostnaðar telur nefndin ekki annað fært en að hækka framlög til lánasjóðs stúdenta um 150 þús. kr.

Stjórn vélasjóðs hefur leitað eftir sérstakri fjárveitingu til kaupa á tveimur skurðhreinsunarvélum. Hefur á undanförnum árum verið unnið víða um land að landþurrkun með skurðgröfum, og hafa þessar framkvæmdir gefið mjög góðan árangur. Brýn nauðsyn er nú að grafa upp ýmsa elztu skurðina, en til þess skortir heppileg tæki. Hefur n. því talið nauðsynlegt að verða við ósk um fjárveitingu til kaupa á tveimur skurðhreinsunarvélum handa vélasjóði í þessu skyni og leggur til, að veittar séu 255 þús. kr. á næsta ári til kaupa á þessum vélum.

Svo sem ég áður tók fram, er fjárlagafrv. miðað við vísitölu 173 stig. Vísitalan er nú 171 stig, og þykir sýnt, að gera verði ráð fyrir hærri vísitölu á næsta ári. Er því lagt til, að veittar verði á 19. gr. 4 millj. kr. til þess að mæta hækkun vísitölunnar umfram 173 stig, og samsvarar þetta um það bil 3 vísitölustigum.

Nefndin leggur til að taka upp tvo nýja heimildarliði í 22. gr. Eru báðir þessir liðir í samræmi við það, sem áður hefur verið gert, og sé ég því ekki ástæðu til að útskýra þá nánar en gert er í nál.

Ég hef þá gert grein fyrir helztu brtt. fjvn. á þskj. 179. Hef ég ekki hirt um að ræða hverja einstaka till., en mun að sjálfsögðu leitast við að gefa nánari upplýsingar um einstaka liði brtt., ef þess verður óskað.

Fjvn. hefur enn ekki afgreitt ýmis erindi, sem til hennar hafa borizt, og bíða till. n. um þau atriði 3. umr. Samkvæmt venju mun n. við 3.

umr. gera till. um fjárveitingar á 18. gr., og samvinnunefnd samgöngumála mun fyrir 3. umr. skila till. sínum um fjárveitingar til flóabáta og vöruflutninga. Hér er þó um tiltölulega litlar fjárhæðir að ræða.

Auk þessara liða er vitað um nokkra háa útgjaldaliði, sem óhjákvæmilegt verður að taka upp í frv. við 3. umr., og er sumra þeirra liða getið í grg. með fjárlagafrv. eins og það upphaflega var lagt fram. Er þar um að ræða viðbótarframlag til Tryggingastofnunar ríkisins samkv. frv. því til tryggingalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, hækkun á launum starfsmanna ríkisins vegna væntanlegra nýrra launalaga, framlag til atvinnuleysistrygginga í samræmi við samkomulag um lausn vinnudeilunnar á öndverðu þessu ári. Lög hafa ekki enn verið sett um þessi efni, en gert er ráð fyrir, að þau verði afgreidd, áður en þessu þingi lýkur, og verður því að gera ráð fyrir útgjöldum vegna laganna í fjárlögum næsta árs. Hefur n. þó talið rétt að bíða til 3. umr. með að taka fjárveitingar vegna þessarar löggjafar í fjárlagafrv., ef þá kynni að liggja ljósar fyrir, hversu háar fjárupphæðir hér verður um að ræða.

Þá hefur nefndinni ekki fyrir þessa umr. unnizt tóm til að ganga endanlega frá skiptingu fjárveitinga til skólabygginga, en samkv. lögum frá síðasta Alþ. um fjármál skóla skal nú taka upp í fjárl. framlög til hvers einstaks skóla, í stað þess að áður hefur verið veitt ein heildarupphæð í þessu skyni, sem síðar hefur verið skipt af viðkomandi ráðuneyti. Samkv. upplýsingum þeim, sem fyrir n. liggja, er víða brýn þörf á skólabyggingum, og mikið fé þarf til að ljúka skólum, sem nú eru í smíðum. Virðist ljóst, að ekki verði hjá því komizt að hækka verulega fjárhæð þá, sem ætluð er í fjárlagafrv. til skólabygginga.

Samkv. tillögum n., ef samþykktar verða, verður rúml. 11.5 millj. kr. greiðsluhalli á sjóðsyfirliti fjárlagafrv. eftir 2. umr. Ekki er enn hægt að segja nákvæmlega um upphæð þeirra fjárveitinga, sem óumflýjanlegt verður að taka inn í frv. við 3. umr., en ekki er ósennilegt, að frv. verði þá með 50—60 millj. kr. greiðsluhalla að óbreyttri tekjuáætlun. Verður því að sjálfsögðu að gera fyrir 3. umr. frv. ráðstafanir til þess að afla nægilegra tekna til þess að geta afgreitt greiðsluhallalaus fjárlög, en það er skoðun nefndarinnar, að það sé hin mesta nauðsyn.

Ég mun þá víkja að tillögum n. um hækkun á tekjubálki frv. og hversu horfir með tekjur ríkissjóðs á næsta ári. Þar sem tekjuáætlunin mun verða tekin til nánari endurskoðunar fyrir 3. umr., mun ég aðeins ræða þessa hlið málsins í stórum dráttum, enda er athugun nefndarinnar byggð á niðurstöðu 10 mánaða ársins, sem er að líða, en við lokaafgreiðslu fjárlaganna munu væntanlega liggja fyrir gleggri upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á þessu ári og önnur þau atriði, sem máli skipta, þegar gerð er áætlun um afkomuna á næsta ári.

Tekjum ríkissjóðs má í stórum dráttum skipta í þrjá flokka: skatta, tolla og tekjur af ríkisstofnunum, og skal ég fara nokkrum orðum um hvern þessara liða.

Álagður tekju- og eignarskattur og hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti nema á þessu ári rúmum 98 millj. kr. Vegna hækkandi tekna skattgreiðenda að krónutölu má gera ráð fyrir, að álagðir skattar árið 1956 verði allmiklu hærri. Leggur n. til að hækka þennan tekjulið um 6.2 millj. kr.

Tolltekjur ríkissjóðs ákvarðast af innflutningi til landsins, en innflutningurinn takmarkast hins vegar af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, ef ekki á að vera um skuldasöfnun að ræða. Ljóst er, að tolltekjur ríkissjóðs verða á þessu ári mun meiri en gert var ráð fyrir, þegar fjárlög ársins 1955 voru endanlega samþykkt. Innflutningurinn árið 1954 nam 1130 millj. kr., en í október þessa árs var innflutningurinn orðinn 969 millj., eða 82 millj. kr. hærri en um sama leyti í fyrra. Má því gera ráð fyrir, að heildarinnflutningur ársins 1955 verði töluvert hærri en í fyrra. Hefur eftirspurn eftir gjaldeyri aukizt mjög vegna aukinnar peningaveltu í landinu, og ber jafnframt að gæta þess, að á þessu ári hafa engin erlend lán verið tekin og hin geysilega fjárfesting í landinu því verið kostuð af hinum venjulegu gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Þetta hefur hins vegar leitt til þess, að gjaldeyrisstaðan hefur versnað allmikið, sem sjá má af því, að í lok októbermánaðar 1954 áttu bankarnir 88.8 milljónir í erlendum gjaldeyri, en 31. okt. s. l. nam gjaldeyrisskuld bankanna erlendis 35 millj. kr. Hafði því hagur bankanna versnað um 124 millj. á þessu 12 mánaða tímabili. Í þessu sambandi ber þó þess að gæta, að birgðir af útflutningsvörum voru áætlaðar 313 millj. kr. 1. nóv. 1955 á móti 208 millj. kr. um sama leyti í fyrra. Eru því vörubirgðirnar um 105 millj. kr. hærri nú en þá.

Heildarútflutningurinn árið 1954 nam 846 millj. kr., en í októberlok þessa árs var útflutningurinn orðinn 658.5 millj., eða um 32.5 millj. kr. minni en á sama tíma í fyrra. Horfur eru taldar á, að allmiklu meira verði flutt út síðustu tvo mánuði ársins en sömu mánuði í fyrra. Má því gera ráð fyrir, að útflutningurinn geti orðið nokkru meiri en í fyrra, en þó ekki svo að neinu nemi verulegu, og þá yfirfærast til næsta árs 50—60 millj. kr. meiri vörubirgðir en í fyrra. Er hér þó eingöngu um ágizkun að ræða.

Þar sem útflutningurinn byggist á jafnóvissum atriðum og aflabrögðum, er auðvitað mjög erfitt að gera fyrir fram áætlun um útflutningsverðmæti næsta árs. Miðað við verðmæti útflutningsins í ár, sem er mjög gott aflaár, ef síldin er undanskilin, virðist ekki varlegt að gera ráð fyrir, að verðmæti útflutningsins næsta ár verði nokkuð að ráði meira en í ár, þótt að vísu sé gert ráð fyrir, að allmörg skip bætist við bátaflota landsmanna á næsta ári. Gjaldeyrisstaðan sýnir einnig ljóslega, að við erum teknir að eyða hraðar en við öflum gjaldeyrisins, og getur slík þróun að sjálfsögðu ekki orðið varanleg, þegar um það er að ræða, að gjaldeyrisskuld er orðin. Er það því skoðun innflutnings- og gjaldeyrisyfirvalda, að töluverður samdráttur hljóti að verða á innflutningnum á næsta ári, nema einhverjar óvæntar gjaldeyristekjur komi til.

Í ár hafa tolltekjur ríkissjóðs af innflutningi bifreiða numið um 40 millj. kr., og er talið, að innflutningur bifreiða hljóti að verða miklum mun minni á næsta ári af gjaldeyrisástæðum, en

hér er hins vegar um tekjulið að ræða, sem ekki var sérstaklega reiknað með við samningu núgildandi fjárlaga.

Með hliðsjón að þessum aðstæðum telur meiri hl. n. naumast varlegt að gera ráð fyrir því, að tolltekjur ríkissjóðs á næsta ári verði jafnmiklar og í ár, hvað þá hærri. Skal þó játað, að einhver ófyrirséð atvik kunna að raska þessu mati, en tekjuáætlunin verður naumast með neinni skynsemi byggð á öðru en staðreyndum, sem fyrir liggja, þegar fjárlögin eru afgreidd.

Af þessum sökum hefur nefndin ekki séð sér fært á þessu stigi málsins að minnsta kosti að gera till. um hækkun verðtollsins, en leggur til, að ýmsir aðrir liðir tolla og óbeinna skatta hækki nokkuð.

Í þriðja lagi er um að ræða tekjur af ríkisstofnunum, sem eru fyrst og fremst tóbaksverzlun og áfengiseinkasala. Rekstrarhagnaður áfengisverzlunarinnar er í fjárlögum þessa árs áætlaður 63 millj. kr., en var 1. des. s. l. orðinn 61.6 millj., eða 2.5 millj. kr. hærri en um sama leyti í fyrra. Rekstrarhagnaður áfengisverzlunarinnar er í fjárlagafrv. áætlaður 76 millj. kr. Rekstrarhagnaður tóbakseinkasölunnar er í fjárlögum þessa árs áætlaður 41 millj. kr., en var 1. des. orðinn 45.8 millj. kr., eða 3.6 millj. kr. hærri en um sama leyti í fyrra. Í fjárlagafrv. er rekstrarhagnaður tóbakseinkasölunnar áætlaður 42.7 millj. kr. Ekki virðist því vera auðið að hækka áætlaðar tekjur áfengisverzlunarinnar, en ef til vill getur komið til greina einhver hækkun hjá tóbakseinkasölunni, og verður það athugað nánar.

Heildartekjur ríkissjóðs 1. nóv. s. l. voru orðnar 463 millj. kr. á móti 396 millj. kr. um sama leyti í fyrra. Með hlutfallslega sömu aukningu síðustu tvo mánuði ársins má gera ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs í ár geti orðið um 633 millj. kr. Má því gera ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs í ár verði um 40 millj. kr. hærri en tekjuáætlun samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1956, ef með er talin hækkun meiri hluta nefndarinnar á tekjuáætlun frv.

Vafalaust munu ýmsir segja, að of varlega sé í sakirnar farið með tekjuáætlunina, enda benda till. minni hluta nefndarinnar ótvírætt í þá átt. Annars mun ég ekki ræða sérstaklega till. hv. minni hl. n., fyrr en gerð hefur verið grein fyrir þeim hér, en mun þá víkja að þeim síðar, eftir því sem tilefni gefst til.

Augljóst er þó, að þótt miðað sé við tekjuáætlun meiri hl. n., verða tekjur ríkissjóðs á næsta ári að reynast hærri en þær virðast ætla að verða í ár, til þess að ekki verði greiðsluhalli hjá ríkissjóði.

Allt frá árinu 1924 hafa umframgreiðslur ekki nema aðeins einu sinni orðið innan við 7.6% af rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og auk þess jafnan orðið miklar umframgreiðslur og eignahreyfing. Árið 1953 urðu umframgreiðslur 86 millj. kr. og 1954 93 millj. kr. Er því ólíklegt, að 40 millj. kr. mundu nægja til að standa straum af óumflýjanlegum umframgreiðslum. Að sjálfsögðu er skylt að forðast umframgreiðslur, svo sem verða má, því að með umframgreiðslum er raunverulega verið að taka fjárveitingavaldið af Alþingi. Hins vegar koma jafnan til ýmis óumflýjanleg útgjöld, sem ekki var hægt að sjá fyrir við samningu fjárlaga. — Þess ber að gæta í sambandi við þær tölur, sem ég hef nefnt um umframgreiðslur árin 1954 og 1955, að þar með eru einnig taldar greiðslur samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum.

Stjórnarandstæðingar munu vafalaust segja, að þar sem tekjur ríkissjóðs hafa á undanförnum árum jafnan farið langt fram úr áætlun, hljóti svo einnig að verða á næsta ári. Því er naumast hæg að svara á annan hátt en þann, að á slíkum hlutfallareikningi verða fjárlög ekki byggð með nokkurri skynsemi, þar sem að því hlýtur að koma, að mælirinn verði fullur og ekki hægt að treysta á einhverja óvænta heppni, ef menn vilja af ábyrgðartilfinningu afgreiða fjárlög ríkisins. Það er rétt, að á undanförnum árum hefur stundum verið um að ræða allverulegan greiðsluafgang hjá ríkissjóði. En ég hygg, að reynslan hafi ótvírætt sýnt, að þar hefur fremur verið um happ að ræða en slíkt beri að lasta. Hitt er auðvitað rétt, að þegar að því kemur, að þurfi að heimta nýja skatta af þjóðinni til þess að standa undir útgjöldum ríkisins, verður að áætla núverandi tekjustofna ríkissjóðs svo hátt sem framast er unnt og þá ekki hægt að gera ráð fyrir því, að um neinn teljandi greiðsluafgang geti orðið að ræða.

Nú um áramótin verður vafalaust að gera ýmsar ráðstafanir til þess að tryggja áframhaldandi rekstur bátaflotans og einnig togaraflotans. Ekki verður á þessu stigi málsins neitt um það sagt, hvort og þá að hve miklu leyti þær ráðstafanir bitni á ríkissjóði á einn eða annan hátt. Kann því að virðast vafasamt að afgreiða fjárlög endanlega, fyrr en nánari upplýsingar liggja fyrir um það efni, en á það vill þó fjvn. engan dóm leggja. Hins vegar er það sameiginleg skoðun okkar, sem skipum meiri hluta nefndarinnar, að nú sem fyrr beri að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, en innan þess ramma, sem gjaldgeta ríkissjóðs leyfi, beri að stuðla sem mest að andlegum og efnalegum framförum í landinu. En umfram allt er nauðsynlegt að hafa þá staðreynd í huga, að framleiðslustarfsemin í landinu er sú undirstaða, sem bæði fjárhagur ríkissjóðs og efnahagsafkoma þjóðarinnar byggist á. Efling atvinnuveganna og aukning framleiðsluverðmæta er því eina úrræðið til þess að bæta raunverulega lífskjör þjóðarinnar og skapa skilyrði fyrir því, að ríkissjóður verði þess umkominn að leggja enn meira af mörkum til margvíslegra framfara í þjóðfélaginu.

Meiri hluti fjvn. væntir þess, að hv. þm. geti fallizt á till. nefndarinnar í sambandi við afgreiðslu frv., og mælir meiri hl. n. með því, að fjárlagafrv. verði samþykkt við þessa umr. með þeim brtt., sem fjvn. sameiginlega ber fram á þskj. 179 og 184, og till. meiri hl. n. um tekjubálk frv. á þskj. 180.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. fjvn. (MJ) gat um, er fjvn. klofin um afgreiðslu fjárlagafrv., og liggja fyrir þinginu tvö nál., frá meiri hluta og minni hluta. Að meirihlutaálitinu standa allir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. og

að minnahlutaálitinu standa sameiginlega hv. 11. landsk. (LJós) og ég.

Það er og rétt hjá frsm. hv. meiri hl. n., að við höfum skilað sameiginlega að mestu till. til breytinga við frv., þ. e. við gjaldabálk þess, á þskj. 179. Það eru að vísu nokkrar undantekningar frá þessu. Nokkrar till. eru á þessu þskj., sem við í minni hl. höfum greitt atkv. á móti í nefndinni. En það er rétt, að með meginþorra þessara till. stöndum við ásamt meiri hlutanum. *Hins vegar skilar meiri hl. n. sértill.* við tekjubálk frv., þar sem við töldum, að við gætum alls ekki verið sammála meiri hl. um þær till., sem hv. meiri hl. fékkst til þess að gera. Þessar till. eru bornar fram af meiri hl. n. á þskj. 180.

Ég efa ekki, að það er rétt, sem frsm. sagði, að hv. meiri hl. viðurkennir, að það eru mörg góð mál, sem *fjárveitingar eru ætlaðar til samkvæmt* brtt. minni hl., svo sem skýrt er frá í nál. okkar hv. 11. landsk. þm. Ég veit, að hv. meiri hl. hefur haft mikla löngun til þess og óskaði eftir því, að hann hefði frjálsræði til þess að fylgja þessum góðu málum, þó að hann hafi ekki séð sér það fært af einhverjum ástæðum. Ég heyrði, að það *kenndi* sársauka í rödd frsm., þegar hann var að harma það, að hv. meiri hl. hefði ekki getað orðið okkur samferða um að leggja til ríflegar fjárveitingar til þessara góðu mála.

Hv. frsm. sló því föstu, að það væri að þessu sinni ekki hægt að áætla tekjur fjárlagafrv. hærra en gert væri. Við í minni hl. erum meiri hl. algerlega ósammála um þetta, og skal ég síðar víkja nánar að því og gera grein fyrir því.

Þá skýrði frsm. meiri hl. frá því, að þær miklu hækkanir, sem þegar sæjust á frv. sjálfu frá gildandi fjárlögum, væru að miklu leyti að kenna afleiðingum *verkfallanna* s. l. vor. Hæstv. fjmrh. vikur að þessu í grg. sinni með frv. og heldur þessu sama fram, þó ekki eins algert og hv. frsm. meiri hl., því að auk afleiðinganna af verðhækkuninni, sem stafi af verkföllunum s. l. vor, nefnir hæstv. fjmrh. sem meðverkandi ástæður til hækkana hækkun, sem stafi af lögum, sem sett voru á síðasta Alþingi og nemi um 12 millj. kr. í frv. Eru það lagasetning til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, sem nemi 3 millj. kr. hækkun, og til húsnæðismálastjórnar 200 þús. kr., til fiskveiðasjóðs Íslands 2 millj. kr., til jarðræktar og framræslu 3.3 millj. kr., til iðnfræðslu 1 millj. kr., til bókasafna 800 þús. kr., til heilsuverndarstöðva 500 þús. kr., vegna læknaskipunarlaga 400 þús. kr., vegna launa héraðsráðunauta 200 þús. kr. og til kaupa á jarðræktarvélum 400 þús. kr. Enn fremur viðurkennir hann, að hækkanir á frv. stafi af framlagi samkvæmt 116. gr. almannatryggingalaga, sem nemi 4 millj. kr., til dýrtíðarráðstafana 7.9 millj. kr. og kaupa og rekstrar jarðbors 2.2 millj. kr.

Það er því greinilega viðurkennt af hæstv. fjmrh., að það renni margar fleiri stoðir undir hækkanirnar í fjárlagafrv. en afleiðingarnar af verkföllunum s. l. vor, og er rétt, að það komi fram og orð ráðh. um þetta séu undirstrikuð.

Þar að auki er vitanlegt, að nokkru veldur hækkun í fjárlagafrv. sá vesaldómur hæstv. ríkisstj. að hafa ekki á nokkurn hátt hreyft hönd eða fót til þess að sporna við þeim dýrtíðarhækkunum, sem orðið hafa á s. l. missiri og enga stoð eiga í veruleikanum, að því er snertir nokkurt samband við verkföllin s. l. vor. Ef hún hefði þar staðið betur í ístaði, hefði hún áreiðanlega getað látið þess sjást merki í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, en vitanlega kemur sú linja hæstv. ríkisstj. í því að sporna gegn vaxandi dýrtíð fram að verulegu leyti í fjárlagafrv. næsta árs.

Hv. frsm. meiri hl. n. sló því föstu, að það hefði komið í ljós, einkanlega í nál. frá sparnaðarnefnd, sem hefði starfað að undanförnu og væri nú búin að skila áliti, það álit væri í fórum fjvn., og niðurstaðan væri sú, að það væri ekki hægt að spara á fjárlagafrv. sem neinu næmi nema með breytingum á löggjöf. Þetta nál. sparnaðarnefndar mun liggja hjá fjvn., en því plaggi hefur ekki verið meiri gaumur gefinn en það, að *ég minnist þess ekki*, að þetta nál. hafi verið dregið fram eða dustað af því rykið neitt í sambandi við starfsemi fjvn., a. m. k. hef ég ekki séð þetta merka nál. enn þá og á það til góða að draga lærdómana af því. En þetta getur vel verið rétt, að það sé ekki hægt að gera stórkostlegan niðurskurð á gjaldabálki fjárlagafrv. nema með því að breyta löggjöf.

Mér fyndist nú, að ef hæstv. ríkisstj. hefði verið gagntekin af sparnaðaranda og búin að fá þessa bendingu frá sinni sparnaðarnefnd, hefði ekki verið óeðlilegt, að hæstv. ráðherrar hefðu annaðhvort setzt við með *sveittan skallann sjálfir* eða valið til þess færa menn að gera athugun á því, hvaða löggjöf væri hægt að breyta og yrði að breyta, ef nokkrum verulegum sparnaði ætti að ná. En ekki hef ég frétt neitt af því, að slík vinnubrögð hafi verið viðhöfð.

Hitt er enn fremur ljóst um það litla, sem bæði þessi sparnaðarnefnd og sennilega fjvn. gætu fallizt á að mætti gjarnan spara með því að sýna einhverja viðleitni til þess, að það hefur ekki heldur orðið neitt vart við það, því að það eru engar sparnaðar- eða niðurskurðartill. hjá meiri hl. hv. fjvn. Ég held, að það séu eitthvað á annað hundrað þús. kr. alls lækkunartill. í till. meiri hl., sem sé sama og ekki neitt.

Þá er það í þriðja lagi víst, að ekki hefur verið farið fram á það við stjórnarandstöðuna á nokkurn hátt að stuðla að sparnaði við afgreiðslu fjárlagafrv., hvorki á þann hátt að reyna að færa *niður gjaldaliði í frv.* né á hinn veginn, sem meira munaði um, að eiga hlut að lagabreytingum til þess að draga úr kostnaði við ríkisrekstrinn. Engar slíkar beiðnir hafa verið bornar fram við stjórnarandstöðuna, svo að mér sé kunnugt um, og þar *af leiðandi höfum við ekki* hafnað slíkum úrræðum.

Frsm. meiri hl. upplýsti, að sparnaðartill. hefði að undanförnu ekki verið vel tekið hér á Alþ. Það er alveg rétt. Minni hluti og minni hlutar í fjvn. hafa iðulega á undanförnum árum borið fram nokkrar till. til sparnaðar, en þær hafa *allar alveg undantekningalaust á hverju einasta* ári verið strádrepnar. Þar að auki er nú sagt, að sparnaðarnefndin hafi vísað til þess, að lagt hafi verið til á þingi nokkur undanfarin ár að leggja niður umfangsmikla ríkisstarfsemi, líklegast Skipaútgerð ríkisins, sem þeir hv. þm. Snæf. (SÁ) og hv. þm. Barð. (GíslJ) hafa þráfaldlega

flutt till. um að yrði lögð niður, og að þær till. hafi ekki náð fram að ganga, og er þarna vísað til þeirra sem mikilla sparnaðartillagna.

Hins vegar er því ekki að leyna, að ef væri farið í það að breyta lögum með það fyrir augum að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn, þá gæti í sambandi við það að mínu áliti fyllilega komið til greina að athuga hlutverk og stöðu Skipaútgerðar ríkisins í þjónustu samgangna. Það er vitanlegt, að vaxandi halli þessa fyrirtækis er bein afleiðing af því, að samgöngurnar skiptast nú á samgöngur á landi, á bílaflutninga, á samgöngurnar á sjónum og samgöngurnar í loftinu, og þetta er gerbreytt viðhorf frá því, sem var, þegar skipaútgerðin var sett á fót og skipulögð. Þegar þetta mál væri ekki tekið eitt út af fyrir sig, heldur sem liður í sparnaðaraðgerðum og til þess að endurskoða löggjöf vegna breyttra viðhorfa, þá stæði sízt á mér og okkur í stjórnarandstöðunni að taka slíkt mál til meðferðar. En eitt út af fyrir sig á málið ekki rétt á sér að mínu áliti.

Hv. meiri hluti n. hefur ekki komizt hjá því að bæta við rekstrarútgjöldin á fjárlagafrv. þrátt fyrir þær verulegu hækkanir, sem í frv. sjálfu felast, því að hækkunartill. á gjöldunum nema um 28—29 millj. kr. Það eru smáhækkanir til Péturs og Páls og hinna og þessara fyrirtækja og stofnana, sem þarna er um að ræða, en mestu munar hækkunin til nýbyggingar vega, til viðhalds vega, til brúabygginga og nokkur hækkun líka til hafnargerða og lendingarbóta og hækkun vegna þess áfalls, sem bændur í Dalasýslu hafa orðið fyrir, mæðiveiki á ný. Þetta nemur samanlagt milljónum, sem allar eru til hækkunar. Þá er nokkur hækkun vegna flugvallagerðar, hún er þó ósköp smávægileg, 700000 kr., og til raforkumála dálitil hækkun, en að áliti okkar í minni hlutanum ófullnægjandi, eins og þessar hækkunartill. meiri hl. yfirleitt til verklegra framkvæmda, sérstaklega til hafnarmálanna, flugvallagerðar og raforkumála, enda bera till. okkar vott um, að við viljum, að þar sé tekið myndarlegar á, til þess að hægt sé að standa við þau loforð, sem hæstv. ríkisstj. hefur áður hátíðlega gefið. Það er og viðurkennt bæði í framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. og í nál. meiri hl., að ef eigi að vera hægt að standa við þessi loforð, þá verði að hækka fjárveitingar til þessara málefnaflokka verulega, en till. þeirra um hækkanir á þessum liðum eru ekki till. um verulegar hækkanir.

Hv. meiri hl. leggur til, að tekjuáætlunin, eins og hún er borin fram af hæstv. ráðh., verði hækkuð um 15 millj. kr. Það fylgdi þó með, að enn yrði hún endurskoðuð fyrir 3. umr., og fannst mér, að það skini í það hjá frsm., að komið gæti til mála, að það yrði að gerast, sennilega sem neyðarráðstöfun, að færa áætlunina enn þá nær því rétta, því að víst er um það, að meiri hlutinn lætur það ekki henda sig að fara að gera áætlun, sem ekki sé líkleg til að standast, að því er snertir tekjur ríkissjóðs. Ég er alveg sannfærður um, að það er vel ómaksins vert fyrir meiri hl. fjvn. að athuga tekjubálk frv. dálítið betur og vita, hvort þeir geta ekki, einkanlega ef neyðin rekur á eftir þeim, komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé forsvaranlegt að hækka tekjuáætlunina mun meira en þeir hafa gert í þetta sinn. Við í minni hl. höfum þegar framkvæmt nokkuð ýtarlega athugun á tekjubálkinum og komizt að þeirri niðurstöðu, sem till. okkar bera vott um, sem sé að þeirri niðurstöðu, að það sé mjög varlegt að hækka tekjuáætlunina ekki um aðeins 15 millj., heldur 4 sinnum 15 millj., þ. e. rúmlega 60 millj. kr. Skal ég víkja nánar að því, þegar ég geri brtt. okkar að umræðuefni.

Það fór fjarri því, að ræða hv. frsm. meiri hl. væri á nokkurn hátt slík þrumuræða sem ræða þjóðbankastjórans fyrir nokkru, að því leyti að hún útmálaði ekki í nærri eins svörtum litum og þjóðbankastjórinn gerði, hvernig komið væri, en hans niðurstaða var sú, að í raun og veru væri komið að því, að þjóðarskútan væri að sökkva. Þá gerðist það, eins og kunnugt er, að fyrsti stuðningsmaður hæstv. forsrh., vil ég segja, — ég vil aftur kalla þjóðbankastjórann kannske fyrsta stuðningsmann hæstv. fjmrh., — kom að þeirri þrumuræðu haldinni í útvarpinu og flutti snarpa ræðu, og mér skildist niðurstaða hennar vera sú, að það væri að vísu alveg satt, sem þjóðbankastjórinn hefði sagt, útlitið væri ömurlegt, það væri í raun og veru kominn upp eldur í skipinu, en það mætti bara ekki segja skipshöfninni frá því, því að þá mundi verða tryllingur innan borðs og það yrði verra en hið fyrra. Þetta dró ég af þeirri líkingu, sem hv. þm. Barð. þá viðhafði. Hann sagði frá leikhússtjóra, sem hefði orðið þess var, að það var kominn upp eldur í húsinu, bak við tjöldin, og hann fór fram á sviðið og sagði áhorfendum frá því, að nú væri kviknað í og allt væri að brenna, og þá varð tryllingur meðal leikhúsgestanna og kostaði mörg mannslíf, menn tróðust undir. Hv. þm. Barð. sagði, að þennan verknað hefði þjóðbankastjórinn framið og það væri í raun og veru glæpsamlegt athæfi, því að af þessu gæti leitt það, að þjóðin missti stjórn á sér, og henni hefði alls ekki verið hollt að vita um, að svona væri komið. Ég sagði, að hv. frsm. hefði ekki málað þetta svona svart, því að hann hélt því fram, að það væri óneitanlegt, að heildarinnflutningur hefði verið miklu meiri í ár en í fyrra, og hann játaði einnig, að heildartekjur ríkissjóðsins á þessu ári yrðu líka miklu meiri en í fyrra, og hvort tveggja eru þetta staðreyndir. Ríkistekjurnar í ár verða, eftir því sem hægt er að álykta frá yfirliti úr ríkisbókhaldinu núna í októberlokin, aldrei undir 635—640 millj. kr., kannske ná þær í ár 650 millj. Í fyrra voru þær aftur 550 millj. Um það leyti, sem þessu ári lýkur, koma ríkistekjurnar til með að verða svona 80—100 millj. kr. hærri en á árinu 1954. Þetta er auðvitað af því, að tekjustofnarnir hafa ekki brugðizt. Það hefur verið mokað inn sköttum af skattþegnunum, það hefur náðst með beinum sköttum og tollum. Svo framarlega sem þeir spádómar, jafnvel úr stjórnarliðinu, rætast ekki, að þjóðarskútan sökkvi og allt fari í kaldakol, þá sé ég ekki annað en stefni allt í sömu áttina og s. l. ár, að verðþensla og veltuþensla haldi áfram og allt velti hér á fleiri krónum, og sérstaklega eru líkur til þess, að inn í ríkiskassann velti ekki

færri milljónir á árinu 1956 en á árinu 1955. Útflutningsvörurnar eru sívaxandi, tekjur af þeim eru miklar. Það er bent á, að á þessu ári hafi ríkisstjórnin haft tekjur með óvenjulegum hætti, þar sem séu bílarnir. Það er rétt. Þó að það væri ekki játað hér um þetta leyti í fyrra, að ríkissjóður mundi fá verulegar tekjur af bílaskattinum svonefnda, sem átti að vera bjargráð fyrir togaraútgerðina, þá hefur það nú orðið svo, að samtímis því sem útgerðin fékk 53 millj. í tekjur af þessu tiltæki, nældi ríkissjóður sér í 40 millj. kr. tekjur af því. Og nú er á það bent, að þessi tekjustofn muni ekki vera til frambúðar fyrir ríkissjóðinn, og má það vel vera.

Ræða hv. frsm. snerist þó öll í þá áttina að mála útlitið í næstu framtíð frekar dökkum litum. Það var talið, að það væru litlar líkur til þess, að aflabrögð á næsta ári yrðu slík sem þau hefðu verið á þessu ári, heldur talin ástæða til að ætla, að afli yrði minni. Ég sé nú sízt ástæðu til þess. Hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi, að það væri von á mikilli aukningu fiskiskipaflotans á næsta ári, og það leiðir til þess, að það mætti frekar í samræmi við það búast við auknum aflabrögðum, meiri útflutningsverðmætum og þar með meiri tekjum í ríkissjóð af þeim.

Það er að vísu alveg rétt, að gjaldeyrisaðstaða núna er mun verri en í fyrra, — þá var byrjað með gjaldeyrisinnstæðu erlendis, nú verður byrjað á næsta ári með gjaldeyrisskuld, — ef birgðirnar í landinu núna eru ekki því meiri, en um það deila stjórnarflokkarnir innbyrðis sín á milli, hvernig eigi að gera þetta dæmi endanlega upp. Sjálfstæðismenn hafa í þessum umræðum, frá því að þjóðbankastjórinn hélt sína þrumuræðu, haldið því fram, að hans upplýsingar hafi ekki gefið rétta hugmynd um ástandið, vegna þess að hann hafi ekki skýrt frá, hversu miklu meiri birgðir væru í landinu nú en í fyrra.

Ég vík aftur að því, að ég tel ekki ástæðu til að ætla, að tekjur ríkissjóðs að ári verði lægri en þær hafa reynzt í ár, þegar þær mörg undanfarin ár hafa verið síhækkandi, svo að skipt hefur á ári hverju mörgum milljónatugum. Við munum það, að ríkissjóðstekjurnar árið 1950, fyrir 5 árum, voru ekki nema 306 millj. kr., en í ár reynast þær 633 millj., segir meiri hl. Ég gæti hugsað, að þær yrðu 650 millj. Á þessu 5 ára tímabili hafa þær meira en tvöfaldazt, og það hafa ekki verið stór stökk eitt og eitt ár, heldur eru þær hækkandi frá ári til árs. Það þýðir, að við teljum ekki óvarlegt að áætla, að þær verði a. m. k. svipaðar að ári og nú; líklegast væri, að þær hækkuðu um 50—80 millj. á næsta ári, eins og þær hafa gert á árinu 1955, samanborið við 1954. Ég get ekki kallað það einskær höpp, að slík þróun á sér stað; það er bara fyrir þróun. Það er fyrir það, að við höfum aukið okkar skipastól, nýtt betur okkar framleiðslutæki í landi, og sérstaklega vegur það mikið, hvað ríkistekjur og þjóðartekjur hafa vaxið, að einmitt löndunarbannið í Bretlandi hefur neytt okkur til þess, góðu heilli, að vinna okkar útflutningsvörur meira innanlands en við gerðum áður. En það getur vel verið, að hæstv. ríkisstj. sé kunnugt um það, að á því sé nú búið að ráða bót á þann veg, að þessir búskaparhættir breytist nú á þann hátt, að þjóðartekjur og ríkissjóðstekjur verði aftur minni af framleiðslunni á næstunni. Þó hefur það ekki verið upplýst enn þá.

Ég skal nú leyfa mér þessu næst að ræða um brtt. minni hl. með nokkru tilliti til brtt. meiri hl.

Brtt. minni hl. liggja fyrir á þskj. 182. Okkar fyrsta og stóra brtt. er sú, að við teljum óhætt að áætla tekjubálkinn, þ. e. á 2. gr. frv., 60.7 millj. hærra en hann er áætlaður á fjárlagafrv.

Ég skal nú víkja að hverri einstakri brtt. Tekjuskatturinn er áætlaður 65.7 millj. á gildandi fjárl. Hann reyndist vera árið 1954 71.9 millj. kr., nærri 72 millj. Núna í frv. er hann áætlaður 95.8 millj. Meiri hl. telur óhætt að áætla hann nokkru hærri, og er hann áætlaður hjá þeim, ef ég man rétt, 108 millj. kr. Nú er það víst, að í krónutölu hafa tekjur yfirleitt hækkað verulega á þessu ári, og af því leiðir, að það er rétt að áætla tekjuskattinn á næsta ári til muna hærra en á árinu 1955, sem byggðist á árinu 1954, tekjum fólks þá. Við teljum ekki óvarlegt að ætla, að þegar skattheimtumenn ríkisins fara að fjalla um þetta mál, muni þeir hækka tekjuskattinn um 12—15% vegna þeirrar auknu krónutölu, sem menn hafa í tekjur nú á árinu 1955. Þess vegna áætlum við, að tekjuskatturinn ásamt stríðsgróðaskattinum muni aldrei verða undir 112.8 millj. kr., en af því kæmu beint í ríkissjóðsins hlut 107 millj. kr.

Þá er verðtollurinn, sem er í fjárlögum þessa árs 147 millj. kr., reyndist á árinu 1954 152.3 millj. og er nú, þegar 10 mánuðir ársins eru liðnir, kominn verulega fram úr áætlun. Teljum við óhætt að áætla þennan tekjustofn 170 millj. kr.

Innflutningsgjald af benzíni er á fjárl. 9.5 millj. Það var 1954 komið upp í 11.2 millj. samkv. ríkisreikningnum þá, er núna áætlað 10 millj., eða mikið fyrir neðan það, sem reyndist árið 1954. Þeir í meiri hl. vilja áætla þennan tekjustofn nálega alveg eins og 1954. Það teljum við alveg ástæðulaust, einkanlega með því að styðjast líka við upplýsingar ríkisbókhaldsins núna í októberlok, og teljum óhætt að áætla þennan tekjustofn 13 millj. kr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum er á fjárl. núna 8 millj. kr. Þessi tekjustofn var kominn upp í 11.3 millj. á árinu 1954 samkv. ríkisreikningnum. Frv. er með hann niðri í 9.5 millj., og hv. meiri hl. vill áætla þetta bara 10 millj. kr., eða 1.3 millj. lægra en niðurstaða ríkisreikningsins 1954 bendir til. Við teljum, að það sé alls ekki óvarlegt að áætla þennan tekjustofn 700 þús. kr. hærra en ríkisreikningurinn 1954 sýnir, að hann varð þá, og áætlum hann 12 millj. kr.

Bifreiðaskatturinn er á gildandi fjárlögum 4 millj. Hann var orðinn 4.3 millj. á ríkisreikningnum 1954 og er áætlaður nú 5.5 millj. á fjárlagafrv. Hv. meiri hl. hefur ekki talið fært að hækka hann í sínum tillögum. Við teljum, að það sé ekkert óvarlegt að hækka hann um ½ millj. kr. frá frv., og leggjum það til.

Aukatekjur eru 7.6 millj. á gildandi fjárlögum. Þær voru orðnar 8.2 millj. samkv. reikningnum 1954. Í frv. núna eru þær áætlaðar 8.4 millj. Við teljum forsvaranlegt og varlegt að áætla þær 10.5 millj. kr.

Stimpilgjöldin eru í fjárlögunum núna 13 millj. kr. Þau voru 13.5 millj. kr. samkv. ríkisreikningnum 1954, eru nú í frv. áætluð 13 millj. óbreytt, þrátt fyrir að þau voru hærri árið áður. Meiri hl. fjvn. vill áætla stimpilgjöldin 13.5 millj., eins og þau reyndust 1954, og við teljum samkv. sífelldri hækkun þeirra frá ári til árs, að óhætt sé að ætla, að þau verði 14.5 millj. kr.

Vitagjöldin eru á gildandi fjárlögum 1 millj. kr., voru orðin 1.7 millj. samkv. ríkisreikningnum 1954, og við áætlum, að þau verði að minnsta kosti 1.7 millj. á næsta ári, og er tillaga okkar um það.

Leyfisbréfagjöldin eru 0.4 millj. á fjárlögunum. Þau voru 100% hærri árið 1954, 0.8 millj., og við leggjum til, að þau verði áætluð eins og þau reyndust 1954, 0.8 millj.

Þá eru útflutningsleyfagjöld. Þau eru á fjárl. núna ½ millj., voru 1954 orðin 0.8 millj., og við leggjum til, að þau verði áætluð 0.8 millj., eins og þau reyndust 1954.

Söluskatturinn er 112 millj. á gildandi fjárlögum, reyndist 117.5 millj. árið 1954 og er sýnilega nú í áframhaldandi vexti eftir upplýsingunum frá ríkisbókhaldinu núna í októberlokin. Teljum við því óhætt að áætla hann 130 millj. kr.

Þá eru að lokum leyfisgjöld, sem eru í gildandi fjárl. 2½ millj., voru orðin 5.3 millj. kr. í árslok 1954 samkvæmt ríkisreikningnum og eru núna í októberlok orðin 10.3 millj. kr. Við teljum því varlegt að áætla þennan lið 9 millj. kr.

Niðurstaðan af þessum brtt. okkar er, eins og ég áðan sagði, sú, að við teljum fært að hækka áætluð gjöld á 2. gr. fjárlagafrv. um 60.7 millj. kr.

Við höfum ekki fengið upplýsingar um, hvernig stæðu tekjurnar hjá áfengisverzlun og tóbakseinkasölu, miðað við októberlok, og höfum því ekki gert núna neina brtt. um tekjur þessara ríkisstofnana og áskiljum okkur rétt til að athuga það nánar fyrir 3. umr. og berum þá fram brtt. viðvíkjandi þessum stofnunum, tekjum þeirra, ef við sjáum ástæðu til að athuguðu máli.

Þá kem ég að brtt. okkar í minni hl. við gjaldabálk frv.

Í 10. gr. eru þrír, ef ekki fjórir töluliðir, sem eru um kostnað vegna ferðalaga, samninga við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum, og samtals nema útgjöldin í þessum töluliðum 1 millj. 550 þús. kr. Við teljum réttara að færa þessi útgjöld vegna ferðalaga, kostnaðar við samninga við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum undir einn lið og teljum, að það ætti að vera hægt að bjargast með 1 millj. kr. í þennan erindisrekstur, og leggjum til, að 1 millj. kr. sé varið til þessa.

Í fjárlagafrv. er lagt til, að 2 millj. kr. sé varið til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa, annarra en ríkissjúkrahúsa og fjórðungssjúkrahúsa. Við vitum, að það er mjög mikil þörf fyrir, að veitt sé ríflegar fé til þessa hlutverks en gert er í frv., og leggjum til, að þarna verði hækkun um eina milljón og að liðurinn sé færður út með 3 millj. kr. upphæð.

Í mörg undanfarin ár hefur á 13. gr. verið liður um fjárveitingu til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og kauptúnum — og hvað halda menn, að hafi verið ætlað til þessa? Það eru 100 þús. kr. Þessari upphæð hefur víst átt að skipta á milli margra kaupstaða og kauptúna, sem fyndu ástæðu til að afla sér dýrra verkfæra til malbikunar á götum hjá sér og að framkvæma slíka umbót hjá sér. Við teljum, að þetta sé algerlega óskiljanleg upphæð, og að engu gagni getur hún komið, og leggjum til, að í staðinn fyrir 100 þús. komi 2 millj. kr. Er okkur ljóst, að þessi upphæð er þó, eins og við leggjum til, of lág, til þess að hún geti komið að gagni á mörgum stöðum, en þörfin kallar núna að í flestum kaupstöðum landsins um þessa framkvæmd.

Þá leggjum við til, að til hafnarmannvirkja og lendingarbóta verði veittar 10 millj. kr. í stað 6.7 millj., sem eru í frv. Þessa þörf viðurkennir hv. meiri hl. n. fúslega, því að meiri hl. er með hækkunartill. En við teljum, að sú hækkun nái of skammt, og teljum, að með tilliti til þeirra stórkostlegu hafnarmannvirkja, sem nú eru víða í smíðum, sé ekki hægt að komast af með minna en 10 millj. kr. til hafnarmannvirkja og lendingarbóta.

17. brtt. okkar er við 14. gr. B. II og er um að hækka fjárveitingu til íslenzkra námsmanna erlendis úr 875 þús. kr., en sú upphæð hefur staðið óbreytt í mörg undanfarin ár og þannig í raun og veru farið minnkandi að kaupmætti. Við leggjum til, að hún hækki í 1 millj. kr.

Við 14. gr. B. XIV leggjum við til, að smáupphæð, þar sem fræðslumálastjóra er ætlað að skipta 60 þús. kr. til fyrrverandi barnakennara, verði 100 þús. kr. Við sjáum ekki fram á, að það sé fært að ætla fræðslumálastjóra að skipta 60 þús. kr. til margra fyrrverandi barnakennara. Okkar upphæð er að sjálfsögðu allt of lág líka og alls ekki til skipta.

Við sömu grein leggjum við til, að liðurinn um útgáfu námsbóka fyrir gagnfræðaskóla, sem er í frv. 10 þús. kr., verði 100 þús. kr. Við teljum, að það liggi í augum uppi, að það verði ekki einu sinni gefin út ein kennslubók fyrir gagnfræðaskólana með 10 þús. kr. framlagi, hvað þá heldur fleiri, en þarna er mjög mikil þörf fyrir hendi að sjá betur fyrir kennslubókum fyrir gagnfræðaskólana, og viljum við, eins og ég áðan sagði, að til þessa séu ætlaðar 100 þús. kr.

20. brtt. okkar er einnig við 14 gr. Það er í fyrsta lagi breyting á XXVIII. lið, fjárframlagi til Alþýðusambands Íslands. Í frv. er rekstrarstyrkur til Alþýðusambandsins 75 þús. kr. Við leggjum til, að þessi styrkur verði hækkaður í 150 þús. kr. Ef vikið er að hliðstæðum í frv., þá mætti kannske nefna einhver viðurkennd og gagnleg félagasambönd önnur, sem fjárveiting er til í fjárlagafrv. Dettur mér þá helzt í hug Kvenfélagasamband Íslands. Það hefur 150 þús. kr. rekstrarstyrk í frv. og hefur haft í mörg ár, en Alþýðusambandið hefur undanfarin tvö ár haft helming þeirrar upphæðar, eða 75 þús. kr. Það er þó ekki eingöngu vegna þess, að ég vilji gera

samanburð á þessum félagasamtökum, heldur af því, að Alþýðusambandið er í nokkrum vanda statt með sinn rekstur. Það hefur sem fastar tekjur skatta frá öllum meðlimafélögum sínum, og þessir skattar eru ákveðnir á alþýðusambandsþingum, en s. l. ár sýna reikningar sambandsins, að tekjurnar hrukku ekki fyrir gjöldum, var 109 þús. kr. rekstrarhalli hjá sambandinu. Það er því ærin þörf fyrir það hjá Alþýðusambandinu að fá auknar tekjur, og þykir mér ekki ósanngjarnt, að ríkissjóður rétti þar hjálparhönd, því að engan veginn verður sagt, að alþýðusamtökin séu þýðingarlaus aðili í þjóðfélaginu.

Þá leggjum við til, að til orlofsferða verkafólks verði varið 10 þús. kr. Það er nýr liður. Hliðstæður við þetta eru t. d. hjá Búnaðarfélagi Íslands. Þar er ætluð til fræðsluferða bænda sams konar upphæð, 10 þús. kr. Hin góða löggjöf, orlofslöggjöfin, hefur komið að miklu gagni, en hún kæmi þó að mestu og ánægjulegustu gagni, ef hægt væri að rétta fátækasta fólkinu örlitla hjálparhönd til þess að notfæra sér réttindi orlofslaganna. En einmitt þeir, sem snauðastir eru, eiga erfiðast með að fara í orlof, taka sér sumarfrí, þó að þeir jafnvel undir sumum kringumstæðum, eins og t. d. barnafjölskyldur, hefðu þess meiri þörf en nokkrir aðrir. Og fórnin væri ekki mikil frá ríkissjóði, einar 10 þús. kr.

Í þriðja lagi er hér till. frá okkur í minni hl. um, að til ráðningarskrifstofu í þjónustu framleiðsluatvinnuveganna undir forustu Alþýðusambandsins yrði varið 100 þús. kr. Mér hefur ekki fundizt það vera í því horfi, sem vera ætti, þegar fólk hefur verið að koma á útmánuðum norðan af landi og austan af landi og vestan af landi sökum atvinnuskorts þar til þess að leita sér atvinnu hér á Suðvesturlandi. Þá hefur það komið fyrir, og þess höfum við orðið varir í Alþýðusambandinu, að hópar af slíku fólki hafa staðið hér vegalausir í Reykjavík og ekki vitað, að þeir gætu snúið sér til neins ákveðins aðila til þess að komast í samband við þá aðila í atvinnulífinu, sem hefðu þörf fyrir vinnukraft þeirra. Hins vegar er til ráðningarskrifstofa á vegum ríkisstj. til þess að ráða fólk á Keflavíkurflugvöll, og þar er þess vegna til ákveðinn aðili til þess að snúa sér að. Mér fyndist, að það þyrfti sérstaklega að vera til ráðningarskrifstofa, sem beindi vinnuaflinu frá þessum svæðum, sem verða að leita hingað á veturna eftir atvinnu, að þjónustu og sambandi við framleiðsluatvinnuvegina. Út frá þessum sjónarmiðum er þessi 3. liður í till. fluttur.

Við 15. gr. A. VIII leggjum við til, að til bygginga bókasafna og lesstofa verði varið 200 þús. kr., en á frv. eru ætlaðar 50 þús. kr., og sjá allir, að það verða ekki byggðar neinar bókasafnsbyggingar eða lesstofur fyrir 50 þús. kr. Ef það ætti að vera aðstoð, þá nær sú aðstoð skammt, því að vitanlega yrði þarna um að ræða fleiri byggingar bókasafna og lesstofa.

Við sömu gr. A. XXVII leggjum við til um fjárveitingu til vísindamanna og fræðimanna, að í staðinn fyrir 135391 kr. komi 150 þús. kr. Það er nokkur prósenthækkun og mjög miðuð við það, sem mér virtist eiginlega vera samkomulag um í n. að hæri að hækka fé til skálda og listamanna. En þessum lið hafði ekki verið hreyft, og hygg ég, að það hafi fremur verið af vangá en af því, að n. öll væri ekki sammála um, að þessir liðir ættu að hækka báðir nokkurn veginn hlutfallslega.

Þá er á 16. gr. frv. fjárveiting, sem nemur 250 þús. kr., til leitar nýrra fiskimiða. Fróðir menn telja, að 250 þús. kr. í þessu skyni dugi til þess að halda togara úti í einn túr, svona 10 daga túr. Sú hefur samt orðið reyndin, að þegar togari hefur verið sendur til að leita nýrra fiskimiða, hefur það venjulega borið árangur og í einstöku tilfellum borið undraverðan árangur. Við teljum, að þessu verkefni í þjónustu sjávarútvegsins þurfi að gera betri skil, og leggjum til, að til þessa sé varið 1.5 millj. kr.

24. brtt. okkar er um það, að varið verði 10 millj. kr. til stuðnings bæjar- og sveitarfélögum til kaupa á fiskiskipum samkvæmt skilyrðum, er ríkisstj. kann að setja. Til þessa hlutverks er enginn eyrir ætlaður í fjárlagafrv., en við teljum, að þarna sé um mikið þarfamál að ræða til þess einmitt að undirbyggja atvinnulífið, þar sem það stendur höllum fæti, og til þess að stuðla að aukinni framleiðslu. Verðum við aldrei nógu vel undir það búnir, að við þurfum kannske innan stundar að byggja eingöngu á okkar framleiðsluatvinnuvegum og ekki á milljón krónum á dag frá Keflavíkurflugvelli. Og þá veitir ekkert af því að fara að rétta einstaklingum og sveitarfélögum hjálparhönd til þess að efla framleiðsluatvinnuvegina, og það verður þá fyrst og fremst að byrja á að afla nýrra skipa.

Á 16. gr. er fjárveiting til iðnlánasjóðsins upp á 300 þús. kr. Meiri hl. n. leggur til, að þessi liður sé lítils háttar hækkaður, og viðurkennir þar með, að þess sé full þörf, að iðnlánasjóður sé efldur. Við leggjum til, að í staðinn fyrir 300 þús. kr. til hans komi 1 millj. kr. Við teljum enn ríkari ástæðu til þess að sinna þessum gagnlega sjóði, þar sem ríkisvaldið hefur endanlega ekki getað efnt það loforð sitt að greiða fyrir Iðnaðarbankanum með stórri lánveitingu, sem honum var fyrir nokkuð löngu gefið vilyrði fyrir og mig minnir að hafi átt að nema 15 millj. kr., en er víst ófengin enn þá.

Þá er komið að hinu þýðingarmikla máli fyrir landsbyggðina, dreifbýlið, það eru raforkuframkvæmdir. Á frv. er till. um 5860000 kr. framlag til nýrra raforkuframkvæmda. Hv. frsm. meiri hl. vék að því, að upphæðin, sem í frv. væri, væri ófullnægjandi og það væri sýnt, að ef hún væri ekki hækkuð, yrði ekki hægt að standa við þau fyrirheit, sem ríkisstj. hefði gefið í 10 ára áætluninni um rafvæðingu landsins. Meiri hl. er því með till. um lítils háttar hækkun á þessum lið. En við teljum þá till. ófullnægjandi, ganga of skammt, og leggjum til, að fyrir 5860000 komi 15 millj. kr., og væri þá nokkru líklegra, að hægt væri að standa við gefin loforð í raforkuframkvæmdunum.

Þá er 27. till. okkar um það, að inn komi nýr liður, er heiti „til félagsheimilasjóðs“, og verði fjárveitingin til hans 2 millj. kr. Okkur er kunnugt um, að félagsheimilasjóður er í fjárþroti, að

félagsheimilabyggingar kalla að mjög víða um landið og þeim, sem fyrir þessum málum standa, eru nú gefin þau svör, að þeir geti ekki gert sér vonir á næstu 4—5 árum um að fá neina verulega aðstoð úr félagsheimilasjóði. Þegar svo er komið, sjáum við ekki annað fært en að tekin sé inn á fjárl. upphæð til þess að bæta úr þessu kyrrstöðuástandi.

Í fjárlagafrv. er á 17. gr. framlag samkv. lögum til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna. Við teljum, að það sé óviðunandi, eins og húsnæðismálum þjóðarinnar er komið, að ekki sé gerð tilraun til þess að gera byggingarsjóði kaupstaða og kauptúna mögulegt að hefja framkvæmdir á ný, en framkvæmdir á vegum sjóðsins mega nú heita stöðvaðar um allt land sökum fjárskorts. Leggjum við til, að tekið sé inn á fjárlagafrv. aukaframlag í viðbót við hið lögboðna framlag, og nemur þetta aukaframlag 4 millj. kr. Í beinu framhaldi af þessu teljum við, að í viðbót við lögboðið framlag til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum eigi að koma inn á frv. aukaframlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, að upphæð 2 millj. kr., og gerum okkur þó ljóst, að báðar þessar tölur eru of lágar, stórkostlega mikið of lágar, miðað við þörfina. En þessar tölur okkar eins og allar aðrar tölur í okkar brtt. eru miklu fremur miðaðar við getuna en þörfina.

30. till. okkar er um að fella niður útgjaldalið, sem er í fjárlagafrv. Það er liður, sem heitir „ráðstafanir vegna ófriðarhættu". Þessi liður hefur verið á fjárlagafrv. nokkuð mörg undanfarin ár, að upphæð 1 millj kr., og okkur er tjáð, að það hafi verið keypt talsvert mikið inn í landið af hjúkrunargögnum alls konar og þau séu geymd hér í pakkhúsum. En þetta hlýtur að vera orðinn nokkuð mikill „lager" og ekki alveg víst, ef við, sem við vonum, njótum friðar um mörg ár, að þessar birgðir verði allar í fullu gildi mörg ár. Við teljum því forsvaranlegt með tilliti til alls að fella liðinn um ráðstafanir vegna ófriðarhættu niður og spara þá milljón. Við teljum, að það sé tilvalið sem prófsteinn á það, hvort hv. meiri hl. er fáanlegur til að samþykkja nokkra sparnaðartill., að bera þessa till. fram, því að hún virðist vera sjálfsögð. Áður hafði ég gert grein fyrir sparnaðartill. um að láta sér nægja 1 millj. kr. til ferðalaga og samninga við erlend ríki og til þess að fara á alþjóðaráðstefnur.

Það, sem nú hefur verið gert að umræðuefni, er till. okkar viðvíkjandi hinum beina gjaldabálki, viðvíkjandi rekstrarútgjöldum á fjárlagafrv.

Þá erum við með einar fjórar eða fimm till. til breytinga á fjárfestingargreininni, 20. gr., og er þar fyrsta till. okkar sú, að til sementsverksmiðju verði ætlaðar 5 millj. kr. í staðinn fyrir 1 millj. kr. Okkur er tjáð, að hæstv. ríkisstj. sé búin að reyna mikið til þess að afla lánsfjár víða úti um lönd til sementsverksmiðjunnar, en þessar lánbeiðnir hafi gengið heldur erfiðlega. Víst er um það, að það dregst á langinn, að þetta þýðingarmikla stóriðnaðarfyrirtæki komist á fót, og teljum við því rétt, að á fjárlögum séu ætlaðar ekki minna en 5 millj. kr. til þess að flýta fyrir byggingu sementsverksmiðjunnar.

Næsta till. okkar við 20. gr. er um það, að til flugvallagerðar verði ætlaðar 5 millj. kr. í staðinn fyrir 2½ millj., sem lagt er til í frv. Það er kunnugt, að flugsamgöngurnar eru sívaxandi þáttur í okkar samgöngukerfi og staðir úti um land eru þannig settir sumir hverjir, að þeir eru svo til afskornir frá flugsamgöngum, njóta a. m. k. á engan hátt þess öryggis að því er snertir flugsamgöngur, sem þeir mundu njóta, ef komnir væru flugvellir í nágrenni þeirra. Verkefnin eru þarna mörg og stór og aðkallandi, og það vinnst seint, nema því aðeins að hægt sé að veita meira fé til flugvallagerðar en hægt hefur verið til þessa eða gert hefur verið til þessa. Þetta er sem sé tvöföldun á þeirri upphæð, sem er í frv.

Í þriðja lagi leggjum við til, að til kaupa á dieselrafstöðvum verði varið 1 millj. kr. í staðinn fyrir 650 þús. kr., sem frv. leggur til. Það er ómögulegt að mæla því í gegn, að þeir, sem hafa ekki möguleika til þess að fá raforku frá stóru vatnsaflsstöðvunum eða möguleika til að koma upp hjá sér einkavatnsaflsstöðvum og verða að búa við raforku frá dieselrafstöðvum, verða að sæta lakari aðstöðu um að fá raforku og fórna meiru fyrir það, og ber því að rétta þeim mönnum hjálparhönd með fjárveitingu á fjárlögum. Teljum við því nauðsynlegt, að þessi smáliður verði hækkaður lítils háttar.

Við leggjum svo enn fremur til, að breytt verði orðalagi á XXIV. lið 20. gr. á þann hátt, að liðurinn orðist svo: Til bæjar- og sveitarfélaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum. Fénu sé skipt af 5 manna nefnd, kjörinni hlutfallskosningu á Alþingi. — Verði ætlað til þessa í stað 5 milljóna 8 millj. kr. Það er ómögulegt að neita því, að fjárveitingin, eins og hún er orðuð og hefur verið orðuð að undanförnu í fjárlagafrv., verður nokkuð handahófskennd í framkvæmdinni. Það er hægt að vitna til margra dæma um það, að þessi fjárveiting hefur farið til einstakra manna til þeirra atvinnurekstrar, þó að viðkomandi sveitarfélag hafi í raun og veru ekki fengið til frjálsra umráða neitt atvinnubótafé. Stundum hefur þetta komið að gagni og stundum ekki, stundum verið ástæðulaust að veita einstaklingum slíkar fjárhæðir og að öllu leyti ótryggt um, hvernig þessu fé sé varið, ef ekki er betur um það búið. Við teljum langeðlilegast, að 5 manna nefnd, kjörin hlutfallskosningu á Alþ., fjalli um skiptingu á svona fé, úr því að því er ekki skipt hér af fjvn. eins og öðrum stórupphæðum í fjárlögum.

Síðasta brtt. okkar er allt annars eðlis en það, sem ég nú hef gert grein fyrir. Hún er um að verja 20 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1955 til fiskveiðasjóðs Íslands vegna bátasmíða innanlands. Við höfum ekki fengið nákvæmar upplýsingar um það, hver tekjuafgangur ríkissjóðs sé á árinu 1955, en þykjumst þó hafa nokkuð góðar heimildir fyrir því, að hann sé allverulegur, og til þess að minna á, að það sé gott, að Alþ. fái vitneskju um þetta mál, teljum við, að það sé tímabært að láta í ljós, að við gætum vel varið 20 millj. kr. af þessum tekjuafgangi til þess að greiða fyrir fiskibátasmíði innanlands. Við höfum keypt fiskibáta frá öðrum löndum á undanförnum árum í tugatali fyrir milljónatugi, sum árin meira að segja fyrir milljónatugi, og teljum slíkt óviðunandi og erum þeirrar skoð-

unar, að það sé rétt og sjálfsagt, að ríkissjóður greiði fyrir því, að við smíðum alla okkar fiskibáta innanlands sem allra fyrst, og þá ber auðvitað að rétta þeim mönnum, sem að því stæðu, hjálparhönd. Til þessa viljum við sem sé verja allt að 20 millj. kr. af tekjuafgangi yfirstandandi árs. Getur vel verið, að við tökum till. þessa aftur, ef við fengjum vitneskju um, að hæstv. ríkisstj. hefði hug á að sinna þessu verkefni.

Það er rétt, að ég geti þess, að tillögur okkar um hækkun á fjárfestingargreininni út af fyrir sig nema tæpum 10 millj. kr., 9.8, ef ég man rétt.

Nú er rétt, að ég að lokum gefi yfirlit yfir, hvernig fjárlagafrv. mundi líta út að lokinni 2. umr., ef allar brtt. okkar í minni hl. yrðu samþykktar. Þetta er gert upp í nál. okkar á þskj. 183, og er gerð grein fyrir því þar á þessa leið: Tekjurnar samkvæmt frv. eru 577285988 kr., hækkun samkv. till. okkar í minni hlutanum 60700000 kr. Yrðu þá samkvæmt því tekjurnar 637985988 kr. eða mjög í námunda við það, sem hv. meiri hl. hefur upplýst að tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári verði. Gjöldin samkv. frv. eru 515014140 kr., hækkun samkvæmt till. okkar 1 millj. 550 þús. Yrðu þá gjöldin samtals 513464140 kr. En við leggjum til, að gjöldin hækki um 36 millj. 922 þús., og yrðu þá rekstrargjöldin alls 550386140 kr. Samkvæmt því yrði rekstrarafgangur á frv. 87599848 kr.

Nú er rétt að geta þess, sem frsm. meiri hl. gat einnig um, að ákveðið hefur verið að geyma til 3. umr. till. á gjaldabálkinum vegna nokkurra liða, sem taka til sín verulegt fé. Þar er þá fyrst að nefna atvinnuleysistryggingarnar, sem talið er að muni kosta ríkissjóðinn um 14 millj. kr., almannatryggingarnar, sem talið er að muni þurfa að ætla 8—10 millj. kr., vegna launalaga 20—22 millj. kr. og svo vegna skólabygginga, ég veit ekki, hversu háa upphæð, en ég leyfi mér að nefna hér 5 millj. kr. Samtals er þá vitað um útgjöld, sem bíða 3. umr., nálægt 50 millj. kr. Þetta er einnig upplýst í nál. meiri hl. Auk þess teljum við, að gera þurfi ráð fyrir einhverri hækkun á 18. gr., ef að líkum lætur, og ýmsu smávegis, sem til kynni að falla og við áætlum 4—5 millj kr. En þó að tekið sé tillit til alls þessa, væri samt eftir rekstrarhagnaður, sem næmi 32—33 millj. kr. að samþykktum öllum okkar till. En þá er eftir að gera ráð fyrir því, sem við vitum nokkurn veginn að verður. Það er það, að till. meiri hl. og hinar sameiginlegu till. nefndarinnar allrar upp á nærri 29 millj. verða auðvitað samþykktar. En þegar búið væri að framkvæma þá sjálfsögðu athöfn, væri samt eftir 3—4 millj. kr. hagstæður jöfnuður á rekstraryfirliti fjárlagafrv.

Við teljum því, að það sé einsætt, að það beri að veita atvinnulífinu og öðrum nytjamálum, sem till. okkar fjalla um, þá aðstoð, sem við höfum hér lagt til, og að samþykkja hinar sameiginlegu till. nefndarinnar, af því að við erum sannfærðir um, að þetta er hægt með því að áætla tekjuhlið fjárlagafrv. nærri réttu lagi. Við viljum því treysta því, að hv. Alþ. sjái sér fært nú í fyrsta sinn á mörgum árum að afgreiða fjárlagafrv. með öðrum hætti en gert hefur verið, á þann veg, að tekjurnar séu áætlaðar nær hinu rétta, því að reynslan hefur staðfest mörg undanfarin ár allar þær till., sem minni hl. hefur gert til breytinga á tekjuáætluninni. Till. okkar núna eru byggðar á nákvæmlega sama grundvelli, og við vitum fyrir víst, að þær eru varlegar, eins og þær hafa verið varlegar undanfarin ár og reynzt vera það.

Ég skal að síðustu taka fram, að við áskiljum okkur í minni hlutanum rétt til að bera fram till., þegar við höfum nánar athugað, hvernig standa tekjur og gjöld áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölunnar. Allar okkar till. viðvíkjandi skólamálum, viðvíkjandi almannatryggingum, viðvíkjandi atvinnuleysistryggingum og vegna launalaga höfum við að sjálfsögðu látið bíða eins og meiri hlutinn og munum flytja brtt., ef við sjáum ástæðu til, eða skila sameiginlegum till. með meiri hluta n. um þá málefnaflokka.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil fyrst þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðsluna á fjárlagafrv. Hún hefur ekki dregizt lengur en gera mátti ráð fyrir. Það er ekki n. að kenna, ef svo tækist til, að ekki væri hægt að afgreiða fjárlagafrv. fyrir jól. Nefndin hefur gert það, sem af henni er frekast hægt að krefjast í sambandi við hraða á afgreiðslunni.

Ég vil rifja upp, að á fjárlagafrv. eru allar greiðslur ráðgerðar 577 millj. Hækkanir meiri hl. fjvn. eru ráðgerðar 29½ millj. Þá má gera ráð fyrir, að við 3. umr. hækki fjárlagafrv. aldrei minna en um 50 millj. Það er óhugsandi, eins og allt er í pottinn búið, að það verði minna, það gera nýju launalögin, framlög til almannatrygginga, sem vantar inn í frv., og atvinnuleysistryggingarnar nýju, sem á að lögleiða. Þá þarf að auka eitthvað framlög til skólamála, skólabygginga, frá því, sem er á frv., og fleira kemur til. Ég geri því ekki skóna, að hækkun við 3. umr. verði minni en 50 millj. Þá mundu fjárlögin vera komin upp í rúmar 650 millj. Gert er ráð fyrir því á fjárlagafrv., að tekjur alls verði 579 millj. Nú hefur hv. meiri hl. athugað tekjurnar, eins og þær voru 1. nóv., í samráði við fjmrn. og áætlað hækkun um 15 millj., en áskilur sér rétt til að breyta því, ef niðurstaðan í nóvembermánuði gæfi tilefni til þess. Samkv. till. n. yrðu þá tekjurnar metnar 594 millj. Þá mundi vanta samkvæmt þessu milli 50 og 60 millj. kr. til að brúa það bil, sem á fjárlögunum væri orðið við 3. umr. Nú má vera, að það sýni sig, að það megi lyfta tekjuáætluninni eitthvað. Ég vil ekki fortaka, að það mætti lyfta henni eitthvað, en það verður aldrei stórvægilegt. Þess vegna er augljóst, eins og ég benti á við framsögu þessa máls, að hv. Alþ. stendur frammi fyrir því í fyrsta skipti nú um mörg ár, að það verður ekki hægt að koma saman greiðsluhallalausum fjárlögum nema með því að gera nýjar ráðstafanir til tekjuöflunar. Þetta eru mikil tímamót að því leyti til, að nú undanfarin 4 ár hefur verið hægt að lækka skatta og tolla eitthvað á hverju ári. Nú ætla ég ekki að fara að rekja ástæðurnar fyrir þessu, vegna þess að ég þóttist gera það í framsöguræðunni um fjárlagafrv. og vísa til þess, enda er vafalaust eftir að ræða mikið um þær almennt. Ég vil aðeins benda á það enn á ný, að nú stönd-

um við frammi fyrir þessu. Þetta er það verkefni, sem verður að finna lausn á fyrir 3. umr. fjárlaga.

Menn greinir nú enn nokkuð á um það, hvað áætla eigi ríkistekjurnar á næsta ári, hv. meiri hl. og hv. minni hl., hv. stuðningsmenn stjórnarinnar annars vegar og hv. stjórnarandstæðinga hins vegar. Ég er sammála meiri hl. um, að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að tolltekjur verði eins miklar á næsta ári og þær verða í ár. Það eru tvær ástæður aðallega, sem koma þar til greina. Annað er, að nú í ár verður eitthvað meira flutt inn en hægt verður að borga með gjaldeyristekjum ársins; hversu miklu meira, skal ég ekki segja, en eitthvað meira verður flutt inn. Gjaldeyristekjur þessa árs hafa þó verið óvenjulega miklar. Það er þess vegna ekki hægt að gera ráð fyrir því, að það verði mögulegt á næsta ári að flytja eins mikið inn. Hitt er, að inn hafa verið fluttir á þessu ári óvenjulega margir bílar og af þeim eru óvenjulega háir tollar. Það eru milljónatugir, sem ríkissjóður hefur haft í tolltekjur af bílainnflutningnum. Ef bílarnir hefðu ekki verið fluttir inn, hefði náttúrlega verið flutt inn eitthvað meira af öðrum vörum að sjálfsögðu. Það hefði ekki allt verið lagt fyrir, sem farið hefur í bílakaup, það er fjarri því. En það hefðu ekki orðið jafntollháar vörur og bílarnir eru og ekki gefið ríkissjóði eins miklar tekjur. Það er augljóst, að á næsta ári verður ekki svona mikill bílainnflutningur. Gjaldeyrisástæður leyfa það ekki með neinu móti eða ástæður yfirleitt, og þess vegna má gera ráð fyrir, að þetta segi til sín á næsta ári. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að beinu skattarnir verði hærri næsta ár, vegna þess að tekjur manna hafa í krónutali verið hærri á þessu ári en á árinu 1955.

Þegar þetta dæmi er gert upp í heild, sýnist mér augljóst, að það sé ekki með nokkru móti hægt að gera ráð fyrir meiri heildartekjum á næsta ári en ríkissjóður hefur í ár, fremur minni, og þá verður niðurstaðan, að þó að hægt kunni að vera að teygja eitthvað örlítið meira tekjuáætlunina við 3. umr., þá verður það ekki svo, að neitt verulega dragi, og augljóst af þessu öllu saman, að ekki verður hægt að komast hjá því að afla nýrra tekna, sem nema verulegum fjárhæðum.

Þá vil ég minna á, að í þessu fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir neinum uppbótargreiðslum til atvinnuveganna, enda þótt því sé yfir lýst af ríkisstj., hún hafi heitið að beita sér fyrir útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðir, og einnig vitað, að ekki verður hægt að komast hjá því að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Það er ekki gert ráð fyrir neinu slíku í fjárlagafrv. og yfirleitt ekki fyrirhugað að blanda þeim málum inn í fjárlagaafgreiðsluna, heldur verði málefni framleiðslunnar tekin út af fyrir sig.

Hv. frsm. minni hl. gerði nokkra grein fyrir till. þeirra í minni hl., og skal ég ekki fara um þær mörgum orðum. Ég vil þó aðeins benda á, til hvaða niðurstöðu þeirra afstaða mundi leiða, því að mér fannst það ekki vera nægilega glöggt, sem hv. frsm. sagði um það atriði. Mér fannst vanta örlítið í þá mynd, sem hann dró upp, eða réttara sagt ályktanirnar, sem hann dró af því, sem hann sagði. Hv. minni hl. leggur til, að útgjöldin á rekstrarreikningi verði hækkuð um 36.9 millj. og á 20. gr. um 9.8 millj. Þá eru þeir meðmæltir till. meiri hl., sem nema 29.5 millj., m. ö. o.: þeir vilja við 2. umr. hækka fjárlagafrv. um 76 millj. Þá er, eins og hv. frsm. minni hl. raunar sagði, ekki líklegt, að þeir né aðrir komist hjá því við 3. umr. að samþ. hækkun upp á 50—55 millj. Ég held, að hann hafi gert ráð fyrir 55 millj. Og ef við tökum hans áætlun í þessu efni, sem vel má vera nærri lagi, mundi fjárlagafrv. hækka um rúmar 130 millj., ef þeirra afstaða fengi að ráða, eða um 46 millj. meira en meiri hl. hefur lagt til og hefur áætlanir um að leggja til við 3. umr. Nú eru útgjöldin á fjárlagafrv., eins og það lá fyrir, áætluð 577 millj., þannig að þá mundu útgjöldin samkv. afstöðu minni hl. verða um 708 millj. Það er því þeirra afstaða, að þau ættu að verða sem næst því. Þeir gera ekki ráð fyrir því, að nein tekjuöflun þurfi að koma til, og er þá víst, að samkv. þeirra till. væri greiðsluhalli alveg gefinn, því að það er alveg óhugsandi, að fært sé að gera ráð fyrir því, að á næsta ári geti óbreyttir tekjustofnar staðið undir 708 millj. Tekjur ársins í ár nálgast ekki þá fjárhæð, og það hafa hér verið færð rök fyrir því, að það er mjög hæpið að gera ráð fyrir, að næsta ár geti orðið jafngott tekjuár og þetta, og varlegra að gera ráð fyrir því, að það verði lélegra tekjuár. Þá mundu bætast við þessar 708 millj. alveg óhjákvæmilegar umframgreiðslur, því að það er alveg sama, hvernig farið er að, það er aldrei hægt að komast hjá þeim; það koma fyrir alls konar áföll, sem ómögulegt er annað en að mæta með stuðningi af hendi ríkissjóðs. Mér þætti því ekki ólíklegt, að með þessari afstöðu minni hl. mundi stefnt að því, að landsreikningur fyrir árið 1956 kæmist upp í 750—760 millj. a. m. k. og greiðsluhalli stórfelldur. Þetta vildi ég benda á. Þó að þetta sé ekki mikið önnur mynd en sú, sem hv. frsm. minni hl. gaf, tölulega séð, þá dreg ég aðrar ályktanir en hann um horfurnar, ef þeirra afstaða réði afgreiðslunni.

Ég vil svo segja það að lokum út af einni brtt. frá hv. minni hl., að verja 20 millj. af tekjuafgangi 1955 til fiskveiðasjóðs Íslands, að ríkisstj. mun á sínum tíma leggja fyrir hv. Alþ. till. um ýmis framlög af greiðsluafgangi þessa árs, sem er að líða, og þá verður fiskveiðasjóði áreiðanlega ekki gleymt. Hann verður ein sú stofnun, sem ríkisstj. mun leggja til að njóti góðs af greiðsluafganginum. Auðvitað ráða hv. tillögumenn, hvað þeir gera við till. nú við 2. umr., en ég vildi gefa þessar upplýsingar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. (HV) hefur nú þegar gert allýtarlega grein hér fyrir afstöðu okkar, sem erum í minni hl. fjvn., og rakið þær till., sem við flytjum hér til breytinga á frv., svo að ég get stytt mál mitt verulega, en vildi þó víkja að nokkrum atriðum í sambandi við afgreiðslu málsins og með nokkrum orðum að örfáum af till. okkar.

Það er hverjum manni ljóst, að það, sem er

aðaleinkenni við afgreiðslu þessara fjárl., er hið sama nú og jafnan áður, að fjárl. fara verulega hækkandi, og þó fyrst og fremst það, að útgjöld öll við embættiskerfi ríkisins vaxa meira en allt annað, vaxa mest. Ég hef bent á þetta áður hér við afgreiðslu fjárlaga. Ég vil aðeins í þessu efni minna á það, að samkvæmt frv., eins og það liggur fyrir, vaxa útgjöldin í sambandi við útgjöld ríkisstj. sjálfrar um rúmlega 20%, embættiskostnaður sýslumanna og bæjarfógeta hækkar rétt um 30% og lögreglukostnaður t. d. í landinu hækkar um rúmlega 40%, innheimta skatta og tolla hækkar um 25%. Svona er þetta á þessu frv., og svona hefur þetta verið á undanförnum árum. Hækkunin í sambandi við embættisgerðir hefur alltaf verið mest, og þar er ekki því til að dreifa nema að litlu leyti, að um beinar kauphækkanir sé að ræða. Að nokkru leyti er auðvitað um kauphækkanir að ræða í þessu efni, en hitt veldur þó meiru um, að það er bein útþensla í embættiskerfinu. Það er sí og æ í öllum stofnunum verið að fjölga starfsmönnum, verið að bæta við þann kostnað, sem leggst á embættisreksturinn.

Í sambandi við þetta hefur stundum verið að því vikið, að við, sem minni hlutann skipum, höfum ekki flutt till. um lækkun á þessum útgjöldum, og svo er enn í þetta sinn. Ástæður til þess eru nú hinar sömu og áður, sem við höfum áður greint frá, að það er mjög erfitt fyrir einstaka alþm. eða minni hluta í fjvn. að koma fram með till., sem eiga að fara í þá átt að lækka eða draga úr þeirri útþenslu, sem orðið hefur á undanförnum árum í embættiskerfi ríkisins, koma fram með till. um að fækka í þessari stofnun um þrjá menn, í hinni um fimm menn og enn annarri um einn mann o. s. frv.

Samdráttur að nýju í embættisbákninu verður varla gerður beint af Alþ. Það verður að vera verk ríkisstj. eða sérstaklega til þess kjörinnar n., en vilji Alþ. getur hins vegar greinilega komið fram í umsögnum manna hér á Alþ. um þetta efni.

Það er svo vitanlega allsendis ófullnægjandi í þessum efnum, þegar staðreyndirnar sýna, að embættisbáknið stækkar sí og æ, að vísa þá í sífellu til þess, að starfandi sé sparnaðarnefnd, sem eigi að athuga þetta mál, eða að sparnaðarnefnd hafi lagt fram ýmsar till. um þessi efni, en enn sé ekki búið að taka þar um neinar ákvarðanir. Vitanlega er það á valdi ríkisstj. að koma í veg fyrir þetta, en sú stefna kemur ekki enn fram í þessu frv.

Þá er það enn annað atriði, sem einkennir afgreiðslu þessara fjárl. eins og annarra á undanförnum árum, en það er hin áberandi ranga tekjuáætlun fjárlagafrv. Reynslan hefur nú sýnt það, að á undanförnum árum hefur það verið svo, að áætlanir um tekjur ríkissjóðs hafa verið of lágar um hartnær 100 milljónir kr. á hverju ári í nokkur undanfarin ár. Við, sem höfum verið í minni hl., höfum allajafna lagt til, að tekjurnar yrðu áætlaðar nokkru hærri, en það hefur ekki fengizt samþ. Hið sama gerist enn að þessu sinni. Nú er lagt til að áætla tekjurnar nokkru lægri en þær reynast á þessu ári, en vitanlega eru engin rök fyrir því að leggja slíkt til. Það bendir þvert á móti allt til þess, að tekjur ríkissjóðs muni enn fara vaxandi. Framleiðsla þjóðarinnar vex. Aflaskýrslur sýna, að aflinn hefur farið verulega vaxandi á undanförnum árum, og full ástæða er einmitt til þess að búast við því enn, að aflinn muni fara vaxandi með aukinni friðun við strendur landsins og einnig með verulegri aukningu á skipastól landsmanna, sem einmitt er að fara fram um þessar mundir. Það má því telja alveg víst, að gjaldeyristekjurnar fara vaxandi og innflutningur mun einnig fara vaxandi sem afleiðing af því.

En það virðist vera beinlínis stefnuatriði hjá hæstv. ríkisstj. að áætla tekjurnar alltaf sem kallað er varlega eða miklu lægra en allir vita að tekjurnar muni verða, til þess að ríkisstj. sjálf geti á þann hátt tekið í sínar hendur verulegan hluta af fjárveitingavaldinu, sem annars tilheyrir sjálfu Alþingi.

Ég tel, að þessi tvö atriði, hin greinilega og glögga útþensla í embættisbákni ríkisins, þar sem útgjöldin hækka mest, og hin áberandi ranga tekjuáætlun á frv., séu höfuðatriði eins og fyrri daginn í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv.

Við sósialistar höfum margsinnis lýst því yfir, að við erum andvígir þessu. Við teljum, að í þessum efnum sé ranglega á þessu haldið og það beri að hafa þetta fremur á þá lund, sem við höfum lagt til á undanförnum árum.

Ég vil svo víkja með örfáum orðum að nokkrum till. okkar í minni hl., aðeins örfáum, því að annars hefur frsm. frá okkar hálfu, hv. 3. landsk., gert till. full skil.

Ein till. okkar gerir ráð fyrir því, að framlag til leitar að nýjum fiskimiðum verði hækkað úr 250 þús. kr. í 1½ millj. Ég tel, að það sé full ástæða að undirstrika nauðsyn þess, að þessi till. okkar verði samþ. Það viðurkenna nú allir, að leit að nýjum fiskimiðum er mjög þýðingarmikil fyrir framleiðsluna í landinu, og að því litla leyti sem leitað hefur verið að fiskimiðum, hefur það ævinlega skilað miklum ágóða. Fyrir rúmu ári var togari tekinn á leigu í eina veiðiför til þess að leita að nýjum karfamiðum, og honum var heitið nokkrum styrk. Þessi togari þurfti ekki á þessum styrk að halda í það skiptið, því að hann var tiltölulega heppinn í sinni leit, hann fann ný karfamið, og á þeim karfamiðum veiddi íslenzki togaraflotinn karfa þá um haustið, sem nam að útflutningsverðmætum yfir 30 millj. kr. Það var því ekkert um að villast, að þessi fiskimiðaleit bar sannarlega góðan árangur í þessu tilfelli. En hvað gilda í rauninni 250 þús. kr. til þess að leita að nýjum fiskimiðum, t. d. á djúpmiðum eða fyrir togaraflotann? 250 þús. kr. jafngilda rekstri venjulegs nýsköpunartogara í 11—12 daga. Hér er því aðeins um að ræða að taka á leigu nýsköpunartogara í um það bil hálfan mánuð eða tæplega það til rekstrar í þessu skyni. Þetta er vitanlega allt of lítið, og það mundi margborga sig fyrir þjóðarheildina að samþykkja í þessu efni okkar till. eða hækka þetta upp í 1½ millj., auk þess sem það er svo vitað, að það þarf einnig að verja nokkru fé til fiskimiðaleitar fyrir aðra en togarana. Þar kemur til greina ýmis önnur veiði, þar sem tilfinnanleg nauðsyn er á að leita eftir fiskimiðum einnig.

Þá flytjum við till. um breytingu á 20. gr. varðandi atvinnubótafé. Þar leggjum við til, að nokkru meira fé verði varið í þessu skyni, í staðinn fyrir 5 millj. komi 8 millj. En hitt skiptir þó ekki minna máli, að við leggjum til, að orðalagi í sambandi við þessa fjárveitingu verði breytt, að það verði ekki, eins og segir nú í fjárlagafrv., „samkvæmt úthlutun ríkisstj.“ og jafnóbundið og segir í frv., heldur verði þessu úthlutað af sérstakri þingkjörinni fimm manna n., og enn fremur, að úthlutun á þessu fé verði bundin við bæjar- og sveitarfélög. Ég hef áður minnzt á það hér, að úthlutun á þessu atvinnubótafé er í rauninni hreinasta hneyksli, eins og hún hefur farið fram á undanförnum árum. Ríkisstj. hefur þarna tekið á ári hverju 5 og upp í 8 millj. kr. og hagar þessari úthlutun þannig, að um algera misnotkun á opinberu fé er að ræða. Það hefur sem sé komið í ljós, að þessu atvinnubótafé hefur ekki verið úthlutað til bæjar- og sveitarfélaga eða þeirra aðila í landinu, sem almennt hefur verið talið sjálfsagt að veita fé, eða þeirra, sem eiga að ráða fram úr atvinnuvandræðum á hverjum stað, heldur hefur ríkisstj. tekið upp þann háttinn að verja þessu fé til einstakra manna í ýmsum tilfellum, og það er ekki annað hægt að sjá í mörgum tilfellum en að ríkisstj. hugsi sér þetta fé á þá lund, að hún geti látið óánægða flokksmenn sína hafa þetta, eftir því sem þau mál annars liggja fyrir hjá stjórninni. Sumir þeir, sem fá þetta fé, fá það sem óafturkræfan styrk, aðrir fá það í lánsformi. Í sumum tilfellum fá sveitarfélögin féð, í öðrum tilfellum eru það einstaklingar eða hlutafélög. Sumir fá þetta einvörðungu til þess að kaupa sér ný atvinnutæki, en aðrir fá þetta sem beinan styrk eða lán til þess að standa undir almennum og venjulegum rekstri. Sumir fá þetta til þess að kaupa sér nýja fiskibáta, aðrir til þess að lappa upp á gamla báta eða skipta um vél í bát. Sumir fá þetta til kartöfluræktar eða í styrk með kartöfluræktar, og annað er eftir þessu. Það er greinilegt, að við úthlutun á þessu fé er ekkert samræmi á neinn hátt. Ég skal rétt til fróðleiks nefna það, að í þau 5 ár, sem úthlutun hefur verið á atvinnubótafé, hygg ég, að allir staðir á landinu utan Faxaflóans, sem nokkrir staðir eða þorp geta talizt, hafi orðið aðnjótandi að þessu fé flest árin nema Neskaupstaður. Það var lengi þannig, að hann gat alls ekki fengið neitt fé í sambandi við þessa fjárveitingu. En svo vildi það til, að eitt árið var úthlutað nokkru af þessu fé í sambandi við byggingu á fiskhjöllum, og þá var þó brotin aðalreglan, sem var sú, að þetta ætti að fara til atvinnuaukningar utan hins yfirspennta atvinnusvæðis, sem hér var við Faxaflóa, t. d. utan Reykjavíkur, en þá hafði bæjarútgerðin í Reykjavík fengið nokkurn styrk til þess að byggja fiskhjalla. Og þegar við í Neskaupstað sóttum þá um styrk árið eftir og bárum það fyrir okkur, að meira að segja þeir í Reykjavík hefðu fengið styrk, þá fengum við í eitt skipti 100 þús. kr. Öll hin árin hafði okkur verið neitað um styrk í þessu efni.

Þegar við höfðum orðið fyrir allmiklu óhappi með því að missa eitt okkar mesta atvinnutæki, sóttum við um atvinnubótafé og reiknuðum með því að fá þar nokkurn styrk. En þó að væri búið að úthluta Neskaupstað það álitlegri upphæð, að heimastaðurinn væri vel ánægður með, var ekki aldeilis laust féð. Það var sem sagt alveg ákveðið, að Neskaupstaður sem slíkur, bæjarstjórnin í Neskaupstað, skyldi ekki fá eina krónu, og það mátti ekki fara eftir neinum till. hennar í þessum efnum, heldur er þá tekið það ráð, að um greinilega pólitíska úthlutun á fénu var að ræða; einstakir menn fá þetta fé, þvert ofan í till. viðkomandi bæjarstjórnar og gegn beinum mótmælum hennar, og það efast enginn um, sem þar þekkir til, að þar var hver króna notuð dyggilega til pólitísks ávinnings. Svona framkoma með opinbert fé er vitanlega stórvítaverð, og það nær engri átt, að ríkisstj. eða tveir stjórnmálaflokkar, sem að henni standa, geti tekið ákveðna fjárupphæð á ári hverju, 5—8 millj., og mylgrað henni út sem styrkjum eða lánum eftir pólitísku sjónarmiði þeirra, sem að stjórninni standa, á þann hátt, sem nú hefur verið gert. Lágmarksskilyrði í þessum efnum er, að þetta atvinnubótafé gangi til bæjar- og sveitarfélaga og að viðkomandi sveitarfélög fái svo að ráðstafa þessu fé, annaðhvort í samráði við ríkisstj. eða eftir þar til settum reglum.

Það er vitanlega harla einkennilegt, þegar tveim stöðum hlið við hlið úti á landi er gert svo mishátt undir höfði, að á öðrum staðnum fær einstaklingur 100 þús. kr. lán til byggingar fiskibáta af ákveðinni stærð, en á næsta stað við fái einstaklingarnir annaðhvort ekki neitt eða þá að þeir fá helmingi lægri styrk en á hinum.

Þá verð ég að segja það, eins og ég hef vikið hér að áður, gerði á s. l. ári, að ég kann heldur illa við, að það sé hægt að fara þann veg með þetta fé, að t. d. einstakir þm., eins og dæmi eru til um, geti fengið 200—300 þús. kr. að láni af atvinnubótafé og komi svo með það heim í sitt kjördæmi og ráðski með það í sambandi við eigin rekstur eða annarra, vitanlega sér til hagnaðar. Þetta er alger misnotkun á almannafé, að halda svona á málunum, en það er þetta, sem hefur verið gert, og þannig er skipulagið nú í dag í þessum efnum.

Í sambandi við dæmið frá Neskaupstað, sem ég minntist hér á, skal ég geta þess, að þeir aðilar, sem áttu að hafa með höndum skiptingu á þessu atvinnubótafé, sögðu við mig, að það hefði ekki verið gert allajafna að úthluta þessu fé til einstaklinga þvert ofan í till. viðkomandi sveitarstjórnar, en í sambandi við Neskaupstað hikaði ríkisstj. ekki við að gera það eða sá ráðh., sem tók sér það vald.

Það er því full ástæða til þess, að hv. alþm. athugi það, hvernig er háttað úthlutuninni á atvinnubótafé og hvort ekki er rétt að hafa þá tilhögun á þessu, sem við í minni hl. leggjum til, þar sem við förum fram á, að það verði þingkjörin n., sem úthluti þessu fé og bindi það þá væntanlega við einhverjar fastar reglur, veiti það fyrst og fremst til sveitarfélaga, en ekki til einstaklinga.

Ég vil t. d. benda á, að það er vitanlega höfuðskilyrði, þegar um fjárframlög til bátabyggingar er að ræða, að það sé tryggt, að viðkomandi bátur, sem byggður er fyrir atvinnubótafé á ein-

um stað, verði gerður út frá þeim stað, sem féð átti að veitast til, en ekki að nafn staðarins sé notað að yfirvarpi og báturinn svo gerður út á allt öðrum stað. En eins og fjárveitingunum nú er háttað, er engin trygging fyrir þessu.

Ég tók eftir því, að í þeim fáu orðum, sem hæstv. fjmrh. lét hér falla í sambandi við afgreiðslu þessa máls nú við þessa umr., lagði hann á það talsverða áherzlu, að afgreiðsla fjárl. færi fram út af fyrir sig eða óbundin af afgreiðslu Alþ. á málefnum atvinnuveganna. Ég fyrir mitt leyti tel, að þetta sé algerlega röng málsmeðferð. Ég álít hins vegar, að fjárlög séu þess eðlis, að það sé fyllsta ástæða til þess að taka þar fullt tillit til lausnar á því mikla vandamáli að tryggja öruggan gang framleiðslunnar, og að það sé í rauninni ekki sæmandi að afgreiða svo fjárl. fyrir árið, að það sé ekki búið að tryggja um leið, að framleiðslan gangi nokkurn veginn hindrunarlaust. Mér þykir það t. d. harla einkennilegt, ef Alþ. velur þá leið að gera hér samþykkt um tekjuöflun upp á 40—50 eða jafnvel 60 millj. kr. til þess að ná vel saman endum hér á fjárl., en láti hins vegar afskiptalaust, að enn er ekki búið að leysa þann mikla vanda, sem er í sambandi við að tryggja útgerð bátaflotans í landinu og útgerð togaranna á næsta ári. Fjárl. hljóta vitanlega að vera svo nátengd gangi atvinnulífsins í landinu, að það er í sjálfu sér ómögulegt að slíta þetta í sundur. Það er ekki hægt að hugsa sem svo: Ja, fyrst er nú að bjarga fjárl., ef þau komast einhvern veginn heil í gegn, þá verða guð og lukkan að ráða hinu, hvort nokkuð verður rekið af atvinnulífi landsmanna. — Þannig er vitanlega ekki hægt að hugsa, og fjárl. eiga ekki að hafa neinn forgang í þessum efnum, nema síður sé. Ég tel því fyrir mitt leyti, að það sé einmitt full ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. lýsi við afgreiðslu fjárl. einhverju yfir í sambandi við lausn útgerðarmálanna á komandi árum. Það er og alveg vitanlegt mál, að samtök útvegsmanna eru búin að tilkynna stöðvun, bæði bátaflotans og togaranna, frá næstu áramótum, hafi ekki tekizt samningar, sem útvegsmenn telji viðunandi til þess að tryggja reksturinn. Og ég vildi fyrir mitt leyti við þessa umr. inna eftir því við hæstv. ríkisstj., hvort hún hafi ekki í undirbúningi till. til þess einmitt að tryggja lausn þessa vanda engu síður en till. um að tryggja ríkissjóði 50—60 millj. í auknar tekjur frá því, sem verið hefur.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Mér skildist hér á hæstv. forseta áðan, að hann væri að mælast til þess, að ég talaði hér fyrir þeim brtt., sem við þm. Þjóðvfl. höfum lagt fram á þskj. 185 við fjárlagafrv., enda þótt svo fámennt væri nú á fundi, að ekki væri hægt að leita afbrigða með venjulegum hætti, og ég mun því verða við þessum vinsamlegu tilmælum hæstv. forseta.

Ég vil byrja mál mitt á því að mótmæla þeirri aðferð, sem hér er höfð við þessa umr. Í fyrsta lagi finnst mér ástæða til að mótmæla því, hve naumur tími er gefinn þeim, sem ekki eiga aðgang að fjvn. og ekki sæti þar, til þess að undirbúa till. og leggja þær fram. Þessi tími hefur nú reynzt svo naumur, að það eru ekki einu sinni tök á því að fá till. prentaðar og leita afbrigða með eðlilegum hætti, þannig að þær geti komið til umr. eins og þingsköp gera ráð fyrir.

Í öðru lagi hefur þm. ekki að þessu sinni gefizt nægilegt tóm til þess að athuga þær brtt., sem koma frá hv. fjvn. sjálfri, bæði meiri hl. og minni hl. Þaðan kemur fjöldi brtt., sem meginþorri þingheims hefur enga aðstöðu né tækifæri til þess að gera sér grein fyrir, til að gera upp við sig, hvort þær séu rökstuddar og þá á hvern hátt eða hvort þær séu algerlega órökstuddar. En hæstv. ríkisstj. tekur ekkert tillit til þessa. Hana varðar ekkert um það, hvort hægt er að gera skynsamlega grein fyrir þessum málum, þó að þetta sé aðalmál þingsins, sjálft fjárlagafrv., aðeins ef því er er hespað af eftir hennar eigin geðþótta og þegar henni sjálfri sýnist. Hún tekur ekkert tillit til þess, hvort það er eðlilegt eða ekki, að þm. stjórnarflokkanna sé bókstaflega ætlað að samþ. það, sem meiri hl. fjvn., þ. e. a. s. þm. stjórnarflokkanna í fjvn., hefur borið hér fram, án þess að þeim gefist nokkur kostur á að kynna sér málið og mynda sér sjálfir skoðun á því. Þessu vil ég algerlega mótmæla.

Enn vil ég svo mótmæla því, að fjárlagafrv. sé tekið hér til 2. umr. og atkvgr., af þeim sökum, að einn af megintekjuliðum þessa fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir, á enga stoð í lögum enn þá fyrir árið 1956, þ. e. a. s. söluskatturinn. Um hann hefur aðeins verið borið fram frv. hér á þingi, var lagt fram í upphafi þings, og þessu frv. hefur verið vísað til 2. umr. og n. Það hafa verið bornar fram við það brtt., en síðan hefur ekkert af þessu frv. heyrzt. Ef á að fara að samþ. þennan tekjulið hér við 2. umr., án þess að hann eigi nokkra stoð í lögum og ekkert sé raunverulega vitað eða hægt að vita um það, hvernig honum reiðir af hér í þinginu, þá vil ég algerlega mótmæla þeirri málsmeðferð.

Að svo mæltu mun ég gera nokkra grein fyrir þeim brtt., sem við þm. Þjóðvfl. flytjum hér á þskj. 185.

Ég vil þá byrja með að minna á þá staðreynd, að allmörg undanfarin ár hafa tekjuáætlanir á fjárl. reynzt mjög verulega rangar. Þessar tekjuáætlanir hafa reynzt þannig á árunum 1951—54 sem ég skal nú greina frá:

Árið 1951 voru tekjur ríkissjóðs á fjárl. áætlaðar 297 millj., en urðu samkvæmt ríkisreikningi þess árs 413 millj., eða umframtekjur 116 millj. kr.

Árið 1952 voru tekjurnar áætlaðar 376 millj. kr., en urðu samkvæmt ríkisreikningi 420 millj. kr., eða fóru 44 millj. kr. fram úr áætlun.

Árið 1953 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar á fjárl. 418 millj., en urðu 510 millj., eða fóru 92 millj. kr. fram úr áætlun.

Árið 1954 voru tekjurnar á fjárl. áætlaðar 443 millj. kr., urðu 551 millj. kr., eða fóru 108 millj. kr. fram úr áætlun.

Á þessum fjórum árum fóru ríkistekjurnar því samtals fram úr áætlun um 360 millj. kr.

Af því, sem ráðið verður af fjárhagsafkomunni 1954 og því bráðabirgðayfirliti, sem nú liggur fyrir um ríkistekjurnar til októberloka 1955, má

gera ráð fyrir, að ríkistekjurnar fari fram úr áætlun á árinu 1955 um allt að 140 millj. kr. Á fimm árum færu því ríkistekjurnar fram úr áætlun um 500 millj. kr. samtals. Þessari gífurlegu upphæð hafa ríkisstj. þessara ára að verulegu leyti ráðstafað heimildarlaust og þannig framið mjög stórfellt lagabrot, vegna þess að fjárl. eru afgr. í lagaformi og ríkisstj. hefur að sjálfsögðu enga heimild til að ráðstafa tekjum ríkisins, almannasjóði, án heimildar frá Alþ. Þetta er komið upp í þann vana hjá hæstv. ríkisstj., að hún er farin að telja þetta sjálfsagðan hlut, og hæstv. fjmrh. gerði ráð fyrir því í ræðu sinni áðan, að þetta væri algerlega óhjákvæmilegt, og áætlaði lauslega, að á næsta ári yrði ríkisstj. að hafa 50—60 millj. kr. óráðstafaðar tekjur af hálfu Alþingis, sem hún gæti ráðstafað að eigin vild í umframgreiðslur og ýmislegt annað.

Þessari aðferð verður að sjálfsögðu aldrei nógsamlega mótmælt. Við þm. Þjóðvfl. höfum á þeim þingum, sem við höfum átt sæti, sífellt reynt að fá tekjuáætlun fjárl. færða í rétt horf eða eins rétt horf og tök voru á að gera sér grein fyrir. Þó höfum við alltaf hagað okkar till. á þann veg, að það væri öruggt, að ekki væri um of háar áætlanir að ræða, og tekið það fram við umr. um þessi mál, að okkur væri ljóst, að við hefðum áætlað tekjurnar mjög varlega og gerðum það í því skyni, að það væri ekki hægt að andmæla þeim eða greiða atkv. gegn þeim á þeim forsendum, að þær væru vísvitandi of hátt áætlaðar, enda hefur enginn orðið til þess, að því er ég man, að halda því fram, að okkar áætlanir í þessu efni væru vísvitandi rangar.

Hins vegar hefur, eins og öllum er ljóst, aldrei tekizt að fá þessar till. samþ. Á þinginu 1953 bárum við þm. Þjóðvfl. fram till. um að hækka tekjuáætlun ríkissjóðs um samtals 37 millj. kr. Tekjurnar voru það ár áætlaðar, eins og ég las áðan, 443 millj. Við lögðum til, að þessi áætlun yrði hækkuð um 37 millj. eða í 480 millj., en þetta felldu stjórnarflokkarnir.

Hv. 2. þm. Eyf. (MJ) sagði við umr. um þessar till. okkar þjóðvarnarmanna, „að þær væru vægast sagt mjög hæpnar, og hefðu enda naumast verið fram settar, ef þessir hv. þm. hefðu búizt við, að þær yrðu samþ., eða a. m. k. ef þeir hefðu átt að bera ábyrgð á fjármálastjórninni næsta ár". Síðan bætti hv. 2. þm. Eyf. við: „Þá eru líkur til, að það hefði nokkuð kveðið við annan tón varðandi þessa áætlun, og það verður auðvitað að meta áætlunina hjá þessum hv. þm. með hliðsjón af því, að hún er fyrst og fremst sett upp til þess að sýnast og til þess að geta með einhverju móti rökstutt stórfelldar útgjaldahækkanir, sem þessir hv. þm. leggja til að samþ. verði í sambandi við afgreiðslu fjárlaga."

Þessar voru þá röksemdirnar gegn þessum till. okkar á því þingi. En nú hafa verkin talað í þessu efni. Tekjurnar á árinu 1954 urðu ekki 480 millj., eins og við lögðum til að þær yrðu áætlaðar, heldur 551 millj., þ. e. a. s. 71 millj. kr. hærri en við fórum fram á að áætla þær. Þessar staðreyndir sýna náttúrlega ljóslega, hve hæpinn allur málflutningur stjórnarliðsins um fjárlagafrv. er og um fjárlagaafgreiðsluna hér á Alþ., og hversu fráleitt það er að byggja nokkuð á þeim málflutningi.

Nú gerum við enn þá tilraun til að fá tekjuáætlun fjárl. leiðrétta að nokkru leyti. Okkur er það enn ljóst eins og fyrr, að við förum mjög varlega í sakirnar og spennum bogann ekki of hátt, enda sjáum við ekki ástæðu til að gera það, á meðan verið er að fá fram fyrstu tilraun til leiðréttingar á þessum málum. Hitt er svo annað mál, að ef það hefði tekizt einu sinni að sannfæra þingheim um, að það væri ekki rétt og ekki skynsamlegt að áætla tekjuhlið fjárl. ranga um allt að ¼ hluta árlega, þá væri vitanlega meiri ástæða til þess á eftir að fara nákvæmar í sakirnar og reyna að fá eins rétta áætlun og nokkur tök væru á.

Á þskj. 185 berum við fram nokkrar brtt. um hækkun á tekjuliðum fjárlagafrv. Það er naumast ástæða til að fara að rökstyðja hverja till. fyrir sig. Þessar till. eru allar í fullu samræmi við það, sem reynzt hefur undanfarin ár, og sérstaklega með hliðsjón af tekjum ríkissjóðs til októberloka 1955. Ég vil þó aðeins taka það fram, að á sumum liðum höfum við farið varlegar í sakirnar en ástæða væri til, miðað við ríkistekjurnar 1955. T. d. er sýnilegt, að verðtollur muni verða nokkuð yfir 170 millj. á þessu ári. Við viljum hins vegar taka tillit til þeirrar röksemdafærslu, að það verði minna flutt inn af bílum á næsta ári en verið hefur núna og því sé ástæða til þess að áætla verðtollinn eitthvað lægri nú en verður á þessu ári, og leggjum því til, að hann verði áætlaður 165 millj., en það mun vera allt að 10 millj. lægri upphæð en hann verður í ár.

Sama er að segja um vörumagnstoll, sem er 1. brtt. okkar. Við leggjum til, að hann verði áætlaður á árinu 1956 aðeins 30 millj. Hann er í októberlok orðinn 23.4 millj. kr., og þá eru eftir tveir mestu innflutningsmánuðir ársins. Samkvæmt venju og langri reynslu mun væntanlega enginn mæla því í gegn. Það er því sýnilegt, að hér er mjög hóflega í sakirnar farið.

Innflutningsgjald af benzíni leggjum við til að verði hækkað úr 10 millj., eins og gert er ráð fyrir í fjárl., og í 13 millj. Þetta innflutningsgjald er nú orðið í októberlok nær 11 millj. Vitanlegt er, að vegna hins mikla bílainnflutnings í ár verður benzínþörfin á næsta ári mun meiri en verið hefur þetta ár, og því hlýtur þessi liður að hækka. Sennilegt er, að innflutningsgjald af benzíni verði á næsta ári um 15 millj., en við leggjum hins vegar til, að liðurinn verði áætlaður 13 millj.

Þar að auki leggjum við til, að aukatekjur og stimpilgjald hækki og leyfisgjöld hækki nokkuð, að sumu leyti þó ekki eins mikið og verið hefur á þessu ári, t. d. leyfisgjöldin, sem við leggjum til að verði áætluð 7.5 millj., en þau eru nú orðin í októberlok 10.3 millj. Þetta er aðeins dæmi upp á það, hvað vægt er í sakirnar farið hjá okkur, enda er þetta aðeins tilraun, eins og ég sagði áðan, til þess að fá fyrstu leiðréttingu á tekjuhlið fjárl., sem á undanförnum árum hefur verið þinginu til stórkostlegs vansa, svo að ekki sé meira sagt.

Þá höfum við í 6. brtt. okkar tekið upp áætlun

fyrir söluskattinn. Að sjálfsögðu munum við taka þessa brtt. aftur til 3. umr., því að ég álít ekki, að það sé unnt að greiða atkv. um þennan lið í fjárl., fyrr en lögin um dýrtíðarráðstafanir hafa verið samþ. hér á Alþ., en þau eiga nú eftir fimm umræður.

Þessar hækkanir á tekjuhlið fjárl., sem við leggjum til að gerðar verði, nema samtals 47.2 millj. Ríkistekjurnar á árinu 1955 eru orðnar 31. okt. 67 millj. kr. meiri en á sama tíma 1954, en 1954 urðu tekjur ríkissjóðs alls 551 millj. kr., eins og ríkisreikningurinn fyrir það ár ber með sér. Þó að tekjur tveggja síðustu mánaða ársins 1955 yrðu ekkert meiri en tekjur sömu mánaða ársins 1954, yrðu ríkistekjurnar í ár þrátt fyrir það 617 millj. kr. Nú er þó vitað, að ríkistekjurnar munu á tveimur síðustu mánuðum ársins 1955, þ. e. a. s. yfirstandandi árs, verða verulega hærri en tvo síðustu mánuði ársins 1954. Ég vil aðeins benda á örfáa tekjuliði. Af tekjuskatti og tekjuskattsviðauka hafa í októberlok aðeins verið innheimtar 28.7 millj. Þessir skattar voru áætlaðir 62.8 millj. og urðu 1954 69 millj. Þarna mun því óhætt að gera ráð fyrir að séu a. m. k. 40 millj. ókomnar inn á þessu ári. Sama er að segja um tolla. Það munu verða um 50 millj., sem koma inn á tveimur síðustu mánuðunum. Af söluskatti er óinnheimt mikið til fyrir hálft árið 1955, söluskatturinn er, eins og menn vita, innheimtur eftir á ársfjórðungslega, og það er því mikil upphæð þar óinnheimt, sennilega um 40 millj. kr. Tekjur af ríkisstofnunum, þ. e. a. s. aðallega af áfengisverzlun og tóbakseinkasölu, eru sérstaklega miklar síðustu mánuði ársins, og mun ekki of í lagt, að þar séu eftir að koma inn 30—40 millj. Ýmsar tekjur aðrar, ef maður tekur mánaðargreiðslurnar í október og áætlar, að inn komi jafnmikið í hvorum mánuði, nóvember og desember, þá er þar um að ræða um 20 millj., sem munu koma í ríkissjóð á þessu ári. Þarna eru þá óinnheimtar tekjur um 180—190 millj. kr., og yrðu þá ríkistekjurnar alls á árinu 1955 um 640—650 millj. kr.

Með þeirri hækkun, sem við leggjum til að gerð verði á ríkistekjunum, yrði tekjuhlið fjárl. samkv. fjárlagafrv. að viðbættum okkar hækkunum á tekjuáætlunum aðeins 626.7 millj. kr., eða allmiklu lægri en sýnilegt er að ríkistekjurnar verða á árinu 1955.

Þá vil ég einnig geta þess, að við flytjum á þskj. 185 nokkrar till. til sparnaðar. Hins vegar vil ég taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá mörgum ræðumönnum, að verulegar till. í því efni er naumast unnt að gera nema fyrir flokka, sem hafa stjórnartaumana í sínum höndum og eru þessum málum þaulkunnugir, hafa um þessa hluti allar upplýsingar og hafa aðstöðu og möguleika til þess að breyta ýmiss konar löggjöf hér á Alþ., sem þarf að breyta til að framkvæma verulegan sparnað.

Við höfum að þessu sinni aðeins tekið upp örfáar till. í þessu efni. 11., 12. og 13. brtt. okkar fjalla um að fella niður sendiráð í Stokkhólmi, París og Osló og hafa aðeins eitt sendiráð á Norðurlöndum, en leggjum þá jafnframt til, að kostnaður við það sendiráð hækki nokkuð, þ. e. a. s., það verði veitt lítið eitt aukin fjárveiting til sendiráðsins í Kaupmannahöfn, sem yrði náttúrlega óhjákvæmilegt, ef sendiherrann í Kaupmannahöfn ætti að taka að sér það starf, sem sendiherrar í Stokkhólmi og Osló hafa haft með höndum að undanförnu. Mætti gera ráð fyrir, að það þyrfti að bæta við þar 1—2 starfsmönnum. Höfum við gert ráð fyrir því í þessari áætlun.

Þá leggjum við til, að kostnaður við þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn. lækki úr 600 þús. niður í 450 þús. Þykir okkur yfrið nóg fyrir utanrrn. að hafa þessa upphæð til ráðstöfunar, þar sem þar að auki er áætluð á fjárl. um ½ millj. í kostnað við samninganefndir, þ. e. a. s. nefndir, sem við sendum utan til að gera verzlunarsamninga.

Þá leggjum við enn til, að kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanrrn. lækki úr 300 þús. niður í 250 þús. Þetta er lítilfjörleg till., ég játa það. Hún er aðeins gerð til að sýna fram á, að með góðum vilja mætti spara hvarvetna, og ef á hverjum lið væri reynt að spara eins og tök væru á, þá mundi safnast, þegar það kæmi saman. En eins og ég gat um áðan, hefur flokkur, sem ekki á aðgang að upplýsingum um ríkisbúskapinn, mjög takmarkaða möguleika á að gera raunhæfar till. í sparnaðarátt. Til þess þarf upplýsingar, sem ríkisstj. ein hefur aðgang að, og meirihlutaaðstöðu ríkisstj. á Alþ. til þess að lagfæra ýmsa þá löggjöf, sem hér að lýtur.

Þessar till., sem við flytjum hér til sparnaðar, nema samtals 1.6 millj. kr. Þá nema þær till., sem við gerum til leiðréttingar á tekjuhlið fjárlagafrv., þ. e. a. s. til hækkana á tekjuliðum og til sparnaðar á öðrum liðum, samtals um 48.9 millj. króna.

Þá berum við fram á þessu sama þskj. þrjár till. til útgjalda, aðeins þrjár till. til útgjalda. Þessar þrjár till. nema samtals 48.8 millj. kr. eða lítið eitt lægri upphæð en leiðréttingin á tekjuhliðinni.

Þessar þrjár till. eru í fyrsta lagi, að inn verði tekinn nýr liður og óhjákvæmilegur, sem enn þá hefur ekki sézt frá hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s., að það verði áætluð útgjöld vegna þeirra nýju launalaga, sem við vorum að samþ. hér við 2. umr. í dag, samtals 22 millj. kr. Þessi tala er að sjálfsögðu áætluð, en hún er sú áætlun, er mér tjáð, sem hv. fjvn. hefur í höndum um þennan lið. Ég skal geta þess, að mér hefur verið tjáð, að þessi áætlun gæti reynzt e. t. v. 2 millj. kr. hærri en hér er lagt til að verði áætlað, en þess ber að gæta, að þessar áætlanir eru enn þá mjög ónákvæmar og mjög lauslegar og sennilega frekar of háar en of lágar.

Þá leggjum við til, að tekinn verði nýr liður inn á 19. gr. fjárl. vegna atvinnuleysistryggingasjóðs, 8 millj. kr., en þetta er til þess að fullnægja loforði, sem hæstv. núverandi ríkisstj. gaf á síðasta vori í verkföllunum um að stofna þennan sjóð og leggja honum ákveðið framlag á ári. Þá lofaði hún líka, bæði hér á Alþ. og í umr. um samningana í verkföllunum, að leggja fram löggjöf um þennan sjóð. Þetta loforð hefur ekki verið efnt enn þá, og skal ég engu um það spá, hvort á að efna það eða efna ekki. Einhver dráttur virðist þó vera þarna á og eitthvað illa ganga

með fæðingu á þessu frv. Hins vegar lítum við svo á, að þar sem þetta er gefið loforð, þá verði að standa við það og gera einhverjar ráðstafanir í fjárl. til þess að inna þessa greiðslu af hendi. Þessi upphæð mun verða á ári 14 millj. kr. En hjá hv. fjvn. hef ég fengið þær upplýsingar, að inn á þessi fjárl. væri nægilegt að taka 8 millj. í þessu skyni, þar sem 6 millj. hefðu þegar verið lagðar til hliðar af tekjuafgangi ársins 1954.

Síðasti liður í brtt. okkar er svo sá, að við leggjum til, að á 20. gr. verði tekinn upp nýr liður til uppbyggingar atvinnulífsins samkvæmt löggjöf, er Alþ. setur um þau mál, 18.8 millj. Það er að sjálfsögðu öllum ljóst, að eitt þjóðfélag getur ekki haldið fjárhagslegu sjálfstæði né sæmilegum lífskjörum til langframa, nema það leggi sig í framkróka um og geri allt, sem unnt er, til að efla nýja atvinnuvegi og bæta við þá, sem fyrir eru. Það er einnig augljóst mál, að ríkistekjur geta ekki orðið öruggar í því þjóðfélagi, sem ekki gerir stór átök í því að auka atvinnulíf sitt og þar með breikka skattgrundvöll eða tekjugrundvöll ríkissjóðs.

Hér á landi hefur þessi hlið í starfsemi ríkisins verið mjög vanrækt á undanförnum árum. Það hefur verið lítið gert að því að athuga möguleika á að færa út atvinnulíf okkar Íslendinga. Það getur vel verið, að einhverjir móðgist af því, að ég segi þetta, með tilliti til þess, að síðasta þing kaus nefnd til að rannsaka nýjar atvinnugreinar. Sú nefnd hefur nú starfað af miklum dugnaði væntanlega í um það bil eitt ár, og það mætti segja mér, að þeir, sem í þessari n. sitja, hefðu miklar frægðarsögur að segja og jafnvel ástæðu til að segja, að ummæli mín væru allsendis ómakleg, þegar ég held því fram, að ríkið hafi lítið sinnt þessu hlutverki. Sé svo, þá skal ég taka þessi ummæli mín aftur. Geti þessi stóra, mikla nefnd sagt einhver tíðindi hér um afrek sín á þessu sviði, þá skal ég biðjast afsökunar á því að hafa haldið því fram, að ríkisvaldið hafi vanrækt þennan þátt í starfsemi heilbrigðs þjóðfélags.

Brtt. þær, sem við flytjum hér á þskj. 185, bera því ljóslega með sér, að þó að þær væru samþ., breytist tekjuafgangur og greiðsluafgangur fjárl. ekki annað en það, að hann batnar um 100 þús. kr. Ég vænti þess, að hv. talsmenn ríkisstj. fari ekki út á þá braut að reyna að mótmæla þessum till. okkar um leiðréttingar á tekjustofnum ríkissjóðs með því, að þær séu óraunhæfar, því að það er allt of leiðinlegt fyrir þá að láta ásannast ár eftir ár, að þessi ummæli þeirra hafi ekki við neitt að styðjast. Ég skil ekki, að þessir hv. þm. hafi ánægju af því sjálfir að standa hér uppi eins og glópar þing eftir þing og halda fram hlutum, sem þeir sjálfir vita og allir landsmenn vita að eru ekki réttir.

Ég skal játa það, að ef till. okkar um hækkanir á tekjuliðunum yrðu samþ., þá mundi það að sjálfsögðu binda hendur ríkisstj. meira en verið hefur. Ég trúi því ekki, ef þessar till. yrðu samþ., að þá mundi sú ríkisstj., sem situr árið 1956, hafa 100 millj. kr. umframtekjur til að ráðslaga með að eigin geðþótta. En ég sé ekki, að það sé neitt illt skeð, þó að það yrði breyting á þessum hlutum. Ég sé ekki annað en að með því móti yrði ríkisstj. aðeins forðað frá einhverjum hluta af þeim lögbrotum, sem framin hafa verið á undanförnum árum að því er snertir þessi mál. Ég held því, að hæstv. núverandi ríkisstj. ætti að fagna þessu. Sérstaklega ættu hv. talsmenn Sjálfstfl. að fagna því, að hér yrði nú svolítið naumar skorið við nögl en á undanförnum árum með tilliti til þeirra miklu umr. um vinstri stjórn, sem verið hafa að undanförnu, og með hliðsjón af þeim líkum, sem á því eru, að slíka stjórn takist að mynda og að hún hafi með framkvæmd fjárlaganna að gera á árinu 1956. Ég skil illa, að hv. þm. Sjálfstfl. langi beinlínis til þess, að sú ríkisstj. hafi jafnmikið af lausu fé til að ráðslaga með og þær ríkisstj., sem Sjálfstfl. hefur átt þátt í og aðild að.

Nú skal ég loks taka það fram, að mér er ljóst, að ýmsar útgjaldahækkanir á stjórnarliðið eftir að bera hér fram og koma með inn í þetta fjárlagafrv., þ. á m. þær 29 millj. kr., sem fjvn. hefur lagt til að útgjöld ríkissjóðs hækki um. Mér er einnig ljóst, að við þessa upphæð bætist eitt og annað. En það er okkar till., þm. Þjóðvfl., að þessari upphæð verði mætt með hluta af tekjuafgangi ársins 1955. Eins og ég sagði áðan, er allt útlit fyrir, að tekjur ársins 1955 fari um 140 millj. kr. fram úr áætlun. Mér er það vitanlega ljóst, að hæstv. núverandi ríkisstj. er þegar búin að eyða miklu af þessari upphæð. Ég hef þó engar tölur um það, hvað mikið það er, en trúi varla, að það geti verið meira en um 70 millj. kr. Eftir af tekjuafgangi ársins ættu þá að vera í dag, miðað við áramót, um 60—70 millj. kr. Það er okkar till., að þessar umframtekjur verði fluttar fram á árið 1956 og notaðar til að mæta þeim útgjöldum, sem væntanlega bætast við fjárlagafrv., frá því að það var lagt fyrir. Við teljum þó ekki ástæðu til né eðlilegt að flytja um þetta skriflega till. nú, heldur teljum við eðlilegast og réttast að öllu leyti að bíða og sjá til, hvernig þessi tekjuafgangur verður, og gera síðan till. um ráðstafanir á honum, þegar hann liggur endanlega og uppgerður fyrir. Þess mætti að sjálfsögðu geta í fjárlögum, ef ástæða þætti til, að það væri von á þessum tekjum til að mæta útgjöldum fjárlagafrv. árið 1956, en það hefur vafalaust annað eins skeð, þó að það yrði ekki gert.

Með þessu móti er þá sýnilegt, að það þarf ekki að leggja á nýja skatta til þess að greiða þær hækkanir, sem stafa af hinum nýju launalögum og vegna atvinnuleysistryggingasjóðsins og ýmissa annarra hluta, sem eru smærri í sér. Það eitt, sem þarf að gera, er að afnema það, að hæstv. ríkisstj. hafi 100 millj. kr. á ári til þess að ráðstafa að eigin geðþótta í algeru heimildarleysi frá Alþ. Það á að binda þennan hluta af fjárlögunum við þessar útborganir, og þá sé ég ekki betur en að það náist jöfnuður á fjárlögunum á þessu ári.

Loks vildi ég svo spyrjast fyrir um það, hverju það sæti, að lögin um söluskattinn fyrir árið 1956 hafa ekki verið samþykkt hér eða afgreidd á Alþ., hverju það sæti, að þau hafa ekki verið tekin til 2. umr. Er það af því, að nú sé í undirbúningi að hækka þennan skatt verulega? Er það af því, að ríkisstj. sé að bíða eftir því að sjá, hvernig fjár-

lagafrv. komi út, að geta áætlað tekjurnar, sem hún hefur umfram fjárlög og hvergi koma í ljós, nógu ríflega handa sér til að eyða á næsta ári og ætlað sér jafnóbundnar hendur á árinu 1956 og hefur verið að undanförnu, en hækka söluskattinn, þennan óvinsælasta og ranglátasta skatt, sem nokkurn tíma hefur verið fundinn upp í þessu þjóðfélagi? Ég vænti þess, að forsvarsmenn ríkisstj. telji ekki eftir sér að gefa svör við þessum spurningum nú, enda þýðir ekki fyrir þá að fara undan í flæmingi. Þeir geta ekki dregið svo lengi að afgreiða þetta mál.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér finnst það ekki spá góðu um góða afgreiðslu á þeim till., sem fram koma frá einstökum þm., að það er svo komið, að 2. umr. fjárlaganna er raunverulega orðin hreinasti hégómi.

Ég man eftir, að á fyrstu árunum, sem ég átti sæti hér á Alþ., var það venjulega svo, að flestallir þm. komu með till. í sambandi við 2. umr. fjárlaganna, og þær umr. stóðu venjulega frekar tvo daga en einn, og fóru þá dagarnir alveg í það. Þó nokkuð fékkst þá samþykkt venjulega af till., sem einstakir þm. komu með, eða voru teknar til athugunar af fjvn. og teknar upp í annarri mynd við 3. umr. Nú er hins vegar svo komið á síðustu árum, að yfirleitt er hver einasta till. frá öllum þm., ekki aðeins stjórnarandstöðunnar, heldur stjórnarþm. líka, drepin, og það er alveg sama orðið, hve mikið þm. almennt kunna að vera orðnir með einhverjum till., sem fluttar eru fram, það er eins og það sé orðið svo fastákveðið, svo harðvítuglega handjárnað, að það sé bókstaflega ekki hægt að komast að með neina sannfæringu í sambandi við slíka afgreiðslu.

Mér þykir þetta mjög leitt, og ég sé, að það er að hafa þau áhrif, að það eru yfirleitt flestir þm. að gefast upp við að koma fram með nokkrar till. Ég hef hér hins vegar leyft mér að bera fram nokkrar till. Ég bar fram nokkrar till. í fyrra, sem ég álít að hefði verið rétt að samþ. þá, og ég hef leyft mér að bera fram nokkrar till., sem fara dálítið í sömu átt, og ætla enn þá að freista þess, hvort hægt er að hafa einhver áhrif á menn, fá þá til að hugsa um, hvað nauðsynlegt kunni að vera. Á þskj. 187 á ég þess vegna nokkrar till., sem ég nú mun taka í röð og reyna að gera grein fyrir.

Það er fyrst till., sem er merkt V. Það er till. viðvíkjandi háskólanum, að þar komi inn nýr liður, til háskólaráðs til þess í samráði við rannsóknaráð ríkisins að veita stúdentum, er nema vilja hvers konar efnafræði, sérstaka styrki, svo að þjóðfélagið hafi síðar meir næga sérfræðinga á því sviði, 200 þús. kr.

Nú vil ég taka það fram viðvíkjandi efnafræðinni, sem er sú vísindagrein, sem er í langsamlega mestum framförum núna, þar sem svo að segja opnast á hverju einasta ári ný svið, að efnafræðin er grein, sem við Íslendingar komum til með alveg sérstaklega að þurfa á að halda að hafa sérfræðinga í í framtíðinni. Það háttar svo með okkar atvinnumál, að auk hinna gömlu atvinnuvega þjóðarinnar, landbúnaðar og sjávarútvegs, verður í framtíðinni alveg sérstakur grundvöllur fyrir stóriðju hér á Íslandi í krafti okkar orku, og sú stóriðja, sem sérstaklega yrði grundvöllur fyrir hjá okkur, er hinn svokallaði „kemiski“ iðnaður, þar sem við þurfum ef til vill hverfandi lítið eða ódýrt hráefni, sem alls staðar er hægt að fá, en þar sem við þurfum hins vegar annars vegar orku og hins vegar þekkingu.

Það gengur töfrum næst, hvað nútímaefnafræðin getur gert. Og það, sem við þurfum að hafa í viðbót við okkar vatnsorku og okkar hita til þess að geta hagnýtt okkur þá möguleika, sem þarna opnast, er þekking. En það að afla sér þessarar þekkingar þýðir í fyrsta lagi, að einn maður verður, auk þess sem hann stundar efnafræði í sex, sjö eða átta ár við háskóla, helzt að reyna að koma sér að á eftir hjá einhverjum miklum fyrirtækjum erlendis, á efnarannsóknastofum og öðru slíku, til þess að komast inn í þá hluti, sem þarna eru að gerast. Enn fremur er vitanlegt, að hver maður, sem út í þetta fer, hefur ekki möguleika til þess að fá starfa hér á Íslandi hjá neinum einstökum atvinnurekanda. Það er enginn atvinnurekandi til, sem tekur svona menn í sína þjónustu. Ríkið er eini aðilinn, sem yfirleitt getur tekið þessa menn í sína þjónustu, og það er ekki vitað hins vegar, að ríkið hafi eiginlega neitt við þá að gera sem stendur, nema þessa fáu menn, sem eru í atvinnudeild háskólans sem starfsmenn. Þetta þýðir, að ef við ætlum að hugsa fyrir framtíðina í þessum efnum, verðum við nú þegar að tryggja, að háskólaráð og rannsóknaráð geti samið við sérstaka stúdenta um að leggja á sig að nema þetta, tryggt þá fyrir fram svo að segja, þannig að þeir geti verið öruggir um, að þeir seinna meir hafi sérstakan forgang um þessi efni, jafnvel lofa þeim fyrir fram stöðum hjá ríkinu. En allra fyrst yrði þó að tryggja, að þeir fengjust til þess að nema þetta. Við tökum eftir, hvernig menn hrannast nú í þau fög, þar sem menn búast við, að hægt sé að rífa upp einhverja atvinnu á eftir, en hins vegar hvernig þau fög, sem þjóðfélagið sem heild þarf á að halda og þarf að tryggja sér sérþekkingu í, eru vanrækt.

Ég legg þess vegna til, að háskólaráð og rannsóknaráð fái þarna til umráða 200 þús. kr. til þess að tryggja þar með sérstaklega þá stúdenta, sem vildu fara í að nema ýmislegt í þessum efnum. Ég held, að þetta sé alveg nauðsynlegt fyrir framtíðina. Við erum lengur að skapa það mannval, sem við þurfum á að halda til þess að vita, hvað þurfi að gera á hinum ýmsu sviðum, heldur en við erum jafnvel að virkja þá fossa, sem við þurfum að fá orkuna úr.

Þá legg ég til í öðru lagi, að til vísindarannsókna í íslenzkri sögu, bókmenntum og tungu svo og íslenzkri jarðfræði, samkv. ákvörðun háskólaráðs, er hafi hvað jarðfræðirannsóknir snertir samráð við rannsóknaráð ríkisins, sé varið 150 þús. kr.

Ég legði til í fyrra, að í þessu skyni væri varið 200 þús. kr., og voru teknar upp til almennra vísindarannsókna í fyrra eða almennrar vísindastarfsemi 50 þús. kr. Hér er hins vegar átt við, að háskólinn geti haft til ráðstöfunar nokkra fjárfúlgu til þess að geta látið hina og þessa sérfræðinga, vísindamenn og fræðimenn, rannsaka

ákveðna hluti. Ég vil minna menn á einmitt í sambandi við þann mikla byltingatíma í öllum okkar þjóðháttum, sem yfir stendur, að það er með hverju árinu að hverfa úr minni manna dýrmæt þekking um sögulega atburði, sem ekki verður fest á pappír, nema því aðeins að það verði unnið að þessu, og ef hún á að verða áreiðanleg, þá af mönnum, sem kunna til vísindarannsókna á þessum sviðum. Þar að auki bíður svo meginið af öllum okkar handritum, sem við eigum hérna heima, meginið yfirleitt af okkar sögu, eftir vísindarannsóknum á þessu sviði, og þeir fáu menn, sem stunda vísindi hér heima og sjálfir eiga þar að auki að sjá um kennslu og annað slíkt, hafa ekki tíma til þess. Við þurfum að hafa hér starfandi vísindamenn, menn, sem eru vísindamenn m. a. sérstaklega í íslenzkri sögu, bókmenntum og tungu, vísindamenn líka á alþjóðlegan mælikvarða.

Ég efast ekki um, að það er eftir að gera stóruppgötvanir í sambandi við íslenzka sögu og íslenzkar bókmenntir, sem verður gert, svo framarlega sem við aðeins leyfum þeim mönnum, sem hafa áhuga á því, að vinna að því. Og hver einasti háskóli í heimi hefur til ráðstöfunar stórar fjárfúlgur, hefur jafnvel milljónir króna til ráðstöfunar í því skyni, að ef áhugasamur fræðimaður kemur og vill taka sér fyrir hendur að rannsaka þennan og þennan hlut, þá geti hann farið í það. Ég vil minna menn á, að hér liggja bréf, ekki aðeins Jóns Sigurðssonar og annarra slíkra manna, heldur bréf í tonnatali frá og til íslenzkra stjórnmálamanna og skálda, sem enginn maður hefur litið í enn þá. Það er eftir slík rannsókn á þessu sviði, að það er svo að segja bara nasasjón, sem margir meira að segja af okkar fremstu mönnum hafa af þessum ritum. Það eru til af bréfasamböndum við okkar helztu menn, t. d. Jón Sigurðsson, enn þá bréf, sem aldrei hafa verið opnuð.

Ég held þess vegna, að 150 þús. kr. á fjárlögum, sem eru yfir 600 millj. kr., séu það lítið fé fyrir þjóð, sem fyrst og fremst byggir tilveru sína og réttlætir tilveru sína á bókmenntum og á vísindum, að það sé sjálfsagt að veita það.

Þá legg ég til, að styrkurinn til íslenzkra námsmanna erlendis sé hækkaður úr 875 þús. kr. upp í 1 millj. og 100 þús. kr. og að framlagið til námslána sé hækkað úr 400 þús. kr. í 500 þús. kr. Það hef ég svo oft áður rökstutt, að ég ætla ekki að fara ýtarlega út í þörfina á því, og ég veit, að fleiri munu vera mér sammála um það.

Þá er ég með í IX. lið nokkrar till., sem ég ætla að reyna að gera grein fyrir.

Það er í fyrsta lagi til Skákfélags Reykjavíkur til þess að leigja eða eignast fastan samastað, er sé skákheimili þeirra, er íþrótt þá iðka. Við erum áreiðanlega allir alþm. stoltir af því, hver afrek ýmsir okkar skákmanna hafa unnið, og okkur þykir vænt um, að í þessari íþrótt, þar sem reynir svo sérstaklega fyrst og fremst á heilann, skuli Íslendingar skara svo fram úr sem raun ber vitni um. En hvernig er aðbúnaðurinn hérna í Reykjavík fyrir þá menn, sem vilja leggja sig eftir þessari skákíþrótt? Öll íþróttaheimili hérna í Reykjavík eiga sér heimili, þau fá félagsheimilastyrk og annað slíkt til þess að koma þeim upp, og þau eru mjög myndarleg, og þeir eru mjög duglegir við að koma þessu upp.

Skákfélagið er á sífelldum hrakhólum. Þegar miklar skákkeppnir eru hér, þá er ýmist verið niðri á Þórscafé, í skátaheimilinu eða einhvers staðar og einhvers staðar, þar sem þeir fá að hola sér niður. Það er ekki til svo mikið sem einn samastaður, þar sem þessir skákmenn, sem vekja alþjóðlega eftirtekt á Íslandi, geti iðkað sínar íþróttir, þar sem þeir geti komið saman og háð sín mót í umhverfi, sem hæfir þessari íþrótt.

Í öðru lagi er æskan hér í Reykjavík, sá hluti hennar, sem vill stunda þessa íþrótt, á hrakhólum. Ef menn ekki geta heima hjá sér haft þannig aðstæður og þannig næði, þá hafa þeir það ekki annars staðar. Það er svo, að ef menn vilja fara á „bara", ef menn vilja fara á bíó, þá eru til fallega útbúin hús, sem menn græða jafnvel stórfé á, en skákíþróttin er látin vera á hrakhólum. Mér finnst, að við ættum að tryggja, að Skákfélagið gæti komið sér upp veglegum samastað og þá til þess að byrja með ef til vill leigt slíkt, en það þyrfti að eignast það seinna meir. Og ég vildi bera þetta fram til þess a. m. k. að minna á, að þetta ber okkur að gera.

Þá legg ég þarna til í öðru lagi, að tveim færeyskum stúdentum sé boðin ókeypis dvöl við Háskóla Íslands til þess að nema íslenzk fræði og kostað til þess 80 þús. kr. Það er nokkrum útlendum stúdentum gert mögulegt að stunda nám hér á Íslandi. Færeyingar eru ein norrænu þjóðanna, en sú norræna þjóðin, sem sjaldnast er viðurkennd sem þjóð. Hjá okkur ætti þó sérstaklega blóðið að renna til skyldunnar að veita þeim slíka viðurkenningu. Færeysk tunga er skyldust tungu okkar af öllum tungum, og það er eina tungan, þar sem við Íslendingar getum talað okkar íslenzku og Færeyingar sína færeysku og við skilið hverjir aðra. Ég álít, að við eigum að gera Færeyingum alveg sérstaklega mögulegt að nema fræði okkar Íslendinga, okkar bókmenntir, okkar sögu og okkar mál, og þess vegna eigum við að bjóða tveim færeyskum stúdentum að geta dvalizt hér ókeypis við Háskóla Íslands. Það er eiginlega hálfleitt til þess að vita, að þau einu verulegu skipti, sem við höfum við Færeyinga, eru að biðja þá um að reka togarana okkar, þegar Íslendingar fást ekki á togarana. En við þingmenn höfum ekki svo mikið sem farið í heimsókn til þessa nágrannalands okkar, þó að ferðirnar til annarra Norðurlanda séu tíðar. Við höfum máske á ýmsan hátt reynt að láta í ljós samúð með þeirra frelsisbaráttu, en ég held, að með þeirra menningarbaráttu eigum við að láta okkar samúð í ljós og okkar vilja til þess að tengja betur saman færeyska og íslenzka menningu, og þetta ætti að vera ofur lítið framlag til þess.

Þá legg ég til í 3. og 4. till. í IX. lið, að fé sé veitt til þess að mikrofilma handrit í landsbókasafninu og þjóðskjalasafninu, 50 þús. kr. til annars og 80 þús. kr. til hins. Ég kom með þessar till. í fyrra, þá var að vísu till. líka um að mikrofilma handrit erlendis, og ég endurtek það hér aftur, þó að ég hins vegar viti mér til ánægju, að það hafa þegar verið gerðar af hæstv. menntmrh. nokkrar ráðstafanir til þess, að byrjað sé

á slíku. En þetta þarf að gera í stærri stíl, og þess vegna vildi ég leyfa mér að minna á þessar till. með því að koma nú fram með þetta á ný, þó að þær hafi verið felldar í fyrra.

Þá kem ég fram með eina till. undir IX. tölulið 5. Það er þjóðminjasafnið, til hljómplötusafns og upptöku á stálþráð, hljómband eða annað varanlegt efni á ýmiss konar alþýðlegum fróðleik, frásagnarhætti og kveðskap, 75 þús. kr.

Ég held, að ég verði að leyfa mér að fara nokkrum orðum um, hvað fyrir mér vakir með þessu.

Ég held, að það væri ákaflega æskilegt, að þm. gerðu sér það ljóst, að á þessum okkar tímum eru að eyðileggjast og er verið að eyðileggja meira af gömlum minjum en gert hefur verið nokkurn tíma fyrr í sögu Íslands, að allra versta niðurlægingartímabilinu undanteknu. Ég er hræddur um, að þm. geri sér þetta ekki almennt ljóst, að á þessari öld er unnið harðvítugar að slíkri eyðileggingu en nokkru sinni fyrr, og það þó að við hefðum alla möguleika til þess að varðveita þessa hluti.

Í fyrsta lagi er unnið að þessari eyðileggingu með þeim stórkostlegu breytingum, sem eru að verða á okkar þjóðháttum öllum. Það þýðir, að hlutir, sem hafa geymzt vegna fátæktarinnar, vegna einangrunarinnar, vegna gamaldags þjóðhátta, komast fyrst í þá hættu núna að eyðileggjast og að við horfum nú upp á þá eyðileggjast.

Í öðru lagi: Gömul hús, sem eru búin að standa langa lengi eða hafa verið endurreist í sama stílnum og þau voru, fara forgörðum núna, af því að við höfum efni á að byggja öðruvísi og við skeytum ekki um þetta.

Í þriðja lagi: Við höfum svo stórfelld tæki til þess að vinna með núna, og okkur munar ekkert um að eyðileggja hluti, sem menn áður lögðu ekki í að eyðileggja. Okkur munar ekkert um núna að skófla með jarðýtu klausturrústum í burtu, sem eru búnar að standa nokkur hundruð ára, — og það er gert. Við sjáum núna gamla kotbæi, sem hafa verið endurreistir í sama stíl og þeir höfðu öldum saman, eyðilagða og rifna. Þó að við gerum tilraun til þess að viðhalda 2—3 gömlum höfðingjasetrum, þá verður það svo eftir 50—100 ár, að það verður ómögulegt að hugsa sér fyrir okkar afkomendur, hvernig íslenzkir kotbændur lifðu öld fram af öld, vegna þess að þeir hafa það hvergi nokkurs staðar fyrir sér, hvernig kotin voru, og myndirnar segja ekki allt í þessum efnum. Meira að segja má líta á gömul höfðingjasetur. Menn þyrftu ekki annað en að fara út í Viðey og athuga, hvernig er með Viðeyjarstofuna. Áður er búið að eyðileggja Laugarnesstofuna og annað slíkt, búið að eyðileggja Batteríið og annað slíkt. Hús Skúla Magnússonar er að fara sömu leiðina. Þessir hlutir eru í einkaeign, og það virðist enginn hafa áhuga fyrir því að laga þessa hluti yfirleitt. Líf mannanna, sem bjuggu í kotunum, er að hverfa sjónum manna. Æskan, sem nú vex upp, t. d. hér í Reykjavík, á erfitt með að gera sér í hugarlund, hvernig afar hennar lifðu, og það, hvernig forfeður hennar lifðu, kemur hún ekki til með að geta gert sér almennilega í hugarlund, því að hún kemur varla til með að trúa bókunum, sem um það eru skrifaðar.

Við höfum enn þá ýmsa möguleika til þess að varðveita þetta, og ég kom fram í fyrra með nokkrar till. í þessu efni. Þær voru allar saman drepnar. Ég hef ekki reynt að endurtaka þær núna, en ég hef leyft mér að koma með eina till. aftur af þeim, sem ég kom með þá, og það er um að reyna að varðveita ofur lítið af þeirri lifandi menningu, af þeirri menningu orðsins, sem hefur átt sér stað hér á Íslandi og haldið okkur lifandi sem þjóð.

Við vitum, að hér hafa verið sagðar sögur, hér hafa verið kveðin kvæði, hér hafa verið kveðnar rímur, og það eru enn þá lifandi menn, sem með sínum frásagnarhætti eru alveg sérstakir í veröldinni, ekki vegna þess, að þeir séu neitt frábrugðnir því, sem verið hafði hér á Íslandi á undanförnum öldum, heldur vegna þess, að þeir eru enn þá eins og þeir voru hér á undanförnum öldum. Það eru fræðimenn, sem deila um það í dag, hvort Íslendingasögurnar hafa getað lifað á vörum manna í tvö eða þrjú hundruð ár, og menn eru að rífast um þetta. Það eru staðreyndir, sem ég líka greindi frá í fyrra, að kvæði eins og Ilionskviðan og Odysseifskviðan voru fyrir um 80 árum lesnar upp af manni, sem hvorki kunni að lesa né skrifa, og tvöfalt lengri þjóðkvæði en þær eru til samans kunnu menn suður í Serbíu utan að. Í sumum sovétlýðveldunum eru sagnamenn og fræðimenn, sem hafa kunnað hetjuljóð, sem hafa gengið mann fram af manni öldum saman. Það er verið að taka þetta á stálþráð núna. Sovétstjórnin hefur áhuga fyrir því. Suður í Írlandi eru slíkir sagnaþulir til enn þá, það er verið að taka upp á stálþráð hjá þeim. En hér á Alþ., þar sem við höfum glæsilegustu menninguna af öllum þessum þjóðum til að bera, erum við að láta þessa gömlu menn deyja út, án þess að við varðveitum þeirra lifandi orð. Við höfum sjálfir hlustað á ömmur okkar segja okkur ævintýri. Við lærðum sjálfir í bernsku þessi ævintýri, þannig að þegar þau voru sögð í annað, þriðja og fjórða sinn, leiðréttu börnin, ef farið var með eitt orð öðruvísi en áður hafði verið gert. Við höfðum sannanirnar fyrir því, hvernig var hægt að segja þessa hluti orðrétt mann fram af manni. Þessir hlutir hafa verið til á Íslandi í 1000 ár og þeir eru til enn þá, en þeir eru að deyja út, vegna þess að með bókunum, útvarpinu, kvikmyndunum og öllum þessum tækjum menningarinnar er verið að eyðileggja minni mannanna, vegna þess að raunverulega eru þessar bækur og þessar kvikmyndir og allt þetta okkar minni yfirfært á vélar, sem við getum haft til taks. Það er svo ægileg bylting, sem þarna er að fara fram, að okkur ber að reyna að varðveita þessa hluti. Við höfum tæki til þess. Við höfum hljóðband, við höfum stálþráð, og við höfum önnur varanleg efni, sem við getum sett það yfir á, sem við tökum upp á stálþráðinn, þannig að það geymist endalaust, eða a. m. k. eftir því sem við getum bezt reiknað út. Þetta eigum við að gera. Við eigum að verja til þessa ofur litlu fé, og það er ekki farið þarna fram á mikið. Það er farið fram á 75 þús. kr. En það er hvert árið dýrmætt hvað þetta snertir. Það er með hverju árinu sem

liður að deyja fólk, sem gat sagt frá á sérstaklega eftirtektarverðan hátt. Við jafnvel hlustum stundum á það í útvarpinu, en það er ekki tekið upp. Stundum er það kannske til á stálþræði, en þá höfum við enga tryggingu fyrir, að sá stálþráður sé ekki eyðilagður og strokið af honum seinna meir. Ég held þess vegna, að við ættum að gera ráðstafanir til þess, að þetta efni sé tekið upp. Ég efast ekki um, að allir hv. þm. vildu gefa mikið fyrir það, að þeir hefðu frásagnir þeirra manna, sem voru að segja Jóni Árnasyni eða skrifa honum þjóðsögurnar á sínum tíma. Samt er reynslan, að þegar menn fara að skrifa þetta upp, þá er það þó nokkuð öðruvísi en þegar menn segja það. Við erum með því að hafa nú á tímum til stálþráðinn og annað slíkt þeir fyrstu, sem geta tekið upp hlutina eins og þeir eru sagðir. Og við eyðum meira að segja kannske hjá okkur bara í þennan tiltölulega lítils nýta stálþráð, sem tekið er upp á það, sem við segjum, tugum þúsunda, og það er ákaflega hart að geta þá ekki fengið svo mikið sem 75 þús. kr., sem þjóðminjavörður gæti hagnýtt til þess að fara út um sveitir og taka upp þennan alþýðlega fróðleik, frásagnaþætti og kveðskap og sett á varanlegt efni.

Þá legg ég enn fremur til undir þessum V. lið, að þar sé tekinn upp nýr liður til upptöku á stálþráð, hljómband eða annað varanlegt efni á einni skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness, valinni í samráði við hann og lesinni af honum sjálfum, 50 þús. kr. Ég skal geta þess, að þessi upphæð er sett út í bláinn. Ég hef ekki hugmynd um, hvað mundi kosta að taka svona upp, en það yrði vafalaust sízt svona dýrt. Ég lagði til í fyrra, að það væru tekin upp á varanlegt efni nokkur ljóð Davíðs Stefánssonar og Jóhannesar úr Kötlum, sem þeir læsu upp sjálfir, og það var fellt. Nú hefur það síðan gerzt, að Halldór Kiljan Laxness hefur fengið Nóbelsverðlaun, og ég býst við, að okkar afkomendum þætti vænt um að eiga eina af hans sögum, við skulum segja t. d. Sjálfstætt fólk, lesna af honum sjálfum, geymda á slíku varanlegu efni sem við höfum núna tök á. Og ég býst við, að vísindamönnum framtíðarinnar mundi þykja mikill fengur að þessu. Ákaflega margt í því, sem eitt skáld hugsar í sambandi við sögu, sem það skrifar, kemur áreiðanlega í ljós, þegar slíkt skáld les söguna með þeim áherzlum, með þeim raddblæ, sem skáldið setur á upplesturinn á hinum ýmsu stöðum. Við getum lesið sögu, og þegar við lesum þessar sögur prentaðar, þá litum við þetta raunverulega um leið. Stundum tökum við sæmilega eftir því, sem við erum að lesa, og stundum illa, stundum ágætlega. En skáldið, sem les þetta fyrir okkur, tjáir okkur þetta um leið eins og hann hefur hugsað sér það. Við finnum áreiðanlega út allmikið annað, þegar við heyrum skáld lesa eigin sögu, en þegar við erum að lesa það sjálfir. Það opnast fyrir okkur ýmislegt, sem við urðum ekki varir við áður. Nú njótum við þess, að við getum heyrt öll okkar ágætu skáld öðru hverju lesa upp sína sögu í útvarp eða í samkomuhúsum, og þeir opna máske fyrir okkur ýmislegt nýtt með því. En okkar afkomendur hafa ekki neitt annað en þeirra bækur að halda sér að.

Ég veit ekki, hvað við hefðum viljað gefa til þess núna, ef við hefðum átt Njálu lesna upp af því skáldi, sem skráði hana að lokum. Okkar afkomendum, sem vita, að við höfum haft möguleika til þess að láta þá eignast svona hluti, mun áreiðanlega finnast við halda illa á fjármunum, þegar eytt er í veizlur og annað slíkt, sem síðan gleymist, tugum og hundruðum þúsunda, en mestu listaverkin, sem samtíminn hefur skráð, eru ekki einu sinni til flutt af vörum þeirra manna, sem sjálfir hafa ort þau.

Ég vil ekki tala um, hvað virðing okkar þjóðar byði okkur að gera í slíkum efnum sem þessum gagnvart öðrum þjóðum. En ég held við yrðum okkur til skammar, ef það kæmi allt í einu fram, að eitthvert annað ríki færi t. d. fram á það við Halldór Kiljan Laxness, hvort hann vildi gera því þann heiður að lesa inn á íslenzku eina af hans sögum, og það yrði að geymast fyrir framtíðina í öðrum ríkjum en á Íslandi. Ég er hræddur um, að það yrði e. t. v. minnzt á það einhvern tíma, þegar við værum að heimta handritin heim, hvort við ættum ekki heldur að hugsa til þess að eignast sjálfir þá dýrgripi, sem framtíðin kemur til með að setja við hliðina á handritum. Það kemur til með að þykja jafnsjálfsagt fyrir menn næstu alda að hafa aðgang að stálþráðum og öllu mögulegu þess háttar og þessu lesnu upp þannig, eins og okkur þykir sjálfsagt að hafa aðgang að því í bókum. Ég vildi þess vegna mega vonast til þess, að þessi till. fyndi náð fyrir augum hv. þm. Ég geng út frá því, að það þyrfti ekki að kosta neitt að fá Halldór Kiljan til þess að lesa upp slíka sögu, það væri eingöngu kostnaðurinn, sem við þetta yrði, sem við yrðum að bera. En ég álít, að við ættum að gera þetta. Það er kannske hægara að fá það samþykkt með hann út af því, sem gerzt hefur nú upp á síðkastið, heldur en var í fyrra með Davíð og Jóhannes, en það gæti þá e. t. v. orðið til þess, að við færum eins að við fleiri.

Ég legg svo til í XI. tölul., að styrkurinn til orðabókarinnar sé hækkaður upp í 200 þús. úr 125 þús. Ég held, að það sé rétt. Við eigum að flýta okkur með orðabókina, og við eigum að geta varið meiri kröftum til hennar. Öll þau fögru orð, sem falla um okkar tungu hér í þessum sal, ættu að koma fram í því m. a., að menn vildu stuðla að því, að meira fé væri varið til þess að fá algera orðabók yfir íslenzka tungu. Með þeim stórkostlegu breytingum, sem á okkar tungu verða á þessari öld, með þeirri sífelldu nýsköpun málsins, sem á sér stað, þá held ég, að fari svo, að við förum varla að hafa undan nýmyndun málsins, ef við herðum okkur ekki dálítið með að gera okkur betur mögulegt að safna orðunum og fara að koma út sem fyrst einhverju af orðabókinni.

Þá er ég með XVI. till. viðvíkjandi sumardvalarheimilum, sams konar till. og ég flutti í fyrra, að hækkaður sé styrkur til sumardvalarheimilanna almennt og sérstakur styrkur tekinn upp á fjárlögin til orlofs og sumardvalar fyrir húsmæður frá barnmörgum heimilum á vegum mæðrafélaga, mæðrastyrksnefnda og annarra samtaka, en félmrn. úthluti fénu, 200 þús. kr. — og til vara 100 þús. Ég ætla ekki að endurtaka mínar röksemdir fyrir þessu. Það hefur verið

unnið gott starf af hálfu ýmissa slíkra félaga til að gera mæðrum frá barnmörgum heimilum mögulegt að fá skamman tíma dvöl á stöðum eins og t. d. Laugarvatni að haustinu til, það er rétt að styðja þessa starfsemi og það er það, sem felst í þessari till.

Þá legg ég enn fremur til, að styrkurinn til slysavarna sé hækkaður, en þó sérstaklega styrkurinn til umferðarslysavarna, hann sé þrefaldaður, úr 50 þús. upp í 150 þús. Mér finnst satt að segja, að því Alþingi og þeirri ríkisstjórn, sem gerir ráðstafanir til þess að flytja inn þau ógrynni af bílum, sem flutt hafa verið, og tekur tugmilljónaskatta af bílunum og um leið viðheldur slíku skipulagsleysi í bæjarmyndun, götum og öðru slíku, að þessir bílar verða í vaxandi mæli manndrápstæki, beri skylda til að leggja meira fé fram til að varna slysum í umferðinni en gert hefur verið fram að þessu, það þurfi að taka þetta mál miklu alvarlegri tökum. Það er talað mikið um þetta, og það er af ýmsum aðilum unnið vel að þessu. Ég álít, að Alþ. eigi að taka þarna rösklegar á en það hefur gert. Þetta er ekki stór fjárupphæð, og ég vil vona, að hv. þm. geti orðið sammála mér um að veita hana.

Þessar upphæðir, sem ég er með, hef ég ekki lagt saman. Ég veit, að þetta fer varla fram úr milljón, og munar þess vegna ekkert um það á þessum fjárl., sem er verið að afgreiða. Ég vil þess vegna leyfa mér að vonast eftir, að a. m. k. eitthvað af þessum till. finni þann skilning hjá hv. þm., að þeir geti orðið við því að samþykkja þær. Ég held, að hvorki þeir né þeir, sem eiga að taka við af okkur, mundu iðrast þess síðar.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki mikla ástæðu til þess að lengja þessa umr. mjög og skal því ekki þreyta hv. þm. með langri ræðu. Mér þótti þó tilhlýðilegt að segja nokkur orð, eftir að mælt hefur verið hér fyrir bæði till. minni hl. n. og sömuleiðis till. hv. þjóðvarnarmanna og þannig fram komnar þær megintill., sem gera mátti ráð fyrir að kæmu fram frá einstökum flokkum innan þingsins í sambandi við fjárlagafrv. Eftir eru svo vitanlega ýmsar till. frá einstökum hv. þm., sem lagðar hafa verið síðar fram á sérstöku þingskjali.

Það er raunar ákaflega lítið, sem ég hef að svara fyrir hönd meiri hl. fjvn. Það hafa ekki verið gagnrýndar þær röksemdir eða skýringar, sem ég flutti fram í minni framsöguræðu til stuðnings okkar till., og þarf ég því ekki sérstaklega af þeim sökum að rifja upp neitt af því, sem ég þar tók fram, en skal aðeins í örfáum orðum víkja að nokkrum þeim ræðum, sem fluttar hafa verið.

Ég hefði kannske ástæðu til þess að þakka hv. 8. landsk. þm. fyrir þá umhyggju, sem hann bar fyrir Sjálfstfl. út af því, hvort væri rétt fyrir sjálfstæðismenn að hafa nú ekki sérlega gætilega tekjuáætlun og reyna að setja hana í hámark, eins og hann sagði, vegna þess að ef fram undan væri nú myndun vinstri stjórnar í landinu, væri ekki sérstök ástæða fyrir okkur til þess að fá þeirri stjórn svo rúmar hendur sem núverandi ríkisstjórn hefði haft til þess að ráðstafa eftir á tugmilljóna greiðsluafgangi til ýmissa þarfa. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa vísbendingu. Mér fannst að vísu einnig hans till. hér benda til þess, að hann byggist ekki meir en svo við að eiga heldur aðild að þeirri ríkisstjórn, ef til kæmi, og skal ég engu um það spá. Því verður vitanlega reynslan að skera úr. Ég vil aðeins segja það, að hvort sem verður úr því, að það verði stjórnarskipti í landinu, eða ekki, þá breytir það ekki viðhorfi okkar sjálfstæðismanna til þess, að við álítum, að afgreiða beri fjárlögin á þann hátt, að afkoma ríkissjóðs á hverju ári verði greiðsluhallalaus. Það er meginstefna, og skiptir ekki máli, hver fer með ríkisstjórn.

Að öðru leyti vil ég geta þess í sambandi við það, sem hv. 8. landsk. þm. sagði um greiðsluafgang ríkissjóðs 1955, að það mundi sennilega ekki vera búið að ráðstafa af honum meira en um 70 millj. kr. og ættu þá að vera um 60 millj. eftir, að það færi vissulega betur, að það væri um 130 millj. kr. greiðslufgangur. Það væri sannarlega full þörf á því til margvíslegra þarfa í þjóðfélaginu. Það hefur áður komið að góðu gagni, að slíkur greiðsluafgangur hefur verið til, og hv. þm., ekki síður stjórnarandstæðingar en stjórnarsinnar, hafa verið mjög fúsir til þess að bera fram sínar hugmyndir um, hvernig ætti að ráðstafa því fé. En ég er ákaflega hræddur um, að þessi greiðsluafgangur í ár verði töluvert innan við 130 millj. kr., þannig að erfitt verði að reikna með því, að hann verði til allra þeirra hluta, sem ýmsir tala um. En ég vil vegna þess, sem hv. þm. sagði um, að rétt væri að taka hluta af greiðsluafgangi og verja til að greiða halla af ríkisbúskapnum á þessu ári, taka það fram, að ég álít það, og ég hygg, að það muni meiri hl. hv. þm. einnig vera mér sammála um, að það séu ekki skynsamlegir búskaparhættir að ætla að fara að framfleyta ríkisbúskapnum þannig að nota greiðsluafgang til þess. Þetta mætti auðvitað vera réttlætanlegt, ef gera mætti ráð fyrir, að um einhver sérstök áföll eða kostnað væri að ræða hjá ríkinu á einu tilteknu ári, sem síðar kynni aftur að draga úr. Þá gæti verið ástæða til að gera slíkar ráðstafanir. En í slíku tilfelli sem hér er um að ræða, þar sem ekki virðast nú sérstakar horfur á, að það muni létta á ríkissjóði um önnur áramót hér frá, eða á árinu 1957, þá er mjög óskynsamlegt að ætla sér að leysa þann vanda, sem nú er að afla viðbótartekna fyrir ríkið, með því að ætla að nota þennan greiðsluafgang til eyðslueyris á næsta ári upp í rekstrarkostnað ríkissjóðs.

Það hefur verið vikið að því hér, bæði af hv. 8. landsk. og fleiri ræðumönnum, að það muni vera óhætt að hækka verulega tekjuáætlunina vegna þeirrar reynslu, sem hafi verið undanfarin ár. Og hv. 8. landsk. sagðist vænta þess, að þm. stjórnarflokkanna færu ekki að standa eins og glópar upp til þess að reyna að mótmæla því, að hægt væri að gera ráð fyrir, að alveg sama þróun yrði á næsta ári. Ég tók það fram í minni framsöguræðu, og ég held, að allir hljóti að geta, ef þeir hugsa í alvöru um málið, orðið mér sammála um það, að þegar verið er að afgreiða fjárlög, megi ekki reikna með ákveðnum hlutfallareikningi um það, hvernig tekjur ríkissjóðs hafi vaxið ár frá ári, nema að mjög litlu

leyti a. m. k., heldur verði að gera sér raunverulega grein fyrir, hvernig aðstaðan og ástandið er á hverjum tíma, því að tekjuhorfur geta auðvitað breytzt mjög frá ári til árs. Þó að þær hafi hækkað á 2—3—4 árum mikið, þá er ekki þar með sagt, að þær þurfi endilega að hækka á sama hátt á fimmta árinu. Það verður auðvitað við samningu fjárlaga að meta allar aðstæður eins og þær eru. Ég tók það einnig fram þá, að af hálfu fjvn. væru ekki endanlegar hennar till., vegna þess að við höfum ekki haft fyrir okkur nú nema afkomu 10 mánaða ársins, og vel kynni að vera, að einhverjar þær breytingar kæmu fram síðar, áður en afgreiðslu fjárlaga yrði lokið endanlega, að ástæða þætti til eða fært að gera breytingar til hækkunar á tekjuáætluninni. Vitanlega verður það þá gert. Ég get ítrekað það, sem ég sagði þá, — a. m. k. er það mín skoðun og ég hygg margra fleiri, — að sjálfsagt sé, þegar svo háttar, að nú þarf að fara að leggja álögur á landsmenn til þess að brúa bilið milli tekna og gjalda, að þá verði vitanlega að rannsaka það fullkomlega til hlítar, hversu hátt sé hægt að fara með hina áætluðu upphæð þeirra tekjustofna, sem í gildi eru, og beri að fara þar svo hátt sem framast þykir fært, án þess þó að með því sé afkomu ríkissjóðs stefnt í hættu. Ég held, að þetta sjónarmið sé ekki með neinu móti hægt að segja að sé glópska, heldur mundu jafnvel þeir hv. þm., sem halda öðru fram, vafalaust vera sömu skoðunar, ef þeir ættu að bera ábyrgð á afgreiðslu fjárlaga. En það vill nú stundum kveða nokkuð öðruvísi við hjá mönnum, — ég er ekki að segja sérstaklega þeim fremur en öðrum, — sem þurfa ekki að bera ábyrgðina, heldur en þeim, sem ábyrgð eiga að hafa á því, hversu til tekst.

Hv. 8. landsk. taldi óhæfu að reikna hér með söluskattinum, þar sem hann hefði ekki enn verið samþ. á þinginu. Það skal auðvitað játað, að verði söluskatturinn ekki samþ. á þinginu, kemur ekki til, að ríkissjóður hafi af honum tekjur. En ég held ekki, að nein sérstök ástæða sé til að óttast, að hann verði ekki samþ., þannig að það megi gera ráð fyrir, að hægt sé að ætla með honum sem tekjustofni, enda fengi ég ekki skilið, eins og ástatt er nú, hversu það mætti verða, að þessi stóri tekjustofn yrði ekki framlengdur.

Hv. 11. landsk. ræddi nokkuð almennt um fjárlagafrv. hér áðan, og m. a. ræddi hann — eins og hann hefur raunar áður gert — um embættismannabáknið og að vöxturinn í útgjöldum ríkissjóðs væri aðallega á því sviði og nefndi um það nokkur dæmi. Ég vil vekja athygli á því, að ég hygg, að ekki sé með nokkru móti hægt að segja, að embættismannabáknið eða embættiskerfi ríkisins vaxi í þessum fjárlögum meira en efni standa til, miðað við þær launahækkanir og kostnaðarhækkanir, sem eru á öllum sviðum. Og ég vil jafnframt vekja athygli á því, að samkv. till. fjvn. er gert ráð fyrir að hækka verklegar framkvæmdir um 25% eða í kringum það, þannig að ég hygg, að það sé ekki minni hækkun, heldur jafnvel meiri en er á hinum almennu kostnaðarliðum. Að öðru leyti gefur ræða hv. 11. landsk. ekki tilefni til athugasemda.

Ég vil þá leyfa mér að víkja örfáum orðum að hv. frsm. minni hl. fjvn., hv. 3. landsk. Hann vildi draga nokkuð í efa þau orð mín, að mikill hluti af hækkun fjárlagafrv. stafaði af afleiðingum verkfallanna og kauphækkunum þeim, sem orðið hafa af þeim sökum. Ég held, að allir þeir, sem athuga fjárlagafrv. til hlítar, geri sér ljóst, að þessi orð mín hafa fullkomlega við rök að styðjast. Ég hélt því ekki fram, að það væri öll sú hækkun, það er auðvitað töluvert mikið af henni, sem stafar af öðrum ástæðum og er enda tekið fram, eins og hann las upp úr grg. með fjárlagafrv., en það er áreiðanlegt, að mjög stór hluti af þessari miklu hækkun á fjárlögunum nú stafar einmitt af þessum sökum. Er það vitanlega eðlilegt, þegar þess er gætt m. a., að vísitala mun hækka um 14—15 stig, miðað við fjárlögin, sem nú gilda.

Hann fann nokkuð að því einnig, að ekki hefði verið farið fram á það við stjórnarandstöðuna að benda á leiðir til sparnaðar. Ég sé nú ekki beinlínis, að það hafi verið þörf á að fara fram á það við stjórnarandstöðuna, vegna þess að ef hún hefði séð ástæðu til þess að gera till. um sparnað, hefði það að sjálfsögðu verið eðlilegt og skylda þeirra manna, sem töldu það fært, að gera það og ekki ástæða til þess, að þeir þyrftu að bíða eftir því, að aðrir bæðu þá um það. Vitanlega er það ekki sízt hlutverk stjórnarandstöðu að vera til nokkurs aðhalds fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma um það, hvernig hennar fjárútlátum er háttað.

Ég skal hins vegar játa það fúslega, sem hv. 8. landsk. minntist á, að það er að ýmsu leyti erfiðari aðstaða fyrir þá, sem ekki halda um stjórnvölinn, að kanna, hvernig ástatt er um einstakar stofnanir. Þetta gildir þó ekki raunar um þá, sem hafa aðstöðu til þess að starfa í fjvn., því að þar er hægt að krefjast allra þeirra upplýsinga, sem viðkomandi aðilar óska, og hægt að fylgjast með þessu, eftir því sem menn leggja sig eftir því. Auk þess er það vitanlega svo um marga liði í fjárlögum, að menn geta myndað sér sínar skoðanir um, hvort þar sé óhæfilega eytt peningum eða ekki, án þess að þurfa beinlínis að hafa þá aðstöðu, sem ráðuneytið hefur, að geta kannað það allt niður í kjölinn í einstökum atriðum.

Ég vil enn fremur leiðrétta eitt smávægilegt atriði, sem hv. 3. landsk. minntist á, og það var, að ég hefði átt að segja, að aflabrögð mundu fremur minnka á næsta ári. Þetta held ég að hafi verið misheyrn eða misskilningur hjá hv. þm. Ég sagði, að það mundu bætast í bátaflota okkar töluvert margir bátar á næsta ári, en hins vegar, þar sem hefði verið mjög gott aflaár í ár, væri ekki hægt að vænta þess, að um mikla aukningu á útflutningsverðmætum yrði að ræða á næsta ári, þó að það kynni að verða, ef sérstök höpp kæmu fyrir, eins og t. d. síldveiði, sem maður aldrei veit um, en blæs nú ekki byrlega með, eftir að hún hefur brugðizt í heilan áratug.

Þá mætti auðvitað ræða margt um ýmsar bollaleggingar hv. minni hl. fjvn. og orðalag í nál., þar sem virðist vera nokkuð einkennilega sums staðar til orða tekið um útskýringar á útgjaldaliðum, eins og þar sem sagt er, að fjárlagafrv. sé af meiri hl. n. lagt fram í aðalatriðum eins og það var lagt fyrir þingið í haust, að við-

bættum allt að 20 millj. kr. útgjöldum samkv. tillögum ráðuneyta og nokkurra milljóna útgjöldum frá Pétri og Páli. Jafnframt er svo talað um, að það sé heldur meiri kosningasvipur á afgreiðslunni en hafi verið að undanförnu. Ég fæ ekki skilið sérstaklega, hvar það kemur fram, að það sé *neinn sérstakur kosningabragur á* afgreiðslu frv. Auðvitað skiptir svona orðalag ekki miklu máli, en má kannske segja, að það sé einkennilegt í nál.

En það er annað í þessu nál. hv. minni hl., sem mér kemur ákaflega einkennilega fyrir sjónir, og ég verð að segja, að þeim virðist ekki hafa farið mjög mikið fram í reikningi frá síðasta þingi, en þá henti það þessa ágætu og annars mjög glöggu menn, að þeir höfðu misreiknað sig um nokkra *milljónatugi*, þegar þeir voru að *leggja* saman sínar tillögur til útgjalda á fjárlagafrv. Nú hefur sem sagt hent þá sú einkennilega villa, að þeir ræða um í sínu nál., að ef farið væri eftir þeirra till., mundi vera hægt að afgr. fjárl. hallalaust, enda þótt reiknað væri með öllum þeim útgjöldum, sem bíða nú 3. umr. og þeir reikna með að séu um 55 millj. kr.

Það kann vel að vera, að það sé einhver alveg sérstök reikningsaðferð, sem þessir hv. þm. hafa *fundið upp til þess að fá þessa niðurstöðu*, a. m. k. mjög hagkvæm reikningsaðferð fyrir þá. En ég fæ nú ekki betur séð en að miðað við þær till., sem þeir hafa gert, og miðað við það, að þeir standa með okkur að öllum þeim till., sem meiri hl. gerir til útgjaldaauka, muni halli á fjárlagafrv. verða nærfellt 70 millj. kr., þótt reiknað sé með þeim tekjustofnum, sem þeir benda á, en ef reiknað er með öllum þeim útgjöldum, sem þeir leggja til, þannig að ég get a. m. k. ekki skilið annað en að *eftir almennri málvenju og* skilningi á, hvað sé halli á frv., muni þetta verða að teljast það. Ég held þetta stafi einfaldlega af því, eftir því sem ég hef bezt getað fundið, að þeir hafi gleymt algerlega að reikna með eignahreyfingunum eða sleppt þeim, nema þar sem það passaði að telja þær með. Þetta er náttúrlega ákaflega hæpinn útreikningur og mjög miður farið, að jafnglöggir og skilmerkilegir menn og þessir hv. tveir þm. skuli láta frá sér fara nál., sem byggt er upp á jafnótraustum grundvelli vægast sagt. Þetta tel ég ekki vera hægt annað en að benda hv. þm. á. Ég skal alveg láta það liggja milli hluta að meta, að hve miklu leyti kunni að vera réttar ýmsar till., sem þeir gera um hækkun á tekjubálki frv. Það virðist svo, að það geti hugsanlega orðið þær tekjur ríkissjóðs í ár, sem þeir reikna með í sinni tekjuáætlun, og má að því leyti ef til vill segja, að það fengi staðizt, sem þeir gera till. um, ef mætti gera ráð fyrir, að hagur ríkissjóðs yrði sá sami á næsta ári. En þeir eiga þó algerlega eftir að gera grein fyrir því, gera það kannske við síðari umr., eftir að þeir hafa reiknað þetta betur út og komizt að réttri niðurstöðu, hvernig þeir ætla að finna mismuninn, sem á að fara í allar þær upphæðir, þessar 50 millj., sem eftir eru og mér skilst ákveðið að þeir séu meiri hl. sammála um að beri að taka upp í þetta frv., — hvernig þeir ætla að gera það án þess að þurfa að leita að einhverjum nýjum tekjustofnum.

Hv. 3. landsk. sagði, að það hefði kennt nokkurra sárinda hjá mér yfir því, þegar ég hefði verið að tala um, að það væru vissulega margar góðar till., sem kæmu fram frá minni hl. og hefði verið ánægjulegt að geta stutt, og var eitthvað að gefa í skyn um, að við mundum ekki *hafa fengið leyfi til þess að styðja slíkar* till. Hér er vitanlega um hinn mesta misskilning að ræða. Það, sem veldur, er ekki annað en það, sem öllum mönnum má augljóst vera, að hér er á svo mörgum sviðum um svo margvíslegar þarfir að ræða, sem við allir þekkjum, að við getum aldrei og hefur aldrei verið hægt við afgreiðslu neinna fjárl. að taka þetta til greina nema að nokkru leyti. Það eru vissulega margar hugmyndir og till., sem fram hafa komið á hverju *einasta þingi í sambandi* við *fjárl.*, *sem hefði* verið ánægjulegt að geta samþ. og veitt fé til, en ekki hefur verið möguleiki til að gera. Það verður hér sem áður að velja og hafna og meta, og það er auðvitað ótalmargt, sem hver einstakur þm. og kannske þm. allir saman hefðu gjarnan viljað að hefði verið hægt að veita fé til, en ekki er hægt. Þetta er ósköp einföld skýring á þeim orðum, sem ég sagði.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að vera að *gefa neinar yfirlýsingar varðandi* þær einstöku till., sem hér liggja fyrir. Ég tók það fram í minni frumræðu, að meiri hl. n. mælti með því, að frv. yrði samþ. með þeim brtt., sem n. sameiginlega hefur öll borið fram, en n. telur að öðru leyti ekki fært að styðja aðrar till.

Ég vil út af þeim till., sem fram eru settar á þskj. 185 frá hv. þm. Þjóðvfl., taka fram, að það hefur þegar verið upplýst um tvær af þeim þremur till., sem þar eru, að þær munu koma inn í frv. við 3. umr. þess, *og* það er þess *vegna þarflaust* að vera að bera slíkar till. fram nú.

Varðandi heimild þá til ráðstöfunar á greiðsluafgangi, sem vikið er að í till. minni hl. fjvn., hefur hæstv. fjmrh. gefið þá yfirlýsingu, að það muni koma til kasta þingsins á sínum tíma að ráðstafa þeim greiðsluafgangi, og geri ég því ekki ráð fyrir, að þeir hv. þm. muni láta þá till. koma til atkv., því að mér skildist, að það væri fyrst og fremst áhugi þeirra með því að bera *till.* fram að fá úr þessu skorið.

Að öðru leyti skal ég ekki þreyta hv. þm. með lengra máli, þar sem ég sé ekki, að þær ræður, sem fluttar hafa verið, gefi tilefni til þess, en ítreka aðeins þá till. mína um afgreiðslu málsins, sem ég flutti við frumræðu mína.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 185, 187, 188 og 189, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Á þskj. 187 flytjum við hv. þm. Vestm. og ég 4 brtt. við fjárlagafrv., og eru þær alls raunverulega að upphæð einar 8 þús. kr. til hækkunar á útgjöldum ríkisins. Að vísu mundi ein till. hækka fjárl. nokkru meira, en ég kem síðar að því, að þar er ekki um raunverulega útgjaldahækkun fyrir ríkissjóð að ræða.

Fyrsta till., sem á þessu nefnda þskj. er merkt

með III, er varðandi Vestmannaeyjahöfn, og leggjum við þar til, að fjárveitingu til hennar verði breytt úr 350 þús. kr., sem hv. fjvn. hefur lagt til, í 1 millj. kr. Nú mætti máske segja, að það væri ekki öldungis rétt hjá mér, að þessi till. þýddi ekki, að það væri um útgjaldahækkun að ræða úr ríkissjóði. En ég vil nú færa rök að því, að svo er ekki.

Samkv. því skjali, sem fyrir liggur frá vitamálaskrifstofunni um hafnarframkvæmdir á hinum ýmsu höfnum landsins á yfirstandandi ári, að nokkru leyti að vísu áætlað, en að langmestu leyti raunverulegt, svo og áætlun um framkvæmdir í höfnum á næsta ári, kemur í ljós, að höfnin í Vestmannaeyjum hefur algera sérstöðu. Í henni hefur þegar verið unnið svo mikið, að innstæða hafnarinnar hjá ríkissjóði nemur í lok þessa árs rúmlega 3 millj. kr., eða nánar tiltekið samkv. yfirliti vitamálaskrifstofunnar 3 millj. og 11 þús. kr. Á næsta ári gerir vitamálaskrifstofan ráð fyrir, að svo mikið verði unnið í höfninni í Vestmannaeyjum, að ríkisframlag vegna þeirra framkvæmda ætti að nema 720 þús. kr. Það er þess vegna gefið mál, að á næsta ári eða fyrir lok næsta árs er ríkissjóður í rauninni skuldugur Vestmannaeyjahöfn um 3 millj. 731 þús. Hins vegar er í þeim till., sem hér liggja fyrir til fjárl., aðeins gert ráð fyrir, að út verði greiddar 350 þús. Af þessu leiðir, að ef þannig ætti að halda áfram og þó að við gerðum ráð fyrir, að hætt yrði með öllu framkvæmdum í Vestmannaeyjahöfn eftir næsta ár, mundi það samt sem áður taka meira en 10 ár, að Vestmannaeyjahöfn fengi það framlag, sem henni ber úr ríkissjóði á móti þeim framkvæmdum, sem goldnar hafa verið með fé annars staðar frá. Þetta teljum við hv. þm. Vestm. vera allt of mikinn seinagang á greiðslum ríkissjóðs á því framlagi, sem honum ber að greiða, og höfum þess vegna lagt til í allri hógværð, að þessi greiðsla, sem á fjárl. er ætluð 350 þús., verði færð upp í 1 millj. Ef það yrði samþ. og svo héldi fram næstu árin, mundi það samt taka ríkissjóð 4 ár að gera sig sléttan við hafnarsjóð Vestmannaeyja, og þó væri miðað við það, að eftir næstkomandi ár yrði ekki ráðizt í neinar framkvæmdir.

Ég held, að þeir, sem gera sér í alvöru í hugarlund, hver hyrningarsteinn þessar hafnarframkvæmdir í Vestmannaeyjum eru undir íslenzkan þjóðarbúskap, geti vart látið sér miklast það, að til þessarar hafnargerðar væri greidd samkv. fjárl. 1 millj. kr. Ég fullyrði, að ef við höldum svipuðum árangri í fiskveiðum og á undanförnum árum hefur verið í Vestmannaeyjum, þá munu engar framkvæmdir af þeim, sem ríkið leggur fram fé til, gefa íslenzku þjóðarbúi meiri og betri arð í aukinni framleiðslu en einmitt framkvæmdir við þessa höfn.

Ég vil svo til frekari áréttingar því, sem ég sagði í upphafi þessara orða minna, taka það fram, að hér er alls ekki um að ræða neinar till. um aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Það ber að sjálfsögðu að viðurkenna, að þessi brtt., ef samþ. yrði, mundi hækka fjárl. ársins í ár um 650 þús., en þar er ekki um annað að ræða en það, að ríkissjóður greiddi örar en fjárlfrv. eins og það nú er og brtt. hv. fjvn. við það gera ráð fyrir.

Ég undirstrika: Hér er ekki um að ræða aukin útgjöld úr ríkissjóði, heldur einungis það, að ríkissjóður hraðaði meira greiðslum til þessa ákveðna mannvirkis en gert er ráð fyrir til þessa.

Kem ég þá að þeim tveimur till. okkar hv. þm. Vestm., sem hafa í för með sér útgjaldahækkun.

Það er fyrst till. á þskj. 187, í XIII. tölul., en sú till. er um að hækka framlag til Leikfélags Vestmannaeyja úr 4 þús. kr. í 8 þús. kr. Ég tel, að hér sé ekki heldur ósanngjarnlega í sakirnar farið. Það er á allra vitorði, að af samhærilegum kaupstöðum við Vestmannaeyjar er þetta mjög lág fjárveiting, hafa sumir aðrir kaupstaðir nokkru hærri fjárveitingu. En sökum þess, hve Vestmannaeyingar eru einangraðir og geta lítils notið af þeirri leiklist, sem annars staðar er sýnd, ber að sjálfsögðu þeim mun brýnni nauðsyn til, að leiklistarstarfsemi þar í héraði sé efld, og hygg ég, að þegar menn hugleiða þessa brtt., muni þeir geta á hana fallizt sem sanngjarna.

Í öðru lagi eigum við sömu flm. till., sem merkt er XIV á þessu þskj. Hún er um að hækka styrk til Lúðrasveitar Vestmannaeyja úr 8 þús. kr. í 12 þús. Það hefur verið siður hér á undanförnum þingum að veita lúðrasveitum yfirleitt nokkurn styrk, og hefur hv. fjvn. sýnt á þeim hlutum lofsverðan skilning. Hún hefur sömuleiðis undanfarin ár aðeins mjakað þessum styrk upp. Ég minnist þess, að þessi styrkur var yfirleitt færður úr 5 þús. kr. í 8 þús. við afgreiðslu síðustu fjárl. En þó að margt hafi hækkað á þessu yfirstandandi ári, þá er samt ekki gert ráð fyrir hækkun á þessum lið, og er út af fyrir sig ekkert við því að segja, þó að ekki séu allir liðir fjárl. hækkaðir á einu og sama árinu. Ég vil aðeins benda á það, að sá styrkur, sem nú er ætlaður lúðrasveitum víðs vegar um land, 8 þús. kr., er alls ekki of hár á nokkurn hátt, en ég get ekki fallizt á, að nákvæmt sé metið, þegar allar lúðrasveitir eru hafðar í sama flokki, þótt sumar eigi máske algerlega eftir að sýna, hvort þær í rauninni standa undir nafni, hvort þeim í rauninni tekst að verða það, sem þær ætla að verða, hvort þær verða nokkru sinni raunverulegar lúðrasveitir eða hvort þetta máske eru fyrirbrigði, sem vara í 2—3 ár eða mjög skamman tíma. Hér er hins vegar um að ræða næstelztu lúðrasveit á þessu landi, hún er 51 árs á þessu ári. Að vísu ber að viðurkenna, að starf hennar hefur ekki verið fullkomlega samfellt öll þessi ár, en langflest árin hefur starfsemi hennar verið með blóma, og nú undanfarin 16 ár hefur sveitin stöðugt verið í mikilli framför, og henni stjórnar mikill hæfileikamaður, sem hefur lagt mjög mikla vinnu í það starf og hlotið fyrir það kaupgreiðslu, sem nemur 2 þús. kr. á ári. Það er sem sagt engin greiðsla, heldur aðeins lítill viðurkenningarvottur, og teldi ég, að það væri fullkomlega sanngjarnt, að Lúðrasveit Vestmannaeyja væri færð í sama flokk og Lúðrasveit Akureyrar, sem gert er ráð fyrir að fái 20 þús. kr. árlegan styrk, sem má sanngjarnt teljast. En til þess að auðvelda þeim, sem síður vildu taka stór stökk, að koma til móts við okkar óskir, höfum við hv. þm. Vestm. lagt til, að Lúðrasveit Vestmannaeyja verði færð úr 8 þús. kr. framlagi í 12 þús. kr.

Þá er síðasta till. okkar á þessu þskj. Hún er merkt með XIX. Það er till., sem ekki hefur nein útgjöld í för með sér og enga hækkun á fjárl. Það er brtt. við 22. gr. fjárl., heimildagr., að ríkisstj. sé heimilt að ákveða, að ef rekstur flugmála verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D, sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á þeim stöðum, sem þjóðvegakerfi landsins nær ekki til.

Þetta er umorðun á gr., eins og hún stendur þegar í fjárlagafrv., með þeirri efnisbreyt., að það er ekki heimilt að verja þessum væntanlega rekstrarágóða flugvallanna hvert sem er til flugvallagerðar, heldur er það okkar skoðun, að það eigi fyrst og fremst að nota þann tilfallandi ágóða þeim til hagsbóta, sem búa við örðugastar samgöngur, og þá einkum, eins og segir í okkar till., til þeirra staða, sem ekki eru í neinu vegasambandi við hið almenna akvegakerfi landsins. Þar koma þá að sjálfsögðu til greina staðir eins og t. d. eyjar, sem í byggð eru við landið, eins og t. d. Vestmannaeyjar, Grímsey, sömuleiðis staður eins og Öræfin, sem þegar eru allmiklar flugsamgöngur við, eins og raunar báða hina staðina, sem ég hef nefnt, — Grímsey að vísu á byrjunarstigi. Og ég vil taka það fram, að nú mætti segja, að á öllum þessum stöðum, sem ég hef nefnt, eru flugvellir þegar, en á öllum þessum stöðum eru flugvellirnir meira og minna ófullkomnir og enn í byggingu og þurfa mikilla lagfæringa við. Auk þess koma að sjálfsögðu til fjölmargir fleiri staðir á landinu, sem ættu forgangskröfu til flugvallagerðar umfram þá staði, sem hafa akvegi og geta notað samgöngur með bifreiðum við hið almenna vegakerfi landsins.

Ég hef sýnt fram á það, að í rauninni fela okkar fjórar till. eingöngu í sér 8 þús. kr. útgjaldaaukningu fyrir ríkið. Spurningin er þá ekki fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis, hvort samþ. beri þessar till., heldur er spurningin um hitt, hvort menn vilja líta á sanngirni málsins, og að öllum aðstæðum athuguðum leyfi ég mér að láta í ljós þá bjartsýni, að till. okkar muni ná hér samþykki.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa hér um langt mál. Þær till., sem hv. 9. landsk. minntist á, höfum við flutt saman, af því að við erum á sama máli um þörf þess, að þær nái fram að ganga, og hann hefur nú rökstutt okkar mál vel.

Meinið með hafnarframlögin er náttúrlega í eðli sínu það, að það er svo við neglur skorið það fé, sem ætlað er til hafnarframkvæmda, að fjvn. er náttúrlega mikil vorkunn, þó að hún eigi bágt með að verða við réttmætum óskum á þeim grundvelli, sem henni er skapaður til að vinna á. Hafnirnar eru þó, þar sem þær eru mikið notaðar, ákaflega mikil undirstaða að gjaldeyrisöflun ríkissjóðs, og á það ekki sízt við um Vestmannaeyjahöfn, eins og raun ber vitni um. Og ég efast um, að hæstv. ríkisstj. og hv. fjvn., yfir höfuð Alþingi, hafi gert sér ljóst, hvaða risaátak hefur verið gert í Vestmannaeyjum núna á síðustu árum til þess að koma höfninni í það lag, að hún samsvari þeim kröfum, sem fiskiflotinn, stór og þó sívaxandi, hlýtur til hennar að gera.

Það var náttúrlega stórkostleg framför að svokallaðri Friðarhafnarbyggingu m. a., en þó var það þannig, að bátarnir urðu um háannatímann að liggja tímunum — mér liggur við að segja dægrunum saman hver utan á öðrum til að bíða eftir afgreiðslu, og allir geta séð, hvað það þýðir í aflatjóni um vertíðina og í erfiðis- og vökuálagi fyrir fólkið að þurfa að bæta því ofan á sín daglegu störf á sjónum. Fyrir því var ráðizt í þá miklu bátakvíabyggingu, sem nú hefur verið lokið og kemur að ég ætla að því nær fullu gagni á næstu vertíð. Það var byrjað á henni í fyrra, og hefur verið mikið á sig lagt til þess að koma henni í framkvæmd.

Bæjarstjórnin og ég áttum um þá fyrirætlun miklar viðræður við ríkisstj., við Framkvæmdabankann, við Landsbankann og ég held við Útvegsbankann líka, a. m. k. heima, og það var ekki hægt að fá þá fyrirgreiðslu, sem að gagni kæmi, á neinum þessum stöðum þá í bili. En okkur var beinlínis bent á það af hæstv. ríkisstj., hvort við gætum ekki haft þann gang á þessu máli að reyna að útvega okkur lán í útlöndum til þess að afla okkur efnis í járnþilin o. s. frv., og sumpart af því var í það ráðizt að fá lán í útlöndum í þessu skyni. Það hefur, að því er virðist, blessazt vel, því að frá þeim tíma, sem lánið var tekið og efnisins aflað, hefur orðið stórkostleg hækkun á þessu efni, svo að það er vel farið, að það er nú komið á réttan stað hvað þessa höfn snertir og mannvirkið komið í það horf, að það verður að gagni. En við eigum eftir að borga stóran hluta af þessu láni, sem við, eins og ég sagði, mikið eftir áeggjan hæstv. ríkisstjórnar réðumst í að taka til þess að flýta fyrir verkinu. Þegar málið er skoðað í þessu ljósi, verður sanngirniskrafa sú, sem hv. 9. landsk. rökstuddi hér, enn þá berari, þar sem nú er þannig háttað, að ríkið á eftir að borga 3 millj. af sínu framlagi til hafnarinnar fyrir verk, sem búið er að vinna, fyrir utan það, sem áætla má að það þurfi að borga fyrir verk, sem verður að vinna á næsta ári. Þetta vildi ég biðja hv. þm. að hafa í huga.

Það eru ekki Vestmannaeyjar einar, sem þyrftu að fá miklu stærri fjárframlög til sinna hafnargerða en þeim er ætlað í fjárlögum, þó að Vestmannaeyjar á þessu stigi málsins hafi langstærsta siðferðislega eða ég vil segja lagalega kröfu á sérstöku tilliti af hálfu ríkisvaldsins í þessu efni.

Öll sagan er þó ekki sögð hér með, heldur hafa Vestmanneyingar á sama tíma lagt á sig fjarskaþung gjöld í tvöföldum vörugjöldum á vörum til hafnarinnar, gjöld, sem leggjast sem aukinn skattur á íbúa Eyjanna. Það er ekki sem þeir hafi verið hér að hlaupast undan merkjum að neinu leyti. Einmitt á sama tíma og af þessu tilefni hafa þeir lagt á sig tvöföld vörugjöld, fyrir utan það, að skipagjöldum verður að halda mjög hátt, meðan á smíði hafnarinnar stendur, og það kemur vitaskuld líka fram við neytendur og notendur og íbúa Vestmannaeyja, að því leyti sem farmgjöldin eru sett hærri, þegar menn vita, að þeir eiga að borga há gjöld fyrir skipin.

Allt þetta styður að því, sem hv. 9. landsk. hélt fram, að það væri sanngirnismál að auka þetta framlag mjög verulega. Við höfum nefnt

þessa upphæð, sem í till. stendur, þrefaldað till. hv. n. og það veitir sannarlega ekki af því, eins og ástatt er, ef Vestmannaeyjar eiga ekki að lenda í vanskilum með þau lán útlend, sem ríkisstj. sjálf hefur hvatt þær til að taka til þess að koma þessu verki í gott horf. Ég veit ekki, við eigum eftir að ráða það við okkur og það getur farið náttúrlega eftir því, eins og vant er, hvernig hv. n. og hæstv. ríkisstj. tekur í það að gera hér einhverja bragarbót á, hvort við látum þessa till. í þetta sinn koma hér undir atkvæði. En mér þótti sjálfsagt eins og hv. 9. landsk. að fá tækifæri hér á hinu háa Alþ. við umræðurnar til að rökstyðja enn betur þá þörf, sem hér liggur fyrir, og þá verðskuldun, sem fyrir hendi er af hálfu Vestmanneyinga, hvað höfnina snertir, framar en ég gerði á sínum tíma í því erindi, sem ég sendi hv. n. um þetta efni. Þar taldi ég þó fram nokkur rök í málinu.

Um aðrar till. okkar sameiginlegar, að því er snertir lúðrasveitina og leikfélagið, sendi ég fyrir mitt leyti erindi á sínum tíma til hv. n., að ég held fyrir hvort tveggja, a. m. k. fyrir lúðrasveitina, og þarf engu við að bæta þau orð, sem hér voru töluð til þess að undirbyggja það mál.

Ég skal svo aðeins stuttlega minnast á flugvallarmálið. Það er heimildartill., eins og hún ber með sér, og ég held, að það sé ómótmælanlegt, að það mæla mikil rök með því, að það fé, sem kann að verða brúkað til að endurbæta flugvelli, sé einkum og sér í lagi brúkað til þess að endurbæta flugvellina á þeim stöðum, sem litla úrkosti hafa á annan veg til samgangna, og það hljóta allir að viðurkenna, að aðstöðumunurinn er stórkostlegur á móti þeim stöðum á landinu, sem hafa flugvelli og líka góða bílvegi. Annars er rétt að geta þess í þessu sambandi, að við hv. 9. landsk. fluttum í byrjun þings till., sem sama hv. n. og stendur að þessu fjárlagaatriði fékk til meðferðar, þar sem við fórum fram á, að gerðar væru bragarbætur á flugvellinum. Það hefur að vonum ekki komið fram enn þá neitt nál. í því efni, en ég vil geta þess, að það hefur verið gerð tilraun til af hálfu flugstjórnarinnar, að ég hygg, eða að undirlagi hennar að hnekkja því, sem við þar héldum fram, með vottorði frá manni í Vestmannaeyjum, sem sennilega hefur átt lítið í því orðalagi, er á hinni svokölluðu leiðréttingu var. Ég skal ekki ræða það mál ýtarlega við þetta tækifæri, en vil bara segja það, að þó að við höfum ekki farið í það að fara í blaðaskrif eða skrifa á móti því vottorði, sem kom í blöðunum í því efni, þá höfum við í höndum gögn frá þeim, sem bezta þekkingu hafa á þessu máli, flugmönnunum sjálfum, sem lenda í Vestmannaeyjum, er sanna, að við fórum þar ekki með neitt rangt mál, heldur með rétt mál, þegar við hvöttum til þess, að slitlag vallarins væri aukið og hann yfir höfuð endurbættur. En sú till. liggur ekki fyrir hér og ég skal ekki fara um hana fleiri orðum. Ég vonast til, að þessi heimild, sem við hér leggjum til, verði samþykkt. Þar eiga náttúrlega Vestmannaeyjar stóran hlut að máli og eins aðrir staðir á landinu, þar sem líkt stendur á. Hv. 9. landsk. minntist á þá, og ég þarf ekki að fara að endurtaka það. En samanborið við það, sem Vestmannaeyjar leggja til þjóðarbúsins og þeir, sem þar stunda atvinnu og sjósókn, leggja til þjóðarbúsins, held ég, að það megi halda því fram, að hér séu ekki gerðar óvægilegar kröfur til hins opinbera af okkar hálfu fyrir hönd þeirra, sem Eyjarnar byggja, og þeirra, sem leita þangað árlega og hafa þar atvinnu sína að miklu leyti.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Á þskj. 187 hef ég flutt tvær brtt. við fjárlagafrv. Fyrri brtt. er merkt IV og er um það, að á fjárlagafrv. skuli taka upp nýjan lið, aukaframlag til hafnargerðar á Þórshöfn vegna tjóns, sem orðið hefur, og yfirvofandi tjóns á hafnarmannvirkjum, 1 millj. kr. Þessi till. er flutt vegna þess, að þarna er um algert neyðarástand að ræða. Það var fyrir nokkrum árum byggður hafnargarður á Þórshöfn til að skýla höfninni þar og þ. á m. bryggju, sem nú þegar er komið nokkuð á veg með að gera. Í fyrravetur eða vetur sem leið brotnaði þessi hafnargarður algerlega í tvennt, og lagðist fremri hluti hans á hliðina, en efri hluti garðsins er nú þegar orðinn algerlega ónýtur, og má fyllilega gera ráð fyrir því, að hann falli einnig um á þessum vetri. Það er því fyrirsjáanlegt, að fyrir utan það, að höfnin er mjög óvarin og verður allerfið í slæmum veðrum og vont fyrir báta að athafna sig þar, þá er yfirvofandi, að bryggjan, sá hluti hennar, sem nú þegar hefur verið gerður, eyðileggist, ef ekki eru gerðar einhverjar ráðstafanir mjög skjótlega til úrbóta.

Hafnargarðurinn, sem gerður var á Þórshöfn fyrir nokkrum árum, var í upphafi mjög illa staðsettur. Hann var byggður of nærri bryggjunni, þannig að hann þrengdi höfnina til mikilla muna, svo að skip önnur en smábátar áttu erfitt með að athafna sig við bryggjuna. Hann var einnig byggður á skökkum stað, að því er fróðir menn telja, með tilliti til þess, að hann tók á sig mikinn sjó, sem kemur fram í því, að sjór hefur nú brotið hann niður.

Í brtt. frá hv. fjvn. er gert ráð fyrir að veita 100 þús. kr. framlag til hafnargerðar á Þórshöfn á næsta ári, og er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitarfélagið leggi fram 100 þús. kr. á móti. Ég býst við því, að þetta framlag, sem þarna er ákveðið, sé miðað við getu þessa fátæka sveitarfélags, en alls ekki þarfirnar, sem þarna eru fyrir hendi. Mér er það vel ljóst, að þarna er um tiltölulega lítið sveitarfélag að ræða, sveitarfélag, sem hefur ekki ráð á því að leggja fram stórar fjárfúlgur, allra síst á einu ári, enda þótt það sé alger nauðsyn og væri algerlega óhjákvæmilegt að gera það, ef þess væri kostur. Þess vegna sé ég ekki betur en að ríkið verði að hlaupa hér undir bagga, ekki aðeins til þess að tryggja atvinnuskilyrði í þessu sjávarþorpi yfir sumarmánuðina, þarna er um þó nokkrar fiskveiðar að ræða og síldarsöltun á sumrin, heldur einnig til þess að reyna að forða meira tjóni, sem þá að sjálfsögðu mundi leggjast síðar meir á ríkissjóð og þetta fátæka sveitarfélag. Ég vil því vænta þess, að þessi till. fái góðar undirtektir.

Ég hef ekki lagt það í vana minn hingað til að bera fram till. vegna þess, að það gæti talizt vinsælt af kjósendum eða einhverjum mönn-

um í landinu að sjá þannig till. bornar fram, og í þetta skipti er því ekki heldur til að dreifa. Ég hefði ekki borið fram þessa till. nema vegna þess, að þarna er um algera nauðsyn að ræða, og sömuleiðis vegna þess, að ég sé ekki, að frá hv. stjórnarliði muni koma fram neinar till., sem geti bætt úr því ástandi, sem þarna er um að ræða. Mér hefði ekki dottið í hug að ganga hér fram fyrir skjöldu og grípa fram fyrir hendur á hv. þm. kjördæmisins, ef ég hefði ekki talið alveg örvænt um, að það mundu nokkrar raunhæfar till. koma fram í þessu efni.

Nú hef ég haft þann hátt á að flytja aðra brtt., sem ég tengi saman við þessa. Sú brtt. er merkt með XVII á þskj. 187, og hún er flutt til þess, að hér skuli ekki vera eingöngu um hækkun á útgjöldum að ræða hjá ríkissjóði, því að seinni brtt. er þess eðlis að fella niður úr gjaldabálki fjárlagafrv. einn lið, sem nemur 1 millj. kr. í fjárlagafrv. Þessi liður er á 17. gr. nr. 35 og heitir ráðstafanir vegna ófriðarhættu. Nú fæ ég ekki skilið, að ófriður sé svo yfirvofandi, að það sé nauðsyn á því að verja ár eftir ár 1 millj. kr. af ríkisfé til að gera einhverjar ráðstafanir vegna hans. Hingað til hafa ráðstafanirnar ekki heldur verið neitt stórvægilegar, skilst mér. Þær hafa verið í því fólgnar, eftir því sem mér er tjáð, að inn hefur verið flutt eitthvað af sjúkragögnum, sem sjálfsagt er góðra gjalda vert og vafalaust hafa að einhverju leyti komið í góðar þarfir nú þegar og eiga sennilega eftir að einhverju leyti að koma í góðar þarfir seinna. Þó þykir mér ekki alveg örgrannt um það, að ef þessir hlutir, sem hafa verið fluttir inn, liggja lengi í pakkhúsum hér og geymslum, þá geti það tvennt gerzt, að þeir bæði úreldist og verði ekki taldir neitt sérlega hæfir til notkunar, þegar til á að grípa, og einnig hitt, að þeir geti blátt áfram skemmzt, því að mér er ekki kunnugt um, að vörugeymslur hér séu yfirleitt þannig úr garði gerðar, að hlutir geymist þar vel og tryggilega til langframa. Ég hef því lagt til, að þessi liður verði felldur niður og að þeirri milljón, sem átti að verja til ráðstafana vegna ófriðarhættu, verði varið til hafnarframkvæmda á Þórshöfn á næsta sumri.

Mér er að sjálfsögðu ljóst, að þessi till. um eina milljón til hafnarframkvæmda á Þórshöfn er ekki nema lítið brot af því, sem þarf til að fullgera þá höfn. En með því að fullgera þá höfn á ég að sjálfsögðu við að lengja bryggjuna til mikilla muna, dýpka höfnina og annað þess háttar. Ég sé ekki ástæðu til þess, eins og málum nú háttar, að gera till. um meiri framtíðarframkvæmdir í þessari höfn, heldur um það eitt að reyna að koma þarna upp á næsta sumri hafnargarði, sem geti búið bátum viðunandi skilyrði í höfninni og jafnframt komið í veg fyrir, að bryggjan eyðileggist í vetrarveðrum. En eins og nú standa sakir, þá liggur hún opin við og óvarin öllum vetrarveðrum af norðvestanátt, en þau eru erfiðust í þessari höfn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessar litlu till., en vænti þess, að þeim verði vel tekið.

Að lokum vil ég svo aðeins minnast á ræðu hv. 2. þm. Eyf. (MJ), sem hann flutti hér áðan. Ég vil óska honum til hamingju með þá ræðu. Hann játaði í henni, að flestöll eða öll þau rök, sem ég flutti hér fram í minni fyrri ræðu, hefðu verið rétt og sanngjörn, og gerði ekki tilraun til þess að hnekkja þeim á neinn veg. Hann sagði að vísu, að við þjóðvarnarmenn mundum sennilega ekki flytja till. um hækkanir á tekjuhlið fjárlagafrv., ef við ættum að bera ábyrgð á fjárlagaafgreiðslunni. Við þetta vildi ég mega gera þá athugasemd, að mig langar til að fullvissa þennan hv. þm. um það, að þegar við þjóðvarnarmenn förum að hafa áhrif á ríkisstj. landsins, sem sennilega verður nú innan skamms, þá munum við ábyggilega gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að tryggja það, að fjárlögin verði afgreidd eins rétt og tök eru á, að sú stjórn, sem við komum væntanlega til með að styðja, geri sér ekki leik að því að leggja fyrir Alþingi Íslendinga rangar till. til fjárlagaafgreiðslu.

Loks vil ég minna hv. 2. þm. Eyf. á það, að hann svaraði ekki fsp., sem ég beindi til hans og stjórnarliðsins í ræðu minni áðan. Ég spurðist fyrir um, hvort það stæði til að hækka nú söluskattinn, hvort frestunin á afgreiðslunni á því máli stafaði af því, að ríkisstj. hefði á prjónunum till. um að hækka þennan skatt. Hv. 2. þm. Eyf. þagði við þessari fsp. Hann kaus þá vandræðaleið að þegja við henni. En sú þögn kemur honum ekki að neinu haldi, vegna þess að ríkisstj. getur ekki frestað því lengi enn þá að leggja þetta mál hreint fyrir. Þess vegna er alveg eins gott fyrir hann að játa það hreinskilnislega nú strax, að það eigi að hækka skattinn, ef meiningin er að gera það. En annars væri hægur leikurinn og hægur vandi fyrir hann að neita því, að þetta stæði til. Þögnin verður ekki skilin á annan veg en þann, að hún sé samþykki, að ríkisstj. hafi nú á prjónunum till. um að hækka þennan rangláta og óvinsæla skatt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 187 á ég fáeinar brtt. við fjárlögin, allar varðandi menningarmál. Ég vil leyfa mér, enda þótt þunnskipaðir séu nú orðnir bekkirnir, að fara um þessar till. örfáum orðum.

Það eru í fyrsta lagi tillögur um nokkra hækkun á styrkjum og lánum til íslenzkra námsmanna. Það er vitanlegt, að dýrtíð fer vaxandi, ekki aðeins hér á landi, heldur einnig í sumum þeim löndum, þar sem íslenzkir námsmenn verða að stunda nám utan landssteinanna. Vitanlega er full þörf á því, að þeir fái hliðstæða fyrirgreiðslu frá hinu opinbera á næsta ári og þeir hafa notið að undanförnu, ekki verði úr henni dregið, heldur fremur eitthvað við aukið, þar sem verið hefur af hvað skornustum skammti. Ég held, að það sé ástæðulaust að rökstyðja það í löngu máli, hvílík nauðsyn okkur er á því, að íslenzkir námsmenn geti haldið áfram á menntabrautinni og tekið fyrir þær margvíslegu fræðigreinar, sem okkur er bráðnauðsynlegt að stund sé lögð á, ef samfelld þróun á að verða í efnahags- og menningarlífi okkar.

Þá flyt ég hér till. um nokkra hækkun á þeirri fjárveitingu, sem veitt er til skálda og listamanna. Sú fjárveiting hefur verið af nokkuð skornum skammti lengst af og þyrfti vissulega að

hækka. Ég tel mig fara fremur varlega í sakirnar í þeirri till., sem ég legg hér fram, því að það er að sjálfsögðu veruleg nauðsyn á því, að betur sé búið að ýmsum þeim góðu listamönnum, sem við eigum. Við Íslendingar erum gjarnan mjög hreyknir af fornum bókmenntum okkar og fornri menningu og megum vera það. Fornbókmenntir okkar lofa allir að verðleikum, bæði íslenzkir menn og erlendir. Og við minnumst þess bæði við hátíðleg tækifæri og endranær, að þessar bókmenntir voru þjóðinni ómetanlegur styrkur á eymdaröldunum, þær voru, eins og skáldið sagði:

„Hennar ljós í lágu hreysi,
langra kvelda jólaeldur."

Það má komast svo að orði, að tungan og bókmenntirnar hafi einnig verið hinn mesti aflvaki, þegar fór að birta af nýjum degi í sögu þjóðarinnar, og þær og fornmenningin voru öflugasta röksemdin fyrir tilverurétti þjóðarinnar, og urðu hornsteinn sjálfstæðis þjóðarinnar. Hin forna menning og bókmenntir voru hin siðferðislega röksemd fyrir því, að við værum og gætum verið sjálfstæð þjóð. En við megum ekki láta lofið um fornöldina og hina fornu menningu verða til þess að vanmeta nútímann. Það er vitað og viðurkennt af mörgum a. m. k., og þó ekki svo sem skyldi, að nú er runnið upp nýtt blómaskeið bókmennta og lista hér á landi. Eftir allt baslið og erfiðleikana á hinum myrku öldum hafa nú með vaxandi sjálfstæði þjóðarinnar endurvaknað kraftar, sem með þjóðinni bjuggu. Það er gróandi á öllum sviðum bókmennta og lista, og vitanlega verður á því að byggja í framtíðinni, að sá vöxtur og sá gróandi geti haldið áfram og orðið sem mestur.

Því er ekki að neita, að skilningur á gildi menningarstarfs og listastarfs hefur heldur vaxið með þjóðinni, og þó hefur sá vöxtur farið nokkuð hægt. Ég hygg, að það sé rétt, að styrkur til menningarmála hafi verið hlutfallslega meiri á fjárlögum fyrir 25—30 árum en hann er nú. Það er vitað, að listamönnum hjá svo fámennri þjóð sem Íslendingar eru er yfirleitt ókleift að lifa á listaverkum sínum einvörðungu. En þar sem viðurkenning er nú að fást fyrir því, að starfsemi góðra listamanna er einhver mikilvægasta starfsemin, sem unnin er í þjóðfélaginu, fer ekki vel á því að launa einmitt þessum mönnum einna lægst allra þjóðfélagsþegna. Við verðum að minnast þess, einmitt þegar ákveðin eru laun slíkra manna, að framlag þeirra til menningar þjóðarinnar og þjóðarheildarinnar er eitthvert hið allra mikilvægasta alls þess, sem unnið er í þjóðarþarfir.

Ég hef ekki lagt það nákvæmlega saman, hvað ætlað er nú á fjárlögum til bókmennta og lista, en við mjög lauslega athugun virðist mér, að það séu ekki nema um það bil 2 millj. kr., þ. e. a. s., það er langt innan við ½% af ríkistekjunum, þeim tekjum, sem fyrirhugað er að ríkið hafi á næsta ári. Og þó að með væri talið nokkurt framlag, sem fengið er með öðrum hætti en á fjárlögum, framlag, sem fengið er með sérstökum lögum og rennur til þjóðleikhúss og menningarsjóðs, þá mun það, sem fram er lagt til bókmennta og lista, vera töluvert innan við 1% af ríkistekjunum.

Ég held, að það ætti að stefna að því, að fast hlutfall væri á milli ríkisteknanna annars vegar og þess, sem lagt er fram til þessarar mikilvægu menningarstarfsemi, hins vegar, og mér þætti það ekki mikið í lagt, þótt það væri árlega sem svaraði 2—3 af hundraði. En það er langur vegur frá því, að ég fari fram á svo mikið í þeim tiltölulega litlu tillögum, sem ég legg hér fram. Það er því enn meiri ástæða til þess að fallast á svo hógværar tillögur í þessu efni, þar sem ekki er lengra farið.

Mér virðist, að ef engin breyting verður gerð á þeirri fjárveitingu, sem ætluð er skáldum og listamönnum, þá sé um allverulega rýrnun að ræða, þeir muni fá hlutfallslega minni laun á næsta ári en þeir hafa þó haft að undanförnu, þegar tillit er tekið til hinnar vaxandi dýrtíðar.

Þá flyt ég hér till. um nokkra hækkun á framlagi til hinnar íslenzku orðabókar, sem nú er verið að semja. Það er vitað mál, að þetta verk er mjög mikið, og mun taka alllangan tíma að ljúka því, jafnvel þótt sæmilega sé að því búið að því er fjárframlög snertir. Þetta verk, samning stórrar og fullkominnar vísindalegrar orðabókar yfir íslenzkt mál, er eitthvert allra mesta nauðsynjaverkið, sem verið er að vinna nú fyrir íslenzka menningu. Mér virðist því, að það megi ekki láta við það sitja að hafa til slíkrar framkvæmdar sömu tiltölulega lágu fjárveitinguna og er í fjárl. þessa árs, þegar tillit er tekið til þess, að nú hækka öll laun, og það mundi þá að sjálfsögðu þýða það, að minna yrði hægt að gera fyrir sömu fjárveitingu á næsta ári en þó er hægt á þessu ári.

Þá flyt ég hér till. undir liðnum XV, þess efnis að ríkið kaupi listaverk eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara, og hef tiltekið upphæðina 180 þús. kr. Ég minntist nokkuð á það áðan, að íslenzkir listamenn ættu eðlilega erfitt uppdráttar hjá svo fámennri þjóð sem við Íslendingar erum, en engir munu þó eiga erfiðara með að lifa á listastarfi sínu en myndhöggvarar. Þetta mun vera svo um allar jarðir, en þó alveg sérstaklega í jafnfámennu landi og Ísland er, þar sem ekki er um það að ræða, að einstakir auðmenn kaupi slík dýr listaverk, sem mikla vinnu þarf að leggja í. Það er hvort tveggja, að auðmenn eru eðlilega færri hér en hjá stórum og fjölmennum þjóðum, og við það bætist, að þeir, sem vel eru efnum búnir hér, hafa yfirleitt ekki sýnt mjög mikinn menningaráhuga. Hann hefur a. m. k. ekki komið fram í því, að þeir hafi lagt fram verulegar fjárfúlgur til þess að styrkja álitlega listamenn.

Hér verður því hið opinbera að hlaupa undir bagga, enda eru höggmyndaverk þess eðlis, að það er í sjálfu sér ríkisvaldinu og bæjarfélögunum skyldast að eiga þar hlut að máli til þess að koma listaverkunum fyrir á þeim stöðum, þar sem þau geta frekast verið almenningseign.

Íslenzka þjóðin hefur búið tiltölulega vel eftir getu sinni og fjármunum að hinum elzta íslenzka myndhöggvara, sem verulega kvað að, Einari heitnum Jónssyni. Þó að hann yrði að vísu að berjast allharðri baráttu fram eftir árum, þá er ekki hægt að neita því, að Íslendingar gerðu vel við hann eftir sinni getu, og ríkið var og er tiltölulega rausnarlegt varðandi hans verk.

Sá maður annar, sem hefur gert höggmyndastarf að lífsstarfi sínu, er Ásmundur Sveinsson. Ásmundur er frábær hagleiksmaður, og ég hygg, að allir, sem bera nokkurt skynbragð á listir, ljúki upp einum munni um það, að hann hafi framúrskarandi formskyn. Maðurinn er fjölhæfur, og í listferli hans er mjög mikil margbreytni. Hann hefur ekki verið þar við eina fjölina felldur eða einni stefnu háður, heldur er þar um mikla fjölbreytni að ræða. Ásmundur Sveinsson hefur hlotið margvíslega viðurkenningu, einkum erlendis. Í öll þau skipti, sem honum hefur gefizt færi á að fá listaverk sín metin á alþjóðlegan mælikvarða, hafa þau staðizt matið frábærlega vel og hlotið mjög lofsamlega dóma. Þetta hefur helzt gerzt á samsýningum íslenzkra listaverka erlendis, og hafa þá yfirleitt ekki verið tök á að sýna nein hinna stærstu og tilkomumestu verka Ásmundar. Að öðrum íslenzkum myndlistarmönnum ólöstuðum hygg ég, að óhætt sé að segja, að enginn hafi hlotið öllu meiri viðurkenningu listfróðra manna erlendra. Vil ég þessu til sönnunar lesa örfáar setningar, sem erlendir listfræðingar hafa sagt um verk Ásmundar.

Á listsýningunni íslenzku í Osló 1951 var það einróma álit allra gagnrýnenda, að listaverk Ásmundar bæru af öðru, sem þar var sýnt. Í blaðinu Verdens Gang var m. a. þannig að orði kveðið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er eitthvað karlmannlegt, ungt og frumlegt hjá formsnillingnum Ásmundi Sveinssyni. „Helreið" hans er sönn Ultima Thule, myrk og heiðin dulrún og myndar samheild í undarlegri hrynjandi, sem hin sterka formtúlkun listamannsins er greypt í. Óvíða mun að finna annan eins frumkraft og í þöndum bogaformum „Malarans". Höggmyndir Ásmundar Sveinssonar eru sannkölluð ævintýri óblandinnar formgleði."

Blaðið Aftenposten fór þessum orðum um sömu sýningu:

„Þegar komið er að verkum eins og „Helreiðinni" og „Tónum hafsins", hrifur hin stórbrotna túlkun listamannsins okkur með sér inn í heim kynja og ævintýra."

Í sambandi við hina miklu, íslenzku sýningu í Kaupmannahöfn í fyrra komst listdómari blaðsins „Politiken" svo að orði:

„Myndir Ásmundar Sveinssonar eru langmerkilegastar og bera vott um mikið hugmyndaflug og formgáfu myndhöggvarans."

Svipuð voru ummæli fleiri danskra blaða.

Dómar um íslenzku sýninguna í Brüssel 1952 voru að því er Ásmund Sveinsson varðaði afar lofsamlegir. Listablað þar í landi, viðurkennt og þekkt víða um Evrópu, kemst þannig að orði um nokkra unga íslenzka listamenn, sem sýndu á þessari sýningu, að þeir séu efnilegir og lofi góðu. Síðan heldur blaðið áfram:

„Hæfileikar Ásmundar Sveinssonar lofa ekki einungis góðu, heldur er í verkum hans fólgið mikið frjómagn, kraftur til að endurnýja höggmyndalist landsins og gefa henni nýja tjáningarmöguleika."

Þannig gæti ég haldið áfram langa hríð, en ég læt þetta nægja. Ég vil aðeins endurtaka það og leggja á það áherzlu, að hvarvetna þar, sem íslenzk list hefur verið sýnd erlendis, hafa listaverk Ásmundar Sveinssonar hlotið hvað mest og eindregnast lof.

Þessi ágæti listamaður, sem nú er kominn á sjötugsaldur, stendur nú í því stórræði að reisa yfir verk sín dálitinn sýningar- og geymslusal, þar sem þau geta varðveitzt óskemmd og þar sem tök eru á að koma þeim sómasamlega fyrir. Í þeim húsakynnum, sem hann býr nú við, er svo þröngt orðið, að honum er ókleift að vinna lengur, þar sem vinnustofa hans er orðin yfirfull af listaverkum, og eru þau þó mjög mörg enn í litlu og forgengilegu formi, og þyrfti að sjálfsögðu að koma þeim í varanlegt form og í eðlilega eða fulla stærð. Mér þætti því mjög vel við eiga, ef Alþ. rétti þessum snjalla listamanni örvandi hönd með því að kaupa á næsta ári þótt ekki væri nema eitt listaverk hans, sem yrði eign ríkisins, og styðja hann þannig nokkuð til þess að koma upp þessu safni sínu eða geymslustað fyrir listaverkin.

Að lokum flyt ég hér undir XVIII. tölul. till. við 19. gr., og er það lækkunartill. Þar legg ég til, að liðurinn „óviss útgjöld" lækki um 500 þús. kr. Er það gert m. a. vegna þess, að mér virðist, þegar litið er á ríkisreikninga undanfarinna ára, þá sem fram eru komnir, að á þennan lið sé hrúgað ýmsu, sem fremur verður að teljast þarflítið og engin ástæða til að hæstv. ríkisstj. taki sér vald til að úthluta eftir geðþótta. Þarna virðist mér um að ræða ýmsa bitlinga, sem ætti þá a. m. k. að koma til kasta Alþ. að taka ákvarðanir um, en ekki að vera verkefni ríkisstj. að úthluta utan við bein fjárlagafyrirmæli. Verði þessari sparnaðartill. vel tekið, mundi ég fús til þess að flytja fleiri slíkar sparnaðartill. við fjárl. fyrir 3. umr.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar brtt., sem ég vildi leyfa mér að fara um nokkrum orðum og ég flyt ásamt nokkrum öðrum hv. þm. á þskj. 188.

Það er fyrst brtt. um að taka upp fjárveitingu til tveggja ferjubryggna, í fyrsta lagi í Ögri, 50 þús. kr., og í öðru lagi að Bæjum á Snæfjallaströnd, 25 þús. kr.

Þannig er málum varið, að fyrir einum þremur árum lánaði Ögurvegur 50 þús. kr. til þess að ljúka byggingu ferjubryggju í Ögri. Síðan þetta lán var veitt, hefur það ekki verið endurgreitt. Vegamálastjóri hefur mælt með því nú s. l. tvö ár við hv. fjvn., að fjárveiting yrði tekin upp í þessu skyni. Ef það verður ekki gert, mun verða að greiða þessa skuld af fjárveitingu til vegarins á fjárl. næsta árs. Það væri hins vegar mjög illa farið, ef til þess úrræðis þyrfti að grípa, þar sem Ögurvegur er aðalvegurinn út með vestanverðu Ísafjarðardjúpi og má engan veginn við því, að klipið sé af þeirri fjárveitingu, sem til hans er veitt. Ég vænti þess vegna, að hv. fjvn. fallist á það að mæla með samþykkt þessarar brtt., og ég væri jafnvel fús til þess að taka hana aftur til 3. umr., ef líkur væru á því, að samkomulag tækist um hana við 3. umr.

Um hina till. er það að segja, að fyrir nokkrum árum var byggð ferjubryggja að Bæjum á Snæfjallaströnd. Það er í örfámennu hreppsfélagi, og taldi hreppurinn sér ekki fært að leggja neitt

fram á móti ríkissjóði, þegar bryggjan var byggð. Einstaklingur, sem bjó þá á þessum bæ, lagði þá fram allmikið fé, nokkru hærri upphæð en þetta, og hefur ekki fengið það fé endurgreitt. Hins vegar hafa ferjubryggjurnar við Ísafjarðardjúp og víðast hvar annars staðar, flestar, ef ekki allar, verið kostaðar að öllu leyti af ríkissjóði. Þessi till. er því flutt til þess, að unnt verði að endurgreiða þessum einstaklingi, sem lagt hefur þetta fé fram, framlag hans.

Þá hef ég leyft mér að flytja brtt. á sama þskj. ásamt hv. 3. landsk. þm. (HV) og hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) um það, að veitt verði 5 þús. kr. fjárveiting til byggðasafns Ísfirðinga á Ísafirði.

Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla ásamt Ísafjarðarkaupstað hafa nýlega bundizt samtökum um að koma upp byggðasafni á Ísafirði. Það er alkunna, að slík byggðasöfn hafa risið víða um héruð og þótt að þeim mikið gagn. Takmark þeirra er að varðveita ýmsa gamla, merka muni, sem eru að hverfa og hætt er við að fari forgörðum, ef menn leggja sig ekki fram um að varðveita þá. Hins vegar greinir menn ekki á um, að það hafi menningarlegt gildi fyrir þjóðina að varðveita ýmsa þessa gömlu hluti, sem segja sögu liðins tíma. Mér er kunnugt um það, að á undanförnum árum hefur verið veittur styrkur til slíkra byggðasafna, og síðast nú í brtt. hv. fjvn. er lagt til, að eitt slíkt verði styrkt. Ég vænti þess vegna, að þessi litla till. um styrk til byggðasafns á Ísafirði hljóti náð fyrir augum hv. Alþingis.

Læt ég svo þessi fáu orð nægja til þess að mæla með þessum þremur brtt., sem ég hef leyft mér að flytja.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja allmargar brtt., sem prentaðar eru á þskj. 188, og langar til þess að fara nokkrum orðum um nokkrar þeirra, sérstaklega fjórar af þeim.

Ég hef leyft mér að leggja til, að varið verði 1 millj. kr. sem stofnfjárframlagi til vísindasjóðs, sem hafa skuli það hlutverk að styrkja íslenzka vísindamenn til sjálfstæðra rannsókna, til sjálfstæðra vísindastarfa hérlendis eða erlendis, eða þá til þess að búa sig undir slík störf, og geri ég ráð fyrir, að sjóðnum sé stjórnað af 5 mönnum, séu tveir þeirra tilnefndir af háskólaráði og tveir af menntamálaráði og einn af menntamálaráðherra.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjárveitingavaldið ver nokkru fé til þess að efla bókmenntir, til styrktar skáldum og rithöfundum. En fjárveitingavaldið ver mjög litlu fé til beinnar styrktar vísindalegum rannsóknum. Er þó augljóst mál, að íslenzka þjóðfélaginu er hin mesta þörf á því, að þeir, sem leggja vilja fyrir sig vísindastörf, fái til þess bætta aðstöðu frá því, sem nú er.

Þegar um er að ræða að fá menn til þeirra starfa hér á Íslandi, þar sem um vísindalega sérþekkingu þarf að vera að ræða og þar sem menn eiga að starfa að vísindalegum rannsóknum, hefur komið mjög í ljós og verið til mikils baga, hversu fáir menn hafa haft til þess efni að búa sig sómasamlega undir þau störf. Þess vegna vill oft fara svo, að ekki sækjast eftir þessum störfum jafnmargir og æskilegt væri, bæði af því, að menn hafa ekki haft efni á því að búa sig undir störfin svo sem þörf væri, og svo einnig vegna hins, að menn vita, að þegar í störfin kemur, eru starfsskilyrði ófullnægjandi að ýmsu leyti.

Sjóði slíkum sem þessum væri ætlað að ráða hér bót á og auðvelda mönnum að ráðast í að helga sig vísindastörfum, jafnvel þó að ekki væri vissa fyrir, að embætti biðu. Einnig ætti að vera hlutverk sjóðsins að gera þeim, sem vilja og eiga samkvæmt gildandi lögum um viss störf að helga sig vísindastörfum, það kleifara en ella. Á ég hér sérstaklega við ýmis vísindastörf á tæknisviðinu, en um það ætti ekki að þurfa að deila, að framtíð íslenzks þjóðfélags er að verulegu leyti og í vaxandi mæli komin undir því, að Íslendingar eigi á að skipa fjölmennum og vaxandi hópi vísindamanna á tæknisviðinu.

En þetta ætti ekki einvörðungu að geta eflt vísindarannsóknir á tæknisviði, heldur einnig á öðrum sviðum, í þjóðfélagsmálum og þjóðlegum fræðum.

Ef fjárveitingavaldið veitti um nokkur ár slíkt framlag til vísindasjóðs, mundi sjóður þessi geta orðið öflugur og verða fær um að sinna þessu hlutverki, sem ég tel vera mjög mikilvægt.

Þá hef ég og leyft mér að flytja till. um, að varið verði 125 þús. kr. til þess að efna til veitingar fimm heiðurslauna fyrir afrek í listum og vísindum, þ. e. a. s. til þess að veita heiðurslaun til vísindamanns, rithöfundar eða skálds, myndlistarmanns, tónlistarmanns og leikara fyrir unnið afrek á næsta ári, og geri ráð fyrir, að slík tilhögun verði einnig höfð framvegis.

Eins og ég gat um áðan, veitir fjárveitingavaldið nú þegar allmyndarlega fjárhæð til styrktar skáldum og listamönnum og litla fjárhæð til styrktar fræðimönnum. Um það er ekki nema gott eitt að segja. Þó hygg ég, að heppilegt væri að taka einnig upp það fyrirkomulag að verðlauna sérstök afrek í listum og vísindum með því móti að efna til veitingar sérstakra heiðurslauna. Það mundi verða hlutaðeigandi listamönnum og vísindamönnum hvatning til sérstakra átaka, ef þeir gætu átt von á því, að afrek þeirra yrðu sérstakrar viðurkenningar aðnjótandi, og jafnvel þótt ekki sé litið á þetta sem hvatningu til sérstakra afreka, þá er það sanngirnismál, réttlætismál, að þeim afrekum, sem unnin hafa verið og mundu raunar hafa verið unnin án sérstakrar hvatningar, sé sýnd verðskulduð viðurkenning. Ég hygg, að þetta fyrirkomulag sé heppileg endurbót á því fyrirkomulagi, sem nú þegar ríkir varðandi styrkveitingar til skálda og listamanna, og ætti að takast upp.

Þá vildi ég fara nokkrum orðum um þá till. mína, sem ég raunar hef flutt áður, að komið verði á fót mannfræðideild við þjóðskjalasafnið, er m. a. hefji samningu spjaldskrár yfir Íslendinga, þar sem getið væri æviatriða þeirra, varðveittar væru mannamyndir, sem fáanlegar eru, og tekið upp á hljómplötur eða segulband talmál og ýmiss konar þjóðlegur fróðleikur.

Við Íslendingar höfum hvað þetta snertir al-

gera sérstöðu meðal þjóðanna. Við erum ein fámennasta menningarþjóð veraldar, þeirra sem sjálfstæðar eru. Frá upphafi Íslandsbyggðar hafa ekki lifað á þessu landi og talizt til þessarar þjóðar fleiri menn en svo, að vel væri vinnandi að koma upp spjaldskrá yfir alla þá, sem vitað er um, og það er vitað um nokkur meginatriði í æviferli tiltölulega fleiri Íslendinga en nokkurrar annarrar þjóðar á byggðu bóli. Slík spjaldskrá yfir Íslendinga yrði því án efa einstætt verk í heimsmenningunni. Ég tel, að Íslendingar ættu ekki að láta undir höfuð leggjast að vinna þetta verk. Það er ekki mikil fjárhæð, sem ég sting upp á að veitt verði til þessa, aðeins 150 þús. kr., en hún mundi nægja til þess að ráða tvo starfsmenn til þess að sinna þessu verki og til greiðslu nauðsynlegs aukakostnaðar í því sambandi. En á því er enginn vafi, að fengju tveir hæfir menn aðstöðu til þess að sinna þessu verki, þá gætu þeir á fáum árum unnið stórvirki, sem ekki aðeins mundi verða okkur sjálfum til þjóðlegrar hvatningar, heldur einnig hlyti að vekja athygli um víða veröld.

Þá vildi ég og fara örfáum orðum um till., sem ég hef raunar einnig flutt áður, en það er um 500 þús. kr. fjárveitingu til þess að skreyta opinberar byggingar með listaverkum.

Þó að gott eitt sé um það að segja, að myndlistarmenn séu styrktir með listamannalaunum, eins og nú er gert, hygg ég samt sem áður heppilegra form á viðurkenningu af hálfu þjóðfélagsins þeim til handa að veita þeim starfsskilyrði, þ. e. a. s. að veita þeim skilyrði til þess að skreyta opinberar byggingar með listaverkum. Það er án efa þakklátari viðurkenning til myndlistarmannanna en að veita þeim listamannalaun, ekki hvað sízt af því, að þá yrði almenningi einnig gert kleifara en ella að njóta listar þeirra, auk þess sem þeim yrði þá gert kleift að starfa að list sinni fyrir þau viðurkenningarlaun, sem hið opinbera veitti þeim.

Um aðrar brtt. minar get ég verið mjög fáorður. Ég hef flutt till. um aukningu á námsstyrkjum til námsmanna hér og erlendis, um nokkra aukningu á því fé, sem veitt er til vísindastarfsemi í háskólanum, og um aukningu á því fé, sem veitt er til samningar íslenzkrar orðabókar. Enn fremur hef ég borið fram till. um nokkra hækkun á fé því, sem veitt er til skálda, rithöfunda og listamanna, og hækkun á fjárveitingu til tónlistarskólans í Reykjavík. Einnig hef ég leyft mér að flytja till. um 1 millj. kr. framlag til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann í Reykjavík, en á þeirri framkvæmd er brýn nauðsyn, vegna þess að margir utanbæjarnemendur stunda nám í menntaskólanum í Reykjavík og hafa til þess að ýmsu leyti óhæga aðstöðu vegna þess, hve framfærslukostnaður er hár hér í Reykjavík, en hann ætti að geta lækkað mjög verulega fyrir utanbæjar menntaskólanemendur, ef komið yrði upp heimavistarhúsi við skólann.

Að síðustu vil ég svo minnast á till., sem ég hef leyft mér að flytja um 50 þús. kr. fjárveitingu til KFUM til styrktar starfrækslu sumardvalarheimilis félagsins fyrir unglinga í Vatnaskógi. Þeir, sem þekkja til þess starfs, sem KFUM hefur unnið í Vatnaskógi fyrir unglinga, munu allir ljúka upp um það einum munni, að þar sé unnið hið mesta þjóðþrifastarf, sem mörgum, ekki hvað sízt efnalitlum unglingum í Reykjavík, hafi orðið til mikils góðs. Ég held, að þessi starfsemi, sem nú þegar er orðin nokkurra áratuga gömul og aldrei hefur notið nokkurs styrks frá því opinbera, eigi skilið, að henni sé sýnd nokkur viðurkenning. Svo sem kunnugt er, er það hinn þjóðkunni æskulýðsleiðtogi séra Friðrik Friðriksson, sem hafði forgöngu um þetta starf í Vatnaskógi og hefur enn brennandi áhuga á, að það megi eflast og verða sem flestum að notum. Einnig hans vegna held ég, að það væri æskilegt, að starf þetta hlyti nokkra viðurkenningu af hálfu fjárveitingavaldsins.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa þau orð mörg, sem ég segi hér, en ég vil aðeins minnast á brtt. við fjárlögin á þskj. 189, sem ég flyt ásamt hv. samþingismanni mínum og hv. 7. og hv. 5. þm. Reykv. Þessi till. er um nýja fjárveitingu til Austurvegar.

Þetta mál er það kunnugt, að ég þarf ekki að lýsa því neitt sérstaklega við þetta tækifæri, vil þó aðeins fara um það nokkrum orðum.

Til nýrra akvega eru nú veittar 14970000 kr. eftir brtt. hv. fjvn. við fjárlagafrv. það, sem nú er til umr. Af þessari upphæð fara til þriggja sýslna á Suðurlandi, þ. e. Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, 1690000 kr. Á þessu svæði má segja, að afkoma öll og framleiðsla þeirra manna, sem þarna búa, byggist á góðum og öruggum samgöngum, bæði innanhéraðs til þess að flytja alla þá framleiðslu, sem þar er um að ræða, á einn stað, á vinnslustaðinn, mjólkurbú Flóamanna á Selfossi, og síðan þaðan hingað til Reykjavíkur. Þarna mun vera um að ræða, t. d. frá Selfossi til Reykjavíkur, flutning, sem nemur 40—50 tonnum af mjólkurvörum á dag. Í þessum sýslum munu vera nál. 11 þús. íbúar. Þegar tekið er tillit til þess, að bæði þessi mannfjöldi á aðild að þessu máli, sem hér er um að ræða, og einnig allir íbúar Reykjavíkur, þá virðist ekki vera stórkostlega mikið atriði að leggja þennan veg, sem þarna er um að ræða og viðurkennt er að muni veita mikið öryggi um flutningasamgöngurnar á þessari leið.

Ég vænti, að þessari till. verði vel tekið og hv. fjvn. vilji taka til góðfúslegrar athugunar, hvort hún sjái sér ekki fært að taka fjárveitingu þá, sem hér um ræðir, upp í sínar till. til 3. umr.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta meira, en endurtek þá ósk, að tillögu þessari verði vel tekið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 182,1 felld með 27:11 atkv.
— 180,1—2 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 182,2 felld með 26:10 atkv.
— 185,1 kom ekki til atkv.

Brtt. 180,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 182,3 felld með 28:13 atkv.
— 185,2 felld með 26:11 atkv.
— 182,4 felld með 27:13 atkv.
— 185,3 kom ekki til atkv.
— 180,4 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 182,5 felld með 28:14 atkv.
— 180,5 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 182,6 felld með 28:12 atkv.
— 182,7 felld með 26:13 atkv.
— 185,4 kom ekki til atkv.
— 180,6 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 182,8 felld með 26:11 atkv.
— 185,5 felld með 27:12 atkv.
— 180,7 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 182,9—10 felldar með 32:14 atkv.
— 180,8 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 185,6 tekin aftur.
— 182,11 felld með 29:13 atkv.
— 180,9 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 182,12 felld með 30:11 atkv.
— 185,7 felld með 26:12 atkv.
— 180,10 samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 179,1—2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 185,8—9 felldar með 28:12 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 179,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 185,10—13 felldar með 39:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GilsG, BergS.
nei: EystJ, GíslG, GíslJ, GÍG, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KGuðj, KK, LJóh, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EggÞ, EI, EirÞ, EmJ, JörB. FRV, GJóh, GÞG, HV, HG, LJós, PZ, SG, BrB, EOl greiddu ekki atkv.
1 þm. (KJJ) fjarstaddur.
Brtt. 182,13 felld með 31:15 atkv.
— 185,14—15 felldar með 30:12 atkv.
10 gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 179,4—5 teknar aftur.
— 179,6—11 samþ. með 32 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 179,12 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 182,14 tekin aftur.
— 179,13—14 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 179,15 tekin aftur.
12. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 179,16.1—206 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 187,I samþ. með 29 shlj. atkv.
— 179,16.207, svo breytt, og 208—228 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 189 tekin aftur.
— 184,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 179,17—18 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 184,2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 179,19 samþ. með 27:1 atkv.
— 182,15 felld með 26:15 atkv.
— 187,II tekin aftur.
— 179,20 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 182,16 felld með 29:15 atkv.
— 179,21.1—53 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 187,III tekin aftur.
— 179,21.54—61 samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 187,IV tekin aftur.
— 188,I tekin aftur.
— 179,22 samþ. með 35 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 179,23—25.a samþ. með 36 shlj. atkv.
— 187,V.1 felld með 26:12 atkv.
— 188,II.1 felld með 27:15 atkv.
— 179,25.b samþ. með 27 shlj. atkv.
— 187,V.2 felld með 27:9 atkv.
— 179,25.c samþ. með 29 shlj. atkv.
— 188,II.2 felld með 29:14 atkv.
— 187,V.3 felld með 30:12 atkv.
— 188,II.3.a felld með 27:12 atkv.
— 182,17 felld með 27:14 atkv.
— 187,VI.1 kom ekki til atkv.
— 188,II.3.b felld með 28:14 atkv.
— 187,VI.2 felld með 26:15 atkv.
— 187,VII felld með 26:13 atkv.
— 188,II.3.c felld með 33:14 atkv.
— 187,VIII felld með 26:9 atkv.
— 179,26 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 188,II.3.d tekin aftur.
— 179,27—31 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 182,18—19 felldar með 26:15 atkv.
— 179,32 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 179,33 tekin aftur.
— 188,II.4 felld með 29:15 atkv.
— 187,IX.1 felld með 27:15 atkv.
— 182,20 tekin aftur.
— 187,IX.2 felld með 27:14 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 187,IX.3 tekin aftur.
— 179,34 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 187,IX.4 tekin aftur.
— 188,II.5 felld með 30:12 atkv.
— 187,IX.5 tekin aftur.
— 179,35—36 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 182,21 felld með 26:14 atkv.
— 179,37—39 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 188,III tekin aftur.
— 187,X felld með 26:13 atkv.
— 187,XI felld með 28:13 atkv.
— 187,X. varatill. felld með 29:13 atkv.
— 188,IV.1 felld með 26:14 atkv.
— 179,40—42 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 187,XII felld með 30:11 atkv.
— 188,IV.2.a kom ekki til atkv.
— 188,IV.2.b.1 felld með 30:13 atkv.
— 188,IV.2.b.2 felld með 28:10 atkv.
— 188,IV.3 felld með 26:11 atkv.
— 179,43—44 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 188,IV.4 felld með 26:11 atkv.
— 182,22 felld með 31:13 atkv.
— 187,XIII tekin aftur.
— 179,45—46 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 188,IV.5 felld með 29:11 atkv.
— 179,47—48 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 187,XIV tekin aftur.
— 179,49—52 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 187,XV felld með 29:13 atkv.
— 179,53.a samþ. með 27:9 atkv.
— 179,53.b—55 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 188,V tekin aftur.
— 188,VI tekin aftur.
— 179,56—63 samþ. með 31 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 179,64—70 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 182,23 felld með 35:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG.

nei: StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, LJóh, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, JörB.

PZ greiddi ekki atkv.

1 þm. (KJJ) fjarstaddur.

Brtt. 179,71 samþ. með 33 shlj. atkv.

— 182,24 felld með 29:11 atkv.

— 182,25 felld með 34:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG.

nei: GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EystJ, JörB.

EirÞ greiddi ekki atkv.

2 þm. (KJJ, StgrSt) fjarstaddir.

Brtt. 179,72—74 samþ. með 32 shlj. atkv.

— 182,26 felld með 30:12 atkv.

— 179,75 samþ. með 28 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 187,XVI.1.a felld með 26:12 atkv.

— 187,XVI.1.a. varatill. felld með 28:14 atkv.

— 179,76 samþ. með 30 shlj. atkv.

— 187,XVI.1.b felld með 29:13 atkv.

— 187,XVI.1.b. varatill. felld með 27:14 atkv.

— 179,77—78 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 188,VII.1 tekin aftur.

— 179,79 samþ. með 32 shlj. atkv.

— 187,XVI.2 felld með 30:13 atkv.

— 187,XVI.3 felld með 28:12 atkv.

— 179,80—81 samþ. með 33 shlj. atkv.

— 182,27 felld með 30:10 atkv.

— 179,82 samþ. með 33:1 atkv.

— 182,28—30.a felldar með 29:11 atkv.

— 187,XVII kom ekki til atkv.

— 182,30.b felld með 27:13 atkv.

— 179,83 samþ. með 27:3 atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

18. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 179,84 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 185,16 felld með 28:3 atkv.

— 185,17 felld með 34:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BergS, GilsG.

nei: SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EystJ, GíslG, GíslJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, JörB.

BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG greiddu ekki atkv.

3 þm. (EirÞ, GTh, KJJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Þar sem vitað er, að þetta mál kemur fyrir við 3. umr. og það vantar miklu meira fé til atvinnuleysistryggingasjóðs, greiði ég ekki atkv.

Einar Olgeirsson: Með tilvísun til grg. hv. 2. landsk. greiði ég ekki atkvæði.

Brtt. 187,XVIII felld með 29:4 atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 182,31—32 felldar með 29:11 atkv.

— 188,VII.2 felld með 27:5 atkv.

— 182,33 felld með 27:11 atkv.

— 182,34 felld með 34:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, HV, HG.

nei: IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, JR, KK, LJóh, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, HÁ, HelgJ, HermJ, JörB.

4 þm. (KJJ, PZ, GTh, GÞG) fjarstaddir.

Brtt. 185,18 felld með 29:11 atkv.

20. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar við atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 179,85—86 samþ. með 30 shlj. atkv.

— 187,XIX tekin aftur.

— 179,87 samþ. með 28 shlj. atkv.

— 182,35 tekin aftur.

22. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 27. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 199, frhn. 288, n. 251, 280, 287, 289, 290, 293).

Afbrigði um brtt. 293, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. fjárlagafrv. var skýrt frá því af hálfu fjvn., að enn þá lægju óathuguð hjá n. allmörg mál, þ. á m. mál, þar sem um var að ræða mjög há útgjöld úr ríkissjóði, og voru þessi mál af ýmsum atvikum látin bíða 3. umr. fjárlagafrv.

Með hliðsjón af þessu taldi meiri hl. fjvn. eðlilegt, enda þótt hann hefði áður við 2. umr. skilað sérstöku nál., að skila framhaldsnál., þar sem í stórum dráttum væri gerð grein fyrir till. n., eða meiri hl. hennar, og jafnframt brugðið upp nokkurri mynd af því, hvernig fjárlagafrv. liti út með hliðsjón af till. n. Þetta framhaldsnál. hefur verið lagt hér fram á þskj. 288. Sé ég ekki ástæðu til að ræða það sérstaklega, það skýrir sig sjálft, en mun víkja beint að þeim brtt., sem meiri hl. n. ber fram nú við 3. umr.

Eins og brtt. bera með sér, eru þær fluttar af meiri hl. n., en n. hefur þó öll verið samþykk mörgum atriðum, sem þar koma fram, og mun vafalaust frsm. minni hl. gera nánari grein fyrir því.

Ég ætla þá fyrst að fara nokkrum orðum um útgjaldatill., eins og þær liggja fyrir á þskj. 287, en mun að því loknu víkja nokkuð að tekjuhliðinni og að lokum, hvernig horfurnar eru, eins og málið liggur nú fyrir. Vil ég þá leyfa mér að fara yfir brtt. eins og þær liggja fyrir á þskj.

287 og skýra þær till., sem ég tel ástæðu til þess að skýra. Mun ég reyna að vera stuttorður til þess að lengja ekki tímann um of, en mun að sjálfsögðu, ef hv. þm. óska nánari skýringa á einstökum till., reyna að gefa þær skýringar síðar í umr., eftir því sem tilefni verður til.

2. brtt. n. er um að hækka framlög til pósthússins í Reykjavík um 100 þús. kr. Þetta stafar af því, að brýn nauðsyn er að gera við afgreiðslusal pósthússins og pósthólfageymsluna. Það er þegar fyrir hendi nokkur fjárhæð í þessu skyni, en óumflýjanlegt var talið að verja nokkru viðbótarfé til þessara framkvæmda, þar eð ekki er talið gerlegt að láta þessa viðgerð dragast lengur.

Þá er 5. till. n. um sendiráðið í Kaupmannahöfn. Þar er nánast um að ræða tilfærslu, sem kemur fram í því, eins og hv. þm. sjá, að „annar kostnaður" er lækkaður, en aftur launaliðirnir nokkuð hækkaðir, sem stafar af tilfærslu á starfsfólki þar á milli.

Þá er aðeins smávægileg orðalagsbreyting eða leiðrétting í sambandi við sendiráðið í Vestur-Þýzkalandi. Það hafði fallið niður í prentun, að það var vitanlega ekki átt við, að sendiherra ætti að fá öll þau laun, sem þar voru tilgreind, heldur aðrir starfsmenn einnig.

Utanrrn. hefur tjáð n., að athugun hafi leitt í ljós, að enda þótt sendiráð hafi verið sett á stofn í Bonn, sé óumflýjanlegt, a. m. k. um sinn, að hafa einnig starfandi ræðismannsskrifstofu í Hamborg, og er gert ráð fyrir að verja 80 þús. kr. til þeirrar skrifstofu.

Þá er lagt til að hækka liðinn upplýsinga- og kynningarstarfsemi á vegum utanrrn. um 30 þús. kr., sem stafar af því, að n. vildi verða við óskum, sem fyrir henni lágu frá tveimur aðilum um nokkurn styrk í sambandi við kvikmyndir, sem gerðar hafa verið til landkynningar og taldar eru gefa góða raun. Var talið eðlilegast að fara þessa leið, að hækka þennan lið með það í huga, að varið yrði síðan af liðnum 35 þús. kr. til þess að styrkja þessar kvikmyndir, og mun n. sérstaklega rita utanrrn. í sambandi við það mál.

Þá er lagt til að hækka „annan kostnað" við borgardómaraembættið um 50 þús. kr., sem stafar af því, að það var talið óumflýjanlegt að kaupa nýja bifreið fyrir embættið, og er þetta mismunur á verði nýrrar bifreiðar og gamallar, sem seld hefur verið í staðinn.

Þá er næst till. um borgarfógetaembættið, sem tekin var aftur við 2. umr., en er hér flutt aftur óbreytt.

Við sakadómaraembættið er lagt til að bæta einum manni. Það er maður, sem á sérstaklega að annast innheimtur á sektarfé, en vegna mannaskorts við embættið hefur ekki verið hægt að fylgja því svo fast fram sem skyldi, og er talið nauðsynlegt, að sérstakur maður verði ráðinn til þeirrar innheimtu.

Þá er lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli, endurflutt till., var tekin aftur við 2. umr.

Þá er 13. till., embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Þar er um nokkra hækkun að ræða, sem stafar af því, að það er talið nauðsynlegt að bæta við starfsmanni við bæjarfógetaembættið í Kópavogskaupstað með hliðsjón af starfi þess embættis í þágu Tryggingastofnunarinnar.

Þá kemur 14. liðurinn, sem er Kvíabryggjuhælið svokallaða. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að verja 275 þús. kr. til rekstrar þess hælis, en svo sem kunnugt er, var stofnkostnaður þess greiddur af Reykjavíkurbæ, en ríkið hefur tekið að sér að greiða rekstur hælisins. Reynsla þessa árs hefur leitt í ljós, að þarna er um allt of lága fjárhæð að ræða, og úr því að ákveðið hefur verið að reka þessa stofnun, þá er auðvitað tilgangslaust annað en að taka inn í fjárlögin sjálf þau útgjöld, sem af þessu leiðir, þar sem ella þyrfti að greiða þau án sérstakrar heimildar. Er því lagt til, að þessi fjárveiting verði hækkuð í 630 þús. kr.

Þá er enn fremur lagt til að verja 200 þús. kr. til þess að kaupa sótthreinsunarofn fyrir landsspítalann. Sótthreinsunarofn sá, sem þar er til á skurðlækningadeild, er mjög orðinn úr sér genginn og talið óumflýjanlegt að kaupa nýjan ofn, og því er tekin upp nú fjárveiting í þessu skyni.

Við 2. umr. fjárlagafrv. var tekið fram, að í athugun væri, hvort auðið yrði að hækka eitthvað fjárframlög til heilbrigðisstofnana, en á því var talin mikil nauðsyn, bæði til ríkisspítalanna og einnig til annarra sjúkrahúsa, þar sem framkvæmdir á þeim sviðum eru mun meiri en fé hefur verið veitt til, en þörfin hins vegar mjög brýn. Það er nú lagt til að hækka liðinn til læknisbústaða og sjúkrahúsa um 300 þús. kr. og hækka hlutfallslega á sama hátt fjárveitingu til fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, og yrði þá sú hækkun 75 þús. kr., og í þriðja lagi er lagt til að hækka framlög til heilbrigðisstofnana í Reykjavík um 500 þús. kr., en þar á ríkið mjög háar upphæðir ógreiddar. Ég mun síðar koma að þeim lið, sem varðar ríkisspítalana.

Þá er 19. till., sem var tekin aftur við 2. umr., en er hér endurflutt.

Í 20. till. er um að ræða, að lagt er til að veita 100 þús. kr. til hafnarbóta í Vogum. Það er eina till., sem tekin hefur verið upp í sambandi við hafnargerðir, og byggist á þeirri sérstöku ástæðu, að það hafði ekki í till. vitamálaskrifstofunnar verið gert ráð fyrir fjárveitingu til þessarar hafnar, og hefur okkur verið tjáð af vitamálaskrifstofunni, að það hafi verið af misgáningi, að það var ekki gert. Var því talið óumflýjanlegt að sinna þessu máli.

Þá er loks lagt til að veita smáfjárveitingar til nokkurra staða, það eru bæði svokallaðar ferjubryggjur og nokkrar smábryggjur. Þetta mál var einnig látið bíða við 2. umr. og er nú tekið hér upp. Þetta nemur samtals 89 þús. kr., og sé ég ekki ástæðu til þess að skýra það nánar.

Við 2. umr. fjárlagafrv. var lagt til að hækka liðinn „styrkir til námsmanna og áhugamanna í sambandi við flugþjónustuna". Var liðurinn þá hækkaður um 40 þús. kr. Mjög miklar áskoranir hafa komið til n. frá flugmálastjórninni um að hækka þennan lið enn frekar, og hefur nefndin ekki talið óeðlilegt, að það væri gert, ekki síst með hliðsjón af því, að þessi mikla atvinnugrein, flugið, er rekin án þess að þar sé haldið uppi af ríkisins hálfu nokkru skólahaldi sérstöku til þess að mennta flugmenn, og hvílir flugið að þessu leyti ekki þungt á herðum ríkis-

ins. Er því naumast með sanngirni hægt að hafa á móti því að verja nokkru fé til þess að styrkja námsmenn og starfsemi áhugamanna í þessu sambandi. Ég skal taka það sérstaklega fram, að það hefur borizt til n. sérstök umsókn frá flugskóla, sem hér starfar, Þyt, um að fá nokkurn styrk, og er gert ráð fyrir, að flugskóli þessi fái 10 þús. kr. af þessari hækkun.

Þá er lagt til að hækka lítillega fjárveitingu til kennaraskólans, annan kostnað, og enn fremur til bændaskólans á Hólum, þar verði tekinn upp nýr liður, til tilrauna 30 þús. kr., sem er í samræmi við það, sem gert var við bændaskólann á Hvanneyri og tekið var upp við 2. umr.

Þá kem ég hér að einu atriði, sem er einn af stærstu liðunum, sem nú eru brtt. gerðar um, en það eru skólamálin. Það var tekið fram af hálfu n. við 2. umr., að það mál væri enn þá óafgreitt. Svo sem hv. þm. er kunnugt, var samþykkt á síðasta þingi sérstök löggjöf um fjármál skóla, og var gert ráð fyrir að taka upp nokkuð nýja skipan, annars vegar að skera alveg í sundur á þann hátt, að þær skuldir, sem safnazt hefðu fyrir, yrðu borgaðar niður með sérstakri fjárveitingu, en allar framkvæmdir, sem unnið yrði að, eftir að lög þessi tækju gildi, skyldu teknar upp í fjárlög og veitt sérstaklega fé til hverrar einstakrar framkvæmdar, en það hefur ekki áður verið gert, heldur veitt fé til skólanýbygginga á einum lið. Þetta er sem sagt í fyrsta sinn, sem þessi sundurliðun er tekin inn í frv., og hefur n. nú sundurliðað þetta sem bezt til leiðbeiningar fyrir hv. þm., þar sem hér er um nýbreytni að ræða, svo að menn gætu sem bezt áttað sig á þessu. Það var þegar ljóst, þegar n. tók að athuga þetta mál, að fjárveiting sú, sem gert var ráð fyrir í frv., var allsendis ónóg, til þess að hægt væri að fylgja þeirri reglu að leyfa ekki skólabyggingar að nokkru ráði umfram það, sem svaraði þeirri fjárveitingu, sem veitt væri á hverjum tíma, þannig að ekki héldu áfram að safnast skuldir. Niðurstaðan hefur orðið sú, að lagt er til, að fjárveiting til nýbyggingar skóla hækki um 3 millj. kr., og er þá talið auðið að verja fé til ýmissa nýrra framkvæmda á þessu sviði, sem óumflýjanlegar eru taldar.

Þá er lagt til að hækka um 800 þús. kr. fjárveitingu til þess að greiða áfallnar skuldir, en þær nema nú um 16.5 millj. kr., sem skiptast þannig, að skuldir vegna barnaskólabygginga eru um 13.6 millj., skuldir vegna gagnfræðaskóla 1.9 millj. kr. og vegna húsmæðraskóla 1 millj. kr. En auk þessarar fjárveitingar hefur verið lagt til af ríkisstj. og till. borin fram um það af hæstv. fjmrh. á sérstöku þskj., að 1.5 millj. kr. verði af greiðsluafgangi ársins 1955 varið í þessu skyni, þannig að fjárveitingin til þess að greiða gamlar skólaskuldir er þannig hækkuð um 2.3 millj. kr. Með þessari fjárveitingu á að vera hægt að greiða um 20% af skuldunum, en að því var einmitt stefnt með frv. um fjármál skóla, að hægt væri að greiða hinar áföllnu skuldir niður á 5 árum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í að skýra einstaka liði, hvernig fjárveitingunni er skipt milli skólanna. Ég skal aðeins geta þess, að það hefur verið reynt að fylgja þar ákveðnum hlutföllum, þannig að sem jafnastur hluti af kostnaði við framkvæmdirnar á þessu ári yrði greiddur, svo að réttlæti væri þar á milli. Þetta virðist eina haldbæra leiðin til skiptingarinnar, úr því að ekki er hægt, því miður, að greiða að fullu þann kostnað, sem talið er að verði hluti ríkissjóðs af þessum framkvæmdum í ár. Ég læt þá útrætt um skólana.

Það er lagt til að verja 200 þús. kr. til byggingar fjóss og hlöðu á Laugarvatni. Gert er ráð fyrir, að þessi framkvæmd kosti um 400 þús. kr., og talið, að þar sem útihús þessi séu orðin óviðunandi, verði því ekki frestað að ráðast í þessar byggingar.

Þá er lagt til að verja 60 þús. kr. til hitaveitufram kvæmda við Löngumýrarskóla. Það er kvennaskóli, sem er einkastofnun, ekki rekinn af ríkinu, en hefur hlotið styrk. Þetta er helmingur af kostnaði við hitaveituheimtaugina þangað, og þótti sanngjarnt að hlaupa þarna undir bagga á þennan hátt.

Þá er tekin upp fjárveiting til sundlaugarbyggingar á Akureyri, 45 þús. kr. Það hafði fallið niður af misgáningi. Í fyrra var gert ráð fyrir að verja 90 þús. kr. í þessu skyni, sem byggist á því, að á móti fái ríkisskólar þar ókeypis aðgang að sundlauginni. Var þá tekinn upp helmingur fjárveitingarinnar, en ætlunin að taka helminginn upp á fjárlög ársins 1956, en það hafði láðst.

Þá er lagt til að hækka styrkinn til Íþróttasambands Íslands um 35 þús. kr. Hann var 40 þús. kr. Styrkurinn til Ungmennafélags Íslands var hækkaður allmikið við 2. umr., eða upp í 75 þús. kr., og sótti Íþróttasambandið mjög á að fá hækkun á sínum styrk, og þótti sanngjarnt, að styrkurinn yrði jafn hjá þessum tveimur samtökum.

Þá er smávægileg fjárveiting til íþróttakennara eins, sem er að hætta störfum.

Þá er lagt til að verja 50 þús. kr. til þess að lækka byggingarskuldir stúdentagarðanna. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 100 þús. kr. í þessu skyni. Skuldirnar voru þá um 300 þús. kr., og er Görðunum algerlega um megn að standa undir þessum skuldum eða greiða þær niður, þeir gera ekki betur en standa undir sínum rekstrarkostnaði, þannig að sanngjarnt þótti að reyna að létta þessum skuldum af þeim, ekki sízt vegna þess, að þessar byggingar báðar hafa verið byggðar án þess, að um miklar fjárveitingar úr ríkissjóði væri að ræða til þeirra.

Þá er lagt til að veita stúdentaráði háskólans 20 þús. kr. styrk vegna fyrirhugaðra stúdentaskipta við Bandaríkin, sem er áformað að verði á þessu ári.

Enn fremur er lagt til að hækka nokkuð fjárveitingu til landsbókasafnsins til bókakaupa, eða um 35 þús. kr., og að taka upp sérstakan lið til landsbókasafnsins í því skyni að gera mikrófilmur af handritum, sem er talin mjög góð leið til þess að varðveita handrit, og auk þess fer miklu minna fyrir slíkum filmum. Hefur slíkt verið víða tekið upp, og er lögð á það mikil áherzla af landsbókasafninu, að æskilegt væri að geta hafizt handa um slíka framkvæmd hér. Er lagt til, að 25 þús. kr. verði í þetta sinn varið til slíkrar filmunar.

Óskir höfðu borizt til nefndarinnar um fjárveitingu til þess að styrkja byggingu bókasafns. Á fjárlagafrv. var 50 þús. kr. fjárveiting til þess að styrkja bókasöfn og lesstofur eða stofnkostnað þeirra. N. taldi ekki fært að fara að taka upp fjárveitingu til einstakra bygginga, en leggur til, að liðurinn verði hækkaður um helming, eða um 50 þús. kr.

Þá er lagt til, að fjárveiting til skálda, rithöfunda og listamanna hækki sem svari 10%, eða úr 902 þús. upp í 992 þús. kr., og að sama hækkun verði gerð á fjárveitingu til vísinda- og fræðimanna. Gunnar Gunnarsson hefur að undanförnu hlotið sérstök heiðursverðlaun af þessu fé og verið ákveðið, hvað þau laun skyldu vera há. Nefndin leggur nú til, að Halldór Kiljan Laxness fái sams konar heiðurslaun og verði laun hvors um sig 33220 krónur. Hefur það verið hækkað einnig hlutfallslega um 10% eins og heildarfjárveitingin.

Það hefur verið mjög mikið sótt á um það að fá hækkaðan styrkinn til leiklistar, og það hefur jafnframt verið á það bent af Bandalagi íslenzkra leikfélaga, að eðlilegast væri e. t. v. að taka upp einn lið, sem bandalaginu yrði síðan ætlað að ráðstafa milli félaganna. Þetta getur mjög vel komið til athugunar, því að það er vitanlega ekki öllu réttlæti fullnægt, þó að nokkur leikfélög séu tekin hér inn í fjárlögin, og alls ekki athugað neitt til hlítar, hvað mikil starfsemi þessara félaga er. Vafalaust er hún mjög misjöfn, þannig að mjög gæti verið æskilegt að endurskoða þetta mál og reyna að finna nýja tilhögun á þessum styrkjum. Hitt er augljóst, að það er brýn nauðsyn að reyna að styrkja þessi leikfélög úti á landi, sem víðast hvar eiga við mikla örðugleika að stríða. N. leggur nú til, að styrkir til þessara leikfélaga verði almennt 5 þús. kr., sem er vissulega ekki mikil upphæð, en hækkunin aðeins til þess að sýna nokkra viðurkenningu á þessu starfi, og að nokkur hækkun verði einnig til Bandalags íslenzkra leikfélaga, um 15 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að það verði fyrst og fremst lögð áherzla á að reyna að styðja leikfélögin úti á landi og þá ekki hvað sízt að leiðbeina þeim félögum, sem ekki njóta neins styrks af ríkisfé. Hins vegar væri mjög æskilegt, að þetta mál allt yrði tekið til nánari athugunar, áður en næstu fjárlög verða afgreidd.

Þá er lagt til að veita lúðrasveit Siglufjarðar 8 þús. kr. til hljóðfærakaupa, sem er í samræmi við það, sem aðrar lúðrasveitir hafa fengið.

Loks eru nokkrir námsstyrkir, sem ég sé enga ástæðu til þess að vera að eyða orðum að, smávægilegur styrkur til félagsins Germaníu vegna sýningar á íslenzkum málverkum í Þýzkalandi, sem er hluti af halla, sem varð af þeirri sýningu, og smáfjárveitingar til tveggja minningarlunda, sem ákveðið hefur verið að koma á fót.

Þá er nokkur hækkun til iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans, þ. e. laun skrifstofustúlku eða vélritunarstúlku, sem óumflýjanlegt er talið að bæta þar við.

Loks er lagt til að hækka um 60 þús. kr. fjárveitingu til sjómælinga, og er sú viðbótarfjárveiting sérstaklega við það miðuð, að nú hefur öll gerð sjókorta verið flutt inn í landið og það er mikil vinna, sem fram undan liggur við prentun og útgáfu þessara korta, og óumflýjanlegt þess vegna að auka nokkuð fjárveitingu í þessu skyni. Hins vegar er það ekkert áhorfsmál, að hér sé um mjög þýðingarmikið verk að ræða, sem ég hygg, að allir hv. þm. séu sammála um, að mjög hafi vel farið á, að var auðið að flytja inn í landið, enda hefur að undanförnu orðið að greiða allverulegar fjárhæðir út úr landinu í gjaldeyri til þess að fá gerð þau kort, sem gera hefur þurft.

Þá er nokkur hækkun á fjárveitingu til Búnaðarfélags Íslands, og nokkru síðar er hækkun til Fiskifélags Íslands. Hvor tveggja þessi hækkun stafar af því, að hækkun launalaga leiðir vitanlega af sér, að starfsmenn þessara stofnana hækki einnig, enda þótt þeir séu ekki í launalögum, en fyrir þeirri hækkun var ekki gert ráð í fjárhagsáætlun þessara stofnana, sem fjárlagatillögurnar eru miðaðar við, og því talið óumflýjanlegt að gera hér nokkra hækkun.

Þá er lagt til að hækka nokkuð liðinn til varahlutakaupa í sambandi við rekstur landbúnaðarvéla ríkisins, og er sú hækkun aðallega gerð vegna þess, að það er mjög mikil nauðsyn að koma upp verkstæði yfir varahluti og vélar. Það er algerlega óviðunandi húsakostur, sem þessi stofnun hefur nú, og verður auk þess að flytja þaðan, þannig að óumflýjanlegt er að gera einhverjar ráðstafanir til þess að skapa henni viðunandi aðstöðu. Er lagt til, að 200 þús. kr. verði veittar í því skyni.

Þá hefur það komið í ljós, að fjárveiting sú, sem ætluð er til kaupa á jarðræktarvélum, er algerlega ófullnægjandi, og ef ekki á að verða allverulegur samdráttur í þeim framkvæmdum, þá er ekki um annað að ræða en að verja allmiklu auknu fé til þeirra. Jarðræktarvélarnar hafa hækkað í verði, og það verða ekki margar vélar keyptar fyrir eina milljón, en lagt er til, að þessi liður verði nú hækkaður um helming, eða úr 1 millj. upp í 2 millj., til þess að ekki þurfi að verða um samdrátt að ræða í þessum mikilvægu framkvæmdum.

Þá er lagt til, að framlag til ræktunarsjóðs hækki um 1.1 millj., sem byggist á því, að það hafði ekki verið athugað, að samþykkt voru á Alþ. í fyrra lög, sem kváðu svo á, að framlagið skyldi verða þetta hátt, og auðvitað ekki um annað að ræða en að taka inn fjárveitingu í fjárlagafrv. í samræmi við það.

Þá er lagt til, að fjárveiting til sandgræðslustöðva hækki um 200 þús. kr. vegna aukinna framkvæmda, sem talin er þar mikil nauðsyn á, og að fjárveiting til skógræktarfélaga hækki um 75 þús. kr., þ. e. sá liður fjárveitingar til skógræktarinnar, sem gefur mest af sér, vegna þess að aðstoð við skógræktarfélögin er mjög mikils virði og skilar margföldu því fé, sem til þeirra er lagt, í því starfi, sem lagt er fram ókeypis af félögunum, og því sjálfsagt að reyna að stuðla að því að efla þau.

Þá er smávegis hækkun á „öðrum kostnaði" veiðimálaskrifstofunnar, smáfjárveiting til Landssambands íslenzkra hestamannafélaga og 10 þús. kr. fjárveiting í því skyni að veita einum bændahöfðingja, Birni Hallssyni á Rangá, nokkra viður-

kenningu. Er gert ráð fyrir, að það sé veitt í eitt skipti.

Þá er lagt til að hækka fjárveitingu til fiskimiðaleitar um helming, eða um 250 þús. kr. Þessi leit er mjög mikilvæg og hefur þegar skilað góðum árangri og nauðsynlegt að efla hana sem mest, og því er lagt til, að þessi aukning verði á fjárveitingu til hennar.

Þá er nýr liður, sem snertir nánast kjarnorkumál. Það er lagt til að veita 250 þús. kr. til undirbúningsrannsókna í sambandi við möguleika á framleiðslu á þungu vatni hér á Íslandi, og er gert ráð fyrir, að þetta verði á vegum jarðboranadeildar raforkumálaskrifstofunnar og rannsóknaráðs ríkisins. Það hafa þegar verið gerðar nokkrar athuganir í þessu sambandi og hafa þær leitt í ljós, að sérfræðingar þessara stofnana telja rétt að halda rannsóknum áfram og koma upp smátilraunaverksmiðjum í þessu skyni til þess að sannprófa það, hversu hagkvæmt þetta geti orðið. Það er augljóst mál, að ef þetta gefur góða raun, gæti hér orðið um mjög mikilvæga framleiðslu að ræða, því að 1 kg af þungu vatni kostar nú 1000 kr. Ég ætla ekki að fara út í tæknilegar hliðar þessa máls, en ætlunin er aðallega að gera nú tilraunir með framleiðslu á þessu í sambandi við jarðhita, og einnig kemur auðvitað til athugunar framleiðsla í sambandi við raforku. En n. taldi sjálfsagt að reyna að stuðla að því, að kannað yrði til hlítar, hvaða möguleikar væru á þessu, þar sem svo mikið væri í aðra hönd, ef þetta reyndist vel.

Þá kem ég að einum liðnum, sem sérstaklega var tekið fram við 2. umr. að þyrfti nánari athugun eða mætti gera ráð fyrir að þyrfti að verja mjög auknu fé til, en það eru almannatryggingarnar. Á fjárlögum þessa árs voru veittar 6 millj. kr. til þess að greiða rekstrarhalla tryggginganna. Sú fjárhæð var felld niður í fjárlagafrv. nú, en athugun á þessu máli hefur leitt í ljós, að það er síður en svo, að afkoma tryggginganna hafi batnað það, að auðið sé að fella þetta niður, heldur þvert á móti er gert ráð fyrir, að rekstrarhallinn verði á árinu 1956 yfir 11 millj. kr. Og enda þótt gert sé ráð fyrir að mæta þessum halla að nokkru með framlagi frá tryggingunum sjálfum úr þeirra varasjóðum, þá er ekki talið mögulegt að leggja það á tryggingarnar allt og verði því að taka upp viðbótarframlag einnig nú. Er lagt til, að það verði 6.2 millj. kr.

Þá liggur ljóst fyrir, að hinar föstu fjárveitingar, sem veittar eru til tryggginganna, eru einnig of lágar, með hliðsjón af þeim breytingum, sem þegar hafa verið gerðar á tryggingalögunum. Það liggur víst ekki ljóst fyrir, að hve miklu leyti breytingar kunna að verða frekar í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Það er nokkur missögn í grg. n., því að þessi hækkun mun ekki stafa af væntanlegri hækkun vegna þeirra laga, ef sett verða, heldur vegna breytinga, sem gerðar voru á tryggingalögunum nú fyrir áramótin, þannig að það liggur þegar fyrir, að þessi hækkun hlýtur að verða. Og það er talið óumflýjanlegt í sambandi við þetta að hækka fyrri liðinn til tryggginganna um 2.1 millj. kr. og auk þess að hækka áætlað framlag til sjúkrasamlaganna um 1.3 millj. Er því lagt til af n., að þessi hækkun verði gerð, og nemur þetta því samtals 9.6 millj. kr., sem hækka verður samkv. þessu fjárveitingar til Tryggingastofnunarinnar.

Þá er lagt til að gera smávægilega hækkun á fjárveitingum til elliheimilanna, þ. e. að hvert þeirra um sig hækki um 10 þús. kr.

Þá er lagt til að styrkja með 50 þús. kr. heimtaug til barnaheimilisins Sólheima í Grímsnesi. Það er einkastofnun, og var fylgt sömu reglu þar hjá n. og við fjárveitingu til Löngumýrarskóla að taka upp helming af þessum kostnaði.

Þá er þriðji stórliðurinn. Það er framlagið til atvinnuleysistrygginga. Þau lög hafa enn ekki verið sett og því ekki nákvæmlega hægt að sjá fyrir, hvað há útgjöld það verða, en eftir því sem næst verður komizt, er talið óumflýjanlegt að taka upp 7 millj. kr. í þessu skyni. Er það þó ekki nema hluti af þeim útgjöldum, sem verða munu útgjöld ríkissjóðs til tryggginganna, sem stafar af því, að fyrir hendi munu vera nokkrar milljónir króna til þess að greiða upp í þetta framlag. Er því talið, að verða muni nægilegt að taka upp þessar 7 millj. nú.

Þá koma loks allmargir liðir varðandi 18. gr., þ. e. a. s. eftirlaunagreinina. 18. gr. er, eins og oft hefur verið áður bent á af fjvn., hálfgert vandræðafyrirbrigði og auðvitað æskilegast að reyna að koma nýrri skipan á það mál. Hins vegar er það miklu viðtækara mál en svo, að fjvn. geti út af fyrir sig gert það, heldur verður hún nokkuð að þræða farnar slóðir með það, þar til heildarskipun kynni að verða á því gerð í sambandi við tryggingarnar, og hefur því sú leið einnig verið farin nú að taka upp þá embættismenn, sem hætt hafa störfum, og ekkjur embættismanna og áætla þeim nokkur eftirlaun og reynt eftir föngum að hafa hliðsjón af þeim eftirlaunum, sem fyrir eru í fjárlögunum til annarra hliðstæðra fyrrverandi embættismanna. Það er ákaflega erfitt fyrir hv. þm. að gera sér grein fyrir þessu máli með því að athuga þær tölur, sem þarna eru. Þær eru ákaflega misjafnar, og virðist eftir þeim, að mikið misræmi sé á milli manna. En sú er nú ekki reyndin á, vegna þess að hér verður að taka til greina, hvað embættismennirnir hafa úr eftirlaunasjóði og eftir öðrum leiðum, lögboðin eftirlaun, til þess að mynda sér skoðun um það, hvert samræmi er þarna á milli. Það, sem hér er tekið upp, er því aðeins mismunur, sem lagt er til að veita þessum mönnum til viðbótar hinum lögboðnu eftirlaunum. Nokkrir liðir falla niður, vegna þess að nokkrir þessara manna hafa látizt á árinu. Sé ég ekki þörf á að fara nánar út í þá sálma, nema sérstakt tilefni gefist til.

Þá er 72. brtt., sem er um að hækka um 400 þús. kr. grunnlaun og visitöluuppbætur á lífeyri, sem leiðir einnig af þeim breytingum öðrum, sem gerðar hafa verið, og er óumflýjanlegt að taka upp vegna launalagabreytinga og breytinga, sem í samræmi við það verða einnig á lífeyri.

Þá er loks lagt til að taka upp 1.5 millj. kr. vegna afnáms vísitöluskerðingarinnar. Hún hafði gilt um nokkra hæstu launaflokkana, en hefur nú verið felld niður, og leiðir það af sér þennan útgjaldaauka.

Og þá kemur stærsta útgjaldatillaga nefndarinnar nú, sem er 23.5 millj. kr. og er afleiðing hinna nýju launalaga. Sé ég enga ástæðu til þess að ræða það mál nánar. Það hefur verið rætt allt í sambandi við launalögin, sem hafa verið endanlega afgreidd, og þá gerð grein fyrir því, hvaða áhrif þau mundu hafa, og auðvitað ekki annað fyrir hendi en að taka þeim afleiðingum og verja fé sem því nemur.

Þá er lagt til að hækka fjárveitingu til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana um 1 millj. kr. Þar er mikil bygging í smíðum, sem brýn nauðsyn er að koma áleiðis og a. m. k. koma undir þak, og er talið óumflýjanlegt að hækka fjárveitinguna sem þessu nemur, til þess að það verði auðið. Einkum er mjög mikilvægt að koma áleiðis hjúkrunarkvennaskólanum, sem á að hafa aðsetur í þeirri byggingu.

Við 2. umr. fjárlagafrv. gat ég þess, að það horfði mjög illa varðandi flugmálin, að það mundi verða mun minna á þessu ári, sem hægt væri að framkvæma, heldur en undanfarin ár, vegna þess að nú er gerð sú breyting á, að heimildin á 22. gr. er miðuð við það, að afgangsfé sé notað árið eftir að það fellur til, sem veldur því, að flugmálin hafa ekki á þessu ári neinu slíku fé yfir að ráða. Fjárveitingin í frv. er 2.5 millj., en af því mun þegar vera ráðstafað um 1 millj. kr., þannig að eftir var ekki nema um 1½ millj. Vissulega væri mikil þörf á að auka verulega fjárveitingu til flugmálanna og flugvallagerðar, þar sem síaukin eftirsókn er eftir því að koma upp flugvöllum og þetta eru dýrar framkvæmdir og flugið hins vegar að verða æ stærri þáttur í samgöngum landsmanna. Meiri hl. n. leggur til, að þessi fjárveiting verði hækkuð um 1 millj. kr., eða upp í 3.5 millj. Flugið hefur ekki verið mikill baggi á ríkissjóði, og skal ég aðeins til gamans geta þess, að samkvæmt skýrslu, sem flugmálastjóri hefur látið fjvn. í té, hefur fjárfesting í fluginu síðustu 10 árin, sem veitt hefur verið fé til, numið rúmum 26 millj. kr., en á sama tíma er talið, að gjaldeyristekjur vegna flugsins hafi orðið 76 millj. Þannig fer því fjarri, að hér sé um bagga að ræða á ríkinu, nema síður sé, auk þeirrar mikilvægu þjónustu, sem hér er veitt við alla þjóðina. Það er íhugunarefni, sem verður að taka til nánari athugunar, hvernig leyst verði betur fjárþörf flugsins, því að eftir áætlun, sem gerð hefur verið af flugmálastjórninni, er gert ráð fyrir, að á næstu 10 árum þurfi að veita til brýnnar fjárfestingar í sambandi við flugið um 250 millj. kr., eða um 25 millj. kr. á ári.

Til viðbótar þessari 1 millj., sem lagt er til að hækka fjárveitingu til flugvallagerða, er lagt til að taka upp nýja fjárveitingu til sjúkraflugvalla og verði varið 500 þús. kr. í því skyni, þannig að raunverulega hækkar fjárveitingin til flugmálanna um 1½ millj.

Þá er lagt til að hækka fjárveitingu til bygginga á prestssetrum um 200 þús. kr. Þar er fjárveitingin alltaf á eftir, og er mikið þar á sótt og sífelld vandræði með að verða við þeim óskum, sem þar berast um framkvæmdir.

Þá er lagt til, að fjárveiting til lögreglustöðvar í Reykjavík hækki um 150 þús. kr. Þar er um mjög brýna framkvæmd að ræða, sem þörf er á að ýta sem fyrst áleiðis, og yrði þá sú fjárveiting 1 millj. í ár. Þá er lagt til að veita 250 þús. kr. til útihúsabygginga við vinnuhælið á Litla-Hrauni. Þessar byggingar munu þegar hafa verið reistar, en fé vantar til þess að greiða kostnaðinn.

Þá er lagt til að heimila ríkisstj. að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram kvæmda þar í hreppnum. Það er nú unnið að því að koma upp mikilli hitaveitu fyrir hreppinn og skipuleggja það betur en verið hefur. Það er fordæmi fyrir því, að heimilað hafi verið að verja afgjöldum ríkislanda til mikilvægra framkvæmda í viðkomandi byggðarlagi, og þykir því sanngjarnt að verða við þessari ósk.

Felld var niður við 2. umr. fjárveiting til tóvinnuskólans á Svalbarði, þar sem sú starfsemi væri hætt. Hins vegar er n. tjáð, að ætlunin sé að taka upp hliðstæða kennslu við kvennaskólann á Blönduósi, og er lagt til, að heimilað verði að verja 15 þús. kr. til þeirrar starfsemi, ef hún kemst af stað.

Til fjvn. hárust mjög eindregin tilmæli frá stjórn kirkjubyggingasjóðs um að auka fjárveitingu til sjóðsins. N. taldi ekki auðið að hækka þessa fjárveitingu, enda eru nýsett lög um sjóðinn og þar ákveðið, hve hátt framlag ríkisins skuli vera árlega. Hins vegar var n. fullkomlega ljóst, að hér væri um allsendis ófullnægjandi fjárupphæð að ræða, og til þess að veita nokkra úrbót og greiða fyrir því, að hægt væri að koma þessum málum betur áleiðis, er lagt til að veita ríkisstj. heimild til að ábyrgjast lán fyrir kirkjubyggingasjóð, allt að 500 þús. kr., í trausti þess, að kirkjumálastjórnin eigi það góða vini í lánsstofnunum, að hún geti fengið þetta fé að láni.

Þá er 83. till. n. um það að heimila ríkisstj. að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku. Þessi heimild mun raunar þegar hafa verið notuð, en að sjálfsögðu nauðsynlegt að fá heimild til staðfestingar slíku, og er því lagt til, að þessi heimild verði veitt.

Þá er enn fremur lagt til að veita ríkisstj. heimild til að ábyrgjast lán til útvegsmanna vegna tjóna, sem verði af svokölluðum þurrafúa í fiskiskipum, allt að 1.3 millj. kr. Í fjárl. yfirstandandi árs er heimild um 2 millj. kr. í þessu sama skyni. Sú fjárhæð mun ekki öll hafa verið notuð, en talið þó nauðsynlegt að bæta nokkru við, þar sem skemmdir hafa komið fram í fleiri skipum og hér um tjón að ræða, sem er mjög óvænt og ekki líklegt að útvegsmenn geti staðið undir án sérstakrar aðstoðar, ef það kemur fyrir, og er því lagt til, að heimildin sé miðuð við 1.3 millj. kr. á þessu ári.

Þá er lagt til enn fremur að heimila ríkisstj. að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir h/f Kol í sambandi við kolavinnslu á Skarðsströnd. Að þessu hefur verið unnið undanfarin ár og nokkrar fjárveitingar veittar í þessu sambandi. Áformar nú hlutafélagið að gera stórvirkari framkvæmdir þar og framleiðslu, og er lagt til að veita því aðstoð á þennan hátt.

Þá kemur loks sérstök heimild vegna ráðstafana ríkisstj. í sambandi við óþurrkana á Suður- og Suðvesturlandi á s. l. sumri, og er sú heimild í þrennu lagi: Í fyrsta lagi að heimila ríkisstj. eða

ríkissjóði verði heimilað að lána bjargráðasjóði allt að 10.5 millj. kr. til þess að veita bændum á þessu svæði lán til fóðurbætiskaupa aðallega. Í öðru lagi að verja allt að 700 þús. kr. til þess að styrkja heyflutninga inn á þessi svæði, sem fram fóru í haust. Og í þriðja lagi að greiða Sláturfélagi Suðurlands 250 þús. kr. vegna sérstaks vaxtakostnaðar félagsins í sambandi við hin óvenjulegu kaup á sláturpeningi s. l. haust. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þetta nánar. Sé óskað nánari upplýsinga um, hvernig þessu er fyrir komið, þá munu þær að sjálfsögðu verða veittar.

Þá er nýr liður um að lána h/f Baldri í Stykkishólmi allt að 200 þús. kr. vegna stofnkostnaðar flóabáts. Þessi beiðni lá fyrir samvinnunefnd samgöngumála einnig, en var ekki talið mögulegt að sinna henni þar. Síðari athugun hefur leitt í ljós, að það muni leiða til mikilla vandræða, ef ekki sé hægt að útvega þetta fé. Það var veitt heimild í fjárl. þessa árs til að ábyrgjast lán, en það mun ekki hafa verið auðið að fá slíkt lán og því talið óumflýjanlegt að fara þessa leið til að koma í veg fyrir, að þessi bátur þurfi að hætta störfum.

Þá er enn fremur lagt til að heimila ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. Það hefur verið mjög miklum erfiðleikum bundið að undanförnu og er enn að hlusta á útvarp á Austfjörðum vegna mikilla truflana frá erlendri útvarpsstöð, og hefur að undanförnu verið unnið að því af hálfu útvarpsins að kanna, hvaða leiðir væru tiltækilegastar til að bæta hér úr, og telja sérfræðingar þess, að fundnar séu leiðir, sem líklegar séu til úrbóta, og að það muni kosta rúma 1 millj. kr. að koma þeim úrbótum á. Hér er ekki um neina beina fjárveitingu að ræða úr ríkissjóði, heldur aðeins um það að ræða að heimila útvarpinu að nota af sínu framkvæmdafé 1.1 millj. kr. í þessu skyni.

Starfsemi tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum hefur farið vaxandi að undanförnu, og framleiðsla þýðingarmikilla bóluefna hjá stöðinni hefur aukizt mjög. Þetta hefur leitt af sér það, að þörf er á því að hafa þar mun meira af búpeningi en hefur verið að undanförnu, og eru orðin þar alger vandræði vegna skorts á landrými. Hefur verið athugað með möguleika á að fá keypta jörð þar í nágrenninu, og mun vera auðið að fá keypta jörðina Grafarholt, ef saman gengur með verð á þeirri jörð, og er nú lagt til að veita ríkisstj. heimild til að kaupa þessa jörð handa tilraunastöð háskólans, þar sem n. hefur sannfærzt um það, að hér sé um mikilvæga og raunar óumflýjanlega ráðstöfun að ræða til þess að tryggja viðunandi starfsskilyrði fyrir þessa mikilvægu stofnun.

Þá er loks lagt til, að breytt verði 23. gr. frv. á þann hátt, að hækkuð verði uppbótin á lífeyri og eftirlaun úr 20% í 30%, og er það gert með hliðsjón af þeim hækkunum, sem orðið hafa í sambandi við launalögin, en meðalhækkun þar var talin um 10%. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því, að skerðingarmarkið hækki og að í staðinn fyrir 20 þús. komi 30 þús. kr., sem þetta skuli greitt á.

Ég hef þá lokið að gera grein fyrir útgjaldatill. n., en skal aðeins geta þess, að ekki er óhugsandi, að nokkrar till. kunni enn að koma frá n., áður en þessari umr. lýkur, og verður þá sérstaklega gerð grein fyrir þeim.

Samkvæmt þessum gjaldatill. n. hækka gjöldin við þessa umr., ef þessar till. verða samþ., um 53 millj. kr. Hér kemur þó nokkur frádráttur, sem er aðallega á einum lið. Það eru smálækkanir á 18. gr., vegna þess að niður falla þar eftirlaun til fólks, sem látizt hefur, en lækkunartill. n. eru samtals rúmar 6.3 millj. kr., svo sem sést á yfirlitinu í framhaldsnál., og er aðallækkunin, eða 6.3 millj. kr., komin til af því, að í frv. er gert ráð fyrir, að 6.3 millj. kr. verði notaðar af tekjuafgangi tóbakseinkasölu ríkisins til þess að greiða uppbætur á Faxasíld. Nú er gert ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur sjóður til þess að standa undir aðstoð við útflutningsframleiðsluna og þá ætlazt til þess, að úr þeim sjóði verði einnig greiddar þessar uppbætur. Framlagið til útflutningsuppbótasjóðs eða hvaða nafn hann nú kann að hljóta er því fellt niður, og veldur þetta því, að útgjöldin lækka að þessu leyti um 6.3 millj. kr. Verður því gjaldahækkunin á frv., miðað við tillögur nefndarinnar, samtals 46.8 millj. kr. rúmar.

Þá kem ég aftur að tekjuhliðinni.

Það var tekið fram við 2. umr., að n. mundi endurskoða tekjuáætlunina, þegar fyrir lægi endanlega afkoma ársins, ef fjárl. yrðu ekki afgr. fyrr. Endanleg afkoma ársins liggur nú fyrir, og kemur í ljós, að hún er sízt betri en gert var ráð fyrir við 2. umr. frv. Var þá miðað við útkomuna eins og hún var 1. nóv. Áætlað var, að tekjur ríkissjóðs í ár kynnu að verða um 633 millj. kr., og samkvæmt yfirlitinu, sem nú liggur fyrir, eru tekjurnar nokkuð innan við þessa upphæð, eða um 626 millj. kr. En það má gera ráð fyrir því, eftir því sem varð á s. l. ári, að nokkrar milljónir kunni að falla til, þannig að tekjurnar verði svipaðar og meiri hl. n. áætlaði, að þær mundu verða, eða um 633 millj. kr.

Það mun vera flestum ljóst, að eins og ástatt er með gjaldeyrismál þjóðarinnar, séu litlar líkur til þess, að hægt verði að flytja sama vörumagn inn á komandi ári og nú hefur verið gert í ár, og þessar miklu tekjur nú stafa fyrst og fremst af því, vegna þess að gjaldeyrisforði þjóðarinnar hefur verið skertur allmjög, þannig að frá því að var allmikil gjaldeyriseign, eða um 100 millj. kr., um næstsíðustu áramót, þá er nú komin gjaldeyrisskuld, þannig að hagur bankanna að þessu leyti mun hafa versnað um 130 millj. kr. eða meir. Að vísu hefur verið nokkru meira af vörubirgðum eftir í landinu um síðustu áramót, en ekki sem þessu næmi, þannig að augljóst er, að ef ekki kæmu til einhverjar óvæntar gjaldeyristekjur á árinu, þá er óumflýjanlegt, að innflutningur muni dragast saman eitthvað, og þess er enn fremur að gæta, að verulegur búhnykkur hefur orðið fyrir ríkissjóðinn hinn mikli innflutningur bifreiða, sem var á s. l. ári og hefur skilað um 40 millj. kr. í tekjur í ríkissjóð, og engar líkur til, að sami innflutningur verði á næsta ári, og koma þá a. m. k. í staðinn vörur, sem munu gefa ólíkt minni tekjur en bílarnir

gera, þar sem auk tollanna af þeim er sérstakt leyfisgjald, sem rennur í ríkissjóð.

Með hliðsjón af öllum aðstæðum verður því að teljast mjög ólíklegt, að tekjurnar geti orðið meiri á þessu ári en þær voru í ár. Að vísu er hægt að gera ráð fyrir því og nokkurn veginn víst, að beinir skattar hljóta að gefa meira af sér en í ár. Það sýnir þróunin undanfarin ár. Þetta ár hefur verið mjög mikið tekjuár og því líklegt, að tekjurnar verði nú mun meiri en á s. l. ári. En með hliðsjón af því, að horfur eru á, að innflutningurinn hljóti að dragast allmikið saman, þá verður þó naumast með nokkurri skynsemi gert ráð fyrir því, að þessar auknu tekjur af beinum sköttum geri meira en að vega þar upp á móti, þannig að tekjuhorfurnar verði ekki meiri á næsta ári en þær eru í ár. Það hefur verið vakin athygli á því, og öllum hv. þm. er það kunnugt, að umframgreiðslur hafa alltaf verið töluverðar og svo að segja ætíð verið 7% eða meira, þó að við 2. umr. mundi hafa orðið tæplega 40 millj. kr. afgangur, ef gert væri ráð fyrir sömu tekjum ríkissjóðs á næsta ári og þær eru í ár og miðað við þau útgjöld, sem gert var ráð fyrir. Nú hefur þessi útgjaldaauki orðið nokkru meiri og horfurnar auk þess ekki þær, sem ég gat um, að líkur séu til, að þar verði um mikla aukningu að ræða. Engu að síður hefur verið við þessa umr. lagt til af meiri hl. n. að hækka enn tekjuáætlunina um 8 millj. kr., og hefur öll sú hækkun verið tekin af þeim liðnum, sem líklegast er að gefi einhverja hækkun á árinu, en það er tekju- og eignarskattur. Telur n. þá, að með tekjuáætlunina sé farið á yztu nöf, ef ekki kemur, eins og ég sagði, eitthvað alveg óvænt fyrir, sem verði sérstakur búhnykkur fyrir ríkissjóðinn á þessu ári, því að ef tekjurnar fara ekki allverulega fram úr áætlun, þá er augljóst, að greiðsluhalli hlýtur að verða hjá ríkissjóði, miðað við þær umframgreiðslur, sem jafnan hafa orðið.

Þá hefur enn fremur til tekjuöflunar verið ákveðið að gera tvær ráðstafanir. Önnur er sú að hækka burðargjöld póstsins. Það var bent á það af meiri hl. n. við 2. umr., að það væri óviðunandi, að þessi stofnun gæti ekki að verulegu leyti og helzt öllu leyti staðið undir útgjöldum sínum. Hefur nú verið ákveðið að gera breytingu á gjaldskrá póstsins, og er áætlað, að það muni gefa 1.4 millj. kr. í auknum tekjum hjá póstsjóði. Þá hefur jafnframt verið ákveðið að hækka símagjöld með hliðsjón af því, að þó að rekstrarafkoma símans sé að vísu góð, þá hefur hún versnað allverulega á s. l. ári og hlýtur að versna að miklum mun á þessu ári vegna launahækkananna, þannig að það hlýtur að leiða af sér stóraukin framlög úr ríkissjóði til fjárfestingarinnar, sem síminn hefur hingað til að töluvert miklu leyti staðið undir, ef ekki verður hækkun á tekjum símans, og er gert ráð fyrir, að áformaðar tekjuhækkanir hjá símanum af gjaldskrárhækkun muni skila á þessu ári um 3.6 millj. kr.

Samkvæmt þessu verða till. meiri hl. n. um tekjuhækkun samtals 13 millj. kr. Ef frv. verður afgr. í samræmi við þetta, þá mundi hér verða um allverulegan mismun að ræða, þ. e. a. s., að gjaldahækkunin við þessa umr. yrði þá um 3.1 millj. umfram tekjur, greiðsluhallinn eftir 2. umr. frv. var rúmar 11.7 millj. kr., og það vantar því rúmar 45.5 millj. til þess, að hægt verði að afgr. greiðsluhallalaus fjárlög. Því hefur hins vegar verið lýst yfir af ríkisstj., og það er eindregin skoðun meiri hl. fjvn., að ekki komi til neinna mála að afgr. fjárlagafrv. án þess, að það verði greiðsluhallalaust, og stendur því þingið andspænis þeim vanda, að nú verði að útvega eftir einhverjum leiðum nýjar tekjur í ríkissjóð, sem nemi þessari upphæð. Þetta mál er nú í athugun hjá hæstv. ríkisstj. og eru nú væntanlegar alveg á næstunni till. hennar um fjáröflun til þess að mæta þessum greiðsluhalla. Þær till. liggja enn ekki endanlega fyrir, þ. e. a. s., þeim hefur ekki verið útbýtt hér í Alþ., og af þeim sökum er ekki heldur af fjvn. gerð till. um það, hvernig eigi að mæta þessum greiðsluhalla, en eins og tekið er fram í framhaldsnál., áskilur n. sér rétt til þess, áður en þessari umr. lýkur, að bera fram brtt. við tekjubálk frv., sem muni mæta þessum greiðsluhalla, í samræmi við þær ráðstafanir, sem áformað verður að gera og mun verða gert með sérstökum lögum. Fyrr en þau lög hafa verið lögð hér fram og séð fyrir um það, hvaða afgreiðslu þau muni fá, er að sjálfsögðu ekki hægt fyrir n. að gera sér grein fyrir, hvaða tekjuauka megi vænta úr þeirri átt.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir till. meiri hl. fjvn. við þessa umr., að svo miklu leyti sem þær liggja nú fyrir. Ég mun síðar gera aths. við till. minni hl. n., sem þegar hefur verið útbýtt, og aðrar till., sem fram kunna að koma.

En ég vil nú leyfa mér, herra forseti, að venda mínu kvæði í kross og gerast talsmaður fyrir aðra n., þ. e. fyrir samvinnunefnd samgöngumála. Þannig vill til, að frsm. þeirrar n., hv. þm. N-Ísf. (SB) er staddur við skyldustörf í Norðurlandaráði, og bað hann mig að tala hér nokkur orð fyrir þeim till., en það hefur verið venja að undanförnu, að sú n. hefur skilað till. um fjárveitingar til flóabáta og vöruflutninga og fjvn. ekki haft sérstök afskipti af því máli.

Ég skal ekki eyða mörgum orðum um það mál. Það liggur fyrir frá n. mjög ýtarlegt nál. á þskj. 251, og er niðurstaðan af því áliti sú, að lagt er til að verja til flóabátanna og til vöruflutninga samtals 2 millj. 168 þús. kr., og er það 276500 kr. hærra en var í fjárl. þessa árs, en 468 þús. kr. hærra en er í fjárlagafrv., því að fjárhæðin hefur þar verið nokkuð lækkuð frá því, sem var í fjárlögum síðasta árs.

Það leiðir auðvitað af sjálfu sér og þarf ekki mikilla útskýringa við, að kostnaður flóabátanna hafi aukizt vegna vaxandi tilkostnaðar, og hefur n. því ekki talið auðið annað en að mæta þessum óskum um hækkun á styrk að nokkru leyti, en reynt þó að spyrna þar við fótum á öllum sviðum svo sem frekast hefur verið unnt, án þess að eiga á hættu, að þessi mikilvæga þjónusta legðist niður.

Hitt er vandamál, sem n. gerir sér mjög vel ljóst og auðvitað hlýtur að koma að fyrr en seinna, að þurfi að taka til rækilegrar athugunar, og það er, hvernig eigi að skipa þessum málum. Reyndin er nefnilega sú, að hagur flóabátanna fer sífellt versnandi, meira en nemur auknum til-

kostnaði, vegna þess að notkun þeirra minnkar, sem stafar af því, að samgöngur eftir öðrum leiðum, bæði í lofti og á landi, hafa batnað, og það er því eiginlega nokkur kaldhæðni, að hinar bættu samgöngur skuli þannig verða til þess að auka þörfina fyrir útgjöld ríkissjóðs til samgöngubóta á öðrum sviðum. Hins vegar hefur samvinnunefndin talið, að málið væri þó ekki komið það langt áleiðis með hinar bættu samgöngur á öðrum sviðum, að hægt væri að leggja þessa báta niður, og hefur það verið nokkurn veginn samdóma álit allra og enda mjög harðvítug mótmæli jafnan borizt úr þeim héruðum, þar sem bátarnir hafa átt að veita þjónustu, ef till. hafa komið fram um að leggja báta niður. Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum var sett n. til að rannsaka þetta mál. Hún lagði til, að tveir bátar hættu störfum, en það varð að gefast upp við þá sparnaðartilraun, vegna þess að það var svo mjög á það sótt og raunar með rökum á það bent frá viðkomandi aðilum, að það væru ekki komnar í það lag samgöngur í þeim héruðum, að það væri auðið að leggja slíka báta niður. Þess vegna hefur þessu verið haldið áfram með sívaxandi útgjöldum úr ríkissjóði vegna aukins rekstrarhalla bátanna, og eins og ég áðan sagði, þá er mikil nauðsyn orðin á því, að það verði tekið til athugunar með þessi samgöngumál yfirleitt, hvort ekki megi finna á þessu einhverja betri og hagkvæmari skipan og að fá þarna meiri samræmingu á milli einstakra þátta samgangnanna.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess, held ég, að vera að rekja þessar einstöku till., vegna þess að það er gerð grein fyrir þeim mjög ýtarlega í nál. og tekið fram, hvar um hækkun sé að ræða, og um lækkun er því miður hvergi að ræða.

Ég skal taka það fram sérstaklega varðandi tvö atriði í þessum till., að þar er um að ræða allverulega aukningu til útgerðarinnar. Þar er annars vegar um að ræða hinn svokallaða Vestmannaeyjabát, sem einu sinni var lagt til að leggja niður, en nú blómgast mjög, sem stafar af því, að áður var þarna um að ræða strjálar ferðir upp til meginlandsins, til Stokkseyrar, að mig minnir. En nú hefur verið gerð sú bragarbót á þessu, að ákveðið er, að báturinn annist daglegar ferðir til Þorlákshafnar til þess að sækja mjólk og ýmsar aðrar nauðsynjar handa Eyjabúum, en þessi endurbót hefur hins vegar leitt það af sér, því miður, að hallinn á bátnum hefur stórkostlega hækkað, þannig að óskir hafa verið uppi um að fá sem svaraði 1000 kr. rekstrarstyrk á dag, ef ég man rétt, til þess að talið verði auðið, að báturinn gæti gengið. Samvn. samgm. hefur nú, þrátt fyrir það að henni sé fullkomlega ljós nauðsynin á því að halda þessum samgöngum uppi, ekki treyst sér til að leggja til að taka svo hátt stökk í sambandi við styrk til þessa báts, en þó hefur þar verið um allverulega hækkun að ræða í fyrra, og enn fremur nú í ár er lagt til að hækka styrkinn til bátsins um 50 þús. kr. Nú skilst mér á hv. þm. Vestm. (JJós), að það verði mjög erfitt um vik, að þetta geti ef til vill nægt, en við verðum að vona það bezta og sjá hvað setur, áður en talið verði auðið að fara að hækka þetta enn meir.

Hinn aðilinn, sem hér er nú heldur þungur á fóðrunum, er Borgarnesbáturinn. Þar á nú senn að koma mikið og veglegt skip til flutninga, og er n. tjáð, að allar sorgir muni vera úr sögunni, þegar það skip kemur, því að það muni verða hallalaust rekið, og er gott til þess að vita, þó að menn séu ekki allt of bjartsýnir á það. Félag það, sem gerir út skipið, sem er í þessum samgöngum, hefur farið fram á að fá hálfa milljón í styrk. N. hefur ekki talið sér fært að leggja til, að styrkurinn verði svo hár, en leggur til, að styrkupphæðin verði 250 þús. eða hin sama og á s. l. ári, en jafnframt verði heimilað að greiða 200 þús. kr. rekstrarstyrk í viðbót, ef það sýnir sig, að það verði óumflýjanlegt. Allt liggur mjög óljóst fyrir enn um rekstrarafkomu þessa báts, þannig að það þótti nokkuð viðurhlutamikið að vera að greiða þetta af hendi alveg án alls fyrirvara, og hefur þá greiðsluheimildin að þessu leyti verið hækkuð þarna um 100 þús. kr.

Til annarra báta hefur verið hækkað nokkuð. Til Norðurlandsbáts hefur verið hækkað um 40 þús. kr., og enn fremur hefur verið lagt til, að hann fái 50 þús. kr. í vélarstyrk. Sama er um nokkra aðra báta, lagt er til að þeir fái vélarstyrki. Enn fremur leggur n. til, að nokkur hækkun verði gerð á hinu fræga Suðurlandsskipi, sem mun vera frægasta skip, sem hér er í förum á landi voru, því að það gengur á landi og veitir samt allgóða þjónustu, en hér er um að ræða styrk til vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu og til Öræfa. Er lagt til, að styrkur þessi hækki um 25 þús. kr. Það er mjög mikill aukakostnaður, sem fellur á flutninga til þessara svæða, sem verða að flytja allt til sín á bílum, og því þykir sjálfsagt að mæta úr almenningssjóði nokkuð þeim mikla kostnaði og erfiðleikum, sem þarna er við að stríða.

Þetta eru þá till. samvinnunefndar samgöngumála, sem ég hef hér mælt lítillega fyrir, en vænti þó, að þær liggi nógu skýrt fyrir, svo glöggt sem nál. er, og læt ég því þetta nægja að sinni um það mál.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér mundi kannske leyfast, áður en ég vík að niðurstöðum fjvn. í sambandi við fjárlagafrv., að fara örfáum orðum um það, sem hv. frsm. meiri hl. ræddi nú síðast, en það var nál. samvinnunefndar samgöngumála um flóabátana. Það er vafalaust rétt hjá honum, að það þarf engan að undra, þó að heldur sé hækkun á rekstrarkostnaði þeirra, það er ekki nema í samræmi við allan rekstrarkostnað í landinu, og er hækkunin tæpar 300 þús. frá því í fyrra. Hinu vildi ég aðeins víkja að, sem hann sagði, að það hefði fyrir nokkru verið borin fram till. um að leggja einhverja af flóabátunum niður, en við það hefði ekki verið komandi, mótmæli hefðu komið úr héruðunum gegn því og um það væri því ekki að ræða sem möguleika. Þetta er vitanlega í fullu ósamræmi við það, að a. m. k. tveir hv. flokksmenn frsm. hafa hvað eftir annað haldið því fast að Alþ., að á því væri möguleiki að leggja niður Skipaútgerð ríkisins, sem innir af hendi sams konar þjónustu fyrir landslýðinn, en í miklu stærri stíl. Alveg er sama aðstaða hjá

þeirri útgerð og flóabátaútgerðinni. Það er vitanlega í fyrsta lagi aukinn rekstrarkostnaður þar vegna aukinna rekstrarútgjalda, og svo vex halli á þeirri útgerð eins og hjá flóabátunum af því, að stöðugt minnkar magnið, sem skipin hafa til flutninga, sökum þess að það skiptist nú á þrjá aðila, en var áður á hendi eins. Það skiptist nú á flugvélar og bifreiðar að mjög miklum hluta, og eftir sitja svo skipin með vaxandi rekstrarkostnað, en mjög rýrðar rekstrartekjur. Þannig vex halli bæði flóabáta og Skipaútgerðar ríkisins af nákvæmlega sömu ástæðu. Þess vegna hlýtur auðvitað niðurstaðan að verða nákvæmlega sú sama, að þjónustuþörfin er mikil, og því er mótmælt í báðum tilfellum, að þessi þjónusta sé lögð niður, en halli af hvorum tveggja þættinum vex af þessum tveimur ástæðum, og stangast því rök hv. 2. þm. Eyf. algerlega við rök hv. þm. Barð. (GíslJ) og hv. þm. Snæf. (SÁ) fyrir möguleikum á því að leggja Skipaútgerð ríkisins niður.

Það er rétt, eins og ég benti á við 2. umr. fjárlagafrv., að ef það á eitthvað að sinna þessum málum, þá er ekki hægt að taka þar einstaka þætti út úr, heldur verður að taka flutningamálið út um landsbyggðina og milli byggða algerlega til rannsókna og athuga, með hvaða hætti er hægt að leysa það, hvort það á að gerast að meginhluta með skipum eða flugvélum eða á vissum svæðum eingöngu með bílum og hvort hægt er að finna þar leið, sem spari ríkissjóði fé, geri þessa þjónustu ríkissjóðnum a. m. k. léttari.

En svo ómögulegt sem það er að losa ríkið við útgjöld vegna vaxandi rekstrarhalla af flóabátum, því ómögulegra er að losa ríkið við milljónatöpin af Skipaútgerð ríkisins, af nákvæmlega sömu ástæðum, aðeins í stærri stíl.

Þá skal ég víkja að fjárlagaafgreiðslunni.

Þegar skilizt var við afgreiðslu fjárlaga nokkru fyrir jól, stóðu sakir þannig, að tveir ráðh. mættu hér og gerðu grein fyrir því, að þá yrði að slá botn í bili við afgreiðslu fjárlagafrv. Hæstv. fjmrh. var þeirrar skoðunar, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að fjárlagafrv. yrði afgreitt fyrir áramót eins og á undanförnum árum, og lagði fram þau rök fyrir sínu máli, að hann teldi, að hægt væri að afgreiða þau tekjuhallalaust. Ég var honum sammála um það og enn fremur, að það væri ekki hægt að ganga út frá því, að höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar yrði stöðvaður á næsta fjárhagsári, og þess vegna væri ástæðulaust að tengja afgreiðslu fjárlagafrv. við svo óraunhæfa tilhugsun. Þetta taldi ég vera fullnægjandi rök af hendi hæstv. fjmrh. og er enn þeirrar skoðunar, að það hafi verið algerlega tilefnislaust að tengja afgreiðslu fjárlagafrv. við það, að eftir var að leysa ýmiss konar vandkvæði sjávarútvegsins í kringum þessi áramót, enda virðist sú ætla að verða raunin, að það á einhvern veginn að hafa lausn þeirra mála að langmestu leyti utan við afgreiðslu fjárlagafrv., hvort sem það er til þess, að fjárlagafrv. líti á pappírnum eitthvað skár út, eða vegna þess, að þetta þyki ekki eiga samleið, þegar til kemur.

Biðin á afgreiðslu fjárlagafrv. hefur auðvitað leitt til þess, að áfram rigndi yfir fjvn. nýjum og nýjum erindum um aukin útgjöld úr ríkissjóði, og eru allmargar af till. þeim, sem hv. meiri hl. fjvn. hefur nú lagt fram, bein afleiðing af því regni, og mátti auðvitað alltaf við því búast. Hins vegar er meiri hluti upphæðanna í hinum nýju till. hv. meiri hl. fjvn. afgreiðsla á þeim stóru útgjaldaliðum, sem vitað var í lok 2. umr. að eftir var að taka til greina við 3. umr., svo sem útgjöld vegna launalaganna og útgjöld vegna almannatrygginganna, útgjöld vegna væntanlegrar löggjafar um atvinnuleysistryggingar o. s. frv.

Á þessari stundu er ekki komið fram frv. til l. um atvinnuleysistryggingar, og í raun og veru er ákaflega lausleg afgreiðsla að taka einhverja upphæð inn í fjárlagafrv. næsta árs vegna þeirrar löggjafar, meðan enginn alþm. hefur augum litið, hvernig það frv. verður. Ég hygg því, að fáir eða engir alþm. viti á þessari stundu um það, hvaða útgjöld komi til með að fylgja þeirri lagasetningu fyrir ríkissjóð eða aðra aðila.

Þá er það alger og óttalegur leyndardómur enn þá, hvaða útgjöld kemur til með að leiða af aðgerðum hæstv. ríkisstj. í sjávarútvegsmálunum, og alger hula hvílir yfir því, að hve miklu leyti á að taka nýja tekjustofna inn í fjárlagafrv. vegna þessara aðgerða eða hvort hugsunin er sú að gera það ekki að neinu leyti og afgreiða það að öllu leyti þannig, að ný skattafrv., sem talað er um að borin verði fram, kannske lögð hér fram á Alþ. í dag, eigi að skila tekjum ekki í ríkissjóð, heldur í sérstakan sjóð, sem mynda á til þess að standa undir hallarekstri vélbátaútgerðar, togaraútgerðar og rekstri hraðfrystihúsa, að mér skilst einnig.

Ég vil þessu næst leyfa mér að renna augum yfir og fara nokkrum orðum um sumar af brtt. á þskj. 287, en það eru brtt. hv. meiri hl. nefndarinnar. Sumum þessum brtt. erum við í minni hl., hv. 11. landsk. þm. (LJós) og ég, sammála og höfum ekkert við þær að athuga; teljum, að ekki verði hjá þeim komizt og að þær eigi fullan rétt á sér. Aftur eru það aðrar till., sem við teljum tilefnislitlar og tilefnislausar jafnvel sumar og eigi ekkert erindi í fjárlagafrv. Af þeim ástæðum töldum við okkur ekki geta fylgt till. meiri hl. í heild og berum fram okkar brtt. á sérstöku þskj., þskj. 293.

Ég vil fyrst víkja að því, að hæstv. ríkisstj. og meiri hl. nefndarinnar telur nauðsynlegt að halda áfram uppi ræðismannsskrifstofu í Hamborg, þrátt fyrir það að við höfum flutt til Bonn skrifstofu sendiherra Íslands í Vestur-Þýzkalandi, og er það um 80 þús. kr. liður.

Þá eru þarna hækkanir á stórembættum hér í Reykjavík, eins og borgardómaraembættinu, borgarfógetaembættinu og sakadómaraembættinu. Þetta eru stærstu og umfangsmestu embættin á vegum ríkisbáknsins hérna í Reykjavík, og þau hafa öll þurft vegna þess dráttar, sem varð á afgreiðslu fjárlagafrv., að koma að beiðnum um hækkaðar fjárveitingar sér til handa. Ég get þó ekki séð, að neitt það hafi breytzt síðan í nóvembermánuði eða desembermánuði, sem grundvalli slíkar hækkanir.

Þá eru hér beiðnir frá sýslumönnum og bæjarfógetum um nokkrar hækkanir. Er þar smátt og

smátt verið að óska eftir nýjum starfsmönnum í þessum embættum, og er á sumum stöðum nokkuð umdeilt, hvort þörf sé á viðbótarmönnum. Ég man t. d. eftir því, að það var til umræðu í nefndinni beiðni um viðbótarmann til lögreglustjórans í Neskaupstað. Hv. 11. landsk. þm., sem er vel kunnugur í þeim kaupstað, taldi litla þörf fyrir þennan viðbótarmann. En það var látið heita svo, að þetta væri vegna starfa fyrir almannatryggingarnar, það yrði að fá mann til þess, en það er nú ekki nema nokkur hluti af starfinu fyrir almannatryggingarnar á höndum embættismannsins þar, því að þar mun sú starfsemi að nokkru leyti vera á hendi starfsmanns sjúkrasamlagsins á staðnum.

Í fyrsta sinn er nú skipt því fé, sem á að verja til skólabygginga, barnaskóla, gagnfræðaskóla og húsmæðraskóla, og hefur sú skipting ekki verið í fjárlagafrv. áður. Hvort það er til bóta að láta fjvn. skipta þessu fé — hingað til hefur það aðeins verið ákveðið í heild — eða láta embættismanninn, sem þetta heyrir nokkuð eðlilega undir, fræðslumálastjórann, annast slíka skiptingu í samráði við hæstv. menntmrh. á hverjum tíma, skal ég láta ósagt. Það á eftir að sýna sig. Hins vegar er því ekki að neita, að skuldasöfnun hefur átt sér stað, sökum þess að ráðizt hefur verið í skólabyggingar örar en fé hefur verið veitt til þeirra framkvæmda á fjárlögum, og nemur nú þessi skuld við skólahéruðin samtals nærri 17 millj. kr. En engin vissa er fyrir því, að ekki safnist skuldir við héruðin, þrátt fyrir það að fjvn. skipti fénu. Slík skuldasöfnun hefur átt sér stað við ýmsa hafnarsjóði að því er snertir hafnargerðirnar, og hefur þó alltaf verið venja, að fjvn. skipti fjárframlögum úr ríkissjóði til hafnarmannvirkja.

32. till. meiri hl. er um smávægilegan styrk til Íþróttasambands Íslands. Við í minni hl. teljum, að þetta hefði átt að hækka heldur meira. Það er lagt til, að þetta verði 75 þús. kr. til Íþróttasambandsins. Við teljum, að það hefði verið ástæða til þess að hækka þetta heldur betur, einkum með hliðsjón af þeirri hækkun, sem hefur orðið til Ungmennasambands Íslands í sambandi við þann lið íþróttamálanna, sem er á hendi þess félagsskapar. Við vitum ósköp vel, að það verður mikil óánægja af hendi Íþróttasambands Íslands yfir því að vera þarna að nokkru leyti, hlutfallslega að minnsta kosti, sett hjá.

Ég sé, að 38. till. hv. meiri hl. lýtur að því að hækka 50 þús. kr. lið, sem var í frv. til byggingar bókasafna og lesstofa, í 100 þús. kr. Það var ekki nema eðlilegt, að menn sæju, hversu kátlegt var að hafa 50 þús. kr. lið til byggingar bókasafna og lesstofa, og er það nálega jafnhlægilegt, að það sé 100 þús. kr. Við höfum við 2. umr. lagt til, að þessi liður yrði ekki lægri en 200 þús. kr.

Þá er 40. till. um það að taka okkar fremstu rithöfunda, Gunnar Gunnarsson og Halldór Kiljan Laxness, hvorn um sig með 33220 kr. heiðurslaunum, út úr skiptingu á fé til rithöfunda og listamanna. Þessa till. höfðum við borið fram í fjvn. fyrir 2. umr., og varð þar samkomulag um, að við tækjum hana þá aftur. Það gerðum við, þar sem líkur voru til, að nefndin öll mundi telja skynsamlegt að hafa þennan hátt á, og er þessi till. alveg í samræmi við það. — Einnig hefur verið gerð, eins og við vorum þá með till. um á prjónunum, lagfæring til hækkunar á launum rithöfunda og listamanna að öðru leyti, hlutfallslega við hækkanir á launalögum, eitthvað um 10%.

Einn af þeim útgjaldaliðum, sem eru í þessum till. hv. meiri hl., er fjárframlag til Kvíabryggju. Það er einhvers konar innheimtuhæli á barnsmeðlögum, sem Reykjavíkurbær hefur stofnað og lagt fram stofnfé til, en síðan hefur það verið talin sjálfsögð aðferð að taka mörg undanfarin ár inn á fjárlög fé til rekstrar þessa hælis Reykjavíkurbæjar. Enginn lagastafur er til um þessa stofnun, og það eina, sem hefur minnt á tilveru þessa hælis, hefur verið þessi liður á fjárlögum. Það var fyrstu árin 125 þús. kr. til rekstrar hælis á Kvíabryggju, og þá var hælið ekki til. Nú er verið að reka þetta hæli í fyrsta sinn. Þá voru á frv. í haust 275 þús. kr. ætlaðar til rekstrar þessa hælis, en nú lágu fyrir skilríki fyrir því, að þetta yrði allt of lítið, og er nú tekin upp till. um, að þetta verði 630 þús. kr. Alveg er vitað, að þetta verður innan stundar um 1 millj. kr. rekstur, og virðist vera talið sjálfsagt, að ríkið taki þetta á sig til þess að aðstoða eitt sveitarfélag í landinu, Reykjavíkurbæ, um innheimtu á barnsmeðlögum. Það var upplýst í nefndinni, að önnur sveitarfélög hefðu viljað hafa þann möguleika að geta komið vistmönnum á þetta hæli, ef þeir greiddu ekki barnsmeðlög, en upplýsingar lágu fyrir úr fleiri en einum stað um það, að ekkert sveitarfélag annað en Reykjavík hefði aðgang að hælinu, þó að það sé algerlega rekið á kostnað ríkissjóðs. Það var sýnilega mikil óánægja meðal fjvn.-manna um þetta og mjög dregið í efa, að nokkur heimild sé til að taka inn á fjárlög hundruð þús. kr. til stofnunar, sem enginn stafur er til um í lögum. Þessi sameiginlegi król ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar ætti nú að njóta þeirrar virðingar, að hæstv. ríkisstj. bæri fram frv. til laga um vinnuhæli Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs á Kvíabryggju, minna má það ekki vera, og síðan sé samkvæmt þeim lögum ætlað fjárframlag á ári hverju til rekstrar þessarar stofnunar. Við í minni hl. erum því alveg andvígir því, að þessi till. hv. meiri hl. sé samþykkt, og teljum, að hún eigi enga stoð í lögum og þetta fé sé tekið heimildarlítið, ef ekki heimildarlaust úr ríkissjóði, eins og verið hefur á undanförnum árum, þó að um minni upphæðir hafi verið að ræða.

50. till. hv. meiri hl. er um að hækka lið til sjómælinga úr 80 þús. kr. í 140 þús. kr. Við í minni hl. erum alveg samþykkir þessari till. Teljum við það mjög gleðilegan atburð, að Íslendingar eru nú að taka algerlega í sínar hendur gerð allra sjókorta og allar sjómælingar, sem eru undirstöðuvinna við þá framkvæmd, og höfum nýlega fengið vitneskju um það, að Danir hafa sýnt þann myndarskap í þessu máli, að þeir afhenda nú Íslandi, kvaðalaust og án þess að nokkur reikningur fylgi, allar sínar mælingar frá fyrstu tíð í kringum Ísland, öll myndamót af sjókortum, sem þeir hafa látið gera af Íslandsmiðum, en það eru öll þau kort, sem hingað til

hafa verið fáanleg til notkunar fyrir Íslendinga, og sjókortagerð Íslands tekur við þessu öllu saman án endurgjalds af hendi Dana. Þarna hafa Danir óneitanlega orðið myndarlega við að skila handritum, sem þeir hafa algerlega sjálfir kostað og búið til. Þetta er þeim til verðugs lofs, og vona ég, að við reynumst menn til að framkvæma þessa hluti einnig með myndarskap. Byrjunin er góð. Það eru komin nú nokkur íslenzk sjókort, sem algerlega eru unnin á grundvelli íslenzkra mælinga í viðbót við þær dönsku, sem fyrir hendi voru áður, og er ekki hægt að sjá annað, enda ber sérfræðingum saman um, að þetta séu hin ágætustu sjókort.

Þarna eru smáhækkanir til Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands. Við því er ekkert að segja. Það hefur verið gerð grein fyrir því, að aukinn kostnaður sé af mannahaldi þessara félaga atvinnuveganna, og er ég því samþykkur því, að þetta sé hækkað. — Hins vegar vil ég í sambandi við þetta minna á, að það var við 2. umr. borin fram till. um, að framlag til starfsemi Alþýðusamb. Íslands yrði hækkað úr 75 þús. kr. í 150 þús. kr., auðvitað vegna aukins kostnaðar við starfrækslu þessara landssamtaka verkamannanna. Þetta fékk engan hljómgrunn í hv. fjvn., 75 þús. kr. hækkun á þeim lið, þó að verið væri jafnframt að hækka áður veitt framlög til búnaðarsamtakanna og samtaka sjávarútvegsins. Af þessu getur maður séð, hver vinsemdin er frá ríkisvaldinu til samtaka verkalýðsins, þó að það sé haft í orði stundum, að það sé nauðsynlegt, að góð samvinna sé milli þessara samtaka og ríkisvaldsins. Kvenfélagasamband Íslands hefur hins vegar ekki 75 þús. kr. styrk úr ríkissjóði, heldur 175 þús. kr., og var þarna farið fram á 150 þús. kr., svo að við værum þó samt sem áður 25 þús. kr. lægri en þau samtök, en það fékk engan byr, þrátt fyrir það að bent væri á það til samanburðar, og er þó vitað, að Alþýðusamband Íslands á 40 ára afmæli á þessum vetri, og hefði ekki verið annað en viðurkenning í sambandi við afmælið, að ríkissjóður hefði þarna látið það njóta sannmælis við önnur félagasamtök. En því er ekki að heilsa, og af því dreg ég mínar ályktanir um vinsemdina.

Hins vegar er til stofnun, sem heitir veiðimálaskrifstofa. Hún fór fram á hækkun vegna síns rekstrar og það stóð ekki á því. Það var fyrir nokkrum árum búið að fallast á að leggja þessa stofnun niður og fela hennar starfsemi Búnaðarfélagi Íslands. Þá stóð þannig á, að forstöðumaðurinn var svo ríkur, að hann ætlaði að komast undan íslenzkum skattayfirvöldum og flutti sig til Danmerkur með allt sitt, en er svo kominn aftur, og síðan hefur verið mikill gróandi í kostnaði við stofnun hans og heldur áfram. Á þessum vikum, sem liðnar eru síðan frv. var til 2. umr., hefur enn orðið að hækka kostnaðinn við stofnun hans, og stendur slíkt ekki í meiri hl. hv. fjvn. eða ríkisstjórninni.

Við 2. umr. fjárlaganna bárum við hv. 11. landsk. þm. fram till. um, að hækkað yrði fjárframlag til leitar fiskimiða úr 250 þús. kr., sem voru á frv., í 1 millj. og 500 þús. kr. Nú hefur hæstv. ríkisstj. og meiri hl. fjvn. fallizt á, að það væri þörf á að hækka þennan lið, en hækkunin er aðeins upp í 500 þús. kr. eða ⅓ hluta af því, sem við töldum að þörf væri á að liðurinn yrði. Það er þó 100% hækkun frá því, sem var í frv., og er kannske hægt að aðstoða skip til slíkrar leitar í hálfan mánuð, ja, kannske mánuð, með þessu fjárframlagi, sem nú er þarna lagt til að verði greitt.

Þá höfðum við einnig við 2. umr. fjárlaganna lagt til, að fjárveiting til gamalmennahæla utan Reykjavíkur yrði hækkuð svolítið, en hverju elliheimili utan Reykjavíkur eru ætlaðar í styrk 20 þús. kr. Allir sjá, að það er nú orðið lítill peningur við stofnanir, sem kosta mörg hundruð þús. kr. í rekstri hjá sveitarfélögunum. Auðvitað hefur ekki verið samþykkt að hækka þetta í námunda við það, sem við lögðum til við 2. umr., en þó er þarna sýndur litur og heildarfjárveitingin hækkuð úr 180 þús. kr. í 270 þús. kr., þannig að fjárveitingin til hvers elliheimilis um sig verður ekki 20 þús. kr. á næsta ári, heldur 30 þús. kr. Það er aðeins hreyfing, en þó vitanlega alveg ófullnægjandi í sambandi við svona dýrar stofnanir og nauðsynlegar.

Hv. frsm. meiri hl., 2. þm. Eyf. (MJ), minntist á, að það væru hér ýmsar brtt. viðvíkjandi 18. gr., tillögur um að fella niður ýmsa liði af góðum og gildum ástæðum og tillögur um að taka nýja inn. Við þessu er ekkert að segja. Meðan 18. gr. helzt, verður þetta að vera svona. En ég hef margsinnis á það bent áður, að þó að tillit sé tekið til alls, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á að þyrfti að gera til þess að komast að niðurstöðu um hæfileg hlutföll milli fjárveitinganna, þá er samt ómögulegt að neita því, að það er hróplegt misræmi milli þessara fjárveitinga, miðað við einstaklingana, — ég segi: þó að tekið sé tillit til alls og þetta skoðað ofan í kjölinn af fullum kunnugleika. 18. gr. ætti því að hverfa, og það hefði verið tilvalið tækifæri nú að láta hana hverfa einmitt í sambandi við endurskoðun á tryggingalöggjöfinni. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að það er ekki hægt að gera þetta nema einmitt í sambandi við tryggingalöggjöfina. Nú er hún til gagngerðrar endurskoðunar. Nú er hún hér til afgreiðslu á Alþ., og nú átti auðvitað að slátra 18. gr. alveg og gera viðeigandi nauðsynlegar breytingar á tryggingalöggjöfinni í sambandi við það. Ég hygg því, að úr því að það hefur ekki verið gert nú og verður sennilega ekki gert í sambandi við þá endurskoðun, þá megum við búast við því, að þessi vandræðagrein fjárlaganna haldi áfram að vaxa eins og að undanförnu sem vandræðafyrirbæri í afgreiðslu fjárlaganna.

75. till. hv. meiri hl. er um flugvallagerðir, þess efnis, að fyrir 2 millj. og 500 þús. kr. skuli koma 3 millj. og 500 þús. kr. Við hv. 11. landsk. þm. höfum lagt til, að fjárveiting til þessara framkvæmda verði 4 millj. kr., og erum við þó neðan við það, sem forráðamenn flugmálanna telja nauðsynlegt, til þess að ekki dragi úr framkvæmdum á þessu sviði.

81. till. hv. meiri hl. er um að greiða smáupphæðir til húsmæðraskólans á Hallormsstað og kvennaskólans á Blönduósi, til annars þeirra vegna kennslu í tóvinnu og hins vegna kennslu í vefnaði. Það er sjálfsagt þörf á því að veita þess-

ar smáupphæðir til þessara tveggja skóla. En samræmis vegna efa ég, að það sé rétt að veita einum skóla fjárupphæð sérstaklega á fjárlögum vegna vefnaðarkennslu, því að allir húsmæðraskólarnir annast vefnaðarkennslu sem eina námsgrein, og það ætti þá því aðeins rétt á sér, ef það væri verulega meiri vefnaðarkennsla í Hallormsstaðaskóla en í nokkrum öðrum húsmæðraskólanna. Verið getur, að svo sé, en ekkert hefur þó verið upplýst um það. Hætt er því við, að þetta leiði af sér, að við afgreiðslu næstu fjárlaga komi beiðnir frá öllum húsmæðraskólunum um sérstök fjárframlög til þeirra námsgreina, sem þeir ræki betur en aðrir skólar, leggi í meiri vinnu og veiti meiri fræðslu í.

Hæsti liðurinn, sem er að finna í till. hv. meiri hl., er að upphæð 23½ millj. kr. Það er vegna hækkunar á launalögunum. Við í minni hl. teljum, að hjá þessu verði ekki komizt. Ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa fallizt á, að þessa hækkun yrði að gera á launum opinberra starfsmanna, og þar með hefur verið viðurkennt, að allir í landinu hafi vegna dýrtíðarástandsins orðið að fá réttingu á sínum launakjörum og ekki getað búið við óbreytt launakjör áfram. Þá er aðeins eftir ein stétt í landinu, sem hefur ekki fengið neina réttingu á sínum launakjörum, og það er sjómannastéttin. Nú stendur í hörkusamningum um það, hvort sjómennirnir eigi að fá nokkra lagfæringu á kjörum sínum í gegnum hækkun á fiskverði. Þar er staðið mjög hart á móti, og ég sé í aðalmálgagni ríkisstj. í dag, í Morgunblaðinu, að það er talin ósvífni mikil af Alþýðusambandi Íslands að halda nokkuð fast á samningum fyrir hönd sjómannastéttarinnar að því er snertir fiskverðið, því að það sé ekkert annað en óbilgirni. Þessir sömu menn eru þó að standa upp frá margra vikna hörkubaráttu við ríkisvaldið um að fá fjárveitingar svo að skiptir tugum millj. kr. til hraðfrystihúsarekstrarins, til vélbátaútgerðarinnar og til togaraútgerðarinnar, en hlutarsjómenn á vélbátum eiga samt að sitja við óbreytt fiskverð, sem þýðir ekki sömu laun og áður, heldur lækkuð laun, vegna þess að þeir taka samkvæmt hlutarskiptakjörunum þátt í útgerðarkostnaði, og það er útgerðarkostnaðurinn, sem útgerðarmennirnir halda fram að hafi hækkað um 10%, en hlutarmennirnir bera þennan kostnað nærri því að hálfu á móti þeim. Þeir hafa því fengið ekki óbreytt fiskverð, heldur raunverulega lækkað fiskverð, vegna þess að þeir taka þátt í útgerðarkostnaðinum, sem hefur vaxið. Við það eiga þeir að sitja, upp á það eiga þeir að hleypa bátaflotanum nú í gang, eftir að búið er að stöðva hann af öðrum aðilum núna allan janúarmánuð. Þetta er sanngirnin í garð sjómannastéttarinnar, aðalframleiðslustéttar þjóðarinnar, eftir að ríkisvaldið er búið að viðurkenna, að það þurfi að hækka nú í viðbót við hækkunina, sem var gerð fyrir jólin í fyrra, um 23 millj. laun til opinberra starfsmanna í þjónustu ríkisins. Það er svona réttlæti í þjóðfélaginu, sem gerir það að verkum, að það er ekki alltaf allt með kyrrum kjörum, og það er svona ástand, sem skapar það, að það er í raun og veru allt í grænum sjó í þessu þjóðfélagi. Það er ranglæti, sem ríður ekki við einteyming.

Þá skal ég víkja að brtt. okkar í minni hl. við fjárlagafrv. síðan við 2. umr. Þær eru, eins og ég áðan sagði, á þskj. 293.

Við 2. umr. bárum við hv. 11. landsk. fram brtt. um að hækka tekjuhlið frv. um 60.7 millj. kr. og leiddum rök að því. Eftir að við höfðum athugað niðurstöður ríkisbúskaparins árið 1954 og eftir að við höfðum fengið upplýsingar úr ríkisbókhaldinu um, hvað mikið væri komið inn af tekjum hjá ríkissjóði í októberlok í haust, og bárum þetta hvort tveggja saman við fjárlagafrv., þá komumst við að þeirri niðurstöðu, að það væri óhætt að áætla tekjuskattinn 112.8 millj., vörumagnstollinn 30 millj., verðtollinn 170 millj., innflutningsgjald af benzíni 13 millj., gjald af innlendum tollvörutegundum 12 millj., lestagjald af skipum 300 þús., bifreiðaskattinn 6 millj., aukatekjur 10½ millj., stimpilgjöld 14½ millj., vitagjöld 1.7 millj., leyfisbréfagjöld 0.8 millj., útflutningsleyfagjöld 0.8 millj., söluskattinn 130 millj. og leyfisgjöld 9 millj.

Nú liggja fyrir upplýsingar um það frá ríkisbókhaldinu, hvað þessir tekjuliðir, sem hér er um að ræða, hafi verið orðnir í desemberlok. Það er þó vitað, eins og hv. frsm. meiri hl. játaði áðan, að þann 31. des. eru aldrei komnar inn allar tekjur ríkissjóðs. Margir tekjuliðirnir eiga þá eftir að skila sér að talsvert miklum hluta og eru að skila sér nokkuð fram á næsta fjárhagsár. Það er því alveg vitað, að þessar upplýsingar samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhaldsins eru ekki endanlegar tölur.

Nú kemur í ljós í fyrsta lagi, að tekju- og eignarskatturinn, sem var á síðasta árs fjárlögum 62.8 millj., er nú orðinn 84 millj. Við höfðum lagt til, að hann yrði áætlaður á næsta ári 112.8 millj. Eru nú nokkrar líkur til, að sú breyting verði á tekjuskattinum á árinu 1956, að það valdi nokkurri verulegri hækkun? Eru ekki líkur til þess, að hækkun á launum allra opinberra starfsmanna, sem samkvæmt þessari till., sem ég gerði grein fyrir áðan, nemur 23½ millj. og er þó meiri, hækkun, sem hefur orðið á vinnulaunum allra vinnustétta landsins, og vonandi verður hækkun líka á fiskverði og þar af leiðandi vonandi hækkun á tekjum sjómanna, — mun þetta ekki allt leiða til þess, að allar tekjur manna á árinu 1956 verði að krónutölu verulega hærri en á árinu 1955? Jú, það er vitanlegt. Þess vegna er það nokkurn veginn gefinn hlutur, að tekju- og eignarskatturinn kemur til með að hækka stórkostlega á næsta ári. Við lögðum til, að hann yrði áætlaður 112 millj., erum nú með till. um, að hann verði áætlaður 106 millj. kr. Hv. meiri hl. n., sem sór fyrir, að það væri nokkur möguleiki á því að hækka nokkurn tekjulið fjárlaganna við 2. umr., leyfir sér nú að koma með till. um að hækka þennan tekjulið um 8 millj. kr., upp í 104 millj. Það er nú til góðs, að menn hafa uppgötvað, að þarna var óhætt að áætla einn tekjulið fjárlaganna 8 millj. hærri en haldið var fram við 2. umr. málsins. Þar með er það viðurkennt að því er þann lið snertir, að hann hefur ekki verið áætlaður í októberlokin eftir því, hvað var útlit fyrir að hann yrði, heldur er hann nú hækkaður út af því, að það er aukinn þrýstingur að því er snertir þorfina, og

þá er seilzt ofan í pokann og teknar 8 millj. í viðbót, af því að þær voru þar auðvitað fyrir. En þannig er nákvæmlega um marga aðra tekjuliði frv., eins og ég nú mun sýna fram á.

Vörumagnstollinn áætluðum við í okkar till. við 2. umr. 30 millj. kr. Hvað er hann orðinn nú í desemberlokin? 29.4 millj. Það er enginn vafi á því, að hann mun reynast, þegar hann er endanlega gerður upp, yfir 30 millj. á s. l. ári. Nú leggjum við til, að hann verði áætlaður 29 millj., og erum þá orðnir fyrir neðan það, sem hann hefur reynzt núna í desemberlokin. — Ég vil taka það fram í eitt skipti fyrir öll, að till. okkar núna um lægri tölur en við 2. umr. byggjast ekki á því, að við höfum sannfærzt um, að okkar till. hafi verið of háar í haust, heldur er þetta eingöngu með tilliti til þingskapaákvæða. Það er ekki hægt að bera fram aftur sömu tölu og þingið er búið að fella. Við höfum líka breytt okkar tölum með tilliti til þess, að þær væru líka lægri en þær till. frá hv. Þjóðvfl., sem voru felldar við 2. umr., svo að okkar nýju till. rækjust ekki heldur vegna þingskapanna á þær tölur. Eru okkar tölur því nú lækkaðar vegna þingskapa, en ekki af öðrum ástæðum, niður fyrir bæði till. okkar í minni hl. við 2. umr. og till. þjóðvarnarmannanna við sömu umr.

Þá er það verðtollurinn. Við höfum áætlað, að hann yrði 170 millj., leggjum nú til, að hann verði áætlaður 164 millj. Hvað er hann orðinn í desemberlokin? Er hann orðinn 164 millj., eða kannske orðinn það, sem við lögðum til í haust að hann yrði, 170 millj.? Hann er orðinn 178.2 millj. kr. núna í desemberlokin, og við það á áreiðanlega eftir að bætast eitthvað. Þennan tekjumöguleika, sem er þarna fyrir hendi, vill hæstv. ríkisstjórn ekki nota. Hún vill áætla of lágt eins og fyrri daginn, eins og hún er staðin að að hafa gert núna s. l. 8 ár, vísvitandi, og leggja svo nýja skatta á þjóðina í staðinn. Það eru hennar ær og kýr.

Þá er innflutningsgjald af benzíni. Við áætluðum það 13 millj. kr. í haust, og nú segjum við, að það skuli prófað, hvort þingið vilji fallast á að áætla það 12½ millj. kr. Þetta var á fjárlögunum áætlað 9½ millj., en er komið í 11½ millj. núna í desemberlok, m. ö. o. rétt við þá upphæð, sem við erum með. Þetta er þó liður, sem hefur farið sívaxandi og er ástæða til sérstaklega að búast við að taki nú stórt stökk vegna þess geysilega bílainnflutnings, sem átti sér stað á s. l. ári og skilar auðvitað stórkostlegri aukinni benzíneyðslu á næsta ári og þar með hækkun á innflutningsgjaldi af benzíni. Þessi liður okkar er því nú greinilega mjög varlega áætlaður eins og allir okkar liðir aðrir.

Þá áætlum við gjald af innlendum tollvörutegundum 11 millj. kr., lögðum í haust til, að það yrði áætlað 12 millj. kr. Hvað er það orðið núna? Það er orðið 11.4 millj. kr., þ. e. a. s. hærra en við leggjum nú til og aðeins ½ millj. kr. lægra en við lögðum til í haust.

Þá er það bifreiðaskatturinn. Við leggjum nú til, að hann verði áætlaður 5.8 millj., lögðum til í haust, að hann yrði áætlaður 6. Hann er orðinn núna 5.2 millj. kr.

Þá leggjum við nú til, að aukatekjur verði áætlaðar 10 millj., í haust vorum við með till. um 10½. Hann er nú orðinn 10.4 millj., nokkurn veginn eins og við áætluðum hann í haust, og er orðinn hærri en við leggjum til, að hann sé áætlaður fyrir næsta ár.

Þá leggjum við nú til, að liðurinn stimpilgjald verði áætlaður 14 millj., vorum með till. um 14½ millj. í haust. Hann er nú orðinn 15 millj. kr. í desemberlokin, ½ millj. kr. hærri en till. okkar í haust og 1 millj. kr. hærri en við leggjum nú til að hann verði áætlaður næsta ár.

Þá eru hér tveir smáliðir, leyfisbréfagjald og útflutningsleyfagjöld. Það er hvort tveggja áætlað, annað á 500 þús. og hitt á 700 þús. Við lögðum til í haust, að þetta yrði áætlað 800 þús. hvor liðurinn, leggjum nú til, að hvor um sig verði áætlaður 750 þús. Leyfisbréfagjaldið er nú orðið 677 þús., nærri 700 þús., og hinn liðurinn 842 þús., eða yfir það, sem við áætluðum.

Þá kemur að söluskattinum, þessum næsthæsta tekjulið fjárlaganna. Við áætluðum hann í haust 130 millj., erum nú með till. um, að hann verði áætlaður 128 millj. Hvað var hann orðinn í desemberlokin? Hann var orðinn 129.9 millj., eða nær 130 millj., eins og við áætluðum í haust, að hann yrði. Hann var sem sé orðinn í desemberlok s. l. nærri 2 millj. hærri en við leggjum til að hann verði áætlaður næsta ár.

Þá eru það leyfisgjöldin. Við áætluðum þau í haust 9 millj., leggjum nú til, að þessi liður sé lækkaður niður í 7.4 millj. Samkvæmt yfirliti ríkisbókhaldsins, sem mér barst í morgun, er hann í desemberlok orðinn 10.9 millj., nærri 11 millj. kr., sem við áætlum nú að verði á næsta ári 7.4 millj.

Þá skal ég geta þess, að vegna ónógra upplýsinga bárum við við 2. umr. enga till. fram til breytinga á tekjum af ríkisstofnunum, þ. e. a. s. tóbakseinkasölu og víneinkasölu, og gerum það ekki heldur nú. Það kemur í ljós samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins, að nettótekjur af þessum stofnunum báðum hafa verið orðnar í desemberlok 119.8 millj. kr., rétt um 120 millj. kr. En með því að áætlunin á fjárlagafrv. nú eftir 2. umr. er mjög nálægt þessari upphæð, sjáum við ekki ástæðu til að leggja nú fram brtt. við þennan lið. Hann er sem sé nú í fyrsta sinn eftir mörg ár að nálgast það að vera áætlaður rétt. Þó er því ekki að neita, að á hverju einasta ári fram að þessu hafa tekjur þessara tveggja ríkisstofnana hækkað árlega, svo að það er e. t. v. hægt að hugsa sér, að sá óheillavöxtur haldi áfram og að það verði tekjuafgangur af þessum lið, en við sem sé ætlum þá að láta hann eiga sig.

Þær hækkanir frá fjárlagafrv., sem við nú höldum fast við og leggjum til og erum þá með hvern einasta lið svo að segja, nema tekju- og eignarskattinn, lægra en ríkisbókhaldið upplýsir, að þessir liðir séu orðnir núna í desemberlokin, nema samt 32½ millj. kr. hækkun á tekjuhlið fjárlagafrv. Það væri þó nokkuð upp í þann 45 millj. kr. halla, sem hv. meiri hl. fjvn. vill halda fram að sé nú á fjárlagafrv. og vill fá nýja skattstofna fyrir. Með því að halda sér hins vegar við tekjuáætlun okkar frá í haust, ætti þetta að hækka um nálega 20 millj. í viðbót, og það ætti fyllilega

að standast eftir upplýsingunum frá ríkisbókhaldinu, og með öllu útliti til næsta árs ætti að mega afgreiða fjárlagafrv. nú hallalaust án þess að þurfa að grípa til nokkurra nýrra tekjustofna eða nýrra skatta á þjóðina. Það væri þó strax eitthvað til að hugga sig við og bæri vott um, að allt væri ekki eins mikið í grænum sjó og það nú virðist að öllu leyti vera.

Ég gladdist sannarlega af því að sjá í þessum nýjustu upplýsingum frá ríkisbókhaldinu, að allar tillögur okkar hv. 11. landsk., sem voru taldar fjarstæðukenndar öfgar núna í nóvemberlokin og byrjun desember, sýna sig nú að hafa allar saman verið, eins og við reyndar vissum, varlegar áætlanir, en enn þá varlegri eru þá áætlanir okkar nú, þar sem við berum fram till., sem samtals eru um 20 millj. kr. lægri. Ég mun því hafa gaman af því við atkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. núna við 3. umr., þegar hv. meiri hl. þingsins, handjárnaður af hæstv. ríkisstj., fellir þessar till., sem eru langt fyrir neðan það, sem ríkisbókhaldið upplýsir að þessir tekjustofnar nemi nú, og biður svo í staðinn, þegar þingliðið er búið að fella þessar varlegu till. okkar, um nýja tekjustofna, nýja skatta á þjóðina í staðinn, til þess að standast ríkisútgjöldin, um 46—50 millj. kr., að því er virðist. Við það á svo að bætast á Skjónu, þ. e. a. s. skattþegnana, að því er Morgunblaðið upplýsir í dag, að mér skilst, a. m. k. 150 millj. kr. í nýja skatta í sérsjóð, fylgisjóð ríkissjóðsins, til þess að standa undir útgerð og fiskiðnaði.

Það er nú upplýst, að ríkistekjurnar, miðað við bráðabirgðauppgjörið í desemberlok á s. l. ári, nema 626 millj. kr. Það er vitað, að það á eftir að hækka verulega, svo að ég get vel ímyndað mér, að tekjur ársins 1955 reynist, þegar um lýkur, ekki undir 640—645 millj. kr. Ef till. okkar í minni hl. til hækkunar á tekjuhliðinni hefðu verið samþykktar í haust, hefði tekjubálkur frv. verið um 630 millj. og þannig innan þess ramma, sem tekjur síðasta árs ná yfir. Hins vegar er vitað, að á næsta ári, með þeirri auknu krónutölu, sem nú segir til sín á hverju einasta heimili, í hverri einustu stofnun og þá náttúrlega á stórkostlegan hátt í ríkisbúskapnum, verða milljónatuga hækkanir á tekjuhlið fjárlagafrv., ef ekki verður algert hrun í þjóðarbúskapnum. Það er t. d. vitað, að tekju- og eignarskatturinn, og það er nú þegar viðurkennt að nokkru af meiri hlutanum, hækkar um margar millj., ef ekki á annan tug millj. kr. Á sama hátt er vitað, að söluskatturinn kemur til með, án þess að lögum um hann sé breytt, að verða á næsta ári mjög miklu hærri en hann er á árinu 1955. Líkt verður um niðurstöður margra annarra tekjuliðanna. Ég tel því, að það stefni allt að því, sem betur fer, að það sé hægt að afgreiða fjárlagafrv., eins og hæstv. fjmrh. lagði til fyrir jólin, án þess að bendla það á nokkurn hátt við ráðstafanirnar við sjávarútveginn, og nú mun það vera að verða ofan á. Og þar að auki, að fengnum þessum nýju upplýsingum frá ríkisbókhaldinu, virðist vera hægt að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög í þetta sinn eins og undanfarin ár án þess að lögleiða nýja tekjustofna, aðeins með því að áætla tekjuliðina núna einu sinni rétt, og það væri ráð að gera það, meðan svona mikið brýstir á um útgjöldin, að það er þörf á því að hækka ekki aðeins tekju- og eignarskattinn um 8 millj. kr. vegna þessa þrýstings, heldur að láta aðra tekjuliði fjárlagafrv., sem eins augljóslega eru of lágt áætlaðir, einnig hækka vegna þessarar þarfar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að ræða hér almennt um afgreiðslu fjárlaganna umfram það, sem ég gerði við 2. umr., aðeins geta þess, að ég er sammála hv. meiri hl. nefndarinnar um aðalniðurstöðuna og sammála um, að það er óhjákvæmilegt að afla talsverðra nýrra tekna, til þess að hægt sé að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus. Mun ríkisstj. leggja fram frumvörp um þennan tekjuauka, eins og yfir er lýst í nál. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að innflutningur verði jafnmikill á næsta ári og hann var á þessu ári. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að tekjuskattur verði meiri en hann varð á yfirstandandi ári. En óhugsandi sýnist að tefla djarfara en gert er ráð fyrir um áætlunina, eins og hún nú er orðin, og hefur fjárlagaáætlun tekjumegin sennilega aldrei verið jafnteygð og nú.

Ég kvaddi mér hljóðs einkum til að mæla fyrir tveimur brtt. á þskj. 290.

Aðra þeirra flyt ég með hæstv. menntmrh., og hún er um, að heimilt sé að verja 10% álagi á skemmtanaskattinn samkvæmt lögum frá 1951 til sinfóníuhljómsveitarinnar. Áður hefur verið heimilt að verja 5% af þessu álagi til sveitarinnar, en við leggjum til, að það verði heimilt að verja öllu álaginu, 10%. Það skal tekið fram, að þetta er ekki tekið frá þjóðleikhúsinu og ekki frá félagsheimilunum, heldur hafa þessi 5%, sem hér á að auka við framlag til hljómsveitarinnar, runnið til ríkissjóðs upp í skuldir þjóðleikhússins. Það er mikið menningarmál að hafa sinfóníuhljómsveitina, og það sýnist ekki verða gert með öðru móti en því, að aukið verði framlag til hennar af hendi hins opinbera.

Um aðra till. vil ég fara nokkrum orðum. Hún er í fjórum töluliðum.

Það er fyrst að veita lán af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1955. Það hefur verið augljóst síðari hluta ársins, að talsverður greiðsluafgangur mundi verða á árinu 1955. Það er sérstaklega vegna þess, að hin mikla þensla hefur aukið tekjur ríkissjóðs hraðar en hún hefur aukið gjöldin. Á fyrsta ári mikillar þenslu fer sennilega ætíð svo, að tekjur ríkissjóðs aukast hraðar en gjöldin. Þess vegna verður afgangur á s. l. ári, enda þótt ómögulegt sé að koma saman fjárlögum fyrir næsta ár án tekjuauka. Launahækkanir voru ekki komnar með neinum verulegum þunga á ríkissjóð s. l. ár og önnur gjöld mörg alls ekki búin að ná heldur fullum þunga þá, samanborið við það, sem þau verða á næsta ári.

Ég get ekki sagt, hve mikill þessi greiðsluafgangur verður, enda eru víst fá fyrirtæki í þessu landi og þótt umsvifaminni séu en ríkisbúskapurinn, sem geta sýnt niðurstöður fyrra árs í janúarmánuði. En við vitum, að afgangur verður talsverður. Nú hefði þurft að vera þannig ástatt, að við hefðum getað lagt þennan tekjuafgang til hliðar í framkvæmdasjóð og notað fé

síðar, þegar meiri ástæða er til að ýta undir framkvæmdir en nú er og veita margs konar fyrirgreiðslu. Þessu er þó ekki að heilsa. Ástæðan er sú, að ræktunarsjóður var í haust og vetur í fjárþroti til útlána og sömuleiðis fiskveiðasjóður og að íbúðalánasjóður reyndist líka allt of lítill til þess að sinna sínum verkefnum. Hér kallaði því svo að, að stjórnin og þingmeirihlutinn, sem hana styður, hafa ekki séð sér annað fært en að veita stórar fjárhæðir til útlána í þessa sjóði. Þær fjárhæðir eru greindar í till., til ræktunarsjóðs 22 millj. kr., til veðdeildar Búnaðarbankans 2 millj. kr., til fiskveiðasjóðs 10 millj. kr. og til íbúðalánanna 13 millj. kr. Það fer um mann hrollur, þegar maður hugsar til þess, hvernig farið hefði um þessa starfsemi, t. d. lánastarfsemi ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs og íbúðasjóðs, ef ríkissjóður hefði annaðhvort verið rekinn með greiðsluhalla í ár eða engan afgang haft. Þá hefði orðið algert öngþveiti hjá því fólki, sem hefur treyst á lán úr þessum stofnunum. Erlend lán hafa ekki fengizt inn í þessar stofnanir á s. l. ári, eins og ég hef áður gert grein fyrir.

Þá er 2. töluliður. Þar er heimilað að greiða 1 millj. 200 þús. kr. upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar. Það er gert ráð fyrir því, að þetta fé verði líka tekið af greiðsluafganginum, og von um, að það verði hægt. Það þarf ekki að útskýra þetta nánar. Menn vita, að því fer mjög fjarri, að Alþ. hafi séð sér fært að taka upp á fjárlög öll þau framlög, sem þurfti að gera til að uppfylla ákvæði hafnarlaganna á ýmsum stöðum, og hafa því safnazt stórar ógreiddar fjárhæðir í sambandi við ýmsar hafnargerðir. Hér er gert ráð fyrir að leysa ofur lítið úr, þar sem verst er ástatt.

Um 3. liðinn, þ. e. að heimila 1½ millj. kr. upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir, er sama að segja og næsta lið á undan. En því vil ég bæta við, að það er ekki gert ráð fyrir, að þetta fé verði tekið af greiðsluafganginum, heldur er gert ráð fyrir að nota í þessu skyni 1½ millj., sem áður var búið að heimila að nota til þess að greiða uppbætur á sparifé, en ekki þurfti á að halda í því skyni og við eigum þess vegna lagða til hliðar. Þarf því ekki að skerða greiðsluafganginn í sambandi við þessa heimild. Það stendur þannig á þessu, að þegar til kom, reyndust tekjur af skuldabréfum vegna stóreignaskattsins nægilega miklar til þess að standa undir öllum sparifjárbótunum en við vorum hræddir um, að svo mundi ekki verða, þegar heimildin var fengin til þess að taka 1½ millj. af greiðsluafgangi 1954 upp í sparifjárbæturnar.

Þá er loks 4. liður, sem er algert nýmæli, og það er að stofna framkvæmdasjóð til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Hér er mjög merkilegt mál á ferðinni, og þyrfti að vera hægt að draga stórfé í slíkan sjóð til þess að veita því aftur til að stuðla að auknu atvinnulífi víðs vegar úti á landi, þar sem lítið er um atvinnutæki. En vegna þess, hversu margt kallar að og lítil eru peningaráð, er nú ekki hægt að byrja þetta mál stærra að dómi stjórnarinnar en með 5 millj. kr. heimildarfjárveitingu. Eftir því sem við höfum litið til greiðsluafgangsins 1955, þá gerum við ekki ráð fyrir eða þorum við ekki að gera ráð fyrir á þessu stigi, að meira en 2 millj. af þessum 5 verði teknar af honum, og verður þá að ráðast, eftir því, hvernig afkoman verður á yfirstandandi ári, hvernig fer um hinar 3 millj., sem í sjóðinn eiga að fara. En ætlunin er, að í hann komi sem fyrsta framlag 5 millj. kr.

Ég vil benda á, að meðal brtt. hv. fjvn. er till. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að verja verulegum fjármunum vegna óþurrkanna á s. l. sumri, þ. e. heimild til að lána 10 millj. kr. og heimild til að verja nokkru fé til þess að styrkja heyflutninga og til þess að greiða vaxtamismun. Ég geri mér vonir um, að það verði hægt að greiða þessa fúlgu líka af greiðsluafgangi 1955 og að hún þurfi ekki að íþyngja fjárlögum 1956. Þess vegna er hún sett á heimildagrein. Ef ég hefði ekki álitið þetta, þá hefði ég ekki viljað samþykkja, að hún yrði sett á heimildagrein.

Ég vil svo enn á ný þakka hv. meiri hl. fjvn. fyrir prýðilega samvinnu og fyrir vinnu hans að fjárlögunum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég á hér á þskj. 295 brtt. undir II um, að við 13. gr. C. VIII. 61. tölul. komi nýr liður: Til ferjubryggju á Brjánslæk 235 þús. kr.

Ég hef ritað fjvn. erindi um þetta mál, en hún hefur ekki séð sér fært að taka till. upp, og því leyfi ég mér að bera hana hér fram. Þannig stendur á þessu, að fyrir allmörgum árum voru veittar 235 þús. kr. til ferjuhafnar á Brjánslæk, og hafði þá áður verið veitt allnokkurt fé og unnið fyrir það, en bryggjunni ekki lokið. En vegna mjög aðkallandi þarfa um að koma veginum frá austursýslunni til vestursýslunnar í samband, svo að hægt væri að hefja sérleyfisferðir til Patreksfjarðar og Bíldudals, voru með samþykki allra aðila, þ. á m. ráðuneytisins, lánaðar til Barðastrandarvegar 100 þús. kr. Einnig voru lánaðar frá ferjubryggjunni 135 þús. kr. m. a. til þess að koma á sambandi við vistheimili drengja, sem komið var upp í Breiðavík, þar sem sýnilegt var, að útilokað var að reka heimilið, nema unnt væri að ná vegasambandi. Nú óskaði ég eftir því við hæstv. vegamrh. og við vegamálastjóra, að framlög til þessara tveggja vega, bæði til Barðastrandarvegar og til Örlygshafnarvegar, eins og vegurinn heitir, sem liggur að Breiðavík, yrðu ákveðin svo há á þessu ári, að hægt væri að endurgreiða þessar upphæðir, og óskaði því eftir, að teknar væru 400 þús. kr. til Barðastrandarvegarins og 300 þús. kr. til Örlygshafnarvegarins. Nú gat hvorki vegamálastjóri né hæstv. ráðh. fallizt á þetta, og fjvn. hafði ekki heldur viljað taka þær óskir til greina í till. sínum um framlag til nýrra vega, og var því aðeins tekið upp 200 þús. kr. í Örlygshafnarveg, en hann skuldar nú alla þá upphæð og meira til, svo að ef greiða ætti af þeim 200 þús. kr. 135 þús. kr. til bryggjunnar, þá mundu ekki einasta falla niður allar framkvæmdir í þeim vegi á þessu yfirstandandi ári, heldur væri og ekki hægt að greiða samningsbundnar skuldir í sambandi við framkvæmdir, sem þar hafa verið

gerðar áður og standa í beinu sambandi við drengjaheimilið. Það er því sýnilegt, að bryggjan getur ekki fengið þetta fé frá þeim vegi af þeirri upphæð, sem honum er ætluð á þessu ári. Nákvæmlega sama gildir um Barðastrandarveginn, en sá vegur liggur alla leið frá Patreksfirði suður í Kollafjörð, líklega á annað hundrað km á lengd. Það eru margir kaflar ógerðir þar og illfærir, og hefur verið kvartað mjög undan því, hversu seint gengur að laga þá, og ef þessar 100 þús. kr., sem veittar eru til vegarins í ár, væru notaðar til þess að endurgreiða skuldina til bryggjunnar, þá mundu falla gersamlega niður allar endurbætur á þeim vegi á þessu ári, og mundi það verða illþolað af þeim aðilum, sem hafa tekið að sér sérleyfisferðirnar, hvað sem öðrum líður.

Það er því sýnilegt, að þetta fé getur ekki orðið endurgreitt á næstu árum, og þess vegna hef ég farið fram á, að nú verði lögð til ferjubryggjunnar þessi upphæð, 235 þús. kr., til vara 100 þús. kr., sem þá yrðu fyrst notaðar til þess að endurgreiða féð, sem Barðastrandarvegur skuldar, og yrði þá að endurgreiða hitt síðar. Mér er ljóst, að fjvn. á hér erfiða aðstöðu, og ég áfellist hana ekkert fyrir að hafa ekki getað tekið þessa till. upp, en vilji heldur láta þingið um það, hvort farið skuli inn á þá braut að veita fé til þessara framkvæmda, þar sem féð hefur verið lánað fyrir löngu í aðrar framkvæmdir. En það er þá Alþingis að dæma um það, hvort það vill bjarga þessu máli þannig og láta upphæðirnar ná fram, til þess að hægt sé að ljúka ferjubryggjunni. En það er mjög mikil nauðsyn að ljúka þessu mannvirki, sumpart vegna flóabátsins og sumpart vegna sívaxandi umferðar, síðan vegirnir komu frá Barðaströndinni yfir á Patreksfjörð, og ekki hvað síst vegna þess, að sá kafli bryggjunnar, sem þegar hefur verið gerður, er ekki einasta lítt nothæfur, heldur stendur og undir skemmdum, ef ekki er hægt að halda áfram verkinu.

Ég skal svo láta þetta nægja í sambandi við þessa till. og vænti þess, að hv. Alþingi sjái sér fært að samþykkja hana, enda er mér ljóst, að hæstv. samgmrh. hefur mjög mikinn áhuga á því, að hægt sé að koma þessu verki áfram.

En úr því að ég stóð hér upp til þess að segja nokkur orð, þykir mér rétt að minnast ofur lítið á fjárlögin í heild, skal þó ekki fara langt út í það mál, og einnig nokkuð á eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. 3. landsk. (HV), þegar hann talaði hér áðan. Hann sá ástæðu til þess að halda hér uppi áróðri fyrir Skipaútgerð ríkisins í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna og hélt því mjög fram, að hér mundu stangast á rök mín og hv. þm. Snæf. (SÁ) við þau rök, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. flutti hér í sambandi við flóabátana. Ég vil nú benda hv. þm. á, að þessi ummæli hans fá engan veginn staðizt. M. a. eru flóabátarnir eingöngu við þau störf og ekki við neitt annað en samgöngur á flóum og fjörðum inni, en Skipaútgerð ríkisins hefur tekið að sér allt annað og óskylt starf, sem henni var aldrei ætlað, þ. e. millilandasiglingar, og hefur aldrei verið ætlazt til þess, að ríkissjóður þyrfti að standa undir tuga eða hundraða þúsunda rekstrartapi í millilandasiglingum, en það hefur hann gert mörg undanfarin ár, auk þess sem vitað er, að sá spádómur minn er að rætast, að því lengur sem haldið er áfram á þeirri braut um rekstur skipaútgerðarinnar, sem hefur verið gert nú undanfarin ár, fer að reka að því, að það verði að leggja hana niður eða breyta um, því að ríkissjóður mun ekki halda áfram að greiða vaxandi milljónaupphæðir á hverju ári, án þess að citthvað sé að gert. Ég bíð því alveg rólegur eftir því, að það verði einhvern tíma hlustað á mínar till. í því máli. Það er raunverulega alveg óverjandi, að meiri hl. hv. Alþingis skuli ekki geta fengizt til þess að sinna því máli á þeim grundvelli, sem ég hef lagt til, að láta rannsaka, hvaða leiðir séu til þess að draga úr þeim kostnaði, sem þetta hefur í för með sér, þegar það hefur verið látið fylgja alveg ótvírætt, að það skyldi ekki gert með því að draga úr þjónustu við fólkið, heldur til þess að finna aðrar betri og heppilegri leiðir. — Ég skal svo láta útrætt um það atriði.

Í sambandi við sjálf fjárlögin og þær upphæðir, sem nú koma í ljós um aukinn kostnað á ýmsum sviðum, samanborið við till. hv. meiri hl., þykir mér rétt aðeins hér við þessa umr. að benda á, að hér hefur komið fram allt það, sem bæði ég og hv. þm. A-Húnv. sögðu um þessi mál í sambandi við afgreiðslu launalaganna. Mér þykir rétt, að það komi fram hér við þessar umræður, að öll þau rök, sem við færðum fram, hvor í sinni deild, um þau mál, eru nú skjalfest í till. hv. meiri hl. fjvn. Því var haldið mjög fast fram og það af hæstv. fjmrh. við umr. í Ed., að það væri rangt hjá mér, að þetta kostaði ríkissjóð nokkuð fram yfir þær 23.5 millj., sem var áætlað þá af mþn. En ég sannaði þá ótvírætt, að þar hefði ekki verið reiknað með mörgum öðrum liðum, m. a. til Búnaðarfélagsins, Fiskifélagsins, auk margra annarra liða á fjárlagafrv., svo sem útgjalda 18. gr. o. fl., sem ég taldi þá upp og var harðlega mótmælt þá af hæstv. ráðh. En nú verður hann þó að beygja sig undir það að samþykkja öll þessi aukaútgjöld, sem beinlínis stafa af því, að samþykkt voru launalögin eins og þau lágu fyrir. Og það mun eiga eftir að sýna sig enn betur en við umr. þá, sem hér er hafin um fjárlögin, hversu mjög þau spor, sem voru misstigin hér á Alþingi með samþykkt launalaganna, eiga eftir að íþyngja ríkissjóði. En einmitt hv. 3. landsk. var einnig með í þeim leik, að ég ekki segi í þeim ljóta leik, og ber þá eins ábyrgð á því og hinir, sem þar voru að verki, en við, ég og hv. þm. A-Húnv., erum þá, sem betur fer, alveg lausir við að hafa tekið þátt í þeim aðgerðum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í sambandi við tvær till., sem ég flyt hér einn, en ég tel mig ekki þurfa að ræða að þessu sinni um þær till., sem ég stend að með hv. 3. landsk. (HV), því að hann hefur nú þegar gert ýtarlega grein fyrir þeim till. og afstöðu okkar til fjárlagaafgreiðslunnar í heild.

Á þskj. 295 á ég till. nr. IV, sem er um það, að fjárveiting til Íþróttasambands Íslands verði hækkuð frá því, sem meiri hl. fjvn. leggur til, úr 75 þús. kr. í 100 þús. kr. Ég var óánægður með þessa afgreiðslu í n., taldi, að gengið væri of

skammt til móts við óskir Íþróttasambandsins, en það hafði farið fram á, að fjárveitingin yrði 100 þús. kr. Meginrökin í þessu máli eru þau, að Íþróttasamband Íslands hefur í nokkur ár fengið 40 þús. kr. í styrk frá ríkinu, en Ungmennafélag Íslands hefur hins vegar fengið 15 þús. kr. styrk. En þessi tvö stóru sambönd vinna nokkuð á svipuðu sviði og bera sig æði oft saman, eins og skiljanlegt er. Nú hefur hins vegar verið samþykkt af fjvn. og verður því væntanlega samþykkt hér á Alþingi að hækka styrkinn til Ungmennafélags Íslands úr 15 þús. um 60 þús. kr., í 75 þús., og auk þess er reyndar Ungmennafélagi Íslands veittur 25 þús. kr. styrkur til þess að halda uppi svonefndum starfsíþróttum. Það verður því að játast, að fjárveiting til annars þessara stóru sambanda, til Ungmennafélags Íslands, hefur verið aukin talsvert verulega, úr 15 þús. í 75, auk 25 til einnar helztu starfsgreinarinnar hjá því sambandi. En Íþróttasamband Íslands, sem hefur miklum mun meiri starfsemi og miklum mun kostnaðarsamari starfsemi, þar sem það þarf að gefa út allar þær reglugerðir, sem íþróttirnar verða við að miðast í öllum leikjum, og það er talsvert kostnaðarsamt, hefur aðeins haft 40 þús. og er nú hækkað í 75 þús. Ég tel þetta ekki jöfnuð, að Íþróttasambandið er þarna aðeins hækkað um 35 þús., þegar hinir hækka beint um 60 þús. og reyndar þó einnig um 25 þús. vegna sérstakrar starfsemi. Ég lít því svo á, að það sé full ástæða til þess að verða alveg við óskum Íþróttasambandsins og veita því að þessu sinni 100 þús. kr. Ég veit, að ef þetta yrði afgr. á þann hátt, sem meiri hl. n. leggur til, mundi skapast allmikil óánægja út af þessu, og ég tel ekki ástæðu til, að þannig verði gengið frá málinu. Ég vil því vænta þess, að hv. Alþ. geti fallizt á að samþ. þessa till. mína.

Þá á ég einnig á sama þskj. till. nr. VIII, en í þeirri till. er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað með heimild á 22. gr. að greiða Félagi ísl. myndlistarmanna vegna norrænu listsýningarinnar í Róm þær 100 þús. kr., sem veittar voru á fjárl. fyrir árið 1955. Eins og öllum er kunnugt um, tókst það svo til, að menntmrh. hefur ekki enn fallizt á að greiða félaginu þessa fjárveitingu, vegna þess að ósamkomulag reyndist um ýmislegt varðandi fyrirkomulag og stjórn þessarar sýningar. Félag ísl. myndlistarmanna vildi ekki fallast á þau skilyrði, sem þar voru sett, það voru að þess dómi og margra annarra mjög óaðgengileg og óeðlileg skilyrði. Þetta er nú liðinn tími og kannske ekki rétt að fara að rifja það sérstaklega upp. En staðreyndin, sem eftir stendur, er sú, að þetta félag, en í því munu vera 43 myndlistarmenn, tók þátt í þessari samnorrænu listsýningu í Róm, hefur skiljanlega haft af því mikinn kostnað, og ætlun Alþ. var að veita í þessu skyni 100 þús. kr. Ég held því, að eins og komið er, sé sanngjarnt að framlengja heimildina til ríkisstj. í þessum efnum og vita, hvort ekki getur tekizt samkomulag um það að greiða myndlistarfélaginu upphæðina. Því fremur finnst mér vera full ástæða til þess að gera þetta, þegar það er haft í huga, að í till. meiri hl. fjvn. er nú lagt til, að veittar verði 15 þús. kr. vegna myndlistarsýningar, sem staðið hefur yfir og stendur enn yfir í Þýzkalandi, en þar eru einmitt á ferðinni málararnir í hinum félögunum, sem vildu ekki una við það fyrirkomulag, sem haft var á þessari Rómarsýningu. Í Þýzkalandi er sem sagt sýning, þar sem sýnd eru málverk frá 8 íslenzkum málurum, en á Rómarsýningunni voru sýnd málverk frá 24 íslenzkum málurum. Ég tel, að þegar Alþ. hyggst veita nokkurn styrk út á þessa sýningu til þessara tiltölulega fáu aðila, sem þarna eiga hlut að máli, þá sé ekki rétt gagnvart þessu myndlistarfélagi, sem er fulltrúi miklu stærri hluta málara, að láta draga sig lengur að greiða þessa fjárhæð. Ég legg því til, að þessi heimild verði framlengd, og vænti, að hv. Alþ. geti samþ. þessa till.

Fleiri till. flyt ég svo ekki, en eins og ég sagði í upphafi, sé ég ekki ástæðu til þess að tala hér um fjárlagaafgreiðsluna almennt og læt því máli mínu lokið að sinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér nokkrar till. til breytinga á fjárl. á þskj. 295. Nokkrar af þessum till. eru sama efnis og þær, sem ég hef flutt áður við 2. umr. málsins, en hef ég bara lækkað upphæðina, ef verða mætti, að það gengi frekar í gegn á þann veg. Þannig er um það, sem snertir að veita til háskólaráðs til þess að styrkja stúdenta til náms í efnafræði, og eins viðvíkjandi vísindarannsóknum í íslenzkri sögu, bókmenntum og jarðfræði, og þarf ég ekki raunverulega að vera hér fyrir hv. þm. að endurtaka mín rök um þessa hluti. Enn fremur flyt ég aftur till. viðvíkjandi Skákfélaginu og viðvíkjandi færeysku stúdentunum, en hef þar lægri upphæð. Sömuleiðis flyt ég, það er VII. brtt. á 295, aftur till. um hljómplötusafn og upptöku á eitthvert varanlegt efni á ýmsum alþýðlegum fróðleik og frásagnarhætti. Því hef ég líka fært rök fyrir áður og ætla ekki að endurtaka þau. Sama gildir um sams konar upptöku á einni skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness, aðeins flyt ég þarna lægri upphæð en fyrr. Ég vil vona, að þó að þessar brtt. mínar hafi verið felldar við 2. umr., þá megi einhverjar af þeim finna náð fyrir augum meiri hl. nú, og ætla ekki að endurtaka það frekar.

Þá hef ég flutt þá brtt. við liðinn „til skálda, rithöfunda og listamanna“, að það verði reiknuð verðlagsuppbót á þau laun. Áður voru þarna reiknuð grunnlaun, og nú hefur hv. fjvn. hækkað það nokkuð, en ég legg til, að verðlagsuppbót sé bætt við. Mér finnst rétt, ekki sízt þegar nú hefur verið stórkostlega hækkað það, sem greitt er til æðstu embættismanna ríkisins, að þá séu þessir, að vísu ekki mjög háu, en samt sem áður mjög jákvæðu styrkir, sem við greiðum til okkar skálda, rithöfunda og listamanna, hækkaðir. Þegar fjárl. eru nú 600 millj. og fara líklega hátt í 700, þá munar ekki mikið um, hvort 700 þús. kr. er bætt þarna við til þeirra aðila, sem halda þó uppi heiðri Íslands út á við, og mér finnst ekki, að við getum sett þá skör lægra en við setjum okkar embættismenn hvað það snertir, að þegar við reiknum fulla verðlagsuppbót til þeirra, þá eigum við að gera það líka við okkar skáld, rithöfunda og listamenn.

Svo hef ég flutt þarna eina tvo nýja liði. Annar

er, að til viðhalds Viðeyjarstofu í samráði við eiganda séu veittar 100 þús. kr., en tryggt sé, að engu sé breytt frá gömlum stíl hússins. Viðeyjarstofan er eitt elzta af þeim mannvirkjum, sem nú eru á Íslandi, og það er engum efa bundið, að við mundum allir sjá mjög eftir því, ef hús Skúla fógeta þar í Viðey skyldi smám saman verða óvistlegt og þessar gömlu minjar þar með eyðileggjast. Það er nú í einkaeign, og þó að það séu kannske efnaðir menn, sem það eiga, þá er það svo, að það er dýrt að halda þessum gömlu húsum við, sérstaklega ef engu á þar að breyta, og það er ekki beinlínis hægt að ætlast til þess af eigendum slíkra húsa, að þeir geri það á eigin kostnað, ef aðeins er verið að gera það fyrir þjóðina vegna sögulegs gildis. Ég skal ekkert segja, ég hef ekki hugmynd um það, hver kostnaður væri af slíku, en ég gæti vel haldið, að þetta yrði að vera fyrsta fjárveiting í slíku skyni og það yrðu þá að koma aðrar smærri seinna. En ég býst við, að það séu áreiðanlega einhverjir, sem séu farnir að sjá eftir því núna, að gamla biskupssetrið hér inn frá í Laugarnesi skuli hafa verið eyðilagt, að gamla Batteriið skuli vera farið, að húsum hér við Aðalstræti, sem hafa sögulegar minjar að geyma frá tímum Jóns Sigurðssonar, skuli vera umrótað þannig, að ekkert sé raunverulega eftir nema partur af skrokknum. Ég býst við, að þó að okkur, sem núna lifum, hafi fundizt það eðlilegir hlutir, að þetta hús væri til, þá mundu okkar afkomendur vilja gefa ákaflega mikið fyrir, að þetta héldist áfram. Því gamla húsi, sem við höfðum í svipuðum stíl og Viðeyjarstofu, húsinu á Bessastöðum, hefur verið stórbreytt, þannig að þó að þar haldizt ýmislegt, þá er það allt öðruvísi nú en það var. En við Viðeyjarstofuna eru alveg sérstakar sögulegar minjar tengdar. Og ekki sízt þegar var nú verið að minnast aldarafmælis frjálsrar verzlunar á Íslandi og Skúla fógeta bæði í því sambandi og að öðru leyti, þá var ég satt að segja hálfundrandi yfir, að engar ráðstafanir skyldu gerðar til þess, að Viðeyjarstofunni væri verulegur sómi sýndur. Þess vegna vildi ég mjög mælast til þess, að menn athuguðu þennan hlut.

Þá kem ég þarna með till., sem ég kom með nokkuð svipaða í fyrra. Það er til þess að kvikmynda daglegt líf á íslenzkum kotbæ, eins og það er, og skal valinn kotbær byggður í gömlum stíl, 150 þús. kr. Nú er það svo, að það er öðru hverju verið að taka kvikmyndir núna, og fyrstu íslenzku kvikmyndirnar, sem gerðar hafa verið og raunar hafa ekki heppnazt mjög vel, hafa verið meira og minna tengdar við sveitina á þennan hátt. En það hefur verið leikaraskapur, sem þar hefur farið fram, og ekki nema að mjög litlu leyti í samræmi við það líf, sem þarna er lifað. Ég efast um, að menn geri sér ljóst, hvað breytingin er að verða mikil á kynslóðunum og lifnaðarháttunum og lífsviðhorfinu, sem nú hefur farið fram. Við, sem erum nú t. d. á mínum aldri, þótt uppaldir séum í bæjum, erum raunverulega uppaldir sem sveitafólk, og okkar afstaða er sveitamannsins, ekki bara vegna þess, að okkar foreldrar hafi verið sveitafólk, heldur vegna þess, að bæirnir, sem við lifum í, eru svo litlir, þegar þeir eru að vaxa upp, að þeir skilja sig raunverulega frá sveitinni bara á þann hátt, að húsin standa nær hvort öðru. Allt okkar líf er meira eða minna með það viðhorf, sem í sveitinni er. Á þessu er að verða alveg stórkostleg breyting núna, svo stórkostleg, að sú kynslóð, sem núna er að vaxa upp, stendur meira eða minna skilningslaus frammi fyrir því, sem þarna er að gerast. Það er haldið við á Íslandi nokkrum gömlum höfðingjasetrum, og er það út af fyrir sig mjög vel farið og hefur tekizt vel með ýmis af þeim, mjög vel, þannig að það er skóli fyrir þá ungu kynslóð að koma í staði eins og Glaumbæ og aðra slíka. En við kotin hafa menn, liggur mér við að segja, hatazt. Menn hafa óskað þess, að þau hyrfu sem fyrst sem mannahíbýli, allar skelfingarnar og hörmungarnar, sem hafa verið tengdar við það í minnum manna, að fólk yrði að lifa við slík kjör, sem því þar eru skömmtuð, — menn vildu helzt, að þetta yrði sem fyrst afmáð. Þegar bóndi, sem búið hefur í kotbæ, hefur efni á að byggja sér, þá flýtir hann sér að rífa kotbæinn, og það verða ekki margir áratugir þangað til enginn kotbær verður yfirleitt eftir á Íslandi, — til allrar hamingju, munu flestir segja. Ég mundi nú vilja vona, að einhverjum þeirra yrði þó haldið við, áður en þeir yrðu allir rifnir, því að í þessum kotbæjum, þrátt fyrir alla fátæktina og eymdina, sem menn þar hafa lifað við, hafa þó verið unnir stórkostlegir hlutir, hlutir, sem okkar þjóð lifir á, og hlutir, sem við vitum ekki, hvort við eigum eftir að vinna í þeim góðu húsum, sem við erum að búa í.

Ég hef tekið eftir því, að til dæmis fyrir fólkið í Reykjavík, það unga fólk í Reykjavík, er að verða illmögulegt að skilja manninn í kotbænum og hvernig hann hefur lifað. Ég sé núna í svo að segja öllum blöðunum í Reykjavík, þau virðast sérstaklega sammála um það, að t. d. sú sýning, sem fram fari á Manni og konu, sé raunverulega skrípamynd af sveitalífinu, leikurinn sé tákn um það, að raunverulega séu mennirnir, sem þarna eru að leika, og jafnvel þeir, sem eru að horfa á, hættir að skilja, hvað þarna gerðist. Þráðurinn er að slitna. Bóndinn hefur verið í augum okkar, sem höfum vaxið upp sem hálfgert sveitafólk, alveg sérstaklega mikill virðingamaður, maður, sem hefur verið sjálfstæður aðili, sem gat ráðið sér sjálfur og borið uppi landið. Nú er helmingurinn af Íslendingum svo að segja að verða borgaralegt fólk, fólk, sem vaxið er upp í borg, og fólk, sem meira og minna er að fá þá afstöðu til sveitanna og sveitafólksins, að raunverulega sé það eitthvað afkáralegt og undarlegt þetta: bóndi. Og hjá leikurunum sumum hérna í Reykjavík, þegar þeir sýna bændur í okkar gömlu sögum, eins og í Manni og konu eða slíku, er tilhneiging til þess að gera þetta hlægilegt, draga fram það hlægilega, af því að fólkinu þykir gaman að því, sem hlægilegt er, og fólkið skilur ekki lengur alvöruna í þessu, skilur ekki lengur þetta líf, sem við miðaldra menn höfum sjálfir lifað. Þráðurinn þarna er að slitna. Og þetta er ægilegur hlutur.

Það, sem okkur ber að gera, er að sjá til þess, að okkar börn hafi sömu möguleikana, ef á nokkurn hátt er hægt að skapa þá möguleika, eins og við til þess að skilja mennina, sem börð-

ust því daglega lífi, unnu með sínum frumstæðu verkfærum, klæddust í sinn tötralega búning, bjuggu í sínum óupphituðu kofum eða kotum, eða hvað sem við viljum kalla það. Við verðum að reyna að sjá til þess, að uppvaxandi kynslóð skilji þetta, hún viti þetta og hún líti ekki á þetta sem eitthvað afkáralegt, hún vilji ekki fyrst og fremst fá eitthvað út úr því, sem hún hlær að, en það er að verða tilhneigingin.

Það væri gott út af fyrir sig að geta haldið við koti, og ég vona að það verði, en það mundi þá verða á einhverjum afskekktum stað, því að á öðrum stöðum eru varla nú eftir kot á Íslandi, kot í þeim raunverulega gamla stíl, þannig að menn mundu ekki sjá það oft nema gera sér sérstakar ferðir þangað. Ef við hugsum dálítið alvarlega í þessum efnum, þá mundum við hér á góðum stað í Reykjavík, t. d. rétt hjá þjóðminjasafninu, byggja kotbæ. Við mundum byggja kotbæ, sem við steyptum síðan stóran steinhelli utan um, meðan enn þá eru menn á Íslandi, sem kunna að byggja úr torfi. Og ég vil minna í því sambandi á, að það verður ekki heldur langt þangað til menn kunna ekki að hlaða vegi eins og gert hefur verið á okkar tíma, nema við gerum sérstakar ráðstafanir til þess að halda því við sem svo að segja sérstakri kunnáttugrein, þannig að það geti geymzt þangað til seinna, og slíkt mætti gera með ýmislegt af hannyrðunum líka, sem ég er hræddur um að fari að verða í hættu bráðum.

Hins vegar vitum við, að æskulýðurinn sér gjarnan kvikmyndir, og ef við látum kvikmynda daglegt líf á afskekktum kotbæ, ekki leika það, ekki fá einhverja góða leikara héðan úr Reykjavík til þess að klæða sig í slíkt gervi, heldur kvikmynda kotbóndann eins og hann er við sína vinnu, eins og hann er í sínu daglega starfi, eins og hann er við sínar gegningar, eins og hann er við öll þau störf, sem hann þarf að vinna, þá fengjum við þó a. m. k. þarna það, sem útlendingarnir mundu kalla „documental film“, fengjum við eins konar skjalfestingu á kvikmynd af því, hvernig þetta líf væri. Það þyrfti helzt að gerast bæði að sumri og vetri, þannig að menn hefðu ofur litla hugmynd um, hvernig þessi aðstaða hefði verið, og það ætti ekki neitt undan að draga í því og ekki heldur að ýkja neitt, til þess að það geymist eins og það hefur verið.

Ég veit, að við höfum í okkar sögum ágætar lýsingar á þessu, lýsingar, sem oft hefur að vísu verið deilt um, en lýsingar, sem við vitum samt sem áður að fara engar fram úr veruleikanum, sem þarna hefur átt sér stað, hvorki hvað eymdina né hetjuskapinn snertir. Ég býst við, að margir mundu í dag vilja eiga myndir frá heiðarbýlunum eins og Jón Trausti lýsti þeim, en enn sem komið er hefðum við þó a. m. k. möguleika á að fá máske úr einhverjum kotbænum daglega lífið fest á kvikmynd, og það ættum við að gera. Ég held, að það mætti vera einn þáttur af mörgum í kennslumyndum fyrir skólana um, hvernig lífið hefði verið þarna, hvernig afar og ömmur barnanna, sem nú ganga í skólana og koma til með að ganga í þá, hefðu þurft að lifa, og þeim væri hollt að vita það. Ég vildi þess vegna eindregið mælast til þess, að þessi till. yrði samþykkt. Ég hef sagt þarna, að til skyldi vera kotbær í gömlum stíl. Ég veit ekki, hvað þeir eru margir eftir á Íslandi enn þá. Þeir eru ekki mjög margir, sem við höfum alveg óbreytta eins og þeir hafa verið lengst af, en einhverjir eru áreiðanlega til.

Þá er ég enn fremur með till. um hækkun til sumardvalarheimilanna. Ég flutti till. um meiri hækkun við 2. umr. og hef nú lækkað þá till., eftir að sú till. var felld. Sömuleiðis er hér till. um fjárveitingu til orlofs og sumardvalar fyrir húsmæður, aðeins 75 þús. kr. Enn fremur hef ég endurtekið mínar tillögur um slysavarnir, að það sé hækkað, en allt með lægri upphæðum en áður var.

Ég hef nú rætt nokkuð ýtarlega þessar tvær nýju till., sem þarna eru í, og minnt á þær gömlu. Ég vil vona, ef hv. þm. hafa fellt mínar gömlu till. sökum þess, að upphæðirnar væru of háar, þá finnist þeim þessar, sem ég nú legg til að inn séu settar, hóflegar og að þessar nýju till., sem ég flyt fram, megi eiga skilningi að fagna hjá þeim. Ég ætla ekki að öðru leyti að gera fjárlögin eða þeirra afgreiðslu að umtalsefni við þessa umr.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Við hv. 4. landsk. þm. flytjum á þskj. 295 brtt. við fjárlagafrv. þess efnis, að framlag til Siglufjarðarhafnar verði hækkað úr 200 þús. kr., eins og hv. fjvn. hefur lagt til, í aðallega 300 þús. kr. og til vara 250 þús. kr.

Til þess að skýra aðeins fyrir hv. þingmönnum, hvers vegna þessi till. er borin fram, þykir mér rétt að lýsa í nokkrum orðum ástandinu í hafnarmálum Siglufjarðarkaupstaðar, eins og það er nú, og hver hætta er þar á ferðum, ef ekki verður hafizt handa þegar í stað um að bægja þeirri hættu frá.

Þannig er mál með vexti, að í Siglufjarðarhöfn eru tvær stórar bryggjur, sem stærri skip geta lagzt við og athafnað sig við. Önnur þeirra, sú ytri, sem venjulega er kölluð öldubrjótur, er þannig staðsett, að ef nokkuð er að veðri, a. m. k. ef eitthvert norðankul er á, geta ekki stærri skip legið við bryggjuna né athafnað sig þar vegna kviku og öldugangs. Hin bryggjan, sem nefnd er hafnarbryggja, er hins vegar staðsett á ágætum stað á suðausturodda Siglufjarðareyrar, og er þar jafnan lygn sjór og skilyrði að öðru leyti hin ákjósanlegustu fyrir skip, smá og stór, til þess að athafna sig þar. En sá er galli á þessari bryggju, að hún er nú um þessar mundir að hrynja, og má segja, að með hverjum degi, sem líður, sígi hún æ meira og meira í sjó. Það er ekki vegna þess, að bryggja þessi sé svo ýkja gömul, — ég held, að hún sé byggð á tímabilinu 1925—30, — en í ljós hefur komið, að smíðagallar eru á stálþilinu, sem heldur bryggjuhausnum uppi, og verkfræðingar vitamálastjóra hafa ekki farið í neinar grafgötur með það, að verði ekki neitt að gert, muni bryggja þessi hrynja eftir nokkra mánuði. Þeir segja, að það geti hugsazt, að hún hangi uppi í nokkra mánuði enn, en eftir það muni hún hljóta að hrynja í rúst, og verður þá að sjálfsögðu ekki hægt fyrir nein skip, hvorki stór né smá, að koma nálægt henni.

Ég vil skjóta því hér inn í, að Siglufjarðar-

höfn hefur til skamms tíma verið og er enn þá einhver mesta útflutningshöfn á landinu, og segir það þess vegna sig sjálft, hve mikil hætta væri á ferðum og voði fyrir dyrum, ef þessi staður yrði sama sem hafnarlaus, og ég tala nú ekki um, ef svo vel færi, að síldveiði glæddist eitthvað á næstunni og útflutningur ykist þá um leið frá þessum stað.

Ætlunin er að hefja smíði nýrrar hafnarbryggju í stað þeirrar, sem er að hrynja, nú á komandi vori, og eru nú allar áætlanir og teikningar viðkomandi þeirri bryggjugerð tilbúnar hjá vitamálaskrifstofunni. Samkv. áætlun vitamálastjóra mun bryggja þessi kosta 3—4 millj. kr., en af því fé hefur aðeins tekizt að afla enn sem komið er um 1½ millj. kr. Enn vantar því rúmlega helming þess fjár, sem þarf til þess að byggja þessa bryggju, og er með öllu óvíst, hvernig til tekst um þá fjáröflun.

Framlag til Siglufjarðarhafnar var á fjárlögum í fyrra ákveðið 250 þús. kr., og held ég, að flestum hafi fundizt, að vel mætti við það una. En samkv. till. hv. fjvn. nú á framlagið að vera 200 þús. kr., eins og ég áður gat um, eða m. ö. o. á það að lækka um 50 þús. kr.

Ég verð að segja það, að mér er með öllu óskiljanlegt, hvers vegna hv. n. leggur nú til, að framlagið til hafnarinnar skuli lækka einmitt um það leyti, sem verið er að hefja smíði hafnarmannvirkis, sem ekki er til nema helmingur af nauðsynlegu fé til þess að reisa það fyrir. Ég viðurkenni að vísu, að aðstaða Siglufjarðarhafnar gagnvart ríkissjóði er ekki góð, vegna þess að höfnin skuldar ríkissjóði allháa fjárfúlgu vegna fyrri framlaga ríkissjóðs, sem Siglufjarðarhöfn hefur ekki getað greitt sitt mótframlag gegn, en ég veit ekki betur en að aðstaða hafnarinnar gagnvart ríkissjóði hafi verið nákvæmlega sú sama í fyrra, og endurtek ég það því, að ég get ekki skilið, vegna hvers hv. n. einmitt nú leggur til, að framlagið sé lækkað.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þessa till. okkar hv. 4. landsk., en vona, að þessi fáu orð mín hafi sýnt hv. þm., að hér er mikið nauðsynjamál á ferðinni, og vonast ég til, að þeir sjái sér fært að ljá till. lið.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 295, 296, 298, 299 og 300, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Sem betur fer, er nú komið svo, að bátar almennt eru komnir í gang og farnir að stunda vertíðarveiðarnar, þó að illa horfði um tíma. Ég hafði að gefnu tilefni skrifað bæði hæstv. ríkisstj. og eins hv. fjvn. út af sérstöku áfalli, sem útgerðarmenn í Vestmannaeyjum hafa orðið fyrir í sambandi við skiptingu arðsins af bátagjaldeyrishlunnindunum. Þeir hafa orðið einir fyrir óhappi á því sviði, sem ég vil ekki viðurkenna að sé eingöngu þeirra sök, þó að ef til vill megi segja, að þeir séu þar ekki algerlega skuldfríir.

Þegar bátagjaldeyrisfyrirkomulagið var tekið upp, var fyllilega gefið í skyn, að mér er hermt af fulltrúum L.Í.Ú. og jafnvel af fulltrúum stjórnarráðsins, að innflutningsréttindi bátaútvegsins eða tekjur af þeim réttindum ættu að renna óskertar til útvegsmanna. Þetta mun þó hvergi hafa verið tekið ljóst fram, ekki skriflega og jafnvel ekki munnlega, en sem sagt látið í veðri vaka í öllu umtali um þessi mál, að þetta væru réttindi, þetta væru fríðindi, sem útvegsmenn ættu að hafa sér til stuðnings og sínum kostnaði og á grundvelli hans náttúrlega að geta veitt sjómönnum betri kjör en ella. Nú var það þannig, að í ráðningarsamningum Vestmanneyinga í mörg ár undanfarið hafa verið ákvæði, sem maður veit núna að ekki voru sams konar og í öðrum veiðistöðvum, ákvæði, sem settu þá reglu, að sjómenn ættu þriðja hluta af afla og það, sem endanlega fyrir hann fengist. Ég var hvergi þar nálægt, þegar samið var um þessi réttindi, bátagjaldeyrisréttindi, og get því ekki af eigin raun borið vitni um, hvað þar fór fram, en hef fyrir mér samt sem áður sögusögn greindra útvegsmanna, sem þar voru viðstaddir.

En svo kemur til þess, að á grundvelli þessara ráðningarsamninga, sem voru í Vestmannaeyjum, kröfðust sjómenn þar að fá sinn hluta af bátagjaldeyrinum eins og öðru andvirði, sem fyrir fiskinn fengist, og ég held, að það sé óhætt að segja það, að útvegsmenn yfirleitt mundu hafa hnigið að því ráði, ef ekki hefði komið svo að segja forboð eða bann frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna um að sinna þessum kröfum. Afleiðingin varð svo sú, að sjómenn í Vestmannaeyjum lögsóttu útgerðarmennina og kröfðust síns hluta af tekjunum af innflutningsréttindum bátaútvegsins. Í því máli hafa svo dómar gengið, jafnvel í hæstarétti, varðandi árið 1951, og einnig hafa dómar gengið í sams konar málum varðandi árin 1952 og 1953 í undirrétti, og það er skemmst frá því að segja og er raunar ekkert undarlegt, að þessir dómar hafa gengið sjómönnum í vil, svo að þeir eiga bakkröfu á grundvelli þessara dóma á útvegsmenn alla í Eyjum. Mér er sagt, að samtals muni þessar kröfur nema 3½ millj. kr. rúmlega, eða 3.6. Þegar þess er gætt, að á þessum sömu árum sem dómarnir hafa gengið um og sérstaklega síðari árin greiddu útgerðarmenn í Vestmannaeyjum 6 aurum hærra að meðaltali sjómönnum sínum fyrir fiskinn, þegar vinnufríðindi voru með talin, heldur en gerðist annars staðar í verstöðvum, þá gefur það auga leið, að fyrir útvegsmenn á þessum stað var enn verra að verða fyrir þessum kröfum frá sjómönnum eftir á heldur en ella mundi.

Það lá við og var mjög haft við orð í vetur, að forsvarsmenn sjómanna mundu ekki leyfa félagsmönnum sínum að ráða sig á báta austur þar, nema þessum skuldum væri lokið. En um það er það að segja, að það er talið, að um 10 af hundraði af útvegsmönnum mundu geta staðið undir því að ljúka þessum skuldum, sem nema vitaskuld mörgum tugum þúsunda króna á hvern bát, en hinir 90 af hundraði mundu ekki geta við þetta ráðið og ekki hafa tryggingar til þess að ljúka skuldunum. Vestmanneyingar leituðu út af þessu til Landssambandsins sem milligöngumanns við hæstv. ríkisstj. og náttúrlega til þingmanns síns til þess að reyna að hafa milligöngu um einhverja aðstoð í þessu efni. Það má geta

þess líka hér, að það vitaskuld veikir mikið aðstöðu útvegsmanna í Vestmannaeyjum, að þeir stóðu í verkfalli á s. l. vertíð eitthvað um 7 vikur og misstu þar af leiðandi mikið af sínum venjulega vertíðartíma.

Það er, eins og nú er ástatt og sérstaklega undir þeim þröngu lánsskilyrðum, sem eru fyrir hendi frá bönkum, ekki útlit fyrir, að útvegsmenn yfirleitt austur þar geti lokið þessum skuldum sínum við sjómennina án aðstoðar, og virðist þá vera helzta ráðið að leita aðstoðar ríkisvaldsins í þessu efni. Ríkið hefur stórfelldar tekjur af útveginum í Vestmannaeyjum, og þó að aðstoð væri veitt af ríkisins hálfu í þessu efni, eins og ég hef leyft mér að fara fram á í brtt. við 22. gr. fjárlaganna, þá ætla ég, að það mundi í fyrsta lagi ekki geta álitizt ósanngjarnt eftir atvikum, að ríkið hlypi hér undir bagga með ábyrgð á láni eða beinu láni. Ég hef ekki farið fram á *neina beina styrkveitingu til manna* í þessu efni, ég ætla þeim að standa undir því sjálfum, en fer aðeins fram á það, að ríkið greiði fyrir því, að þeir geti fengið lán til þess að ljúka þessum skuldum, og setji þau skilyrði, sem hæstv. fjmrh. kynni að vilja setja, og enn fremur heimtaði þær tryggingar, sem réttmætar væru í þessu skyni. Það er það, sem ég hef leyft mér að leggja hér til að verði sett inn á heimildagrein fjárlaga í þetta sinn.

Ég álít líka, að þó að einhver héldi sem svo, að einhverjir útgerðarmanna væru ekki þessa styrks maklegir, þá muni tæpast mega um það deila, eftir að dómar hafa gengið, eins og ég lýsti áður, að sjómennirnir eiga ekki að gjalda þess, þó að ríkisvaldið vildi ekki styðja útvegsmennina út af fyrir sig. Sjómennirnir eiga rétt á þessu fé, og það verður að gjaldast eftir einhverjum leiðum. Þess vegna hef ég borið fram þessa till., af því að í bili fæ ég ekki komið auga á, að þetta mál leysist á annan hátt en að hið opinbera stuðli þar að. Dálítil hliðstæða er, þó að hún sé ekki alger hliðstæða, í till. hv. fjvn., í aðstoðartill. hennar til bænda á Suðurlandi vegna votviðranna. Hér hafa í báðum tilfellum komið óhöpp fyrir stéttir, ýmist bænda eða útvegsmanna, sem ekki var hægt að sjá fyrir, og ríkisvaldið hefur í öðru tilfellinu hlaupið, að því er virðist, drengilega undir bagga, og ég vil treysta hv. þingheimi til þess að sýna Vestmanneyingum í þessu máli nokkra sanngirni.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þessa mína till. Það er sú eina, sem ég flyt einsamall, hér í þetta sinn. En ásamt hv. 9. landsk. flyt ég smátill. varðandi lúðrasveit Vestmannaeyja, sem við fluttum við 2. umr. og tókum þá aftur, og þarf ég ekki um hana að fjölyrða. Hún er svo hógvær og sanngjörn, að því er ekki þörf að lýsa í annað sinn við þessa umræðu, var gert á sínum tíma við 2. umr. þessa máls.

Þá flytjum við hv. 9. landsk. og ég saman till. um að greiða fyrir því, að flugskilyrði verði bætt í Vestmannaeyjum, með því að leggja til, að heimilað verði á 22. gr., að ríkisstj. ákveði, að ef rekstur flugmála verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D., sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á þeim stöðum, sem þjóðvegakerfi landsins nær ekki til.

Ég ætla, að það verði tæpast um það deilt, að sé tekjuafgangur af rekstri flugmálanna, sem verja þarf og varið verður til fullkomnunar flugvalla, þá sé sanngjarnast að gera það á þeim stöðum, sem hafa til lítilla annarra samgangna að hverfa, og á það sérstaklega við í Vestmannaeyjum, eins og hv. þm. er nægilega kunnugt. Auk þess má segja það hér, að flugmálastjórnin er nokkuð í óbættum sökum við Vestmanneyinga hvað flugvöllinn snertir, þar sem því var heitið, að á s. l. ári skyldu verða miklar umbætur gerðar á flugvellinum, sem ekkert varð úr og bíða enn þá úrlausnar.

Þá höfum við á sínum tíma, hv. 9. landsk. og ég, við 2. umr. þessa máls flutt brtt., er snertir hafnarframlagið til Vestmannaeyja. Nú er hún flutt af hv. 9. landsk. einum, og skal ég um það segja, að síðan 2. umr. fjárl. fór fram, hef ég haft miklar viðræður við hæstv. ríkisstj. um þetta mál og vonast nú eftir úrlausn. En till. út af fyrir sig er alveg jafnréttmæt fyrir því frá hálfu hv. 9. landsk. séð, sem hefur ekki fylgzt vel með þeim tilraunum, sem ég hef verið að gera til að fá réttingu mála Vestmannaeyjahafnar á öðrum vettvangi. Höfnin á eða átti um nýár hjá ríkissjóði nær 3 millj., því að hafnarframkvæmdir hafa verið með þeim hætti síðastliðin ár, enda stór þörf fyrir þær, að óvenjulega miklu fé hefur verið varið af Vestmannaeyja hálfu til þess að bæta höfnina, og er sumt af því fengið að *láni án aðstoðar ríkisstjórnar eða banka, sem* sagt erlent lán, sem Vestmannaeyjar fengu án þess að hafa þess háttar venjulega bankaábyrgð fyrir og eru þess vegna í óbættum sökum við erlenda aðila fyrir þessar framkvæmdir, en ríkið á eftir að greiða nú hátt á þriðju milljón af sínum hluta af framlagi til hafnarinnar, eins og það á að vera lögum samkvæmt. Það gefur auga leið, að á þessu þarf að fá réttingu, og er gert oftast nær með einhverjum hætti á hverju ári að láta þær hafnir njóta þess, sem sjálfar hafa lagt óvenjulega ríflega fram til eigin framkvæmda, og vil ég treysta því, að sú verði raunin á á þessu hv. Alþingi, sem nú situr, að þetta verði líka gert gagnvart Vestmannaeyjum á einn eður annan hátt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þessar till. mínar eða okkar hv. 9. landsk. við þetta tækifæri og mun ekki láta mig að sinni skipta þær umræður, sem farið hafa fram um aðrar till., til þess að tefja ekki tímann.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mig langaði til að víkja hér nokkrum orðum að till., sem flutt er á þskj. 290 og hæstv. fjmrh. er flutningsmaður að f. h. hæstv. ríkisstj. Ég hefði að vísu kosið, að hæstv. ráðh. væri viðstaddur, en er þó ekki sagt í ásökunartóni af minni hálfu, hann getur haft löggildar ástæður til að vera fjarverandi, því að öllum jafnaði hefur hann verið hér viðstaddur, þegar fjárlög hafa verið til umræðu.

Þessi till. er um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1955, og þar er gerð ákveðin till. um ráðstöfun 54.7 millj. kr. Ég er fyrir mitt leyti í höfuðatriðum samþykkur þeim till., sem þar eru fluttar um ráðstöfun tekjuafgangs s. l.

árs, en þó ekki að öllu leyti samþykkur þeim till., sem þar koma fram um það, í hvaða formi þessu fé sé ráðstafað, og skal ég koma að því síðar.

Í fyrsta lagi vil ég víkja að d-lið 1. tölul., sem er um það að lána af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955 13 millj. kr. í sambandi við húsnæðismálin og með því efla lánastarfsemina til húsabygginga og að öðru leyti að ganga undir bagga eða styrkja þá viðleitni, sem kann að koma fram frá sveitarfélögum til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Ég hef áður haldið því fram, að eins og gengið var frá lögunum um húsnæðismálastjórn o. fl. á s. l. þingi, hafi verið of skammt gengið, sérstaklega hvað snertir þá hlið málsins að veita fé beinlínis úr ríkissjóði til veðlána og til þess að ganga á móti þeim lánum og styrkjum, sem bæjarfélögin kunna að veita til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Þessi skoðun mín hefur komið fram á öðrum vettvangi, og þess vegna er mér það ánægjuefni nú, þegar hæstv. ríkisstj. ber fram till. um að veita 13 millj. kr. af tekjuafgangi s. l. árs til þessara mála.

En þá kem ég að öðrum liðum þessarar till. og vil þá staldra fyrst við fiskveiðasjóð Íslands, sem lagt er til að lánað sé 10 millj. kr. Öllum hv. þm. er kunnugt um það, að fiskveiðasjóður er kominn að þrotum að sinna því mikilvæga verkefni, sem honum er ætlað að sinna, og kemur sér því mjög vel einmitt á þessari stundu hver sú aukin fjárveiting, sem til sjóðsins er veitt.

Þá kem ég að formshlið málsins og spyr: Vegna hvers á að lána fiskveiðasjóði þessar 10 millj. kr.? Á s. l. þingi var ríkisstj. veitt heimild til að verja 35 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs árið 1954 í ákveðnum tilgangi og þar á meðal til fiskveiðasjóðs 8 millj. kr., og þær 8 millj. kr. voru veittar sem óafturkræft framlag til fiskveiðasjóðs. Nú er það svo, að fiskveiðasjóður hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki í uppbyggingu bátaflotans í landinu og til þess einnig að greiða fyrir mönnum að bæta aðstöðuna í landi við bátana. Nær allt það fé, sem fiskveiðasjóður hefur haft til umráða í þessu skyni og nemur, ef ég man rétt, einhvers staðar á milli 100 og 200 millj. kr., hefur verið tekið frá útveginum sjálfum í útflutningsgjöldum, og áður en 8 millj. á s. l. ári voru veittar sem framlag frá ríkissjóði, held ég, að það hafi ekki verið nema 2—3 millj. kr. af öllu þessu fjármagni, sem ríkissjóður beint hafði veitt til fiskveiðasjóðs, hitt var allt saman tekið í gjöldum af útveginum sjálfum. Hér er mjög ólíku saman að jafna við aðra sjóði, sem hafa á sinn hátt sínu mikilvæga hlutverki að gegna, en hafa fengið milljónatugi í framlög beinlínis úr ríkissjóði til þess að gegna sínu hlutverki. Ég verð þess vegna að lýsa því yfir, að ég hef álitið, að það kæmi ekki til mála annað, ef verja ætti einhverju af tekjuafgangi ríkissjóðs á s. l. ári til fiskveiðasjóðs, en að því verði varið sem beinu framlagi til þessa sjóðs og mætti ekki minna vera.

Ég vil þess vegna leyfa mér að beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún vill ekki taka til endurskoðunar þessa till. um lánveitingu til sjóðsins. Í sambandi við það vil ég einnig varpa fram þeirri fsp., hvers vegna eigi að lána ræktunarsjóði þessar 22 millj. kr., sem þarna er gert ráð fyrir að lána ræktunarsjóði. Skyldi ekki ræktunarsjóði vera alveg full þörf á að fá þetta fé sem óafturkræft framlag, eins og þessi sjóður hefur áður fengið óafturkræft framlag af tekjuafgangi ríkissjóðs? Það er staðreynd, að eitt veigamesta atriðið í efnahagsuppbyggingu okkar er aukin ræktun landsins, og áætlanir hafa verið gerðar um það á undanförnum árum, hversu mikið fé þurfi til þess að mæta kröfum manna lögum samkvæmt um lán úr ræktunarsjóði. Áætlanir voru uppi um það, að Framkvæmdabankinn, eða viss hluti af mótvirðissjóði, sem kæmi inn í Framkvæmdabankann, mundi fullnægja þessu hlutverki. En staðreyndirnar eru þær, að ræktun landsins hefur verið svo ör, sem betur fer, á undanförnum árum, að því fer fjarri, að það fé, sem þar fellur til, hluti landbúnaðarins af mótvirðissjóði, mæti þessum þörfum. Og þá vil ég leyfa mér að spyrja: Hvar er þetta fé betur geymt en í eitt skipti fyrir öll undir grænni torfu nýgræðings á Íslandi?

Ef við athugum, hvernig þessi tekjuafgangur er fenginn, þá sé ég ekki betur en það mæli enn þá sterkar með því sjónarmiði, sem ég held hér fram, að það eigi að verja þessu fé sem óafturkræfum framlögum. Það liggur við, að nærri allt það fé, sem ráðstafað er í þessari till., sé auknar tekjur ríkissjóðs vegna aukins bifreiðainnflutnings til landsins á s. l. ári. Þessir hlutir gerast einstöku sinnum, en verða ekki endurteknir ár eftir ár. Og meðal annars vegna þess, að vanrækt hafði verið um margra ára bil að endurnýja bifreiðakost landsmanna, flutti ég á síðasta þingi till. um það, að bifreiðainnflutningur til landsins væri gefinn frjáls. Ég sagði þá, að ég óttaðist ekki, að bifreiðainnflutningurinn mundi verða neitt meiri til landsins, þó að hann yrði gefinn frjáls. Þessi till. náði ekki fram að ganga, og bifreiðainnflutningurinn varð ekki frjáls. En ég spyr: Er nokkur hv. þm. í dag, sem vefengir þá skoðun, að það mundi ekki hafa verið flutt inn meira af bifreiðum til landsins, þó að hann hefði verið frjáls á s. l. ári, heldur en raun ber vitni um? En af þeim mikla og aukna bifreiðainnflutningi á s. l. ári, sem leyfður var, — ég bið hv. þm. um að taka eftir því, sem leyfður var, en ekki var frjáls, — hefur ríkissjóður fengið nærri 50 millj. kr. auknar tolltekjur, eða sem svarar næstum öllu því fé, sem hér í till. hæstv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að ráðstafa.

Þegar slíkan hval rekur á fjöru, þá held ég, þar sem hér er um eintómar mjög mikilvægar og þjóðhagslegar stofnanir að ræða, sem fénu er ætlað til, að það sé bezt að gera málið upp við sig í eitt skipti fyrir öll og segja: Úr því að þetta fé áskotnaðist fram yfir allar áætlanir hæstv. fjmrh., hæstv. fjvn., hæstv. Alþ., þá er bezt, að þeir njóti þess fyrir fullt og allt, sem hér er nú verið að gera till. um að fái þetta að láni með kjörum, sem ríkisstjórnin síðar ákveði.

Þetta vildi ég leyfa mér að segja um þessa till. Ég er sjálfur reiðubúinn með brtt. við þessa till., sem að þessu hnígur. En í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. vilji endurskoða þetta mál með

hliðsjón af þeim athugasemdum, sem hér hafa fram komið af minni hálfu, þá flyt ég hana ekki að svo stöddu, enda mun þá síðar gefast tóm til þess. En vænti þess, að málið verði tekið til nýrrar athugunar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég flyt eina litla brtt. á þskj. 299, sem er við brtt. meiri hl. fjvn., við liðinn, sem snertir byggingu nýrra barnaskólahúsa. Eins og till. meiri hl. fjvn. er, þá er lagt til, að af nýjum barnaskólahúsum skuli byggt eitt í Reykjavík og til þess skuli veittar 435 þús. kr. Reykjavíkurbær hafði sótt um til fræðslumálastjórnarinnar að fá að hefja byggingu tveggja barnaskólahúsa, sem mundu fullbúin kosta um 6 millj. hvort og mundu taka tvísett 720 börn.

Ástandið í barnaskólamálum Reykjavíkur er nú þannig, að í alla barnaskóla Reykjavíkur er tvísett og í suma þeirra er þrísett, og sums staðar er ástandið orðið þannig, að það komast varla fleiri börn inn í kennslustofurnar en nú er troðið. Nú hefur það verið svo á undanförnum árum, að Reykjavíkurbær hefur lagt í það að byggja barnaskólahús, þó að ríkissjóður hafi þá ekki veitt á fjárlögum verulegar fúlgur til þess, eða Reykjavíkurbær hafi ekki getað fengið greitt úr ríkissjóði það, sem honum eftir gömlu lögunum bar. Þetta gat Reykjavíkurbær gert áður og varð náttúrlega til þess, að hann átti mjög miklar fúlgur hjá ríkissjóði fyrir byggingu barnaskólahúsa upp í þann hluta, sem ríkissjóður átti að borga þar af. Nú á síðasta þingi var lögunum breytt á þann veg, að það er ekki leyfilegt, hvorki fyrir Reykjavíkurbæ né aðra aðila úti um allt land, að hefja byggingu nýrra barnaskóla, nema búið sé að veita á fjárlögum fé til þess. Þannig er sem stendur Reykjavíkurbæ bannað að hefja byggingu nýrra barnaskólahúsa, nema þegar sé búið að veita til þeirra á fjárlögum. Hins vegar er alveg óhjákvæmilegt að bæta við tveimur barnaskólum. Það er ófremdarástand í barnaskólamálum Reykjavíkur, þrátt fyrir það að mikið hafi verið byggt, vegna þess, að það er hér verið að byggja yfir allan þann fjölda af fólki, sem hingað flyzt, og þess börn. Þess vegna legg ég til, að liðurinn viðvíkjandi Reykjavík orðist þannig, að það séu veittar til byggingar barnaskóla við Bústaðaveg 435 þús. kr. og til barnaskóla við Hamrahlíð 435 þús. kr., m. ö. o., að Reykjavíkurbæ verði leyft að hefja byggingu tveggja barnaskóla. Upphæðin, sem ríkissjóður með þessu þarf að leggja fram, er aðeins tvöfalt meiri en nú er áætlað, 435 þús. kr. þarna til viðbótar. En það þýðir að gefa Reykjavíkurbæ leyfi til þess að byrja undireins að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem menn nú þegar eiga við að búa.

Þegar þessum lögum var breytt á síðasta þingi, virtist það a. m. k. hjá þeim, sem fyrir þeim mæltu, ekki eiga að vera tilgangurinn að koma í veg fyrir, að þeir bæir byggðu, sem hefðu efni á því, og það hefur Reykjavík. Meiningin var sú, og því var eiginlega lýst yfir hvað eftir annað í sambandi við þau lög, að þetta væri fyrst og fremst gert til þess, að það yrði einhver regla á um það, að bæirnir úti um land fengju greitt það, sem þeir ættu inni, og gætu tryggt það. Ég álít, að þessi lög megi ekki verða til þess að koma svo að segja í veg fyrir nauðsynlega barnaskólabyggingu í Reykjavík, eins og þetta mundi verða, ef framlögin væru samþ. eins og nú er lagt til. Af því að þetta var miðað við einn skóla, tillaga fjvn. eða meiri hl. hennar, 435 þús. kr., þá álít ég, að það væri meira að segja betra, ef hv. fjvn. vildi ekki fallast á það eða hæstv. ríkisstj. að tvöfalda þessa upphæð, sem ég hérna hef lagt til, að hún skipti þá gömlu upphæðinni á tvo skóla, þó að hún setti ekki nema 200 þús. kr. á hvorn, þannig að Reykjavíkurbær fengi þá ekki til samans nema 435 þús. kr. Þá hefði hann leyfi til þess að byrja byggingu tveggja skóla, því að það er lífsnauðsyn fyrir fræðslumálin í Reykjavík. Þá yrði þetta ekki lengur raunverulegt fjármál, heldur aðeins spurning um það að veita formlega á fjárlögunum leyfi til þess að hefja slíka barnaskólabyggingu, sem ég efast ekki um að Reykjavíkurbær mundi reyna að gera, ef hann fengi slíkt leyfi. Þó að ég hafi formað mína till. svona og það sé eðlilegast, að hún væri samþ. þannig, vildi ég skjóta þessu fram til hv. meiri hl. fjvn. eða hv. fjvn., þegar hún athugaði þessa till., því að ég fæ ekki skilið, að það geti verið tilgangurinn með samþykkt laganna frá síðasta þingi um byggingu skólahúsa að koma þar með í veg fyrir, að Reykjavíkurbær geti sjálfur fengið að reyna að ráða fram úr þeim vandræðum, sem eru viðvíkjandi byggingu barnaskólahúsa þar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég flyt hér tvær till. til breytinga á fjárlagafrv. og skal aðeins víkja að þeim örfáum orðum, en ekki fara neitt út í umræðu um frv. sjálft, enda þótt mikil ástæða væri til.

Það er í fyrsta lagi brtt. á þskj. 298, þar sem ég fer fram á að hækka framlag til læknisbústaða og sjúkrahúsa um landið allt úr 2 millj. og 300 þús., eins og meiri hl. fjvn. leggur til, og í 2½ millj., eða hækka þessa upphæð um 200 þúsund.

Ég skal taka það fram, að þó að þessi till. væri samþ., þá er mjög fjarri því, að þessi upphæð dygði til þess að standa undir þeim lögboðnu framlögum, sem ríkinu ber að leggja til þeirra sjúkrahúsa og læknisbústaða, sem búið er að byggja og eru í byggingu, því að til þess þyrfti miklu hærri upphæð. En ég verð að segja það, að mér þykir það ákaflega undarleg aðferð að taka út úr þennan lið, sem skiptir mjög miklu máli fyrir læknishéruð víðs vegar um landið, taka hann út úr þannig að veita ekki ár eftir ár nema brothluta af því, sem ríkinu ber að greiða til þessara framkvæmda. Og það er ekki að ástæðulausu eða undarlegt við það, að ég flyt þessa till., vegna þess að nú stendur svo á, að í mínu héraði, Blönduóshéraði, er skuldin langsamlega hæst, eins og nú er, og munar áreiðanlega litlu, að hún jafnist á við upphæðina alla, sem hv. meiri hl. fjvn. ætlar til þessara framlaga.

Ég hef ekki farið fram á hærri greiðslu eða meiri hækkun á þessum lið en hér er stungið upp á, vegna þess að ég veit, að þröngt er orðið

um að koma fram nokkrum verulegum hækkunartillögum, enda þótt manni sýnist, að ýmislegt af því, sem samþykkt hefur verið og lagt er til, mætti frekar bíða en svo sjálfsagður hlutur og það að greiða lögum samkv. til þessara nauðsynlegu framkvæmda. En ég skal ekki um þetta fara fleiri orðum. Ég vil mega vænta þess, að hv. þm. taki þessari till. vinsamlega og sjái, að hér er farið fram á sanngirnismál, sem nauðsynlegt er að gangi fram.

Þá flyt ég hér smátill. á þskj. 296,IX ásamt með fimm öðrum hv. þingmönnum, og þessi till. er um það að taka einn af okkar þjóðkunnu mönnum, sem nú hefur látið af embætti, Þorstein Þorsteinsson sýslumann, inn á 18. gr. á svipaðan veg og gert er varðandi aðra hans stéttarbræður og fjölda annarra manna, sem á launum eru og hættir eru að starfa.

Ég skal ekki fara um þetta mörgum orðum, en aðeins taka það fram, að þessi till. er flutt eingöngu til samræmis, því að okkur flm. þykir það ekki eðlilegt eða rétt, að þessi eini sýslumaður af öllum þeim, sem látið hafa af embætti fyrir aldurs sakir, sé skilinn eftir hvað þetta snertir. Ég veit ákaflega vel, að þessi maður er það vel settur efnalega, að hann gæti vel komizt af án þess að fá þessa upphæð, en þannig er ástatt með fjöldamarga aðra menn, sem eru með upphæðir á 18. gr. Hér er verið aðeins að fara fram á, að það sé sami réttur látinn gilda fyrir þennan mann, sem hefur í alla staði staðið vel í sinni stöðu, auk þess sem hann er merkilegur fræðimaður, og á sér stað um aðra hans stéttarbræður og embættismenn yfirleitt. Eins og menn, a. m. k. hv. þingmenn, vita, hef ég álitið, að það væri ekki nauðsynlegt í mjög mörgum tilfellum að láta menn fara frá embætti svo fljótt sem gert er, en úr því að þessi regla gildir og meiri hl. Alþ. er með því, þá verð ég að segja, að það sé eðlilegt, að það gildi svipuð regla um mennina alla, og ég held ég megi fullyrða, að dómsmrn. einnig hafi lagt það til, að þessi fráfarandi embættismaður fengi upphæð, sem er eitthvað svipuð þessari, sem við flm. förum fram á. Ég vil þess vegna mega vænta, að þessi till. fái góðar undirtektir og eðlilegar.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða hér, hvorki um þessar tillögur né annað í þessu stóra frv., sem nú er orðið hærra en nokkru sinni hefur sézt hér á hv. Alþingi.

Ingólfur Flygenring: Herra forseti. Brtt. á þskj. 298 um lýsingu á þjóðveginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur er flutt af mér ásamt fjórum öðrum hv. þingmönnum, öllum þeim sömu er áður fluttu hana við 2. umr. fjárlaganna. En upphæð sú breytist á þskj. 298 frá því, sem áður var, úr 850 þús. kr. niður í 400 þús. kr., því þó að það sé lækkað svona mikið, mundi það gera mjög mikið gagn og kæmi að fullum notum, hverjir 100 metrar sem lagðir eru.

Ég þarf ekki að lýsa till. nækilega, það gerði ég við 2. umr. fjárlaganna, en vil í stuttu máli taka þetta fram: Yfir 1 millj. farmiðar hafa verið seldir s. l. ár með áætlunarbílum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Mesti fjöldi bæði leigu- og einkabifreiða, vörubifreiða og varnarliðsbíla fer um þennan veg, og sú umferð er alls ekki sambærileg við aðra vegi í þessu landi, því að hún er svo margfalt meiri en nokkurs staðar annars staðar.

Hættuna af ljósleysinu þarf ekki að skýra fyrir hv. þm. Það er öllum ljóst, enda gerði ég það nækilega síðast.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við fjárl. á þskj. 298,III, við 13. gr. A. III. 4. lið, þ. e. um brú á Mjósund. Ég hef leyft mér að bera fram, að þessi fjárveiting verði hækkuð úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. Væntanleg brú á Mjósundi á að tengja Eyrarsveit við vegakerfið, þannig að þessi byggð komist á næstu árum í varanlegt samband við aðra hreppa sýslunnar og landið í heild.

Eyrarsveit býr nú við mikil vandkvæði. Sveitin er algerlega lokuð frá sambandi við Fróðárhrepp, sem er sveitin næst fyrir utan Eyrarsveit, vegna hins stóra farartálma, sem Búlandshöfði veldur. Vegarsambandið við Helgafellssveit er þó nokkru betra, með því að sveitin hefur þó vegarsamband yfir sumarmánuðina um Helgafellssveit, bæði til Stykkishólms og eins suður yfir Kerlingarskarð. Hér er þó aðeins um sumarveg að ræða. Frá seinni hluta október og fram á vor er ekkert vegarsamband við Eyrarsveit, og er það ákaflega bagalegt, þar sem kauptún er þar með 300 íbúa og töluvert mikinn atvinnurekstur. Á þessari vertíð, sem nú er nýbyrjuð, eru gerðir þaðan út 9 fiskibátar af stærðinni frá 40 til 70 smálestir, og það er mjög örðugt fyrir þennan atvinnurekstur, að ekkert vegarsamband skuli vera við Stykkishólm eða Reykjavík. Raunar hefur þetta kauptún samband á sjó, en þó er það af svo skornum skammti, að Ríkisskip, sem annast ferðir á Breiðafjörð, hefur aðeins eitt af sínum skipum, aðra Breiðina, í förum þangað, og kemur hún aðeins á Breiðafjörð á 2—3 vikna fresti. Ég tel því ákaflega aðkallandi, að málum þessa góða byggðarlags sé sinnt meir en verið hefur, og fyrsta leiðin til þess, að vegarsamband komist á, er, að byggð verði brú yfir Mjósund.

Ég vænti þess, að hv. alþm. sýni máli þessu velvild og veiti því atkv. sín, þegar gengið verður til atkv. um það.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Á þskj. 298 á ég eina litla brtt. Hún er um það, að framlag á 15. gr. til Tónlistarfélags Ísafjarðar, sem er núna í frv. 20 þús. kr. og hefur verið nú um nokkur ár, verði hækkað upp í 50 þús. kr.

Mér barst fyrir viku eða svo bréf frá forráðamönnum Tónlistarfélags Ísafjarðar, þar sem þeir skýrðu mér frá því, að þeir hefðu snúið sér til hæstv. menntmrh., hv. þm. N-Ísf. (SB) og hv. þm. Ísaf. (KJJ) og beðið þá að beita sér fyrir því, að þessi hækkun fengist til Tónlistarfélags Ísafjarðar, sem rekur myndarlegan tónlistarskóla. Þessi tónlistarskóli á Ísafirði hefur haft fleiri nemendur en nokkur annar tónlistarskóli hefur haft utan Reykjavíkur. Þetta byggist á sérstökum dugnaði skólastjórans, Ragnars H. Ragnars söngkennara, sem annast söngkennslu bæði í

barnaskóla Ísafjarðar og gagnfræðaskóla Ísafjarðar og hefur auk þess tekið að sér það hlutverk fyrir Tónlistarskóla Ísafjarðar að annast forstöðu þess skóla og bera hann uppi ásamt öðrum kennslukröftum, sem hann hefur til þess fengið.

Það er alveg áreiðanlegt, að það er samróma álit Ísfirðinga, að þessi menntastofnun hafi verið mikils virði fyrir bæinn, en Tónlistarfélag Ísafjarðar er í miklum fjárhagsvandræðum út af rekstri hennar, hefur færzt það í fang m. a. að kaupa allstórt og myndarlegt hús handa skólanum til þess að stunda þar kennslu í hinum ýmsu tegundum hljóðfæraleiks, og þetta, greiðsla á kennslulaunum til stundakennara og skólastjóra og að standa undir þessari húseign, gerir það að verkum, að þessi 20 þús. kr. styrkur, sem að undanförnu hefur verið greiddur til Tónlistarfélags Ísafjarðar, hefur hrokkið mjög skammt til þess að standa undir þessari miklu starfsemi og þýðingarmiklu, og hafa þó verið tekin mjög há kennslugjöld af nemendum. Allt þetta kemur fyrir ekki, skuldir safnast á Tónlistarfélagið þrátt fyrir þetta.

Ég veit, að það muni verða haft á móti þessari till., að tónlistarskólarnir annars staðar í hinum smærri bæjum hafi ekki nema 20 þús. kr. fjárveitingu og þess vegna sé erfitt að taka þennan eina bæ út úr vegna tónlistarskólahaldsins þar. En sannleikurinn er sá, að þetta er ekki sambærilegt. Hinn frábæri dugnaður Ragnars H. Ragnars og myndarskapurinn við rekstur þessa skóla að öllu leyti er sérstæður, og tónlistarskólarnir, hvorki á Akureyri né í öðrum kaupstöðum landsins, eru neitt sambærilegir við þennan skóla, hvorki um fjölbreytni í kennslu né nemendafjölda. Þess vegna er ekki nema sjálfsagt að verðlauna þetta með nokkru hærri fjárveitingu úr ríkissjóði en til hinna kaupstaðanna í sama skyni.

Ég mæli þess vegna mjög eindregið með því, að þessi fjárveiting verði veitt, sem sé, að framlagið til Tónlistarfélags Ísafjarðar vegna tónlistarskólans þar hækki úr 20 þús. í 50 þús. kr., og vona, að boðskapur minn um þetta og óskir berist frá hinum tómu stólum til þeirra, sem eiga að sitja í þeim.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 30. jan., var fram haldið 3. umr. um frv., og var það tekið til almennrar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (JörB): Útvarpsumræðunni verður hagað þannig, að það eru 40 mínútur fyrir hvern flokk og ein umferð. Af hálfu flokkanna verður talað í þessari röð: fyrst Sameiningarflokks alþýðu, sósíalistaflokksins, þá Þjóðvarnarflokksins, svo Alþýðuflokksins, þá Sjálfstæðisflokksins og loks Framsóknarflokksins.

Af hálfu Sameiningarflokks alþýðu, sósíalistaflokksins tala Lúðvík Jósefsson, hv. 11. landsk. þm., og Brynjólfur Bjarnason, hv. 2. landsk. þm.

Af hálfu Þjóðvarnarflokksins tala Gils Guðmundsson, hv. 8. þm. Reykv., og Bergur Sigurbjörnsson, hv. 8. landsk. þm.

Af hálfu Alþýðuflokksins tala Haraldur Guðmundsson, hv. 4. þm. Reykv., og Hannibal Valdimarsson, hv. 3. landsk. þm.

Af hálfu Sjálfstæðisflokksins talar Ólafur Thors, hæstv. forsrh.

Og af hálfu Framsóknarflokksins talar Eysteinn Jónsson, hæstv. fjmrh., og Kristinn Guðmundsson, hæstv. utanrrh.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það hefur verið mikið að gera á stjórnarheimilinu síðustu dagana. Þar hafa ráðh. og fylgilið þeirra unnið að því að semja till. til bjargar ríkissjóði og útflutningsatvinnuvegum landsins. Nú hafa bjargráðatill. stjórnarinnar verið lagðar fram á Alþ. Bjargráðin birtast í tveimur frv. Annað á að bjarga hinum illa stæða ríkissjóði, og hitt á að bjarga útgerð og landbúnaði. Þessi tvö bjargráðafrv. fela í sér stókostlegri skattheimtu af almenningi í landinu en dæmi eru til um áður í formi neyzluskatta. Skattheimta samkv. þessum frv. mun nema, eftir því sem næst verður komizt, um 230—240 millj. kr., en það jafngildir um 7 þús. kr. viðbótarskatti á meðalheimili í landinu.

Athugum nú nokkru nánar bjargráðafrumvörp þessi.

Frv. það, sem bjarga á ríkissjóði og er með öllu óviðkomandi ráðstöfunum til stuðnings útgerðinni, gerði, þegar það fyrst var lagt fram, ráð fyrir sex nýjum tollheimtuaðferðum. Það frv. hefur nú verið gert að lögum, og féll ein innheimtuleiðin niður, enda var hún sú, sem minnstu máli skipti. Eftir standa þau ákvæði, að hækka skal vörumagnstoll, hækka skal verðtoll, benzínskatt, bifreiðaskatt og hækka skal skatt af bílagúmmíi. Sé miðað við reynslu s. l. árs af þessum gjöldum, nemur skattahækkunin a. m. k. 68 millj. kr. Auk þessarar tekjuhækkunar ríkissjóðs hefur stjórnin svo lagt til að hækka póst- og símagjöld um 5 millj. og að taka í ríkissjóð þann aukaskatt, sem lagður var á síðasta ári á tóbak og átti að verja til stuðnings síldarsöltun við Faxaflóa.

Á þennan hátt hefur ríkisstj. ákveðið að hækka tekjur ríkissjóðs um a. m. k. 80 millj. kr. Ekki þykir mér undarlegt, þó að margur maðurinn spyrji: Hvað kemur eiginlega til, að ríkissjóður skuli þurfa á öllum þessum nýju tekjum að halda? Já, hvað kemur til?

Árið, sem var að líða, fóru tekjur ríkissjóðs 120 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Árið áður fóru þær 108 millj. kr. fram úr áætlun. Fyrir fáum dögum lagði ríkisstj. fyrir Alþ. till. um að ráðstafa til nokkurra aðila 55 millj. kr. af því, sem eftir er í ríkiskassanum af hagnaði síðasta árs. Afkoma ríkissjóðs hefur verið mjög góð í mörg ár og tekjuafgangur alltaf mikill, en samt er nú lagt til að innheimta 80 millj. af landsmönnum, aðallega í tollum, til viðbótar því, sem verið hefur.

Það þarf kjarkmikla menn og meir en lítið óskammfeilna til þess að standa að slíkum till. sem þessum. Hverju mannsbarni í landinu er ljóst, að ríkissjóður þarf ekki á þessari skattheimtu að halda, þvert á móti hefði ríkisstj. átt að leggja til lækkun á hinum drepþungu neyzlu-

sköttum, sem hún hefur innheimt og átt hafa sinn drjúga þátt í verðbólgunni í landinu.

Tekjur ríkissjóðs s. l. ár munu nema um 650 millj. kr. Á þessu ári verða þær aldrei undir 750 millj. Allur útflutningurinn nemur um 860 millj. Tekjur ríkissjóðs nema því orðið um 85% af öllum útflutningstekjum þjóðarinnar. Árið 1939 voru tekjur ríkissjóðs aðeins 28% af útflutningstekjunum. Þannig hefur ríkissjóður sífellt tekið meira og meira í hlutfalli við útflutninginn. Gegndarlaus vöxtur ríkisbáknsins er því ein meginorsök að erfiðleikum atvinnuveganna nú í dag. Þetta verða menn að gera sér ljóst.

Ríkisstj. virðist vera þeirrar skoðunar, að góð afkoma ríkissjóðs skipti öllu máli og beri vott um heilbrigða fjármálastjórn. Slíkt er vitanlega hin mesta fjarstæða. Gegndarlaus eyðsla ríkisins, sem jöfnuð er með síhækkandi tollum og söluskatti, er einmitt dæmi um ranga fjármálastjórn, hvort sem ríkissjóður skilar einhverjum tekjuafgangi eða ekki.

Þetta frv. ríkisstj., sem gerir ráð fyrir ásamt með fylgitill. 80 millj. kr. nýjum sköttum, er hið minna af tveimur skattafrumvörpum stjórnarinnar. Þetta er nokkurs konar litli skattur og bara handa Eysteini, til þess að hann geti borið sig dálítið mannalega með rekstrarhagnað í árslokin.

En víkjum þá að hinu frv., að stóra skatti. Samkvæmt því skal stofnaður svonefndur framleiðslusjóður, og eru honum ætlaðar 152 millj. kr. í tekjur alls. Alla þá fjárhæð þarf þó ekki að leggja á á árinu, því að nú eru til í bílasjóði togaranna 15 millj. Verða þær lagðar í sjóðinn, en 137 millj. þarf í sjóðinn og verður að afla með sköttum á þessu ári. Ríkisstj. leggur til, að þessara tekna verði aflað þannig: 1) Með nýjum söluskatti, sem jafngildir tvöföldun á söluskattinum. Það áætlar stjórnin að gefi 115 millj. kr. 2) Aukatollur verði lagður á búsáhöld, ávexti og verkfæri. Það áætlar stjórnin 10 millj. kr. 3) Aukatollur á innlendar tollvörutegundir. Áætlað 4 millj. 4) Bílatollurinn vegna togaranna verði áfram, og er áætlað, að hann gefi 8 millj. kr. Samtals 137 millj.

Ríkisstj. áætlar, að greiddar verði úr sjóðnum 152 millj. kr. Þessi fjárhæð er allmiklu hærri en þörf er að greiða úr sjóðnum, og leynir sér ekki, að ríkisstj. vill telja greiðslurnar sem allra hæstar til þess að skapa sér tilefni til hærri skattheimtu. Skal það nú sýnt með dæmum:

Í fyrsta lagi: Stjórnin ætlast til, að varið verði úr sjóðnum 26 millj. til þess að kaupa upp bátagjaldeyrisskírteini. Þetta er algerlega ástæðulaus ráðstöfun. En réttmætt væri að verða við óskum útgerðarmanna um það, að bankarnir lánuðu sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins þessa fjárhæð, t. d. af þeirri miklu fjárfúlgu, sem bankarnir liggja með sem fyrirframgreiðslu vegna vörukaupa og greiða innflytjendum enga vexti af. Væri þessi leið farin, þyrfti ekki að leggja á nýja skatta fyrir þessari upphæð, en bátaútvegsmenn hefðu fengið það, sem þeir báðu um. Sjálfsagt er því að lækka álögurnar, sem þessu nemur. Í öðru lagi leggur stjórnin til, að nú verði aftur lagður á nýr skattur til þess að greiða 10 millj. til stuðnings söltun á síld í Faxaflóa. Sérstakur tóbaksskattur var lagður á í þessu skyni, og sá skattur stendur enn. Vitanlega kemur ekki til mála að gefa Eysteini eftir þennan tóbaksskatt, þó að hann hafi komið auga á hann og áliti, eins og vant er, að allir skattar eigi að renna í ríkissjóð.

Þannig eru útgjöld framleiðslusjóðs augsýnilega áætluð of há um 36 millj. kr. Útgjöld sjóðsins vegna útgerðar og landbúnaðar mætti þá telja 152 millj. mínus 36, eða 116 millj. Upp í þá fjárhæð eru til í bílasjóði togaranna 15 millj., *og fullvíst má telja, að í bílasjóðinn komi á öllu* þessu ári 16 millj. kr. eða helmingi meira en ríkisstj. vill vera láta.

Þegar tillit hefur verið tekið til þessa, þarf að afla sjóðnum tekna, sem nema 85 millj., eða 70 vegna útgerðar og 15 vegna landbúnaðar. Þetta er hið sanna í málinu, en áætlanir ríkisstj. eru miðaðar við að gera álögurnar sem mestar. Er það auðvitað í fullu samræmi við þá höfuðstefnu stjórnarinnar að hækka skatta og tolla sem mest til þess að draga úr of miklum kaupmætti almennings.

En 70 millj. til útgerðar og 15 til landbúnaðar eru gífurlega miklar uppbætur þrátt fyrir allt, munu ýmsir segja, og vissulega er það rétt. Hér er um miklar fjárhæðir að ræða, þegar þess er *jafnframt gætt, að auk þessa hefur svo bátaút*vegurinn bátagjaldeyriskerfið, sem gefa mun um 130 millj. kr. á ári.

Ríkisstj. hefur hagað afgreiðslu þessara útgerðarmála þannig á undanförnum árum, að Alþ. hefur næstum ekkert haft með þau að gera. Bátagjaldeyrisreglurnar eru ákveðnar án samþykkis Alþ., og vegna þess hafa stjórnarandstæðingar ekki haft aðstöðu til að koma fram með neinar brtt., þegar gengið hefur verið frá þeim samningum. Enn heldur stjórnin þessum hætti með helming þeirra ráðstafana, sem gerðar eru nú fyrir útgerðina. Stjórnarandstaðan hefur ekki heldur fengið tækifæri til þess að fylgjast með athugunum og útreikningum, sem fram hafa farið á rekstri bátaflotans og frystihúsanna. Reglur um skiptingu þessa fjár úr framleiðslusjóði á milli einstakra útgerðaraðila verða því algerlega að skrifast á reikning stjórnarflokkanna.

En hvernig stendur á því, að þörf getur verið á öllum þessum fjárframlögum til útgerðarinnar? Ríkisstj. heldur því fram, að orsökina sé að finna í of háu kaupgjaldi, að fólkið, sem vinnur í frystihúsunum og við fiskverkunina, og sjómennirnir beri of mikið úr býtum. Í krafti þessarar skýringar segir hún, að rétt sé að hækka tolla og söluskatt á öllum almennum vörum, að hækka verðlag þess varnings, sem hið vinnandi fólk kaupir. Þetta er ofur einfalt, þannig liggur málið við frá hálfu ríkisstj., eða eins og forsrh. segir og blöð hans: Það, sem fólkið hefur tekið um of af atvinnuvegunum, verður að taka af því aftur í hækkuðu verðlagi.

Við sósíalistar höfum hins vegar haldið því fram, að öðru væri um að kenna en of háu kaupgjaldi þeirra, sem að framleiðslunni vinna. Kaup verkafólks og sjómanna hefur að vísu hækkað, en fyrst og fremst sem afleiðing af dýrtíðarstefnu stjórnarinnar. Við höfum aftur á móti bent á,

að það er annað, sem veldur erfiðleikum framleiðslunnar, það er skefjalaus gróði milliliða á viðskiptum við atvinnuvegina, og því hefur stefna okkar verið sú og er enn í dag, að það, sem útgerðina sannanlega vantar sér til stuðnings, beri fyrst og fremst að taka af okurgróða milliliða þeirra, sem mest fékletta útgerðina.

Deilan nú í dag um frv. ríkisstj. til stuðnings útgerðinni snýst því um það, hver á að bera byrðarnar, hver eða hverjir eiga að greiða þær 85 millj., sem samkvæmt grg. ríkisstj. þarf að leggja framleiðslunni á þessu ári umfram bátagjaldeyriskerfið og bílaskatt togaranna.

Athugum lítillega viðskipti nokkurra þeirra fyrirtækja og stofnana, sem skipti eiga við útgerðina. Tökum fyrst bankana. Samkvæmt opinberri skýrslu frá Framkvæmdabankanum nam gróði bankanna og sparisjóða 57 millj. árið 1953 og 55 millj. 1954. Þessi gífurlegi gróði er nær allur hjá bönkunum, því að rekstur sparisjóðanna sýndi lítinn hagnað. Er nokkurt vit í því, að bankar landsins græði þannig ár eftir ár, á sama tíma sem aðalatvinnuvegirnir eru reknir með styrkjum?

Mikinn hluta þessa gróða taka bankarnir beint af framleiðslunni, og allur skellur þessi gróði þeirra af fullum þunga á útflutningsframleiðslunni. Þegar bankarnir taka háa vexti af verzluninni, leggur hún þá strax á vörur sínar, en hækkandi vöruverð framkallar hækkandi kaup og skellur þannig á útflutningsframleiðslunni. Háir vextir bankanna á húslánum hækka auðvitað húsverð og húsaleigu, sem aftur kemur fram í hækkandi kaupi, sem bitnar á útflutningsframleiðslunni. Þannig hvílir allur gróði bankanna sem baggi á framleiðslunni.

Við sósialistar leggjum til, að á þessu ári verði bankarnir látnir greiða 25 millj. eða sem nemur hálfs árs gróða sínum í sjóð til stuðnings framleiðslunni.

Tökum næst viðskipti olíufélaganna við útgerðina. Í desembermánuði s. l. var verð á hráolíu, olíu þeirri, sem bátaflotinn notar, 376 kr. hærra hér á landi en í fiskibæ í Þýzkalandi, og svipaður er verðmismunurinn í sambandi við önnur nálæg lönd. Verð þessarar olíu er um 70% hærra hér en þar. Togaraolían var 66 kr. hærri tonnið hér, eða um 20% dýrari. Samkvæmt þessum verðmun er ársnotkunin af olíu seld hér um 50 millj. kr. dýrar en í Þýzkalandi. Flutningsgjald á olíu er þó ekki hærra hingað en til Þýzkalands frá aðaloliuafgreiðslulöndunum. Engin frambærileg skýring er til á þessum mikla mismun. En það, sem almenningur sér, er, að olíufélögin hafa staðið í gífurlegum fjárfestingum og byggt upp þrefalt dýrara dreifingarkerfi og stærri tankstöðvar en hóflegt hefði verið. En olíufélögin eru óskabörn stjórnarflokkanna. Stjórnendur þeirra og eigendur eru máttarstólpar beggja stjórnarflokkanna. Nýlega hafa olíufélögin stórhækkað togaraolíu, þannig að þau munu taka um ⅓ allrar þeirrar hækkunar, sem nú á að veita togurunum samkvæmt frv. stjórnarinnar. Næstu daga verður bátaolían stórhækkuð. Olíufélögin munu því sækja sinn hluta af styrkjunum, sem nú á að veita útgerðinni, eins og þau hafa gert að undanförnu.

Við sósialistar leggjum til, að olíufélögin verði skattlögð á þessu ári um 20 millj. kr. í aukaskatt, sem renni í sjóð útvegsins, og að jafnframt verði þess gætt, að þau fái ekki að hækka verðið vegna þessa sérstaka skatts. Það er alveg óhjákvæmilegt fyrir alla þá, sem í fullri alvöru vilja hugsa um þá lausn á útgerðarmálunum, sem nú er rædd, og sjá, hvert ætlunin er að sækja þær milljónir, sem framleiðsluna vantar, að gera það undanbragðalaust upp við sig, hvar í flokki sem þeir annars standa, hvort þeir telja eðlilegra og réttlátara, að almenningur greiði þær milljónir, sem hér er rætt um, í formi hækkaðs vöruverðs eða að olíufélögin verði látin skila aftur hluta af sínum gróða.

Tökum næst flutningaskipafélögin, sem rakað hafa saman fé á undanförnum árum á því að flytja framleiðslu útgerðarinnar á erlendan markað og koma aftur til baka með ýmiss konar varning fyrir andvirði þeirrar sömu framleiðslu.

Á nokkrum árum hefur S. Í. S. eignazt sex góð flutningaskip eingöngu fyrir gróða af þessari þjónustu, Eimskip hefur eignazt sína stóru og dýru Fossa fyrir gróða af sömu þjónustu, og fleiri skipafélög hafa grætt vel, enda hafa þessi skipafélög notið sérstakra skattfríðinda á undanförnum árum.

Við sósialistar leggjum til, að skipafélög þessi verði látin greiða aukaskatt, sem nemur 15 millj., til stuðnings útgerðinni.

Tökum vátryggingafélögin. Samkvæmt nýútkominni skýrslu frá Landsbankanum er upplýst, að vátryggingafélög, önnur en Brunabótafélag Íslands og Tryggingastofnun ríkisins, eiga í skráðum skuldabréfalánum rúmlega 60 millj. kr. í árslok 1954. Í sömu skýrslu er sagt frá því, að þessi félög hafi veitt slík skuldabréfalán á árinu 1954 sem nam rúmum 17 millj. kr., aðeins á því ári. Þessar tölur og reyndar margar aðrar sanna gróðarekstur þessara félaga. Við sósialistar leggjum til, að þau verði skattlögð á þessu ári með sérstökum aukaskatti að upphæð 10 millj. kr. til stuðnings framleiðslunni.

Auðvelt væri að benda á ýmsa fleiri aðila, sem drjúgan hagnað hafa af viðskiptum sínum við framleiðsluna, en til þess vinnst ekki tími hér. Það eru líka fleiri aðilar en þeir, sem bein skipti eiga við framleiðsluna, sem græða vel og auðveldlega gætu greitt skatt til stuðnings framleiðslunni. Ég nefni sem dæmi þá, sem mest græða á hernámsvinnunni. Eins og kunnugt er, hafa verið stofnuð nokkur félög, sem sérréttindi hafa fengið til þess að taka að sér tugmilljóna verk á vegum hernámsliðsins. Gróði slíkra verktaka er ábyggilega mikill. Það fer ekki á milli mála, að verktakafélögin, sem vinna fyrir herinn og fram undan eiga verk eins og Njarðvíkurhafnargerðina, sem talið er að muni kosta 150 millj. kr., raka að sér gróða, sem allur sleppur undan skatti.

Við sósialistar leggjum því til, að lagður verði sérstakur skattur, samtals 15 millj. kr., á alla verksamninga slíkra aðila.

Samkvæmt þessum till. okkar væri hægt að afla stuðningssjóði framleiðslunnar 85 millj. kr. á þessu ári, og greiddu þá aðeins þeir þessa fjárhæð, sem sannanlega stórgræða á skiptum sínum

við framleiðsluatvinnuvegina, og þeir, sem græða á hermangi. Þessar skattatillögur okkar gera þó aðeins ráð fyrir því, að lítill hluti gróða þessara aðila verði tekinn.

Þessi tekjuöflun mundi ekki leiða af sér aukna dýrtíð og nýja erfiðleika eins og till. ríkisstj. en hins vegar miða að því að endurheimta nokkuð af því, sem þessir aðilar krefja ranglega til sín af þjóðarframleiðslunni.

Auðvelt væri að benda á ýmsa aðra viðbótartekjustofna, án þess að ráðizt væri að hinu almenna verðlagi í landinu og þá um leið á lífskjör vinnandi fólks. Ég nefni t. d. heildsölugróðann. Blandast nokkrum manni hugur um, að mikill gróði er af heildverzlun á Íslandi? Innflytjendur eru orðnir mikils til allsráðandi um álagningu sína. Verðlagseftirlitið er ekkert nema nafnið. Skyldi vera erfitt að leggja aukaskatt á heildsölugróðann, eða væri ekki réttlátara að leita þangað með nýjar skattaálögur fremur en að íþyngja almenningi frekar en orðið er?

Ég nefni enn fremur, að lagður væri á sérstakur verðbólguskattur, þar sem hluti af verðbólgugróðanum yrði tekinn í almenningsþágu. Hví skyldi t. d. ekki mega skattleggja þann mikla gróða, sem fram kemur, þegar einstakar lóðir hér í Reykjavík eru seldar fyrir 1½ millj. eða 2 millj., eins og nýleg dæmi eru til um? Slík fasteignasala er nú skattfrjáls með öllu, því að viðkomandi aðilar segjast hafa átt eignirnar í meira en þrjú ár, og þá er sölugróðinn skattfrjáls samkvæmt okkar skattalögum. Hér er um stórfelldan verðbólgugróða að ræða, sem á að skattleggjast og það miklu fremur en þurftartekjur, eins og nú er ætlunin að gera.

Það geta engar deilur verið um það, að hægt er að afla þeirra tekna, sem hér er talað um að flytja yfir til framleiðslunnar. Deilan er um það, hver á að greiða það, sem á vantar. Deilan stendur einfaldlega um það, hverja á að skattleggja. Ríkisstj. heldur sér við sitt gamla heygarðshorn og vill hækka tolla á matvörum, hækka tolla á fatnaði og yfirleitt öllum nauðsynjavörum. Hún vill, að almenningur borgi það, sem framleiðsluna vantar. En við sósialistar bendum á, að þeir, sem sannanlega hafa mergsogið útgerðina og komið hafa henni á styrkjastigið, eigi að borga. Leið ríkisstj. stefnir út í algert öngþveiti. Hennar leið þýðir 20% hækkun á öllu vöruverði í landinu, sem vitanlega þýðir hækkaða vísitölu og hækkað kaup. Það, sem leið ríkisstj. færir framleiðslunni í svipinn, verður allt aftur tekið af framleiðslunni og ríflega það, þegar líða tekur á árið. Leið okkar er sú leið, sem almenningur í landinu óskar að farin verði. Hún þýðir ekki aukna dýrtíð og kemur því að fullum notum. Því fyrr sem leið okkar sósialista verður farin, að svipta milliliðina aðstöðu til þess að arðræna framleiðsluna, því fyrr losnar þjóðin við þá tilgangslausu og hörmulegu innanlandsstyrjöld, sem stjórnarvöldin hafa haldið uppi gegn vinnandi fólki í landinu.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Er íslenzkt þjóðfélag að liðast í sundur? Svo spurði Bjarni Benediktsson, hæstv. dómsmrh., í ræðu, sem hann hélt nýlega á Varðarfundi. Það var von, að hann spyrði. S. l. 9 ár hefur Sjálfstfl. starfað ötullega að því að liða íslenzkt þjóðfélag í sundur og hefur því miður notið til þess aðstoðar þeirra manna, sem illu heilli hafa farið með forustu Framsfl. og Alþfl. Þetta er stefna kalda stríðsins, sem stjórnað er frá Bandaríkjunum og íslenzkt þjóðfélag hefur þjáðst undir í nálega áratug.

Þessi stefna hefur valdið íslenzkum almenningi þungum búsifjum. Hins vegar hefur lítill hópur manna rakað saman ofsalegum gróða í skjóli hennar. Samkvæmt hagfræðilegum athugunum, sem enginn hefur vefengt, lækkaði kaupmáttur launa almennra verkamanna um 17% á árunum 1947—55, aðeins að því er tekur til þess neyzluvarnings, sem vísitalan er miðuð við. Húsaleiga hefur hins vegar hækkað svo úr öllu hófi, að ekki er sambærilegt við neitt annað. Ef aðeins er tekið tillit til neyzluvarnings, þurftu almenn verkalaun að hækka um 20% árið 1955 til þess að halda í horfinu frá 1947. Ef einnig er tekið tillit til hækkaðrar húsaleigu, þurfti kaupið að hækka um a. m. k. 30%, til þess að verkamenn hefðu sömu laun fyrir 8 stunda vinnudag og í lok nýsköpunartímabilsins.

Öll stefna þeirra ríkisstj., sem með völd hafa farið s. l. 9 ár, hefur stefnt markvisst að þessari kjararýrnun hins vinnandi fólks. Hverjar hafa aðferðirnar verið? Fyrst hefur útgerðin verið skilin frá öðrum þáttum atvinnulífsins, frá vinnslu fisksins og frá verzluninni með afurðirnar. Á öðrum sviðum hefur stefnan verið sú að gefa gróðamynduninni algerlega frjálsar hendur og lausan tauminn. Verðlagseftirlitið hefur verið afnumið, húsaleigulögin afnumin. Með skipulagðri lánsfjárkreppu bankanna hafa okurauðmagninu verið sköpuð hin ákjósanlegustu skilyrði. Komið hefur verið í veg fyrir, að byggð væru íbúðarhús, nema til þess að fullnægja örlitlu broti af þörfinni. Þannig hefur íbúðarhúsaskorturinn sífellt verið að aukast og valdið hinni skefjalausu hækkun húsaleigunnar. Ef miðað er við verðlag á olíu í Vestur-Þýzkalandi, þá er verðmismunurinn á olíunni hér og þar 50 millj. kr. á ári, og má af því nokkuð marka, hver muni vera gróði olíufélaganna hér. Við þetta bætist svo gróði af benzíni, sem mun vera tiltölulega meiri. Gróði bankanna er allt að 60 millj. kr. á ári. Vátryggingafélögin og margir aðrir aðilar, sem láta útgerðinni þjónustu í té, safna óhemjugróða. Öllu þessu hefur Lúðvík Jósefsson gert rækileg skil í ræðu sinni. Síðan kemur gróðinn af fisksölunni, sem vandlega er gætt að halda leyndum fyrir þjóðinni. Allt þetta hvílir á undirstöðuatvinnuvegunum og raunar öll önnur gróðamyndun í þjóðfélaginu, verzlunargróðinn, gróði á okurstarfsemi, fasteignasölu, allur sá gróði, sem safnast á einstakar hendur í sambandi við ástandið í húsnæðismálunum, o. s. frv. Þannig sogast arðurinn af undirstöðuatvinnuvegum landsmanna í hendur milliliða á leið sinni um hringferil viðskiptalífsins.

Það er af þessum ástæðum, að þau firn gerast, á sama tíma sem framleiðsla Íslendinga eykst stórkostlega og þjóðarauðurinn vex, að útgerðarmenn koma nú næstum á hverju ári og bera sig upp undan því, að atvinnurekstur þeirra sé rek-

inn með tapi. Og í hvert skipti hafa valdhafarnir brugðið við og lýst yfir, hver skelfing vofði yfir þjóðinni og að nú yrðu allir að fórna. En allar ráðstafanir hafa jafnan verið á kostnað hins vinnandi fólks. Fyrst kom hin mikla skattahækkun í tíð þeirrar stjórnar, sem Stefán Jóh. Stefánsson hafði forsæti fyrir, síðan gengislækkunin mikla, þegar erlendur gjaldeyrir var hækkaður í verði um 74%, þar á eftir bátagjaldeyriskerfið og loks hin mikla tolla- og skattahækkun, sem nú er verið að samþykkja og nemur yfir 200 millj. kr. samtals samkvæmt áætlun ríkisstj., sem þó er allt of lág, þar af, þegar allt er talið, 60—70 millj., sem renna beint í ríkissjóðinn gersamlega að þarflausu, eins og af eins konar áráttu Eysteins Jónssonar til þess að skattpína landsmenn. Þetta er mesta skattahækkun í þingsögunni. Er nú svo komið, að þeir skattar einir, sem lenda á almenningi, nema ekki minna en 27 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu, og eru þar ekki meðtaldir stighækkandi skattar. Þannig hefur tekizt að gera meira en tvöfalda verðlag á almennum neyzluvörum og margfalda húsaleiguna, og enn skal verðlagið skrúfað upp.

Þessi styrjöld valdhafanna gegn fólkinu hefur leitt til sífelldra árekstra í þjóðfélaginu. Ef laun íslenzkra verkamanna lækka um 20—30%, þá er svo komið, að fjölskyldumenn geta ekki lifað á þeim lengur, og þá er þeim ekkert annað ráð eftir skilið en að leggja til baráttu fyrir hækkun kaupsins. En í hvert skipti, sem til kaupdeilu hefur komið, hafa valdhafarnir tekið forustuna fyrir atvinnurekendum og stundum beinlínis bannað þeim að semja um kauphækkun. Í hvert skipti hefur verið látið sverfa til stáls, hvert verkfall gert að aflraun milli stétta. Þess vegna hafa verkföllin orðið löng og hörð, hvert stórverkfallið rekið annað og staðið vikum saman og stundum mánuðum saman. Kröfur útgerðarmanna hafa ekki heldur verið teknar til greina, fyrr en þeir hafa stöðvað atvinnutækin, og þannig hefur landið verið í eins konar styrjaldarástandi langtímum saman og hin dýrmætu framleiðslutæki legið ónotuð um háþjargræðistímann.

Þannig hefur hundruðum milljóna króna verið kastað á glæ. Stundum hefur herkostnaðurinn orðið engu minni eða jafnvel meiri en kauphækkunin eða stuðningurinn við útgerðina hefur numið á heilu ári.

Í þetta skipti var bátaflotinn stöðvaður í þrjár vikur. Tugum milljóna króna var sóað til einskis. Í þetta skipti mun ástæðan aðallega hafa verið refskák milli stjórnarflokkanna. Þjóðinni verður að blæða, og miklum verðmætum er sóað, eins og í hverju öðru stríði. Þetta er ágæt spegilmynd af þeirri vitfirringu, sem auðvaldsskipulagið er orðið hér á landi undir forustu þeirra afturhaldsstjórna, sem farið hafa með völd í nærri áratug.

Þannig er farið að því að liða íslenzkt þjóðfélag í sundur. Þetta er stefna kalda stríðsins, sem er amerísk stefna í efnahagsmálum og öll miðuð við hernaðar- og yfirdrottnunarþarfir bandarískra auðvaldsins. Ísland hefur verið gert að tilraunasvæði þessarar stefnu með þeim árangri, að það er að glata efnahagslegu sjálfstæði sínu og mun glata því með öllu, ef svo heldur fram. Þjóðin hefur ekki aflað fyrir því, sem hún hefur eytt, með eigin framleiðslutækjum, þrátt fyrir það að framleiðslan hefur stóraukizt og kaupmáttur launanna samtímis rýrnað um 20—30%. Svo óskapleg hefur sóunin verið, sem leitt hefur af þessari helstefnu og atferli hinnar forríku yfirstéttar. Og þetta hefur verið notað til þess að reyna að telja kjark úr íslenzku þjóðinni, til þess að telja henni trú um, að hún geti ekki staðið á eigin fótum og því ekki komizt af án hernámsframkvæmda og amerískrar aðstoðar og afskipta. Og tilgangurinn á bak við allt þetta er að tryggja sér Ísland sem árásarstöð í því kjarnorkustríði, sem er yfirlýst stefna Bandaríkjanna að heyja gegn Sovétríkjunum.

Um það verður nú ekki lengur deilt, hvað yfir Íslandi vofir, ef til styrjaldar kemur. Ein vetnissprengja megnar að gereyða allri byggðinni við Faxaflóa. Um það verður ekki heldur deilt, að Bandaríkin ætla sér að hefja árásir með kjarnorku- og vetnissprengjum, ef í odda skerst. Það er yfirlýst stefna Bandaríkjastjórnar sjálfrar. Um hvað er þá deilt? Það er blátt áfram deilt um það, hvort við eigum að fórna íslenzku þjóðinni fyrir auðvald Bandaríkjanna. Maður kinokar sér við að trúa því, að um slíka hluti skuli þurfa að deila á Íslandi. Þó virðist ekki vera hægt að komast fram hjá þeirri staðreynd.

Og nú beini ég orðum mínum til hvers einstaks Íslendings, hvar í flokki sem hann stendur, og spyr: Er ekki kominn tími til fyrir þjóðina að grípa í taumana?

Stjórnarflokkarnir viðurkenna, að skattahækkanirnar miklu séu ekki nema bráðabirgðalausn, og er það hverju orði sannara. Hitt er þó allur sannleikurinn, að þetta er engin lausn, heldur reyrir þann hnút enn fastar, sem verið er að herða að hálsi íslenzks atvinnulífs. Í hvert skipti, sem gripið hefur verið til slíkra ráðstafana, hefur það haft í för með sér verðhækkanir, sem hafa gert miklu meira en að éta upp þann stuðning, sem útgerðin hefur fengið. Í þetta skipti munu stórfelldar verðhækkanir dynja yfir, varla minna en um 20% almenn verðhækkun á aðfluttum vörum auk mikillar verðhækkunar á innlendum vörum, einungis af völdum þessara skatta. Allar slíkar verðhækkanir auka gróðamyndunina. Með þessu er verið að gera tilraun til þess að ræna öllum kjarabótunum, sem verkamenn náðu í vor. Verkalýðssamtökin hljóta því að rísa til varnar að nýju.

Sú staðhæfing, að kauphækkanirnar í vor eigi sök á þessum ráðstöfunum, er svo mikil firra, að furðulegt er, að slíkt skuli kinnroðalaust borið á borð fyrir vitiborna menn. Þegar kaup lækkar um 20—30% og aðeins lítill hluti þessarar kauphækkunar vinnst aftur, hvernig er þá hægt að halda því fram, að kauphækkun eigi sök á vandkvæðunum? Hvernig getur lækkandi kaupgjald átt sök á verðþenslu í þjóðfélaginu? Öll kauphækkunin í vor, verkamönnunum til handa, mun ekki hafa numið hærri upphæð, miðað við eitt ár, en sem svarar 30—40% þeirra skatta, sem nú er verið að leggja á. Olíuhringarnir einir saman mundu leikandi geta greitt þessa kauphækkun alla af tveggja ára gróða. Greiðsluafgangur ríkissjóðs

nálgast það að nema sömu upphæð og öll kauphækkunin í vor. Ég miða hér við dagkaup. Og aðeins lítill hluti kauphækkunarinnar lendir á útgerðinni. Jafnvel formaður Framsfl. lýsir því yfir í áramótagrein sinni, að kenningin um, að kauphækkanirnar eigi sök á verðþenslunni, sé firra ein og fjarstæða. Hver heilvita maður veit, að hin skefjalausa verðhækkun er orsök kauphækkunarinnar, en ekki öfugt.

Hin mikla rýrnun á kaupmætti launanna er bein afleiðing þeirrar stefnu, sem styðst við erlenda hagsmuni og hagsmuni þess hluta íslenzka auðvaldsins, sem er í beinustum tengslum við hið erlenda vald. Bezta dæmið um það, til hvers ófarnaðar þessi stefna hefur leitt, er ástandið í húsnæðismálunum. Það gerðist samtímis, að húsaleigulögin voru afnumin og húsbyggingar takmarkaðar mjög. Þetta hefur leitt til einhvers hömlulausasta okurs á húsnæði og lánsfé til húsabygginga, sem þekkist á byggðu bóli. Þegar mörg heimili þurfa að greiða helming launa sinna fyrir húsnæði, þá er þar komin ein augljósasta skýringin á því, að það skuli gerast samtímis, að menn skuli verða að leggja hart að sér 11 stundir á dag til þess að geta séð heimili sínu farborða og undirstöðuatvinnuvegurinn samt sem áður rekinn með tapi, þrátt fyrir það að framleiðsluafköst íslenzka fiskiflotans eru einhver hin mestu í heimi.

Í sambandi við hernámið hafa skapazt náin tengsl milli amerísks og íslenzks auðvalds, og þar er ein helzta rótin að hinu sjúklega ástandi íslenzks atvinnulífs. Hernámsframkvæmdirnar hvíla eins og martröð á íslenzku atvinnulífi, svo að stefnt er að eyðingu byggðarinnar á mörgum stöðum á landinu. Sníkjulíf auðugasta hluta íslenzku burgeisastéttarinnar gegnsýrir allt þjóðlífið með þeirri spillingu, sem blasir við hverjum manni og orðið er eitt mest áberandi einkenni daglegs lífs á Íslandi.

Stjórnarflokkarnir segja, að þessi skattahækkun, sem nú er verið að samþykkja, sé aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Hver á þá að verða frambúðarlausn stjórnarflokkanna? Ekki er vitað, að þeir hafi komið auga á nema eina leið, og það er ný gengislækkun, sem þeir munu telja gagnslausa án kaupbindingar, og til þess þarf að efla ríkisvaldið. Slíkt verður ekki framkvæmt nema með ofbeldisráðstöfunum. Þetta er það, sem vakir fyrir hæstv. dómsmrh. í ræðum hans um nauðsynina á styrkingu ríkisvaldsins.

Ég veit, að það má heita einróma álit verkamanna, að nú sé kominn tími til að rísa til varnar, og nú þarf að gera meira en að leggja til verkfalls fyrir hækkuðu kaupi, til þess að dugi. Nú ætti það að vera ljóst hverjum manni, að það dugir ekkert minna en að hið vinnandi fólk taki höndum saman til þess að taka stjórnartaumana í sínar hendur. Þetta er nú að verða almenningi ljóst, og það hefur risið sterk alda í öllum andstöðuflokkum íhaldsins, sem krefst slíkrar samfylkingar. Frumkvæði Alþýðusambandsins um að koma af stað viðræðum milli andstöðuflokka íhaldsins um samstarf og stjórnarmyndun hefur fengið einróma undirtektir meðal fólksins um land allt.

Í stefnuyfirlýsingu Alþýðusambandsins, sem lögð hefur verið fram sem umræðugrundvöllur, eru öll þau meginatriði, sem Sósfl. hefur barizt fyrir á undanförnum árum: Uppsögn hernámssamningsins og brottför hersins, kaup á allt að 20 togurum til landsins og undirbúningur að smíði margra vélbáta, fiskvinnsluaðstaða vélbátaflotans verði stórbætt og fiskiðjuver reist, breytt verði um stefnu bankanna og vextir lækkaðir, ríkið taki útflutning sjávarafurða í sínar hendur og gróðinn á innflutningnum takmarkaður með róttækum ráðstöfunum, hafið verði mikið átak í húsnæðismálunum og stefnt að því, að húsaleiga þurfi ekki að vera hærri en 10% af launum. Í stuttu máli: Ráðstafanir til þess að koma íslenzku atvinnulífi á réttan kjöl, sporna við verðþenslu og ofsagróða millilíða, tryggja öllum Íslendingum atvinnu við íslenzk framleiðslustörf, tryggja verðgildi launanna og bætt kjör hins vinnandi fólks, tryggja það, að framleiðslan geti haldið áfram óslitið og ótrufluð.

Verkalýðsfélögin um allt land hafa fagnað þessu frumkvæði Alþýðusambandsins af heilum hug og lýst samþykki sínu við stefnuyfirlýsingu þess. Meðal annars vinnandi fólks til sjávar og sveita hefur það einnig vakið fögnuð. Eitt bezta dæmið um undirtektir almennings er hinn fjölmenni fundur, sem fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík hélt fyrir viku, þar sem fulltrúar frá öllum andstöðuflokkum íhaldsins töluðu og voru á einu máli um nauðsyn vinstri fylkingar í landinu, er hefði nána samvinnu við verkalýðssamtökin.

Sósfl. hefur lýst samþykki sínu við stefnuyfirlýsingu Alþýðusambandsins. Framsfl. og Alþfl. hafa hins vegar ekki svarað, en á sama tíma hafa hægri menn Alþfl. og Framsóknar setið að samningum um að skipta á milli sín kjördæmunum og styðja hvor annan á víxl í kosningum, sem efnt yrði til í sumar. Um þessa ráðstöfun á kjósendum flokkanna mun þegar hafa náðst samkomulag, án þess að enn væri minnzt á stefnumál. Það kemur fyrst í annarri röð hjá þeim herrum. Þetta er tilraun til þess að sundra fylkingum vinstri kjósenda á Íslandi og getur því í reynd ekki orðið annað en þjónusta við íhaldið. Allir vita, hversu vonlaust verk það væri fyrir slíka fylkingu að fá nokkra aðstöðu til stjórnarmyndunar á eigin spýtur að kosningum loknum. Þetta vita þeir líka bezt sjálfir, því að bæði Framsókn og hægri menn Alþfl. búast við tapi. Samt hafa þeir hugsað sér að lýsa því yfir, að samstarf við Sósfl. komi ekki til mála. Af þessu mega allir sjá, í hverju bragðið á að vera fólgið. Eftir slíkar kosningar væri bersýnilegt, að ekki kæmi nema tvennt til mála: stjórnarmyndun með Sósfl. eða íhaldinu. Samstarf við Sósfl. ætla þeir að útiloka fyrir fram. Þá er aðeins eitt eftir skilið, ný samstjórn með íhaldinu. Og þá yrði sagt við fólkið: Sjáið þið nú til, einhver stjórn verður að vera í landinu. Við verðum að halda áfram að gera út. Ekki verður unnið með Sósfl., þess vegna verðum við að vinna með íhaldinu. Þess vegna verðum við að lækka gengið, hefta frelsi verkalýðsfélaganna, með öllu því, sem því fylgir, o. s. frv. Um aðra stefnu er ekki hægt að fá samkomulag. — Og nú mundu vera 4 ár til stefnu. Það er hægt að gera ýmsa hluti að afloknum kosningum, sem

ekki er hægt að gera fyrir kosningar. Þetta er sama bragðið sem leikið hefur verið hverjar kosningar eftir aðrar, svo að almenningur ætti að vera farinn að átta sig, enda held ég, að nú séu flestir Íslendingar sammála þeim orðum Einars Olgeirssonar, að sá, sem ekki vill myndun vinstri stjórnar fyrir kosningar, ætlar sér að vera með í íhaldsstjórn eftir kosningar. Fyrir kjósendur hægri manna í Alþfl. ætti það að vera augljóst, að stuðningur við Framsókn undir slíkum kringumstæðum gæti ekki orðið annað en beinn stuðningur við íhaldið.

Alþingi er nú þannig skipað, að þeir, sem þangað hafa komizt á atkvæðum vinnandi manna til sjávar og sveita, eru þar í meiri hluta. Það er því ekki eftir neinu að bíða fyrir þá, sem raunverulega vilja undanbragðalaust samstarf alþýðunnar í landinu og vinstri ríkisstj. á þeim grundvelli. Það er hægt að gera strax. Afstaða manna til stjórnarmyndunar nú er því prófsteinninn á það, hvort þeir vilja raunverulega vinstri stjórn eða ekki, hvort þeim er alvara, þegar þeir segjast vera andstæðingar íhaldsins, eða hvort þeir fara með fals eitt. Í öllu falli má það ekki koma fyrir, að þegar til kosninga kemur, hvenær sem það verður, gangi fulltrúar alþýðunnar sundraðir til þeirra. Það er lífsnauðsyn fyrir íslenzka alþýðu og raunar fyrir íslenzku þjóðina alla að breyta skipan Alþingis, svo að þar verði raunverulegir vinstri menn í meiri hluta, sem gangi heils hugar til samstarfs við alþýðusamtökin. Það verður að lýsa hvern þann varg í véum, sem reynir að koma í veg fyrir það samstarf eða skerast úr leik. Og hvenær sem íslenzk alþýða verður kvödd að kjörborðinu, þá verður hún að sýna það, svo að ekki verði um villzt, að hún þolir engum það, að hann setji pólitíska braskhagsmni sína ofar heildarhagsmunum alþýðunnar og þeirri einingu hennar, sem er nauðsynleg til þess að sigra afturhaldsöflin.

Barátta Sósfl. í áratug hefur borið ávöxt í þeirri sterku samstarfs- og samfylkingaröldu, sem nú er að rísa. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, hvaða afstöðu sem menn annars hafa til Sósfl., að framtíð þessarar hreyfingar, sem heill Íslands er undir komin, fer fyrst og fremst eftir styrkleika hans. Alþýðan hefur reist þessa öldu með því að fylkja sér um þá stefnu, sem Sósfl. hefur alla stund barizt fyrir. Nú vantar aðeins herzlumuninn, til þess að dugi til þess að bjarga þjóðinni úr niðurlægingu 10 ára óstjórnar. Hvenær sem kosningar verða, verður fólkið því að fylkja sér um Sósfl. og aðra þá, sem verða í bandalagi við hann um stefnu Alþýðusambands Íslands. Það mun verða sá herzlumunur, sem dugir.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þegar maður kemur hér inn í eldhús hæstv. ríkisstj. til að gera þar dálitla hreingerningu, liggur við, að manni fallist hendur. Svo mikið er verkefnið, að þess er enginn kostur að gera því viðhlítandi og verðug skil á stuttri stundu. Þó skal þess freistað að drepa niður hér og þar.

Verður þá fyrst fyrir að renna augunum á það góðgæti, sem stjórnin hefur verið að matreiða síðustu vikurnar og loks var á borð borið nú á laugardaginn var. Eru það tveir réttir, og hefur yfirbrytinn, hæstv. forsrh., haft veg og vanda af öðrum, en fyrsti matsveinn, hæstv. fjmrh., einkum séð um hinn. Gefst nú landslýð á að bragða, hversu gómsætir eru réttirnir. Hér er um að ræða lagafrv. tvö, og er annað þeirra, hið minna, raunar þegar orðið að lögum, en hitt er enn til meðferðar í Nd. Hér er í stuttu máli um það að ræða, samkvæmt áætlunum ríkisstj. sjálfrar, að leggja um 200 millj. kr. nýja skatta á þjóðina. Skal fjórðungur þess fjár renna í ríkissjóð, en um ¾ í svonefndan framleiðslusjóð, sem einkum er það hlutverk ætlað að greiða sönnuð og ósönnuð töp togara, vélbáta og hraðfrystihúsa. En eins og færðar hafa verið sönnur á í umr. á Alþingi síðustu daga, er hér ekki aðeins um 200 millj. kr. álögur að ræða, heldur eru áætlanir stjórnarinnar auðsjáanlega allt of lágar, og verða þessir nýju skattar naumast lægri en 240—250 millj. Hér er því um að ræða skatt, sem nemur um 1500 kr. á hvert mannsbarn í landinu, eða nær 7500 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu.

En leggst þetta ekki einkum á þá ríku og tekjuháu, á auðfélög og aðra þá aðila, sem beinlínis hafa grætt stórfé á verðbólgunni? Eru peningarnir ekki teknir þaðan, sem þeir eru mestir fyrir? Nei, svo vísdómslega er öllu ráðstafað, að allt eru þetta neyzluskattar og beinar hækkanir á vörum, sem allur almenningur er neyddur til að kaupa eða verður að borga að langmestu leyti í einni eða annarri mynd.

Stórkostlegastur er 9% skattur, sem lagður er á nær allar innfluttar vörur í viðbót við söluskatt og alla aðra tolla og skatta, sem fyrir eru. Þá er tekið nýtt aukagjald (3%) af innlendri framleiðslu og þjónustu. Þetta hvort tveggja jafngildir því, að söluskatturinn hafi verið um það bil tvöfaldaður, enda á þetta gjald samkvæmt áætlunum ríkisstj. að nema 150 millj. til ársloka, en verður vafalaust allmiklu hærra. Þá er álag á vörumagnstoll hækkað nokkuð og álag á verðtoll nær tvöfaldað. Hækkaður er tollur á innlendum iðnaðarvörum með 40% álagi á gjald það, sem áður var innheimt. Innflutningsgjald af benzíni hækkar um 20 aura á lítra, skattur af bifreiðum og bifhjólum er tvöfaldaður og innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum tvöfaldað. Loks fá húsmæður alveg sérstakar vinarkveðjur frá ríkisstj., því að auk þeirra stórfelldu verðhækkana, sem koma á allan innflutning, skal leggja 30% aukagjald á flestar tegundir búsáhalda og nýja og þurrkaða ávexti. Sama gjald kemur einnig á smíðatól og verkfæri.

Eins og hverjum manni má verða ljóst af þessum tölum, þótt mjög sé hér stiklað á stóru, hlýtur af þessum gífurlegu álögum að leiða óstöðvandi verðbólgu með áframhaldandi víxlverkunum á kaupgjald og verðlag. Er og auðsætt, að þessar ráðstafanir reynast framleiðslunni skammgóður vermir og innan fárra mánaða verður allt efnahagskerfið hálfu meira úr skorðum gengið en þegar er orðið. Traustið á gjaldmiðlinum var veikt áður, nú mun það með öllu hverfa.

Við stjórnarandstæðingar höfum sýnt fram á það í umræðum um þessi mál undanfarna daga, að ekki sé þörf þeirrar auknu skattheimtu ríkis-

sjóði til handa, sem nú er knúin í gegn. Eins og mörg undanfarin ár eru flestir helztu tekjuliðir á fjárlagafrv. tvímælalaust of lágt áætlaðir, beinlínis í því skyni, að ríkisstj. hafi sem allra mestar umframgreiðslur til ráðstöfunar að eigin geðþótta. Það teljum við þarflaust og raunar ósið. Við höfum því lagt til, að tekjuáætlunin verði leiðrétt, og lítum svo á, að ríkissjóður hefði ekki þurft auknar tekjur, til þess að hægt væri að afgreiða *hallalaus fjárlög*.

Því verður ekki neitað, að sjávarútvegurinn býr nú við þröngan hag og óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir til að rétta hlut hans. Hallarekstur báta- og togaraflotans stafar af tvennu: hinni almennu verðbólgu, sem stjórnarstefna undanfarinna ára á meginsök á, og þó ekki síður hinu, hve margar afætur raka til sín gróða á kostnað framleiðslunnar. Hitt er fásinna, sem málpípur Sjálfstfl. og sumir útvegsmenn halda fram, að orsökin sé sú, að sjómenn beri of mikið úr býtum, en þá kenningu las ég m. a. í Morgunblaðinu s. l. föstudag. Hversu þetta er mikil blekking, sést bezt á því, að togaraeigendur töldu sig þurfa 6500 kr. á úthaldsdag hvers togara, til þess að *reksturinn bæri sig*. Mun láta nærri, að það samsvari kaupi allrar áhafnar skipsins. M. ö. o.: Þá fyrst, ef allir skipverjar ynnu algerlega kauplaust allan ársins hring, mundi útgerðin nálgast það að bera sig. Væri kaup sjómanna lækkað um helming, hrykki það engan veginn til. Það væri stórtap á togurunum samt. Nei, það er einhvers staðar annars staðar en í of háu kaupi sjómanna, sem orsaka hallarekstrarins er að leita.

Við þjóðvarnarmenn viðurkennum, að útflutningsframleiðslan á við erfiðleika að etja og skylt er að rétta hlut hennar. En það verður ekki gert á varanlegan hátt með beinum styrkjum, jafnvel þótt peningarnir væru fengnir á annan og skaplegri hátt en þann, sem stjórnarflokkarnir leggja nú til, en þar er sannarlega valin versta og vitlausasta leiðin. Hér þarf að leita dýpra og grafa fyrir rætur meinsins.

Hv. 8. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, sem talar hér á eftir, mun gera grein fyrir stefnu okkar þjóðvarnarmanna í þessum málum, og bið ég hlustendur að bera þær till. saman við skattpíningar- og styrkjavitleysu hæstv. ríkisstj.

Sá maður mun nú vandfundinn, hvort sem leitað er meðal stjórnarandstæðinga eða stjórnar*sinna*, að *hann* viðurkenni ekki, hátt eða í hljóði, að efnahagslíf okkar Íslendinga er sjúkt. Sóttin elnar stöðugt, og hinar svokölluðu lækningatilraunir hafa allt til þessa ýmist reynzt kák eitt eða verra en það. Sumar þeirra hafa verkað sem olía á eld. Sjúkdómseinkennin eru glögg og hverju mannsbarni kunn. Hagkerfið er að sporðreisast og allt að steypast á kaf í svelg verðbólgu og dýrtíðar. Allir þykjast vera andvígir þessari þróun og leggja réttilega á það áherzlu, að hún hljóti að leiða yfir þjóðina algert fjárhagshrun. Síðan skilur leiðir. Menn deila hart um það, hverjum þetta ástand sé að kenna, hverjir beri meginábyrgðina. Þá eru ekki síður skiptar skoðanir um hitt, hvernig eigi að mæta þessum vanda, hvaða ráðstafanir beri að gera til að komast upp úr feninu.

Ég vík fyrst að fyrra atriðinu, hverjar séu meginorsakir ófarnaðarins og hverjir beri höfuðábyrgð á verðbólgustefnunni.

Hæstv. ríkisstj. og málpípur hennar á fundum og í blöðum eru ekki í vandræðum með að finna sökudólginn. Einkum hafa talsmenn Sjálfstfl. sig þar mjög í frammi og láta ekkert tækifæri ónotað til að fræða landslýðinn á því, að öllu böli valdi heimtufrekja og óbilgirni verkamanna, *sjómanna og annarra launastétta, sem séu* að sliga atvinnuvegina með kröfum sínum um allt of hátt kaup. Hinir æðstu valdamenn hafa dyggilega stundað þá iðju að ausa sér yfir hið vinnandi fólk og kenna því um vöxt verðbólgu og dýrtíðar og flest annað, sem aflaga fer í þjóðlífinu. Þykir einkar vel við eiga að boða þessa kenningu við hátíðleg tækifæri, þegar enginn er til andsvara, svo sem í landsföðurlegum útvarpsboðskap á þjóðhátíðardaginn og um áramót. Og gjarnan er klykkt út með beinum hótunum um, að allt skuli aftur tekið af hinu vinnandi fólki, ef það skyldi freista þess að rétta hlut sinn í flóði dýrtíðarinnar, og jafnvel meira til, hagur þess skuli gerður enn verri en hann áður var. Þarna er *sökudólgurinn fundinn* samkvæmt gamalkunnri forskrift frá Adolf Sáluga Hitler, sem kenndi Gyðingum um allt hið illa, sem þýzku þjóðina hrjáði. Það eru alþýðustéttirnar, segja þessir menn, fólkið, sem með vinnu sinni ber uppi þjóðfélagið og framleiðir verðmætin, — það er þetta fólk og heimtufrekja þess, sem veldur dýrtíðinni og sligar atvinnuvegina. Þá gegnir víst eitthvað öðru máli um blessaða milliliðina, þessa fórnfúsu og göfuglyndu þjóðfélagsþegna, sem miða allt starf sitt við þjóðarhag og dettur aldrei í hug að taka eyrisvirði af neinum umfram það, sem brýnasta nauðsyn krefur. Þar eru nú ekki maðkarnir í mysunni. Eða hefur ekki sjálfur dómsmrh. landsins, annar aðalforingi Sjálfstfl., sannað það í snjallri ræðu á Varðarfundi, síðan birtri með breyttu letri í Morgunblaðinu, að framfarir á Íslandi hafi vaxið í réttu hlutfalli við fjölgun og bætta aðstöðu milliliðanna? Rökrétt ályktun þessarar sagnfræðikenningar hlýtur að vera sú, að því fleiri sem milliliðirnir séu og því betri aðstöðu sem þeir hafi, því meiri verði velmegun þjóðarinnar.

Við skulum nú athuga lítillega þessar kenningar íhaldsforkólfanna. Þess er ærin þörf, ef gera á sér grein fyrir eðli núverandi stjórnarstefnu, þar sem ekki verður annað séð en hún byggist í megindráttum á fyrrgreindu viðhorfi til milliliða og auðstétta annars vegar og alþýðustétta hins vegar.

Í nær 17 ár samfellt hefur Sjálfstfl. verið aðili að stjórn landsins og jafnan haft sterka aðstöðu til áhrifa á efnahagsþróunina. Mikinn hluta þess tíma hefur Framsfl. einnig átt fulltrúa í ríkisstj. Þessir tveir flokkar hafa öll þessi ár haft yfirgnæfandi meiri hluta þm. að baki sér, enda þótt þeir hafi báðir verið að tapa fylgi með þjóðinni. Stefna þessara tveggja flokka hefur því mótað efnahagsþróunina nú um langt skeið, og þeir bera höfuðábyrgð á henni, hvernig sem þeir reyna að skella skuldinni á aðra, þegar afleiðingarnar af óstjórn þeirra eru orðnar lýðum ljósar í öllum sínum nöturleik. Stjórnar-

flokkarnir og þeir einir höfðu í höndum sér að gera í tíma þær ráðstafanir, sem komið gátu í veg fyrir verðþenslu, en þeir létu það ógert. Þeir gerðu hins vegar aðrar ráðstafanir, sem hver viti borinn maður hlaut að sjá að leiða mundu til stóraukinnar verðbólgu og stuðluðu beinlínis að hruni íslenzks gjaldmiðils.

Ég mun ekki að þessu sinni rekja þá sögu langt aftur í tímann, enda hefur það oft verið gert áður, bæði af mér og öðrum, en læt nægja að stikla á stóru um afrekaskrá núverandi ríkisstj., þeirrar er mynduð var sumarið 1953 undir forsæti Ólafs Thors.

Eitt af því, sem ríkisstj. og þá einkum ráðh. Sjálfstfl. lögðu ríka áherzlu á í árdaga þessarar stjórnar, var aukið frelsi í verzlun og framkvæmdum. Og svo ljómaði dagur þess frelsis, sem íhaldið hafði heitið þjóðinni. Leystar voru nálega allar þær hömlur, sem nokkuð höfðu haldið niðri hóflausri álagningu. Alls konar varningur var gegndarlaust keyptur fyrir dýrmætan gjaldeyri þjóðarinnar, þarflaus jafnt sem þarfur. Og þar sem gróði innflytjenda og milliliða var einatt mestur á margvíslegu fánýtu dóti og glingri, var innflutningur hvers kyns óþarfa gegndarlaus. Brátt kom í ljós, hvers konar frelsi það var, sem íhaldið barðist fyrir. Það var frelsi milliliða og annarra gróðamanna til að leggja skatta á almenning, frelsi þeirra til að hagnýta gjaldeyri landsmanna til aukinna fríðinda og forréttinda sér til handa. Það var frelsi auðsins á kostnað vinnunnar, frelsi afætunnar á kostnað hins starfandi manns. Að sjálfsögðu sýndi það sig áður en langt leið, sem allir máttu raunar vita fyrir, að hér var ekki um neitt varanlegt viðskiptafrelsi að ræða. Útflutningnum var haldið í viðjum eins og áður, og þegar gjaldeyririnn var upp étinn, tóku við raunverulegar gjaldeyrishömlur á ný, að þessu sinni í höndum bankanna, þar sem Sjálfstfl. ræður lögum og lofum. En miklum dýrmætum gjaldeyri hafði verið sóað í hvers kyns óþarfa. Í stað þess að beina fjármagninu til framleiðslunnar hafði því í vaxandi mæli verið beint í verzlun og brask. Enda þótt kaupa þurfi árlega 2—3 togara til landsins til þess eins að viðhalda flotanum, hefur enginn nýr togari verið keyptur í 7 ár. Svo fast er að þessum atvinnutækjum sorfið, að togari er nú ekki talinn bera sig, nema hann fái allt kaup áhafnarinnar greitt úr ríkissjóði. Aflar þó hver togari gjaldeyris, sem nemur árlega 11—12 millj. kr. að útflutningsverðmæti. En þeir, sem verzla með þann gjaldeyri, sem fyrir aflann fæst, og þeir, sem selja togurunum nauðsynjavörur til rekstrarins, virðast ekki vera á nástrái. Þar sést frelsi íhaldsins í sinni réttu mynd.

Sjávarútvegurinn, stærsti burðarás atvinnulífsins, er mergsoginn, unz hann er að sligast, og þá er fleygt í hann ölmusum, eins og hann væri ómagi á þjóðarheimilinu. En stjórnarherrarnir þykjast eiga svör við þessu. „Ekki er þetta mér að kenna," segir í kvæðinu. Það er nú síður en svo að dómi sjálfstæðisforkólfanna og fylgifiska þeirra, að einokunarpostular útflutningsins, verðbólgubraskarar og hermangarar eigi hér á nokkra sök, þaðan af síður stefna ríkisstj. í efnahagsmálum. Allt á þetta að vera hóflausum kröfum sjómanna og verkamanna að kenna. Ég veit, að sá söngur verður sunginn af stjórnarliðum hér í þessum umræðum. Þeir munu segja, eins og þeir hafa gert hér á Alþ. undanfarna daga, að þessar 250 millj., sem nú á að taka af þjóðinni í nýjum sköttum og tollum ofan á alla súpuna, sem fyrir er, séu óhjákvæmileg skattheimta vegna þeirrar kauphækkunar, sem varð eftir verkfallið á liðnu vori, og þar með þykjast þeir hafa gert hreint fyrir sínum dyrum. Hvað er nú satt í þessu? Furðulítið, þegar nánar er að gáð. Málsvarar ríkisstj. halda því fram, að fyrir verkfallið í vor sem leið hafi verið komið á eitthvert jafnvægi í verðlagsmálum, sem síðan hafi verið rofið að tilefnislausu af verkalýðssamtökunum. Sannleikurinn er sá, að dýrtíðin hélt áfram að vaxa bæði 1953 og 1954 og kaupmáttur launa rýrnaði að sama skapi. Ríkisstj. gerði harla lítið til að hafa hemil á verðlaginu, og sumar ráðstafanir hennar höfðu beinlínis áhrif í þá átt að auka dýrtíðina. Jafnvægið fólst einungis í því, að kaupgjald hélzt að mestu óbreytt þrátt fyrir rýrnandi kaupmátt krónunnar. Rannsóknir sýndu, að á s. l. vetri hafði kaupmáttur launa verkamanns minnkað um 17% frá því, sem hann var fyrir 8 árum, og var þá ekki reiknað með húsaleigukostnaði, en allir vita, að hann hefur aukizt gífurlega og vafalaust miklu meira en nokkur annar hinna stærri kostnaðarliða.

Það hlaut að vera hverjum manni ljóst, nema þá ríkisstj., að verkamenn og aðrir launþegar gætu ekki horft á það endalaust án þess að hafast eitthvað að, að kaupmáttur launa þeirra minnkaði, á sama tíma og þjóðartekjurnar fóru þó vaxandi. Allir heilskyggnir menn hlutu að sjá, að ekki yrði spyrnt við því til lengdar, að launastéttirnar reyndu að velta dýrtíðaröldunni af herðum sér með einhverju móti. Eina skynsamlega úrræðið var að sjálfsögðu að þrýsta niður dýrtíðinni og auka þar með kaupmátt launanna. Við þjóðvarnarmenn börðumst af alefli fyrir því, að sú leið yrði farin, álagning yrði minnkuð og komið á öflugu verðlagseftirliti, söluskattur lækkaður og aðrar ráðstafanir gerðar til að lækka verðlag og klifra niður dýrtíðarstigann.

Slíkar ráðstafanir hefðu ekki aðeins orðið launþegum varanleg kjarabót, heldur einnig reynzt stuðningur við framleiðsluna. Við lögðum áherzlu á það, að eins og nú væri háttað stjórnarfari í þessu landi, mundu allar kauphækkanir hverfa á skammri stundu í gin verðbólgunnar og reynast engin varanleg bót launþegum, stjórnarherrarnir hefðu hótað því, að allt skyldi aftur tekið, sem áynnist í verkfalli alþýðustéttunum til handa, og þeir mundu vissulega standa við þau orð.

Þessi stefna, niðurfærslustefnan, sem flestir munu sjá nú að var hin eina rétta, fékk næsta daufar undirtektir. Frv. okkar þjóðvarnarmanna um lækkun verðlags og verðlagseftirlit fékkst ekki tekið á dagskrá hér á Alþingi. Ríkisstj. sinnti engu öllum aðvörunum okkar og ábendingum. Af fyllsta ábyrgðarleysi lét hún skeika að sköpuðu og hafðist ekki að. Tillögur okkar fengu ekki heldur þann stuðning úr öðrum áttum, sem hefði mátt vænta. Nú eru afleiðingarnar

komnar í ljós og mjög í samræmi við það, sem við var að búast í landi, þar sem stjórnarfarið mótast af fulltrúum auðhyggjumanna og verðbólgubraskara.

Það var vitanlegt, að sú almenna kauphækkun í krónutölu, sem varð á síðasta ári, hlaut að leiða af sér nokkra hækkun, bæði á vöruverði og ýmiss konar þjónustu. En sú gífurlega verðþensla, sem síðan hefur orðið á flestum sviðum og tekur nú stórfellt stökk fyrir atbeina stjórnarinnar, er miklu meiri en svo, að hún verði með nokkru móti réttlætt á þann hátt. Kauphækkunin í fyrra hefur beinlínis verið notuð sem skálkaskjól til hvers konar verðhækkunar, sem á sér litla stoð í kaupi verkamanna eða annarra launþega. Jafnframt hefur það gerzt, að sömu mennirnir sem áttu engin orð nógu sterk til að fordæma og bannfæra tilraunir almennings til að *rétta hlut sinn í dýrtíðarflóðinu hafa ekki einungis* setið auðum höndum án þess að sporna við þessari þróun, heldur beint og óbeint hvatt til verðhækkana á fjölmörgum sviðum og átt að þeim frumkvæði. Svo koma málsvarar þess flokksins, sem þyngsta ábyrgð ber á verðbólgunni, flokksins, sem óvirðir heiti sjálfstæðisins með því að bendla það við pólitískt hlutafélag braskara og fjármálaspekúlanta, og bera það blákalt fram, að alþýðusamtökin og launastéttirnar eigi sök á þeirri verðbólguöldu, sem nú skellur á þjóðinni. Vita það þó bæði sjálfir þeir og allir aðrir, að öfugþróun efnahagsmálanna er fyrst og fremst sök þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið á undanförnum árum og Sjálfstfl. hefur fyrst og fremst mótað, að vísu með leiðtoga Framsfl. á eftir sér í bandi, en áreiðanlega gegn vilja mikils meiri hluta kjósenda þess flokks.

Öll reynsla síðustu mánaða sannar ljóslega, að kjarabarátta almennings, sú er beinist að hækkun kaups, er engan veginn einhlít og veitir litinn varanlegan ávinning, þegar þau öfl ráða *mestu um stjórn landsins, sem berjast fyrir hagsmunum* allt annarra aðila. Alþýðustéttirnar hljóta því að draga af atburðum síðustu missira þann dýrkeypta, en dýrmæta lærdóm, að enda þótt hin beina kjarabarátta sé nauðsynleg, verður hlutur hins vinnandi manns því aðeins tryggður til nokkurrar hlítar, að fulltrúar alþýðustéttanna fari með stjórn landsins og stjórni með almannahag fyrir augum. Dýrtíðarholskeflan, sem nú rís, er ótvíræð sönnun þess, að breytt stjórnarstefna er höfuðnauðsyn.

Íslenzka þjóðin stendur nú á örlagaríkum tímamótum. Um tvær leiðir er að velja: annars vegar leið íhaldsins, leið verðbólgubraskara og hermangara. Vörðurnar við þann veg eru óhemjulegar nýjar álögur, fyrst og fremst neyzluskattar á almenning, jafnhliða því sem allir milliliðir fá kærkomið tækifæri til að auka álagningu, hremma til sín æ stærri hlut af þeim verðmætum, sem vinnandi fólk aflar. Og ef draumur forustumanna Sjálfstfl. rætist, þá á að viðhalda völdum og aðstöðu auðstéttarinnar með ríkisher, sem barið gæti niður allar tilraunir alþýðu til að heimta úr höndum braskaranna sinn deilda verð. Ég hef ekki tíma til þess nú að bregða upp mynd af þeirri nýju Sturlungaöld, sem við gætum átt í vændum, eftir að svo væri komið. En er ekki mál til þess komið, að allir þeir, sem horfa með ugg til slíkra tíma, freisti þess í fullri alvöru að bægja þeirri hættu frá dyrum? Hin leiðin er sú, að nú þegar verði mörkuð ný stjórnarstefna, stefna viðnáms og viðreisnar, hætt að stýra eftir áttavita auðhyggjunnar, en leitazt við í samstarfi allra vinnandi stétta og fulltrúa þeirra að hefja björgunarstarf. Hv. 8. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, mun hér á eftir gera grein fyrir því, hvernig við þjóðvarnarmenn teljum að eigi að bregðast við þeim vanda, sem nú steðjar að þjóðinni, hverra úrræða beri að leita til að reisa það við, sem ríkjandi stjórnarstefna er að leggja í rúst.

Ég hef deilt hér allhart á Sjálfstfl. og forustumenn hans, og er þó fleira ósagt en skyldi um þann flokk. En þegar tekið er tillit til þess, að *kjarna flokksins mynda og stefnu hans ráða* fyrirferðarmestu auðmenn og forréttindamenn þjóðfélagsins, þá þarf engan að undra, þótt það komi þær till. fyrst og fremst, sem miðast við hagsmuni verðbólgubraskara og kaupahéðna. Með óstjórnlegu lýðskrumi og þeirri lævíslegu baráttuaðferð að bregða sér í hin margvíslegustu gervi hefur flokki þessum að vísu tekizt um skeið að villa á sér heimildir og lokka til sín fjölda kjósenda, jafnvel úr alþýðustéttum, sem hvergi eiga síður heima. Sem betur fer, eru augu þessa fólks óðum að opnast fyrir hinu rétta eðli Sjálfstfl., og það snýr sér í aðrar áttir reynslunni ríkara. Eins og kosningaúrslit sýna, hefur flokkurinn verið að tapa fylgi frá þjóðinni hlutfallslega nú um alllangt skeið, en nú er hrunið að hefjast. Hópar manna, sem um skeið festu trúnað á slagorð sjálfstæðisforkólfanna, axla nú sín skinn og snúa við flokknum bakinu. Sannfærður er ég um, að atburðir síðustu daga munu opna augu margra fyrir því, hvaða þjóðfélagsöflum flokkur þessi þjónar.

Blómaskeið Sjálfstfl. er nú liðið, enda hefur það staðið lengur en skyldi og lengur en vera þurfti, því að víst er það, að verulegur meiri hluti íslenzkra kjósenda hefur lengi verið andvígur stefnu íhaldsins og kosið fulltrúa annarra flokka á þing í þeim tilgangi og í þeirri trú, að þeir framkvæmdu allt aðra stefnu. En hver hefur reynslan orðið? Hátt á annan áratug hafa íhaldsráðh. nú setið samfellt í ríkisstj. og oftast verið þar áhrifaríkastir, þótt út yfir taki í þeirri ríkisstj., sem nú fer með völd, þar sem íhaldssjónarmiðin ráða lögum og lofum. Ævinlega hefur Sjálfstfl. fram að þessu átt einhvern hauk í horni, sem bjargaði fulltrúum auðstéttarinnar upp í valdastólana og afhenti þeim stýri þjóðarskútunnar. Liðtækastur í því efni hefur Framsfl. verið, og er sú raunasaga alkunn. Allra flokka róttækastur og mestur íhaldsandstæðingur fyrir kosningar, fóstbróðir og hjálparhella íhaldsins eftir kosningar, — þann leik hafa forustumenn Framsóknar leikið hvað eftir annað. Með tilstyrk vinstri sinnaðra kjósenda hafa þeir flotið inn á þing í hverjum kosningum, og síðan hefur fyrsta verkið jafnan verið það að mynda hægristjórn með íhaldinu þvert gegn vilja mikils meiri hluta umbjóðenda sinna. Árangurinn hefur orðið það stjórnarfar, sem ég hef hér á undan

leitazt við að lýsa, stjórnarfar, sem einkennist af eyðslu, verðbólgu, margvíslegu siðleysi í opinberu lífi og nær loks hámarki með þeim 250 millj. króna nýju álögum, sem nú á í formi neyzluskatta að demba á þjóðina, fátækan jafnt sem ríkan.

Ég spyr kjósendur Framsfl. um land allt: Var það til að framkvæma þessa stefnu, sem þið studduð frambjóðendur Framsóknar í síðustu kosningum? Og fulltrúa Framsfl. hér á Alþ. vil ég spyrja: Er það ætlunin að láta Sjálfstfl. nota ykkur til hvers konar óþurftarverka, unz yfir lýkur, jafnvel þótt það kosti það, að þið gangið af Framsfl. dauðum? Svarið þarf að koma nú, ekki síðar, ekki þegar einber óttinn við næstu kosningar ræður gerðum ykkar. Það þarf að koma nú, vegna þess að ekki er seinna vænna, ef á að snúa við. Það er ekki seinna vænna, ef sú er ætlunin að hætta að þjóna íhaldinu til borðs og sængur.

Samþykkt þeirra gífurlegu álagna, sem nú eru boðaðar, getur ekki táknað annað en það, að framsóknarforingjarnir hyggist enn halda áfram á sömu braut og áður, og þá blasir það við, sem hæstv. forsrh. orðaði eitthvað á þá leið hér á dögunum, að nú fari að verða mál til komið, að Sjálfstæðið og Framsókn gangi í varanlegt og heilagt hjónaband. Varanlegt kann það hjónaband að verða. Heilagt getur það aldrei orðið.

Það mun flestum kunnugt, að síðustu vikur hafa í ríkara mæli en áður verið uppi raddir um nýja stjórnarstefnu, raddir um vinstri stjórn. Ekki er það neinum vafa bundið, að allir einlægir vinstri menn, allir raunverulegir andstæðingar íhaldsins gera sér það ljóst, að stefnubreytingar er brýn þörf. Þessir menn, hvar í flokki sem þeir standa, gera sér ljóst, að verði framhaldið svo sem nú horfir, steypist hér allt á kaf í botnlaust fen verðbólgu, brasks, hernáms og hvers konar spillingar.

Enn er hægt að snúa við og feta í áttina til skaplegri stjórnarhátta. Sú leið er ekki torfærulaus, en hún er kleif, ef allir þeir, sem nú sjá voðann fram undan, geta sameinazt um föst tök á þeim vandamálum, sem við er að etja. Nýir menn í ráðherraembættum duga lítt, ef ekki fylgir það, sem mestu varðar, breytt stefna, bæði í utanríkis- og innanlandsmálum. Meðal fylgismanna Framsfl. hefur þess mjög gætt að undanförnu, að mörgum þeirra eru þessi sannindi fullkomlega ljós. Í röðum þeirra verður krafan um vinstri stjórn æ háværari. Nú þessa dagana er komið að foringjum flokksins og þm. að velja. Valið stendur á milli áframhaldandi íhaldsþjónustu annars vegar og þjónustu við hag almennings og vilja alls þorra framsóknarkjósenda hins vegar. Velti þeir nú 250 millj. kr. nýrri skattabyrði á herðar almennings og margfaldi þar með hraða dýrtíðarskrúfunnar, hafa þeir valið þjónustuna við íhaldið. Kjósi þeir hinn kostinn, ber þeim að láta núverandi stjórn falla þegar á verkum sínum og hefja viðreisnarstarfið undir merki vinstri stefnu, vinstri stefnu, sem er annað og meira en nafnið tómt. — Góða nótt.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, hefur með ræðu þeirri, sem hann var að ljúka, afhjúpað stjórnvizku ríkisstj. þeirra flokka, sem á undanförnum árum hefur valdið alþýðu landsins þyngri búsifjum en dæmi eru til í sögu landsins, og var þó ekki allt gott, sem gengið var í þeim efnum.

Hann hefur lýst hinni geigvænlegu verðbólguþróun, þar sem ráðum, sem enginn lét sig dreyma um að nokkur ríkisstj. mundi dirfast að grípa til, er purkunarlaust beitt til að flýta þeirri þróun, að allar eignir, sem máli skipta, færist á hendur fárra auðkýfinga, sem síðan geta féflett alþýðustéttirnar með milliliðastarfsemi og með því að beita ríkisvaldinu í sína þágu til að leggja óbærilegar skattaálögur á almenning.

Það gæti því engan veginn talizt undarlegt, þó að þeir, sem leggja þá ekki algerlega árar í bát, þegar þeir kynnast nýjustu fjörráðum ríkisstj. við efnahagsöryggi almennings og fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar nú og framvegis, legðu í fyllstu alvöru fyrir sig spurninguna: Er nokkuð hinum megin? Er nokkur leið til að bjarga íslenzkri þjóð úr þeim feigðarósi, sem núverandi valdhafar hafa hrundið henni út í? Er sú órökstudda fullyrðing ríkisstj. rétt, að það sé eitthvert náttúrulögmál, að ekkert sé hægt að gera til að leysa það öngþveiti, sem ríkisstj. sjálf ásamt hinni lofsungnu fjármálastjórn Eysteins Jónssonar hefur komið efnahagslífi þjóðarinnar í, annað en leggja um 250 millj. kr. nýjar álögur á almenning, sem allir vita og viðurkenna að getur ekki innt þessar álögur af hendi af þeim tekjum, sem hann fær nú í sinn hlut úr þjóðarbúinu? Er hugsanlegt, að þessi fullyrðing ríkisstj. sé rétt, ef það er athugað, að þessar nýju álögur leysa engan vanda, heldur hafa þau ein áhrif að fresta um örfáa mánuði öðrum og enn geigvænlegri aðgerðum, aðgerðum, sem verða þeim mun víðtækari og óbætanlegri sem lengra er haldið á þeirri verðbólgu-, hermangs- og öfugþróunarbraut, sem ríkisstj. siglir nú hraðbyri? Ég get veitt mönnum þá takmörkuðu huggun að segja: Víst eru þessar fullyrðingar ríkisstj. allar rangar og í öllum atriðum. Það er ekkert óbreytanlegt náttúrulögmál, að það þurfi að nota ríkisvaldið og Alþ. til að féfletta fátækustu stéttir þjóðfélagsins og troða arðinum af striti þeirra í vasa einokunarhringa og milliliða. Víst er til önnur leið, en ég geri ráð fyrir, að mönnum verði takmörkuð huggun að því að vita það, þegar ég er jafnframt neyddur til að segja, að það sé nánast borin von, að gæfa íslenzkrar þjóðar dugi til, að sú leið verði farin.

Eins og nú háttar í efnahagsmálum, fjármálum og sjálfstæðismálum þjóðarinnar, er um tvær leiðir að velja og aðeins tvær, og munu örlög og líf komandi kynslóða mótast af því um langan aldur, hvor leiðin verður farin.

Önnur er leið núverandi ríkisstj. með íhaldið sem aðalaflgjafa, leið sívaxandi erlendrar íhlutunar á öllum sviðum, leið vísvitandi verðbólgu- og gengisfellingarstefnu, sem auðkóngar afturhaldsaflanna nota til að sölsa undir sig eignir þjóðarinnar milli gengisfellinganna og borga skuldir sínar með einskis verðum pappírskrónum að gengisfellingu lokinni. Þessi leið, ef farin verður, mun fullkomnast í einræði sekra manna,

sem ekki þora að eiga völd sín og áhrif undir lýðræðislegum stjórnarháttum.

Hin leiðin er sú leið, sem Þjóðvfl. Íslands hefur markað, frá því að hann var stofnaður, og sífellt hefur fengið aukinn hljómgrunn, bæði hjá einstaklingum og innan annarra flokka og félagasamtaka. Sú leið krefst þess manndóms, sem til þess þarf að leggja tafarlaust til fangbragða við þá erfiðleika, sem núverandi valdhafar hafa búið þjóðinni, þess manndóms, sem til þess þarf að leggja á sig og aðra erfiðleika um stundarsakir til að byggja upp heilbrigt efnahagslíf og arðbæra atvinnuvegi, er séu þess megnugir að veita vaxandi þjóð þá lífsbjargarmöguleika og lífsskilyrði, er menningarþjóð verður að gera kröfu til. Leið þjóðvarnarstefnunnar krefst heiðarleika, ráðdeildar og sparsemi í viðskiptum hins opinbera við borgarana og borgaranna við hið opinbera og sín í milli, gagnstætt þeirri spillingu, ráðdeildarleysi og óhófseyðslu, sem núverandi hæstráðendur hafa ýtt undir og beitt sér fyrir um langa hríð. Og síðast, en ekki síst krefst leið þjóðvarnarstefnunnar þess manndóms, sem til þess þarf að horfast í augu við þá augljósu staðreynd, að það verður tafarlaust að ganga til verks og nema burt þær meinsemdir, sem náð hafa að grafa um sig í þjóðfélaginu, hætta að sóa dýrmætustu eign þjóðfélagsins, vinnuaflinu, í lífshættuleg og skaðleg fjárfestingarstörf í þágu hersins, íslenzkri framleiðslu til tjóns, brjóta einokunarhringa á bak aftur, fækka milliliðum og búa svo um hnútana, að þeir hrifsi ekki meira til sín en nauðsynlegt er, og lækka þær opinberu álögur, sem skaðlegust áhrif hafa í þá átt að auka framleiðslukostnað og verðbólgu.

Það ætti því að vera auðskilið hverju mannsbarni, að leið þjóðvarnarmanna liggur í öfuga átt við leið núverandi valdhafa. Það ætti einnig öllum að vera auðskilið, að takmark þjóðvarnarstefnunnar er að afnema það hagkerfi, sem enga hliðstæðu á í veröldinni, það hagkerfi, sem þjóðnýtir sannað og ósannað tap einstakra manna og atvinnugreina, en afhendir einstaklingum og fyrirtækjum þeirra gróðann eftirlítslaust, þegar græðist. Takmark þjóðvarnarstefnunnar er að lækka verðbólguna með ákveðnum ráðstöfunum og lækka þar með framleiðslukostnaðinn þannig, að heilbrigð framleiðsla beri sig styrkjalaust í okkar þjóðfélagi eins og öðrum heilbrigðum þjóðfélögum, og afhenda síðan hinum starfandi stéttum framleiðslutækin sjálf og allan þann arð, er þau geta gefið, enda beri þessar stéttir jafnframt ábyrgð á framleiðslunni.

Þessu takmarki ætla þjóðvarnarmenn að ná með þessum ráðstöfunum:

1) Með því að nýta allt íslenzkt vinnuafl í þágu íslenzkra atvinnuvega og girða fyrir þau verðbólguáhrif og önnur skaðleg áhrif, sem herliðið hefur á þjóðfélagið, með því að vísa hernum úr landi.

2) Með því að taka nú þegar allar fiskvinnslustöðvar, sem máli skipta fyrir nýtingu sjávarafla, og fiskflutningaskip eignar- eða leigunámi og reka á ábyrgð ríkissjóðs, unz löggjöf hefur verið sett um framleiðslusamvinnufélög sjómanna og annarra, er lífsframfæri hafa af sjávarútvegi, en þá taki slík félög þessar eignir í sínar hendur.

3) Með því að taka nú þegar allan útflutning á fiski og fiskafurðum í hendur ríkisins, unz framleiðslusamvinnufélögin hafa verið stofnuð, en þá verði þeim einnig afhent þessi réttindi. Höfum við þm. Þjóðvfl. fyrir nokkru lagt fram á Alþ. frv. um þessi mál öll.

4) Með því að taka olíuinnflutning og olíuverzlun í hendur ríkisins og lækka á þann hátt olíuverðið og þar með framleiðslukostnað sjávarútvegsins, enda selji olíuverzlun ríkisins að sjálfsögðu olíusamlögum sjómanna olíuvörur á kostnaðarverði. Við höfum fyrir nokkru lagt hér fram á Alþ. frv. um þetta mál einnig.

5) Með því að fækka milliliðum, draga úr milliliðagróða og taka upp verðlagseftirlit, meðan verið er að ná jafnvægi og búa framleiðslugreinunum heilbrigð framleiðsluskilyrði og afhenda samtökum alþýðunnar verðlagseftirlit og lækka á þann hátt framleiðslukostnaðinn stórlega, bæði með verðlækkunum á rekstrarvörum framleiðslunnar og vísitölulækkunum, jafnframt því sem raunveruleg kaupgeta launa yxi. Frv. um þetta bárum við fram á Alþ. í fyrra og aftur nú.

6) Með því að fella niður söluskatt af rekstrarvörum framleiðslugreinanna, vörum í smásölu, innlendum iðnaði og þjónustu og lækka með því framleiðslukostnaðinn og draga úr verðbólgunni. Þetta mál höfum við einnig lagt fyrir þingið.

7) Með því að lækka vexti að minnsta kosti af lánum til framleiðslugreinanna gegn því, að sparifé yrði vísitölutryggt með framfærsluvísitölu, og er þessi ráðstöfun að sjálfsögðu einnig ætluð til að draga úr framleiðslukostnaði og búa atvinnugreinunum heilbrigð starfsskilyrði.

8) Með uppbyggingu nýrra, arðbærra atvinnugreina, en höfuðskilyrði þess, að það sé unnt, er, að dregið sé úr verðbólgunni. Er sú staðreynd augljós, að jafngífurleg aukning verðbólgunnar og ríkisstj. ætlar nú að framkvæma ásamt því gengishruni, sem óumflýjanlega fylgir í kjölfarið, mundi leiða til þess, að þær nýjar framleiðslugreinar, sem vaxandi þjóð eru lífsnauðsyn og mundu verða mjög arðbærar, ef framleiðslukostnaður lækkaði frá því, sem nú er, mundu hins vegar verða algerlega óviðráðanlegar og óarðbærar vegna aukins stofnkostnaðar og framleiðslukostnaðar, ef stefnu ríkisstj. yrði framfylgt.

Af því, sem ég hef nú sagt, má öllum ljóst vera, að þær tvær leiðir, sem nú er um að velja í efnahagsmálum Íslendinga, tortímingarleið núverandi ríkisstj. og viðreisnarleið þjóðvarnarmanna, eru að sjálfsögðu algerar andstæður í eðli sínu og í framkvæmd.

Mun ég nú leitast við að skýra nokkuð þau atriði í stefnu okkar þjóðvarnarmanna, sem til þessa hafa minnst verið rædd opinberlega.

Ríkisstj. og málpípur hennar munu reyna að telja ykkur trú um, að þær ofsalegu skattahækkanir, sem hún ætlar nú að láta Alþ. samþykkja, hafi reynzt óhjákvæmileg bráðabirgðaráðstöfun til að koma í veg fyrir, að öll útgerð stöðvaðist í bili. En ég get fullvissað ykkur um og veit raunar, að þið hafið þegar skilið, að þær ráðstafanir, sem við þjóðvarnarmenn leggjum til að gerðar verði, mundu ekki aðeins duga til að koma í veg fyrir það, að fiskveiðar landsmanna stöðvuðust í bili,

heldur og tryggja það, að unnt væri að reka þessi og önnur framleiðslutæki þjóðarinnar um langa framtíð á heilbrigðum grundvelli. Slíkt regindjúp er milli þessara tveggja leiða.

Það er á allra vitorði, að lítill hópur manna hér í Reykjavík og nágrenni hefur með aðstoð ríkisvaldsins náð einokun á öllum fiskútflutningi landsmanna. Þessir sömu aðilar hafa einnig náð í sínar hendur öllum mikilvægustu fiskvinnslustöðvunum og fiskflutningaskipum. Loks hefur þeim einnig tekizt að hrifsa til sín öll ráð í heildarsamtökum útvegsmanna. Með þessu móti hafa þeir fengið alger yfirráð yfir sjávarútveginum og hafa líf hans og afkomu í hendi sér. Engin tilraun hefur verið gerð til þess að hafa eftirlit með því, hvernig þeir beittu þessu ægivaldi. Þvert á móti hefur ríkisvaldið lagt hundruð millj. kr. álögur á þjóðina og fengið þessum sömu mönnum í hendur algerlega eftirlitslaust. Nú vita allir, að hlutur sjómanna og báta byggist á því, hvert verð fiskvinnslustöðvarnar ákveða sjálfar að greiða fyrir fiskinn þangað kominn. Þetta verð ætti að sjálfsögðu fyrst og fremst að miðast við það verð, sem fæst fyrir fiskinn á erlendum mörkuðum. Það er þó mjög mörgum ljóst, að fiskeinokunarhringarnir hafa ekki miðað fiskverðið til sjómanna við þetta. Þeir hafa eftirlitslaust ráðstafað því af gjaldeyrinum fyrir fiskinn, sem þeim sjálfum sýndist, til að koma sér upp eigin innflutningsfyrirtækjum í ýmsum löndum, svo að þeir geti sjálfir ráðið því, hvað gefið er upp sem verð á fiskinum á þessum mörkuðum. Þeir hafa einnig ráðstafað ríflegum fúlgum af fiskverðinu í gjaldeyri til að koma sér upp eigin dreifingarkerfi í viðkomandi löndum og eru nú um þessar mundir að stórauka eignir sínar í þessu skyni a. m. k. í Ameríku. Þeir hafa lengi haft hug á að koma sér upp hótelrekstri erlendis, og þætti mér fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvort rétt sé, að sú starfsemi sé nú hafin. Með þessari starfsemi er ekkert eftirlit af hálfu hins opinbera. Engum dettur í hug, að þessir aðilar muni ákveða heildsöluverðið á fiskinum, þ. e. a. s. þann gjaldeyri, sem íslenzkum bönkum er skilað, svo hátt, að þeir hafi ekki sjálfir ríflegan hagnað af smásölunni í hinum erlendu markaðslöndum. Auk þess veit enginn, hvort þeir hafa ekki ráðstafað hluta af fiskverðinu til annarra hluta en eignauppbyggingar erlendis. Með því er heldur ekkert eftirlit. Vitað er a. m. k., að þeir hafa stundum haft gjaldeyri til umráða til að kaupa ýsu af öðrum þjóðum en Íslendingum, þegar þeir töldu sig ekki geta fengið nægilegt magn hér heima.

Það þarf enga spekinga til að sjá og skilja, að með þessu fyrirkomulagi á útflutningsverzluninni sé þess varla að vænta, að hlutur sjómanna og smáútvegsmanna verði mikill, enda þótt íslenzkir sjómenn dragi á land sjö sinnum meira aflamagn á mann en nokkur önnur þjóð, enda hafa þeir aðilar, sem þannig halda á málum útflutningsverzlunarinnar, notfært sér erfiðleika útvegsmanna til þess að knýja handbendi sitt, núverandi valdhafa, til að leggja óbærilegar skattaálögur á almenning með aðferðum, sem hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, hefur neyðzt til að kalla „kommúnistískt ofbeldi“ á opinberum fundi, og það þótt vitað sé, að hér sé um suma þá aðila að ræða, sem gera út Sjálfstæðisflokkinn. Þó að skattaálögur þessar eigi að heita aðstoð við útgerðina, hirða þó einokunarhringarnir bróðurpartinn af þeim til fiskvinnslustöðvanna, á sama hátt og er um hið svonefnda bátagjaldeyrisálag. Einokunarherrarnir treystu ekki heldur útvegsmönnum til þess að taka af frjálsum vilja þátt í því ofbeldi að stöðva alla útgerð til að beygja Alþ. og skylduðu því útvegsmenn í helztu verstöðvum landsins til að samþykkja að borga háar fjársektir, ef þeir gerðu út eftir 1. jan. s. l., og létu þá samþykkja tryggingarvíxla fyrir þessu sektarfé.

Þessar aðferðir, sem ég hef hér lýst, eru þess eðlis, að ekkert lýðræðisþjóðfélag á eða má þola þær. Þess vegna höfum við þjóðvarnarmenn lagt til, að fiskútflutningur, fiskvinnslustöðvar og fiskflutningaskip verði tekin í hendur ríkisins fyrst um sinn til að rétta hlut sjómanna og útvegsmanna og tryggja það, að öllum þeim gjaldeyri sé skilað, sem fæst fyrir fiskinn á erlendum mörkuðum, svo að sjómenn og útvegsmenn fái sinn eðlilega hlut af honum og ekki þurfi að grípa til þeirra Lokaráða að auka verðbólguna með nær 250 millj. kr. nýjum álögum, til þess að útgerð geti borið sig í bili hjá einni helztu fiskveiðiþjóð veraldar.

Um frv. okkar þjóðvarnarmanna um olíuverzlun ríkisins vil ég aðeins segja þetta. Það er ljóst, að olíuvörur eru mjög mikill þáttur í framleiðslukostnaði sjávarútvegsins, og mundi þannig verða til verulegra hagsbóta fyrir þessa framleiðslugrein, ef takast mætti að lækka olíuverð að marki. Menn minnast þess, að í aðalmálgagni núverandi ríkisstj., Morgunblaðinu, hefur því tvívegis verið haldið fram og hvergi mótmælt, að eitt olíufélagið hér á landi hafi á einu ári grætt 6—10 millj. kr. á einum þætti starfsemi sinnar. Það er einnig í fersku minni, að eitt olíufélagið var nýlega dæmt í hæstarétti fyrir að hafa tekið á aðra millj. kr. í gróða á einum olíufarmi umfram það, sem leyfilegt var, svo og það, að sama olíufélag tók öðru sinni 700 þús. kr. gróða á flutningsgjöldum af einum olíufarmi, en sagðist ætla að skila þeim gróða aftur, þegar upp komst um athæfið. Þetta eru aðeins dæmi um það, sem vitnazt hefur. En hitt er á allra vitorði, að þar muni fleira vera með svipuðu sniði, enda er olía til mikilla muna dýrari hér á landi en annars staðar. Allir skilja líka, hvílík fjarstæða það er að hafa þrefalt olíudreifingarkerfi í okkar litla landi, þrefaldan skrifstofukostnað og mannahald við það, sem nauðsynlegt er, og hver óþarfakostnaður leggst á olíuverðið af þessum sökum.

Það er því ljóst, að ef frv. okkar þjóðvarnarmanna um olíuverzlun ríkisins yrði samþykkt, mundi það draga úr framleiðslukostnaði útgerðarinnar og gera hana ásamt öðrum ráðstöfunum arðbæra án skattgreiðslna frá almenningi.

Um frv. okkar þjóðvarnarmanna um lækkun verðlags og verðlagseftirlit verð ég tímans vegna að vera fáorður, enda var það rætt allýtarlega í úvarpsumr. hér á síðasta þingi og svo hefur hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, getið þess nokkuð í þessum umr.

Ég get þó ekki látið hjá líða að drepa á það,

að í því frv. lögðum við til, að hluti af söluskattinum yrði felldur niður til að draga úr verðbólgunni. Það er vitað, að sá hluti söluskattsins, sem við viljum fella niður, rennur ekki allur í ríkissjóð, heldur verður sumum þeim aðilum, sem innheimta hann af almenningi, að verulegri tekjulind. Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hefur fundið það að þessari ráðstöfun, að hún mundi lækka tekjur ríkissjóðs um einar 50 millj. kr. á ári. Víst er það rétt. En á þá staðreynd má benda, að ríkissjóður hefur haft um og yfir 100 millj. kr. tekjur árlega umfram fjárlög, svo að hann væri ekki á flæðiskeri staddur. Þar að auki ætti sjálfur fjmrh. landsins helzt að skilja þá einföldu staðreynd, að með niðurfellingu söluskatts í smásölu mundu útgjöld ríkisins einnig lækka verulega með lækkun á vísitölu og lækkun á kostnaði af alls konar rekstrarvörum, sem nú nema milljónum króna árlega á flestum liðum ríkisútgjalda. En auk þess mundu ríkisútgjöld lækka enn meir, ef allar till. okkar þjóðvarnarmanna til lækkunar á verðbólgunni næðu fram að ganga, þannig að Eysteinn Jónsson þyrfti sannarlega ekki að óttast um sitt eina hjartans mál, þ. e. greiðsluhallalaus fjárlög.

Okkur þjóðvarnarmönnum er ljóst, að það er íslenzkri þjóð lífsnauðsyn, að nú þegar verði staðar numið á þeirri eyðileggingarbraut, sem að undanförnu hefur verið farin í efnahagsmálum og utanríkismálum þjóðarinnar. Þess vegna samþykkti miðstjórn Þjóðvfl. heildartill. um allsherjarviðreisn í þessum málum á fundi sínum hinn 4. okt. s. l. og sendi öllum hinum svonefndu vinstri flokkum, jafnframt því sem miðstjórnin lýsti því yfir, að flokkurinn væri reiðubúinn að eiga samstarf við aðra flokka um að hrinda þessum ráðstöfunum í framkvæmd.

Okkur þjóðvarnarmönnum er það ljóst, að allur þorri þjóðarinnar, að undanskildum gróðaklíkum og hermöngurum, er okkur sammála um, hvaða leið beri nú að fara í efnahagsmálum og atvinnumálum. Það mun vandfundinn sá Íslendingur utan raða verðbólgubraskaranna, sem sér ekki og skilur, að leið núverandi ríkisstj. mun búa þjóðinni meiri ófarnað en menn vildu almennt trúa til þessa. Það er jafnvel svo komið, að hinu handjárnaða liði stjórnarinnar ofbjóða nú þau verk, sem því er ætlað að vinna, og er því þó ekki klígjugjarnt.

Með hliðsjón af því, sem við þm. Þjóðvfl. höfum hér sagt, og til að gera allt, sem okkur sem fulltrúum alþýðustéttanna á Alþ. ber að gera, til að reyna að hindra þá árás á kjör alþýðustéttanna, sem íhaldsöflin ætla nú að gera, höfum við þm. Þjóðvfl. ákveðið í samráði við miðstjórn flokksins að bera fram í Sþ. till. til þál. um vantraust á ríkisstj. Hefur sú till. nú verið lögð fram.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum, að hin miklu skrif formanns Framsfl., Hermanns Jónassonar, að undanförnu um það, að vinstri stjórn þyrfti að koma og mundi koma til að bjarga þjóðinni úr þeim voða, sem núverandi ríkisstj. með þátttöku Framsfl. hefur yfir hana leitt, bendir ótvírætt til þess, að innan Framsfl. er nú aukinn skilningur á þessari nauðsyn og háværar kröfur um það, að horfið verði að þessu ráði.

Margra mánaða viðræður Framsfl. við Alþfl. um myndun vinstri stjórnar og kosningasamvinnu benda ótvírætt til þess, að Framsfl. uggir nú mjög um tilveru sína, ef hann heldur áfram að stjórna með hag braskara og hermangara að leiðarljósi. Formaður Framsfl. hefur að vísu sagt, að sér væri ekki ljóst, hvenær né með hvaða hætti vinstri stjórn kæmi. Ég get nú frætt hann um það. Vinstri stjórnin kemur nú eftir samþykkt þessarar vantrauststill., því að það mega þeir framsóknarmenn vita, að ef þeir ætla að taka á sig ábyrgðina af því að samþykkja þær ráðstafanir, sem með kommúnistískum ofbeldisaðferðum á að knýja fram, eins og Bjarni Benediktsson orðaði það, þá negla þeir þar með lokið á sína pólitíska líkkistu og það með þeim hætti, að engan mun fýsa að grennslast í þá hirzlu.

Þjóðvarnarmenn hafa lýst því yfir, að þeir séu reiðubúnir að eiga aðild að myndun vinstri stjórnar með þeim skilyrðum, sem miðstjórnarályktun flokksins frá 4. okt. felur í sér. Þeir munu hins vegar enga aðild vilja eiga að myndun þeirrar vinstri stjórnar, sem væri undirbúin með þeim ráðstöfunum, sem núverandi ríkisstj. ætlar sér að knýja fram, vinstri stjórnar, sem væri ekki annað en nafnið, bundin á höndum og fótum af fjörráðum íhaldsaflanna og gæti ekki annað aðhafzt en að vera eins konar kosningafyrirtæki, meðan þjóðfélagsbyggingin hryndi til grunna í höndum hennar.

Af þessum sökum er það, sem við þm. Þjóðvfl. höfum krafizt þess og fengið framgengt, þrátt fyrir andstöðu annarra flokka, að þessar umr. færu fram í áheyrn þjóðarinnar, áður en fjárlög með hinum nýju skattaálögum yrðu endanlega samþykkt hér á Alþ., og við væntum þess, að ríkisstj. sýni þann sjálfsagða lýðræðisþroska að taka vantraustið til afgreiðslu, áður en lengra er haldið með afgreiðslu þessara mála. — Góða nótt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ekki kemur mér það á óvart, þó að hv. 2. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, sé óánægður með það, ef samvinna skyldi takast með lýðræðissinnuðum andstæðingum íhaldsins. Hann veit, að hann og aðrir ráðamenn flokks hans eiga ekki heima í þeim hóp. Hann má sjálfum sér um kenna. Hann hefur sýnt og sannað í ræðum sínum, ritum og framkvæmdum, að honum og flokknum, sem hann stýrir, er ekki treystandi til heils hugar þátttöku í slíku samstarfi. Alþjóðakommúnisminn, vilji stjórnar erlends stórveldis, er hans leiðarljós. Slíkur áttaviti hentar ekki eða hæfir íslenzku þjóðinni. Hann vill gefa í skyn gegn betri vitund, að „hægri kratar", sem hann kallar, mundu taka upp samvinnu við íhaldið eftir kosningar. Hann veit, að þetta er tilbúningur, en margur hyggur mann af sér. Hvað líður samningum hans við íhaldið um að standa saman um kosningar í síldarútvegsnefnd, og hvað líður þeim tengslum, sem þar hafa verið á milli fyrr og síðar? Hitt kemur mér nokkuð á óvart, ef hv. 8. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, hefur nú gert Brynjólf Bjarnason að sínu leiðarljósi og ætlar að fylgja honum í gegnum þykkt og þunnt og afneitar þar með loforðum sínum til sinna kjósenda.

Ég skal svo víkja mér að eldhúsverkunum.

í höfuðmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, segir svo s. l. laugardag: „Nú er hið tilgangslausa hringskeið verðbólgufársins að renna til enda. Það er að koma fram, sem spáð var, að sú hringavitleysa mundi verða fáum til góðs.“ Þetta er dómur þessa ágæta blaðs um stefnu, störf og framkvæmdir hæstv. ríkisstj.: Hringavitleysa, sem fáum hefur orðið til góðs. Þennan dóm kveður blaðið upp sama daginn sem ríkisstj. loks gerir þjóðinni grein fyrir bjargráðum sínum útgerðinni til handa og leggur fram frv. á Alþ. um yfir 200 millj. kr. viðbótarskattaálögur á almenning ofan á þá skattabyrði, sem fyrir er. Hitt er svo fullkomið öfugmæli, eins og allir sjá, að hringskeið verðbólgufársins sé að renna á enda. Afleiðing þessara nýju skatta hlýtur að verða stórfelld verðhækkun, lækkun verðgildis krónunnar, vaxandi verðbólga og gróðabrall, aukinn framleiðslukostnaður, unz útgerðin stöðvast á *ný*. Með samþykkt þessa frv. er *nýju* verðbólgufári hleypt á stað. Fróðir menn telja víst, að sú minnsta hækkun vísitölunnar, sem hægt sé að búast við, um leið og skattahækkunin kemur fram í verðlaginu, sé 7 stig, sem fljótlega hljóti að fara upp í a. m. k. 10 stig. Ég óttast, að þessi áætlun byggist á allt of mikilli bjartsýni. Mér virðist allt benda til þess, að hún verði stórum meiri. Sér þá hver maður, hvert stefnir. Það er beint áframhald á þeirri braut, sem hæstv. ríkisstj. hefur fetað til þessa með þeim árangri, sem ljóst er.

Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, sem hér liggur fyrir, og brtt. meiri hl. fjvn. má telja víst, að heildarupphæð fjárlaganna verði nokkuð yfir 650 millj. kr. Það er um 140 millj. kr. hærri upphæð en í fjárlögum síðasta árs. Tekjurnar voru þá hins vegar áætlaðar svo varlega, að þær höfðu 31. des. farið yfir 113 millj. kr. fram úr áætlun, og allt bendir til þess, að þær nálgist 650 millj. kr. eða því sem næst sömu upphæð og þær verða áætlaðar á fjárlögum þessa árs. Samt sem áður hefur hæstv. ríkisstj. krafizt enn nýrra skatta í ríkissjóð. Síðastliðinn laugardag samþykktu stuðningsflokkar hennar *nýjan* „bandorm“, sem hækkar vörumagnstoll og verðtoll um fjórðung, bílaskatt og hjólbarðaskatt um helming og benzíntoll um 70%, auk annarra smærri atriða. Þessara nýju skatta er ekki þörf, til þess að *fjárlögin* verði *hallalaus*. Krafa ríkisstj. um samþykkt „bandormsins“ stafar því eingöngu af því, að hún vill hafa umframtekjur til ráðstöfunar til að mæta öðrum útgjöldum en fjárlögin ákveða, þ. e. a. s. taka sér sjálfri fjárveitingavald. Þennan hátt hefur ríkisstj. haft á undanfarin ár og þannig fengið til umráða nær því 300 millj. kr. á síðustu 3 árum umfram tekjuáætlun fjárlaganna.

En þær 650 millj. kr., sem teknar eru inn á fjárlögin, eru ekki nema nokkur hluti af þeim álögum, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt og hyggst að leggja á landsfólkið. Bátagjaldeyrisálagið, sem er áætlað um 110 millj. kr., er beinn skattur á landsmenn, þótt fjárhæðirnar renni ekki í ríkissjóð, heldur til útgerðarinnar. Og nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt fyrir Nd. frv. um nýjar skattaálögur til svokallaðs framleiðslusjóðs og áætlar sjálf upphæð þeirra ekki minna en 140 millj. kr. á þessu ári. Samtals nema því skattaálögur þær, sem ætlaðar eru til aðstoðar sjávarútveginum og ekki mega sjást í fjárlögum, samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar 250 millj. kr. á árinu. Sé þessari upphæð bætt við fjárlagaupphæðina, 650 millj., verður heildarupphæð samkvæmt áætlun ríkisstj. nokkuð yfir 900 millj. kr. En enginn vafi leikur á því, að skattar þessir og tollar fara mjög mikið fram úr áætlun, sennilega, ef miðað er við reynslu undanfarinna ára, ekki minna en 20%, og verða því talsvert yfir 1000 millj. kr. á árinu, eða nokkuð á annan milljarð. Til samanburðar má geta þess, að verðmæti allrar framleiðslu þjóðarinnar árið 1954 var talið um 2900 millj. kr., eða tæpir þrír milljarðar. Sennilega hafa verðmætin eitthvað aukizt að krónutölu síðan, en flest bendir til, að skattabyrði sú, sem ríkisstj. og Alþ. nú skammta þjóðinni, nemi rétt í kringum þriðjungi af verðmæti allrar framleiðslu þjóðarinnar á ári.

Frv. um framleiðslusjóð, þ. e. bjargráðin við sjávarútveginn, hefur átt sér langan aðdraganda. Meðgöngutími hæstv. ríkisstj. hefur orðið býsna langur. Það var alkunnugt þegar á s. l. hausti, að útgerðarmenn bæði togara og vélbáta töldu sér ókleift að hefja veiðar um áramótin að óbreyttu. Ríkisstjórninni var að sjálfsögðu bezt allra um þetta kunnugt. Í nóvember s. l. ákváðu útvegsmenn upp á sitt eindæmi að hækka bátagjaldeyrisálagið úr 60% upp í 70% og 30% í 40%. Að vísu leyfðu þeir hæstv. forsrh. að koma á fundinn, sem þessa ákvörðun tók, og láta bóka mótmæli í gerðabók fundarins, en þeir höfðu orð hans að engu, sinntu mótmælum hans ekki og fóru sínu fram. Mun slíkt algert einsdæmi, að einstakir menn taki þannig í sínar hendur það vald, sem ríkisstj. einni ásamt með Alþ. ber, þ. e. a. s. ákveða verð á gjaldeyrinum eða setja reglur um verðskráningu hans. Af þessu mátti hæstv. forsrh. glögglega skilja, að hverju fór, að jafnvel flokksbræður hans og kjósendur höfðu misst trúna á stefnu hans og hugðust að knýja fram aðgerðir með veiðibanni. Hefði því mátt vænta þess, að hann léti hraða rannsóknum og athugunum sérfræðinga sinna og leggja skýrslur þeirra og greinargerðir fyrir Alþ., svo að það gæti tekið ákvörðun fyrir áramót um, hvað gera skyldi. Svo var þó ekki. Hæstv. ráðherra kvað álitsgerð sérfræðinganna einkamál stjórnarinnar og neitaði að láta Alþfl. hana í té. Fjárlögum var frestað, engar till. um útgerðarmálin lagðar fyrir Alþ., þm. sendir í jólaleyfi, flotinn stöðvaðist svo um áramótin, verkbanni var snúið á hendur hæstv. forsrh. og ríkisstj. hans af hollvinum hans og mörgum stuðningsmönnum. Liðu svo fullar þrjár vikur, þangað til skipin loks voru leyst úr læðingi með loforðavíxli hæstv. ríkisstj., sem nú á að lögbjóða landsfólkinu að innleysa, um leið og það kaupir matvæli og aðrar nauðsynjar.

Undanfarna mánuði hafa blöð hæstv. forsrh. og flokksmenn hans innan þings og utan flutt þjóðinni þá lærdóma, að allir erfiðleikar útgerðarinnar stöfuðu af kaupgjaldshækkun verkafólks á s. l. vori um 11%. Það, að sú leið var farin til þess að rétta hlut verkamanna í bili að krefjast beinna verulegra kauphækkana, í stað þess,

eins og gert var 1952, að knýja fram stöðvun dýrtíðar og nokkra lækkun á milliliðakostnaði, stafaði af því, að hæstv. ríkisstj. valdi sér samstöðu með kommúnistum í verkalýðshreyfingunni, sem lögðu alla áherzlu á hækkaða krónutölu kaupsins. Verðbólgubraskararnir hjá íhaldinu þóttust sjá sér leik á borði, eygja aukna gróðamöguleika með vaxandi dýrtíð og verðbólgu, og reynslan hefur sannað því miður, að þeir hafa séð rétt.

Rök hæstv. ríkisstj. fyrir því, að kauphækkunin s. l. vor hafi steypt útgerðinni í það öngþveiti, sem hún nú er í, eru þau, að kaupgjaldið verði að miðast við afkomu fyrirtækjanna, þess vegna verði að stilla kaupkröfunum svo í hóf, að gjaldgetu útflutningsatvinnuveganna sé ekki ofboðið, en þessa hafi ekki verið gætt.

Því verður vissulega ekki neitað, að til lengdar getur engin þjóð leyft sér að eyða meiru en hún aflar. En hitt er jafnljóst, að fleiri setjast að borði og taka hlut, þegar aflanum er skipt, en verkafólkið og sjómennirnir einir, og eins og skiptunum er nú háttað undir stjórn hæstv. forsrh., yrði lítið eftir handa þessum aðilum, þegar þeir, sem hlut taka á þurru landi í viðskiptum við útgerðina, hafa sjálfir skammtað sér sinn hlut. Ég skal taka aðeins tvö dæmi, sem sanna þetta. Togaraútgerðarmenn munu hafa lagt fyrir ríkisstj. útreikninga, sem sýna, að til þess að útgerðin beri sig, þurfi hver togari að fá um 1980 þús. kr. framlag á ári, enda fái þeir um þriðjungi lægra verð fyrir fiskinn en bátaflotinn. Kaupgjald skipshafnarinnar á togara mun hafa verið alls nálægt 2 millj. kr., miðað við fullan úthaldstíma á ári. M. ö. o.: Til þess að togararnir beri sig, þarf skipshöfnin að vinna kauplaust, bókstaflega kauplaust, aðeins vera matvinnungur þann tíma, sem hún dvelst um borð.

Samkvæmt áætlun ríkisstj. er gert ráð fyrir að leggja togurunum sem framlag um 66 millj. kr. á næsta ári. Segjum, að 1400 manns séu á togaraflotanum. Til þess að hægt væri að komast af án þessara styrkveitinga, þyrfti að lækka kaup hvers einasta manns á togurunum um a. m. k. 47 þús. kr. á ári. Slíkt dettur vitaskuld engum í hug, jafnvel ekki hæstv. ríkisstj. Allir sjá, að það verður enginn togari hreyfður.

Eitt ágætt stjórnarblað, Tíminn, skýrði frá því nýlega og hafði eftir merkum flokksmanni, að bátagjaldeyrisálag og styrkir til vélbátaútgerðarinnar mundu nema samtals á þessu ári um 180 millj. kr. Hann áætlaði afla bátaflotans um 180 millj. kg. Aðstoðin nemur því sem svarar 1 kr. á hvert kg af fiski. Segjum, að fiskverðið verði um kr. 1.30 á kg. Þá greiðir almenningur með sköttum og álögum 1⅔ hluta af öllu fiskverðinu. Segjum enn fremur, að afli skiptist til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna. Þó að sjómennirnir fengju engan eyri í hlut eða kaup, mundi samt vanta verulega á, allt að því ⅔ af fiskverðinu, að útgerðin gæti borið sig.

Svona er þá hag útgerðarinnar komið eftir sex ára björgunarstarfsemi hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar. Og enn flytja blöð ríkisstj., sérstaklega Sjálfstfl., þjóðinni þær kenningar, að kaupgjaldið eigi að miðast við greiðslugetu útflutningsatvinnuveganna og að sú 10—11% hækkun á kaupi, sem varð á s. l. ári, sé höfuðorsök erfiðleika sjávarútvegsins. Allir, sem líta réttum augum á þessi mál, sjá, hvílík reginfjarstæða þetta er.

Hæstv. forsrh. flutti þjóðinni nýársboðskap um áramótin að vanda. Innihald hans var í stuttu máli þetta: Ég sá fyrir um síðustu áramót, eftir að ég hafði setið í 5 ár í ríkisstj., hvert stefndi. Ég varaði þjóð mína við hættunni. Ég varaði verkalýðssamtökin við afleiðingum kauphækkunar. Þjóðin fór ekki að mínum ráðum. Ég þvæ mínar hendur, þeirra er sökin — og Landsbankans, segir svo hæstv. dómsmrh. í Morgunblaðinu. — Hitt nefndi hæstv. forsrh. ekki, að hann var með öllu ófáanlegur til þess að verða við áskorunum Alþfl. um að draga úr milliliðagróða og umframtekjum ríkissjóðs til þess að stöðva og lækka dýrtíðina og draga þann veg úr beinum kauphækkunum. Ekki nefndi hann heldur það, að í skjóli ríkisstj. hans hafa fjárgróðamenn notað kauphækkun verkafólksins sem skálkaskjól fyrir algerlega óeðlilegum og óréttmætum verðhækkunum. Og ekki gat hæstv. forsrh. þess heldur, að þrátt fyrir stöðugan og sívaxandi hallarekstur útgerðarinnar eða kannske réttara sagt vegna hans hefur gróði einstakra manna og fyrirtækja og stétta orðið meiri en dæmi eru til nokkru sinni áður. Árið hefur verið sannkallað veltiár fyrir verðbólgubraskarana, sem hæstv. fjmrh. nefnir svo, fyrir milliliði og fasteignaeigendur. Fyrir nokkrum árum seldi Kveldúlfur Eimskipafélagi Íslands eignir sínar, hús og lóð við Skúlagötu, fyrir 12 millj. kr., sem þá þótti hátt verð og var það. En nú alveg nýlega hefur Reykjavíkurbær keypt lóðarskika við Aðalstræti andspænis húsi Morgunblaðsins fyrir 2 millj. og 400 þús. kr. Ég nefni þetta dæmi aðeins sem eitt dæmi af ótalmörgum til þess að sýna, hverjar risaupphæðir er um að ræða, þegar metinn er landhlutur gróðamannanna við skiptin á þjóðartekjunum.

Ég verð að vera fáorður um síðasta bjargráð hæstv. ríkisstj., frv. um framleiðslusjóð. Aðrir munu gera því máli fyllri skil. Því er haldið fram, að tilgangur frv. sé sá að skila útgerðinni aftur því fé, sem oftekið sé af henni. Samkv. frv. á að leggja 140 millj. á nauðsynjar og neyzluvörur almennings ofan á þá tolla og skatta og álögur, sem fyrir eru, og þær 60 millj., sem á var bætt s. l. laugardag. Féð á ekki að endurheimta hjá þeim, sem grætt hafa á töpum útgerðarinnar undanfarin ár. Heildsalar og aðrir milliliðir, sem fengið hafa gjaldeyrinn til umráða og rakað saman fé með óskammtaðri álagningu á vörurnar, sem þeir keyptu fyrir hann, eiga engu að skila aftur. Þvert á móti, þeir hafa fengið nýjan tekjustofn, 200 millj. kr. nýja tolla til þess að leggja á til viðbótar. Segjum, að meðalálagningin sé innan við 40%, sem er sennilega of lágt. Það þýðir samt 80 millj. kr. tekjuauka a. m. k. fyrir þessa stétt. Ekki er heldur gert ráð fyrir því, að stóreignamenn, sem hafa haft margra milljóna króna gróða af verðhækkun fasteigna, skili neinu aftur, ekki heldur olíufélögin né þeir aðrir, sem mest hafa grætt á viðskiptum við útgerðina og gert sér verðbólguna að féþúfu. Nei, það eru launþegarnir,

almenningur í landinu, sem hefur rétt til hnífs og skeiðar, það eru þeir, sem eiga að inna endurgreiðslurnar af hendi, það eru þeir, sem eiga að innleysa loforð ríkisstj. Engar skýrslur eða greinargerðir um raunverulegan hag vélbátaútgerðarinnar fylgja frv., ekki heldur um afkomu eða efnahag hraðfrystihúsa, vinnslustöðva eða annarra fyrirtækja, sem skipta við útgerðina, ekki heldur um ástæður eigenda bátanna og eign þeirra í slíkum fyrirtækjum eða aðrar eignir. Rannsókn og álitsgerð sérfræðinganefndarinnar á þessum atriðum virðist vera eins og óttalegur leyndardómur, sem ríkisstj. er ráðin í að fela og fela sem vandlegast fyrir Alþingi og öllum, sem þar sitja. Sama er um till. Þær eru sami óttalegi leyndardómurinn, sem enginn má fá vitneskju um. Hitt er þó furðulegast, að samkv. frv. er svo ráð fyrir gert, að aðstoðin, um 250 millj. kr., verði látin í té án nokkurra skilyrða af hálfu ríkisvaldsins, annarra en þeirra, að vinnslustöðvarnar greiði ákveðið verð. Að öðru leyti skal féð látið af hendi skilyrðis- og eftirlitslaust, án tillits til raunverulegra þarfa þeirra, sem við taka, eða hvort rekstri fyrirtækjanna er vel hagað eða illa. Hæstv. forsrh. telur sig mikinn andstæðing þjóðnýtingar. Hann beitir sér nú fyrir sérstakri tegund þjóðnýtingar, þjóðnýtingu tapsins og aukningu og verndun einkagróðans.

Loks kem ég að því, sem alvarlegast er og iskyggilegast í sambandi við þetta frv. Engum dettur í hug, sízt hæstv. ríkisstj., að frv. ráði bót á öngþveiti útgerðarinnar. Hér er ekki um lausn að ræða, heldur aðeins frest, stuttan gálgafrest, þangað til nýtt hringskeið verðbólgunnar, verðbólgufársins, ný hringavitleysa, eins og Morgunblaðið segir, rennur sitt skeið út og leiðir til nýrrar stöðvunar útgerðarinnar, sem sennilega verður ekki ýkjalangt að bíða. Frv. þetta og fyrirhuguð hækkun fjárl. er í raun réttri fullkomin gjaldþrotayfirlýsing hæstv. ríkisstj. Hún taldi það sitt höfuðverkefni að koma sjávarútveginum á heilbrigðan grundvöll, svo að hann yrði rekinn hallalaust og án aðstoðar. Stjórnin hefur gefizt upp við þetta og lætur nú reka á reiðanum. Í framkvæmd hefur stefna stjórnarinnar verið ómenguð gróða- og verðbólgustefna, sem veldur því, að svo er komið sem komið er. Skefjalaust gróðabrall fjárplógsmanna og einbeiting fjármagnsins að fljótvirkri gróðastarfsemi í stað þess að undirbúa framtíðaröryggi þjóðarinnar hefur mergsogið sjávarútveginn og lagt þúsunda millj. kr. skattabyrði á almenning. Er ekki kominn tími til að láta þjóðina leggja sinn dóm á stefnu hæstv. stjórnar?

Síðustu 6 árin hefur stöðugt sigið á ógæfuhlið. Gengislækkun, bátagjaldeyrir, uppbætur, útflutningsstyrkir og skattar á skatta ofan eru vörðurnar, sem veginn marka. Öfgastefnurnar til beggja hliða hafa ráðið ferðinni, taumlaus gróðafíkn og brask, sem líkist fjárhættuspili, á aðra hlið og fullkomið ábyrgðarleysi á hina. Sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnuvegur íslenzku þjóðarinnar. Á honum byggjast allir aðrir atvinnuvegir, öll gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og viðskipti við aðrar þjóðir. Stöðvist hann, ríða hinir til falls. Því verður að treysta grundvöll hans.

Ég sé ekki nema eina leið út úr þeim ógöngum, sem nú er í komið. Hún er sú, að hinar vinnandi stéttir við sjó og í sveitum, bændur og verkamenn í þess orðs víðustu merkingu, taki nú saman höndum og myndi öfluga fylkingu lýðræðissinnaðra manna og kvenna, sem vinna vilja gegn gróðastefnu og valdafíkn auðvaldsins og ofbeldis- og einræðisstefnu kommúnista. Allir lýðræðissinnaðir andstæðingar íhaldsins eiga heima í slíkri samfylkingu. Þeir verða að fella niður um sinn allan ágreining um hin smærri atriði og sameinast með fyllstu ábyrgðartilfinningu um það verkefni, sem bráðast kallar að, að lyfta höfuðatvinnuvegi landsmanna úr þeirri niðurlægingu öngþveitis, sem hann nú er kominn í. Bændur og verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn, allir vinnandi framleiðendur hafa í þessu efni sameiginlegra hagsmuna að gæta, hafa sömu skyldur, sömu ábyrgð gagnvart þjóð sinni, sér og sínum. Það er vinna þeirra, atorka og ábyrgðartilfinning, sem framtíð þjóðarinnar byggist á, farsæld hennar og frelsi. Það er þeirra hlutverk eða hagur að tryggja lýðræðið í landinu gegn ásókn auðvalds og kommúnisma. Enginn skyldi ætla, að það væri auðvelt verk að bæta úr þeim mistökum, sem gerð hafa verið, en það er hægt og það verður að gerast, ella er voðinn vís.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Nú er stand á Goddastöðum, elduinn dauður, grænyst í pottinum, og Loftur liggur dauður uppi í rúmi. — Þetta hefur ávallt þótt svo ömurleg lýsing á heimilisástandi, að naumast væri hægt að útmála hana öllu dapurlegri, þótt reynt væri í lengra máli. En einmitt svona er ástandið nú orðið á Goddastöðum stjórnarinnar. Er það ekki jafngildi þess, að eldur sé dauður á arni á afskekktum sveitabæ, þegar atvinnulíf þjóðarinnar er stöðvað og komið í algert þrot? Mætti ekki helzt ætla, að húsbóndinn á heimilinu lægi dauður uppi í rúmi, þegar engin stjórn er á neinu og allt sokkið í óreiðu og vesaldóm? En þannig er nú ástandið um þessi nýliðnu áramót á ríkisbúi íslenzku stjórnarinnar, þar sem Ólafur Thors forsrh. er talinn húsbóndinn.

Við skulum rifja upp fyrir okkur heimilisástandið. Hrúgað hefur verið inn í landið ókjörum af hvers konar glys- og óþarfavarningi. Taumlaus kaupfýsi manna hefur verið æst upp á kostnað allrar heilbrigðrar sparnaðarviðleitni. Þetta hefur sogað til sín gjaldeyristekjur þjóðarinnar og dregið úr getu til varanlegra og verðmætra framkvæmda. Bankarnir eru löngu komnir í alger gjaldeyrisþrot, og gjaldeyrisskuldir hrúgast upp erlendis. Hin svokallaða frjálsa verzlun er þá orðin innantómt orð. Þar stendur hið óhefta frjálsræði til álagningar að eigin vild eitt eftir. Vegna gjaldeyrisskortsins eru nauðsynlegustu vörur orðnar ófáanlegar mánuðum saman, meðan allar verzlanir og vöruhús virðast ætla að springa utan af óseldum glysvarningi. Nú eru menn t. d. á löngum biðlistum í byggingarvöruverzlununum, og nauðsynlegustu byggingarvörur til að ljúka hálfgerðum húsum fást ekki fyrr en seint og síðar meir, helzt gegnum kunningsskap og þá ekki ávallt án nokkuð ríflegrar þókn-

unar. Þetta eru vissulega hvimleiðar biðraðir í nýrri mynd.

Viðskiptajöfnuður seinasta árs reyndist ískyggilega óhagstæður þrátt fyrir 300—350 millj. kr. gjaldeyristekjur af erlendum herstöðvaframkvæmdum. Verðlag hefur hækkað um 74% síðan 1950 og fer síhækkandi. Húsnæðismál almennings eru í ömurlegu ástandi. Fólk býr unnvörpum við óhæft húsnæði og okurleigu. Það er t. d. nokkuð algengt, að um 40—50% af tekjum verkamannsins fari í húsaleiguna eina saman eða til að standa straum af ofurverði eigin húsnæðis. Til samanburðar má geta þess, að í flestum Evrópulöndum fer þessi útgjaldaliður sjaldnast upp úr 15—20% af tekjum verkamanna. Gróðabrall með nýbyggingar og verðbréf í Reykjavík er ofsalegt og almennt. Okurvextir af lánum nálgast það að vera orðnir aðalregla í lánveitingum. Ólögleg gjaldeyrisverzlun á svörtum markaði stendur með blóma, og hvert fjársvikamálið öðru alvarlegra hefur komizt upp, Vatneyrarhneyksli, Blöndalsmál og Stefáns Pálssonar svindlið o. m. fl. Á s. l. hausti gerðist svo sá einstæði atburður, að samtök útgerðarmanna ákváðu sjálf hækkun á bátagjaldeyrisálagi sér til handa, og þóttist forsrh., sem er jafnframt sjútvmrh., ekkert hafa við það ráðið. Hann kvaðst hafa mótmælt þessu framferði útvegsmannanna og látið bóka mótmæli sín, en samt hefði ekkert mark verið á þeim tekið. Við þær upplýsingar varð hlutur stjórnarinnar hálfu verri, þótt vissulega væru þær hugsaðar sem afsökun og málsbætur. Þessi gengisskráning einstakra hagsmunahópa varð mesta áfall, sem stjórnin hafði orðið fyrir fram til þessa. Menn sáu nú í einni sjónhendingu, að stjórnin réð ekki við neitt og stóð uppi virðingu og trausti rúin.

Það, sem þó mun þykja alvarlegast af öllu og táknrænast fyrir ríkjandi stjórnarstefnu dýrtíðar, okurs og milliliða, er þetta, að allir framleiðsluatvinnuvegirnir eru nú reknir með bullandi tapi, en hins vegar er öruggur gróði á allri milliliðastarfsemi og hann jafnvel því meiri sem hún er óþarfari og óþjóðhollari. Vegna þessa skapaðist það ástand um áramótin, að við sjálft lá, að öll útgerð landsmanna stöðvaðist. Vel vissi ríkisstj. allt frá því í nóvembermánuði, að hverju dró, en samt hafðist hún ekkert að, sendi þingið heim og þóttist ætla að fara að hugsa í jólafríinu. Og sú held ég, að hafi hugsað! Þegar þm. settust aftur á rökstóla nokkru eftir áramót, varðist stjórnin allra frétta um bjargráð sín. Togararnir höfðu að vísu verið knúðir til að halda áfram veiðum, þó að fjárhagsgrundvöllur væri enginn undir rekstri þeirra og mál þeirra óleyst sem áður. En vélbátafloti landsmanna, 300 vélbátar, lá bundinn í höfn. Útgerðarmennirnir hafa gert verkfall gegn ríkisvaldinu. Höfðu þeir tekið 25 þús. kr. tryggingarvíxil hjá hverjum bátseiganda og 100 þús. kr. tryggingarvíxil vegna hvers togara til þess að tryggja það, að enginn skærist úr leik og færi á veiðar, fyrr en búið væri að knýja fram kröfur L. Í. Ú. um aðstoð ríkissjóðs við togaramenn og eigendur fiskvinnslustöðvanna. Hvað ætli Morgunblaðsmenn segðu annars, ef Alþýðusambandið tæki sjóði verkalýðsfélaganna að veði fyrir því, að ekkert þeirra skærist úr leik í verkfallsátökum, fyrr en kröfur þeirra fengjust fram? Það yrði sennilega heldur ófagur söngur. En nú heyrðist ekkert styggðaryrði í íhaldsblöðunum um þessi vinnubrögð.

Eitt af því, sem ljóslega sýndi fyrir jólin, að stjórnarflokkarnir voru komnir í hár saman út af ástandinu á heimilinu, var það, að þeir gátu ekki komið sér saman um afgreiðslu fjárl. fyrir áramót, eins og lög ætlast þó til og sjálfsagt þykir í sérhverju þingræðislandi. Í janúarmánuði upplýsti hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, að ástæðan til þess, að landið væri enn fjárlagalaust, væri einfaldlega sú, að ekki væri til þingmeirihl. fyrir afgreiðslu fjárl. Þótti þá flestum, er einnig var horft upp á stöðvað atvinnulíf, sem stjórninni væri sæmst að segja af sér. En ekki þótti henni samt tímabært að sýna það manndómsbragð, hún átti eftir að yfirganga öll sín fyrri met, áður en hún skildi við garðana í Gröf, eins og þjóðin er nú búin að fá að heyra hina allra síðustu daga. Hún átti eftir að hækka útgjöld fjárl. um 46 millj. og 800 þús. og leggja fram frv. til laga um nýja skatta vegna fjárlagaafgreiðslunnar að upphæð 49 millj. Þetta er 25% hækkun á vörumagnstolli, sem er 28 millj. fyrir, 25% hækkun á verðtolli, sem er 155 millj. fyrir, þetta er 100% hækkun á bílaskatti og 100% hækkun á hjólbarðaskatti, og benzínskatturinn á að hækka um 20 aura lítri. Fullvíst má telja, að með skattafrv. þessu verði teknar 60—65 millj. kr. af skattþegnunum, þó að stjórnin áætli það nú 49 millj.

Því er haldið fram, að þessi nýi skattabaggi sé bráðnauðsynlegur, til þess að fjárlögin verði afgreidd hallalaus. En þetta eru ósannindi. Tekjur ríkissjóðs árið sem leið virðast ætla að verða um 650 millj., og þegar samþykktar hafa verið allar gjaldatillögur frá meiri hl. fjvn., verða gjöld fjárlagafrv. því sem næst sama upphæð. Nú er vitað, að tekjuskatturinn verður miklu hærri að krónutali á þessu ári, og vafalaust mun verðtollurinn líka halda áfram upp á við, en hann var 31. des. s. l. orðinn 178 millj., eða 23 millj. kr. hærri en hann er áætlaður fyrir þetta ár. Þá þarf ekki að efast um, að söluskatturinn tekur stór stökk upp á við á þessu ári, en auk þess er nú upplýst, að hann var í lok seinasta árs orðinn 130 millj., en er á fjárlagafrv. þessa árs áætlaður 10 millj. lægri. Sams konar upplýsingar liggja nú fyrir um marga aðra tekjuliði fjárlaga.

Það má því heita sannað mál, að þeir tekjustofnar, sem ríkissjóður hefur nú að óbreyttum lögum, nægja fyllilega fyrir hallalausri fjárlagaafgreiðslu og meira en það. Bezta sönnun þessa liggur þó fyrir á þskj., sem hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hefur sjálfur lagt fram fyrir nokkrum dögum.

Tekjur ársins 1955 reyndust 120 millj. kr. hærri en þær voru áætlaðar á því ári, og nú leggur fjmrh. fram sérstakar till. um, hvernig verja skuli hluta af þessum tekjuafgangi, nánar til tekið 54 millj. kr. Hví leggur ráðh. nú ekki til, að þessi tekjuafgangur verði geymdur til þess að mæta hugsanlegum halla næsta árs, sem hann sjálfur trúir að verði? Þá væri málið farsællega leyst án nýrra skatta. Þetta yrði jafnframt ráð-

stöfun til að draga úr sjúklegri spennu og verðþenslu, í stað þess að eyðsla þessa fjár og nýir skattar auka hvort tveggja. Þetta nýja skattafrv. er því óverjandi með öllu.

En þá er samt eftir að lýsa því undrablóminu, sem hæstv. stjórn stássar með í hnappagatinu, einmitt þegar þessi umr. fer fram. Það er hinn nýi ríkissjóður hennar, sem hún hefur skírt hinu fagra nafni framleiðslusjóður. Þetta er þó, þegar öllum umbúðum er af því svipt, ekkert annað en 137 millj. kr. í nýjum neyzlusköttum á almenning í landinu. Dýrðlegra er nú innihaldið ekki, og munu skattþegnarnir hafa öðlazt fullan skilning á þessu, áður en árið er liðið. Auðvitað verða þessir skattar í reyndinni þó ekki undir 200 millj. kr.

Er þetta nú ekki meira en blóm í hnappagat? Er þetta ekki öllu heldur líkkrans á hæstv. ríkisstj.? Ég get varla ímyndað mér annað. Og þó er víst, að stjórninni á eftir að berast annar krans vegna svika hennar í landhelgismálinu. Það eitt ætti að nægja stjórninni til falls, að hún skuli hafa leyft sér að verzla með sjálft landhelgismálið. Og hvílík verzlun! Jú, að selja lífsnauðsyn Vestfirðinga, Austfirðinga og Norðlendinga á að færa friðunarlínuna út fyrir það eitt að mega svo selja fiskinn okkar óverkaðan á erlendum markaði. Allt fer þessari aumu stjórn eins úr hendi.

Áður en þessi síðustu skattaósköp dundu yfir, voru allir orðnir sammála um, að botnlaust öngþveiti væri ríkjandi í efnahagsmálunum. Um það vitnuðu m. a. í ríkisútvarpinu bankastjóri þjóðbankans, Vilhjálmur Þór, og skömmu síðar hv. þm. Barð., Gísli Jónsson, sem staðfesti, að bankastjórinn hefði víst sagt satt og rétt frá ástandinu, en hann hefði þó átt að þegja, því að full ástæða væri til að óttast, að þjóðin mundi tryllast við að heyra sannleikann um ástandið.

Nei, um ástandið er ekki deilt lengur. Steinarnir eru farnir að tala og þ. á m. hyrningarsteinar beggja stjórnarflokkanna. Um hitt ber mönnum síður saman, hvað sé nú til ráða.

Bjarni Benediktsson dómsmrh. sér aðeins eitt ráð til að stjórna þessari þjóð, og það er vald, sterkt ríkisvald. Öflugar og vel búnar lögregluSveitir eru hans óskadraumur, helzt af öllu innlendur her. Spurningin er því sú, hvort íslenzkir kjósendur vilja sýna Sjálfstfl. aukið traust og veita honum meira fylgi, til þess að þessi væntanlegi foringi flokksins geti komið þessum hugsjónum sínum um lögregluríkið á Íslandi í framkvæmd. Á kreppuárunum 1930 komst þessi eftirlætishugsjón núverandi dómsmrh. að svo miklu leyti í framkvæmd, að hæstv. núverandi forsrh. lét smíða eikarkylfur til að berja á reykvískum verkamönnum. En síðan hefur tækninni fleygt óðfluga fram í vopnagerð, svo að óefað yrði her hins nýja foringja miklu fullkomnari og betri vopnum búinn. En þetta er sem sé úrræði Sjálfstfl. út úr ógöngunum. Það á að berja Íslendinga til hlýðni, þegar þeir sýna mótþróa gegn óstjórninni. Verði honum og þeim sjálfstæðismönnum að þeirri trú sinni, að íslenzkt þjóðfélag verði friðað með slíkum hætti! En ég er á allt annarri skoðun. Foringi hins stjórnarflokksins, Hermann Jónasson, hefur nýlega bent á nokkuð önnur úrræði út úr ógöngunum. Hann sagði fyrir hálfu öðru ári:

„Það er augljóst mál, að meðan milliliða- og arðránsstefnan ræður ríkjum, hljóta að verða harðar deilur um skiptingu arðsins, og afleiðingarnar verða sífelld verkföll. Þau eru skuggi gróðahyggju og óhófs. Verkföll eru tilraun verkamannsins til að hrista af sér þessa ófreskju.

Leiðin til þess að skapa meiri vinnufrið er sú, að skapa sannvirði vinnunnar og trú manna á það, að þeir fái þetta sannvirði. Og þessu marki er hægt að ná, ef ríkisvaldið vinnur að því með verkamannasamtökunum.“

Þannig skýrði Tíminn hinn 12. maí 1955 skoðun hv. þm. Str., Hermanns Jónassonar, á því, hvaða leið hann teldi færasta til að skapa frið, öryggi og eðlilega framvindu í íslenzku þjóðfélagi, og ef til vill er sú leið ekki óviturlegri en leið löggregluvaldsins eða hervaldsins, sem Sjálfstfl. aðhyllist.

Í hinni merku áramótagrein sinni fyrir tæpum mánuði áréttaði hv. þm. Str. aftur þessa skoðun sína og segir þá:

„Aðeins ein leið er fær út úr ógöngunum, sú að breyta um stjórnarstefnu. Nú er eins og allt sé lamað, af því að öll vinna fer í að tjasla við efnahagsmálin og framleiðsluna aðeins fyrir næsta dag. Slíkt neyðarástand í þjóðfélagi verður að hverfa.

Það ættu flestir að sjá, að þetta stjórnarfar fær ekki staðizt. Að halda því áfram er háskaleikur með fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Verkamenn standa utan við ríkisstj. Þeir hafa því ekki tök á því að hafa áhrif á það fyrir milligöngu fulltrúa, sem þeir ættu í ríkisstj., hvernig þjóðartekjunum er skipt milli þegnanna, svo sem með því að halda niðri húsaleigu, vöruverði og öðrum nauðsynjum. Ef verkalýðssamtökin álíta, að ríkisstj. afskipti verkalýðinn, hafa þau aðeins eitt úrræði til þess að freista að bæta kjör sín, laga misskiptinguna, og það er að knýja fram kauphækkun með verkfalli. En í skjóli þess valds, sem milliliðirnir og spákaupmennirnir eiga í ríkisstj., hækka þeir samstundis alla álagningu, milliliðakostnaðinn í óteljandi myndum, oft miklu meira en kauphækkuninni nemur. Með þessu móti er komin á alveg ný tegund borgarastyrjaldar á Íslandi. Þjóðinni blæðir, en spákaupmennirnir græða. Landsmönnum þeim, sem vilja skilja, er nú ljóst orðið, að þjóðinni verður ekki stjórnað, svo að þolanlegt sé, að þessari leið. Valdið til þess að marka stefnuna og ábyrgðin á stefnunni verður að vera á einni og sömu hendi. Með öðru móti er ekki hægt að stjórna neinu þjóðfélagi án stórslysa.

Í mínum huga er engin spurning um það, að samstarf milli bænda og verkamanna og annarra, er vinna þjóðfélaginu nauðsynleg störf, verður að koma og kemur. Spurningin er nú aðeins um það, með hverjum hætti þessu samstarfi verður fyrir komið og hvaða tíma það tekur að koma því á.“

Þannig fórust Hermanni Jónassyni orð um áramótin, og ég hygg, að verkalýðshreyfingin sé honum sammála í öllum aðalatriðum. Ég er meira að segja sannfærður um, að meginþorri þeirra 27 þúsunda, sem í Alþýðusambandinu eru, mun

vera form. Framsfl. þakklátur fyrir hina sönnu og skörulegu framsetningu hans á þessum málum. En orðin ein nægja ekki, framkvæmd verður að fylgja.

Margir segja: Hermann er löglega afsakaður, þótt hann komi þessari skoðun sinni ekki fram, því að Eysteinn og mikill hluti flokksins er á allt annarri skoðun.

Það kann að hafa verið svo áður fyrr, en ég hef fulla ástæðu til að ætla, að það sé nú tekið að breytast. Byggi ég það m. a. á ummælum, sem Tíminn þann 11. maí s. l. hafði eftir Eysteini Jónssyni, orðrétt á þessa leið:

„Óhugsandi er að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum og stöðugu verðlagi, nema stjórnarvöldin og hin sterku almannasamtök, sem hér hafa mikil völd og njóta fulls frelsis, og þá sérstaklega verkalýðssamtökin, stefndu að sama marki.

Enginn vafi leikur á, að stjórnarvöldin og verkalýðssamtökin vinna eindregnast í þessa átt sameiginlega, ef pólitísk vinátta er þar á milli."

Spurningin er því aðeins sú, hvort nú sé ekki tími til kominn að stofna til slíkrar pólitískrar vináttu og hvort ástandið í þjóðfélaginu sé ekki meira að segja orðið slíkt, að það sé orðin knýjandi nauðsyn. Ég trúi ekki, að bændur láti á sér standa til slíks samstarfs við verkalýðinn. Væri ekki óeðlilegt, að það kæmi einmitt skýrt fram í þessum umræðum, hvort Framsfl. ætlar sér þrátt fyrir allt að halda áfram að framkvæma millilliða- og arðránsstefnuna með Sjálfstfl. eða snúa nú við blaðinu og leita samstarfs við verkalýðssamtökin og vinstri flokkana. Slík yfirlýsing gæti markað tímamót í íslenzkum stjórnmálum og þarf að gera það.

Síðasti kafli ræðu minnar hlýtur svo auðvitað að fjalla um þá höfuðlygi stjórnmálanna seinustu vikur og mánuði, að stöðvun atvinnulífsins, verðbólga og dýrtíð og yfirleitt allur ófarnaður þjóðfélagsins eigi sér eina og sömu rót, þ. e. a. s. sé verkalýðssamtökunum að kenna.

Til þess að komast að réttri niðurstöðu um þessi mál, bið ég hlustendur að festa sér eftirfarandi atriði í minni:

1) Að atvinnulífið var komið í þrot, löngu áður en verkalýðsfélögin sögðu upp samningum sínum. Mþn. starfaði sumarið áður til að leita úrræða til að halda togaraflotanum gangandi.

2) Haustið 1954 tóku bæði stjórnendur Reykjavíkurbæjar og ríkisstj. einstaka starfsmannahópa út úr og hækkuðu laun þeirra verulega.

3) Sama haust var að frumkvæði ríkisstj. gerð bráðabirgðahækkun á launum allra opinberra starfsmanna og hátíðlegt loforð jafnframt gefið um, að gagngerð endurskoðun launalaganna og meiri hækkun launa samkv. þeim yrði framkvæmd á næsta þingi. Hefur það loforð nú verið efnt og sjást þess merki á 23 millj. kr. gjaldalið í þessu fjárlagafrv.

4) Snemma hausts 1954 voru lagðar fram ákveðnar till. á Alþ., þar sem skorað var á ríkisstj. að gera þá þegar fyrir áramót raunhæfar ráðstafanir til að lækka dýrtíðina. Frestað var verkfalli fram í febrúar 1955, m. a. til þess að stjórnin gæti sýnt árangur í verðlækkunarátt. En út úr því kom ekkert, nákvæmlega ekkert. Sömu móttökur fengu till. þjóðvarnarmanna um verðlækkunarleiðina; þeim var að engu sinnt.

Þar með var teningunum kastað, og það var ríkisstj. sjálf, sem valdi leiðir í dýrtíðarmálunum. Hún valdi hækkunarleiðina, eins og hún hefur alltaf gert, bæði fyrr og síðar. Er þar skemmst að minnast skattaherferðarinnar nú, sem hleypir nýju stórflóði dýrtíðar yfir þjóðina og atvinnulífið. Hjá því getur ekki farið, að nýju skattarnir hækki allt verðlag stórkostlega, þegar líður á árið, svo að þá getur sjávarútvegurinn jafnframt verið kominn í enn meiri vandræði en hann nú er.

Þegar menn nú festa hugann við þessa forsögu, er þá hægt að álasa verkamönnum fyrir það, þótt þeir sem lægst launaða stétt þjóðfélagsins færu hvað af hverju að undirbúa uppsögn kjarasamninga sinna og færu fram á hækkað kaup, ef kaupmáttur launanna fengist ekki aukinn á neinn annan hátt?

Rökin fyrir því, að verkamenn lögðu út í kjaradeilu í febrúarmánuði 1955, voru aðallega þessi:

1) Dýrtíðin var orðin slík, að það var ógerningur fyrir fjölskyldumenn að lifa af verkamannatekjum, sem voru 2900 kr. á mánuði fyrir samfellda vinnu.

2) Kaupmáttur launanna hafði að áliti hagfræðinga rýrnað meira en um 20% síðan 1947.

3) Verkalýðurinn hafði enga hlutdeild fengið í aukningu þjóðarteknanna s. l. 2 ár, en sú aukning var talin mikil.

4) Keflavíkurvinnan og önnur herstöðvavinna, mikil byggingavinna svo og aukin vinna við vinnslu sjávarafurða innanlands olli mikilli eftirspurn eftir vinnuafli, og leiddi þetta allt saman til almennra tilboða frá atvinnurekendum um hærra kaup en hið umsamda, hvort sem um var að ræða ófaglærða verkamenn eða iðnaðarmenn. Nauðsynin á hærri tekjum og þessar aðstæður allar hrintu því kröfu verkamannanna um kjarabætur af stað.

Nú vill einmitt svo vel til, að form. annars stjórnarflokksins hefur fyllilega viðurkennt réttmæti þessa, því að hann segir:

„Áður en verkfallið skall á, hafði skapazt slík verðþensla, að boðið var í öllum áttum í vinnu manna við fjárfestingarstörf langt umfram þágildandi kauptaxta. Þegar rætt var við verkamenn fyrir verkfallið, úr hvaða stjórnmálaflokki sem þeir voru, var svarið alltaf hið sama: Hvers vegna megum við ekki fá sem viðurkenndan kauptaxta það kaupgjald, sem okkur er nú þegar boðið af vinnuveitendum? — Og þetta getur ekki talizt óeðlilegt svar."

Síðan heldur Hermann Jónasson áfram á þessa leið:

„En eftir verkfallið gerðist svo það, sem er enn furðulegra. Sagt var eftir verkfallið, að kauptaxtar væru allir of háir. Einkum var mikið rætt um of háa taxta iðnaðarmanna. Nú skyldi maður halda, að stjórnarforustan og sá ráðh. hennar, sem fer með verðlagsmál, hefði tekið rögg á sig til að halda öllu verðlagi niðri sem unnt var. Nú dundi hver verðhækkunin yfir af annarri, án þess að séð væri, að reynt væri að stöðva þær. Ekkert var gert. Og með þeim eðlilegu afleiðingum, eftir að stjórnarforustan hafði boð-

að gengisfall, að fjárfestingaræðið hefur aldrei verið ofboðslegra en síðan eftir verkfall. Í útvarpsauglýsingum kvöld eftir kvöld var auglýst eftir iðnaðarmönnum og því heitið að greiða „gott kaup". Vitað er, að þetta þýðir, að boðið er hærra en taxtakaup, enda er á allra vitorði, að þótt yfirboð á kauptöxtum væri mikið fyrir verkfallið, fara yfirboðin fyrst langt fram úr öllu valdi eftir verkfallið og síðan."

Þetta eru orð hv. þm. Str., Hermanns Jónassonar.

Og nú spyr ég: Geta menn samt sem áður enn þá tekið undir þá síendurteknu lygi íhaldsins, að allt öngþveiti dýrtíðarinnar sé 11% kauphækkun verkalýðsins að kenna?

Annað stjórnarblaðið hefur enn fremur viðurkennt, að þetta séu rangar sakargiftir.

Þegar verkfallinu var að ljúka, segir Tíminn í forustugrein s. l. vor: „Hér í blaðinu hefur jafnan verið bent á, að nokkrar kaupkröfur af hendi lægst launuðu stéttanna, eins og Dagsbrúnar og Iðjufélaga, hafi ekki verið óeðlilegar. Mikil atvinna vegna óeðlilegrar fjárfestingar ýtti undir þessar kröfur." Bent var á, að krafan um kauphækkun hefði mikið og almennt fylgi meðal verkamannanna og rangt væri því að telja verkfallið fyrst og fremst runnið undan rifjum kommúnista. Þetta er sannleikur málsins, og þetta sagði Tíminn.

Hér var á ferðinni víðtæk kjaradeila, sem skilaði verkamönnunum aðeins nokkrum hluta af þeirri kjararýrnun, sem þeir höfðu orðið að þola bótalaust á nokkrum undanförnum árum sökum sívaxandi dýrtíðar.

Þetta verður að nægja núna til varnar verkalýðshreyfingunni út af verkföllunum í vor.

Þá er að víkja að ástandinu, sem skattaflóðið nýja mun skapa, þegar líður að næsta hausti. Þá verður að óbreyttri stefnu orðið ólíft í landinu, jafnvel fyrir alla embættismenn landsins, sem nú eru að fá 23 millj. kr. kauphækkun á þessum fjárl. Enn erfiðara verður þó auðvitað fyrir verkafólk með sína 11% kauphækkun frá því í fyrravor að draga fram lífið. Ný stöðvun atvinnulífsins er fyrirsjáanleg, og til hvers verður þá gripið samkv. núverandi stjórnarstefnu? Ég efa það ekki. Það verður gripið bæði til stórkostlegrar opinberrar gengislækkunar og til kaupbindingar, eins og í ráði var nú, aðeins ef stjórnarherrarnir hefðu þorað að fara út á þá braut.

Nei, hér verður að brjóta í blað. Samstarf verkamanna og bænda verður að hefjast. Leið lögregluvaldsins hans Bjarna Benediktssonar færir engan frið og leysir engin vandamál. Bankalöggjöfinni verður að breyta. Drepa verður framleiðsluatvinnuvegina úr dróma arðráns og milliliða. Afurðasölu sjávarútvegsins og fiskiðnaðinn verður að endurskipuleggja frá grunni með það fyrir augum, að sjómenn og útvegsmenn fái rétt verð aflans. Vexti sjávarútvegsins verður auðvitað að lækka. Nauðsynjar útgerðarinnar verður að útvega með réttu verði. Það, sem þá kann að vanta til þess, að útgerðin beri sig, verður að taka af milliliðunum og af auðsöfnun verðbólguáranna, en fella niður neyzluskattana, sem nú gera dýrtíðina innan stundar óviðráðanlega. Þegar í stað, þegar þessi stjórn fellur, og hún hlýtur auðvitað að falla, verður að festa kaup á 15—20 nýjum togurum, og smíði allra okkar fiskibáta verður að færast inn í landið. Hið friðlýsta svæði bátaflotans verður að rýmka, miðað við fengna reynslu, og síðan verður að stefna örugglega að því lokamarki, að landhelgi Íslands nái yfir landgrunnið allt. Tryggja verður fólkinu, sem sveitirnar byggir, jafngóð lífskjör og aðstöðu og verkalýðnum við sjávarsíðuna. Allar iðngreinar, sem þjóðhagslega eiga rétt á sér, verður að efla með aðstoð ríkisvaldsins. Rafvæðingu landsins verður að flýta eins og mest má verða. Húsaleigu verður að lækka með opinberum aðgerðum og gera stórátak í byggingu íbúðarhúsnæðis. Verkamenn eiga að hafa meiri hluta í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðanna, eins og bændur og samtök þeirra ráða byggingar- og landnámssjóði sínum. Verkalýðsmálaskóla á að kosta af opinberu fé, eins og sjómannaskóla, bændaskóla og iðnskóla og aðrar slíkar menntastofnanir einstakra stétta. Orlofsheimilum verkafólks og æskulýðsheimilum verður að koma upp í samstarfi ríkisvalds og verkalýðssamtaka. Tafarlaust verður að lögfesta 3 vikna orlof verkafólks, 12 stunda hvíld á togurum og lög um félagsheimili. En fyrst og síðast verður að skera öll óþarfaútgjöld niður og ráðast gegn dýrtíðinni af fullum þrótti.

Stefnuyfirlýsingu í þessa átt hafa verkalýðssamtökin lagt fram. Þessi stefnuyfirlýsing hefur verið rædd við vinveitta stjórnmálaflokka, og einnig hefur hún verið send 160 verkalýðsfélögum um allt land. Félögin hafa fjöldamörg haldið fundi um stefnuskrána og lýst einróma yfir, að þau samþykki hana og muni fús til að veita ríkisstjórn, sem í aðalatriðum byggði á slíkri stefnu, bæði traust sitt og stuðning.

Það eru þannig engar líkur til, að verkalýðurinn neiti að taka á sig aukna ábyrgð eða neiti að hefja samstarf við ríkisvaldið, ef til hans verður leitað vegna þeirrar nauðsynjar, sem nú hefur skapazt.

Verkalýðshreyfingin öll og samvinnuhreyfingin eru góðir bakhjallar ríkisstj., sem helgar sér það hlutverk að efla framleiðsluatvinnuvegina og kveða niður dýrtíðina. Auðvitað yrðu fjallháir erfiðleikar á vegi ríkisstj., sem tæki við þrotabúinu á Goddastöðum, en verkalýðurinn er sízt líklegur til að hörfa eða heykjast, þótt á móti blási, aðeins ef hann veit, að stefnt er til réttrar áttar. Hitt verður miklum hluta þjóðarinnar kirkjugarður allra vona, ef núverandi stjórn verður ekki svipt völdum og dæmd til óhelgi fyrir alla sína stefnu og þá ekki síst fyrir seinustu handaverk sín.

Verkamenn og bændur, verið nú viðbúnir, því að það kemur að því fyrr eða síðar, að þið verðið að taka höndum saman og bjarga þjóðinni upp úr því díki dýrtíðar og spillingar, sem stjórn Ólafs Thors hefur steypt henni í, og þá ríður á órofa samtökum, eins og í verkfalli væri, sem heiður verkalýðssamtakanna ylti á.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Hannibal Valdimarsson, hinn mikli foringi hinnar andvanafæddu vinstri stjórnar, talaði stundarfjórðung umfram það,

sem honum var heimilt. Þeim tíma varði hann til þess að lesa upp úr biblíu vinstri villinga, þ. e. a. s. greinum form. Framsfl., Hermanns Jónassonar. Vona ég, að hinn frjálslyndi forseti dragi ekki þennan stundarfjórðung frá ræðutíma þeirra framsóknarmanna, sem tala munu hér á eftir mér.

Ég gæti trúað því, að þegar frá líður, muni margur muna það helzt úr þessum umræðum, hversu mikinn beyg stjórnarandstæðingar hafa af hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssyni. Ég er öfundarlaus maður og mjög gott í vináttu okkar Bjarna Benediktssonar. Þó liggur við, að ég öfundi hann af þessari hræðslu andstæðinganna. En ég viðurkenni, að hún er að því leyti makleg, að hæstv. dómsmrh. er mikill yfirburðamaður og alger ofjarl andstæðinganna.

Án efa eru þeir ekki fáir, sem vænta þess, að ég hirti nú og húðstrýki þessa herra, sem hér hafa talað, svo sem þeir hafa til unnið. En ekkert slíkt er mér í huga. Ég er svo vanur, að á mig séu bornar ósannar sakir, málstaður minn svertur og ófrægður, að mér rennur ekki í skap af slíkum smámunum. Auk þess hef ég heyrt mest úr þessum ræðum hundrað sinnum áður. Enn fremur veit ég, að blessaðir mennirnir meina minnst af því, sem þeir segja. Og loks er ég ekki hingað kominn til að skattyrðast, heldur til að skýra flókin mál fyrir fróðleiksfúsum áheyrendum.

Spekingarnir, sem hér voru að tala, umboðsmenn hinnar sjálfri sér sundurþykku, smávöxnu og stöðugt vesælli og sennilega líka minnkandi stjórnarandstöðu, hafa nú enn einu sinni lýst þeirri ríkisstj. sem athafnasmárri og úrræðalausri, sem í öndverðu naut stuðnings nær 7 af hverjum 10 kjósendum í landinu og vitað er að síðan hefur vaxið fylgi. Ofan á hafa þeir svo bætt því að kalla stjórnina íhaldssama og jafnvel illgjarna, enda þótt hún með stefnu sinni og athöfnum hafi svo rækilega sannað, að ekki verður um villzt, að hún tók á sig vanda valdanna fyrst og fremst í því skyni að bæta kjör almennings í landinu, og það sem þó enn meiru varðar: hefur borið gæfu til að standa við heit sín.

Þegar stjórnin tók við völdum, þorði enginn andstæðinganna að ráðast á stefnu hennar. Þeir neyddust til að viðurkenna, að fyrirheitin væru frjálslynd og fögur og snertu einmitt mestu áhuga- og hagsmunamál landsmanna, jafnt til sjávar sem sveita. Hin veigalitla stjórnarandstaða hélt þá í sér lífi þrátt fyrir eingöngu með þrálátum staðhæfingum um, að stefna stjórnarinnar og fyrirheit væru ekkert annað en loforð ætluð til svika, pólitískar blekkingar og óheilindi, sem sumir stjórnarandstæðinga þekkja betur úr sínum eigin heimkynnum en efndir.

Í ræðu stjórnarandstæðinga hér í kvöld var ekkert merkilegt, nema vera skyldi hvað þær voru ómerkilegar, sem þó er ekki merkilegt, af því að þessu á maður að venjast frá þessum mönnum. En höfuðeinkennið var sameiginlegt: Neikvætt niðurrif og níð. Engar jákvæðar tillögur. Ekkert til úrbóta. Ekkert að gagni.

Ég skal svara þeim með því að láta verk stjórnarinnar tala. Þau blása hjóm, froðu og fleipur stjórnarandstöðunnar út á haf gleymsku og fyrirlitningar.

Margir muna vafalaust, að aðalfyrirheit stjórnarinnar hljóðar þannig:

„Það er höfuðstefna stjórnarinnar að tryggja landsmönnum sem öruggasta og bezta afkomu."

Sú stjórn, sem slíkt fyrirheit gefur og stendur við það, þarf ekki að láta árásir andstæðinganna á sig fá. Hún er brynjuð verkum sínum.

Hitt vita svo flestir af eigin reynd, að aldrei hefur þjóðin haft meiri og betri atvinnu, aldrei meira að bíta og brenna, meira fé handa á milli, getað veitt sér meira og þó eignazt meira en einmitt nú. Okkur amar nú fátt annað en sjálfskaparvítin. Ágæt afkoma ríkissjóðs vegna fastrar og hyggilegrar fjármálastjórnar, lækkun á beinum sköttum, verndun sparifjár, aukið athafnafrelsi, sem allir þrá, þótt við höfum kannske ekki farið nægilega varlega með það hnoss, allt eru þetta fyrirheit, sem búið er að efna. Er það allt mikils virði og góðra gjalda vert. Mun þó margur fagna því meir, að hið nýja veðlánakerfi er tekið til starfa og hefur nú þegar greitt götu margra til að eignast þak yfir höfuðið. Er hér um að ræða stórmerka framtíðarstofnun, sem að sönnu er enn ekki nægilega öflug til að geta í einni svipan bætt þá miklu þörf, sem áratuga vanræksla hefur safnað saman, en þó nú þegar hefur leyst vandræði margra og er ætluð til að veita öllum, sem til hennar leita, aðstoð, þegar frá líða stundir og henni vex fiskur um hrygg. Hygg ég, að sú stjórn, sem slíka löggjöf hefur sett, muni af því einu fá nokkurn orðstír í framtíðinni, verði vel og viturlega byggt ofan á þann grunn, sem nú er lagður.

Þá er og rafvæðing landsins mikið og merkt mál. Hefur stjórnin ekki heldur í því látið standa við orðin ein, heldur hafizt öfluglega handa með stórvirkjunum bæði á Vestur- og Austurlandi auk margs annars og þegar tryggt að mestu fé til allra þeirra framkvæmda, er fyrirheitin voru gefin um, jafnt með nær fjórföldun á árlegu framlagi ríkissjóðs sem erlendum og innlendum lánum og lánafyrirheitum. Er það efni í miklu lengri ræðu en mér vinnst tími til að flytja hér, ef skýra á þessar stórhuga framkvæmdir, sem ætlaðar eru til að efla hag dreifbýlisins og þar með þjóðarinnar allrar. Er vissulega tímabært, að við, sem lengi höfum notið yls og birtu með því að virkja aflið í elfum landsins og iðrum jarðar, sýnum í verkinu, að við viljum aðstoða bræður og systur, sem allt of lengi hafa farið á mis við þessi lífsgæði, til þess eftir föngum að brjóta á bak aftur ofurvald íslenzks vetrarmyrkurs og frosthörku.

Til þess að menn átti sig á því risaátaki, sem hér ræðir um, skal ég tilfæra örfá orð úr langri og mjög skilmerkilegri skýrslu Eiríks Briems rafmagnsveitustjóra, sem nýverið birtist í Morgunblaðinu. Þar segir:

„Í 10 ára áætlun ríkisstjórnarinnar felst, að allir kaupstaðir, öll kauptún og yfirleitt allt, sem þorp getur kallazt, fá vatnsaflsrafmagn frá samveitum. Enn fremur verða lagðar héraðsveitur til um það bil 2600 sveitabýla til viðbótar þeim, sem tengd voru í ársbyrjun 1954, og munu þá alls um 3500 býli hafa fengið rafmagn frá samveitunum."

Og enn fremur segir rafmagnsveitustjóri:

„Auk þess má gera ráð fyrir, að einkarafstöðvunum fjölgi, þannig að fast að 100% landsmanna muni hafa rafmagn til afnota í lok 10 ára áætlunarinnar.“

Hér þarf ég engu við að bæta. En ég get sagt svipað og um veðlánastofnunina, að ég hygg, að sú stjórn, sem slíkt fyrirheit gaf og efndi það, muni hljóta nægan sóma til þess að kæfa hrópyrði og kveinstafi vesællar stjórnarandstöðu, sem undan engu þarf að emja öðru en því, að ríkisstjórnin sé of frjálslynd, stórhuga og úrræðagóð, til þess að svo aum stjórnarandstaða megni að rispa hana, hvað þá blóðga.

Nei, núverandi ríkisstj. verður aldrei með rökum sökuð um brigðmælgi. Henni verður ekki heldur brugðið um úrræðaleysi. Að þjóðinni hafa steðjað margvísleg vandræði síðustu 5—6 árin. Samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur, dyggilega studd af stjórnliði sínu, gjarnan brugðizt fljótt og vel við þörfum manna, hvort sem glíma varð við aflabrest, verðfall, mæðiveiki, harðindi eða annað. Og jafnframt öllu þessu hefur stjórnin og flokkar hennar beitt sér fyrir margvíslegri merkri löggjöf, sem engin fyrirheit höfðu verið gefin um. Fjallar lagasetning þessi um hin óskyldustu efni, jafnt á sviði menningar- og menntamála sem hinna ýmsu atvinnumála. En e. t. v. hefur þó stjórnin aldrei sýnt betur en nú, að hún er sterk stjórn, sem þorir að horfast í augu við örðugleikana, er hún leggur nú fram frv. um milli 150 og 200 millj. kr. nýja skatta vegna aukinna þarfa ríkissjóðs og framleiðsluatvinnuveganna út af kauphækkunum þeim, sem urðu á síðasta vori. Slík stjórn verðskuldar traust, en ekki vantraust.

Ég skal þá víkja að dægurmálunum.

Eins og menn muna, var sjávarútvegurinn kominn í greiðsluþrot, þegar stjórn undir forustu Alþfl. lét af völdum í árslok 1949. Átti sú stjórn á því enga sök. Til úrbóta var talið að þurfa mundi um 150 millj. kr. nýja skatta. Var þá í marzmánuði 1950 gripið til gengislækkunarinnar. Enginn, sem þá ráðstöfun gagnrýndi, þorði að bera fram till. um nýja skatta á þjóðina, og var því sú gagnrýni aðeins máttvana nöldur. Af versnandi verzlunarárferði á Íslandi o. fl. leiddi þörf fyrir ný bjargráð í ársbyrjun 1951. Þá voru veitt bátagjaldeyrisfríðindin svonefndu. Án þeirra og án gengisfellingar hefðu skattar, er námu a. m. k. 250—300 millj. kr., nægt þar til nú að ný þörf kallar á ný úrræði vegna kauphækkananna miklu á síðasta ári. Hefði þá vart nú verið um annað að ræða en gengislækkun, jafnmikið vandaverk sem það hefur reynzt að benda á gjaldstofna nú, og hafa þó skattar verið lækkaðir, en ekki hækkaðir um 250—300 millj. síðustu 5—6 árin.

Hin nýja tekjuþörf ríkisins stafar að mestu leyti beint og óbeint af auknum útgjöldum vegna kauphækkananna á s. l. vori. Mun hæstv. fjmrh. gera nánari grein fyrir því. Líkt er um þörf framleiðsluatvinnuveganna fyrir framleiðslubætur. Sú þörf stafar mest af kauphækkunum.

Kem ég þá að till. ríkisstj. til að ráða fram úr þeim vanda, sem kauphækkanirnar í vor færðu yfir framleiðsluna. Umræddar kauphækkanir námu í öndverðu 13.6% fyrir atvinnurekendur. Af þessu leiddi, svo sem fyrr var sagt, hækkun á allri þjónustu og síðar samkvæmt gildandi lagafyrirmælum hækkun á verðlagi landbúnaðarafurðanna. Af því leiddi aftur hækkun vísitölunnar. Er nú svo komið, að þessar kauphækkanir nema tæpum 22%. Snemma á þessu hausti voru þessar hækkanir ýmist komnar í ljós eða fyrirsjáanlegar. Gaf þá ríkisstjórnin bændum fyrirheit um að beita sér fyrir uppbótum á útfluttar framleiðsluvörur þeirra til samræmis við svonefndan bátagjaldeyri. Kaus ríkisstj. þann kost fremur en þá hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða, sem ella hefði riðið yfir til fullnægingar gildandi lagaákvæðum, enda hefði þá af hlotizt mikil hækkun á vísitölunni öllum til tjóns. Er rétt, að þeir, sem oft eru að telja eftir þetta fyrirheit stjórnarinnar, hafi það hugfast, að fleiri en bændur njóta góðs af.

Eftir var nú hlutur útgerðarinnar, og kom engum á óvart, að sá vandi yrði ekki auðleystur. Undanfarin ár hefur Landssamband íslenzkra útvegsmanna átt viðræður í árslok við ríkisstj. um svokallaðan starfsgrundvöll fyrir útgerðina. Hefur þá ekki alltaf gengið greiðlega að sameina sjónarmiðin og fyrir komið, að róðrar hafa ekki hafizt réttrímis af þeim ástæðum. Undir þann leka vildi ríkisstj. nú reyna að setja. Skipaði hún því á öndverðu hausti fjóra hagfræðinga til að athuga þetta mál svo og ástandið í fjármála- og atvinnulífi þjóðarinnar. Jafnframt störfuðu þeir hinir sömu embættismenn stjórnarinnar að málinu sem með það hafa farið undanfarin ár, undir forustu Gunnlaugs E. Briems ráðuneytisstjóra. Eru það allt hinir mætustu menn, sem lagt hafa mjög mikla vinnu í rannsókn og lausn þessa máls og oft orðið að fella nótt við dag í því skyni. Skal ég ekki rekja þá sögu lengra, aðeins get ég þess, að enda þótt að lokum tækist að ná samkomulagi, bar í öndverðu og raunar fram á síðustu stund mjög mikið á milli, svo að milljónatugum skipti. Má raunar segja, að svo sé enn, þótt L. Í. Ú. kysi frekar þann kost að una því, sem ríkisstj. treysti sér lengst að ganga, en að bera ábyrgð á róðrarbanni.

Menn hafa lesið í blöðum og heyrt í útvarpi höfuðefni frv. ríkisstj. um framleiðslusjóð, og enn fremur hafa menn fengið um það upplýsingar, að vísu verulega rangar, hjá hv. ræðumönnum hér í kvöld. Útgjöld sjóðsins eru áætluð 152 millj. kr. Af þeirri upphæð var til um áramótin handbært fé í togarasjóðnum 15 millj. kr. Þá þarf að afla nýrra tekna að upphæð 137 millj. kr. Er lagt til, að það sé gert með því að leggja svonefnt framleiðslugjald á innfluttar vörur að upphæð 9%. Leggst gjaldið á cif-verð vörunnar að viðbættri áætlaðri álagningu 10%. Ýmsar vörur eru þó undanþegnar þessu gjaldi, þótt stjórnarandstæðingar hafi neitað því hér í kvöld, svo sem salt, kol, veiðarfæri, olía benzín, fóðurbætir, áburður o. fl. Nefni ég þetta sem dæmi um óvandaðan málflutning þeirra.

Þá er ætlað að leggja 3% framleiðslugjald á sölu og veltu á iðnaðarvörum, með undantekningum þó, allt eftir því, sem nánar greinir í 13. gr. frv. stjórnarinnar um framleiðslusjóð. Tekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 115 millj. kr., en aðrar tekjur framleiðslusjóði til handa alls

22 millj. Ræðir þar einkum um 30% innflutningsgjald af ávöxtum, búsáhöldum, smíðatólum o. fl., alls um 10 millj. kr., 40% gjald af innfluttum tollvörutegundum, alls um 4 millj. kr., og 100% gjald af fob-verði vissra tegunda bifreiða, áætlað um 8 millj. kr.

Rétt er að geta þess, að á s. l. ári voru leyfagjöld af innfluttum bifreiðum 38 millj. kr.

Um útgjöld sjóðsins verð ég að láta nægja að taka þetta fram:

Varðandi togarana er byggt á skýrslu og till. milliþn., sem Alþ. kaus 1954. Áttu sæti í henni fulltrúar allra þingflokka nema Þjóðvfl. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að taprekstur meðaltogara væri þá 950 þús. kr. á ári. Athuganir byggðar á sama grundvelli sýna, að nú er taprekstur inn orðinn 1980 þús. kr., eða tæpar 2 millj. Ekki sá ríkisstj. sér þó fært að miða till. sínar við þá upphæð, heldur við 5000 kr. á úthaldsdag, eða rúml. ¾ hluta þess, sem talið var þurfa. Er áætlað, að kostnaður af þessu framlagi muni nema um 66 millj. kr. Er þá ekki gert ráð fyrir væntanlegri kauphækkun sjómanna, sem þó er fyrirsjáanleg og sanngjörn, miðað við það, sem á undan er gengið.

Þá er ætlað til vinnslubóta á fiski, jafnt togara- sem bátafiski, 5 aurar á kg af slægðum fisk með haus, eða alls um 18 millj. kr. Er tilskilið, að vinnslustöðvarnar greiði þá sama verð og greitt var í des. s. l. fyrir fiskinn. Var lægsta krafa frystihúsanna miklu hærri og mörg rök færð fyrir, sem hér vinnst ekki tími til að skýra. En játað er af umboðsmönnum ríkisstjórnarinnar, að kauphækkanirnar, sem urðu s. l. vor, kosti frystihúsin ekki aðeins þessa 5 aura á kg, heldur 12 aura, en upp í mismuninn hafa frystihúsin 6 aura vegna hækkaðs álags á bátagjaldeyrinn. Sjálf nefndu frystihúsin 14—16 aura, en vildu auk þess m. a. fá greiddan kostnað við svonefnda neytendapakkningu, bæði til Bandaríkjanna og Rússlands. Er með því ætlað að vinna og festa markaði. Það skal vissulega játað, að slíkt er æskilegt, þótt nú skorti fjárhagslegt bolmagn til þess, enda hefði til þess þurft tugi millj. kr., sem ríkisstj. treysti sér ekki til að bæta ofan á nauðsynlegustu skattana.

Til framdráttar bátaflotanum er auk óbeinnar aðstoðar, sem felst í vinnslugjaldinu og núgildandi bátagjaldeyrisfríðindum, ætlað að greiða niður hálft vátryggingariðgjaldið. Hefur þá báturinn heldur skárri fjárhagsgrundvöll en í fyrra, sé miðað við sama aflamagn og verðlag og tillit tekið til hækkaðs álags á bátagjaldeyrinn annars vegar og hins vegar aukins kostnaðar vegna kaupgjaldshækkananna frá í vor. Er þetta gert til þess að mæta hækkuðu kaupi til sjómanna.

Kostnaður af þessu nemur um 8 millj. kr.

Þá er lagt til að greiða sérstakar vinnslubætur á smáfisk, sem byggt er á því, að mörg undanfarin ár hefur verið greitt sama verð fyrir smáan fisk og stóran. Vegna sjómanna og útgerðarmanna þykir ekki kleift að breyta því. En játað er, að smáfiskurinn er verðminni vara. Gætir þess þó mest til frystingar, því að bæði eru vinnulaun hlutfallslega því meiri sem fiskurinn er smærri og einnig fást mun minni flök úr smáfiski en stórfiski, miðað við hráefnisþunga.

Kostnaður af þessu er áætlaður 6—7 millj. kr.

Enn fremur á að verja úr sjóðnum 26 millj. kr. til að kaupa inn svonefnd B-skírteini. Er hér um skynsamlega ráðstöfun að ræða, sem mér vinnst ekki tími til að skýra, enda er það mjög flókið mál.

Hafa ræðumenn hér í kvöld talið þessa ráðstöfun alveg óþarfa, stjórnin vilji aðeins kvelja fólkið sem mest. — Þetta hirði ég ekki að rökræða, þótt ekki væri af öðru en því, að þjóðin veit, að enga stjórn langar að gera sig óvinsæla með óþörfum sköttum.

Varðandi bætur á útfluttum landbúnaðarafurðum, að upphæð um 15 millj. kr., vísa ég til framangreinds og þess, sem hæstv. landbrh. mun um það segja.

Nokkur fleiri ákvæði eru í frv., sem mér þykir þó ekki sérstök ástæða að víkja að.

Ef til vill spyr nú einhver, hvort þörf sé þessara framleiðslubóta. Um það vísa ég til grg. um framleiðslusjóð. Sjálfur bæti ég því við, að sérfræðingar ríkisstj., sem mjög vandlega hafa rannsakað öll gögn málsins, telja, að hvergi megi af klípa, en útvegsmenn og vinnslustöðvar telja þörf miklu hærra framlags. En þeir, sem þessum málum eru ekki nægjanlega kunnugir, aðgæti, að kaupgjaldið er langstærsti liður framleiðslu- og vinnslukostnaðar. Hækkun um 22% á þeim kostnaði, eins og nú er orðið, hlýtur því að kippa fótunum undan framleiðslunni, en stöðvun hennar er banabiti þjóðfélagsins. Mín skoðun er sú, að ríkisstj. hafi ekki gengið feti lengra en nauðsynlegt var. Hitt er tvísýnna, hvort það nægir, sem nú hefur verið lagt til og væntanlega verður samþ. á morgun á Alþingi.

Ég viðurkenni, að skattarnir, bæði til ríkis og framleiðslusjóðs, eru háir og þungbærir, en vart meiri en 5—6% af þjóðartekjunum. Ættu þeir ekki að vera drápsklyfjar, þegar kaupgjaldið er hækkað um 22%. Miðað við útsvarshækkanir, sem víða eru um og yfir 30% af heildarupphæðinni, eru þessir skattar ekki einstakir.

Mér er vel ljóst, að frv. stjórnarinnar um framleiðslusjóð verður ekki skýrt viðhlítandi í svo stuttu máli. En skýringar og einkum þó frumvörpin sjálf eru lifandi sönnun þess, að aðvaranir mínar og annarra um hættulegar afleiðingar kaupgjaldshækkananna, þegar framleiðslan er rekin með halla, voru sannar. Þessar aðvaranir voru að engu hafðar. Sú synd fær nú sína refsingu, sem með engu móti verður umflúin, enda skilst væntanlega öllum, að engin ríkisstj. gerir að gamni sínu að leggja þungar álögur á þjóðina, þótt hins vegar stjórn, sem á sér manndóm og þingfylgi, kjósi þann kost fremur en að horfa aðgerðalaus á stöðvun framleiðslunnar.

Og hvernig er svo þessum bjargráðum tekið? Umboðsmaður Alþfl., prófessor Gylfi Þ. Gíslason, sagði í umr. um málið á laugardag: „Þetta er gjaldþrot stjórnarstefnunnar.“ Og hann rökstuddi þann sleggjudóm með því, að fyrir 6 árum hefðu tveir merkir hagfræðingar heldur kosið gengisfall en háa skatta og tolla. Mér varð allt að því orðfall, og á ég þó ekki vanda til þess. Átti ég að trúa því, að hagfræðiprófessor viti ekki, að enda þótt gengisfall sé betra en skattar og tollar við vissar aðstæður, getur það við breyttar

aðstæður verið glapræði og orðið heilræði á ný við enn breyttar aðstæður? Nei, það er ekki stefna ríkisstj., sem nú er gjaldþrota, heldur hefur fróðleiks- eða vitsmunalind prófessorsins þornað upp í bili. Í dag lægt svo þessi sami hv. þm. vera að benda á úrræði og flytur um þau till. Alþfl. Sjálfum dettur honum ekki í hug, að þær till. séu frambærilegar, hvað þá framkvæmanlegar. Hann játar, að búið sé að íþyngja útgerðinni svo mikið, að nú beri að styðja hana, ella stöðvist hún og þar með komist hann sjálfur og við hinir á kaldan klaka. En, segir þm., enginn skal þó njóta neins stuðnings, nema hann gerist meðlimur í allsherjarfélagi allra vinnslustöðva og útvegsmanna og taki á sig þá smávægilegu kvöð, að komi fyrir, að hann hagnist, skuli gróði hans ganga til að greiða halla annarra útgerðarmanna eða vinnslustöðva, enda þótt hann geti engin áhrif haft á þann rekstur. Ef einhver útgerðarmaður einhvers staðar á landinu einhvern tíma hagnast, skal þeim hagnaði varið til að greiða halla, sem einhver annar útgerðarmaður einhvern tíma kann að bíða.

Hér gætir svo grómtæks grundvallarmisskilnings á eðli og þörfum þessa áhættusama atvinnurekstrar, sem á allt undir atorku, framtaki og dug þeirra, sem þar eru að verki, og sjálfu Íslendingseðlinu, að ekki er orðum að eyðandi.

Litlu betri er till. Alþfl. um tekjuöflunina. Þeir leggja til, að fram fari allsherjar eignakönnun og að allir, sem efnazt hafa um meira en 300 þús. kr. allt frá 1940 og fram á þennan dag, skuli greiða til samans í eignaraukaskatt 85 millj. kr. Undir þennan skatt skal falla verðhækkun íbúða og annarra eigna og allt miðast við söluverð í dag. Sennilega hefur svonefnd eignakönnun, sem hér fór fram fyrir tæpum áratug, skaðað og spillt heilbrigðri efnahagsþróun meir en flest annað. Sú reynsla ætti að nægja. Auk þess er vandséð, hvernig leysa á árlega þörf útvegsins með þeim hætti að gera upptækar eignir manna í eitt skipti fyrir öll. Þessar till. eru svo fráleitar, að í þeim felst ekkert nema hrein uppgjöf Alþfl.

Þá kunna kommúnistar betur áralagið. Þeir eru ísmeygilegri. Þeir segja, eins og þeir eru vanir: Sækið þið gróðann þangað sem hann er. Ríkið græðir, bankarnir græða, olíufélögin græða og heildsalarnir græða o. s. frv. Látið þið þessa aðila greiða hallann á útgerðinni. — Þetta er þeirra gamla, slitna og falska plata. Hún er vinsæl, þótt hún sé vitlaus, því að auðvitað vill fólkið, ég og aðrir, losna við skattana. En þetta er ekki eins auðvelt og út kann að líta. Eða þora kommúnistar að neita því, að það er grundvöllur undir fjármálaöryggi sérhverrar þjóðar, að ríkissjóður búi vel? Dirfast þeir kannske að neita því, að ríkisstj. hefur vel og viturlega ráðstafað greiðsluafganginum? Eða þora e. t. v. kommúnistar að ganga fyrir sjómenn og útgerðarmenn og segja, að óþarfi sé að veita lán til bátakaupa? Þora þeir að segja bændum, að þeir skuli áfram búa við fjársvelti jafnt til ræktunar sem bygginga? Dirfast þeir að segja við alla þá, sem húsnæðisvandræðin þjaka og þjá, líka þá, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, að það sé hreinasti glæpur, að ríkið skuli vera þess megnugt að rétta þeim hjálparhönd?

Nei, ekkert af þessu þora kommúnistar að segja. En þá er þeim líka sæmst að segja, því að til þessa hafa stjórnarflokkarnir ákveðið að verja bróðurpartinum af þeim greiðsluafgangi, sem ríkissjóði hefur óvænt áskotnazt. Og með því móti er einmitt þeim liðsinnt, sem mesta hafa þörfina, og að þeim ráðum horfið, sem flestum eru til blessunar.

Árásir á bankana falla dauðar um þá staðreynd, að það er þjóðarböl, að íslenzkir bankar eru of fátækir, en ekki of ríkir. En um olíuokrið er það að segja, að það eru útgerðarmenn og samvinnumenn, sem eiga stærsta olíufélagið og bróðurpartinn í hinum og okra þá mest á sjálfum sér. Auk þess minni ég á, að hið sæla verðlagseftirlit, sem stjórnarandstæðingar telja allra meina bót, nær til olíunnar. Geti verðlagseftirlitið tryggt sannvirði annarrar vöru, hvernig stendur þá á því, að það er gagnslaust gagnvart olíuokri? Ætli svarið standi ekki í kommúnistunum?

Um millilíðagróðann er svo rétt að upplýsa, að fyrir Alþ. liggur nú till. um rannsókn á honum. Kommúnistar sýnast lítinn áhuga hafa fyrir henni. Hvers vegna? Það er vegna þess, að þeir eiga að fá fulltrúa í þessari nefnd, sem allt getur rannsakað og ofan af öllu flett. Það er vegna þess, að þeir óttast, að sú rannsókn leiði ekki í ljós nægilega mikinn gróða og sé þá erfiðara að blekkja eftir en áður.

En annars er aumt að þurfa að hlusta á þetta raus nær daglega. Hér tala menn í kvöld rétt eins og engin skattalög giltu á Íslandi. En hér gilda ein þyngstu skattalög, sem þekkjast. Þau áskilja ríkinu og bæjar- og sveitarsjóðum bróðurpart alls hagnaðar. Efalaust reyna margir að beita undanbrögðum og tekst það sumum. En vilja þá ekki kommúnistar kenna ríkinu ráðin til að stöðva þá starfsemi? Þá fær ríkið gróðann. En þá er líka bezta blaðra kommúnista sprungin.

Ef menn fletta staðhæfingar stjórnarandstæðinga klæðum, séu umbúðirnar teknar af orðaflaumnum, kemur þetta í ljós:

1) Útgerðin þarf og hefur í nær áratug þurft aðstoðar, vegna þess að á hana hafa verið lagðar þyngri byrðar en hún fær undir risið, einkum kaupgjaldið.

2) Þjóðin lifir á útgerðinni og verður þess vegna að halda lífinu í henni.

3) Sé krónan felld útgerðinni til framdráttar, er fyrst skammazt út af því, en aðstoðin síðan að engu gerð með kauphækkunum.

4) Þegar svo er gripið til bátagjaldeyris, er skammazt út af því.

5) Þegar þau fríðindi eru minnkuð, er skammazt út af því.

6) Þegar þau eru stækkuð, er skammazt út af því.

7) Þegar hætt er við að stækka bátagjaldeyrinn, en í þess stað gripið til skatta og tolla, er skammazt út af því.

8) Og sé svo ekkert af þessu aðhafzt, svo að útgerðin stöðvast, ætlar vitaskuld allt af göflunum að ganga.

Þetta er sannleikurinn. Og þegar búið er að tína þessar spjarir af stjórnarandstæðingum, standa þeir frammi fyrir alþjóð berstrípaðir, rýrir, raunalegir, fálmandi og úrræðalausir og

sannir að sök um fláttskap og óheilindi í mestu velferðar- og alvörumálum þjóðarinnar. Slíkt athæfi ber í skauti sínu refsinguna, þegar að skuldadögunum kemur.

Ég spyr enn: Hver eru úrræði þessara manna? Kunna þeir engin ráð önnur en þau að ræna ríki, banka, opinbera sjóði og stofnanir eignum? Og ætla þeir að gera það á hverju ári, svo lengi sem þörf útvegsins varir? Eru þeir kannske að heimta gengisfall með kaupbindingu? Það mundi duga. Eða vilja þeir e. t. v. verðhjöðnunina? Hún bitnar fyrst og langþyngst á launþegum. Þá yrði sá, sem nú fær 5 þús. á mánuði, kannske að sætta sig við 2—3 þús. Honum er hentara að hafa ekki byggt yfir höfuð sér eða yfirleitt stofnað til skulda. Þær mundu reynast nokkuð þungbærar. Er það kannske þetta, sem verið er að heimta? Eða heimta menn, að ekkert sé gert, svo að framleiðslan stöðvist og við getum allir og öll soltið í takt? Hvað er það yfirleitt, sem menn heimta? Veit kannske enginn, hvað hann vill? Eða verða stjórnarandstæðingar að bera fram þessar sýndartillögur, sem hver stangast við aðra og ekkert eiga sameiginlegt annað en það að vera allar jafnfráleitar, eingöngu til þess að ljóstra því ekki upp, að þeir vita ekki sitt rjúkandi ráð, standa úrræðalausir eins og þvörur, getulausir og gagnslausir til alls annars en þess að ráðast á allt, sem gert er, eitt í dag, annað á morgun, allt til að þvælast fyrir þörfum málum og reyna að ófrægja stjórn landsins og spilla málefnum þjóðarinnar?

Svari menn þessu, ef þeir geta. Hér þýðir enginn vaðall um milliliðagróða, sem kommúnistar fást ekki einu sinni til þess að rannsaka, eða gróða útgerðarmanna á olíusölu til sín sjálfra, svo að ekki sé rætt um árásir út af sómasamlegri afkomu ríkissjóðs og banka. Svari menn, segi ég, svari menn með rökum eða þegi og þoli sinn dóm.

Ég skal svara fyrir stjórnarandstæðinga og segja sannleikann, þótt þeir fáist ekki til þess. Stjórnin hefur hvorki gefizt upp né guggnað. Á henni er enginn bilbugur. Hún veit, að við vissar aðstæður er gengisfall skásta úrræðið. Við aðrar aðstæður eru tollar og skattar skárri. Hún og hennar samherjar hafa haft vit til að velja og dug til að standa við skoðanir sínar. Hún hefur haft kjark til að ganga framan að þjóðinni og segja: Úr því að menn fást ekki til að sætta sig við það kaup og þau kjör, sem framleiðslan fær undir risið, er í bili ekkert úrræði fyrir hendi annað en að taka það, sem umfram gjaldþol framleiðslunnar hefur verið tekið af þjóðinni, og skila framleiðslunni því aftur, ella stöðvast framleiðslan, en þá sveltur þjóðin.

Því fer víðs fjarri, að ríkisstj. þurfi að bera kinnroða fyrir þessi frv. sín, enda gerir hún það ekki. Það eru hinir, sem teymt hafa þjóðina út í kapphlaupið milli kaupgjalds og afurðaverðs, sem sökina eiga bæði á nýjum álögum og því, að krónan riðar. Þessir menn hafa undanfarna mánuði hamazt á stjórninni fyrir aðgerðaleysi. Sjálfir hafa þeir ekkert haft fram að bera nema óhróður og persónulegan skæting í blöðum sínum. Ég á þar ekki sérstaklega við Alþýðublaðið. Ég á yfirleitt minnst við Alþfl. Hann er nú orðinn helzt enginn flokkur, miklu frekar búsáhald á heimili kommúnista, eða þá heldur smíðatól, kúbein hét það í gamla daga, sem kommúnistar nota til niðurrifs í þjóðfélaginu. Þjóðvörn veit ég of lítið um, því að þótt ég lesi sjaldan Alþýðublaðið, veit ég þó enn minna um boðskap blaðs Þjóðvarnar. En eigi að dæma flokkinn af ræðum þjóðvarnarmanna hér í kvöld, verður hann varla langlífur. En um kommúnista vil ég segja það, að það eru þeir, sem valda. Með æsingum og kaupgjaldskröfum, sem verkalýðurinn hefur þann eina hagnað af að fella krónuna, hefur þeim tekizt að kalla fram þörfina fyrir alla þá skatta, sem nú er verið að leggja á þjóðina. Þeir sáu þetta fyrir alveg eins og ég, enda þótt þeir þegðu, þegar ég aðvaraði. En nú, þegar komið er að skuldadögunum, ætlar sökudólgurinn að smeygja sér undan og koma sökinni á okkur hina, sem sáum hættuna fyrir og vöruðum við henni. Ég held, að kommúnistar hafi hér reist sér hurðarás um öxl. Fólkið er farið að skilja aðferðir þeirra og atferli. Fyrst kveikja þeir í húsinu, síðan kenna þeir stjórninni um brunann. Hvorugt er gott, en hvort tveggja við hæfi einræðisaflanna.

Spaugilegast er, þegar stjórnarandstaðan er að fjargviðrast yfir því, að ráðstafanir ríkisstj. séu engin endanleg lausn á vandamálum útvegsins. Þessu er daglega haldið fram í blöðum þeirra, og þessu hafa þeir haldið fram í kvöld. Manni verður á að spyrja: Hvaða fávitum er slíkt hjal ætlað? Allir hugsandi menn vita fyrir löngu, að í þessum efnum er aðeins ein varanleg lausn til. Hún er sú, að þjóðin sætti sig við það kaupgjald, sem framleiðsla hennar þolir. En einnig í þeim efnum vinna kommúnistar með kúbeinum sínum gegn hagsmunum þjóðarinnar. Einnig í því húsi kveikja þeir og kenna svo öðrum um brunann.

Ég lýk þessum hugleiðingum með því enn að spyrja um úrræði stjórnarandstæðinganna, ekki málamyndatill., bornar fram til blekkingar, svo sem gert hefur verið í kvöld, heldur eitthvað, sem er framkvæmanlegt.

Ég verð nú að fara að stytta mál mitt. Ég hef reynt að forðast að troða illsakir við samstarfsflokkinn, og hafa þó blöð hans gefið ærið tilefni til. Ég hef ýmislegt um Framsfl. að segja, margt gott og annað, sem mér fellur miður. Og innan stjórnarinnar hefur samvinnan gengið furðuvel. En því verr fellur mér, að sumir framsóknarmenn og blöð flokksins vilja eiga í stöðugum illdeilum við Sjálfstfl., rétt eins og miklu meira varðaði að gera okkur að glæpalýð og óbótahyski en hitt, að hrinda í framkvæmd þeim miklu hugsjóna- og hagsbótamálum þjóðarinnar, sem fyrirheit voru um gefin og nú eru vel á veg komin. Þetta athæfi er skaðlegt og spillir andlegum og veraldlegum velfarnaði þjóðarinnar. Fólk missir trúna á einlægni okkar allra og löngun okkar til að leysa farsællega vanda þjóðarinnar, og allt, sem er stærst í fari okkar, dregst ofan í svaðið. Þetta er illa farið. Menn eiga að vinna saman af bróðurhug, meðan það stendur. Síðar er tími til að berjast og bítast, því að þá er minna mark tekið á stóryrðunum, enda stendur oftast lítil alvara að baki þeirra.

Ég vil svo að lokum segja þetta við landsmenn alla, en einkum þó sjálfstæðisfólkið:

Ég veit ekki enn þá, hvort kosningar verða í vor eða dragast til loka kjörtímabilsins. Hvort tveggja er til. En á hinni svokölluðu vinstri stjórn hef ég aldrei haft mikla trú, tæplega, að hún komist á laggirnar, og þaðan af síður, að hún yrði nokkurs megnug. Hjörðin er ólík og sundurleit.

Alþfl., sem ekki er stór flokkur, einn þjóðkjörinn og 5 til að bæta hann upp, er sagður í fernu lagi. Flestir afneita kommúnistum, en þó ekki allir. Einhverjir vilja vinna með sjálfstæðismönnum, en aðrir með Framsókn og Þjóðvörn, og loks eru svo þeir, sem vilja fyrst um sinn með engum vinna í stjórn, en freista þess að efla flokkinn í stjórnarandstöðu.

Þjóðvörn dettur ekki í hug þátttaka í stjórn með Framsókn. Hún situr og ætlar að fita sig eins og púkinn á bitanum forðum á örðugleikum Framsóknar og yfirsjónum, þar til tekizt hefur að ná af Framsfl. þeim kjósendum, sem hálfvelgja sumra foringja flokksins, bæði í utan- og innanríkismálum, hefur matreitt handa þjóðvarnarhugsjóninni. Hafi menn ekki vitað þetta fyrr, þá vita þeir það eftir illkvittnar og ómerkilegar ræður þeirra hér í kvöld.

Kommúnistar vilja auðvitað enn sem fyrr ólmir í stjórn með hverjum sem er. Það eru þeirra fyrirmæli frá hærri stöðum. En af þeim leggur nú daun, sem endist þeim til einangrunar, jafnvel svo, að þeir, sem þó ágirnast þá í hjarta sínu, segjast ekki taka í mál að leggja sér þá til munns, a. m. k. ekki nema betri tegundina, í hæsta lagi svo sem helming þeirra.

Og svo er það sjálfur máttarstólpinn, Framsfl. Að sönnu er eitthvað af bæjarradikölum, sem ólmir vilja út í vinstra ævintýrið. En kjarni flokksins, bændur og umboðsmenn þeirra, neita. Þeim skilst, að rétt er, sem einn mætasti og merkasti Framsóknarleiðtoginn sagði nýlega, en hann mælti eitthvað á þessa leið: „Fyrir bændurna hefur aldrei verið á Íslandi svipað því jafngóð stjórn sem síðustu 5—6 árin.“ Og þeim skilst, að leggi Framsókn út í vinstra ævintýrið, þá munu miklu fleiri bændur kjósa Sjálfstfl. en gert hafa.

Nei, vinstristjórnarhjalið er tæplega annað en markleysa, enginn efniviður, engin hugsjón, engin stefna og allt of fámennt lið. Úr slíkum brotum verður varla ríkisstj. á Íslandi, a. m. k. hvorki til frægðar né langlífis. Það er líka aðeins spaugsyrði að tala um vinstri öfl. Hér er ekkert afl að verki, heldur aðeins máttleysi. Hér er heldur engin vinstri samvinna á ferð, heldur aðeins vinstri samkeppni, þar sem í hinni sundurleitu hjörð hver ætlar að auðgast á annars kostnað.

En hvað um það, fyrr eða síðar kemur að kosningum. Verum því, góðir sjálfstæðismenn, minnugir þess, að hvort sem okkur auðnast að ná því meirihlutavaldi á Íslandi, sem þjóðin þarfnast, eða ekki, verður þó vald okkar og áhrif því meira og blessunarríkara sem við verðum fleiri á þingi og sá hópur fjölmennari, sem á bak við okkur stendur. Við sjálfstæðismenn vitum vel, að án okkar er ekki hægt að stjórna Íslandi. Sú staðreynd leggur okkur á herðar þungar, miklar og margvíslegar skyldur, en þó fyrst og fremst skyldur til frjálslyndis, víðsýnis, sáttfýsi og skilnings á þörfum og óskum annarra og þá fyrst og fremst allra, sem bera hag þeirra fyrir brjósti, sem verst eru settir í baráttunni fyrir daglegu brauði. Við skulum, sjálfstæðismenn, reyna að sanna, að við séum maklegir hins mikla trausts, sem okkur er sýnt. Þá mun það og enn aukast. — Góða nótt.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Þann stutta tíma, sem ég hef til umráða í þessum almennu stjórnmálaumr., hef ég ákveðið að nota til þess að skýra hv. Alþ. og útvarpshlustendum frá gangi varnarmálanna, en ég gaf hv. Alþ. síðast skýrslu um þessi mál 2. nóv. 1954. Að vísu hafa verið gefnar út nokkrar fréttatilkynningar um einstök atriði. Ástæðan fyrir því, að svo hljótt hefur verið um þessi mál frá minni hálfu, er sú, að framkvæmd þeirra hefur verið í stórum dráttum samkvæmt áætlun.

Þegar ég tók við embætti utanrrh. í septembermánuði 1953, taldi ég mitt verkefni vera að framkvæma varnarsamninginn í samræmi við yfirlýsta stefnu Framsfl., þó með hliðsjón af áframhaldandi samstarfi við Alþfl. og Sjálfstfl. um þessi mál. Virkt samstarf við Alþfl. hefur að vísu ekki getað haldizt, enda þótt mér sé ekki kunnugt um djúpstæðan skoðanamun milli Alþfl. og Framsfl. um þessi mál, enda hafa jafnaðarmenn í flestum vestrænum löndum verið skeleggir talsmenn vestrænnar samvinnu í öryggismálum.

Höfuðsjónarmið mín við framkvæmd samningsins hafa verið þau, að hann trufli sem minnst íslenzkt atvinnu- og þjóðlíf.

Ég mun nú víkja að framkvæmd einstakra atriða og byrja á sambúð varnarliðsins og þjóðarinnar.

Reynt hefur verið að draga úr óþörfum samskiptum varnarliðsins við landsmenn. Samið var um reglur um ferðir varnarliðsmanna og komið á vegabréfsfyrirkomulagi. Ég hygg, að það sé sameiginleg skoðun allra sanngjarnra manna, að mikið hafi áunnizt í þessu efni. Þegar vegabréfakerfið á Keflavíkurflugvelli var tekið upp, var spáð illa fyrir því, enda andstaða gegn því. Kerfið hefur hins vegar í alla staði reynzt vel og auðveldar mjög tiltölulega öruggt eftirlit með ferðum inn og út af samningssvæðinu. Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli og starfslið hans hefur sýnt árvekni og dugnað um framkvæmd þessa eftirlits.

Á s. l. sumri var áfram unnið kappsamlega að nýrri girðingu kringum samningssvæðið og endurbótum á þeim eldri girðingum, sem ætlunin er að standi áfram. Er það mjög þýðingarmikið að hafa góða girðingu um samningssvæðið með tilliti til tollgæzlu og eftirlits. Finnst mér það furðulegt, að komið hefur fram gagnrýni bæði utanlands og innan á stefnu Framsfl. í þessu máli.

Samhliða þessu hef ég talið nauðsyn á að efla mjög löggæzlu og tollgæzlu á samningssvæðunum. Með stofnun embættis lögreglustjóra hafa dóms- og lögreglumál verið tekin föstum tökum, enda

hefur starfsliði verið fjölgað og aðstaða bætt, þótt enn skorti tilfinnanlega á, að húsakostur embættisins sé viðunandi. Alþ. hefur þegar veitt fé til að bæta úr húsnæðisskortinum, og vona ég, að eigi líði á löngu, þar til framkvæmdir hefjast.

Framkvæmdir varnarliðsins hafa dregizt verulega saman, borið saman við fyrri ár. Á síðasta ári höfðu Íslendingar með höndum yfirleitt allar framkvæmdir nema malbikun og steinsteypu á flugvellinum sjálfum. Eins og áður hefur verið getið í fréttatilkynningu frá utanrrn., treystu íslenzkir verktakar sér ekki til að sjá um framkvæmd þessa verks. Sá bandarískí verktaki, sem fékkst við þessar framkvæmdir á s. l. sumri, hefur nú samkvæmt samningum flutt starfslið sitt úr landi, enda þótt verkinu sé enn ekki lokið vegna óvenjulegs votviðris s. l. sumar.

Mér þykir rétt að víkja nokkrum orðum að Metcalfe-Hamiltonfélaginu vegna blaðaskrifa um brottför félagsins og rangfærslna á því, sem ég hef látið frá mér fara um það mál.

Hinn 4. jan. 1955 sendi utanrrn. frá sér svo hljóðandi fréttatilkynningu:

„Hamiltonfélagið hættir allri útivinnu, nema hvað örfáir menn munu enn í byrjun þessa árs vinna að því að ljúka fáeinum smáverkum. Auk þess mun félagið fram eftir þessu ári halda áfram eftirliti með verkum, sem það hafði hafið fyrir febrúar 1954, en framkvæmd eru af íslenzkum verktökum. Hér er einkum um að ræða radarstöðvar á Austur- og Vesturlandi. Einnig mun það halda áfram viðgerð vinnuvéla, sem nú stendur yfir, þar til félagið hefur skilað öllum tækjum í góðu ástandi. Því mun lokið á næsta sumri. Hafnir eru þegar samningar við íslenzka verktaka um sand- og grjótnám varnarliðsins í Stapafelli og annars staðar, sem og um framkvæmd allmargra verka, sem verða tekin af Hamiltonfélaginu um áramótin."

Samkvæmt þessu gerði ég mér vonir um, að leifar félagsins gætu farið að fullu og öllu úr landinu nú um áramótin. Allar staðhæfingar um, að leifar félagsins hafi átt að vera að fullu brott úr landinu fyrir áramótin 1954—55, eru ósannar, og stafar það sennilega af því, að útivinnu félagsins lauk um það leyti.

Hamiltonfélagið hefur enn eftirlit með nokkrum verkum, sem Sameinaðir verktakar framkvæma, en framkvæmdir þeirra hafa dregizt langt fram yfir það, sem mér voru gefnar vonir um. Við þá er þó ekki um neitt að sakast, þar sem utanrrn. ákvað að fækka mjög í vinnu við varnarliðsframkvæmdir vegna hins gífurlega vinnuaflsskorts í landinu. Auk þess hefur Metcalfe-Hamilton nokkra þjónustu fyrir varnarliðið svo og rekstur mötuneytis, þvottahúsa o. fl., enn fremur efnisvörzlu og innkaup.

Mér þykir rétt að taka fram, að engin stefnubreyting varðandi brottför Metcalfe-Hamiltonfélagsins hefur verið ákveðin, og mun ég vinna að því áfram, að félagið fari alfarið af landi burt og það sem fyrst.

Það hefur að vonum vakið umtal, að Metcalfe-Hamiltonfélagið hefur gerzt aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Var það án minnar vitundar og án samþykkis utanrrn. Tel ég slíkt í hæsta máta vítavert og lítil þjóðhollusta þeirra Íslendinga, sem fyrir því hafa barizt. Ég hef borið fram mótmæli við sendiherra Bandaríkjanna og veit ekki betur en að félagið hafi fengið fyrirmæli frá bandarískum stjórnarvöldum um að víkja úr sambandinu.

Ég hef lagt á það mikla áherzlu, að framkvæmdir á vegum varnarliðsins yrðu skipulagðar þannig, að fullt tillit væri tekið til vinnuaflsþarfar íslenzkra atvinnuvega. Hinn aukni skortur á vinnuafli á árinu 1955 stafar ekki af því, að fjölgað hafi verið fólki við varnarliðsframkvæmdir, heldur hefur því þvert á móti verið fækkað. Til þess að gefa hugmynd um samanburð þriggja ára í þessu efni, vil ég nefna, að hæst kemst tala þeirra, sem voru í varnarliðsvinnu, í septembermánuði 1953, samtals 3056. Hæsta tala ársins 1954 var í ágúst, 2635, og hæsta tala á árinu 1955 í ágúst, samtals 2027. Það skal fram tekið, að innifalið í tölum þessum er fólk, sem vinnur við byggingu radarstöðvanna úti um land. Af þessu sést, að mjög veruleg fækkun hefur orðið. Ég vil þó geta þess, að alltaf er töluvert framboð á vinnuafli í varnarliðsvinnu. Þess vegna hefur ráðuneytið oftast nær orðið að takmarka ráðningar.

Á sínum tíma var samkomulag um að reisa fjórar radarstöðvar hér á landi. Er það talið fullnægjandi. Engin beiðni um að reisa fleiri slíkar stöðvar hefur komið fram. Stöðin við Sandgerði er fyrir nokkru tekin í notkun. Enn fremur er stöðin við Hornafjörð að mestu fullgerð. Stöðvarnar á Langanesi og við Aðalvík eru enn þá í smíðum. Þannig hefur verið gengið frá samningum varðandi rekstur stöðvanna, að engin ástæða er til að ætla, að þær hafi nein skaðleg áhrif á næsta umhverfi.

Eins og kunnugt er, samþ. ríkisstj. á sínum tíma, að leyfð yrði hafnargerð í Njarðvík innan þess svæðis, sem lögin um landshöfn þar taka til, ef samkomulag yrði um staðsetningu og gerð hafnarinnar. Fé mun vera fyrir hendi til hafnargerðarinnar, og er unnið að undirbúningi málsins. Ég hef áður getið þess hér í hinu háa Alþ., að höfn þessi verði ekki herskipahöfn, heldur aðeins upp- og útskipunarhöfn svo og höfn fyrir fiskiskip. Hafnargerð þessi er að mínum dómi mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga, þar sem gengið hefur verið frá því, að aðstaða til útgerðar verði í höfninni.

Að svo stöddu mun ég ekki ræða um, hvað fram undan kann að vera í varnarmálunum. Margir líta það björtum augum á ástandið í heiminum, að varnarsamtök vestrænna þjóða þurfi ekki lengur á aðstöðu að halda hér á landi. Aðrir telja hins vegar ekki enn tímabært að slaka á sameiginlegum vörnum og viðbúnaði, þar sem enn hafi ekki náðst samkomulag um stærstu deilumálin. Það er ótvírætt, að samkvæmt gerðum samningum erum það við Íslendingar sjálfir, sem réttinn höfum til að ákveða, hvort eða hve lengi við höfum hér varnarlið á friðartímum. Það er því mál hins háa Alþ. að meta, hvenær það telur tímabært að gera breytingar í þessu efni. — Góða nótt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Mér finnst sérstök ástæða til

þess að víta framkomu hv. stjórnarandstæðinga hér að einu leyti alveg sérstaklega. Það eru ætlaðar 40 mín. hverjum flokki til umráða í þessum umr. í kvöld, en hér mæta stjórnarandstæðingar með ræður, sem eru skrifaðar frá orði til orðs og tekur 50 mínútur að lesa, svo að segja án þess að draga andann. Þá verða umr. þannig, að þeir, sem síðastir eru í röðinni, komast ekki að til þess að svara, fyrr en komið er fram á nótt. Það er þess vegna í raun og veru brugðið öllu samkomulagi um útvarpsumræðurnar. Mun þó mörgum finnast, að þessar ræður hv. stjórnarandstæðinga hefðu þeim að skaðlausu getað verið styttri, enda er það sönnu næst, að þær hefðu orðið þeim mun betri þeirra málstað, sem þeir hefðu skorið meira af þeim.

Þegar síðast voru haldnar eldhúsumræður á Alþ., voru nýafstaðin mikil átök um kaupgjald í landinu. Hafði þá verið knúin fram með mjög löngu verkfalli og ærnum fórnum fyrir verkamenn og raunar allt þjóðarbúið veruleg almenn kauphækkun, án þess að nokkur hefði þó í rauninni trú á því, að undirstöðuframleiðslan gæti borið hana.

Þessir atburðir áttu sér tvenns konar rætur. Annars vegar var mikil eftirspurn eftir fólki til vinnu, sem stafaði af breyttum atvinnuháttum togaranna og mikilli fjárfestingu. Þessi mikla eftirspurn villti ýmsum sýn um það, undir hverju framleiðslan gæti risið. Á hinn bóginn var svo verkalýðsforusta kommúnista, sem beið tækifæris til þess að setja efnahags- og atvinnulífið úr skorðum. Fannst henni tilvalið að notfæra sér þetta tækifæri til þess að koma af stað almennri kauphækkun, sem yrði þess valdandi, að gera þyrfti síðar stórfelldar nýjar ráðstafanir vegna framleiðslunnar.

Kommúnistar höfnuðu í upphafi hinnar miklu deilu allri samvinnu um að leita að raunverulegum kjarabótum fyrir verkalýðinn eftir öðrum leiðum og sögðu, að kaupið ætti að hækka; höfnuðu síðan boði um 7% kauphækkun fyrstu daga verkfallsins, vegna þess að þeir vildu hafa langt verkfall, sem gerði mikið tjón; miðuðu allar þessar framkvæmdir við að skapa crfiðleika, en ekki hitt að finna lausn, sem gæti komið hinum lægst launuðu í landinu að varanlegu liði.

Ég benti á það þá, að með þessum ráðstöfunum væri brotið blað í efnahagssögu landsins. Fram að þeim tíma hafði framleiðslan farið vaxandi, verðlag haldizt stöðugt í ½ ár, sparnaður aukizt mikið, greiðsluafgangur verið á ríkisbúskapnum, hægt að lækka skatta- og tollaálögur árlega nokkuð, kaupmáttur launa haldizt óbreyttur frá 1952, að síðast var breytt kaupgjaldinu, og það meira að segja eftir útreikningum trúnaðarmanna verkalýðsins sjálfs. Togaraútgerðin stóð á hinn bóginn höllum fæti, og hefði þurft að gera nýjar ráðstafanir til viðbótar þeim, sem áður höfðu verið gerðar, til stuðnings henni, en allt hefði það verið viðráðanlegt og tiltölulega létt samanborið við það, sem nú liggur fyrir.

Ég benti á það þá og hvað eftir annað síðan, að þessar hækkanir yrðu til þess, að gera yrði nýjar ráðstafanir vegna framleiðslunnar. Þær mundu þar að auki auka útgjöld ríkissjóðs til launagreiðslna og á öllum sviðum. Þessar hækkanir yrðu á hinn bóginn vatn á myllu verðbólgubraskara, sem sízt væri ástæða til þess að hlaða undir. Mundi áður en langt um líður þurfa að grípa til nýrra tekjuöflunarráðstafana vegna ríkisbúskaparins og framleiðslunnar eða fella gengi krónunnar. Þetta var ekki vandasamt að sjá, enda sama hvar maður kom um þessar mundir og heyrði á tal manna, öllum var þetta ljóst strax þá.

Athugum nú, hvað fyrir liggur. Tökum fyrst útflutningsframleiðsluna.

Nefnd var sett til að athuga afkomu togaranna 1954. Í henni voru menn frá öllum stjórnmálaflokkum. Samkvæmt niðurstöðum n. var rekstrartap þá, miðað við meðalafkomu nýsköpunartogara, talið 950 þús. kr. á ári. Þetta voru fulltrúar allra flokka sammála um. Samkvæmt áætlun, sem nú er gerð á sama grundvelli, er rekstrartapið metið á 1 millj. 980 þús. kr. Rekstrartapið hefur samkvæmt þessu aukizt um rúmlega 1 millj., rekstrarkostnaður aukizt um 1 millj. 420 þús., og aukningin er mest á þessum liðum: Kaupgreiðslur hafa hækkað um 545 þús. kr., uppskipun um 165 þús. kr., sem er nær eingöngu kaup auðvitað, viðhald um 70 þús. kr. og olíur um 410 þús. Mun þar koma til stórfelld farmgjaldahækkun, en togaraeigendur segjast fá olíuna með 5% álagi á aðflutningsverð. Auk þessara liða eru svo hækkanir á nær öllum öðrum kostnaðarliðum.

Þessi niðurstaða sýnir, að togararnir eru sízt betur haldnir núna með 5000 kr. á dag, eins og þeim er ætlað í till. stjórnarinnar, en þeir voru af 2000 kr. á dag 1954. Áætlunin um rekstur togaranna er miðuð við óbreytt verð á fiski til togaranna eins og það er nú, en gert er ráð fyrir að leggja fram 5 aura á kg af togarafiski til þess að hindra verðlækkun á fiskinum, sem ella hefði verið skellt á af frystihúsunum.

Bátarnir voru betur settir en togararnir, áður en þessi nýja hækkunaralda var reist, en samt ekki betur en svo, að óhugsandi var, að þeir gætu undir nokkrum nýjum áföllum risið án þess að fá viðbótarstuðning. Kauphækkanirnar hafa haft í för með sér hækkun á rekstrarkostnaði bátanna, sem samsvarar a. m. k. 5 aurum á kg af fiski, fyrir utan auknar greiðslur til hlutarsjómanna.

Hækkun á vinnslukostnaði frystihúsanna svaraði til 12 aura á hvert fiskkíló. Með hækkun á bátaálagi, sem gerð var í s. l. desembermánuði, fengu fiskvinnslustöðvarnar upp í þetta rúma 6 aura á kg. Til þess að koma í veg fyrir lækkun á fiskverðinu til bátanna og togaranna leggur ríkisstjórnin til, að 5 aurar verði greiddir í uppbót innanlands á hvert kg af hausuðum og slægðum fiski. Er það skilyrði sett fyrir þessari uppbót, að fiskverðið lækki ekki, en því hefur verið haldið fram af hálfu fiskvinnslustöðvanna, að fiskverð yrði að lækka samt. Hafa þó að lokum náðst samningar um óbreytt verð með tilstyrk þessarar uppbótar.

Á því leikur enginn vafi, að hækkanir á framleiðslukostnaði útflutningsframleiðslunnar í heild vegna kauphækkana frá í vor nema á annað hundrað millj. kr., því að kauphækkun sú, sem í upphafi var 12—13%, er nú orðin á milli 21 og

22% vegna vixlhækkana innanlands, sem af henni hefur leitt.

Þegar litið er á allar greinar útflutningsframleiðslunnar sem heild, sést því glöggt, að óhugsandi er að forðast stöðvun framleiðslunnar og þar af leiðandi hrun í þjóðarbúskapnum nema með því eina móti, að þjóðin skili útflutningsframleiðslunni aftur einhverju af því, sem búið er nú að gera ráðstafanir til að taka af henni og tvímælalaust er mun meira en hún getur með nokkru móti risið undir, og það skilst mér að allir játi með vörunum að minnsta kosti. Væri þetta vanrækt, mundi það verða þungt áfall allri þjóðinni. Þær álögur, sem nú eru fyrirhugaðar í þessu skyni, eru að vísu stórfelldar, en þó smámunir einir hjá þeim þjóðarvoða, sem af því leiddi, ef ekkert væri gert til þess að koma af stað framleiðslunni.

Það er hollt fyrir landsmenn að minnast þess, þegar slíkir atburðir gerast nú, hver staða útflutningsframleiðslunnar er og hvað þeir eiga undir henni. Ég vil nefna dæmi um togarana. Fróður maður hefur gefið mér upp, að 220—230 millj. kr. muni greiddar í vinnulaun innanlands í sambandi við togararekstur inn. Af þessu mun um það bil helmingur vera greiddur í Reykjavík og Hafnarfirði, en hinn helmingurinn, eða um það bil 110—120 millj., annars staðar á landinu, víðs vegar í sjávarplássunum nú orðið. Þetta eru stórkostlegar tölur og sýna betur en mörg orð, hvað í húfi er, að togararnir geti gengið hrukkulaust.

Ég hef því miður ekki við höndina hliðstæða áætlun um vinnulaunagreiðslur í sambandi við útgerð vélbátaflotans, en allir landsmenn vita, að bátaútvegurinn er einn höfuðþáttur í atvinnulífi landsmanna og lífsafkoma manna í sjávarþorpum landsins er blátt áfram undir því komin, að sá atvinnurekstur sé rekinn af kappi og áhuga. Og það er ekki aðeins afkoma íbúanna í sjávarplássunum, sem byggist á þessari framleiðslu. Hvað mundi sá mikli fjöldi, sem stundar störf í landi, sem í fljótu bragði sýnast ekki vera nátengd útveginum, geta lengi haldið afkomu sinni í horfi, ef það mistækist að halda útgerðinni ekki aðeins gangandi, heldur blátt áfram í fullu fjöri?

Útflutningsframleiðsla landsins hefur sérstöðu. Þegar hækkanir eiga sér stað á framleiðslukostnaði, geta atvinnurekendur, sem stunda iðnað og samgöngur t. d., hækkað sínar vörur og sína þjónustu á innlendum markaði. Verðlag landbúnaðarafurða á innlendum markaði er gert upp og metið einu sinni á ári, og þá á að taka til greina þær hækkanir, sem orðið hafa, og verðið að hækka innanlands í samræmi við þær.

Sjávarútvegurinn, sem byggir afkomu sína á útflutningi einvörðungu, hefur engar slíkar útgöngudyr. Menn velta hækkunum hver yfir á annan innanlands, en þessar hækkanir koma fram með fullum þunga á framleiðslukostnaði sjávarútvegsins, án þess að sá atvinnuvegur geti hækkað verðlag afurðanna. Verðlag á afurðunum fer eftir verðlagi á erlendum markaði, og erlendi gjaldeyririnn, sem útflytjendur fá fyrir vörur sínar, er að lögum af þeim tekinn með föstu, lögákveðnu verði og afhentur bönkum landsins og þar notaður til vörukaupa í þágu allra landsmanna.

Þegar svo er komið, að búið er að ofhlaða útflutningsframleiðsluna, og eigi að afstýra stórfelldri kjararýrnun allrar þjóðarinnar, þá er ekki nema þrennt til: Að hækka verð það, sem útflytjendur fá fyrir þann gjaldeyri, sem þeir fá fyrir afurðir sínar, þ. e. a. s. að lækka gengið, eins og við köllum það í daglegu tali. Að koma á allsherjar niðurfærslu á öllum framleiðslukostnaði í landinu, kaupgjaldi og verðlagi og allri þjónustu. En vilji menn hvoruga þessa leið aðhyllast eða séu skilyrði ekki slík, að þær verði farnar, þá eru aðeins einar útgöngudyr eftir, og þær verður að nota, þótt ekki verði sagt, að þær leiði til mikilla fyrirheita um varanlegt og heppilegt ástand. Sú leið er upphótaleiðin, að skila til baka því, sem oftekið er: álögur, uppbætur.

Það er þessi síðasta leið, sem ríkisstj. beitir sér fyrir nú sem neyðarúrræði til bráðabirgða til þess að forða frá óbætanlegu tjóni.

Í sambandi við ráðstafanir af því tagi, sem nú er verið að gera, er hætt við, að þeirri hugsun skjóti upp, og það er auðséð, að henni skýtur ekki svo lítið upp hér á sjálfu hv. Alþ., að með þvílíkum ráðstöfunum sem þessum sé verið að gera almenningi í landinu að greiða styrki til þeirra, sem vinna beint að framleiðslunni. Er þá skammt í það, að hlutunum verði alveg snúið við, allt standi á höfði fyrir mönnum og við förum öll að halda, að við höldum uppi framleiðslunni með framlögum úr okkar hendi, í stað þess að skilja, að framleiðslan skapar þau verðmæti, sem lífskjör okkar allra mótast af og verða að mótast af.

Þessar nýju ráðstafanir eru sumpart gerðar til þess að hækka eða halda uppi verði á sjávarafurðum og sumpart til þess að lækka framleiðslukostnað sjávarútvegsins; enn fremur til þess að halda uppi verði á útfluttum landbúnaðarafurðum. Slíkar almennar ráðstafanir eiga ekkert skylt við styrki til einstakra manna, þær eru tilraun til að koma málum svo, að skilyrði séu fyrir dugmikla framleiðendur til þess að komast sæmilega af, ef allt gengur óhappalaust. Þær eru einnig gerðar til þess, að sjávarútvegurinn geti boðið beztu fiskimönnum heimsins viðunandi kjör. Þessar ráðstafanir eru gerðar til þess að styrkja grundvöll þann, sem við stöndum öll á, hvaða störf sem við vinnum og hvort sem við eigum heima á sjávarbakkanum eða innst í afdölum landsins. Á hinn bóginn er það ástand, sem við nú búum við og þessar ráðstafanir bera gleggstan vott um, stórhættulegt. Tilfærsla svo mikilla fjármuna í þjóðfélaginu sem hér þarf á að halda gerist ekki átaka-, öfundar- né tortryggnislaust, og þess er heldur varla von, enda um það séð.

Ráðstafanir sem þessar mynda prýðilegan jarðveg fyrir upplausnaröflin í þjóðfélaginu, enda eiga þessar útvarpsumræður víst að vera eins konar uppskeruhátíð þessara afla, sem bókstaflega iða í skinninu þessar vikur yfir því, hve vel hafi komið upp það, sem sáð var til í vor sem leið. Þetta ástand gefur lýðskrumurum ýmis tækifæri, enda á óspart að nota það, eins og menn hafa einnig mátt heyra á þjóðvarnarmönnunum t. d., sem reyndu að sá hér tortryggni, öfund og beiskju á báða bóga í umr. í kvöld. Það

er reynt að ala á óvild í garð þeirra, sem vegna starfa sinna verða að hafa forgöngu um að afla fjár til þess að halda framleiðslunni gangandi, þegar svona er komið. Það eru kyntir eldar öfundar og tortryggni með því að kalla suma styrkþega, en telja öðrum trú um, að þeir séu féflettir að ófyrirsynju til þess að halda uppi óhófslifnaði framleiðandanna, og alltaf er hægt að finna einstök dæmi óhófs og ráðleysis til þess að benda á. Hvílíkur jarðvegur fyrir þessi öfl niðurrifs og æsinga! Hver kallar iðnaðarmenn styrkþega, þótt þeir hækki verð á vörum sínum innanlands, þegar framleiðslukostnaður vex? Hver kallar þá, sem siglingar reka og vöruflutninga á sjó og landi, styrkþega, þótt þeir hækki sína þjónustu, þegar eins stendur á fyrir þeim? Ætli þeim fari ekki líka fækkandi, sem leyfa sér að kalla bændur styrkþega, þó að afurðaverð hækki, þegar framleiðslukostnaður vex, svo að ekki verður um deilt. Ef útflutningsframleiðslan gæti fengið hækkað verðlag á vörum sínum eða á gjaldeyri þeim, sem fyrir vörurnar kemur og notaður er til þess að kaupa fyrir notaþarfir allrar þjóðarinnar, mundi þá nokkur tala um styrkþega eða styrk í því sambandi?

Menn mega ekki hika við að horfast beint í augu við staðreyndir. Sé fiskverðinu haldið föstu með lögákveðinni, fastri gengisskráningu, þótt framleiðslukostnaðurinn vaxi, verður að bæta það upp með öðru móti, og þá hljóta vörur að hækka, hliðstætt því þegar iðnaðurinn, samgöngurnar eða landbúnaðurinn þarf á verðhækkun að halda.

Það hættulega við síhækkandi kaupgjald og verðlag, verðbólgu og uppbætur á uppbætur ofan er blátt áfram það, að braskarar og blóðsugur græða, en atorkumenn eru gerðir að styrkþegum í augum almennings. Slíkt ástand kann ekki góðri lukku að stýra og getur ekki staðizt til frambúðar. Enginn skyldi halda, þó að menn nú neyðist til að ganga á þessum brautum álaga og uppbóta, að það geti blessazt til frambúðar. Það þarf að finna nýjar leiðir út úr því öngþveiti, sem við með gamla laginu lendum í með stuttu millibili. Þar þurfa að koma til ásamt öðrum ráðstöfunum alveg ný úrræði í sjávarútvegsmálum til þess að eyða tortryggni og til þess að tryggja framleiðendunum sjálfum rétt og fullt verð fyrir afurðir sínar, tryggja framleiðendunum sjálfum aðstöðu til þess að verka og selja vörur sínar. Það verður að reka fiskiðjuverin í þjónustu framleiðslunnar, en ekki bátaútveginn í þjónustu þeirra. Það þarf blátt áfram að koma á sannvirðisskipulagi við sjávarsíðuna.

Ríkisstj. beitir sér nú fyrir því, að uppbótaleiðin verði farin, að bátagjaldeyrishlunnindin haldist óbreytt eins og þau voru s. l. ár, komið verði í veg fyrir verðlækkun á fiski til framleiðenda innanlands með því að greiða 5 aura verðlagsuppbót á allan fisk, greiddur helmingur af tryggingagjaldi fiskibáta til þess að lækka framleiðslukostnað á þeim lið til móts við hækkanir, sem yfir hafa dunið á s. l. ári, og hækka rekstrarframlag til togara í 5000 kr. á dag. Landbúnaðurinn njóti sömu hlunninda á útflutt kjöt, gærur, ull og osta af afurðum ársins 1955 og bátaútvegurinn nýtur fyrir afurðir þess árs.

Einn er sá þáttur enn í þessum framleiðslumálum, sem ég vil vekja athygli á. Um langan tíma hefur verið greitt sama verð fyrir smáfisk og stórfisk til framleiðenda. Þetta hefur gert það að verkum m. a., að frystihús úti á landi, sem hafa keypt mikið af smáfiski, hafa blátt áfram lapið dauðann úr krákuskel undanfarin ár og eru sum komin í þrot, enda þótt stóru frystihúsin í aðalverstöðvunum, sem nærri einvörðungu hafa keypt stóran fisk, hafi haft góða afkomu, að ekki sé sterkara að orði komizt. Þetta byggist á því, að það kostar miklu meira að framleiða útflutningsvörur úr smáum fiski en þeim stóra. Þetta gat ekki svo til gengið lengur, og var nú svo komið, að yfirvofandi var stórfellt verðfall á smáfiskinum. Frá því er ætlunin að bjarga með því að greiða sérstaka vinnsluuppbót á smáfiskinn, 26 aura á hvert kg, með því skilyrði, að hann sé þá greiddur áfram sama verði til framleiðenda og stóri fiskurinn. Í fyrra var einnig stigið spor í þessa átt með því að láta gjaldeyrishlunnindin standa í 50% eftir 15. maí, og verður því fyrirkomulagi einnig haldið á þessu ári. Er þetta allt mjög þýðingarmikið mál fyrir marga og það jafnvel heil byggðarlög.

Þá eru einnig gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að halda uppi verði til framleiðenda á ýsu og steinbít með sérstakri uppbót, en án slíkrar uppbótar hefði sá fiskur orðið að falla í verði eins og smáfiskurinn, bæði til útvegsmanna og fiskimanna.

Framleiðendum þykja þessar ráðstafanir allar naumt ákvarðaðar af hendi ríkisstj. og fara ekki dult með það. Á hinn bóginn er ríkisstj. og þingmeirihlutanum ámælt þunglega af sumum fyrir að ganga of langt í þessu tilliti, og skortir ekkert á stóryrðin. Það mun vera hægara sagt en gert að hitta nákvæmlega rétta punktinn, þegar um ákvarðanir af þessu tagi er að ræða. En ég held, að það sé ekkert sérstakt um þessi efni. Ætli það geti ekki verið nokkuð vandasamt líka að ákveða verðlag á iðnaðarframleiðslu, farmgjöldum, landbúnaðarvörum o. fl. af slíku tagi, sem ákvarðað er með samningum eða jafnvel eftir mati af hálfopinberum eða opinberum aðilum, eða t. d. kaupgjald einstakra stétta, svo að nokkuð sé nefnt? Eitt er víst, að hvernig sem til hefur tekizt, eru þeir, sem hér hafa ráð gefið, og raunar einnig þeir, sem ákvörðunum hafa að lokum ráðið, orðnir þessum málum kunnugri en flestir þeir, sem dæma stóru dómana.

Þessar ráðstafanir kosta mikið fjármagn og krefjast mikillar fjáröflunar. Það mun þurfa að innheimta rúmlega 100 millj. kr. meira á þessu ári til ráðstafana vegna framleiðslunnar en gert var á s. l. ári. Það þarf að innheimta 137 millj. kr. á þessu ári, en í fyrra voru innheimtar 37 millj. kr. með bílaskatti handa togurunum. Nú verður ekki hægt vegna gjaldeyriserfiðleika að ná miklu með bílaskatti, og verður því að ná um 130 millj. eftir nýjum leiðum, og því miður er ómögulegt hjá því að komast að taka þá fjárhæð með almennum gjöldum.

Kommúnistar eru á hinn bóginn ekki í vandræðum með að setja upp sjónhverfingar í sambandi við málefni framleiðslunnar og tekjuöflun til hennar. Þeir segja fyrst: Framleiðslan þarf

að fá meira. — Yfirboð þar, þá er sú hlið í lagi. Næst kemur: Landsmenn þurfa ekkert að borga. Framleiðslusjóður þarf engin B-skírteini að kaupa, sem auðvitað þýðir þá, að útvegsmenn verða að bíða þeim mun lengur en hingað til eftir bátagjaldeyrishlunnindunum. 80—90 millj. má svo taka af eignum olíufélaganna, Eimskipafélags Íslands, skipadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, tryggingafélaganna og verktakafélaganna í landinu.

Það er nú mál út af fyrir sig, að olía, benzín og flutningsgjöld eru undir verðlagseftirliti og hafa verið lengi og öll þessi félög undir skattalögum landsins, sem gera ráð fyrir vægast sagt ríflegum skattgreiðslum af tekjum, nema hjá Eimskipafélagi Íslands, sem eitt er skattfrjálst. Félögin hafa hins vegar heimild til þess að afskrifa eignir sínar og eignast þannig skip og fasteignir og tæki m. a. En hvernig ætti að bæta upp fiskverðið með eignum þessara félaga? Þó að þau séu vafalaust allvel stæð, þá fer því áreiðanlega alls fjarri, að þau liggi með peninga eða bankainnistæður. Þvert á móti mun einmitt rekstrarfjárþörf þessara félaga, þ. e. a. s. lánaþörf þeirra vel flestra, vera meðal mestu vandamála bankanna. Eitt mesta vandamálið er það, að bankarnir hafa lánað of mikið út í heild og neyðast nú til þess að draga saman, ef þeir eiga ekki enn að auka verðbólguna. Ekki geta þeir því lánað þessum félögum marga milljónatugi út á eignir þeirra til þess að verðbæta fiskinn með ofan á rekstrarlánin, sem fyrir eru og vafalaust verða fremur að minnka en aukast. Ekki geta félögin látið skipin, olíutankana eða skuldabréfin upp í verðbæturnar til framleiðslunnar. Þegar frá líður mundu gífurlegir skattar á skipafélögin auðvitað stórhækka fragtirnar, álögin á vátryggingafélögin mundu hækka vátryggingaiðgjöldin og stórfelldar álögur á olíur og benzín hækka benzínið og olíurnar framvegis og það jafnvel þó að slíkt væri bannað í bili með einhverju pappírsákvæði.

Þá er þetta, að bankarnir borgi 20 millj. kr. í framleiðslusjóðinn. Hagnaður bankanna er fjármagnsmyndun og sumpart raunar ætluð til að mæta töpum. Ein höfuðhættan í okkar þjóðfélagi er sú, að fjármagnsmyndun verði engin og lánastarfsemi og framkvæmdir stöðvist. Þetta sést bezt á því, að við höfum engin sköpuð ráð með lánsfé í ræktunarsjóð og fiskveiðasjóð og íbúðalánasjóðinn nema taka fé af greiðsluafgangi ríkissjóðs, þ. e. af skatt- og tolltekjunum. Ef menn teldu rétt og óhætt að minnka fjármagnsmyndun bankanna, lægi þá ekki næst að hækka vextina á sparifénu eða greiða t. d. vísitöluuppbætur á sparifé til þess með því að reyna að fyrirbyggja hér samdrátt og hrun, sem af því hlýtur að leiða, ef við búum áfram við síhækkandi verðlag og sparnaður hverfur?

Það er kannske ekki nema mannlegt að finna sér einhverja átyllu til þess að vera á móti þeim miklu álögum, sem nú verður að leggja á vegna framleiðslunnar. Átelja verður þó þunglega, þegar í því sambandi er gripið til slíkra sjónhverfinga sem hér er gert af hendi kommúnista.

Hv. 1. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, flytur till. um að leggja skatt á eignaaukningu yfir 300 þús. kr. Sú till. er athyglisverð að því leyti, að leita þarf leiða til þess að leggja skatt á verðbólgugróðann. En þessi leið getur ekki bjargað framleiðslunni á þessu ári. Kemur þar ýmislegt til, m. a. það, að enginn möguleiki yrði á því að innheimta slíkan eignarskattt í reiðufé á þessu ári til þess að bæta upp fiskinn og landbúnaðarafurðirnar. Ef greiða ætti uppbætur á fiskinn og kjötið með skuldabréfum á eignir manna, þá yrði þröngt fyrir dyrum hjá mörgum framleiðendum.

Ég mun láta þetta nægja um þau mál, sem nú eru allra efst á baugi, en víkja næst að ríkisbúskapnum sjálfum.

Ég gat um það í upphafi þessa máls, að á undanförnum árum hefði verið greiðsluafgangur og hægt hefði verið að lækka skatta og tolla. Jafnvel á s. l. ári varð verulegur greiðsluafgangur. Það hefði þurft að vera hægt að leggja þennan greiðsluafgang til hliðar í framkvæmdasjóð, sjóð til framkvæmda til þess að auka jafnvægi í byggð landsins, og verja honum sérstaklega til þess að auka heildarframkvæmdir í landinu þegar vottaði fyrir samdrætti í atvinnunni. Með því hefði einnig fjárhagskerfið og þjóðarbúskapurinn allur orðið mjög styrktur. En þessa var þó enginn kostur nema í mjög smáum stíl, þótt nauðsynlegt hefði verið, vegna þess að ræktunarsjóður og fiskveiðasjóður voru svo algerlega fjárþrota til þess að sinna nauðsynlegustu útlánum og fé það, sem ætlað var til íbúðalána, reyndist hrökkva of skammt, þegar til átti að taka. Hefur ríkisstj. þess vegna beitt sér fyrir því, að ræktunarsjóður fengi 22 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1955, veðdeild Búnaðarbankans 2 millj., fiskveiðasjóður 10 millj. og íbúðalánasjóður 13 millj. kr. Þannig eru útlán ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs í haust að mjög verulegu leyti og að nokkru leyti lánin út á íbúðirnar í kauptúnum og kaupstöðum byggð á greiðsluafgangi ríkissjóðs s. l. ár. Hefði illa farið um þessi mál, ef ríkissjóður hefði ekki haft fjármagn afgangs til ráðstöfunar í haust.

Í þessu sambandi þykir mér ástæða til að benda á, að ríkisstj. leggur til, að 5 millj. kr. verði lagðar til hliðar til þess að stofna sjóð til þess að standa undir framkvæmdum í þágu jafnvægis í byggð landsins, og er þessi till. gerð eftir till. n. þeirrar, sem starfað hefur að þeim málum. Hefði sannarlega þurft að taka til í þessu efni stærri fjárhæð, og er þess að vænta, að hér sé upphaf mikillar stofnunar, sem unnið geti í þessa stefnu.

Þótt afkoma ríkissjóðs s. l. ár væri góð, þá er enginn vegur að koma saman greiðsluhallalausum fjárlögum fyrir næsta ár nema með því að afla nýrra tekna.

Á fyrsta ári mikillar þenslu vaxa ríkistekjurnar örar en gjöldin. Á þessu ári koma útgjöldin vegna kauphækkana á s. l. vori fram með fullum þunga í ríkisbúskapnum og valda þar margra milljónatuga hækkun, bæði á launagreiðslum, tryggingagreiðslum, framlögum til heilbrigðismála og svo að segja á hverjum lið fjárlaganna. Auk þess koma nú til ný útgjöld vegna nýrrar löggjafar, sem á að setja um atvinnuleysistryggingar, en lögfesting þeirra var ákveðin í sambandi við lausn á vinnudeilunum s. l. vor.

Búizt er við, að tekjuskattur hækki á næsta ári vegna hækkunar á tekjum almennt á þessu ári, og er gert ráð fyrir því í tekjuáætlun fjárlagafrv. En á hinn bóginn hlýtur innflutningur fremur að lækka en hækka, þar sem þjóðin keypti inn fyrir meira en hún aflaði á þessu ári, en það er ekki hægt að endurtaka; til þess skortir gjaldeyrisforðann. Bílainnflutningur gaf einnig alveg óvenjulegar tekjur 1955. Á þessu ári verða mjög litlar tekjur af bílainnflutningi.

Þótt tekjuáætlun fjárlaganna sé sett upp í rúmlega 600 millj. kr., vantar samt hartnær 50 millj., til þess að endarnir nái saman. Það varð því ekki hjá því komizt að afla nýrra tekna. Það er gert á þann hátt, er nú skal greina: Hækkað nokkuð álagið á vörutoll og þá þannig, að vörutollurinn er raunverulega gerður jafnhár tiltölulega, miðað við framfærsluvísitölu, og hann var, þegar hann var lögfestur. Hækkaður bifreiðaskattur og gúmmígjald, og er það miðað við sömu reglu, að þessi gjöld verði jafnhá, samanborið við verðlag, og þau voru 1949, en þau hafa staðið óbreytt síðan í krónutali og því farið sílækkandi undanfarin ár í raun og veru. Bifreiðagjald er ekki greitt af vörubílum, sem nota benzín, og ekki landbúnaðarjeppum. Þá er verðtollsviðauki hækkaður úr 45% í 80%, en hann var 65% fram að 1950, en þá var hann lækkaður í 45%. Loks hefur innflutningsgjald af benzíni verið hækkað um 20 aura. Gjöld eru lægri hér á benzíni en í nokkru nágrannalandanna. Þau hafa staðið óbreytt lengi og því í raun og veru farið stöðugt lækkandi með lækkandi peningagengi. Ætti benzíngjald að vera sett jafnhátt og það var ákveðið síðast, miðað við almennt verðlag, ætti það að hækka um 47 aura. Það hefur hins vegar verið hækkað um 20 aura. Kemur þar til viðbótar framleiðslusjóðsgjald af benzíni. Gert er ráð fyrir, að 5 aurar af þessum 20 aurum renni til brúasjóðs til byggingar stórbrúa, en það er aðkallandi nauðsyn að byggja upp ýmsar stórbrýr í landinu og bæta nýjum við, og 5 aurar eiga að renna í sérstakan sjóð til þess að standa undir lagningu meiri háttar vega á milli byggðarlaga. Er þá m. a. gert ráð fyrir því, að Austurvegur njóti þar góðs af, en lengi hefur á fé staðið, til þess að hægt væri að byrja á honum, sem þó er knýjandi nauðsyn.

Ríkisstj. gerir ekki till. um að hækka tekjuskattsstigann í sambandi við hina nýju fjáröflun. Tekjuskattsstigarnir eru hér mjög háir, enda þótt þeir væru lækkaðir verulega í hittiðfyrra. Beinir skattar, tekjuskattur og eignarskattur, eru í rauninni einu skattstofnarnir, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa við að styðjast. Útsvör munu hækka nú og það sums staðar stórkostlega. Það þótti því alls ekki fært að keppa við sveitarfélögin og bæjarfélögin með því, að ríkið færi að bæta ofan á tekjuskattsstigann.

Það mun láta nærri, að tekjuauki sá, sem ríkissjóður þarf á að halda og ætlað er að afla með þeim hætti, sem ég nú hef lýst, sé sáralítið meiri en skatta- og tollalækkanir þær nema, sem ríkisstj. og þingmeirihlutinn hafa beitt sér fyrir og framkvæmt síðustu 3 árin. Landsmenn munu því búa við svipaðar skatta- og tollaálögur nú til ríkissjóðs eftir þessar breytingar og þeir bjuggu við árið 1951. Það er að vísu hart að þurfa nú að taka aftur svo fljótt þær lækkanir á álögum til ríkisbúskaparins, sem búið var að létta af. En hér er ekki um neitt að velja. Eins og ástandið er í efnahagsmálum landsins, mundi alveg keyra um þverbak, alveg taka steininn úr, ef ofan á annað bættist hallarekstur ríkissjóðs.

Á undanförnum árum hefur þrátt fyrir stórfelld framlög hins opinbera til framkvæmda og lánastarfsemi í þágu atvinnuveganna og almennings, samhliða skatta- og tollalækkunum, tekizt að halda ríkisbúskapnum þannig, að hann hefur verkað í jafnvægisátt allan tímann. Þannig verður það að vera áfram, ef nokkur von á að vera til þess, að þjóðin fái stöðvað sig á óheillabraut verðþenslu, hallarekstrar og uppbóta. Það eitt mun þó skammt hrökkva; þar þarf fleira til að koma. Mun ég nokkuð á það minnast frá sjónarmiði framsóknarmanna við framhald þessarar umræðu. — Góða nótt.

Að loknum útvarpsumræðum var á sama fundi fram haldið umr. um fjárlagafrv. (A. 199, frhn. 288, n. 251, 280, 287, 289, 290, 293, 295, 296, 298, 299, 300, 304, 322, 326).

Afbrigði um brtt. 322 og 326, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja mikið þessar umræður, en það eru hér nokkrar tillögur frá meiri hl. fjvn., sem ég vil leyfa mér að gera grein fyrir. Sumar þeirra voru boðaðar fyrr við umræðurnar.

Ég ætla að minnast fyrst á nokkrar útgjaldatillögur.

Það er í fyrsta lagi lagt til í 6. brtt. n. á þskj. 322 að veita 100 þús. kr. til skógarvarðabústaða. Það var mikið á það sótt af skógrækt ríkisins og talin mikil nauðsyn á því að koma upp skógarvarðabústöðum, a. m. k. á einum stað sérstaklega, og enda þótt n. teldi ekki fært að mæta því nema að mjög litlu leyti, hyggur hún þó, að hér sé komið nokkuð til móts við þessa ósk.

Þá eru hér smáliðir, sem ég tel ekki ástæðu til að gera grein fyrir. Það eru nokkrir eftirlaunaliðir, sem eftir var að athuga.

9. brtt. er um það, að fjárveiting sú, sem lagt er til að veita á 19. gr. til aukinnar löggæzlu og tollgæzlu, hækki um 350 þús., eða úr 1 millj. í 1 millj. og 350 þús. kr. Er þetta m. a. gert með hliðsjón af því, að hér hafa þegar á þessu þingi komið fram tillögur og eitt frv. liggur hér fyrir, þar sem lögð er áherzla á mikilvægi þess að auka löggæzluna, ekki hvað sízt á ýmsum stöðum úti um land. Er meiri hl. n. þeirrar skoðunar, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða, og er því lagt til, að þessi upphæð verði hækkuð sem þessu nemur.

Þá kem ég að nokkrum liðum í heimildagrein. Þar er í fyrsta lagi lagt til, að heimild ríkisstj. til að greiða halla þjóðleikhússins verði hækkuð um 200 þús. kr., sem byggist á breytingu á launum í samræmi við ákvæði launalaga, og er auðvitað ekki um annað að ræða en að greiða þann kostnað.

Þá er enn fremur hér um að ræða till. þess efnis, að hækkuð verði um helming heimild ríkis-

stj. til að ábyrgjast lán fyrir síldarverksmiðjuna Rauðku á Siglufirði, úr 1 millj. í 2 millj. Byggist þetta á því, að á árinu 1955 var notuð heimildin um 1 millj., þ. e. a. s. raunar fyrir fram notuð, og er gert ráð fyrir, að það kunni svo að fara, að sams konar heimild verði að nota á þessu ári, og því hefur ríkisstj. óskað eftir því, að hún fengi heimild til að veita slíka ábyrgð, ef til kæmi.

Þá er enn fremur till. um að heimila ríkisstj. að ábyrgjast 200 þús. kr. rekstrarlán vegna öryrkjaheimilis h/f Sunnu. Þetta heimili er stofnað fyrir nokkrum árum, og það hefur af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins verið veittur stuðningur til hælis þessa, sem er ætlað að geta veitt vinnuskilyrði ýmsum öryrkjum, sem ella ættu mjög erfitt með að framfæra sig. Það hafa verið miklir erfiðleikar fyrir þetta hæli að fá nauðsynlegt rekstrarfé, og hefur verið lagt til, að ríkisstj. væri heimilað að ábyrgjast ⅔ af væntanlegu láni, sem verksmiðjan tekur til starfsemi sinnar, gegn því, að Reykjavík ábyrgist þriðjunginn.

Þá er smábreyting á till. n. um heimild fyrir ríkisstj. til að greiða kostnað vegna sérstakra vaxta hjá Sláturfélagi Suðurlands í sambandi við kaup á nautgripakjöti s. l. haust. Það hefur komið í ljós, að það eru nokkrir fleiri aðilar, sem kunna að koma hér til greina og hafa keypt slíkt kjöt á þessu hausti, og því þykir sjálfsagt, að þeim verði veitt sams konar fyrirgreiðsla.

Þá er enn fremur lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetum úr nylon. Það hefur komið í ljós við þær breytingar, sem nú hafa verið gerðar á aðflutningsgjöldum, að það kemur mjög illa út varðandi þessi nylonnet, en sjálfsagt þykir, að þau verði ekki tolluð hærra en önnur net. En þar sem ekki er hægt með fjárl. að breyta ákvæðum tollskrár að þessu leyti, verður að fara þá leiðina að endurgreiða tollinn.

Þá er smávægileg leiðrétting á till., sem ég gerði hér áður grein fyrir varðandi kostnað ríkisútvarpsins við endurbætur á hlustunarskilyrðum á Austfjörðum, sem nemur 100 þús. kr. Það var prentvilla í till. þá.

Þá er enn fremur lagt til að greiða allt að 200 þús. kr. upp í stofnkostnað við lýsingu á þeim kafla Hafnarfjarðarvegar, sem er í Garðahreppi. Það liggur hér fyrir á öðru þskj. tillaga frá nokkrum hv. þingmönnum um að greiða allstóra upphæð í þessu skyni, eða 400 þús. kr. til að lýsa þjóðveginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Á s. l. þingi var til meðferðar þáltill. um þetta efni. Hún var afgreidd þannig, að henni var vísað til ríkisstjórnarinnar með ósk um það, að kannað yrði, hvernig þessu yrði haganlegast fyrir komið. Það kom í ljós, að það voru allmargir aðilar, sem áttu þarna hlut að máli, og fjvn. taldi sig þá ekki hafa aðstöðu til þess að meta það, hver eðlilegast væri að greiddi þennan kostnað og þá að hve miklum hluta. Því miður hefur þetta nú ekki verið endanlega athugað, eins og hefði þurft að gera, og því ekki hægt að taka fullkomlega afstöðu til þess, hvernig eðlileg skipting á þessu væri. Hins vegar telur fjvn. mjög varhugavert vegna fordæmis að fara inn á þá braut að greiða vegalýsingu innan umdæmis kaupstaða, og því er þetta bundið við Garðahrepp. Lýsing þessi er talin munu kosta á níunda hundrað þús. kr. Það er talið, að um 20% af veginum liggi í umdæmi Reykjavíkur, 40% í umdæmi Garðahrepps og 40% í umdæmi Kópavogskaupstaðar, og það er kostnaðurinn við þessi 40%, sem liggja í Garðahreppi, sem er lagt til að ríkissjóður greiði að þessu leyti. Það er ekkert sagt um, að það eigi að kosta það að öllu leyti, það verður ríkisstj. að meta og æskilegt, að það verði rannsakað niður í kjölinn, hvernig heppilegast er að koma þessu við. En þetta mun þó vera sá kafli vegarins, sem er hættumestur, og vitanlegt, að það er ógerlegt fyrir þennan hrepp að greiða þann kostnað, sem hér er um að ræða.

Þá er lagt til að gera smávægilega breytingu á einu atriði heimildagreinar, sem er um heimild til þess að setja merki landgræðslusjóðs á vindlingapakka. Það varð samkomulag um það við Félag tóbaksvöruverzlana, að það skyldi ekki lögð smásöluálagning á þessa viðbótarhækkun, sem rennur til landgræðslusjóðs. En það er talið hafa komið í ljós, að það séu nokkrir aðilar, sem standa utan þess félags og hafa ekki viljað beygja sig fyrir þessu, þannig að sanngjarnt þykir að mæta ósk landgræðslusjóðs um að setja þetta skilyrði, þannig að það nái til allra.

Það var gerð grein fyrir því, þegar framhaldsnefndarálit meiri hl. fjvn. var lagt fram, að þar vantaði um 45.5 millj. kr., til þess að hægt væri að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, og gerð grein fyrir því, að ríkisstj. mundi að sínu leyti leggja fram nauðsynlegar fjáröflunartillögur til þess að mæta þessum útgjöldum. Þetta hefur nú verið gert og þær till. endanlega samþykktar. Í samræmi við þau lög, sem þar um ræðir, leggur meiri hl. n. nú fram þær brtt. við tekjubálk fjárlagafrv., að vörumagnstollur verði hækkaður um 6.5 millj. kr., verðtollur verði hækkaður um 32 millj., innflutningsgjald af benzíni verði hækkað um 4.5 millj. og bifreiðaskattur um 6 millj., en samtals gefur þetta í tekjur 49 millj., og er það þá nokkru meira en útgjöldunum nemur, ef samþykktar verða allar till. meiri hl. fjvn., en ekki aðrar brtt.

Yrðu till. meiri hl. n. samþykktar, mundi það leiða til þess, að útgjaldahlið fjárlagafrv. fyrir árið 1956 yrði 658—659 millj. kr., og er það um 143 millj. kr. meira en núgildandi fjárlög eru, þannig að menn sjá, að hér er um geysimikla hækkun að ræða, sem gert hefur verið ráð fyrir. En þessi mikla hækkun gerir það skiljanlegt, að ekki hafi verið kleift að mæta þessum útgjöldum; enda þótt góð afkoma hafi verið hjá ríkissjóði á þessu ári, þá mundi það ekki hrökkva nándar nærri til, enda þótt slíkar tekjur yrðu á næsta ári.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um tillögur minni hl. fjvn. Þeir hafa lagt til mikla hækkun á tekjubálki frv. og hafa talið í nál. um þær tollabreytingar, sem hér hafa verið til meðferðar, að þær væru þarflausar, þar sem hægt væri að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus, enda þótt engir nýir tekjustofnar kæmu til. Það er þó mjög í áttina, að þeir skuli hafa fallið frá þeim geysilegu hækkunum, sem þeir fluttu hér við 2.

umr., og virðist það ótvírætt benda í þá átt, að þeir hafi við nánari athugun séð, að þar hafi ekki verið alls kostar raunhæft að farið, því að það er vitanlega engin skýring á þessum breyttu tillögum, að það sé vegna þingskapa, því að það var auðvitað engin nauðsyn að fara niður fyrir lægstu tillögur, til þess að það bryti ekki í bága við þingsköp. Tel ég það því mjög virðingarvert, að við nánari ihugun hafa þessir hv. þingmenn komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir hafi farið nokkuð geyst í sakirnar. — Varðandi einstakar brtt. þeirra hef ég ekkert sérstakt að segja. Fjvn. hefði gjarnan óskað að geta hækkað meira framlög til sjúkrahúsa og flugvallagerðar og jafnframt gjarnan taka upp fjárveitingu til félagsheimilasjóðs, en það hefur ekki verið talið fært að gera það. Það virðist vera nóg komið samt af útgjöldum, enda þótt fleiri böggum verði ekki á bætt.

Varðandi aðrar tillögur, sem hér liggja fyrir á nokkrum þskj., er það að segja, að fjvn. getur yfirleitt ekki mælt með því, að þær séu samþykktar. Hún hafði tekið til athugunar milli umræðna þær tillögur, sem teknar voru aftur við 2. umr., tekið upp nokkrar þeirra að nokkru leyti a. m. k., en þeim till. öðrum, sem hér hafa verið endurfluttar, hlýtur n. að sjálfsögðu að mæla á móti. N. telur ekki auðið að mæla með því, að samþykktar verði breytingar, sem bornar eru hér fram af nokkrum hv. þm. til aukinna fjárveitinga í sambandi við hafnir eða vegi. Því fé hefur þegar verið skipt eftir þeim hlutföllum, sem talið var eðlilegt að fylgt yrði, og mundi það raska öllu slíku, ef ætti að fara að taka einstök mál þar út úr. Sama er að segja um fjárveitingar til skóla og sjúkrahúsa eða brúa — það mun ein till. vera um það efni — það mundi geta valdið mikilli röskun, ef ætti að fara að taka upp slíka liði nú á síðasta stigi málsins, eftir að öll þau mál hafa verið athuguð niður í kjölinn.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að þreyta hv. þingmenn með að fara út í einstakar tillögur nánar. Það er ekki sérstakt tilefni til þess. Ég skal aðeins geta þess hér með eina till., sem er XI. till. á þskj. 296, að meiri hl. n. og raunar n. öll telur sig geta mælt með því, að sú till. nái fram að ganga. Það er um að greiða drengnum Garðari Brynjólfssyni, Minna-Knarrarnesi á Vatnsleysuströnd, hæfilegar bætur vegna slyss, er hann varð fyrir 15. júlí 1946 af völdum sprengingar. Það var í fyrra heimild um að greiða bætur öðrum dreng í sama formi og hér um ræðir. Fyrir n. hefur ekkert erindi legið um þetta fyrr en nú alveg nýlega á síðustu stundu, og vantaði allar upplýsingar um, hversu þessu máli væri háttað, þar til n. hefur borizt það nú, eftir að þessi till. er fram komin. Hefði n. að sjálfsögðu flutt þetta að sínu leyti, ef hún hefði haft nægilegar upplýsingar um, hvernig þessu var háttað, en telur með hliðsjón af því, sem gert hefur verið í sama tilfelli, að rétt sé að samþ. þessa tillögu.

Ég held, að ég þreyti þá ekki hv. þingmenn á lengra máli, endurtek aðeins það, sem ég lagði til í framsöguræðu minni hér við upphaf þessarar umr., að hv. þingmenn geti fallizt á að samþykkja brtt. meiri hl. fjvn., en að öðru leyti verði aðrar brtt., sem fram hafa komið, felldar með hliðsjón af því, að það eru ekki tök á að bæta hér meiri útgjöldum við, enda þótt allir mundu vafalaust hafa óskað eftir því að geta mætt ýmsum þeim óskum, sem þar hafa fram komið. En það er nú einu sinni svo, að jafnvel þó að fjárlögin séu mikið hækkuð, þá eru þó óskirnar enn miklu hærri en sem þessum upphæðum nemur, þannig að ótalmörgu hefur orðið að hafna.

Umr. (frh. útvarpsumr. og atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 31. jan., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 293,1 felld með 28:14 atkv.
— 289 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 322,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 293,2 kom ekki til atkv.
— 322,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 293,3 kom ekki til atkv.
— 322,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 293,4 kom ekki til atkv.
— 293,5 felld með 26:12 atkv.
— 322,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 293,6 kom ekki til atkv.
— 293,7 felld með 26:14 atkv.
— 293,8 felld með 26:13 atkv.
— 293,9 felld með 26:14 atkv.
— 293,10 felld með 26:13 atkv.
— 298,I felld með 27:12 atkv.
— 293,11 felld með 27:13 atkv.
— 293,12 felld með 29:15 atkv.
— 287,1--4 samþ. með 25:13 atkv.
— 287,5—8 samþ. með 26:6 atkv.
— 287,9—13 ásamt brtt. 322,5 samþ. með 28:6 atkv.
— 287,14 samþ. með 26:14 atkv.
— 287,15 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 293,13 felld með 25:16 atkv.
— 298,II felld með 26:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, KGunn, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, JJós, JPálm, KGuðj, LJós.

nei: SkG, VH, AE, TÁ, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JS, JR, KK, KJJ, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, JörB.

SÓÓ, EI, GTh greiddu ekki atkv.

6 þm. (SB, StgrSt, ÁB, BBen, BÓ, LJóh) fjarstaddir.

Brtt. 287,16—19 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 298,III felld með 25:7 atkv.
— 296,I felld með 25:15 atkv.
— 298,IV tekin aftur.
— 280,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 296,II felld með 26:14 atkv.
— 295,I felld með 26:15 atkv.
— 295,I. varatill. felld með 25:16 atkv.
— 296,III felld með 30:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BergS, BrB, EggÞ, EOl, KGunn, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, JJós, KGuðj, LJós, SG.

nei: TÁ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SÓÓ, SkG, VH, AE, JörB.

6 þm. (BBen, BÓ, LJós, SB, StgrSt, ÁB) fjarstaddir.
Brtt. 287,20—21 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 295,II tekin aftur.
— 298,V felld með 28:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EggÞ, EOl, KGunn, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, SG, BergS.
nei: TÁ, EI, EirÞ, EystJ, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SÓÓ, SkG, VH, AE, JörB.
GíslG, JJós greiddu ekki atkv.
8 þm. (BBen, BÓ, JóhH, LJóh, LJós, SB, StgrSt, ÁB) fjarstaddir.
Brtt. 287,22 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 295,III.1 felld með 26:11 atkv.
— 295,III.2 felld með 26:11 atkv.
— 295,III.3 felld með 25:11 atkv.
— 296,IV felld með 27:14 atkv.
— 287,23—25.a samþ. með 28 shlj. atkv.
— 299 felld með 24:12 atkv.
— 287,25.b.1 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 296,V felld með 24:14 atkv.
— 287,25.b.2—d samþ. með 30 shlj. atkv.
— 287,26 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 287,27—30 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 293,14 felld með 24:11 atkv.
— 287,31 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 295,IV felld með 25:11 atkv.
— 287,32—33 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 295,V.1 felld með 25:14 atkv.
— 296,VI.1 felld með 26:16 atkv.
— 293,15 felld með 28:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, KGunn, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG.
nei: JR, KK, KJJ, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SÓÓ, SkG, VH, AE, TÁ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, HermJ, IngF, IngJ, JJós, JK, JS.
JörB greiddi ekki atkv.
8 þm. (LJóh, SB, StgrSt, ÁB, BBen, BÓ, JóhH, JPálm) fjarstaddir.
Brtt. 287,34—35 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 295,V.2 felld með 27:14 atkv.
— 287,36—37 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 295,VI samþ. með 25:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÁ, SG, SÓÓ, BergS, BrB, EggÞ, EOl, KGunn, FRV, GilsG, GíslJ, GÍG, GJóh, GTh, GÞG, HG, HelgJ, IngF, IngJ, JJós, JK, JPálm, KGuðj, KJJ, LJós.
nei: SkG, VH, AE, TÁ, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, HV, HermJ, JS, JR, KK, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO.
EI, JörB greiddu ekki atkv.
7 þm. (SB, StgrSt, ÁB, BBen, BÓ, JóhH, LJóh) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ég kom í sumar að einum af þeim gömlu bæjum, sem ákveðið hefur verið að halda við, Laufási við Eyjafjörð. Hann var í örgustu niðurníðslu. Mér er ekki ljóst, til hvers á að verja þessu, og meðan ég ekki veit það, segi ég nei.

Brtt. 295,VII.1.a felld með 24:16 atkv.
— 295,VII,1.b felld með 24:15 atkv.
— 287,38—39 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 326 samþ. með 24:12 atkv.
— 296,VI.2 felld með 23:13 atkv.
— 296,VI.3 felld með 23:15 atkv.
— 295,VII.2 felld með 24:11 atkv.
— 296,VI.4.a felld með 25:14 atkv.
— 287,40 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 296,VI.4.b.1 felld með 25:14 atkv.
— 296,VI.4.b.2 felld með 26:13 atkv.
— 296,VI.5 felld með 26:14 atkv.
— 287,41 samþ. með 26:1 atkv.
— 298,VI samþ. með 24:13 atkv.
— 287,42—43 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 296,VI.6 felld með 23:12 atkv.
— 298,VII felld með 23:17 atkv.
— 296,VII felld með 23:12 atkv.
— 287,44—47 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 295,VII.3 felld með 22:13 atkv.
— 295,VII.4 felld með 25:12 atkv.
— 287,48—57 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 322,6 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 287,58—67 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 295,VII.5 felld með 23:14 atkv.

Áður en brtt. 296,VIII kæmi til atkv., mælti

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tek þessa till. aftur að þessu sinni, og geri ég það eftir að hafa rætt málið lítillega við form. fjvn. Ég mun, áður en fjvn. fjallar um fjárlög fyrir næsta þing, stuðla að því, að nefndinni berist upplýsingar, sem rökstyðja nauðsyn einhverrar sanngjarnrar fjárveitingar í þessu skyni, og í trausti þess, að málið fái þá góðar undirtektir, tek ég till. aftur að sinni.

Brtt. 296,VIII tekin aftur.
— 287,68 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 295,VII.6—7 felldar með 25:13 atkv.
— 293,16 felld með 24:15 atkv.
— 287,69 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 298,VIII felld með 24:12 atkv.
— 287,70.a—b.1 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 322,7.a samþ. með 26 shlj. atkv.
— 287,70.b.2—c.7 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 322,7.b samþ. með 26 shlj. atkv.
— 287,70.c.8—12 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 322,7.c samþ. með 26 shlj. atkv.
— 287,70.c.13, svo breytt, og 14—16 samþ. með 26 shlj. atkv.

Áður en brtt. 304 kæmi til atkvæða, mælti

Skúli Guðmundsson: Ég vil ógjarnan, að það sé farið að stofna til mikillar deilu um þetta, og mundi þá málið heldur verða athugað fyrir næsta þing. Tek ég því till. aftur.

Brtt. 304 tekin aftur.
— 287,70.c.17—24 samþ. með 28 shlj. atkv.

Áður en brtt. 296,IX kæmi til atkvæða, mælti

Jón Pálmason: Herra forseti. Það hefur orðið samkomulag við ríkisstj. um afgreiðslu þessa

máls, og hafa því allir flm. orðið sammála um að taka till. aftur.

Brtt. 296,IX tekin aftur.
— 287,71.a—c.5 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 322,8 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 287,71.c.6—73 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 322,9 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 287,74 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 293,17 felld með 24:12 atkv.
— 287,75—81 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 322,10 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 280,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 295,VIII felld með 22:10 atkv.
— 296,X felld með 24:13 atkv.
— 296,XI samþ. með 38 shlj. atkv.
— 280,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 287,82 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 322,11 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 287,83—84 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 322,12 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 295,IX felld með 23:15 atkv.
— 287,85.1—2 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 322,13 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 287,85.3 samþ. með 26:3 atkv.
— 287,86 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 322,14 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 296,XII felld með 26:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, KGunn, FRV, GilsG, GJóh, GÞG, HV, JJós, KGuðj, LJós.

nei: SÓÓ, SkG, VH, AE, TÁ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngF, IngJ, JK, JS, JR, KK, KJJ, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ.

GÍG, HermJ, JPálm, JörB greiddu ekki atkv.
8 þm. (SB, StgrSt, ÁB, BBen, BÓ, HG, JóhH, LJóh) fjarstaddir.

Brtt. 287,87 ásamt brtt. 322,15 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 322,16 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 287,88 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 322,17 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 290,I samþ. með 26:6 atkv.
— 290,II samþ. með 28 shlj. atkv.
— 300 tekin aftur.
— 287,89 samþ. með 27 shlj. atkv.

Umr. (frh. útvarpsumræðu og frh. atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 1. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (útvarpsumr.).

Forseti (JörB): Ræðutími fyrir hvern flokk verður að þessu sinni 45 mínútur og er í 3 umferðum, í fyrstu umferð 20 mín., í annarri umferð 15 mín og í þriðju umferð 10 mín.

Af hálfu flokkanna verður talað í þessari röð: fyrst af hálfu Alþfl., þá Sjálfstfl., þriðja Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., í fjórða lagi Framsfl. og í fimmta lagi Þjóðvfl.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Kunnur rithöfundur hefur sagt, að í frásagnarlist sé aðeins við einn erfiðleika að etja, það sé að gera staðleysur að staðreyndum, sem áheyrandinn trúi. S. l. mánudag féll það í hlut hæstv. forsrh., Ólafs Thors, að segja þjóðinni frá þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem nú hafa verið knúðar fram fyrir forgöngu hans. Hann reyndi að telja þjóðinni trú um, að það væru góðar og gagnlegar ráðstafanir að leggja nú á landsmenn 137 millj. kr. og greiða með þeim hallarekstur í sjávarútveginum til viðbótar á annað hundrað milljónum, sem hann fær með aðstoð bátagjaldeyriskerfisins, án þess að nokkrar ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja, að um hagkvæman rekstur sé að ræða og að ekki sé okrað á útveginum af alls konar millilíðum. Forsrh. reyndi að telja þjóðinni trú um, að það væri sanngjarnt og réttlátt að afla þessara 137 millj. fyrst og fremst með neyzlusköttum, sem greiðast eiga af svo að segja öllum vörum, hvort sem þær eru nauðsynlegar eða ónauðsynlegar, og af sérhverjum neytanda, hvort sem hann er ríkur eða fátækur. Það hefði þurft meiri listamann en hæstv. forsrh. er til þess að gera slíkar staðleysur að staðreyndum.

Sami rithöfundur hefur einnig sagt, að það sé ein af náðargáfum snillingsins að trúa því, sem hann veit að er ósatt. Það má vera, að slík náðargáfa hafi stundum orðið Ólafi Thors til léttis í stjórnmálabaráttu hans, en hann hefur ekki orðið hennar aðnjótandi í þessu máli. Ef hann trúir því sjálfur, að þessar ráðstafanir séu góðar, þá lýsir það meiri hringlandahætti í skoðunum en hann hefur hingað til viljað láta eigna sér.

Fyrir sex árum var ástandið hér á landi að því leyti líkt því, sem það er nú, að útflutningsframleiðslan var að stöðvast og form. Sjálfstfl. var forsrh. Þá tók hann sér fyrir hendur að bjarga við málunum eins og nú. Hann lagði fram mikið frv. Það var um gengislækkun krónunnar. Greinargerðin hófst á þessum orðum:

„Fyrir síðustu alþingiskosningar lýsti Sjálfstfl. því yfir, að hann teldi, að nauðsyn bæri til, að af hendi löggjafans yrði svo um hnútana búið, að atvinnurekstur landsmanna yrði í meðalárferði rekinn hallalaus án styrkja úr ríkissjóði, og jafnframt yrði að því stefnt að aflétta svo fljótt sem auðið væri höftum og bönnum á sviði verzlunar og viðskipta."

Í þau sex ár, sem síðan eru liðin, hefur Sjálfstfl. stjórnað sjávarútvegs- og viðskiptamálum þjóðarinnar. Hvernig finnst ykkur, góðir Íslendingar, að honum hafi tekizt að framkvæma stefnu sína? Er atvinnureksturinn hallalaus án styrkja úr ríkissjóði? Í gær var verið að samþykkja 150 millj. kr. styrki úr ríkissjóði til útvegsins til viðbótar við bátagjaldeyriskerfið. — Er verzlunin frjáls? Bankarnir og innflutningsskrifstofan hafa varla við að neita yfirfærslu- og innflutningsbeiðnum. Slíkt hefur hingað til verið nefnt höft á íslenzku. Og ekki nóg með það, að hér séu harðvítug höft. Þeim er ofan á allt annað svo illa stjórnað, að viðskiptajöfnuðurinn var á s. l. ári óhagstæður um 400 millj. kr. Bankarnir eru stórskuldugir erlendis þrátt fyrir 200 millj. kr. gjaldeyristekjur vegna framkvæmda varnarliðsins á s. l. ári.

Gengislækkunarfrumv. 1950 fylgdi álitsgerð tveggja hagfræðinga, og gerðu stjórnarflokkarnir boðskap hennar að sínum. Þar voru bornar saman þær þrjár leiðir, sem til greina voru taldar koma

til þess að rétta við hag útvegsins, gengislækkun, tvöfalt gengi, þ. e. bátagjaldeyrir, og skattheimta til greiðslu á styrkjum. Gengislækkun var talin minnsta bölið. Tvöfalt gengi var fordæmt algerlega. En verst var þó styrkjaleiðin talin. Um hana var þetta sagt m. a. í álitsgerðinni:

„Aðalókostur styrkjaleiðarinnar frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð er sá, að hún leysir í raun og veru ekki vandamál útflutningsframleiðslunnar. Styrkjaleiðin lofar engu um bætta verziun, og hún er heldur ekki viðunandi bráðabirgðalausn. Hún skapar ekki nein skilyrði til þess, að hægt verði að stöðva dýrtíðina. Styrkjaleiðin gefur ekkert loforð um betra í framtíðinni."

Þetta var skoðun Sjálfstfl. á styrkjaleiðinni árið 1950. Allir vita, hvað gerðist. Gengið var lækkað um 43%. Ári síðar var tekið upp tvöfalt gengi, bátagjaldeyriskerfið, þótt það hafi verið fordæmt harðlega ári áður. Og nú er þeyst á harðaspretti út á styrkjabrautina, þótt sú leið hafi verið talin hættulegust allra og liggja beint út í fen og forað. Þetta má nú kalla að hafa hreina og beina stefnu og að fylgja henni fast og dyggilega. Fyrst er kallað yfir þjóðina það, sem sagt var óhjákvæmilegt böl, síðan það, sem talið hafði verið verra, og nú er gripið til þess, sem sagt var verst.

Hæstv. forsrh. segir, að það, sem var rangt og hættulegt 1950, geti verið rétt og gagnlegt 1956. En þá verður hann að sýna þjóðinni fram á, að erfiðleikarnir nú séu annars eðlis en þá. Til þess hefur hann enga tilraun gert.

Við Alþýðuflokksmenn erum auðvitað ekki á móti því, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að tryggja afkomu sjávarútvegsins. En við teljum ekki einu gilda, hverjar slíkar ráðstafanir eru. Sjálfstfl. telur, að greiða eigi tapið af almannafé, án þess að nokkrar ráðstafanir séu gerðar til þess að létta af útveginum þeim skatti, sem milliliðirnir leggja á hann, án þess að nokkuð sé reynt að bæta rekstrarfyrirkomulagið, án þess að styrkirnir eigi að lækka nokkuð, þótt um gróða verði að ræða. Hann telur jafnvel eðlilegt, að lítill hópur manna geti skráð gengi á íslenzku krónunni. Alþfl. telur, að útvegurinn eigi að fá allar þarfir sínar fyrir sannvirði, að sjómennirnir eigi að fá aðstöðu til þess að sannprófa, að öllu sé eins haganlega fyrir komið og unnt er og að engar afætur nái að skerða aflann, hvorki innanlands né utan, að gróði verði endurgreiddur til þess að mæta tapinu. Það, sem þá vantar á, ber að greiða útveginum. Um þetta hefur Alþfl. flutt tillögur. En Sjálfstfl. má ekki heyra slíkt nefnt. Hann hikar ekki við að þjóðnýta tapið. Almenningur er ekki of góður til þess að borga það. En ef fáir einstaklingar græða, jafnvel stórgræða, þá má með engu móti þjóðnýta þann gróða.

Okkur Alþfl.-mönnum hefur talizt svo til, að það *væru allt að 85 millj.* kr., sem nú þyrfti að afla til þess að tryggja hag útgerðarinnar. Stjórnarflokkarnir ætla að innheimta 137 millj. Enn mikilvægara er þó hitt, hvernig þeir ætla að gera það. Þú átt að borga þessar milljónir, hlustandi góður, hvort sem þú ert ríkur eða fátækur. Þú átt meira að segja að borga þeim mun meira, þeim mun fleiri munna sem þú hefur að fæða og þeim mun fleiri sem þú þarft að klæða. Í hvert skipti, sem þú færð þér brauðbita eða kaffisopa, þegar þú kaupir þér skyrtu eða sokka, ef þú gefur barninu þínu epli, — þá skaltu greiða nýjan og þungan skatt. Við Alþfl.-menn teljum þetta vera óheyrilegt ranglæti. Við höfum lagt til, að þessara 85 millj. verði aflað með skatti á verðbólgugróða, sem safnazt hefur á hendur félaga og einstaklinga síðan í stríðsbyrjun. Þann gróða má líklega telja í milljörðum. Hundrað ríkustu félögin hér í Reykjavík eiga skuldlausar eignir, sem nema um 900 millj. kr. 85 millj. eru ekki 1/10 hluti þessara eigna. Muna menn ekki, hvað einum fjármálamanninum varð að orði, þegar víxlar upp á eina milljón fundust í kistuhandraðanum hjá honum? „Hvað er milljónin nú á dögum?" sagði hann. Ætli það væri mikill vandi að finna aðra 84, sem í raun og veru munaði ekki mikið um að missa milljónina og réttara væri að misstu hana en að taka þær allar af efnalitlum almenningi? Nei, það vantar ekki milljónamæringana. Það vantar viljann til þess að láta þá borga.

Er hægt að hugsa sér ömurlegra gjaldþrot en stjórnarstefnan hefur beðið? Hér hafa leiðtogar Sjálfstfl. staðið árum saman, barið sér á brjóst og kallað: Atvinnureksturinn skal verða hallaog styrkjalaus! Verzlunin skal verða frjáls! Og nú eru styrkirnir vegna hallarekstrar komnir yfir 250 millj. kr. og verzlunin flækt í fastari fjötra en nokkru sinni fyrr. Þetta gjaldþrot er ömurlegt fyrir þjóðina, en það er neyðarlegt fyrir foringja Sjálfstfl.

Sjálfstæðismenn kunna á þessu aðeins eina skýringu. Það er *11% kauphækkunin á s. l. vori.* Auðvitað átti að auka kaupmátt launanna fremur en að hækka krónutölu kaupsins. En stjórnarflokkarnir *höfðu engan áhuga á slíku. Má ég* minna á það, að frá árslokum 1952 og til vors 1955 urðu hér nær engar breytingar á kaupgjaldi? Þá skyldi maður ætla, að allt hefði átt að vera í lagi, ef kenning Sjálfstfl. væri rétt. En það var samt á árinu 1954, að togararnir gáfust upp og tekið var að styrkja þá. Hvernig gat það verið almennum kauphækkunum að kenna? Og nú er svo komið, að þótt öll skipshöfnin á togurunum ynni fyrir ekki neitt, þá bæru þeir sig varla samt. Kannske það sé líka kaupinu að kenna?

Sannleikurinn er sá, að þegar verkfallið skall á vorið 1955, var kaupið þegar hækkað í fjölmörgum greinum. Verðlagið á vinnu á frjálsum vinnumarkaði var hækkað, Keflavíkurvinnunni og fjárfestingarvinnunni. Ríkisstj. hafði ekkert við þessar kauphækkanir að athuga, af því að þeir, sem keyptu vinnuna, græddu á henni. En hvað var eðlilegra en að allir vinnuseljendur vildu fá fyrir vinnu sína það, *sem boðið var í* hana á frjálsum markaði? Það ætti sízt að hneyksla þá, sem eru alltaf að prédika, að framboð og eftirspurn eigi að ráða verðlaginu.

Nei, frumorsakir öngþveitisins eru ekki kauphækkanirnar, heldur hitt, að ríkisstj. brást þeirri skyldu sinni að hafa heildarstjórn á fjárfestingunni, þar með talinni Keflavíkurvinnunni, að hún sleppti verðlaginu lausu með afnámi verðlagseftirlitsins og að hún vanrækti að hafa þjóð-

holla stjórn á bönkunum í stað þess að láta þá að verulegu leyti vera á valdi einnar fjölskyldu.

Undanfarinn hálfur annar áratugur hefur verið mesta góðæri, sem yfir Ísland hefur gengið. Samt hefur hér verið öngþveiti, líkt og á sér stað í ýmsum frumstæðum ríkjum Suður-Ameríku. Meinið hefur ekki verið það, að almenningur hafi notið of góðra lífskjara. Það hefur verið fólgið í öðru. Í öllum ríkjum er til óþjóðhollur gróðalýður, sem hefur það sem æðsta mark sitt í lífinu að skara eld að sinni köku og kærir sig kollóttan, hvernig það gerist. Þessi gróðalýður hefur hér á Íslandi átt sitt sverð og sinn skjöld, þar sem er Sjálfstfl. Síðan 1939 hefur Sjálfstfl. setið samfellt í ríkisstj. og notað aðstöðu sína af fyllsta purkunarleysi til þess að vinna fyrir gróðalýðinn. Og þeim mun rækilegar sem Sjálfstfl. hefur brugðizt yfirlýstri stefnu sinni, þeim mun betur hefur hann fylgt fram þeirri duldu fyrirætlun sinni að búa sem bezt í haginn fyrir braskarana. Gróðastéttin teygir loppu sína upp á hvert matborð og nælir sér í hluta af því, sem þar er reitt fram. Hún leggur skatt á hverja flík, sem þjóðin klæðist. Hún treður vasana fulla í sambandi við hverja húsbyggingu. Hún læðist að sjómanninum og hrifsar til sín hluta af afla hans hér innanlands og af gjaldeyrinum fyrir framleiðslu hans utanlands. Hún hefur tögl og hagldir í bönkunum. Og sé þetta allt ekki nóg, þá á hún umboðsmenn í ráðherrastólunum.

Það er þetta, sem er að í íslenzku þjóðlífi. Þetta er það, sem þarf að breytast. Íslenzkur almenningur verður að skilja, að áhrifum Sjálfstfl. á íslenzk þjóðmál verður að ljúka. Hann hefur ráðið mestu nú í 15 ár. Hann er búinn að sýna það, að hann getur ekki stjórnað landinu. Það er kominn tími til þess að slá úr hendi gróðalýðsins sverð hans og kljúfa skjöld hans.

Andstæðingar Sjálfstfl. eru í miklum meiri hluta með þjóðinni, en þeir hafa því miður verið sjálfum sér sundurþykkir. Síðan 1930 hafa íslenzkir kommúnistar unnið að sundrungu meðal alþýðu. Lýðræðissinnaðir andstæðingar Sjálfstfl. eru þó einnig stærri en hann. Ef þeir sameinast, er sigurinn yfir íhaldinu unninn.

Morgunblaðið og Þjóðviljinn hafa undanfarið látið sér tíðrætt um, að Alþfl. og Framsfl. hafi verið að semja um einhvers konar brask með kjósendur og ætlað að fyrirskipa þeim að kjósa frambjóðendur hvor annars á víxl. Hér kemur það fram einu sinni sem oftar, hversu margt er líkt með íhaldi og einræðissinnum. Þeir sjá ekki fjarstæðuna í því, að hægt sé að verzla með kjósendur eða fyrirskipa þeim í lýðræðisþjóðfélagi. Þeir virðast telja sig eiga sína kjósendur, annars væri íhaldið varla að tala um verzlun með þá og kommúnistarnir um fyrirskipanir til þeirra. Það er rétt að segja það skýrt og skorinort, að Alþfl. telur sig ekki herra þeirra 12 þúsunda, sem hafa kosið hann, heldur þjón þeirra. Hann ætlar ekkert að gera og mun ekkert gera nema það, sem umbjóðendur hans ákveða sjálfir. Í hverju einstöku kjördæmi munu Alþfl.-mennirnir sjálfir ákveða, hvern þeir styðja og kjósa. Það á ekkert skylt við brask með kjósendur, þótt Alþfl. hafi stungið upp á kosningabandalagi við Framsfl. og Þjóðvfl. Slík kosningabandalög tíðkast í öllum lýðræðislöndum. Sjálfstfl. hefur sjálfur gert slíkt kosningabandalag. Hægri flokkarnir á Norðurlöndum hafa árum saman haft með sér kosningabandalög, án þess að Morgunblaðið hafi kallað það verzlun með kjósendur. Kosningabandalag lýðræðissinnaðra vinstri manna vann nýlega kosningasigur í Frakklandi og var einmitt í fyrradag að mynda stjórn þar í landi. Í móðurlandi þingræðisins er og ávallt kosningabandalag milli Verkamannafl. og Samvinnuflokksins.

Sagt hefur verið, að Alþfl. og Framsfl. hafi verið að semja um kosningabandalag án þess að nefna nokkur málefni í því sambandi. Slíkt er fjarstæða. Ef lýðræðissinnaðir andstæðingar íhaldsins taka höndum saman, þá verður kjarni stefnunnar að vera þessi:

1) Gerbreyta verður skipulagi sjávarútvegsins. Allar fiskvinnslustöðvar verða að komast í eign útvegsmanna og sjómanna, og þeir verða einnig að fá full umráð yfir afurðasölunni erlendis. Með þessu móti einu verður tryggt, að allir þeir, sem vinna við sjávarútveginn, fái hvern eyri þess, sem framleiðslan gefur af sér.

2) Það verður að hafa fullkomið samstarf við öll samtök vinnandi fólks um að varðveita og auka kaupmátt launanna, tryggja atvinnuna og byggja upp atvinnulífið til sjávar og sveita. Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Landssamband iðnaðarmanna og félög starfandi útvegsmanna og opinberra starfsmanna verða að fá sterka aðstöðu til þess að gæta hagsmuna alls þess mikla fjölda, sem þessi samtök skipar.

3) Það þarf að taka upp strangt verðlagseftirlit og taka fyrir alla óeðlilega gróðamyndun.

4) Það verður að flytja yfirráðin yfir bönkunum úr höndum Sjálfstfl. yfir í hendur umboðsmanna þjóðarinnar.

5) Í utanríkismálum á að standa við allar skuldbindingar við bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu, en hefja hins vegar þegar í stað aðgerðir til þess að taka í íslenzkar hendur rekstur og gæzlu þeirra varnarmannvirkja, sem hér eru, og láta síðan herliðið hverfa á brott.

Þetta er það, sem nú ríður mest á í íslenzku þjóðfélagi. Um þetta og fleira þessu líkt eiga lýðræðissinnaðir vinstri menn að sameinast. Fyrir þessu eiga vinnandi menn við sjó og í sveit að berjast í einni fylkingu. Um þetta hafa menn í Alþfl. og Framsfl. rætt. Þjóðvfl. mun fá tækifæri til þess að sýna það, hvort hann vill styðja slíka stefnu eða hjálpa íhaldinu í baráttunni gegn henni.

Ef Alþfl., Framsfl. og Þjóðvfl. stæðu saman í kosningum og allir kjósendur þessara flokka styddu bandalag þeirra, mundi öruggur meiri hluti vinnast á Alþ. Þótt bandalagið yrði aðeins milli Alþfl. og Framsfl., mundi það einnig fá meiri hluta á Alþ., eða 28 þm., ef allir, sem kusu þessa flokka síðast, kysu þá aftur.

Ég er þess fullviss, að allir lýðræðissinnaðir vinstri menn æskja slíks samstarfs. Ríkinu verður ekki stjórnað án stuðnings hinna voldugu samtaka vinnandi fólks, verkalýðshreyfingar og samvinnuhreyfingar. Og verkalýðshreyfingu og samvinnuhreyfingu skortir afl þeirra hluta, sem gera þarf, ef ríkisvaldið er í höndum fjandmanna þeirra.

Einn foringi Sjálfstfl. hrópar: Íslenzk þjóðfélagsbygging er að brenna. Annar spyr: Er íslenzkt þjóðfélag að liðast í sundur? Þannig tala nú þeir, sem hafa ráðið í húsinu, sem hafa stjórnað þjóðfélaginu undanfarin ár. Þeir eru farnir að skelfast afleiðingar verka sinna, og þeir eru áreiðanlega búnir að hugsa mikið um það, hvað til bragðs eigi að taka, til þess að gróðastéttin missi ekki aðstöðu sína í brunanum og upplausninni. Þeir eru nýlega farnir að tala upphátt um það, sem fyrst og fremst vanti, en það sé vald, sterkt ríkisvald, öflug lögregla. Forsrh. kvartaði yfir því um áramótin, að þjóðin hefði ekki viljað hlusta á sig og ekki hlýða sér. Þá virðist valdið eiga að koma til og kenna henni að hlýða. Þetta er leið Sjálfstfl. út úr ógöngunum.

En það er til önnur leið. Hún er sú að skapa gagnkvæmt traust í þjóðfélaginu, að skapa hjá framleiðslustéttunum til sjávar og sveita fullkomið traust á því, að þær fái í sinn hlut allt það, sem vinna þeirra skapar, allt það, sem moldin og hafið gefur okkur. Almenningur hefur ekki trú á því þjóðfélagi, þar sem vísasti vegurinn *til efna er ekki sá að vinna heiðarlega fyrir* sér, heldur að stunda ýmiss konar vafasöm viðskipti. Menn treysta ekki því þjóðfélagskerfi, þar sem fjöldi manna lifir óhófslífi, án þess að nokkur viti, hvaðan þeir fá fé sitt, og án þess að þeir hafi nokkrar verulegar tekjur eða eigi nokkrar eignir á skattskrá. Alþýða manna hefur *ekki traust á þeirri þjóðfélagsskipan, þar sem* fámenn stétt eys stöðugt feikigróða úr duldum lindum innanlands og utan, meðan þjóðinni blæðir. Menn sjá, að samvizkuleysið er metið meira en samvizkusemin, að óhófið er verðlaunað, en refsað fyrir sparnaðinn, að braskið er gróðavegurinn og hin háa hugsjón, en vinnan, *heiðarleg vinna, unnin hörðum höndum, lítils* metin.

Það er þetta, sem þarf að breytast. Ekkert vald breytir þessu. Því verður aðeins breytt með röggsamlegu umbótastarfi. Þá mun skapast í þjóðfélaginu það gagnkvæma traust, sú tiltrú milli stétta og einstaklinga, sem mun slökkva bálið, sem leiðtogar Sjálfstfl. halda að þeir geti slökkt með hótunum. Þá mun það þjóðfélag, sem undir forustu Sjálfstfl. er að liðast í sundur og hann vill berja saman með valdi, sameinast í sterkt og heilbrigt þjóðfélag, þar sem vinnan og heiðarleikinn sitja í hásæti.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Hv. 1. landsk., Gylfi Þ. Gíslason, sannaði það hér áðan, að það fer ekki saman að vera hagfræðingur og Alþýðuflokksmaður á Íslandi. Þm. glímir stöðugt við það að gera staðleysur að staðreyndum, eins og hann gerði hér í ræðunni áðan.

Stjórnmálaumræður þær, sem nú fara hér fram, hafa auglýst stefnuleysi og úrræðaleysi stjórnarandstöðunnar. Í staðinn fyrir rök hefur stjórnarandstaðan notað stóryrði og svívirðingar *um stjórnina og stjórnarflokkana. Slíkur mál*flutningur er ekki til þess fallinn að auka tiltrú eða fylgi, enda mun það sannast, að almenningur í landinu gerir sér ljóst, að stjórnarandstaðan á það eitt sameiginlegt að rífa niður, skapa erfiðleika og standa gegn góðum málum og nauðsynlegri uppbyggingu atvinnulífsins.

Það hefur oft verið talað um ýmsa erfiðleika á sviði efnahags- og atvinnumála. Verður því þó ekki neitað, að s. l. ár hafa á ýmsan hátt verið hagstæð, sérstaklega árin 1953 og 1954. Árið 1955 hefur einnig verið hagstætt á margan hátt, þótt truflanir vegna verkfalla hafi rýrt gjaldeyrisöflunina og þjóðartekjurnar. Afleiðingar verkfallsins eru nú öllum ljósar í auknum tilkostnaði við framleiðsluna og vaxandi dýrtíð, sem er afleiðing verkfallsins. Gjaldeyrisöflun og efnahagslífið er í hættu, vegna þess að tilkostnaður við framleiðsluna hefur vaxið, án þess að útflutningsverð afurðanna hafi hækkað. Núverandi ríkisstj. hefur unnið með festu að því að auka framleiðslutækin *og vinna á annan hátt að aukningu framleiðslu*nnar. Það ætti öllum að vera ljóst, að aukning framleiðslunnar er undirstaðan að velgengni þjóðarinnar og lífskjörum hennar. Árangurinn af uppbyggingarstarfsemi núverandi ríkisstj. er þegar kominn í ljós, með því að þjóðartekjurnar fara stöðugt vaxandi vegna aukinna framleiðslu*tækja, meiri gjaldeyrisöflunar, blómlegrar* atvinnu.

Hreinar tekjur einstaklinga 1952, miðað við skattaframtal, voru samtals 1587 millj. kr., 1953 1832 millj. kr., 1954 2080 millj. kr. Má telja víst, að árið 1955 hafi verið metár og þjóðartekjurnar miklu hærri en nokkru sinni fyrr.

Á sama hátt hefur útflutningurinn farið vaxandi. Árið 1953 var heildarútflutningurinn 706 millj. kr., 1954 846 millj. kr. Sé tekið tillit til þess, að birgðir útflutningsvara eru nú 93.6 millj. kr. meiri en á sama tíma í fyrra, er ljóst, að framleiðsla ársins 1955 slær öll met þrátt fyrir verkföll og margs konar truflanir á framleiðslustörfunum.

Ef eingöngu er litið á þjóðartekjurnar, útflutninginn og viðskiptakjörin, má segja, að efnahagsþróunin hafi verið nokkuð hagstæð á liðnu ári. En þar með er ekki allur sannleikurinn sagður. Önnur öfl og áhrif ráða því, að þrátt fyrir velgengni og mikla framleiðslu er ástandið í efnahagsmálum og atvinnumálum alvarlegt. Taprekstur togaraútgerðarinnar og bátaútgerðarinnar einnig hefur aukizt stórkostlega á s. l. ári, og voru tekjufrv. ríkisstj. samþykkt til þess að tryggja, að útgerðin og atvinnuvegirnir *geti* haldið áfram, eins og rækilega var lýst hér í umr. á mánudagskvöldið. Sú lagasetning felur í sér álögur á þjóðina, er hefðu þó orðið mun meiri, ef farið hefði verið að kröfum stjórnarandstöðunnar, sem vildi ganga að öllu, sem útgerðarmenn kröfðust, gagnrýnilaust.

Árið 1955 hækkaði visitalan um 8.9 af hundraði, sem er afleiðing af verkfallinu, en næstu tvö ár áður hafði vísitalan verið að mestu óbreytt. Á árunum 1953 og 1954 var verðlagið stöðugt og kaupmáttur launanna óbreyttur. Hækkunin á vísitölunni á s. l. ári var ekki erlendum áhrifum að kenna, heldur fyrst og fremst kauphækkunum og öðrum innlendum áhrifum. Þetta er augljós staðreynd, því að kauplag og verðlag fylgjast hér að, með þeim afleiðingum, að ekki er hægt að framleiða hér afurðir fyrir erlenda markaði og afla þess gjaldeyris, sem nauðsynlegt er, nema

með sérstökum og vaxandi stuðningi við útflutninginn.

Við athugun á innflutningsskýrslum s. l. árs kemur í ljós, að innflutningur erlendra vara er hærri en árið áður, og liggur það m. a. í því, að framkvæmdirnar í landinu eru meiri en nokkru sinni fyrr. Hannibal Valdimarsson og fleiri héldu því fram í umr. á mánudagskvöldið, að gjaldeyririnn væri þorrinn og óþarfur glysvarningur hefði verið fluttur inn á s. l. ári í stærri stíl en nokkru sinni áður. Slíkar fullyrðingar eru gripnar algerlega úr lausu lofti. Á s. l. árum hefur innflutningur óþarfavarnings farið minnkandi, en innflutningur nauðsynjavara hækkað hlutfallslega, eins og ég mun sanna með tölum.

Á árinu 1954 batnaði hagur bankanna við útlönd, enda þótt það væri fyrsta árið eftir að Marshallaðstoðinni lauk. Á árinu 1955 hefur hagur bankanna út á við versnað um rúmlega 111 millj. kr. Frá þessari upphæð má draga aukningu útflutningsbirgðanna, 93.6 millj. kr., eins og áður hefur verið á minnzt.

Ef staðreyndirnar eru látnar tala, er ljóst, að núverandi ríkisstj. hefur ekki sóað gjaldeyrinum, því að aðstaðan út á við er litlu lakari við s. l. áramót en þegar stjórnin tók við, ef reiknað er með útflutningsbirgðunum.

Af þessu má sjá, að fullyrðingar stjórnarandstöðunnar hafa ekki við rök að styðjast í þessu efni frekar en svo mörgum öðrum.

Innflutningur s. l. árs nam 1264 millj. kr., og hefur innflutningurinn á árinu 1955 þess vegna aukizt um meira en 100 millj. kr. Séu athugaðar innflutningsskýrslur ársins, kemur í ljós, að framleiðsluvörurnar hafa hækkað hlutfallslega, en neyzluvöruflokkurinn og óþarfavarningur, sem Hannibal Valdimarsson talaði um, hefur stórlækkað í hlutfalli við aðrar innflutningsvörur.

Árið 1950 voru framkvæmdavörur 31% af heildarinnflutningnum, en 1955 44%. 1950 voru neyzluvörur 35% af heildarinnflutningnum, en 1955 aðeins 31%.

Þetta sýnir ljóslega, hvernig framkvæmdavörurnar hafa aukizt hlutfallslega í innflutningnum, sem er eðlileg afleiðing af hinum miklu framkvæmdum, sem unnið er að á öllum sviðum. Neyzluvöruinnflutningurinn og óþarfaeyðsla hefur hins vegar lækkað hlutfallslega, og er það vissulega ánægjulegt, að eyðsla til miður nauðsynlegra hluta fer minnkandi, en það fjármagn, sem þjóðin ver í framkvæmdir, hefur stórum aukizt. Ég hygg, að flestir telji þetta hagstæða þróun og eðlilegt að gera greinarmun á því, hvort gjaldeyri þjóðarinnar er varið að mestu leyti í neyzluvöruinnflutning og eyðslu eða hvort stór hluti af gjaldeyrinum fer til kaupa á framkvæmdavörum, sem notaðar eru til þess að byggja upp atvinnulífið og gera það mögulegt að skapa varanleg verðmæti og bæta lífskjör almennings.

Eins og áður er að vikið, hefur gjaldeyrisaðstaða bankanna versnað á s. l. ári, en það er þó mun minna en ætla mætti með tilliti til þess, að innflutningur vegna hinna ýmsu framkvæmda hefur verið mjög mikill. Það er eðlilegt, að þessu sé þannig varið, þegar þess er gætt, að nú er unnið samkvæmt málefnasamningi ríkisstj. að ýmsum framkvæmdum á vegum ríkis, bæjar- og sveitarfélaga svo og einstaklinga, íbúðabyggingum o. fl. Hin miklu framkvæmdaáform ríkisstj. byggðust á því, að fjár til þeirra yrði aflað erlendis frá. Í ársbyrjun 1955 var gert ráð fyrir að taka lán erlendis í frjálsum gjaldeyri allt að 80 millj. kr. til að standa undir hinum ýmsu framkvæmdum og innflutningi erlendra efnivara. Gert var ráð fyrir að taka erlent lán vegna ræktunarsjóðs, en fjárþörf hans á árinu var á milli 40 og 50 millj. kr. Til fiskveiðasjóðs og raforkuframkvæmda var einnig áformað að taka erlent lán. En á árinu 1955 var ekkert erlent lán tekið í þessu skyni. Var því aðeins um tvennt að ræða, að draga úr framkvæmdunum, neita um gjaldeyrisyfirfærslur, eða að nota þann gjaldeyri, sem þjóðarbúið gat af hendi látið, til að halda hinum mörgu framkvæmdum áfram, sem fjöldi fólks bíður eftir og væntir að unnið verði að með fullum hraða.

Enginn hefur þó búizt við því, að þjóðarbúskapurinn væri það hagstæður, að unnt væri að taka gjaldeyri umfram hinar venjulegu þarfir til framkvæmdanna og greiða þær að fullu á hinu sama ári og hin kostnaðarsömu verk eru unnin. Enginn bóndi býr svo vel, að hann geti ráðizt í stórbyggingar og aðrar framkvæmdir og borgað þær að fullu með því, sem búið gefur af sér á því ári, sem húsið er byggt.

Vegna aukinna framleiðslutækja, sem ríkisstj. hefur aflað, og vaxandi framleiðslu þjóðarinnar hefur tekizt á s. l. ári að halda gefin loforð um allar þær framkvæmdir, sem ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa lofað og allt efni og annað, sem til þess hefur þurft, verið greitt. Þjóðin stendur ekki í vanskilum á erlendum vettvangi, og verður þá að segja, að afkoma s. l. árs sé viðunandi. Þá er ljóst, að framleiðslutæki þjóðarinnar eru nú það afkastamikil, að létt er að afla nauðsynlegs gjaldeyris fyrir venjulegum innflutningi neyzluvara og vara til venjulegrar fjárfestingar, ef tækin eru notuð og látin ganga truflunarlaust. En eins og áður er sagt, er innflutningur framkvæmdavara það mikill nú vegna mikillar fjárfestingar, að ekki er rétt að reikna með því, að framleiðsla þjóðarbúsins geti á þessu eða næsta ári greitt allan þann innflutning á sama tíma sem vörurnar eru notaðar. Þess vegna er nauðsynlegt, að fá erlent lánt á þessu ári með hagstæðum kjörum, til þess að rafvæðing og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir geti haldið áfram með þeim hraða, sem ætlað hefur verið.

Í tíð núverandi ríkisstj. hafa verið fluttir til landsins yfir 100 vélbátar af nýjustu gerð auk þeirra 30, sem byggðir hafa verið í landinu. Til þess hefur verið varið miklum gjaldeyri, sem þjóðin hefur ekki enn fengið greiddan nema að litlu leyti, en mun væntanlega fá fljótlega í aukinni framleiðslu og vaxandi afla.

Vélar til landbúnaðarins, efni til raforkuframkvæmda, símaframkvæmda, frystihúsabygginga og undirbúningur sementsverksmiðju og margs konar vélainnflutningur annar hefur kostað þjóðina mikinn gjaldeyri umfram það, sem áður hefur tíðkazt. Er vissulega ekki nema ánægjulegt til þess að vita, að þjóðin hefur eignazt verð-

mæti, sem hún nýtur góðs af ekki aðeins um stundarsakir, heldur til frambúðar.

Á s. l. ári var einnig flutt inn mikið af bifreiðum. Bifreiðainnflutningurinn byggðist á löggjöf, sem sett var af Alþingi til aðstoðar við togaraútgerðina. Innflutningur bifreiða hafði verið takmarkaður mörg undanfarin ár, og var því brýn nauðsyn að flytja inn mikið af bifreiðum, en innflutningurinn hefði orðið mun minni, ef áðurnefnd löggjöf hefði ekki lagt þá skyldu á hendur ríkisstj. að afla fjár til togaranna með innflutningi bifreiðanna.

Þess má geta, að ríkissjóður hagnaðist mikið á hinum mikla bifreiðainnflutningi, þar sem ýmsar bifreiðar eru hátt tollaðar auk togaragjaldsins. Mun ríkissjóður hafa fengið yfir 40 millj. kr. í tekjur vegna bifreiðainnflutningsins. Hinn mikli bifreiðainnflutningur gerði ekki aðeins kleift að halda togurunum úti á s. l. ári, heldur varð hann einnig til þess að gera ríkissjóði mögulegt að láta ræktunarsjóð, fiskveiðasjóð og húsbyggingasjóð fá tugi milljóna til ráðstöfunar, eins og þessir sjóðir þurftu nauðsynlega til þess að fullnægja hlutverki sínu.

Gera má ráð fyrir, að bifreiðainnflutningur verði lítill á þessu ári, og munu tekjur ríkissjóðs því minnka á þeim lið. Þess vegna fylgdu sjálfstæðismenn frv. því til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, sem nú hefur verið lögfest. Það er skylda ábyrgrar ríkisstj. að sjá hag ríkissjóðs vel borgið.

Augljóst er, hversu náið samband er á milli afkomu ríkissjóðs og innflutningsverzlunarinnar. Afkoma ríkissjóðs verður góð, ef mikið er flutt inn, og því betri sem meira er flutt inn af hátt tolluðum vörum. Eins og áður var að vikið, er gjaldeyrisaðstaðan þannig nú, að alla varfærni verður að viðhafa til þess að tryggja, að það verzlunarfrelsi, sem við búum við, renni ekki út í sandinn. Að því verður að vinna að auka viðskiptafrelsi til hagsbóta fyrir allan almenning í landinu, en það verður bezt gert með því að auka framleiðsluna, ekki aðeins í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, eins og nú hefur verið unnið að, þó að það sé vissulega mjög gott, heldur einnig á fleiri sviðum. Því fleiri stoðir, sem standa undir atvinnulífinu, því tryggara mun það verða.

Við Íslendingar erum svo heppnir að eiga hér á landi margs konar möguleika, sem við höfum ekki enn notað. Við höfum hin mörgu fallvötn, og við höfum jarðhita og möguleika til fjölbreyttari framleiðslu, fjölbreyttari atvinnuhátta, sérstaklega á sviði efnaiðnaðar. Verkefni næstu ára verður að nýta nokkuð af þessum möguleikum með því að fá erlent fjármagn og koma upp iðju, sem gefur mikið verðmæti í útflutningi, en krefst tiltölulega lítils vinnuafls. Við, sem erum fámennir, en gerum háar kröfur, þurfum sérstaklega að hafa þetta í huga. Ef menn gefa sér tíma til að gera sér grein fyrir því, hversu möguleikarnir eru miklir í landinu, þá mun svartsýnin og úrræðaleysið víkja.

Undanfarna mánuði hafa oft heyrzt hjáróma raddir, sem telja, að hér sé allt að fara í rúst, m. a. vegna þess, að fólkið hafi of mikla atvinnu, of miklar tekjur, að fjárfestingin og framkvæmdirnar í landinu séu allt of miklar. Ýmsir hafa kveðið hátt og heimtað aukið fjárfestingareftirlit, höft og bönn á athafnafrelsi manna. Þjóðin er athafnasöm og hefur trú á framtíðina. Þess vegna er það, að hún hefur ráðizt í dýrar framkvæmdir, sem kalla eftir fjármagni og vinnuafli. Hver vill draga úr því, að haldið verði áfram með rafvæðinguna eftir áætlun ríkisstj.? Hver vill hindra það, að lög um húsbyggingasjóð, sem ríkisstj. beitti sér fyrir á síðasta Alþingi, verði framkvæmd? Hver vill hindra það, að athafnasamt og dugandi fólk geti eignazt þak yfir höfuðið? Hver vill hindra það, að áfram verði haldið að vinna að símaframkvæmdum um landið allt? Hver vill láta hætta að vinna við sjálfvirku símastöðina í Reykjavík, sem kostar tugi milljóna króna, en skapar landssímanum öruggan starfsgrundvöll? Hver vill hindra, að haldið verði áfram byggingu sementsverksmiðjunnar og hafnargerð á Akranesi og víðar um land, eins og áformað er? Hver vill hindra, að haldið verði áfram með viðbótarbyggingu landsspítalans og fleiri sjúkrahúsa, sem nú eru í byggingu? Hver vill hindra, að haldið verði áfram að byggja frystihús og fiskiðjuver, sem þegar er byrjað á og áformað er að reisa? Hver vill hindra, að bændur haldi áfram að rækta jörðina, byggja íbúðarhús og peningshús og kaupa vélar til þess að létta störfin? Hver vill hindra, að haldið verði áfram uppbyggingu atvinnuveganna?

Ég býst við, að það, sem hér hefur verið nefnt, verði af flestum talið nauðsynlegt. En þetta er það, sem unnið er að á vegum ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga á öllu landinu. Að fjárfestingin sé of mikil, of ört kallað eftir framkvæmdum, má rétt vera. Fjárfestingin má ekki verða meiri en fjármagnsmyndunin er hverju sinni og erlendar lántökur. Sé lengra farið, getur hætta af því stafað, sem ýtir undir dýrtíðina og eykur verzlunarhallann. Sé rétt farið að, á fjárhagsmyndunin að vera réttur hemill á framkvæmdunum.

Bankarnir hafa verið ásakaðir um það að lána of mikið og ýta þannig undir fjárfestinguna. Bankarnir hafa mikið vald, og víst er það, að enginn byggir hús eða ræðst í framkvæmdir aðeins af því, að honum er frjálst að gera það. Það getur því aðeins orðið, að fjármagn sé til umráða til framkvæmdanna.

Í sambandi við fjárfestingarmálin er rétt að geta þess, að innflutningsskrifstofan hefur þau mál með höndum. Innflutningsskrifstofan heyrir undir alla ríkisstj., en ekki einstakt ráðuneyti. Innflutningsskrifstofunni stjórna tveir menn, sjálfstæðismaður og framsóknarmaður. Fjárfestingin í landinu er síður en svo frjáls. Það, sem frjálst er að byggja, eru peningshús í sveitum og íbúðir upp að 520 m³. Meðan fjárhagsráð starfaði, voru hinar svokölluðu smáíbúðir frjálsar upp að 340 m³. Samkvæmt upplýsingum innflutningsskrifstofunnar er meðalstærð þeirra íbúða, sem nú eru í byggingu, 362 m³, eða svipuð og frjálst var að byggja meðan fjárhagsráð starfaði. Í júlí 1955 voru í byggingu á öllu landinu 2068 íbúðir, þar af í Reykjavík 915, öðrum kaupstöðum 1040 og kauptúnum og sveitum 763. Meðalstærð er, eins og áður er sagt, á hverri íbúð

362 m³. Nokkuð hefur verið um það rætt, að einstaka menn byggi stórar hallir í skjóli þess byggingarfrelsis, sem veitt var með afnámi fjárhagsráðs. Rétt er að upplýsa, að á árinu 1955 hafa verið útgefin fjárfestingarleyfi af innflutningsskrifstofunni fyrir 33 íbúðum stærri en 520 m³. Hafa forstjórar innflutningsskrifstofunnar verið sammála um veitingu þessara leyfa og ríkisstj. hvergi komið þar nærri. Það er ugglaust rétt, að finna má dæmi þess, að fjárfestingarreglurnar hafi verið brotnar. Það átti sér einnig stað, meðan fjárhagsráð starfaði. Innflutningsskrifstofan hefur brýnt það fyrir byggingarnefndum, sem eftirlit eiga að hafa á hverjum stað, að fylgjast með því, að reglur innflutningsskrifstofunnar séu haldnar í sambandi við fjárfestinguna.

Um verðlagsmálin hefur nokkuð verið rætt við þessar umræður. Hafa fullyrðingar stjórnarandstöðunnar verið órökstuddar og ekki haft við neitt að styðjast. Það þarf engan að undra, þótt verðlag hafi nokkuð hækkað á s. l. ári, sérstaklega landbúnaðarvörur, lögum samkvæmt, ýmiss konar þjónusta samfara hækkandi kaupgjaldi hefur hækkað mest, en erlendar vörur hafa hækkað mjög lítið og sízt meira en eðlilegt er, miðað við breyttar aðstæður. Stjórnarandstæðingar heimta allsherjar verðlagseftirlit og hámarksákvæði í verðlagningu. Þetta hefur verið reynt hér og gefizt illa. Sýnilegt er, að stjórnarandstæðingar eru einnig hættir að trúa á þetta í framkvæmd, þótt þeir beri það fyrir sig í málflutningi sínum. Bezta sönnunin fyrir því, að stjórnarandstaðan telur verðlagseftirlit ekki einhlítt, er það, að þeir skammast yfir háu olíuverði, sem er og hefur verið undir verðlagsákvæðum. Þess ber að geta, að verðlagseftirlit er starfandi í landinu, að verðgæzlustjóri og skrifstofa hans fylgjast með verðlagningu og margar vörur eru undir verðlagsákvæðum.

Reynslan af verðlagseftirliti hefur reynzt í öðrum löndum svipuð því, sem hún hefur reynzt hér. Nágrannaþjóðirnar Danir og Svíar eru að afnema verðlagsákvæðin. Viðskiptamálaráðherra Svía, sem er Alþýðuflokksmaður, skipaði nefnd til þess að gera tillögur í verðlagsmálum. Álit nefndarinnar er, að verðlagseftirlit og verðlagsákvæði séu ekki til bóta. Væri ekki gott fyrir stjórnarandstæðinga að læra nokkuð af alþýðuflokksstjórnum nágrannalandanna? Mætti þá vera, að þeir gerðust raunhæfir og ábyrgir og hættu sínu öfga- og markleysistali. Stjórnarandstæðingar segja, að heildsalarnir séu afar slæmir. En ég spyr: Hvers vegna hafa menn viðskipti við þá, ef annars staðar er hægt að fá betri kjör? Hvers vegna ekki að gera ráðstafanir til þess að flytja inn vörurnar milliliðalaust og láta heildsalana ekki arðræna fólkið, eins og stjórnarandstaðan fullyrðir að allir geri? Hvers vegna verzla ekki Reykvíkingar við KRON í stærri stíl en verið hefur? Þar hlýtur verðlagið að vera lægra en hjá kaupmönnunum, því að tæplega verzlar KRON við heildsalana. Þetta ætti að nægja til þess að sanna, að heildsalarnir hljóta að deyja og missa viðskiptin við fólkið, ef þeir bjóða ekki sambærileg kjör og aðrir innflytjendur. Sannast hér eins og alltaf, þegar viðskiptamál eru rædd, að samkeppnin er nauðsynleg, að fólkið sjálft á að ráða því, hvar það verzlar, og að eina raunhæfa verðlagseftirlitið, sem að gagni kemur, er í höndum fólksins, þegar það hefur vöruvalið og getur keypt vöruna þar, sem verðið er hagstæðast.

Í sambandi við milliliðina, sem oft er talað um, vil ég minna á till. sjálfstæðismanna um rannsókn á milliliðagróðanum. Þessi till. verður væntanlega samþykkt á yfirstandandi Alþingi, og verður þá væntanlega gerð ýtarleg rannsókn á því, hvort milliliðagróðinn er óeðlilega mikill. Ég ætlast til, að ekki standi á stjórnarandstöðunni að ljá því lið, að sú rannsókn verði raunhæf.

Það er augljóst mál, að nokkrar verðhækkanir hljóta að verða á vissum vörum vegna laganna um framleiðslusjóð og tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. En fullyrða má, að sú hækkun verður mun minni en stjórnarandstæðingar hafa gefið í skyn, ef að því verður unnið að stöðva skrúfuganginn, sem stjórnarandstæðingar komu af stað með verkföllunum s. l. vor.

Í 18. gr. laganna um framleiðslusjóð er bannað að hækka vörubirgðir. Innflytjendur og smásalar eru skyldaðir til þess að senda verðgæzlunni alla verðútreikninga, til þess að verðgæzlan geti fylgzt með því, að verðlagið hækki ekki meira en nauðsynlegt er.

Þær hækkanir, sem nú eru fram undan, eru vegna afleiðinga verkfallsins á s. l. vori. Það verkfall var glæpur, ekki vegna þess, að krafa var gerð um kauphækkun, það hefði verið ánægjulegt að geta hækkað kaupið, ekki sízt við þá, sem lægst eru launaðir. Verkfallið var glæpur vegna þess, að það var tilræði við íslenzkt atvinnulíf, tilræði við alla landsmenn, hvaða störf sem þeir vinna. Kauphækkunin, sem fékkst vegna verkfallsins, var fölsk. Með kauphækkuninni fékk fólkið í greiðslu falska ávísun, sem engin verðmæti voru til fyrir. Þeir, sem komu verkfallinu á stað, vissu þetta fyrir fram. Þess vegna er nauðsynlegt, að verkamenn og launþegar minnist þessara manna, sem hafa braskað með hagsmuni almennings. Slíkir menn eiga engan trúnað að hafa. Verkfallið var sett á í því skyni að koma ríkisstj. frá völdum, en ekki til þess að bæta kjör fólksins. Á verkfallinu hafa allir tapað, hvar í stétt sem þeir standa. Þeir, sem settu skrúfuna á stað á s. l. ári, eftir að jafnvægi hafði verið á þjóðarbúskapnum, bera þunga ábyrgð. Nauðsynlegt er að hindra það, að verra hljótist af en orðið er. Þess vegna skal það vera verkefni næstu mánaða að hindra frekari skrúfugang dýrtíðarinnar, að vinna að því með festu, að dýrtíðin verði stöðvuð, að gera markvissar tilraunir til þess að færa dýrtíðina niður. Verkfallsbraskararnir, sem ég áðan nefndi, og skoðanabræður þeirra hér á Alþingi vilja oft láta í það skína, að þeir séu réttkjörnir til að tala fyrir alþýðu þessa lands. En ég spyr: Hvað er alþýða á Íslandi? Er það ekki þjóðin öll? Er ekki þessi fámenni hópur Íslendinga allur af sama stofni? Er ekki þjóðin öll í sama báti og hagsmunir allra nátengdir, hvaða störf sem þeir vinna? Það er enginn vafi á því, að það er nauðsynlegt fyrir okkar fámennu þjóð að vinna gegn þeirri sundrungu, sem niðurrifs-

öflin stöðugt vinna að, þeirri sundrungu, hatri og tortryggni, sem þessir menn stöðugt ala á milli hinna ýmsu stétta þjóðfélagsins.

Stjórnarandstaðan minntist oft á það á mánudagskvöldið og Gylfi Þ. Gíslason hér áðan, að Sjálfstfl. hafi borið ábyrgð á stjórn landsins s. l. 15 ár. Mér þykir vænt um, að þetta er rifjað upp, því að það er sannleikurinn. Á s. l. 15 árum hefur Sjálfstfl. átt stóran þátt í þróunar- og framfaramálum þessarar þjóðar. Það er á þessu tímabili, sem þjóðin hefur byggt upp atvinnuvegi sína til lands og sjávar. Það er á þessu tímabili, sem lífskjör fólksins í landinu hafa verið stórum bætt frá því, sem áður var. Það er á þessu tímabili, sem þjóðin hefur tekið öll sín mál í eigin hendur. Það er á þessu tímabili, sem ýmiss konar löggjöf hefur verið samin til tryggingar og hjálpar þeim, sem minni máttar eru. Það er á þessu tímabili, sem framfarirnar hafa orðið það stórstígar í landinu, að erlendir menn, sem hingað koma nú og þekktu landið, eins og það var áður, trúa naumast sínum eigin augum, hversu breytingarnar hafa orðið stórstígar og miklar framfarir á þessu 15 ára tímabili. Þótt að ýmsu megi finna og kjör manna hér á landi séu nokkuð misjöfn, má þó fullyrða, að almenningi líður betur hér og býr við jafnari lífskjör en gerist í nokkru öðru landi.

Sjálfstfl. getur verið ánægður með, að þjóðin hefur verið minnt á, að hann hefur haft mikil áhrif á íslenzk stjórnmál síðustu árin. Sjálfstfl. er flokkur allra stétta, flokkur bænda, flokkur sjómanna, verkamanna, iðnaðarmanna, flokkur íslenzkra hagsmuna.

Áheyrendur góðir, kynnið ykkur stjórnmála- og þingsögu síðustu ára. Þá mun vera auðvelt að skipa sér í rétta fylkingu til baráttu fyrir góðum málstað og að vinna að bættum lífskjörum og tryggja pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt frelsi þjóðarinnar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Við hæstv. viðskmrh. vil ég segja út af ræðu hans áðan: Hver hefur hindrað byggingu fiskiðjuvera, eins og á Akureyri og víðar? Hver hefur í 7 ár hindrað, að nokkur nýr togari væri keyptur til landsins, nema Sjálfstfl.? Hæstv. viðskmrh. er bezt að tala minna. — Um verzlunina vil ég spyrja hann: Vill hann upplýsa, hve há lán heildsalarnir í Reykjavík hafa nú hjá bönkunum? Ég skal upplýsa hann um, að lánin til sérréttindamannanna í verzluninni jukust um 74 millj. kr. árið 1953, en KRON fékk ekki einn einasta eyri af því.

Við hæstv. viðskmrh. vil ég segja út af því, sem hann sagði um kaupgjaldið: Kaupmáttur tímakaups verkamanna er lægri en hann var fyrir 8 árum. Húsaleigan hefur fyrir aðgerðir íhaldsins tífaldazt á áratug, en kaupið aðeins tvöfaldazt. Og svo dirfist þessi hæstv. ráðh. að halda því fram, að kaupið sé orsök dýrtíðarinnar, kaupið, sem ekki hefur fylzt með dýrtíðinni, sem stjórnarvöldin hafa skipulagt.

Um ræðu Ólafs Thors, hæstv. forsrh., í fyrrakvöld er aðeins eitt að segja. Yfirleitt er Ólafur Thors ágætur leikari. Hann umhverfir venjulega hugtökunum og sannleikanum í ræðum sínum með sömu leikni og Kveldúlfur lætur milljónirnar hverfa úr Landsbankanum. En í fyrrakvöld brást honum bogalistin. Hann ætlaði að sanna, að þegar stjórn hans rændi 7000 kr. af árstekjum hverrar fjölskyldu í landinu, væri hann bara að gera þetta af einskærri umhyggju fyrir fátæka fólkinu. Þar skaut hann yfir markið. Sjálfstfl. ætlar að gera það fyrir fátæklingana, fyrir alþýðufjölskyldurnar, að ræna fimmtungnum af kaupi þeirra fyrir 8 stunda vinnu árlangt. En Sjálfstfl. ætlar að sjá um að hlífa vesalings fátæku olíufélögunum, aumingja hertogunum, sem búa líklega í bröggunum, og bláfátæku bönkunum, sem af engu mega sjá.

Ólafur Thors afhjúpaði innsta eðli Sjálfstfl. áþreifanlega í fyrrakvöld. Hann varð ókvæða við, þegar komið var við kviku flokksins, þegar Sósfl. lagði til að taka hluta af gróða einokunarauðvaldsins, láta hina auðugu borga. Ólafur fann það sjálfur, að hann skaut yfir markið. Hann fann, að hann var að sparka þeim, sem hingað til hafa fylgt Sjálfstfl., frá honum, opna augu þeirra fyrir spillingu hans og hræsni. Þess vegna ætlaði hann að reyna að tengja sér kjósendurna aftur með öðru en rökunum. Hann lauk ræðu sinni með því að fullvissa þá um, að Sjálfstfl. verði alltaf við völd, það sé ekki hægt að stjórna án hans. M. ö. o.: Þrautalending Ólafs Thors var að segja við landslýðinn eins og viss burgeis á stríðsárunum: Ég hef völdin og peningana, fylgið þið mér. — Og þetta er þá allt, sem Sjálfstfl. nú byggir vonir sínar um völdin á: Undirgefni, auðmýkt Íslendinga undir þann, sem hefur völd, undir þann, sem hefur auð. En hvað þessir menn þekkja Íslendinga lítið, þó að þeir hafi lifað á þeim og arðrænt þá í áratugi!

Um þetta vil ég aðeins segja eitt: Það er ekkert auðveldara en að stjórna landinu án þess einokunarauðvalds, sem kallar sig Sjálfstfl. Verkalýður og framleiðslustéttir geta tekið höndum saman og losað atvinnulífið og alþýðuna við þann afætulýð, sem er að éta Ísland út á húsganginn, þá eyðslustétt, sem tortímir því, sem hin vinnandi stétt skapar, þann ameríska undirlægjulýð, sem er að glata íslenzku sjálfstæði og stolti. Það er ekki hægt að stjórna Íslandi án verkalýðsins. Það sannar óstjórn og hjaðningavíg undanfarinna ára. En það er ekki aðeins hægt að stjórna landinu án einokunarauðvalds Sjálfstfl., heldur er hitt sannleikurinn, að þá verður Íslandi bezt stjórnað, ef því er stjórnað án einokunarauðvaldsins og gegn vilja þess.

Hvað er það, sem gerzt hefur hér á Alþ. nú þessa dagana? Það, sem hefur gerzt, er, að einokunarauðvald Reykjavíkur hefur sagt alþýðu Íslands, verkalýð og millistéttum, stríð á hendur, að afætuvaldið hefur sagt atvinnulífinu stríð á hendur, fjármálavaldið framleiðslustarfinu. Hvernig stendur á því, að hæstv. ráðh. Ólafi Thors og Eysteini Jónssyni er svona umhugað um einokunarauðvaldið, sem græðir hundruð milljóna króna, að það sé ekkert látið borga, en alþýðan, sem skapar öll verðmætin og býr við skuldirnar og dýrtíð stjórnarvaldanna, sé látin borga allt?

Það stendur þannig á því, að gróðafyrirtæki einokunarauðvaldsins eru orðin raunveruleg

einkafyrirtæki stjórnarflokkanna. Landsbankinn og Útvegsbankinn eru orðnir fjölskyldufyrirtæki Sjálfstfl. Og olíuhringarnir, hermangarafyrirtækin, skipafélögin, allt eru þetta helmingaskiptafélög íhalds og Framsóknar, sem mjólka gæðingum þeirra milljónir, kosningasjóðum þeirra hundruð þúsunda króna, en safna í hít einokunarauðvaldsins hundruðum milljóna króna, sem alþýðu Íslands, verkamenn, bændur, sjómenn og millistéttarfólk, vantar til að lifa sómasamlegu lífi og vera bjargálna.

Þeir hæstv. ráðherrar, Ólafur Thors og Eysteinn Jónsson, sögðu í fyrrakvöld, að þau græddu ekki mikið þessi félög, t. d. olíuhringarnir. Það söng öðruvísi í þessum herrum, þessum ráðleysisherrum, fyrir síðustu kosningar. Það syngur yfirleitt öðruvísi í þeim fyrir kosningar, en þegar þeir eru að níðast á alþýðu hér á Alþingi. Fyrir síðustu kosningar afhjúpuðu þeir í blöðum sínum, hvílíkan fantaskap þessir olíuhringar sýndu, hvernig þeir féflettu fólkið, það næmi milljónum króna, sem þeir ætluðu að græða jafnvel stundum á einum farmi, sögðu þeir þá. En eftir kosningar féll allt í ljúfa löð. Íhald og Framsókn komu sér saman um að arðræna fólkið til helminga og láta blöðin þegja um fantaskap hvor annars.

Eða ætla þeir, hæstv. ráðherrar, Eysteinn Jónsson og Ólafur Thors, að reyna að telja landslýðnum trú um, að hermangarafélögin þeirra geti ekki borgað? Nei, góðir hálsar. Hæstv. ráðherrar, farið þið sjálfir suður á Keflavíkurflugvöll, spyrjið þið Ameríkanana ykkar, hvort hertogarnir ykkar græði ekki. Amerísku hershöfðingjarnir, verndarar ykkar, geta ekki opnað sinn munn við blöðin án þess að reyna að kitla lægstu hvatir Íslendinga með því að tala um, að a. m. k. vissir Íslendingar græði og græði vel á hersetunni. Og eru þeir máske ekki skattfrjálsir núna, verktakarnir ykkar, eins og flestöll önnur fyrirtæki einokunarauðvaldsins?

Nei, spurningin, sem liggur fyrir hverjum einasta vinnandi manni, verkamanni, sjómanni, bónda og búalýð, starfsmönnum og millistéttafólki, hvar sem er, er þessi: Vilt þú, alþýðumaður, með 30—50 þús. kr. árstekjur til að framfleyta 5 manna fjölskyldu, láta taka af þér 7000 kr. á ári í nýjum nefsköttum til viðbótar öllum þeim sköttum, útsvörum og álögum, sem þú verður að greiða nú? Það er þetta, sem Sjálfstfl. og Framsfl. skammta þér. Eða viltu láta einokunarauðvald Reykjavíkur, sem hefur sölsað undir sig afrakstur vinnu þinnar á undanförnum árum, borga þetta fyrir þig? Það er það, sem Sósfl. lagði til. Svaraðu því helzt strax, en ekki síðar en í næstu kosningum, og mundu það þá. Orð og gerðir Sjálfstfl. þessa dagana á Alþ. ættu að nægja honum til dómsáfellis, jafnvel hjá þeim, sem ekki myndu lengra aftur.

Það er þó rétt út af lofsorðum hæstv. ráðh. Ingólfs Jónssonar um Sjálfstfl. hérna áðan að rifja upp, hvernig hann hefur hugsað og hugsar um, að lífskjör verkamanna eigi að vera. Það er sérstaklega þrennt í fari þess flokks, sem vert er að festist í huga íslenzkrar alþýðu.

Í fyrsta lagi: Sjálfstfl. álítur það réttlátt og mátulegt, að verkamaður með 800 kr. vikukaupi bæti á sig 7 þús. kr. drápsklyfjum, nýjum álögum, samþykktum þessa dagana. Áður er Sjálfstfl. búinn að koma húsaleigu þessa verkamanns upp í 1500—2000 kr. með sínu frjálsa framtaki. Og að áliti Sjálfstfl. á öll ógæfa þjóðfélagsins að vera því að kenna, að þessi verkamaður skuli hafa 800 kr. vikukaup. Ólafur Thors sagði í gær, að þjóðin yrði að sætta sig við það kaup, sem atvinnuvegirnir þola. Hæstv. forsrh. veit, að togarar og bátar þola ekkert kaup. Sjálfstfl. álítur þess vegna, að sjómenn eigi ekkert kaup að hafa, þræla kauplaust og sætta sig við það, meðan einokunarauðvaldið sópar til sín öllum þeim verðmætum, sem sjómennirnir draga úr sjónum, og safnar hundruðum milljóna króna gróða innanlands og utan. Þessa kveðju til sjómanna mun hæstv. forsrh. ekki senda á sjómannadaginn, en það má minnast hennar samt. Að áliti Sjálfstfl. er allt í lagi með óhófslíf hinnar nýríku burgeisastéttar í Reykjavík. Það eru hátt á annað hundrað milljónamæringar í Reykjavík, og það eru ekki verkamenn. Lúxushallir, lúxusbílar, einn til tveir á fjölskyldu, það er allt í lagi að áliti Sjálfstfl. Þó að þessir menn lifi eins og þeir viti ekki aura sinna ráð, hefur Sjálfstfl. ekkert við það að athuga. Þetta eru hans útvöldu. Fyrir þeim og þeirra eyðslu á verkalýðurinn að þræla, og vei honum, ef hann heimtar sómasamlegt kaup, þá er gengislækkunarsvipa Ólafs Thors á lofti.

Í öðru lagi: Hvaða lífskjör eru það þá, sem Sjálfstfl. álítur verkalýðnum mátuleg og réttlát? Við skulum rifja það upp. Ólafur Thors sagði í umr. um bjargráðin í Nd., að togararnir þyrftu ekki að veiða karfa, það yrði bara að ná samkomulagi við Breta um að aflétta löndunarbanninu. Það veit hver maður, hvað þessi yfirlýsing þýðir, enda er hún þegar staðfest í þskj. af stjórnarflokkunum. Það á að svíkja í landhelgismálunum. Það á að falla frá þeirri lífsnauðsyn þjóðar vorrar að stækka landhelgina nú þegar. Það er eins og það sé aðaláhugamál Sjálfstfl. að svíkja einmitt í sjálfstæðismálum þjóðarinnar. Áður var hann búinn að afhenda Ísland Bandaríkjunum sem herstöð þvert ofan í öll heit. Nú á að gefast upp fyrir Bretum og falla frá stækkun landhelginnar. Þeir segja auðvitað: til bráðabirgða. En hvenær hafa ekki allar bráðabirgðaaðgerðir þessara herra verið framlengdar endalaust? Þjóðin þarf að rísa upp til baráttu fyrir stækkun landhelginnar og það þýðir: fyrir minnkun Sjálfstfl. og Framsóknar. En Sjálfstfl. ætlar sér að slá tvær flugur í einu höggi með því að svíkja í landhelgismálinu. Það á þar með ekki aðeins að svíkja í einu stærsta sjálfstæðismáli þjóðarinnar, sem er grundvöllur efnahagslífs hennar, það á líka að reka togarana á ísfisk og þar með líka skapa atvinnuleysi um allt land. Og hvað álítur Sjálfstfl. mátuleg kjör handa verkalýðnum þegar atvinnuleysi er? Árið 1932 var atvinnuleysi hér í Reykjavík. Þá höfðu verkamenn kr. 1.36 um tímann, og þorri þeirra hafði aðeins vinnu fjórðu hverja viku, atvinnubótavinnu. Og það var hungur á heimilum verkamanna þá. Fannst Sjálfstfl. þetta slæm kjör? Nei, honum fannst kaupið of hátt. Miðstjórn Sjálfstfl. ákvað, að það skyldi lækka kaupið um þriðjung.

Þetta er það, sem Sjálfstfl. skammtar verkalýðnum, þegar hann heldur sig hafa völdin til þess. Þetta var það, sem leiddi til átakanna 9. nóv. 1932. En það er vert fyrir alla alþýðu að muna þetta. Þá sýndi réttlæti Sjálfstfl. sig í allri sinni dýrð. Þá vísuðu verkamenn því réttlæti frá sér.

Í þriðja lagi: Sjálfstfl. heimtar, að til þess að viðhalda þeirri kaupkúgun og því atvinnuleysi, sem hann telur mátulegt handa verkalýðnum, sé komið upp hervaldi, Heimdellingaher. Reykvísk alþýða hefur séð framan í slíkt hvítlið íhaldsins fyrr, og dómur hennar er eins og dómur allrar íslenzku þjóðarinnar verður. Alþýðan skal sjá um, að íslenzku þjóðfélagi verði stjórnað með því réttlæti og þeirri mannúð, að úr engum deilum verði skorið með hervaldi og ofbeldi. Allar vonir íhaldsins um alræði braskaranna, stutt hervaldi Heimdellinga, skulu brotna á þeirri einingu, er íslenzk alþýðusamtök skapa, á því friðsamlega samstarfi, er þau munu koma á við allar framleiðslustéttir Íslands.

Reykvísk alþýða þekkir því af dýrkeyptri reynslu innræti íhaldsins. En hvað ætlast það nú fyrir? Það er einokunarauðvaldið í Reykjavík, sem fremur það rán á almenningi, sem nú var rætt í þinginu. Þetta einokunarvald notar ríkisvaldið sem ránstæki sitt, banka þjóðarinnar sem fjölskyldufyrirtæki, sparifé barnanna sem eyðslueyri sinn, Sjálfstfl. sem ræningjaflokk sinn og Framsókn sem fótþurrku sína, náttúrlega hálýðræðislega fótþurrku sína. Þetta einokunarauðvald krefst nú æ háværar þess, sem Framsókn á augnablikum iðrunar og ótta kallar alræði braskaranna. Og ofstækisfyllstu fulltrúar þess með nazistaklíkuna í fararbroddi heimta nú æ harðvítugar yfirstéttarher, vígbúinn gegn alþýðu landsins, að suður-amerískum hætti. En einokunarauðvaldið veit, að ránslögin, sem það lét samþykkja á Alþingi í gær, eru aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Það veit, að verkalýðssamtökin hafa vald til þess að hrinda þessum álögum af alþýðu, og þau hafa sýnt, að þau hafa íslenzkt hugrekki til að beita þeim samtakamætti sínum. Auðvaldið hefur því þegar undirbúið hernaðaráætlun sína gegn alþýðunni, og það er lífsnauðsyn, að öll íslenzk verkalýðssamtök og allar alþýðustéttir landsins geri sér alveg ljósar þær fyrirætlanir þess. Á því veltur velferð íslenzkrar alþýðu næstu ár og áratugi.

Einokunarauðvaldið hefur þegar ákveðið gengislækkun og kaupbindingu, lögskipun á kaupi verkalýðs og annarra launþega. Þessar fyrirætlanir er þegar að finna í leyniplöggum hagfræðinganefndarinnar, eins og hæstv. forsrh. óvart varð að viðurkenna á fundi Nd. á laugardag. En svo ægilegar ráðstafanir þora flokkar einokunarauðvaldsins ekki að gera fyrir kosningar. Þegar slík níðingsverk á að vinna, finnst þeim vissara að hafa kosningar að baki, og í kosningum verða flokkar einokunarauðvaldsins að vera í hárinu hvor við annan, lofa alþýðu öllu fögru og svíkja það ekki fyrr en eftir kosningar.

Hæstv. forsrh. sagði í gær: Við vissar aðstæður er gengislækkun bezta úrræðið. — Og hverjar eru þessar vissu aðstæður? Reynslan sýnir okkur það. Við hvaða aðstæður var gengið fellt síðast, árið 1950? Eftir kosningarnar 1949. Ólafur Thors sýnir okkur því sjálfur, hvað í vændum er. Þess vegna veltur nú framtíð verkalýðshreyfingarinnar á því, að hún haldi vöku sinni í gerningahríð þeirra blekkinga, er í hönd fara, og sé minnug biturrar reynslu úr baráttu síðustu 20 ára.

Ég hef nú setið hér á Alþingi í 19 ár sem fulltrúi reykvískrar alþýðu og haft tækifæri til þess að fylgjast með þeim gráa leik, sem flokkar auðvaldsins hafa leikið gagnvart alþýðu, þegar þeir þóttust óhultir fyrir dómi hennar, m. ö. o. höfðu kosningar að baki. Ég skal nú, ekki sízt með tilliti til ræðu hv. 1. landsk., próf. Gylfa Þ. Gíslasonar, reyna að rifja upp nokkuð af reynslunni frá undanförnum árum, sýna nokkur dæmi um, hve róttækt var lofað fyrir kosningar og hve hörmulega er farið að á eftir um gengislækkun og kaupbindingu.

Í kosningunum 1937 lofuðu Framsókn og Alþfl. öllu fögru um baráttu fyrir vinnandi stéttir landsins gegn breiðfylkingu íhaldsins. Eftir kosningarnar 1939 mynduðu Framsókn og Alþfl. þjóðstjórnina alræmdu með íhaldinu til þess að framkvæma gengislækkun og kaupbindingu.

Í kosningum ársins 1942 var Sósfl. svo sterkur, er hann þrefaldaði þingmannatölu sína, að enginn hinna flokkanna þorði að mynda stjórn gegn alþýðunni eftir þær kosningar, heldur var þvert á móti. 1944 var mynduð nýsköpunarstjórnin, er setti flest af þeim mestu umbótalögum, sem sett hafa verið á síðasta áratug.

Í kosningunum 1946 var lofað róttæku að vanda, en nú stóð Sósfl. í stað, og eftir kosningarnar, á árinu 1947, þorðu Framsókn og Alþfl. að mynda stjórn með íhaldinu, stjórn, er batt vísitöluna, lögbauð kauplækkun og ýmist afnam eða rýrði stórum umbótalöggjöf nýsköpunartímans.

Í kosningunum 1949 var enn lofað vinstri stjórn eftir kosningar. En eftir kosningarnar myndaði Framsókn stjórn með íhaldinu, stjórnina, sem felldi gengið 1950 og skipulagði í þjónustu braskaranna alla þá herferð gegn hagsmunum almennings, sem síðan hefur látlaust dunið yfir.

Í öllum þessum kosningum hafa vinstri menn Alþfl. og Framsóknar, allt það heiðarlega og góða fólk, sem þessum flokkum fylgir, fengið að vinna og hamast í kosningunum í krafti eldmóðs síns og trúar á kosningaloforðin, en eftir kosningarnar hefur svo þessum vinstri mönnum verið vikið til hliðar, jafnvel reknir úr flokkunum, og hægri mennirnir hafa tekið við stýrinu og stjórninni. Öll alþýða, allir vinstri menn, hvar í flokki sem þeir standa, þurfa að vera minnugir þessarar reynslu. Nú verður að gera ráðstafanir, sem komi í veg fyrir, að nokkuð slíkt geti endurtekið sig sem gerzt hefur eftir kosningar í síðustu 20 ár, með einni undantekningu.

Eftir þennan ljóta leik, sem einokunarauðvaldið lék hér á Alþingi í gær, er það lagði 230 millj. kr. skatt á þjóðina, 7000 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu, á nú alþýðan næsta leikinn. Og þótt auðvald Reykjavíkur sé sterkt og illvígt, þá er íslenzk alþýða margfalt sterkari. Það sýndi hún í verkföllunum í vor. Alþýðan á næsta leikinn, og hún á góðan leik. Verkföllin eru ekki einhlít, þótt þau séu oft eina úrræðið, sem al-

þýðunni stendur til boða. Verkföllin eru góð til að skáka einokunarauðvaldinu með, en það getur orðið þráskák úr því. En alþýðan á leik til að máta einokunarauðvaldið, svipta braskara Sjálfstfl. og ránstæki þeirra ríkisvaldinu, og sá leikur er pólitísk eining alþýðunnar á Alþingi og í kosningum. Það er næsti leikur íslenzkrar alþýðu. Alþýðusamband Íslands, voldugasta samtakaheild, sem íslenzk alþýða hefur nokkru sinni átt, hefur krafizt einingar allra andstæðinga íhaldsins. Og verkalýðssamtökin um gervallt landið hafa tekið undir. Stjórn Alþýðusambands Íslands hefur í tillögum sínum boðið bændum og öllum millistéttum, öllu vinnandi fólki, sætt og samlyndi í stað sundurlyndisins, öllum atvinnurekendum í íslenzku framleiðslulífi vinnufrið á grundvelli réttlætis og samstarf á grundvelli stórhuga framfara atvinnulífsins í stað eyðandi hjaðningavíga.

Stjórn Alþýðusambands Íslands hefur boðið öllum andstöðuflokkum íhaldsins samstarf um myndun vinstri ríkisstj. Alþýðusamband Íslands hefur, í nafni þeirra 28 þúsund verkamanna og verkakvenna, sem skapa auð þessa lands, sagt við þessa flokka: Sameinizt. Leggið til hliðar allt, sem ykkur skilur, og takið höndum saman, þegar þjóðarheill krefst þess.

Það er oft talað nú um hættuna á Sturlungaöld, á hjaðningavígum, sem eyða þjóð vorri og tortíma þjóðfélagi voru, sjálfstæði þess og lýðræði. En við eigum eitt, sem þjóð vora vantaði á Sturlungaöld. Það vantaði ekki, að almúginn vildi frelsa Ísland 1262, þegar hann bauðst til þess að leggja fram fé í eitt skipti fyrir öll til að kaupa af sér Hákon konung. En alþýðuna vantaði samtök, forustu, myndugleik til þess að breyta sem sá, er valdið hafði. Hún hafði glatað því í hendur stórhöfðingja, er settu sína hagsmuni ofar almenningshag og þjóðarheill. En nú á íslenzk alþýða sín samtök, sitt volduga samband, sína flokka, sem hún hefur skapað til að þjóna sínum málstað, en ekki til að drottna yfir sér, því síður til að sundra sér á úrslitastund. Þess vegna hefur einingarorð Alþýðusambands Íslands nú orðið boðorð íslenzkrar alþýðu til sjávar og sveita. Ef einhver er sá, fylgismaður eða foringi, sem ekki hlýðir þessu einingarboðorði, þessu neyðarkalli aðþrengds almúga á örlagastund, þá dæmir hann sjálfan sig úr leik. Ef einhverjir eru þeir foringjar, viðutan eins og prófessorar stundum, sem halda, að þeir geti reiknað með fólkinu eins og peðum, sem hægt sé að tefla fram og fórna á víxl, þá vita þeir ekki, hvað er að gerast í hugum og hjörtum alþýðunnar um allt land. Slíkir reikningsmeistarar verða því utan við lífið, verða skildir eftir í sínum fílabeinsturni fávizkunnar, þegar vinnandi fólkið hönd í hönd ryður brautina fram til sigurs eftir boðorði Stephans G.:

„Lýður, bið ei lausnarans,
leys þig sjálfur. Þínu eirðu.
Oft voru fjötrar foringjans,
fastast sem að að þér reyrðu."

En eining alþýðunnar verður sköpuð. Hún er að skapast. Engar kreddur né hleypidómar, engir sérhagsmunir né flokksofríki munu megna að hindra slíkt.

Sósfl. hefur þegar samþykkt tillögur Alþýðusambandsstjórnarinnar. Sósfl. hefur enga sérhagsmuni, er skilja hann frá íslenzkri alþýðu. Þjóðvarnarflokkurinn mun þegar hafa lýst samþykki sínu í aðalatriðum við sömu tillögur. Alþýðuflokkurinn mun á endanum koma með. Vinstri menn Alþfl., þeir sem hafa verkalýðsfjöldann að bakhjarli, hafa þegar viturlega og drengilega tekið forustuna ásamt félögum þeirra úr Sósfl. um að skapa pólitíska einingu íslenzkrar alþýðu og hlotið ofsóknir og brottrekstra fyrir. Og þessum vinstri mönnum Alþfl. vex nú ásmegin um allt land við þau svipuhögg, sem Sjálfstfl. og Framsókn láta dynja á herðum alþýðu þessa dagana. Og í Framsfl. er þegar hafin uppreisn. Vinstri menn flokksins, sem vilja samstarf allra vinstri afla, eru þegar ráðandi í veigamiklum félögum flokksins, og eftir hin síðustu og verstu tíðindi mun ólgan í Framsókn vaxa um allan helming. Þeir bændur og búalið, sem fyrir 30 árum hófu flokk sinn til framsóknar undir einkunnarorðinu: Allt er betra en íhaldið — munu ekki láta neinar grýlur fæla sig frá því að taka höndum saman við aðra vinnandi menn til sjávar og sveita gegn því vellauðuga, valdagíruga einokunarauðvaldi Reykjavíkur, sem er margfalt hættulegra en hinn gamaldags Íhaldsflokkur Jóns Þorlákssonar var. Og í Sjálfstfl. brakar nú og brestur. Jafnvel hér inni í þingsölum flokkseinræðis og handjárna rís einn heiðarlegasti þm. Sjálfstfl. upp og segir um bjargráðin, að hann muni neyðast til að greiða atkv. með þeim, hann muni dragnast til að fylgja stjórninni. Og þegar sálarástandið er slíkt hér, þá geta menn gert sér í hugarlund, hvernig það muni vera hjá fólkinu.

Verkamenn, bændur, smáatvinnurekendur, sem fylgt hafa Sjálfstfl. fram til þessa, menniruir, sem þrælað hafa baki brotnu fyrir húsi sínu, fyrir einhverju fyrirtæki sínu, fyrir lífsafkomu sinni, hvað munu þeir segja um Ólafsgjöldin? Þetta fólk segir: Nú er komið nóg — Þetta fólk, mun ekki dragnast með. Það mun rísa upp. Það mun segja við auðjarla Reykjavíkur um manaskæða ógæfuþyrði þá, sem einokunarauðvald Sjálfstfl. nú vill láta alþýðuna bera, líkt og Íslendingurinn í Brjánsbardaga sagði við jarlinn forðum: „Ber þú sjálfur fjanda þinn." Og þegar það hefur verið sagt, er þess ekki langt að bíða, að auðjarlinn falli.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Góðir hlustendur, fjær og nær. Ég vil leyfa mér að gleðjast yfir því mikla sólskini, sem var í niðurlagi ræðu hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, en það leyndi sér ekki, að hann taldist vera sú mikla hæna, sem mundi breiða sig yfir alla þjóðina með sína kommúnistakenningu nú á næstu mánuðum. Á annan hátt var ekki hægt að skilja allt það sólskin og alla þá gleði, sem lýsti sér í því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um þetta atriði, og ég samgleðst honum hjartanlega, hvernig svo sem efndirnar kunna nú að verða.

Í umræðum slíkum sem þessum vill það tíðast við brenna, að stjórnarandstaðan skrumskælir staðreyndir og færir úr lagi rétt rök sér og sínum hagsmunum til framdráttar, að því er hún

hyggur a. m. k. Og ekki brugðu stjórnarandstæðingar þeirri venju í umræðum þeim, sem hér fóru fram í fyrrakvöld. Hitt mun sannara, að þeir hafi aldrei lengra gengið í þá átt að rangfæra staðreyndir og falsa frásagnir, þannig að sú mynd, sem þeir drógu upp af stjórnmálaástandinu, var algerlega og háskalega röng. Ég segi: háskalega röng, því að það er háskalegt að villa um fyrir almenningi í mikilsverðum málum. Og það stefnir til upplausnar, niðurrifs, eins og ljós dæmi sanna. En hér verður að treysta því enn sem fyrr, að hinir almennu borgarar hafi þroska og manndóm til þess að gera sér grein fyrir því, hvað rétt sé, en láti ekki blekkjast af rangfærslum og útúrsnúningum.

Að sjálfsögðu gengu kommúnistar fram fyrir skjöldu um allar staðleysur. Hví skyldu þeir nota rétt rök, borgaraleg rök? Þeirra hlutverk er allt annað. Samkvæmt eðli sínu og fyrirmælum yfirboðara sinna eiga þeir að rífa niður, beita sýndarrökum, villa um í því skyni að ríða þjóðfélaginu á slig, hvenær sem það er hægt. Þetta eru menn farnir að þekkja eða ættu að vera það a. m. k. En alltaf virðast þeir, þ. e. a. s. kommúnistarnir, treysta því, að einhverjir ljái eyru að boðskap þeirra. Hins ætti að mega vænta af þeim flokkum, sem kenna sig við lýðræði, að þeir geri sér ljósa þá ábyrgð, sem stjórnarandstöðu fylgir. En ekki var því nú að heilsa við umræðurnar í fyrrakvöld. Þeir virtust sækja fram við hlið hv. 2. landsk. þm., Brynjólfs Bjarnasonar, undir hinum austrænu merkjum.

Uppistaðan í ræðum stjórnarandstöðunnar allrar var í stuttu máli þessi: Þær tvær ríkisstj., sem farið hafa með völd um s. l. 6 ár, hafa ekkert vel gert þjóðinni til handa. Ferill þeirra er samfelldur hrakfallabálkur, svo að nú er allt komið í strand, virðist ástæðan helzt vera heimska og illvilji jöfnum höndum. Þessum augljósa sleggjudómi var varpað fram í skjóli hinna gífurlegu erfiðleika, sem sjávarútvegurinn og þar með útflutningsverzlun þjóðarinnar hefur átt við að etja um undanfarin ár. Þessir erfiðleikar eru þannig vaxnir, að vissulega þarf samstillt átök allrar þjóðarinnar til þess að sigrast á þeim. Mér virðist því, að mjög skorti þjóðhollustu og ábyrgðartilfinningu hv. stjórnarandstöðu, því að vissulega verður að vænta þess, að stjórnarandstaða í lýðræðisríki líti fyrst og fremst á hag þjóðarinnar, en láti ekki flokkssjónarmið ráða gerðum sínum og athöfnum um of. Og þegar vandamálin eru jafngeigvænleg og nú, þar sem öll útflutningsverzlun þjóðarinnar á í hlut, verður að gera því meiri kröfur til stjórnarandstöðunnar um, að hún láti þröng flokkssjónarmið ekki ráða of miklu, heldur taki einhuga þátt í bjargarráðstöfunum.

Ég mun nú ekki í þeirri stuttu ræðu, sem ég hef tækifæri til að flytja hér, ræða þessi mál, er snerta útflutningsverzlunina og sjávarútveginn, þar sem það hefur verið gert rækilega af öðrum ráðherrum, en mun snúa mér að öðrum málaflokkum.

Ég mun fara nokkrum orðum um þá málaflokka, sem í umsjá minni og þeirra ráðuneyta, sem ég stjórna, hafa verið undanfarið, sumir um 6 ára skeið, en aðrir um skemmri tíma. Þessi mál eru kirkjumál, landbúnaðarmál, raforkumál og félagsmál. Auk þess hef ég litinn hluta samgmrn., svo sem Veðurstofu Íslands og rannsóknaráð ríkisins o. fl. Ég skal nú fara nokkrum um hvern þessara aðalflokka og skýra mjög stuttlega frá helztu aðgerðum varðandi þá hin síðustu árin.

Ég skal fyrst nefna kirkjumálin. Þau valda sjaldan miklum pólitískum átökum, enda ef til vill óeðlilegt, að svo sé. Þó er það allmjög misjafnt, hvernig að þeim er staðið á hverjum tíma í þjóðfélaginu. Á þessu sviði er meira aðhafzt nú en nokkru sinni fyrr. Á þessu ári eru 900 ár frá því, að biskupsstóll var settur í Skálholti. Verður það ávallt talinn einn allra merkasti atburður í sögu Íslendinga. Alþjóð er kunnugt, að Skálholt hefur verið vanrækt og það mjög til þessa. Þessi annar höfuðstaður þjóðarinnar um margar aldir hefur lent í raðir venjulegra bændabýla. Fátt eða ekkert er þar, sem minnir á hina fornu frægð staðarins og þau miklu áhrif, sem þaðan bárust varðandi trúarlíf og alla menningu þjóðarinnar. Núverandi ríkisstj. hefur tekið mál þetta föstum tökum. Hafa þegar verið veittar í fjárl. síðustu ára 5 millj. kr. til endurreisnar Skálholtsstaðar. Er nú unnið þar að því að reisa virðulegt prestssetur, kirkju og fleiri mannvirki, svo að þetta elzta og merkasta trúar- og menningarsetur verði á ný reist úr rústum og gert að miðstöð einhverra þátta menningarmála þjóðar okkar. — Þess má og geta, að 2—3 síðustu árin hefur meiri upphæðum en nokkru sinni fyrr verið varið til þess að reisa prestssetur og útihús á prestssetrum víðs vegar um land.

Þessu næst vil ég nefna landbúnaðarmálin með fáum orðum.

Síðastliðið ár var á marga lund erfitt íslenzkum landbúnaði. Sérstaklega voru það óþurrkarnir um Suðurland og mikinn hluta Vesturlands, sem ollu feiknatjóni. Hafa slíkir óþurrkar ekki komið í þessum landshlutum um marga áratugi. Munu um ⅔ hlutar bænda landsins hafa orðið fyrir þessum vágesti, að vísu í mismunandi mæli, en þó allir mjög tilfinnanlega. Ríkisstj. tók þetta mál til meðferðar og varð ásátt um, að nauðsyn bæri til, að ríkið rétti hjálparhönd til þeirra, sem fátækastir væru og mest afhroð hefðu goldið. Samkv. þeim rannsóknum, sem gerðar voru, hafa um 12½ millj. kr. með mjög vægum vöxtum verið veittar sem lán til fóðurbætiskaupa til þeirra bænda á óþurrkasvæðinu, sem verst eru settir. Þá hafa verið veittar um 700—800 þús. kr. sem styrkur til þeirra bænda, er keypt hafa hey utan óþurrkasvæðis og flutt heim til sín. Einnig hefur nokkru fé verið varið til niðurgreiðslu vaxta vegna óvenjumikilla kjötbirgða, þar sem slátrun var með langmesta móti. Mestallt þetta fé hefur fengizt af tekjuafgangi ríkissjóðs.

Eitt það markverðasta, sem gerzt hefur á þessu ári varðandi landbúnað, er það, að dilkakjöt er nú flutt aftur á erlendan markað eftir 10—15 ára hlé. Munu út verða fluttar ekki minna en 1500 smálestir. Útfluttar landbúnaðarvörur, þ. e. kjöt, gærur, ull og ostur, fá útflutningsuppbætur til jafns við bátagjaldeyrisvörur. Er áætlað, að það nemi um 15 millj. kr. Ég tel þetta mikil og góð tíðindi, því að verði það svo, að hér megi

framleiða landbúnaðarvöru til útflutnings við ekki óhagstæðara verði fyrir erlendan markað en sjávarútvegsvörur eru framleiddar fyrir, þá er það í raun og veru glæsilegt fyrir landbúnaðinn og ber þess vitni, að við getum margfaldað útflutning landbúnaðarframleiðslu okkar.

Sjóðir Búnaðarbankans, byggingarsjóður, ræktunarsjóður svo og veðdeild, eru lífæðar landbúnaðarins. Vegna þeirra lána, sem þessir sjóðir hafa veitt, hafa hinar geysimiklu framkvæmdir síðustu ára í sveitum orðið. Þessar framkvæmdir, hvort sem eru byggingar eða ræktun, hafa verið miklu meiri nú hin síðustu ár en nokkru sinni fyrr. Það hefur raunverulega verið brotið blað í landnámssögu Íslands, svo hafa framkvæmdir allar vaxið. Og hverju er þetta að þakka? Þar kemur að vísu margt til, stórhugur og framkvæmdaþrek bændanna sjálfra, betri og meiri vélar og verkfæri og aukin tæknileg kunnátta til þess að beita þessum vélum og verkfærum, sem við höfum fengið með nýjum, menntuðum mönnum. Þetta hefði þó ekki reynzt einsætt frekar en að finn og varanlegur bíll er einskis virði, ef benzínið vantar. Síðustu ríkisstj. hafa séð um, að sjóðir Búnaðarbankans hefðu fé til úlána. Aldrei hefur neitt svipuðu fjármagni verið deilt út um sveitirnar og þessi síðustu ár. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1955 hafa sjóðir þessir fengið 22 millj. kr. til útlána, og hlíðstætt hefur verið veitt til þeirra nokkur undanfarin ár. Það er þetta, sem hefur gert hinar miklu og glæsilegu framkvæmdir í sveitunum að veruleika síðustu árin. Svo helltu stjórnarandstæðingar sér yfir ríkisstj. í umr. í fyrrakvöld fyrir að hafa búið þannig undanfarin ár, að ríflegur tekjuafgangur hefði orðið hjá ríkissjóði, tekjuafgangur, sem hægt var að verja til bráðaðkallandi nauðsynjamála eins og ræktun og endurbygging sveitanna er. En óheilindin og yfirdrepsskapurinn er svo mikill, að kommúnistarnir, jafnframt því að bölsótast yfir, að ríkissjóður skyldi hafa verið þess megnugur að hlaupa undir bagga með fé til áframhaldandi umbóta í landbúnaði, voru með kjassmæli við bændur og annað sveitafólk um að koma til samstarfs við sig sem hina einu sönnu vini bændanna. Ja, mikið trúa þeir á grunnhyggni þess fólks, sem þeir tala þannig við. Ef til vill eru það hin austrænu vísindi, sem þar eru notuð, en ég hygg, að þau falli ekki í jarðveg Íslands.

Þá vil ég nokkrum orðum minnast á raforkumálin. Ég mun ekki fara mörgum orðum um þessi mál, þó ekki vegna þess, að næg tíðindi séu ekki fyrir hendi varðandi áframhaldandi framkvæmdir, heldur vegna hins, að landsmönnum mun almennt kunnugt um gang þessara mála.

Núverandi ríkisstj. ákvað að beita sér fyrir hinni svonefndu 10 ára áætlun um rafvæðingu allra meginbyggðarlaga landsins. Áður voru framkvæmdir í svo smáum stíl, að enginn eygði það takmark, að raforku yrði komið um allt land.

Þetta er þriðja ár 10 ára áætlunarinnar, það er búið að staðfesta fyrir yfirstandandi ár áætlun um framkvæmdir, og með henni talinni hafa um 1000 sveitabýli og aðrir notendur í sveitum fengið raforku frá samveitum fyrstu 3 ár áætlunarinnar. Um 900 býli höfðu áður, til ársloka 1953, fengið rafmagn frá samveitum. Nokkuð yfir 100 býli í sveitum hafa þessi fyrstu 3 ár fengið raforku frá einkastöðvum, þ. e. a. s. vatnsaflsstöðvum, dieselstöðvum eða öðrum þvílíkum. Þá hafa og 8 kauptún eða sveitaþorp, sem áður höfðu ekkert rafmagn eða algerlega ófullnægjandi, verið tengd við samveitukerfi fyrstu 3 ár áætlunarinnar. Það má og geta þess, að nú er hafizt handa um að reisa orkuver, annað fyrir Austfirði við Grímsá á Völlum og hitt fyrir Vestfirði við Mjólká í Arnarfirði. Jafnframt er unnið að því að leggja háspennulínur frá þessum orkuverum, sem raforkunni verður síðan miðlað frá til hinna ýmsu héraða. Samkv. málflutningi stjórnarandstæðinga í fyrrakvöld er þessi starfsemi öll, að því er virðist, eitt af hinum illu verkum núv. ríkisstj., því að þar var ekkert undanskilið. Fólkið í strjálbýlinu, hvort sem er í sveitum eða smáþorpum, sem verið hefur í myrkri og kulda, en allmargt af því hefur nú þegar fengið raforku til eigin þarfa eða sér hilla undir, að svo verði innan skamms, mun vissulega minnast þess og meta það, hverjir hafa komið þessum áætlunum í framkvæmd, en það var fyrst tekið föstum og raunhæfum tökum af núverandi ríkisstj.

Félagsmálin eru orðin geysistór málaflokkur, sem heyrir undir félmrn., sem nú er orðið eitt af umfangsmestu rn. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um helztu málaflokka, er þar heyra til.

Undanfarin ár, eða allt frá 1952, hefur nokkru af tekjuafgangi ríkissjóðs verið varið til þeirra staða utan Faxaflóa og Vestmannaeyja, sem við erfiðust atvinnuskilyrði hafa átt að búa vegna fiskleysis eða af öðrum ástæðum. Alls hefur árin 1951—55 verið varið til atvinnuaukningar til þessara staða yfir 28 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs. Fé þessu hefur því nær eingöngu verið varið til aðstoðar við bátakaup og til þess að styðja iðjuver, er vinna úr sjávarafurðum, svo sem hraðfrystihús, aðrar fiskverkunarstöðvar, fiskhjalla o. fl. Þetta er í fyrsta sinn, sem fé hefur verið varið til þess að aðstoða sérstaklega þau byggðarlög, sem verst hafa orðið úti vegna fiskleysis eða annarra óhappa. Fé þessu hefur verið ráðstafað í samráði og eftir till. sveitarstjórna á hverjum stað. Hefur mjög mikið gagn af þessari starfsemi orðið og er í raun og veru það fyrsta, sem gert hefur verið af hálfu ríkisvalds og Alþ. til þess að verja fé á skipulegan hátt til þess að vinna að jafnvægi í byggð landsins. Mun ekki ofmælt, að sú ríkisstj., er hóf slíka stefnu og starfsemi, hafi ýmsu orkað til góðs, en ekki einungis hið öfuga, eins og stjórnarandstæðingar vilja vera láta.

Samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna frá 1947 er hægt að veita aðstoð ríkisins til þess að koma upp vatnsveitum fyrir þau þorp, sem hafa ófullnægjandi vatnsból og svo dýrt er að gera fullkomna vatnsveitu, að vatnsskattur verður óeðlilega hár. Aðstoð þessi er með tvennum hætti, ríkisábyrgð eða styrkur, en styrkur skal því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að hlutaðeigandi sveitarfélög fái eigi risið undir rekstrarkostnaði með venjulegum vatnsskatti. Til árs-

loka 1955 hefur ríkisábyrgð verið veitt til 23 sveitarfélaga, að upphæð um 7 millj. kr. Styrkur hefur verið veittur til 22 sveitarfélaga, að upphæð rúmlega 2½ millj. kr.

Þá verð ég að fara nokkrum orðum um húsnæðismálin og aðgerðir Alþ. og ríkisstj. í þeim efnum. Það var eitt, sem hv. stjórnarandstæðingar vittu núv. ríkisstj. mjög fyrir í fyrrakvöld. Einkum var hv. 2. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, stórorður í þeim efnum og taldi, að öll loforð hefðu verið svikin. Ég læt staðreyndirnar tala og vil láta í té eftirfarandi upplýsingar, sem eru að nokkru leyti viðbótarskýrsla við þær upplýsingar, sem ég gaf Alþ. í nóvember s. l.

Á síðasta þingi voru að tilhlutun ríkisstj. sett lög um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Samkvæmt lögum þessum fellur niður sú lánastarfsemi, sem rekin hefur verið á vegum lánadeildar smáíbúða, en eignir þeirrar deildar renna í varasjóð hins almenna veðlánakerfis. Lánadeild smáíbúða starfaði árin 1952—55. Lánveitingar á vegum deildarinnar námu samtals um 41 millj. kr., og voru veitt lán til 1856 íbúða.

Á vegum hins almenna veðlánakerfis samkvæmt hinum nýju lögum hefur þegar verið úthlutað lánum til 650 íbúða. Upphæð A-lána nemur 33½ millj. kr. og B-lána 13½ millj. kr., eða samtals A- og B-lán 47 millj. kr., þar af 12 millj. kr. til byggingarsjóðs sveitanna. Til viðbótar þessu er óúthlutað, en handbært til úthlutunar, 8 millj. kr. af tekjuafgangi síðasta árs og 3 millj. kr., sem á því ári voru ætlaðar til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, eða samtals 11 millj. kr. Er þar ekki með talið framlag sveitarfélaga til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, sem eigi skal lægra vera en 4—5 millj. kr., né heldur tilsvarandi B-lán, sem áætla má a. m. k. 2½ millj. kr. Enn eru ótalin lán tryggingafélaganna til íbúðabygginga, sem námu a. m. k. 4 millj. kr. á síðasta ári. Enn liggja ekki fyrir endanlegar skýrslur um lánveitingar sparisjóða, lífeyrissjóða og annarra lánsstofnana til íbúðabygginga á árinu 1955, en öruggt má telja, að ef þær lánveitingar eru taldar með, hafi lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa komizt eitthvað talsvert á annað hundrað millj. kr. árið 1955. En samkvæmt athugasemdum við frv. stjórnarinnar var ekki gert ráð fyrir, að hægt væri að verja til íbúðabygginga í heild meira en um 100 millj. kr. á því ári.

Þetta, sem hér hefur verið frá skýrt, ber þess vitni, að það hefur verið lagt fram meira fjármagn til íbúðarhúsabygginga en lofað var samkvæmt þeim l., er síðasta Alþ. samþykkti. Það má og fullyrða, að engin ríkisstj. og enginn þingmeirihluti hefur nokkru sinni gert neitt svipað í þessum málum og sú ríkisstj., er nú situr

Það er alltaf hættulegt fyrir þá, er búa í glerhúsi, að kasta steinum að öðrum. Hv. 2. landsk., Brynjólfur Bjarnason, sat einu sinni í ríkisstj., sem skýrði sig fögrum nöfnum og tók við meiri auðæfum en nokkur önnur, sem með völd hefur farið í þessu landi. Má ég spyrja hv. 2. landsk.: Hvað var þá gert í húsnæðismálum fyrir almenning? Því er fljótsvarað. Það var ekkert. Þá fengu nýríku mennirnir frá styrjaldarárunum að reisa lúxusíbúðir óáreittir með öllu, en hitt gleymdist, að koma nothæfu skipulagi á, hvernig koma skyldi upp íbúðum við almenningshæfi. Þetta gerðist undir stjórn hv. 2. landsk., Brynjólfs Bjarnasonar. Þessum hv. þm. ferst um að tala, eins og hans forsaga er í þessu máli.

Margt er það fleira, sem ástæða væri til að nefna af þeim málaflokkum, er heyra til félmrn., en fátt eitt verður talið. Ég vil þó leyfa mér að nefna það, að almannatryggingalöggjöfin hefur verið í endurskoðun frá því 1954, og hefur Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri verið formaður þeirrar nefndar, er framkvæmdi endurskoðunina. Það frv. liggur nú fyrir Alþ., og eru vonir til, að það verði afgreitt, áður en þessu þingi lýkur. Ýmsar mikilvægar umbætur felast í þessu frv., sem ég hef því miður ekki tíma til að nefna hér, enda er það til meðferðar hér á Alþ. og ekki ástæða til að gera það.

Ég vil svo nefna það, að háværar raddir hafa verið uppi um endurskoðun vinnulöggjafarinnar, sem er orðin um 15 ára gömul og hefur aldrei verið tekin til almennrar endurskoðunar. Alþýðusamband Íslands hefur tjáð sig andvígt endurskoðun laganna og neitað að taka þátt í henni. Ríkisstj. hefur litið svo á, að neyðarúrræði væri að taka þá löggjöf til endurskoðunar, nema hvort tveggja Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið tækju þátt í slíkri endurskoðun. Á því hefur strandað, og mun þetta þó í raun og veru hið mesta nauðsynjamál.

Ég vil aðeins minna á það, að á s. l. ári tók til starfa samvinnunefnd verkamanna og atvinnurekenda, sem sett var á laggirnar samkvæmt þál. frá Alþ., er Karl Kristjánsson o. fl. báru fram. Nefndin er skipuð tveim fulltrúum frá hvorum aðila og á að leitast við að finna samkomulagsgrundvöll í kaupgjaldsdeilum og á þann hátt að reyna að girða fyrir, að verkföll eða verkbönn brjótist út. Enn er of fljótt að dæma um, hvaða gagn getur af þessu orðið, en nefndarmenn eru vongóðir um, að nokkur árangur kunni að nást.

Ég hef hér að framan leitazt við að gefa stutt yfirlit um gang nokkurra þeirra mála, sem ríkisstj. hefur haft með að gera síðustu árin, og þá að eðlilegum hætti einkum þau mál, er falla undir mitt verksvið. Ég hef ekki gert það á þann ofstækisfulla, einhliða hátt, sem stjórnarandstæðingar viðhöfðu í sínum ræðum. Ég hef skýrt frá staðreyndum og það staðreyndum, sem þola hvers konar gagnrýni. Það, sem sérstaklega hefur bjargað þjóð okkar síðustu árin, er það, að fjárhagsafkoma ríkissjóðs hefur ávallt verið það góð, að ríkissjóður hefur getað hlaupið undir bagga og aðstoðað þar, sem mest þörf var fyrir í hvert skipti.

Hinir sívaxandi erfiðleikar útflutningsframleiðslunnar, sem að miklu leyti stafa af því, að kaupgjald hefur verið sprengt upp úr öllu valdi, og það stundum í pólitískum tilgangi, og þá hafa verkamenn sjaldan fengið nokkurn ávinning fjárhagslega, eru vandamál, sem við verðum að vinna bug á. Ríkisstj. verður ekki sökuð um það ástand ein, hvernig komið er í þeim efnum. Það er öllum ljóst, sem með skynsemi og hlutdrægnislaust vilja um það mál ræða. Hitt er það, að þau einræðisöfl í okkar þjóðfélagi, er hugsa um það eitt að geta liðað þjóðfélagið sundur og gert það

þannig ósjálfbjarga og auðunnið fyrir framandi einræðisöfl, eru allt of sterk í okkar landi. Mikilvægasta verkefni allra þjóðhollra manna er að einangra þau öfl og gera þau á allan hátt sem óvirkust.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Hæstv. landbrh. Steingrímur Steinþórsson byrjaði ræðu sína á því að hreyta nokkrum fúkyrðum í stjórnarandstæðinga fyrir afstöðu þeirra til nýjustu afreka ríkisstj., en sást yfir þá staðreynd, að þessi afstaða okkar er nákvæmlega sama afstaða og mikils meiri hluta kjósenda Framsfl. Þá rakti þessi ráðh. eins og Ólafur Thors afrekaskrá sína í ríkisstj. og lofsöng sjálfan sig fyrir það, að einhvers staðar skyldi mega sjá, að eitthvað hefði verið gert fyrir þær 1500 millj. kr., sem þessi ríkisstj. hefði innheimt af landsmönnum í stjórnartíð sinni. Vakti það nokkra athygli, að mikið af því, sem hann nefndi, stóð enn á loforðaskránni. Hygg ég, að honum hefði verið sæmra að gera þjóðinni grein fyrir því mikla baráttumáli sínu að afnema grænmetisverzlun ríkisins, enda þótt allflestir kaupfélagsstjórar landsins hafi lagzt mjög eindregið gegn þeirri ráðstöfun. Hefðu þó ýmsir haldið, að framsóknarmenn tækju eitthvert mark á því, sem kaupfélagsstjórarnir segja um verzlunarmál almennings. Í umr. um þetta mál hér á þingi hefur ráðh. sýnt slíkt offors, að honum hefur tekizt að skapa sér algera sérstöðu á Alþ. Hafa menn um það illan grun, að hið mikla kapp, sem Steingrímur Steinþórsson leggur á það að leggja grænmetisverzlun ríkisins niður, geti stafað af því, að þar muni haldið á almannafé af meiri ráðdeild en nú þykir tíðkanlegt í opinberum rekstri, enda hefur ráðh. ekki enn tekizt að bera fram nein rök þessu ofurkappsmáli sínu til stuðnings.

Í umr. á mánudagskvöldið bárum við þm. Þjóðvfl. fram till. um vantraust á núverandi ríkisstj. Við vorum sammála öllum þeim, sem sögðu, að nú væri runnin upp sú stund, að stjórnarandstöðunni bæri skylda til að gera allt, sem í hennar valdi stæði, til að hindra það, að íhaldsöflunum tækist að koma þeirri ætlun sinni í framkvæmd að skilja við efnahagslíf þjóðarinnar eins og sviðna jörð, ef svo skyldi takast, að vinstri stjórn yrði mynduð og íhaldinu ýtt til hliðar. Þess vegna hafði Þjóðvfl. sent vinstri flokkunum till. sínar um varanlega lausn efnahagsmálanna, áður en þing kom saman í haust.

Okkur var ljóst, að á þessari stundu átti Framsfl. um tvær leiðir að velja, í fyrsta lagi að semja við íhaldið um að svíða jörðina með þeim ráðstöfunum, sem Eysteinn Jónsson hefur í þessum umr. lýst með orðunum „alger neyðarúrræði til bráðabirgða“, en í öðru lagi að semja við vinstri flokka um varanlega frambúðarlausn efnahagsmálanna á grundvelli þess, sem við þjóðvarnarmenn höfðum lagt til. Við litum svo á, að valið ætti að vera framsóknarmönnum auðvelt, ef skrif þeirra um vinstri samvinnu og yfirlýsingar um nauðsyn nýrra leiða væru eitthvað annað og meira en önnur sýning á kosningaleikriti þeirra frá 1949, sem fram yrði haldið með trúðum og galdramönnum á fundum úti um land. Ef framsóknarmenn meintu það af heilum hug, sem þeir sögðu, að nú yrði að snúast gegn vandanum og því öngþveiti, sem hér hefur skapazt í tíð núverandi ríkisstj., þá hlytu þeir að sjálfsögðu að vera fúsir til að koma í veg fyrir það, að sá vandi yrði aukinn og gerður nær óleysanlegur, rétt áður en tilvonandi vinstri stjórn réðist í þá þrekraun að reyna að leysa hann.

Við treystum því, að Framsfl. væri svo heils hugar um myndun vinstri stjórnar og svo skyni borinn, að hann sæi það, að vinstra samstarf og viðreisn yrði ekki byrjað með því að margfalda öngþveitið og magna þann draug til höfuðs sér, sem ætlunin var að kveða niður. Þess vegna bárum við vantraustið á ríkisstj. fram á síðustu stundu, en höfðum áður gert allt, sem í okkar valdi stóð, til þess að þetta vinstra samstarf gæti tekizt, m. a. með mjög nánu samstarfi við vinstri sinnað fólk í Alþfl. og Framsfl. Ríkisstj. sá sig tilneydda að verða við þeirri kröfu, sem ég bar fram, er ég lýsti vantrauststill., að taka hana til afgreiðslu, áður en skattaálögurnar yrðu endanlega afgreiddar á Alþ. Setti hún þó það skilyrði, að afgreiðslu skattamálanna yrði ekki frestað með útvarpsumræðum um vantraustið. Gátum við þm. Þjóðvfl. fallizt á þetta með tilliti til þess, að þessar eldhúsumræður hafa af okkar hálfu verið vantraustsumræður á ríkisstj.

Við atkvgr. um vantraustið kom sú athyglisverða staðreynd í ljós, að þegar slík örlög sem þessi ráðast í lífi íslenzkrar þjóðar, þá treysta forustumenn Framsfl. engum öðrum en íhaldinu og vilja engra ráðum hlíta nema Ólafs Thors og hans gamalkunna Grimsby-lýðs, því að allir með tölu vottuðu þm. Framsfl. Ólafi Thors traust sitt sem stjórnarformanni að viðhöfðu nafnakalli um vantrauststillöguna.

Læt ég svo vinstri mönnum í Framsfl. eftir það hlutverk, sem auðveldast er, að sýna forustuliði Framsfl. fram á, að til svona fullkominnar þjónustu við íhaldsöflin var ekki ætlazt af þeim.

Menn hafa rætt sín á milli í gær og í dag hina aumkunarverðu frammistöðu ráðh. hér í umr. á mánudagskvöldið. Eru menn á einu máli um það, að aumastur allra hafi þó strandkapteinninn Ólafur Thors verið, sem lék hér upphafið að lokaþætti í þeim skoffínsleik, sem hann hefur leikið um langt árabil í íslenzkum stjórnmálaumræðum. Hlóð hann slíku lofi á sjálfan sig og stjórn sína, að mönnum komu í hug orð Snorra um það, að þegar það væri lofað, sem ekki væri lofs vert, þá væri það háð, en ekki lof. En það mun Ólafur Thors ekki vilja skilja fremur en annað, sem skynsamlegt er. Ólafur Thors sagði meðal annars, að Sjálfstfl. hefði tekið á sig vanda valdanna til að bæta kjör alþýðunnar í landinu og hefði staðið við það. Skömmu síðar sagði hann svo: Sú synd að hækka kaup verkamanna fær nú sína refsingu. — Og Ingólfur Jónsson endurtók það margsinnis, að kjarabarátta verkamanna hefði verið glæpur. Þannig óð Morgunblaðsrökhyggjan eins og háhyrningur í síldartorfu aftur og fram um ræður ráðh. Ólafur Thors sagði einnig: Ríkisstj. verður ekki sökuð um brigðmælgi og ekki um úrræðaleysi. — Síðan lýsti hann úrræðunum með eftirfarandi orðum: Við vissar aðstæður er gengisfelling skásta úr-

ræðið, en við aðrar aðstæður eru skatta- og tollalögur skásta úrræðið. — Þannig geta menn fagnað því að eiga þó alltaf tveggja kosta völ, ef íhaldið fer með völd áfram. Að vísu viðurkenndi þó Ólafur Thors, að það væri ein varanleg lausn til: sú, að þjóðin sætti sig við það kaup, sem auðkýfingarnir vildu borga.

Þá spurði hann með miklum gorgeir, hvers vegna stjórnarandstæðingar vildu fá verðlagseftirlit, þegar þeir segðu, að hér væri okrað á olíu, sem þó væri háð verðlagseftirliti. Þennan pistil endurtók svo Ingólfur Jónsson ásamt algerum blekkingum um afstöðu Norðurlanda til verðlagseftirlits. Svarið er þó allt of auðvelt. Hér er okrað á olíu þrátt fyrir verðlagseftirlit, *einfaldlega vegna þess, að það eftirlit er í höndum íhaldsins*, sem er eftirlitinu andvígt og kemur í veg fyrir, að það sé framkvæmt, enda höfum við þjóðvarnarmenn aldrei pantað neitt verðlagseftirlit á olíu og benzíni, heldur hreinlega ríkisverzlun með þær vörur. Að öðru leyti var ræða forsrh. ekki svaraverð.

Ræða hæstv. utanrrh. Kristins Guðmundssonar hrærði menn að vonum til meðaumkunar með honum. Hann las hér upp gömul loforð um að koma hinu illræmda Hamiltonfélagi úr landi ásamt greinargerð um, að það hefði ekki enn tekizt. Kvaðst hann þó mundu halda þessari skeleggu baráttu áfram, enda þótt henni sé bezt lýst með þeirri viðurkenningu hans sjálfs, að Hamilton hefði þrátt fyrir hina miklu baráttu ráðherrans styrkt svo aðstöðu sína hér á landi, að það væri nú gengið í heildarsamtök íslenzkra vinnuveitenda. Ég hef líka öruggar heimildir um, að *Hamilton hafði um 360 manns í sinni þjónustu* í árslok 1954, en 310 nú við áramótin. Slíkur er þá árangurinn af heils árs glímu ráðherrans við Hamilton. Hann endaði ræðu sína á því að lýsa því yfir, að hann hefði yfirleitt enga skoðun á því, hvað fram undan væri í varnarmálunum, sumir segðu þetta, en aðrir segðu hitt. Ég skal játa, að mér þykir vænt um dr. Kristin Guðmundsson, og ég skil ekki, hvers vegna örlögin eru honum svo kaldrifjuð að gera hann að utanríkisráðherra Ólafs Thors. Vildi ég um það segja, að það sé illa farið um góðan dreng o. s. frv., en vegna hinnar fullkomnu uppgjafar hans við að ræða kjarna hernámsins og hermangsins í áheyrn þjóðarinnar mun ég nú taka þau mál nokkuð til meðferðar.

Á mánudagskvöldið snerust þessar umr. aðallega um hinn innlenda þátt í efnahagslífi þjóðarinnar og síðustu ráðstafanir núverandi ríkisstj. til að koma verðbólgu- og gengisfellingarþróuninni á það stig, sem á svipstundu getur leitt óbærilega fátækt og eymd yfir meginþorra landsmanna, en fært lítilli auðmannastétt flestallar eignir og auð þjóðfélagsins í hendur. Var það og að vonum, að talin væri ástæða til að ræða þessi mál, svo geigvænleg sem þau eru, í áheyrn þjóðarinnar eina kvöldstund, og væri að sjálfsögðu yfrin ástæða til að gera það miklu oftar. En þetta má þó að sjálfsögðu ekki skilja svo, að þau mál, sem út á við snúa og að okkur steðja utan frá, séu betur komin í höndum núverandi ríkisstj. Vissulega er svo ekki, enda nánara samband milli þessara *tveggja* höfuðþátta í lífi og starfi þjóðarinnar en menn gera sér almennt grein fyrir.

Það ætti þó að vera auðskilið öllum hugsandi mönnum, sem nokkur kynni hafa af veraldarsögunni, undirokun smáþjóða og nýlendukúgun, að sú þjóð, sem ásælist yfirráð yfir annarri þjóð, stuðlar auðvitað að því, að ákveðnir þjóðfélagshættir skapist í því landi, sem á að undiroka. Það er því auðskilið, að auðvitað vilja Bandaríkjamenn hafa hér fámenna auðmannastétt og fátæka alþýðu. Slíkir þjóðfélagshættir hafa ævinlega reynzt þeim, sem leggja aðrar þjóðir undir sig, hagkvæmir, þar sem lítil auðmannastétt með öll ráð í hendi sér hefur alltaf reynzt og mun alltaf reynast nægilega spillt og mútuþæg til að *vilja selja landsréttindi og líf fátækrar alþýðu* fyrir peninga og áhrif í skjóli erlends hers. Það er því engan veginn ætlun okkar þjóðvarnarmanna að svíkjast undan þeirri skyldu okkar að gera þjóðinni nokkra grein fyrir þessum þætti þjóðmálanna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að framkvæmdir Bandaríkjahers hér á landi eru undirrót þeirrar verðbólgu, sem þróazt hefur hér risaskrefum að undanförnu, svo og það, að hernámsframkvæmdirnar og hermangið hefur til þessa verið aðalaflgjafi þessarar verðbólguþróunar. Þessi staðreynd er nú svo augljós hverju mannsbarni, að meira að segja sumir þeirra, sem leiddu bölvun hernáms yfir íslenzka þjóð í maí 1951, eins og t. d. Alþfl. og a. m. k. hluti Framsfl., sjá hana nú og viðurkenna opinberlega og eru jafnvel farnir að iðrast gerða sinna í því efni, þó að þeir reyni vandlega að fela þá iðrun ásamt afglöpum sínum með fölskum afsökunum og blekkingum. Rökin fyrir verðbólguáhrifum hernámsframkvæmdana og hinum tortímandi áhrifum þeirra í íslenzku efnahagslífi eru líka svo augljós og auðskilin, að þeim tjáir ekki í mót að mæla. Það skilja allir, að lítilli þjóð í örum vexti er fátt eins lífsnauðsynlegt og að festa fé í auknингu framleiðslutækja, auka þær framleiðslugreinar árlega, sem fyrir eru, og byggja upp nýjar til að geta fengið því unga fólki, sem við bætist á ári hverju starf við sitt hæfi og lífsbjargarmöguleika. Nú er það á hinn bóginn ljóst, að þjóðin verður að skiptast í þrjá meginhópa samkvæmt *ákveðnum lögmálum og í ákveðnum hlutföllum*, þá sem vinna að framleiðslustörfum, að fjárfestingu og að ýmiss konar nauðsynlegri þjónustu. Hlutföllin milli þessara þriggja hópa mega ekki raskast að neinu ráði, eigi þjóðin að búa við jafnvægi í efnahagsmálum, heilbrigt efnahagslíf og stöðugt verðgildi peninga, og alls ekki á þann veg að draga verulegan hluta þeirra, sem að framleiðslunni starfa, frá henni og flytja yfir í óarðbæra fjárfestingu og óþarfa milliliðastarfsemi. En þetta er nákvæmlega það, sem hernámsframkvæmdirnar hafa gert. Til þeirra hefur sogazt íslenzkt vinnuafl í þeim mæli, að aðalatvinnuvegur landsmanna hefði fyrir tveim árum verið algerlega lamaður vegna skorts á vinnuafli, ef efnahagsógæfan hefði ekki ratað að minnstu bræðraþjóð okkar, Færeyingum. En þó að hér hafi að undanförnu verið 700—800 Færeyingar á ári til að halda fiskiflota okkar gangandi, hafa þó mjög mörg skip prýtt fjöruborðið, vegna þess

að enginn fékkst til að ýta þeim úr vör. Landbúnaðurinn hefur einnig búið við sívaxandi erfiðleika af þessum sökum.

En það er ekki aðeins, að vinnuaflið hafi sogazt til hernámsframkvæmdanna, heldur hefur einnig mikið af bezta vinnuaflinu leitað þangað, svo að íslenzkt efnahagslíf hefur einnig beðið tjón af þeim sökum. Er það t. d. vitað, að þó að færeyskir sjómenn séu góðir, standast þeir þó ekki samanburð við hina harðfengu íslenzku sjómannastétt. En þannig hlaut þetta að fara. Hermangararnir íslenzku hafa ráð á að bjóða verkafólki ýmis fríðindi, sem íslenzku efnahagslífi eru ofviða.

Það hafði lengi verið grunur manna, að ekki væri allt með felldu í starfsemi og gróðabralli hermangaranna. Með því að athuga hagskýrslur og bera saman gjaldeyristekjurnar af hernáminu, vörukaup herliðsins hér og upplýsingar utanrrn. um fjölda þeirra Íslendinga, sem starfað höfðu á vegum herliðsins, kom í ljós, að engar skýringar fengust á því, fyrir hvað herliðið hafði borgað um 100 millj. kr. árið 1953 og um 70 millj. kr. 1954. Hafði blaðið „Frjáls þjóð" nokkrum sinnum spurzt fyrir um það, hvort hermangararnir græddu slíkar upphæðir á því að leigja herliðinu íslenzkt verkafólk fyrir amerískt kaupgjald, en borga síðan Íslendingum eftir íslenzkum kauptöxtum, sem eru nær helmingi lægri en þeir amerísku. Svör hafa að sjálfsögðu engin fengizt við þessum spurningum fremur en öðrum, sem íslenzkir valdhafar töldu sér hagfelldast að þegja um og reyna með því að fela sekt sína í djúpi þagnarinnar. En svo skeði það, að blað sjálfs varnarmálaráðherrans Kristins Guðmundssonar varð til þess að staðfesta þessa gróðastarfsemi hermangaranna.

Hinn 7. júlí í sumar sem leið skrifaði ungur framsóknarmaður, sem verið hafði fulltrúi flokksins í varnarmálanefnd, grein í Tímann, þar sem hann skýrir frá því, að Sameinaðir verktakar taki greiðslur fyrir þau verk, sem þeir taka að sér, samkvæmt bandarískum kauptöxtum, en borgi aftur Íslendingum eftir íslenzkum kauptöxtum og stingi mismuninum í eigin vasa.

Þegar þetta er upplýst og það siðferði, sem á bak við býr, þarf engan að undra, þó að hernámið hafi reynzt einn versti verðbólguvaldur í þessu þjóðfélagi og grafi nú undan öllum þeim stoðum, sem heilbrigð þjóðfélagsbygging verður að hvíla á. En í því efni farast hinum unga framsóknarlögfræðingi, sem ég vék að áðan, svo orð í Tímanum, blaði utanrrh., hinn 7. júlí s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Sannast sagna er það hrein þjóðarskömm, hversu tala þeirra, er reyna að hagnast á veru herliðsins hér, er há. Almenningur ætlast ekki til, að nokkrir vellríkir einstaklingar og félög græði of fjár á hersetunni. Það verður að segjast eins og er, að hrekklaust fólk fer að efast um nauðsyn varna og dvalar herliðs hérna, ef nauðsynlegt er talið af Ameríkumönnum til þess að halda hér aðstöðu sinni að ausa fé í alls kyns menn og félög, þannig að fjárhagsleg sjónarmið ráði fyrst og fremst afstöðu þeirra til hersetunnar."

Hér segir hinn ungi framsóknarlögfræðingur nakinn sannleikann um eðli hernámsins. Hann segir, að hrekklaust fólk fari að efast um nauðsyn hernámsins, ef Bandaríkjamenn telja nauðsynlegt að ausa fé í alls kyns menn og félög til að halda hér aðstöðu sinni, þannig að fjárhagsleg sjónarmið ráði öllu um dvöl hers hér á landi. En þetta er einfaldlega forsendan fyrir hersetunni hér á landi, en ekki sá tilbúningur, að Bandaríkjaher sé hér til að vernda íslenzka þjóð, og það af þeirri einföldu ástæðu, að engin þjóð verður vernduð, ef til kjarnorkustyrjaldar kemur. Það er staðreynd, sem öllum er þegar ljós. Bandaríkjamenn eru að kaupa sér aðstöðu hér á landi fyrir hernámspeninga og gjafafé til árásar í upphafi kjarnorkustríðs, en þá gæti líka alveg eins svo farið, að Ísland yrði Perluhöfn þeirrar styrjaldar. Menn minnast þess, að Japanar hófu styrjöld sína við Bandaríkin í síðustu heimsstyrjöld án stríðsyfirlýsingar með því að þurrka út aðalbækistöð Bandaríkjanna á Kyrrahafi, Pearl Harbour á Hawai-eyjum, í einni árás, og þó voru vopn, sem Japanar réðu þá yfir, hrein barnagull, miðað við það ægiafl, sem nú hefur verið beizlað í vetnissprengjunni. Og hvers vegna skyldum við ætla, að hin austræna heimshelft beitti okkur mildari aðferðum en Japanar Pearl Harbour, ef við sjálfir gæfum því fólki tilefni til árásar með því að leyfa í landi okkar bækistöðvar, sem hin austrænu veldi teldu sér stafa ógn af. Ráðamenn austantjaldsríkjanna mættu þá a. m. k. vera allmiklu meiri góðmenni en Morgunblaðið og Bjarni Benediktsson hafa talið okkur trú um síðustu áratugina. En ef einhverjir skyldu ætla, að kjarnorkuvopn yrðu ekki notuð, ef til styrjaldar kæmi, má minna á þær yfirlýsingar Dullesar utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að Bandaríkin hafi nú þegar þrivegis hótað í fyllstu alvöru að hefja kjarnorkustyrjöld gegn Kína, og munu þó fáir á Vesturlöndum a. m. k. hafa látið sér detta þann möguleika í hug, að ein helzta öndvegisþjóð lýðræðis og menningar, Bandaríkin, yrði til þess að stíga fyrsta skrefið á þeirri algeru tortímingarbraut. Við hverju mætti þá búast frá hinum austræna heimi, þegar ástandið vestan megin er ekki betra en þetta?

Af þessu er auðvitað öllum ljóst, að herstöðvar hér á landi eru ekki aðeins gagnslausar til varna, heldur beinlínis hættulegar í stríði. Sú kenning, að herstöðvar hér séu nauðsynlegur liður í varnarkerfi vesturveldanna, er af þeim sökum, sem ég hef hér greint frá, alger falskenning, nema Bandaríkin ætli sér að hefja næstu styrjöld og nota Ísland sem stökkbretti í fyrstu lotu, vitandi það, að í annarri lotu hefðu allar bækistöðvar hér verið þurrkaðar út. Enn þá hafa menn, sem betur fer, ekki slíkar hugmyndir um Bandaríkin, enda bæri Íslendingum siðferðisleg skylda til að hindra það, að land það, sem gæfan gaf þeim, yrði notað á þann hátt. Það er og augljóst, að þörf stórveldanna fyrir bækistöðvar til að stytta vegalengdirnar milli þeirra fer sífinnkandi með aukinni tækni og að nú er svo komið, að bæði austur- og vesturveldin ráða yfir eldflaugum, sem skjóta má, hlöðnum vetnissprengjum, milli Rússlands og Bandaríkjanna með fullkominni nákvæmni. Hitt er skiljanlegt, að stórveldin telji æskilegt, að aðvörunarskotið lendi

einhvers staðar annars staðar en á þeirra eigin þjóð.

Af þessu má ljóst vera, hver lífsnauðsyn það er íslenzkri þjóð, að hernámi sé hér sem fyrst lokið og hernámssamningunum sagt upp. Það er og ljóst, að þróun heimsmálanna á síðasta ári gerir okkur Íslendingum bæði kleift og skylt að hefjast nú þegar handa í þessu efni. Sú augljósa staðreynd, að mannkynið á nú aðeins um tvennt að velja, algera tortímingu eða frið, hefur neytt sífellt fleiri og fleiri til að horfast í augu við þá bláköldu staðreynd, að draga verður úr hatursáróðri þjóða í milli og efla friðsamleg samskipti þeirra, ef mannkyninu á að takast að vinna friðinn. Til að vinna að því marki hafa sífellt fleiri og fleiri þjóðir tekið upp merki hlutleysisstefnunnar og neitað að láta draga sig í dilka stríðsveldanna í austri og vestri, en í þess stað skipað sér í sveit þeirra, er reyna af fremsta megni að draga úr kalda stríðinu og ryðja úr vegi þeim hindrunum, sem enn standa í vegi fyrir friðsamlegri sambúð allra þjóða. Einhvern merkasta áfanga á þessari braut unnu Finnar á þessu ári, er þeim tókst að fá Rússa til að skila aftur herstöð þeirri á Porkalaskaga, sem Rússar neyddu Finna til að leigja sér til 50 ára við lok síðustu heimsstyrjaldar. Höfðu Rússar þó komið sér upp mun öflugri herstöð í þessari Keflavík Finnlands en Bandaríkjamenn hér og áttu eftir 39 ár af samningstímanum. Er þá svo komið, að Ísland eitt Norðurlanda er hersetið af erlendu stórveldi.

Norðurlandabúum hefur verið gjarnt að líta á sig sem menningarlega heild og verið stoltir af menningu sinni og sögu. Þangað hafa þeir sótt þau rök og þann styrk, sem þeir treystu á til að varðveita sjálfstæði sitt gegn ágengum stórveldum, en ekki til lítilfjörlegra herja sinna. Því ber þó ekki að neita, að meir hafa þessar þjóðir talið sig þurfa að óttast það, að minna tillit yrði tekið til slíkra raka úr austri en vestri. Þess vegna er það, að íslenzk alþýða fær ekki skilið, að hin mikla öndvegisþjóð lýðræðis og menningar, Bandaríki Norður-Ameríku, skuli ekki af sjálfsdáðum fara með her sinn nú þegar af íslenzkri grund, þegar Rússar hafa gert það hvort tveggja að viðurkenna fánýti slíkra herstöðva á kjarnorkuöld og þá hindrun, sem þær eru á braut friðsamlegrar sambúðar þjóðanna, og unnt hinni finnsku menningarþjóð þeirrar viðurkenningar og þess sóma að afhenda henni herstöðina á Porkala löngu fyrir umsaminn tíma án baráttu og langra samningaumleitana. Enn óskiljanlegra er það þó íslenzkum almenningi, að ríkisstj. Íslands og stuðningsflokkar hennar skuli ekkert hafa aðhafzt enn í því efni að losa þjóðina við hina bandarísku hersetu, jafnháskaleg og hún hefur reynzt menningu og efnahagslífi þjóðarinnar. En þrátt fyrir hið sýnilega tjón, sem íslenzku efnahagslífi stafar af hernáminu, og þá fullkomnu tortímingu, sem hér yrði, ef til stríðs kæmi, heldur ríkisstjórnin og hermangararnir áfram að undirbúa og samþykkja enn meiri hernaðarframkvæmdir, eins og hafnargerðin í Njarðvík og kröfurnar um flotahöfn í Hvalfirði bera með sér, og græða á niðurlægingu þjóðarinnar. Er engu líkara en að hið bandaríska gull hafi svipt þá allri dómgreind og sómatilfinningu. Öll rök staðfesta þó, að það sé skylda Alþ. við íslenzka þjóð, líf hennar og sjálfstæða tilveru, að sjá um, að herstöðvasamningnum frá 1951 sé sagt upp nú þegar, að það sé skylda Alþingis Íslendinga gagnvart öðrum þjóðum og baráttu mannkyns fyrir friði og öryggi að sjá um, að þeirri hindrun, sem herstöðvar á Íslandi eru á þeirri braut, sé rutt úr vegi. Þessa skyldu getur Alþ. rækt með því að fela ríkisstj. að segja upp herstöðvasamningnum frá 1951 lögum samkvæmt og á þann hátt, sem við þjóðvarnarmenn höfum lagt til.

Forseti (JörB): Þá er fyrstu umferð umr. lokið, og hefst önnur umferð, og eru hverjum flokki ætlaðar 15 mínútur. Nokkuð hefur verið farið umfram þann tilsetta tíma í fyrstu umferðinni, en þannig er ástatt um það, að lítlu skeikar milli flokka, og tel ég bezt á því fara, að þeim litla mismun, sem fram yfir er, verði sleppt. En ég vil biðja hv. alþm. í ræðum sínum hér eftir að binda sig sem mest við þann tíma, er fyrir fram er tiltekinn.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Miklir menn erum við, Hrólfur minn, er setning, sem flestum útvarpshlustendum mun hafa komið í hug, þegar þeir heyrðu orðin: Landinu verður ekki stjórnað án okkar, en hæstv. forsrh. Ólafur Thors reyndi að segja þau hér í útvarpsumræðunum s. l. mánudagskvöld. Hv. 2. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, sem talinn er forustumaður þess hluta kommúnistaflokksins, sem næst stendur Moskvukenningunum, taldi, að landinu yrði ekki stjórnað án þeirra. Þá hafa menn það.

Íhaldsandstæðingum í landinu mun ekki hafa komið neitt á óvart í ræðu hæstv. forsrh. um álit hans á sjálfum sér og sínum **flokki, nema þá hvað** helzt, að stirðmælska háði honum nú venju fremur og það svo, að hann hafði sjálfur orð á.

En ræða kommúnistaforingjans var þungt hnefahögg í andlit þeirra, sem hugsað hafa til myndunar fylkingar gegn íhaldsöflunum. En öll ummæli hans voru svo ítrekuð á forsíðu Þjóðviljans daginn eftir, á sama tíma og mun betri ræða hv. 11. landsk þm., Lúðvíks Jósefssonar, flokksbróður hans, var falin inni í blaðinu.

Eitt var þó sameiginlegt með þessum fulltrúum öfganna báðum, hin einlæga aðdáun þeirra hvors á öðrum og það svo, að mörgum varð hugsað til væntanlegra kosninga í síldarútvegsnefnd. Hæstv. forsrh. fullvissaði þennan vin sinn um, að hann læsi ekki Alþýðublaðið, en hann þakkaði aftur með því að lýsa andúð sinni á jafnaðarmönnum. Allur málflutningur þeirra sannaði þess vegna, svo að ekki verður um villzt, að hægt er og brýn nauðsyn á að losna við öll áhrif þeirra á gang íslenzkra þjóðmála. Þessir forustumenn öfgaaflanna í íslenzkum stjórnmálum hafa oft áður sýnt vilja sinn við lausn þeirra vandamála, sem steðjað hafa að íslenzkri alþýðu, og á öllum þessum prófum hafa þeir fallið, en það er stundum sætt sameiginlegt skipbrot, og mun sú staðreynd undirrótin að þessari Pílatusarvináttu.

Gegn boðskap þessara forustumanna öfganna svarar íslenzk alþýða, að án fullrar samstöðu

við hana verði Íslandi ekki stjórnað, svo að vel fari.

Um íslenzka alþýðu sagði hæstv. forsrh.: Fyrst kveikja þeir í húsinu, svo kenna þeir stjórninni um brunann. — Mikil er sú mæða. Rómverjar hinir fornu kenndu kristnum mönnum stórbruna Rómar, og nazistar hinir þýzku kenndu jafnaðarmönnum þinghúsbrunann í Berlín. Þetta eru fyrirmyndir núverandi ríkisstj. Rómverjar og nazistarnir gerðu þó málamyndatilraun til þess að slökkva eldinn, en það gerir íslenzka ríkisstj. ekki. Í þess stað eys hún olíu á eldinn með á þriðja hundrað milljóna króna álögum á þann hluta þjóðarinnar, sem verst má við tekjumissinum. Hlýjan af þessum eldi kann að reynast ríkisstj. skammgóður vermir, því að enn hafa ekki brunnið afltaugar íslenzkrar alþýðu, og þekki hún vitjunartíma sinn, þá hnekkir hún enn misnotuðu valdi.

Elztu verkalýðsfélög landsins eru nú um og yfir hálfrar aldar gömul. Allan þann tíma, sem þau hafa starfað, hefur starf þeirra verið af ákveðnum hópi landsmanna, þeirra, sem gera Sjálfstfl. út nú og gerðu föður hans, Íhaldsflokkinn, einnig út, verið talin tilræði við þjóðfélagið og allt atvinnu- og athafnalíf þjóðarinnar. Við hverja kjarabót hins vinnandi manns hafa hrópin heyrzt um, að þessi og hinn atvinnurekandinn ætlaði að hætta vegna ágangs verkamanna. Þessi neyðaróp deyja þó út, þegar frá líður, og hinir undirokuðu atvinnurekendur halda áfram, allt í þjónustu okkar hinna, sem afkomu okkar byggjum á daglaunavinnu. Síðustu geirfuglar þessa boðskapar hafa enn verið hér í eldhúsi Alþ. í forsvari hæstv. ríkisstj. og undir forustu hæstv. forsrh. Ólafs Thors, og ekki verður það sagt um hann, að hann bregðist skyldu sinni við þá, sem haldbeztir reynast í útgerð Sjálfstfl.

Enn þá eru allir hlutir, sem aflaga fara í höndum óviturra stjórnmálamanna, sem telja sjálfa sig sjálfkjörna til forustu, verkamönnum og vinnandi fólki að kenna. Þetta vogar hæstv. ríkisstj. sér að bera á borð fyrir það sama fólk sem á hátíðum og tyllidögum þjóðarinnar er talið gagnmenntaðasta og fróðleiksfúsasta þjóð í Evrópu, að ekki sé miðað við þá, sem lægra kunna að standa.

Það kann að vera, að á niðurlægingartímabili þjóðarinnar fyrir 200—300 árum hafi fundizt fólk, sem ekki hafði aðstöðu til að hrekja slíkar fullyrðingar, en í dag er hollast, að forráðamenn þjóðarinnar viðurkenni rökþrot sín með því að segja sannleikann vafningalaust.

Þó að hinir stritandi sjómenn byðust til þess að vinna kauplaust, yrði að styrkja útveginn, þrátt fyrir þá staðreynd, að hinn íslenzki sjómaður afkastar 6—7-földu verðmæti þjóð sinni til handa, miðað við erlenda starfsbræður sína. Finnst ekki eiginkonunum og húsmæðrunum á verkamanna- og iðnaðarmannaheimilunum, sem eiga að teygja viku- og mánaðarkaup eiginmanna sinna til brýnustu lífsnauðsynja, kaupið vera allt of hátt og líklegt til að sliga atvinnulífið, þar sem enn þá er þó næg atvinna? Ætli stallsystur þessara kvenna á Austur-, Norður- og Vesturlandi, þar sem fyrirvinnan gengur atvinnuog tekjulaus mánuðum saman, sé ekki farið að lengja eftir loforðum hæstv. ríkisstj. um jafnvægi í byggð landsins, og skyldu þær atvinnutekjur ekki vera líklegar til þess að sliga atvinnuog athafnalíf þjóðarinnar?

Þegar meðalfjölskyldur þessara alþýðustétta þjóðfélagsins berjast í bökkum í nægri dagvinnu og með óeðlilegu yfirvinnuálagi um að láta tekjurnar hrökkva vegna ört vaxandi verðbólgu fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, þá er henni ætlað að trúa því, að hér sé um sjálfskaparvíti að ræða, og vilji hún ekki trúa því, þá er bölvaldinum hótað atvinnuleysi og nýjum skattaálögum.

Allar upphrópanir og harmakvein forustumanna hæstv. ríkisstj. og svör við ádeilum Alþfl. voru á einn veg: Vegna 10—11% kauphækkana urðum við að gera þetta o. s. frv. — Vegna þess, hve almenningur baðar í rósum, eru þessir ábyrgu og umhyggjusömu landsfeður illa haldnir af erfiði til þess að bjarga okkur frá aukinni velmegun. Bjargráðin eru í því fólgin, að 1200—1500 kr. skattar til viðbótar öllum þeim, sem fyrir voru, eru lagðir á hvert einasta mannsbarn í landinu. Aðalástæðan til þessara bjargráða að sögn hæstvirtra ráðh. er úrslit vinnudeilunnar s. l. vor, og það er því rétt að víkja að þeim örfáum orðum.

Þegar Alþ. kom saman haustið 1954, lagði Alþfl. fram þáltill. þess efnis, að ríkisstj. yrði falið að gangast fyrir athugun á verðlækkunum nauðsynjavarnings. Alþfl. lét þess getið við umr. um þessa till., að sýnt þætti, að verkalýðssamtökin yrðu knúin til þess að fá uppborna þá kjaraskerðingu, sem orðið hefði vegna sívaxandi verðbólgu og dýrtíðar. Ríkisstj. lét þessa aðvörun sem vind um eyrun þjóta. Og fjórum mánuðum seinna, þegar fulltrúar verkalýðssamtakanna fóru á fund hennar í janúarmánuði, hafði hún enn enga till. í þessum málum og var ekkert farin að athuga neina möguleika á verðlækkunum, en óskaði einungis eftir, að frestað yrði öllum aðgerðum af hálfu verkalýðssamtakanna. Og ríkisstj. fékk þennan frest í rúman mánuð, en allt kom fyrir ekki. Enn sat við sama úrræðaleysið. Það var ekki fyrr en samningaviðræður voru hafnar, að svar ríkisstj. um verðlækkun barst, og svarið var einfaldlega: Ekkert hægt að lækka.

Það virðist því þurfa kaldrifjun til að halda því fram nú, að það hafi verið verkalýðssamtökin, sem höfnuðu verðlækkunarleiðinni, eins og Morgunblaðið og Vísir hafa gert.

Á það er að vísu bent, að kommúnistar hafa aldrei viljað annað en beina kauphækkun í krónutölu til þess að ýta dýrtíðarhjólinu af stað, og sjálfur er ég meðal þeirra, er hafa þá skoðun. Hitt er jafnljóst, að hafi kommúnistar viljað það, þá tók ríkisstj. af þeim vandann um að segja endanlega til.

Verkalýðssamtökunum var því gerður nauðugur einn kostur að krefjast kauphækkunar í krónutölu, þar sem þeim er sniðinn ákveðinn stakkur til þess að mynda kröfur sínar samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Krafan um að fá fram kjarabætur með lækkuðu verði nauðsynjavarnings varð samkvæmt þessum lögum að berast fram sem ósk til ríkisstj., þar sem

valdið til þess var í hennar höndum. Þessari ósk neitaði ríkisstj., vegna þess að henni var nauðsynlegt að fá fram kauphækkun til þess að skýla þeim aðgerðum, sem stjórnarliðið hefur verið að framkvæma hér á hv. Alþ. nú síðustu daga.

Milliliðirnir og braskararnir, sem svo oft virðast einráðir í Sjálfstfl., höfðu krafizt bættrar aðstöðu fyrir iðju sína. Við þeim kröfum hefur verið orðið í mynd hækkaðs verðlags og hlutfallslega hækkaðrar álagningar, álagningarfrelsis.

Fyrir þeim kommúnistum, sem aldrei hugsa um nema pólitiskan hagnað, vakti það fyrst og fremst að fá af stað sem mestan glundroða, því að í gruggugu fiska þeir bezt, og ríkisstj. aðstoðaði þá mjög dyggilega.

Verkalýðshreyfingin hefur þannig orðið að skotspæni þessara tveggja öfgaafla í þjóðfélaginu til þess að ná fram annarlegum markmiðum, óviðkomandi hagsmunum hins vinnandi manns. Það reynist hér eins og oftast áður, að þeir, sem vildu í raun og sannleika veita launafólkinu stuðning til þess að rétta hlut sinn, voru Alþýðuflokksmenn. Til sönnunar þessu nægir að benda á þá stefnu, sem Þjóðvfl. hefur tekið í þessum málum, en hann lýsti sig eindregið fylgjandi verðlækkunarleiðinni, og vitað er um fjölda þm. meðal stjórnarliðsins og kommúnista, sem telja þetta nú einu færu leiðina, en fá ekki aðstöðu til þess að láta skoðanir sínar í ljós vegna ofríkis ríkisstjórnarinnar, sem saltar öll slík mál hér í þingnefndum.

Fullyrðingar stjórnarliðsins um, að kommúnistar einir hafi ráðið því, að verkalýðsfélögin lögðu til þessarar baráttu, eru vísvitandi blekking. Öll verkalýðsfélög, sem til deilunnar lögðu, ákváðu það með miklum meiri hluta atkvæða og mörg einróma, en vitað er, að í mörgum þessara félaga ráða kommúnistar ekki úrslitum. Það er a. m. k. varasamt fyrir forustumenn hæstv. ríkisstjórnar að stimpla kommúnistum alla þá, sem ötullegast börðust fyrir sem mestum árangri í þessari nauðvarnarbaráttu hins vinnandi fólks, og það verður ekki skrifað á reikning þessa fólks, þó að öfgaöflin til hægri og vinstri í stjórnmálunum vilji notfæra sér versnandi lífskjör þess til pólitísks ávinnings.

Ég tel ekki nauðsynlegt að hrekja hér enn á ný allan þann róg og níð, sem hellt var yfir það fólk, sem í vinnudeilunni stóð, en þó sérstaklega okkur iðnaðarmenn, af forustumönnum stjórnarinnar. Það mun geymt og engu gleymt.

Alþfl. hefur ekki látið sitja við það eitt að benda á farsælustu leiðina til heilbrigðra kjarabóta í dægurbaráttu verkalýðsfélaganna. Þingmenn flokksins hafa borið fram og beitt sér fyrir á Alþ. flutningi 15 frumvarpa og þingsályktana, allra í þeim tilgangi að vernda hag og tryggja velgengni fólksins gegn hinum skefjalausu skattaálögum, sem núverandi valdhafar hafa leitt yfir hana undir merkjum frelsisins. Meðal þessara mála eru frv. um verðlagseftirlit og verðlagsdóm, lögfestingu 12 stunda hvíldartíma togaraháseta, um olíueinkasölu, sömu laun karla og kvenna, um félagsheimili verkalýðsfélaga og verkalýðsskóla, svo að nokkuð sé nefnt. Þessari stefnu mun Alþfl. fylgja ótrauður og ekki hika við að vinna þessum málum í heild allt það, sem þingleg aðstaða hans leyfir hverju sinni.

Íslenzk alþýða. Sú staðreynd blasir nú við naktari en nokkru sinni fyrr, að allri alþýðu landsins er nauðsyn á sterkum ítökum hér á löggjafarsamkomunni. Það er og jafnframt nauðsynlegt, að ekki séu í frammi hafðar neinar sjálfsblekkingar um, að nýir stjórnmálaflokkar eða félög leysi þennan vanda, þó að stofnuð séu í yfirskini þess að sameina vinstri öflin í landinu, eins og stundum heyrist. Það detta heldur engar nýjar stjörnur, sem leysa þennan vanda. Slíkt verður aðeins til frekari sundrungar og um leið vatn á myllu íhaldsaflanna. Það sannar dýrkeypt reynsla nú þegar. Þessi vandi verður ekki leystur nema á einum stað, við kjörborðið í næstu kosningum. Þar verður allt vinnandi fólk til sjávar og sveita að fylkja sér um þann flokk, þar sem það er öruggt um að fá sjálft að ráða, hverjir fulltrúar þess eru, með meirihlutaatkvæðagreiðslu innan sinna vébanda. Sá flokkur einn, sem uppfyllir þessi skilyrði, er Alþfl., og undir merkjum hans hafa haldbeztu árangrarnir náðst, á sama hátt og þegar fylgi hans hefur minnkað, hefur hagur fólksins jafnan versnað. Þessum staðreyndum verður erfitt að komast fram hjá.

Við þurfum ekki að fara í neinar grafgötur um, að þegar lokasóknin við næstu alþingiskosningar verður háð gegn ásælni og spillingu, þá verður að heyja þá baráttu á grundvelli stefnu jafnaðarmanna. Þessar staðreyndir hefur alþýða nágrannalandanna gert sér ljósar. Á Norðurlöndum, Bretlandi og í vel flestum löndum Vestur-Evrópu eru jafnaðarmenn ýmist í meiri hluta eða svo þróttmikilli stjórnarandstöðu, að taka verður tillit til þeirra. Þar mundi valdhöfunum ekki haldast uppi með hótanir um skattaálögur og atvinnuleysi í því skyni að fá fram vantrú á samtakamætti verkalýðsfélaganna.

Það kann svo að fara, að ekki líði langur tími til næstu kosninga. Í þeim kosningum reynir á forustumenn allra þeirra þjóðmálaflokka, sem viðurkenna lýðræði og þingræði, en hafa lýst yfir íhaldsandstöðu, hve langt þeir komast í að fylkja liði. Alþfl. hefur þegar gert tilraunir til viðræðna um þessi mál, og árangurinn heyrðist í umræðunum s. l. mánudagskvöld, þegar hæstv. forsrh. tók að sér að svara fyrir hönd Þjóðvfl. Óttinn leyndi sér ekki. Í þessari lokasókn verður barizt gegn því öryggisleysi, sem nú ríkir um afkomu almennings, og fyrir jafnræði og betri afkomu allra landsmanna án tillits til þess, hvar þeir búa á landinu eða hvaða störf þeir vinna. Það mun mikið reyna á forustumennina, en fyrst og fremst mun þó reyna á þig og mig, hlustandi góður, hinn almenna kjósanda.

Alþýðuflokksmenn, karlar og konur, vinnum ötullega að því hvert á okkar stað að efla starf flokksins og áhrif. Á þann hátt tryggjum við samtíð og framtíð bezt gegn illum áhrifum öfganna til beggja handa.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Af málflutningi sumra stjórnarandstæðinga mætti ætla, að engin ærleg taug væri til í núverandi ráðherrum né nokkrum þeim þing-

manni, er styður hæstv. ríkisstjórn. Svo að tínd séu til nokkur málblóm úr jurtapottum þeirra, þá eru ráðherrar og alþm. stjórnarflokkanna kaupahéðnar, verðbólgubraskarar, mútuþegar og Grimsby-lýður, afætur og ræningjar, sem eiga það hjartans mál eitt að mergsjúga og þrautpína verkamenn, en hlaða auði og skattsviknum ofsagróða undir fáeina forréttindamenn og auðkýfinga, allt til þess að njóta þeirrar fróunar að sjá alþýðu Íslands svelta heilu hungri.

Íslenzka þjóðin er mikil sagnaþjóð og alþýðumenning hennar á hærra stigi en þekkist með öðrum þjóðum. Og nú er mér spurn: Til hverra eru stjórnarandstæðingar að tala með þessum mannskemmandi gífuryrðum? Hverjum ætla þeir að trúa því, að þjóðmálaleiðtogar, sem margir hafa varið starfsþreki heillar ævi til að vinna þjóð sinni, séu þvílíkt undarlegt sambland af illmennum og fávitum? Ef stjórnarandstæðingar eru að tala til íslenzkrar alþýðu og ætlast til, að hún leggi trúnað á þessar lýsingar, þá eru ræðuhöld þeirra og stóryrði óskammfeilin móðgun við íslenzka alþýðumenningu og dómgreind fólksins.

Nei, íslenzk stjórnmál í dag snúast ekki um það, að forustumenn þjóðarinnar séu heimskir og illa innrættir. Við skulum ætla og vona, að alþingismenn yfirleitt vilji þjóð sinni vel og reyni að leggja það til mála, sem þeir telja sannast og réttast. Að vísu er einn hópur manna átakanlega gagnsýrður af siðalögmálum hins alþjóðlega kommúnisma, svo að um fornar og nýjar dyggðir eru þeir á annarri bylgjulengd en venjulegt fólk. En látum það liggja á milli hluta hér.

Það vandamál, sem íslenzkir stjórnmálamenn eiga við að glíma í dag, er atvinnu- og fjárhagskerfi landsins. Það er óneitanlega gengið úr skorðum. Það er staðreynd, að fiskveiðar landsmanna bera sig ekki í dag. Um þetta liggja fyrir margvísleg opinber gögn, m. a. reikningar bæjarútgerðanna í landinu. En hver er ástæðan til þessa hallarekstrar og hvaða leiðir eru finnanlegar og færar til þess, að útgerðin megi bera sig? Þar greinir menn á. Og fyrsta spurning, sem í hugann kemur, er þá þessi: Er útgerðinni illa stjórnað? Væri hún betur komin í höndum annarra en þeirra, sem nú gera út? Eða þurfum við annað rekstrarform? Áður fyrr heyrðist oft, að bjargráðið væri þjóðnýting togara og báta. Nú bólar miklu sjaldnar á þeirri kenningu, enda tjóar engum að halda því fram, að opinber rekstur fiskiskipanna yrði til þess, að þau bæru sig. Við höfum þegar allmörg opinber útgerðarfyrirtæki. Ýmsum þeirra er ágætlega stjórnað, en reynslan sýnir, að halli þeirra er sízt minni en hjá útgerð einstaklinganna, svo að ekki sé meira sagt.

Því hefur verið hreyft hér í umr., að útgerðarmálin mundu leysast með því að taka upp nýtt félagsform fyrir útgerð, framleiðslusamvinnufélög. Um það skal ég ekki dæma, en sjálfsagt er að reyna þá leið líka við hlið annarra. En það ætla ég mála sannast, að íslenzkir útvegsmenn hafi sýnt dugnað og fyrirhyggju í starfi og eigi fremur skilið lof en last.

Næsta spurning, sem rís, er, hvort útvegurinn geti fengið hærra verð fyrir fisk og fiskafurðir en nú fæst. Mest af afurðunum er selt til útlanda, og þar ráðum við ekki verðlagi, en við getum sýnt ötulleik í öflun hinna beztu markaða, og er unnið ósleitulega að því í mörgum löndum, en mikið af fiskinum er unnið í landi, í frystihúsum og öðrum vinnslustöðvum. Í því efni er mikilsvert, að útvegsmenn eigi vinnslustöðvar eða hluti í þeim, eins og nú er orðið töluvert um. Togaraeigendur í Reykjavík hafa fyrir forgöngu bæjarútgerðarinnar sótt um kaup á fiskiðjuveri ríkisins til þess að fullkomna það og auka afköst þess. Eru nú horfur á, að úr þeim kaupum verði. Fiskvinnslustöðvar eru oft og víða ekki starfræktar nema tæpan helming sólarhringsins. Það er tjón fyrir þjóðfélagið, að nýtingartími þessara dýru og afkastamiklu véla og tækja skuli ekki vera lengri. Það þarf að vinna að því, að þessi hús og tæki verði í gangi, þegar hráefnið er til, allan sólarhringinn með vaktavinnu til hagsbóta fyrir alla aðila.

Hv. stjórnarandstæðingar segja, að ýmsir milliliðir mergsjúgi útgerðina og með því að svipta þá þessum ofsagróða verði allt í lagi.

Ég hef farið nú á ný yfir reikninga nokkurra af togurum bæjarútgerðar Reykjavíkur til að aðgæta, hversu miklu nemi þessir liðir, sem sagt er að svo sé okrað geigvænlega á. Það verður fyrst fyrir, að langsamlega stærsti útgjaldaliður togaranna er kaup og fæði skipverjanna. Ég býst ekki við, að stjórnarandstæðingar vilji láta lækka kaupið né draga úr fæðinu. Næsti liður er kostnaður í höfn hér og erlendis, að langmestu leyti vinnulaun og innflutningstollar erlendis, sem við ráðum ekki við. Þá eru næst tryggingagjöld, en það er samtrygging íslenzkra botnvörpunga eða samvinnu- og sameignarfélag togaranna sjálfra, sem annast þá tryggingu. Þá kemur fyrning, 8½%, og má hún vissulega ekki minni vera.

Þessir liðir, sem ég hér hef talið, eru langsamlega mikill meiri hluti útgerðarkostnaðar togaranna. Það eru þá eftir þrír liðir, sem mætti ætla að þetta mikla okur eigi sér stað á, þ. e. kaup á veiðarfærum, olíu og svo viðgerðir skipanna. Að því er snertir viðgerðir skipanna, þá er það svo hjá bæjarútgerð Reykjavíkur, að sérstakur vélaeftirlitsmaður hefur það starf eitt að fylgjast nákvæmlega með því, að þar sé allt rétt og samvizkusamlega gert í viðgerðum og reiknað með réttu verði. Varðandi veiðarfæri annast útgerðin sjálf innkaup á miklu af veiðarfærum, og þannig er það með **bátaútveginn, að landssamtök útvegsmanna hafa sína eigin innkaupadeild,** sem annast í sífellt vaxandi mæli innkaup til útgerðarinnar. Þá er það olían, sem oft er mest haldið á lofti. Varðandi þetta útgerðarfyrirtæki, sem ég nefndi, þá er bæjarútgerðin eins og fleiri togaraeigendur stór hluthafi í Olíufélaginu ásamt samvinnufélögum landsins. Hún er því að nokkru leyti að verzla við sjálfa sig með viðskiptum við það félag. En að því leyti sem bæjarútgerðin skiptir við hin olíufélögin, þá er þar sama verð og sömu kjör og hjá Olíufélaginu.

Þegar litið er yfir þessa stærstu útgjaldaliði og málið skoðað ofan í kjölinn, þá ætla ég, að harla lítið standi eftir af gífuryrðum stjórnarandstæðinga um hinn mikla milliliðagróða, sem

sé aðalorsök að rekstrarhalla útvegsins. En þótt lítið verði úr þessum fullyrðingum, þá er engu að síður sjálfsagt að kanna til hlítar, hvort álagning eða hagnaður einhverra aðila sé meiri en hóflegt er, og þess vegna hafa þm. Sjálfstfl. borið fram till. á Alþ. um allsherjarrannsókn á svokölluðum milliliðakostnaði.

Hæstv. forsrh. og fjmrh. hafa rökstutt rækilega í þessum umr. gerðir þings og stjórnar í þessu vandamáli og skýrt ástæður til þess, að stjórnarflokkarnir hafa valið þá einu leið, sem talin er fær nú, og það eru nýjar álögur til að greiða rekstrarhalla útvegsins. Að vísu er mjög deilt um það, hvort hinar nýju álögur séu óþarflega miklar. Um sumar þeirra er ógerlegt að fullyrða fyrir fram, hve miklu nemi. En það er skylda þeirra, sem ábyrgðina bera, að sjá fyrir nægum tekjum, til þess að útgerðin geti gengið, og í því efni verður fyrst og fremst að byggja á áætlunum þeirra ráðh. og sérfræðinga, sem þær hafa gert eftir nákvæma rannsókn og beztu vitund.

En hver eru þá úrræði stjórnarandstæðinga? Vilja þeir gengislækkun? Nei, það vilja þeir ekki. Vilja þeir kauplækkun? Nei, það vilja þeir ekki. Nýja tekjuöflun til að standa undir hallanum? Nei, það vilja þeir ekki. Hvert er þá bjargráð þeirra? Jú, eitt er allra meina bót, vinstri stjórn, stjórn hinna vinnandi manna, Hermanns og Hannibals. Þá er málið leyst. Þetta hafa þeir örugglega reiknað út, þessir miklu reiknimeistarar, af engu minni fimi en sjálfur Sólon Íslandus, þegar hann að sögn Davíðs Stefánssonar reiknaði tvíbura í eina afrikanska, og var annar hvítur og hinn svartur.

Nú má að vísu lengi ræða jafnskemmtilegt rannsóknarefni og vinstri og hægri. Í hinni helgu bók, bibliunni, segir pédikarinn: „Hjarta viturs mann stefnir til hægri, en hjarta heimskingjans til vinstri.“ En annars er hugtakabrenglið með hægri og vinstri orðið allkátbroslegt. Upphaflega mun vinstri pólitík hafa táknað frjálslyndi og framsókn. Nú er svo komið, að hið ófrýnilegasta afturhald, kúgun og skefjalaust ófrelsi vill kalla sig vinstri stefnu, og nú er það umræðuefni víða um heim, hvort Poujade hinn franski, sem vill afnema alla skatta og lætur þm. sína sverja sér blinda hlýðni og hollustu að viðlagðri hengingu, sé lengst til hægri eða lengst til vinstri. Og hvernig mundi svo starfið og stefnan vera, ef þessari svokölluðu vinstri stjórn yrði einhvern tíma hleypt af stokkunum? Hér er skammur tími til að lýsa öllu því brambolti og árekstrum, sem yrðu innanborðs á þeirri fleytu, en eitt vil ég segja þeim þúsundum manna, sem vantar íbúðir og bíða með óþreyju eftir sómasamlegu húsnæði, að stærsti flokkurinn í væntanlegri vinstri stjórn, Framsfl., telur það nú aðalmein Íslendinga, hve mikið sé byggt af íbúðum. Það virðist því vera höfuðkrafa Framsfl. við myndun slíkrar stjórnar og forsenda hennar, að stórlega yrði dregið úr íbúðabyggingum.

En hvernig á að halda verðlagi í skefjum, halda hóflegri álagningu og dreifingarkostnaði? Reynsla flestra annarra þjóða er sú, að heilbrigt verðlag fæst til lengdar hvorki með ströngu verðlagseftirliti né með einokun, heldur með heilbrigðri samkeppni og frjálsri verzlun. Það er farið í kringum verðlagsákvæðin, og svartur markaður blómgast í skjóli þeirra. Og einokun er háskaleg fyrir almenning, hvort sem hún er ríkiseinokun eða hringamyndun fyrirtækja, sem útiloka samkeppni.

Fyrir okkur Íslendinga er tímabært orðið að fá löggjöf til verndar frjálsri, heilbrigðri verzlun gegn voldugum verzlunar- og auðhringum. Bandaríkin riðu á vaðið fyrir mörgum árum, síðar komu Bretar. Á síðustu tveim árum hafa bæði Danir og Svíar endurskoðað löggjöf sína og sett nýja til að koma í veg fyrir ofurveldi og einokunaraðstöðu forréttindaaðila og til þess að vernda og tryggja hina frjálsu samkeppni, sem þessar þjóðir telja að færi almenningi bezta vöru við lægstu verði. Sérstakt ráð vakir yfir framkvæmd þessara mála, bæði í Svíþjóð og Danmörku. Ég tel nauðsynlegt, að Alþ., sem nú situr, láti undirbúa slíka löggjöf hér á landi.

Ágreiningurinn milli landsmanna, milli stétta innbyrðis um laun, um skiptingu arðsins, er eitt okkar mesta vandamál, sem leiðir oft til langvarandi vinnustöðvana til óbætanlegs tjóns. Hvað eftir annað hriktir í stoðum hins íslenzka þjóðfélags út af slíkum átökum. Það er vissulega orðin fullkomin nauðsyn, að þjóðfélagið geri allt, sem í þess valdi stendur, til þess að koma á meiri skilningi og samkomulagi milli stéttanna innbyrðis, milli vinnuveitenda, hvort sem það eru einstaklingar eða opinberir aðilar, og verkalýðssamtakanna. Lögin um sáttatilraunir á sínum tíma og vinnulöggjöfin síðar miðuðu vissulega í rétta átt. En það eru margar fleiri leiðir, sem koma til greina. Sjálfstæðismenn hafa á stefnuskrá sinni að koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi í atvinnurekstri. Og fyrir þinginu liggur nú till., flutt af 3 þm. Sjálfstfl., í þá átt að athuga, á hvern hátt þing og stj. geti stuðlað að eflingu slíks fyrirkomulags. Ef hægt er að finna leið til þess, að verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn og aðrir starfsmenn yrðu ýmist meðeigendur eða meðstjórnendur í atvinnufyrirtækjum, um leið og unnt yrði að halda grundvelli hins frjálsa athufnarekstrar og kostum hans, en forðast ágalla þjóðnýtingarinnar, þá væri mikið og stórt skref stigið til aukins vinnufriðar.

Síðasta Alþ. samþ. að fela ríkisstj. að stofna til samvinnu við atvinnurekendur og kaupþegasambönd um skipulagningu vinnubragða og vinnukjara, og er það góðra gjalda vert. En nú er ástandið þannig, að fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna eiga litlar viðræður og samskipti, nema þegar kaupgjaldsdeilur eru í aðsigi. Verulegar samningaviðræður hefjast oft og tíðum ekki fyrr en báðir aðilar eru búnir að magna lið sitt til að standa fast á sínum málstað. Síðan er deilt og karpað vikum og mánuðum saman, oft koma langvarandi vinnustöðvanir, og loks þegar allir eru orðnir dasaðir, fæst einhver lausn, eftir að þjóðfélaginu hefur stundum nær blætt til ólífis. Hér þarf að breyta um og það á tvennan hátt. Annað er að stofna til stöðugrar samvinnu, viðtala og kynningar milli forráðamanna stéttarfélaga og vinnuveitenda, ekki þannig, að hlaupið sé til, þegar vinnudeila er yfirvofandi, heldur eigi slík samvinna sér stað allan ársins

hring með reglubundnum samtalsfundum. Tilgangurinn með þessu er, að vinnuveitendur kynnist óskum verkamanna um bætt lífskjör, bæði varðandi kaupgjald, vinnuvernd og annað, og jafnframt að verkamenn fái glöggar upplýsingar um fjárhag og afkomu atvinnuveganna. En jafnframt þessu þyrfti í sambandi við slíka samvinnu að fara fram nákvæm hagfræðirannsókn á hverjum tíma um afkomu og greiðslugetu atvinnuveganna og um það, hvaða kaupgjald þeir þola. Um leið og atvinnurekendur geta með réttu haldið því fram, að kaupgjald megi ekki hækka, þegar atvinnuvegurinn sannanlega þolir það ekki, eins er hitt sjálfsagt mál, að þegar afköst aukast og afkoma atvinnugreina batnar, þá eiga starfsmennirnir rétt á því að gerast þátttakendur í þeim hagnaði.

Góðir hlustendur. Núverandi ríkisstj. hefur undir forustu formanns Sjálfstfl., Ólafs Thors, hrundið áleiðis mörgum stórvirkjum á sviði húsnæðismála, raforkumála og fleiri markverðra þjóðmála. Ef þeim öflum verður ágengt, sem sundra vilja núverandi stjórnarsamvinnu, skulum við vinna að því, væntanlega að undangengnum nýjum kosningum, að hér taki ekki við völdum svokölluð vinstri stjórn, máttvana og sjálfri sér sundurþykk, heldur frjálslynd og víðsýn umbótastjórn sjálfstæðismanna, sem stýrir þjóðinni styrkri hendi áfram veginn til vaxandi hagsældar og menningar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mikið ósköp er nú raunalegt að heyra hv. Alþfl.-þm. Eggert Þorsteinsson, sem enn hefur ekki gert upp við sig, hvort hann ætlar að teljast til vinstri eða hægri krata, kreista upp úr sér skæting í garð okkar sósíalista. Hann þykist þess umkominn að bera á okkur íhaldssamvinnu. Ja, hvað er að heyra! Er ekki þessi hv. þm. sjálfur formaður í sínu stéttarfélagi með bandalagskosningu við íhaldið? Og var það ekki hann, sem vildi koma íhaldsmönnum í sjálfa Alþýðusambandsstjórnina?

Það leynir sér ekki í þessum umr., að till. okkar sósíalista um að skattleggja milliliðagróðinn til stuðnings útgerðinni í stað þess að leggja drepþunga skatta á almenning í landinu hafa komið óþyrmilega við stjórnarflokkana.

Í tilefni af ummælum hv. 7. þm. Reykv., Gunnars Thoroddsens, sem hér var að ljúka máli sínu, vil ég algerlega mótmæla því, að stjórnarandstaðan hafi lýst ráðherrana Grimsby-lýð eða misindismenn. Þetta er með öllu staðlaust. En hitt vil ég minna hann á, að hæstv. forsrh. snerist hér á hæli í ræðustólnum í fyrrakvöld með tilheyrandi handaslætti og ruddi úr sér flóði af stóryrðum og fúkyrðum um stjórnarandstöðuna. Og það er þá kannske rétt að minnast á nokkur þessara fúkyrða. Hann segir andstæðinga sína berstrípaða, rýra, raunalega, fálmandi og úrræðalausa, sanna að fláttskap, getulausa, gagnslausa og með vaðal um milliðagróða og vilja ræna ríkið og bankana. Þessi var hógvær og prúðmennska hans.

En hver voru rökin gegn till. okkar, sem brunnu svo mjög á hans viðkvæma hörundi? Neitaði hann því, að bankarnir græddu 50 millj. á ári? Nei, enda ekki vel gott, þar sem opinberir reikningar eru til frásagnar um það. En hann fullyrti aðeins, að það væri þjóðarböl, að bankarnir væru of fátækir. Gróði bankanna hér er margfalt meiri en í nokkru nálægu landi, þegar tillit er tekið til þjóðartekna. Ég skora á stjórnarflokkana að nefna dæmi um hliðstæðan bankagróða, t. d. á Norðurlöndum. Bankavextir eru líka hér 7—7½%, en 2—3½% í Noregi. Hér stendur forsrh. því uppi rökþrota, og stóryrði hans um, að ræna eigi bankana, eru sprottin af sömu ástæðu og þegar menn ætla að láta hávaðann einan saman sanna mál sitt.

Rök forsrh. um olíugróðann voru þó enn kostulegri. Auðvitað reyndi hann ekki að hnekkja tölum mínum né neita gróða félaganna. Nei, en hann sagði, að útgerðarmenn ættu olíufélögin sjálfir, nema hvað samvinnumenn ættu eitt félagið, þeir gætu því okrað á olíusölunni á sjálfum sér eins og þeir vildu. Það mál kom ekki við hann, hæstv. forsrh.

Þessi málflutningur er hinn furðulegasti. Sem sagt, af því að nokkrir íhaldsútgerðarmenn eiga olíufélögin, menn, sem eru útgerðarmenn rétt að nafninu til, reka útgerð í hjáverkum, þá mega þeir okra á olíusölunni til 400 fiskibáta, 40 togara og alls almennings í landinu, sem vitanlega á ekkert í þessum auðfélögum. Er nú hægt fyrir forsrh. landsins að leyfa sér svona málflutning?

Það var líka greinilegt, að hæstv. fjmrh. var ekki ánægður með þessa frammistöðu forsrh. Hann fann réttilega, að landsmenn mundu krefjast haldbetri raka fyrir því, að stj. neitar að fallast á till. sósíalista um skatt á milliliðina. Fjmrh. streittist við staðreyndirnar, en komst þó varla betur frá málinu en forsrh. hafði gert. Ekki hafði hann eitt einasta orð að segja um olíuverðið, ekkert um það, að olían er 70% dýrari hér en í nálægum löndum, enda ekki vel gott að glíma við þá staðreynd. En félögin eru auralaus, segir ráðherrann. Jæja, hafa þau verið auralaus á undanförnum árum, þegar þau byggðu tankstöðvar og dreifingarkerfi þrefalt meira og dýrara en þörf var á, fyrir marga tugi millj. kr.? Hvaðan kom allt það fé? Og er ekki það olíufélagið, sem hæstv. fjmrh. ber mest fyrir brjósti, einmitt um þessar mundir að festa kaup á olíuflutningaskipi, sem kosta mun um 80 millj. kr. eða rúmlega jafnmikið og allur nýsköpunartogaraflotinn kostaði á sínum tíma? Jú, það er einmitt þetta, sem er að gerast núna.

Og svo vilja kommúnistar, sagði ráðherrann, taka 80—90% af eignum skipafélaganna með því að leggja 15 millj. á öll flutningaskipafélögin. Eimskip er þessara félaga stærst. Það hefði sennilega þurft að greiða skatt eftir okkar till. um 8—9 millj. kr. Samkvæmt reikningum Eimskips á félagið 68 millj. skuldlausar, og þá eru skip félagsins aðeins talin á smávægilegu verði. Þá eru t. d. Brúarfoss og Selfoss taldir á 5 þús. kr. hvor, eða báðir á sama verði og eitt sófasett. Þá eru Tröllafoss, Goðafoss, Dettifoss og Lagarfoss taldir til eigna á 250 þús. kr. hver eða á sæmilegu trillubátsverði. Ef skip félagsins væru talin á réttu verði, væru eignirnar aldrei undir 200—250 millj. kr. Þetta ætti líka fjmrh. ekki að koma neitt á óvart, því að ekki man ég betur en að

dagana fyrir síðustu kosningar sannaði blað hans, Tíminn, að Eimskip hefði grætt 125 millj. kr. á vöruflutningum til landsins á nokkrum árum. Á síðasta ársreikningi Eimskips er skráð, að félagið eigi í sjóðum, bara í peningum, 38 millj. kr., svo að ekki er það með öllu auralaust.

Er það nú ekki nokkuð mikið, Eysteinn Jónsson, að færast það í fang að ætla að sanna, að t. d. Eimskip geti ekki greitt 8—9 millj. kr. í aukaskatt? Og hin skipafélögin gætu víst ekki síður en Eimskip greitt sinn hluta. Ég vil sérstaklega taka það fram, að mér og okkur sósíalistum er ekki á nokkurn hátt illa við Eimskipafélagið, nema síður sé. Við bendum aðeins á staðreyndir og teljum, að þeir, sem hagnast mikið, eigi fremur að láta nokkuð af sínu heldur en fátæku fólki sé íþyngt meira en orðið er.

Um till. okkar um að skattleggja hernámsgróðann hafa stjórnarflokkarnir ekki þorað að segja eitt einasta orð.

Ræðumenn ríkisstj. viðurkenna fúslega, að efnahagsmálin séu komin í öngþveiti og að ný alda dýrtíðar sé að hvolfast yfir þjóðina. Húsið brennur, segir forsrh. í framhaldi af brunaræðu þm. Barð., og það voru kommúnistar, sem kveiktu í. Ósköp minnir þetta mann mikið á það, þegar nazistar forðum kveiktu í ríkisþinghúsinu og æptu svo út um allan heim, að kommúnistar hefðu kveikt í.

Kommúnistaflokkurinn, þessi litli flokkur, þessi minnkandi flokkur, þessi áhrifalausi flokkur, svo að lýsingar Ólafs Thors séu notaðar, á að hafa afvegaleitt þjóðina. Hann hefur látið taka ráðin af hans sterku stjórn. Hann hefur ráðið stefnunni í efnahagsmálunum, og í rauninni er það hann, þessi kommúnistaflokkur, sem nú er að leggja á þjóðina nýja skatta.

Þetta er kostuleg kenning. Lítill flokkur, aumur flokkur, getulaus flokkur, fylgislaus flokkur, síminnkandi flokkur, en hann ræður bara öllu.

Nei, svona „billega“ sleppa stjórnarflokkarnir ekki frá sínum eigin verkum. Skömmin skal hanga á þeim í bak og fyrir eins og fanganúmer á þeim seka.

En hvað hefur eiginlega verið að gerast í þjóðfélaginu á undanförnum árum? Hefur ríkisstj. ekki haft óskorað þingvald? Jú, 37 þingmenn af 52. Hefur hún ekki ein ráðið peningapólitík bankanna? Hefur hún ekki haft alræði í verzlunarmálunum, útflutningsverzlun og innflutningsverzlun? Hefur hún ekki haft stuðning atvinnurekenda í landinu, og hefur hún ekki haft 70 af hverjum 100 kjósendum í landinu á bak við sig, eins og forsrh. sagði? En hvað hefur þá skort? Form. Framsfl. hefur viðurkennt hið rétta. Stjórnin hefur ekki haft tiltrú hins vinnandi fólks í landinu. Það er það, sem hefur verið að. Stjórnin hefur legið í látlausri innanlandsstyrjöld við vinnandi fólk, og meðan svo er, getur hún ekki stjórnað landinu. Þetta er kjarni málsins. Traust milliliða, okrara, atvinnurekenda og annarra slíkra nægir ekki. Það þarf traust sjómannanna, sem fiska fiskinn. Það þarf traust hins vinnandi skara í landinu, en það traust hefur núverandi stjórn ekki, og það traust fær hugmyndastjórn hægri krata og hægri framsóknarmanna ekki heldur. Traustið skapast fyrst við beint og undanbragðalaust samstarf við félög og félagasamtök verkamanna og sjómanna í landinu.

Það eru heldur kaldar kveðjur, sem sjómannastéttin fær frá stjórnarliðinu nú um þessar mundir. Sjómenn á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum fá að heyra, að stjórnin sé búin að semja erlendis um, að ekki megi færa út friðunarlínuna fyrir þessum landshlutum um óákveðinn tíma, og þetta er gert til þess að friðþægja löndunarbannsmönnunum í Bretlandi. Hin nauma fiskveiðilandhelgi í þessum þremur landsfjórðungum er eitt alvarlegasta vandamál þeirra, sem þar búa, og veldur stórkostlegu misvægi á milli þeirra og Suðvesturlandsins. Sjómenn á þessum svæðum höfðu fastlega vænzt þess, að línan yrði nú færð út, þar sem liðið er nú á fjórða ár frá útfærslunni hér sunnanlands, en raunin varð önnur.

Þá hafa togarasjómenn og bátasjómenn mátt hlusta á þann lestur stjórnarliðsins, að þeir gerðu of háar kröfur um laun til framleiðslunnar. Á þessu er stagazt, þó að vitanlegt sé, að tap meðaltogara nemi uú um það bil sömu fjárhæð og allt kaup skipshafnarinnar. Á bátunum er þetta þó miklu meira. Allt kaup bátasjómanna og þeirra, sem eru hlutráðnir í landi, nemur rétt rúmlega helmingi þess styrks, sem greiddur er með bátaútgerðinni. Svo er verið að tala um, að fólkið geri of háar kröfur til framleiðslunnar, og ofan á þetta kemur svo Framsókn með þá speki, að samvinnuútgerð geti bjargað öllu saman. Nei, á meðan ríkissjóður, bankar og milliliðir taka til sín jafnmikinn hluta af útgerðinni og nú er, getur enginn samvinnurekstur bjargað neinu, og enginn sjómaður getur hlustað á slíkt. Og meira að segja samvinnufrystihúsin, sem nú eru rekin í tugatali um allt land, geta ekki heldur skilað hagnaði, en flest þeirra eru að þrotum komin, eins og Eysteinn viðurkenndi í ræðu sinni á mánudagskvöldið, vegna þess að hann með ríkið og hinir með bankana og milliliðina taka of mikið.

Góðir hlustendur, eins og þið hafið heyrt, riðar núverandi stjórn til falls. Framsóknarráðh. eru orðnir logandi hræddir, þeir tvístíga eða ráfa eiðarlausir um gólf á stjórnarheimilinu. Annan daginn eru þeir ákveðnir að slíta sambúðinni við íhaldið og hneigjast þá að vinstri stjórn, hinn daginn tekur slenið þá og þeir hafa ekki kjark til neins og hanga þá aftan í íhaldinu. Framsókn er dauðhrædd við kosningar. Hún veit upp á sig skömmina. En hvað skal gera? Áframhaldandi samstarf við íhaldið jafngildir því fyrir flokkinn að ganga fram af hömrum, eins og þekktur framsóknarmaður orðaði það. Því er borið við, að Framsókn og hægri kratar geti ekki unnið með okkur sósialistum. Þetta er fyrirsláttur. Spurningin er ekki um það. En spurningin er um hitt: Er samkomulag fáanlegt um vinstri málefni? Vill Framsókn breyta frá sinni íhaldspólitík? Hvort væri meira í samræmi við hagsmuni ykkar, sem veittuð Framsókn umboð á Alþ., að skattleggja milliliðagróðann eða skattleggja ykkur sjálf? Hvort væri nær ykkar vilja, að framkvæma stefnu þá, sem Alþýðusambandið hefur kynnt um stórfellda atvinnuuppbyggingu

úti á landi, eða viðhalda verzlunarfrelsi íhaldsins? Það er þetta, sem þarf að svara.

Þau höfuðósannindi hafa verið endurtekin æði oft í þessum umr., að 11% kauphækkun verkafólks frá í vor sé að kenna um alla erfiðleika nú í dag. 11% kauphækkunin hækkaði kaup verkamanns, sem vinnu hefur alla virka daga ársins, 8 stundir á dag, úr 36 þús. kr. í 40 þús., og það er kaupið nú. Trúir nokkur því, að það kaup sligi þjóðfélagið?

Ég vil svo ljúka þessum orðum mínum með því að lýsa furðu minni yfir þeim óhugnanlega tón, sem fram hefur komið í ritstjórnargreinum Morgunblaðsins um þessi mál síðustu dagana. Ritstjórnargrein blaðsins fyrir nokkrum dögum um nýju álögurnar yfir 200 millj. bar yfirskriftina: „Lítill reikningur frá verkföllunum". Og sérstaklega var svo feitletrað í blaðinu, að þessar álögur væru aðeins lítil kveðja frá verkfallinu. Og það má glöggt heyra ánægju- og sigurhlátur blaðritarans yfir því að geta sent frá sér þessa litlu kveðju.

Mér dettur í þessu sambandi í hug lítil frásögn, sem ég heyrði ekki alls fyrir löngu. Hún var um tvo óknyttastráka í bæ einum hér sunnanlands. Þeir höfðu lært nokkrar listir af nútímamenningarlestri, sem útvarpið hafði verið að flytja. Piltarnir höfðu tekið kött kennara síns og drepið hann heldur ómannúðlega, tóku síðan köttinn og hengdu hann á afturlöppunum utan á útidyrahurð kennarans með viðfestu spjaldi, þar sem á stóð: „Með kveðju frá Gregory".

Eitthvað þessu líkt hugsar Morgunblaðsritarinn sér að hafa þetta með nýju skattana. Kippa upp á 7 þús. kr. í nýjum aukaköttum skal hengd upp á hvers manns dyr í landinu, og fylgja skal með leiðari Morgunblaðsins, þar sem stendur: „Með kveðju frá Gregory", og vita þá allir, hver sá Gregory er, sem skattana sendir. Væntanlega þakkar hver hv. kjósandi ríkisstj. fyrir sig eins og honum þykir verðugt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, sagði, að landbrh. berðist fyrir því að leggja niður grænmetisverzlunina. Þetta er algerlega rangt. Það, sem hér er á ferðinni, er frv. til l. um að fela framleiðsluráði, þ. e. a. s. forustu bændastéttarinnar í afurðamálum, að reka grænmetisverzlunina. Hér er verið að flytja fram sjónarmið Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands. Það er alveg óskylt þessu máli, að grænmetisverzluninni hefur verið prýðilega stjórnað. Hér er um skipulagsbreytingu að ræða.

Hv. 7. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, sagði m. a., að stærsti flokkurinn í væntanlegri vinstri stjórn, þ. e. a. s. Framsfl., teldi það helzta böl, að of mikið væri byggt af íbúðum. Af góðgirni er nú mælt. Það sanna í þessu máli er það, að Framsfl. hefur haft forustu um lánastarfsemi vegna íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum og sveitum einnig. Áður en Framsfl. tók upp þessa forustu, var ekkert gert að gagni í þessum málum. Ef Framsfl. réði þessum málum til fulls einn, mundi hann beita sér fyrir því, að með hagkvæmum aðferðum og meiri hófsemi en nú tíðkast yrði hægt að koma upp fleiri íbúðum handa almenningi með minni fjárfestingu en nú á sér stað.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa verið að reyna að krafsa hér í bakkann út af þeirri kenningu sinni, þ. e. a. s. kommúnistarnir, að það væri hægt að verðbæta fiskinn með skipunum og þess vegna þyrfti ekki að leggja á almenning nein gjöld. Hv. 11. landsk. var að þessu hér áðan og sagði, að m. a. vegna þess, að Brúarfoss og Selfoss væru svo lágt bókaðir á reikningum Eimskipafélagsins, væri hægt að gera þetta. En ég skil bara ekki, að það geri neitt mögulegra að borga fiskuppbæturnar með Brúarfossi og Selfossi, þó að þeir séu ekki hærra færðir á efnahagsreikningi en sem svarar einu sófasetti. Það eru rök, sem fara fyrir ofan garð hjá mér.

Ég benti á það í þessu sambandi, sem er alveg óyggjandi og stendur fast, að rekstrarfjárskortur margra þessara félaga, þótt þau séu vel efnuð, sem ættu að láta eignir sínar í fiskuppbætur, er þannig, að bankarnir eru í standandi vandræðum með að sjá þeim fyrir rekstrarfé, þannig að liggur við stöðvun. Hvar eiga þessi félög þá að fá lán út á eignir sínar? Eða ætlast þessir hv. þm. til þess, að þeir borgi fiskuppbæturnar með skipunum, olíutönkunum og skuldabréfunum?

Þetta er ekkert annað en einn blekkingarvefur, svo sem þessum hv. þm. er sjálfum vel ljóst, af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt, því miður, að greiða fiskuppbætur öðruvísi en af sjálfum þjóðartekjunum. Það er ekki hægt að taka þær af eignunum; það verður að greiða þær af þjóðartekjum hvers árs.

Varðandi einstaka þætti þessa máls, t. d. eins og það, að af því að Olíufélagið ætlar að kaupa olíuflutningaskip, þá hljóti það að eiga peninga *í sjóði, sem það geti látið í fiskuppbætur, þá er* það að segja, að Olíufélagið getur ekki keypt þetta skip, nema það fái allt andvirðið að láni eins og það leggur sig. Að maður svo sleppi ekki því, sem má vera eins og innan sviga í þessu sambandi, að *fyrirtæki eins og Samvinnutryggingar* t. d. úthlutar sínum hagnaði. Sama er að segja um skipadeild Sambandsins; að því leyti sem þar verður afgangur umfram afskriftir, þá kemur það neytendunum til góða í sambandi við viðskipti þeirra við samvinnuhreyfinguna. Það er sama, hvar í þetta er gripið. Hér er bara um sjónhverfingar að ræða, því miður. Það væri ekki vandasamt að leysa þessi mál, ef hægt væri að taka einhverja 3—4 aðila í landinu úr og segja: Þið skuluð leggja fram eignir ykkar til að borga fiskuppbæturnar.

Þó að till. hv. 1. landsk. þm., Gylfa Þ. Gíslasonar, sé að mörgu leyti skynsamleg, og vafalaust kemur að því, að það verður að skattleggja verðbólgugróðann í gegnum stórfellda eignarskatta, þá er ekki heldur hægt að borga fiskuppbætur með því móti af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt að innheimta slíkan skatt nema á talsvert löngum tíma, eins og gert var með stóreignaskattinn.

Þá hefur því verið haldið hér fram í umræðunum af Brynjólfi Bjarnasyni og fleiri þm. kommúnista, að nú væri svo komið, að 5 manna fjölskylda ætti að borga 27 þús. kr. í ríkisgjöld og til framleiðslusjóðsins af tekjum sínum. Allir,

sem hlusta á þetta, gætu haldið, að þetta væri þannig, að menn ættu að borga af einkatekjum sínum 27 þús. kr., t. d. maður, sem hefði 50—60 þús. kr. tekjur, ætti að láta 27 þús. af því til ríkisins og í framleiðslusjóðinn. En vitanlega er þetta alls ekki svona. Þetta er herfilegasta blekking, og það vita þeir, sem flytja þetta fram. Dæmið kemur ekki svona út af þeirri einföldu ástæðu, að geysilega mikill hluti af þessum fjárhæðum er borgaður af óskiptu, áður en mönnum eru mældar út tekjurnar í launum. Ég lét fyrir rúmu ári athuga á hagstofunni, hvað borgað væri í ríkissjóð af 40 þús. kr. tekjum, og þá sýndi það sig, að það voru 2700 kr. Að vísu var þá ekki búið að taka til greina það, sem menn greiddu í óvenjulega álagningu á tóbak og áfengi, ef það var notað á heimilinu. En þegar það var tekið frá, þá var greiðslan 2700 kr. Þetta er svolítið önnur mynd og réttari af því, sem láglaunafólk greiðir til ríkisþarfa, en vitanlega breytist þetta og hækkar allt verulega við það, sem nú er verið að gera. En þær tölur, sem þessir hv. þm. hafa verið að nefna í þessu sambandi, eru hreinar blekkingar.

Þá get ég ekki stillt mig um að minnast hér á einn búhnykkinn, sem hv. 8. landsk., Bergur Sigurbjörnsson, hefur minnzt á í þessum umræðum og oft áður á hv. þingi, en það er að afnema söluskattinn. Hann segir, að það eigi að gera þetta til þess að lækka ríkisútgjöldin og að það sé alveg óhætt, því að það lækki ríkisútgjöldin og þá jafnist allt af sjálfu sér.

Söluskatturinn er nú 120 millj. Hann nemur rúmlega 4 vísitölustigum. Vísitalan mundi lækka um rúmlega 4 stig, ef hann væri afnuminn. Hvert stig kostar í útgjöldum ríkissjóðs 1 millj. og 200 þús. til 1½ milljón. M. ö. o.: Ríkissjóður mundi missa 120 millj. kr. tekjur, en sparast mundu 5—6 millj. kr. útgjöld. Helzt mætti ætla af röksemdafærslu hv. 8. landsk., Bergs Sigurbjörnssonar, að það væri mestur búhnykkur fyrir ríkissjóð að afsala sér öllum tollunum og öllum sköttunum til þess að lækka vísitöluna og þannig mundu útgjöldin eyðast af sjálfu sér um leið. Upp á svona speki er mönnum boðið.

Manni hefur skilizt, að þjóðvarnarmönnum væri mjög mikið í mun að fá skrúfað frá útvarpinu þessa dagana til þess að geta látið sitt ljós skína. Það væri því ekki ófyrirsynju, þó að það væri minnzt svona í allri vinsemd á þá sérstaklega og það, sem þeir hafa að leggja til lausnar þeirra vandamála, sem nú liggja fyrir. Þeir lögðu fram í haust till. um vandamál framleiðslunnar, sú till. er óbreytt enn, og henni var lýst með nokkru yfirlæti á mánudaginn var. Þeir virðast nokkuð grobbnir af þessari till. og buðu m. a. upp á, að hún ætti að vera grundvöllur að samstarfi um lausn vandamálanna.

Tillaga þeirra er í sem allra stytztu máli sú að afnema söluskattinn, eins og ég gat um áðan, og vera á móti allri nýrri tekjuöflun, en það mundi þýða hátt á annað hundrað millj. kr. greiðsluhalla á fjárlögunum. En þá er þó ótalið aðalpúðrið, en það er að afnema á einu bretti bátagjaldeyrishlunnindin, rekstrarframlag til togaranna og yfirleitt allan beinan stuðning við útgerðina. Þetta mundi jafngilda því að svipta sjávarútveginn hátt á þriðja hundrað millj. kr. af þeim tekjum, sem menn nú meta að honum sé alveg óhjákvæmilegt að fá, a. m. k. ef sæmileg eigi að vera afkomuvonin.

Þessi bjargráð Þjóðvarnar mundu jafngilda algeru rothöggi á sjávarútveginn og kippa alveg fótunum undan afkomu manna, ekki aðeins í sjávarplássunum, heldur að vörmu spori allra annarra.

Þá leggja þeir til, að þegar svona hefur verið búið í haginn fyrir framleiðsluna við sjóinn, séu fiskiðjuverin afhent útgerðarmönnum og fiskimönnum og þeim sagt að sigla sinn sjó við algerlega vonlaus, bókstaflega glórulaus rekstrarskilyrði. Það er ekki furða, þótt mönnunum væri mál á að komast í útvarpið með þessa speki. Þetta mundi jafngilda fullkominni hraðfrystingu alls athafnalífs í landinu, ef nokkur tæki till. þeirra alvarlega.

En nú hefur einnig komið í ljós, að þeir áttu fleiri erindi í lónið. Þeir höfðu vantrauststill. í pokahorninu, sem þeir lögðu fram og kröfðust að kæmi til atkvæða, áður en næst væri skrúfað frá útvarpinu. Auðvitað fengu mennirnir þessum vilja sínum framgengt, sem sjálfsagt var. Þessi vantraustsskrípaleikur þeirra þjóðvarnarmanna mun lengi í minnum hafður á Alþ. Þeir vita, að ríkisstj. er með samþykki stuðningsflokka sinna nýbúin að gera samninga við framleiðendur um stuðning, sem þarf að lögfesta. Engum gæti dottið í hug, að annar hvor stjórnarflokkurinn efndi til stjórnarslita í miðju kafi, þegar verið er að lögfesta samninginn. Þó að þjóðvarnarmenn séu skrýtnir, þá er það þó áreiðanlegt, að þeim datt þetta ekki heldur í hug. Þeir vissu, að þetta mundi ekki ske. Þess vegna var vantraust þeirra broslegur skrípaleikur. En það, sem liggur á bak við, er alvarlegra. Margir álíta sem sé, að þessi vantraustsflutningur eigi að verða þeirra skálkaskjól við áframhaldandi klofningsstarfsemi forustuliðs flokksins í þágu íhaldsins og kommúnistanna. Það á eftir að koma betur í ljós, hvort þetta er rétt eða ekki, en vita mega hinir svokölluðu fyrirmenn í þessu liði, að slíkt verður ekki vinsælt.

Öll er framkoma þeirra þjóðvarnarforkólfa hér með slíkum endemum um þessar mundir, að minnisstæð verður. Viðreisnarplanið, yfirlætið, sleggjudómarnir og svo þar innan um þetta vísindalega útreiknaða, slóttuga vantraustsplan, eða hitt þó heldur, sem sýnir aðeins, hvernig fer, þegar menn vilja leika refsins list, eiga flátt skapinn, en vantar klókindin.

Og um hinn sléttmála fyrirliða þjóðvarnarmanna á Alþ., hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, hefur það eftirminnilega komið í ljós við þessi viðbrögð öll, að honum lætur betur að flytja fræðilegar vangaveltur um heimspeki varnarleysisins en að fást við refskák þá, sem félagar hans vilja láta hann leika hér á hv. Alþ. Hann ætti að halda sér við hinar áferðargóðu vangaveltur áfram.

Annars hefur Þjóðvfl. ýmsum baráttumálum hreyft; það er ekki því að neita. Það má minna á skúrmálið, söluskattsmál flokksformannsins, brotajárnsmálið og nú loks málið um að leggja niður tveggjaeyringana, sem út af fyrir sig er

skynsamlegt mál. En það finnst bara mjög mörgum, að það væri mjög skynsamlegt einnig að leggja niður tveggjaeyringana í pólitíkinni. Læt ég svo útrætt um þjóðvarnarmenn að sinni.

Form. Framsfl., hv. þm. Str., Hermann Jónasson, gerði grein fyrir afstöðu Framsfl. til vantrauststillögu þjóðvarnarmanna með svofelldri yfirlýsingu af flokksins hálfu:

„Framsóknarflokkurinn hefur þegar gert samkomulag um afgreiðslu þeirra mála, sem nú liggja fyrir Alþingi varðandi bráðabirgðastuðning við framleiðsluna. Núverandi ríkisstj. beitir sér fyrir þessum bráðabirgðastuðningi samkv. samningi, sem hún hefur gert við samtök framleiðenda. Framsóknarflokkurinn mun því ekki efna til stjórnarslita á þessu stigi. Á hinn bóginn skapast ný viðfangsefni að lokinni afgreiðslu þessara umsömdu mála. Þess vegna hefur undanfarið verið unnið að undirbúningi flokksþings framsóknarmanna, er tæki ákvarðanir um afstöðu flokksins til hinna nýju viðhorfa."

Til viðbótar þessum skýringum er það eitt að segja, að Framsfl. ákveður sjálfur, hvenær hann efnir til stjórnarslita eða stjórnarmyndunar, en fer ekki eftir því, hvort einhverjum þóknast að kasta fram vantrauststillögu.

Samkvæmt þessu verður kallað saman flokksþing framsóknarmanna, og mun það verða snemma í marz. Verður auglýst nákvæmlega næstu daga, hvenær það verður haldið. Því er ætlað þýðingarmikið verkefni, og bið ég framsóknarmenn um allt land að fara nú þegar að undirbúa sókn á þingið.

Ég kem þá loks örlítið að kommúnistum.

Kommúnistar töldu sig víst leggja vel í ofninn í vor. Þeir vissu nákvæmlega, hvað á eftir hlaut að koma, og telja nú mál til komið að blása í glæðurnar og hella olíu á eldinn, sem þeir undirbjuggu þá.

Þeir tala mikið um braskarana, en sannleikurinn er sá, að sú pólitík, sem þeir reka, er fyrst og fremst vatn á myllu braskaranna. Enginn græðir á verðbólguástandi eins og einmitt braskarar og blóðsugur. Kommúnistar gætu ekki þjónað þeim betur en þeir gera, þótt þeir væru beinlínis í þeirra þjónustu upp á hlut. Þeirra verkalýðspólitík gefur verkalýðnum ekkert í aðra hönd, enda er hún byggð á allt öðrum starfsaðferðum og allt annarri stefnu en annars staðar þekkist, þar sem umbótasinnað alþýðufólk ræður verkalýðssamtökunum sjálft án íhlutunar kommúnista.

Kommúnistar vita, að fleiri og fleiri sjá þetta. Þeir eru því hræddir; það er auðheyrt á tali þeirra. Fólk skilur, að leiðin til kjarabóta er ekki sú að láta kommúnista hækka kauptaxtana í stórum stökkum, sem svo kemur engum að gagni. Menn vita, að það, sem á að gera, er að hækka í áföngum og eiga af alefli þátt í ábyrgu þjóðmálastarfi til þess að tryggja, að kauphækkanir komi að því gagni, sem þjóðfélagsástæður frekast leyfa. Kommúnistum er ljóst, að fleiri og fleiri skilja, að kjarabaráttan er svo skyld stjórnmálabaráttunni, að alþýðustéttirnar þurfa að eiga sem mestan beinan þátt í stjórn landsins til þess að tryggja sinn hag. Kommúnistar vita líka, að fleiri og fleiri sjá, að það er þeim talsmönnum alþjóðakommúnismans að kenna, að alþýðustéttirnar við sjávarsíðuna á Íslandi eiga ekki jafnríkan þátt í stjórn landsins og þær ættu og þyrftu að eiga. Þess vegna er nú rétt einu sinni sunginn samfylkingarsöngurinn af hálfu kommúnista og svo á milli, að það standi á hinum, nákvæmlega eins og þegar sá, sem stal, reyndi að draga frá sér athyglina með því að skora sem fastast á aðra að grípa þjófinn.

Kommúnistar misnota allan þann trúnað, sem þeim er sýndur, með því að einangra verkalýðinn pólitískt, honum til stórtjóns og landinu til mikils skaða. Og enn eru þeir við sama heygarðshornið og þó mest þegar þeir hrópa hæst um samfylkingu og samstarf. Til vandamálanna hafa þeir ekki annað að leggja en marklaus yfirboð og sjónhverfingatillögur, en höfuðstefna þeirra er, svo sem aldrei hefur komið greinilegar fram en í ræðu Brynjólfs Bjarnasonar á mánudagskvöldið, sú hin sama og áður, að Ísland eigi að reka sömu pólitík og leppríki Sovétlýðveldanna í Austur-Evrópu. Á þessum mönnum að haldast uppi áfram að leika sundrungar- og klofningsleik sinn? En hann munu þeir leika og sundrunginni munu þeir viðhalda, nema alþýða landsins taki í taumana og styðji önnur öfl til valda. Kommúnistar vita, að þetta skýrist, og þess vegna eru þeir nú hræddir, enda er það ekki að ástæðulausu.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var svolítið úrillur hérna áðan, og ég lái honum það ekki. Það hlýtur að vera erfitt að strita ár eftir ár fyrir vagni braskaranna og vita þó, að mikill meiri hluti flokksbræðranna er því striti algerlega andvígur. Ég hef að vísu nokkra samúð með hæstv. ráðh., því að hann var einu sinni efnismaður, en þetta eru sjálfskaparvíti hjá honum.

Hæstv. fjmrh. var hér með svo gífurlegar falsanir á efnahagsmálatillögum okkar þjóðvarnarmanna, að ég hef sjaldan heyrt annað eins. Hann reif örfá atriði úr samhengi og lagði síðan út af þeim. Ég hef ekki tíma til að tæta þennan blekkingavef í sundur nú, en ég skora á hlustendur að kynna sér efnahagsmálatillögur okkar í heild og bera þær saman við hin aumlegu úrræði stjórnarinnar, þau úrræði, sem nú hefur verið rækilega lýst í þessum umræðum.

Í útvarpsræðu sinni í fyrrakvöld hafði hæstv. forsrh. mörg orð og stór um ágæti stjórnarstefnunnar og Sjálfstfl. Þótti mér ræða ráðh. því líkust, sem væri hann í skemmtiþætti hjá Sveini Ásgeirssyni og skyldi leysa þá þraut að segja sem flest öfugmæli á sem allra skemmstum tíma.

Hæstv. ráðh. komst m. a. svo að orði: Við sjálfstæðismenn vitum vel, að án okkar er ekki hægt að stjórna landinu. — Í öfugmælaþætti með fyrrgreindu sniði hefði ráðh. átt að fá mörg stig fyrir þessa setningu. Sannleikurinn er þessi: Sá meiri hluti þjóðarinnar er sívaxandi, sem gerir sér ljóst, að með Sjálfstfl. er ekki hægt að stjórna landinu. Fái sá flokkur að koma nálægt stýri þjóðarskútunnar og hafa áhrif á það, eftir hvaða striki er stýrt, þá endurtekur sig alltaf sama sagan. Brátt liggur skútan undir áföllum, boðar rísa á báðar hendur, og fyrr en varir er allt komið í strand.

Þetta sjá nú flestir, nema vera skyldi fáeinir íhaldssamir framámenn Framsóknar, hæstv. fjmrh. og félagar hans, og þó mun þeim ekki vera siglingin með öllu óttalaus. En þeir láta hafa sig til þess samt að halda áfram í sömu stefnu. Allir með tölu vottuðu þm. Framsóknar núverandi ríkisstj. traust sitt í gær, þegar atkvæði voru greidd um vantrauststillögu okkar þjóðvarnarmanna. Mörg dæmi mætti nefna, sem benda í þá átt, að þessum blessuðum mönnum sé naumlega sjálfrátt í þjónustu sinni við íhaldið.

Hæstv. landbrh. Steingrímur Steinþórsson var einu sinni með réttu talinn góður og gildur íhaldsandstæðingur; nú er honum brugðið. Á þinginu í fyrra sótti hann eitt mál með ofurkappi, í innilegu fóstbræðralagi við hæstv. forsætisráðherra. Það var Kópavogskaupstaðaræviníýrið landsfræga, það mál, sem hefur orðið ríkisstjórninni til einna mestrar skammar, og er þá mikið sagt.

Á þessu þingi hefur hæstv. landbrh. barizt harðri baráttu fyrir öðru máli, að koma fyrir kattarnef grænmetisverzlun ríkisins, ríkisfyrirtæki, sem Framsfl. stofnaði og byggði upp. Hæstv. fjmrh. sagði áðan, að þetta væri ekki rétt, það ætti ekki að leggja þetta fyrirtæki niður. Ég er steinhissa á þessari fullyrðingu ráðherrans. Það stendur skýrum stöfum, að grænmetisverzlun ríkisins skuli lögð niður. Hitt er annað mál, að stofna á aðra grænmetisverzlun, ekki eign ríkisins, heldur einkafyrirtæki. Og þetta á að gera, enda þótt hæstv. landbrh. segði réttilega við umræður um málið, að þessari stofnun hafi verið og sé vel stjórnað, og hann tók það beinlínis fram, að hún hafi gert mjög mikið gagn. En samt virðist hann ekki vera í rónni fyrr en þessu ríkisfyrirtæki hefur verið komið fyrir kattarnef og eigur þess og verksvið afhent einkaaðila. Þetta kostar hörð átök innan Framsfl., en íhaldið stendur álengdar, blæs að kolunum og ræður sér ekki fyrir kæti.

Við afgreiðslu launalaganna, er hlutu samþykki skömmu fyrir áramót, var það athyglisvert, hve fús ríkisstj. var að verða við óskum sumra þeirra, er voru í hinum hærri launaflokkum, um tilfærslur upp í enn hærri launaflokk.

Það er engum vafa bundið, að opinberir starfsmenn urðu óhjákvæmilega að fá kjarabót, og þrátt fyrir nýju launalögin búa margir þeirra við rýran hlut. Á undanförnum árum, meðan laun ríkisstarfsmanna voru tvímælalaust lág, tók það að tíðkast allmikið, að hæstv. ríkisstj. veitti einstökum embættismönnum veruleg fríðindi, alveg upp á sitt eindæmi, svo sem bílastyrk, húsaleigustyrk og jafnvel risnu. Voru það einkum menn í hinum efstu launaflokkum, sem þessa nutu, og kom það þó mjög misjafnt niður. Einum var veittur styrkur, annar í hliðstæðri stöðu og sama launaflokki hlaut engan. Þess eru jafnvel dæmi, að menn, sem engan bílinn eiga, hafa fengið bílastyrk. Svo var ástatt um embættismann einn, að til hans kom valdamaður mikill og sagði: Nú hafa starfsbræður þínir fengið bílastyrk. Þú átt að fá hann líka. — Embættismaðurinn færðist heldur undan, kvaðst engan bílinn eiga og ekki ætla sér að eignast bíl. Sagði hann sem satt var, að mörg undanfarin ár hefði hann gengið þá 4—5 mínútna leið, sem væri milli heimilis síns og vinnustaðar, og hann ætlaði að halda því áfram. En þessar röksemdir dugðu lítt. Bílastyrk skyldi maðurinn fá, þótt engan ætti hann bílinn. Slík kaupuppbót hlýtur þá að réttu lagi að heita skóhlífastyrkur.

Ég hef spurt hæstv. ríkisstj., hvort ætlunin sé að halda þessum og þvílíkum greiðslum áfram eftir gildistöku hinna nýju launalaga. Þeim fyrirspurnum er ósvarað enn.

Afgreiðslu fjárlaga er nú að ljúka. Niðurstöðutölur þeirra eru milli 640 og 650 millj. kr. Eins og áður hefur verið getið, lét hæstv. ríkisstj. samþykkja löggjöf um fjölda nýrra tekjustofna ríkissjóði til handa. Nú mætti ætla, að áður en til þessa ráðs væri gripið, hefði verið reynt að stilla ríkisútgjöldunum í hóf og draga úr þarflítilli eyðslu. En þar var öðru nær. Aldrei hefur bruðlið verið eins gegndarlaust og nú. Meiri hl. hv. fjvn. flutti samtals um 340 hækkunartillögur við fjárlagafrv., ýmsar að vísu um framlög til mjög þarflegra hluta, aðrar vægast sagt í hæpnara lagi.

Eitt smádæmi um ráðslagið er það, að verja skal nokkrum tugum þúsunda til að láta ameríska mann mála svokölluð söguleg málverk fyrir íslenzka ríkið. Hvort það eiga að vera málverk úr síðari ára sögu Reykjanesskaga, veit ég ekki. En svo brá við, í hvert sinn sem fjvn. lagði fram hækkunartillögur sínar, að hæstv. fjmrh. stóð upp og flutti nefndinni kærar þakkir, ekki aðeins fyrir röskleg störf, heldur fyrir hækkunartillögurnar eins og þær lögðu sig. Og síðan voru þær allar samþykktar, allar með tölu.

Ekki minnist ég þess, að við þjóðvarnarmenn fengjum nú fremur en áður neinar sérstakar þakkir frá hæstv. fjmrh. fyrir lækkunartillögur okkar við útgjaldaliði fjárlaga, sem að vísu voru færri en skyldi, en nokkrar þó. Allar voru þær felldar af stjórnarliðinu sameinuðu. Með einni þeirra a. m. k. gáfum við þó framsóknarmönnum tækifæri til að fylgja fram gömlu og góðu stefnumáli þess flokks, að hafa sem mestan hemil á kostnaði við utanríkisþjónustu með því að fækka sendiráðum á Norðurlöndum. En við það var ekki komandi. Hins vegar virðast forkólfar Framsfl. hafa öðlazt nýtt áhugamál varðandi utanríkisþjónustuna. Sendiherrar þykja nú alls ekki nógu fínir lengur. Ambassadorar skulu þeir heita. Það kvað vera ákaflega fint. Nafnið er líka útlent, og auk þess eru ambassadorar í tízku hjá stórþjóðunum. Skyldi það nú ekki vera munur fyrir íslenzka lýðveldið að hafa eignazt gullbrydda ambassadora í stað réttra og sléttra sendiherra. Það þykir þá e. t. v. gera svolítið minna til, þótt varðstaðan slævist á öðrum sviðum utanríkismála, svo sem í landhelgismálinu, en að því stórmáli vil ég nú víkja með örfáum orðum.

Hvað eftir annað undanfarnar vikur og mánuði hafa borizt um það fréttir með erlendum blöðum, að verið sé að semja um landhelgismál Íslands með hliðsjón af fiskveiðideilunni við Breta. Við stjórnarandstæðingar höfum þrásinnis krafið ríkisstj. sagna um þessi mál, en ýmist fengið loðin svör eða engin. Hér er þó um stór-

mál að ræða, sem snertir þjóðina alla, hag hennar og afkomumöguleika um alla framtíð. Vonir fjölda fólks í sjóþorpum og kauptúnum víðs vegar um land um bætt lífskjör eru við það tengdar, að friðunarlínan verði færð út, svo að fiskstofninum, mestu auðsuppsprettu þjóðarinnar, verði hlíft við gegndarlausri ránveiði og íslenzkir sjómenn geti sótt á miðin án þess að eiga björg sína, líf og limi í stórhættu fyrir ágangi erlendra togara. Hversu nauðsyn þessi er brýn, sést m. a. á því, að úr flestum eða öllum landshlutum hafa komið eindregnar samþykktir og hiklausar kröfur um stærri friðunarsvæði. Þingmenn, jafnt úr flokki stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga, hafa einnig tekið undir þessar kröfur með frumvörpum og þáltill., bæði um leiðréttingu núverandi friðunarlínu á grundvelli reglunnar um 4 mílna friðunarsvæði utan við annes og eyjar, svo og með tillögum um stærri friðunarsvæði, þar sem sérstök nauðsyn krefur, t. d. út af Vestfjörðum og Austfjörðum.

Nú er sýnt orðið, hvað þögn hæstv. ríkisstj. um þetta stórmál hefur táknað. Ótti okkar stjórnarandstæðinga við það, að þar væri í vændum undanhald, hefur því miður verið á rökum reistur. Fimm stjórnarþingmenn hafa nú nýlega skilað nál. um tillöguna um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum og leggja til, að henni verði vísað frá á þeim forsendum, að alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna sé að semja drög að allsherjarreglum um landhelgi og bíða verði eftir afgreiðslu næsta þings Sameinuðu þjóðanna á því máli. Jafnframt hafa fyrir örfáum dögum borizt um það fréttir frá Lundúnum, að bráðlega verði undirritaður samningur um lausn fiskveiði- og fisklöndunardeilu Breta og Íslendinga. Segir í þeirri frétt, að ríkisstjórnir beggja landanna hafi fallizt á tillögur efnahagssamvinnustofnunar Evrópu til lausnar deilunni. Þær tillögur munu í megindráttum vera á þá leið, að Íslendingar skuldbindi sig til að færa ekki út fiskveiðitakmörkin frá því, sem nú er, en brezka stjórnin skuldbindi sig til að koma því til leiðar, að brezkir togaraeigendur afnemi löndunarbannið á íslenzkum fiski í Bretlandi.

Hér virðist á ferðinni hin sígilda saga, sem oft hefur áður gerzt, þegar um helgustu réttindi og dýrmætustu hagsmuni landsins er að tefla. Stjórnin þegir þunnu hljóði, hunzar Alþingi og þjóðina, en vinnur óhappaverk sín á bak við tjöldin, hulin feldi þagnarinnar, unz allt er fullkomnað, undanhaldið orðið staðreynd í formi milliríkjasamninga.

Hvað hefur það í för með sér, ef ríkisstj. Íslands gerir samning slíkan sem þennan? Þar með eru Íslendingar að láta hrekja sig af þeim grundvelli, sem þeir urðu að standa á, af þeim grundvelli, sem ríkisstj. hefur einnig viðurkennt í orði kveðnu að væri hinn rétti, að um fiskveiðitakmörk og landhelgi giltu engar alþjóðareglur og Íslendingum væri heimilt án nokkurra samninga að setja þau ákvæði um verndun fiskstofnsins innan takmarka landgrunnsins, sem eðlileg væru, nauðsynleg og hagkvæm hverju sinni. Í samræmi við þetta sjónarmið voru árið 1948 sett lögin um vísindalega verndun landgrunnsins. Þar var hin íslenzka stefna réttilega mörkuð, og það getur ekki heitið öðru og öllu mildara nafni en svik, ef frá henni verður hvikað. Við viðurkennum ekki, að neinar alþjóðareglur gildi um víðáttu landhelgi. Við hljótum að líta svo á, að hvert ríki hafi algeran sjálfsákvörðunarrétt um friðunarráðstafanir innan endimarka landgrunnsins, slíkar ráðstafanir séu ekkert samningsatriði við aðrar þjóðir og megi ekki vera það.

Ríkisstj. og stuðningsmenn hennar láta í veðri vaka, að hér sé aðeins um það að ræða að fresta frekari friðunaraðgerðum um stundarsakir, rétt á meðan alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna og allsherjarþing þeirra fjalla um landhelgismálin í heild. Látið er í veðri vaka, að þar muni skammt að bíða endanlegra úrslita. Þetta er annað tveggja vottur vanþekkingar eða vísvitandi blekkingartilraun. Það er hin mesta fjarstæða að láta sér detta í hug, að þetta viðkvæma og vandasama mál, sem skoðanir eru mjög skiptar um, verði leitt til úrslita á næstu missirum eða árum á þann hátt, að samþykktar verði alþjóðareglur um fasta skipan landhelgi, sem allir teldu sig geta unað við. Og ef málið liggur fyrir Sameinuðu þjóðunum á næsta þingi og þar næsta þingi, verður þá ekki talin sama ástæða til þess þá og nú að fresta því á Alþingi Íslendinga að taka ákvarðanir um friðunarmálin?

Hér er um stórmál að ræða og okkur Íslendingum lífsnauðsyn að halda fast á rétti okkar og sæmd. Það væri hörmulegt glapræði, ef nú yrði verzlað með landhelgismálið fyrir þá náð að mega fleygja nokkrum togaraförmum af ísuðum fiski á óstöðugan markað í Bretlandi. Sú ríkisstj., sem brygðist í landhelgismálinu, mundi hljóta þungan dóm þjóðarinnar og hún ætti hann skilið, jafnvel þótt hún hefði ekkert annað af sér gert. En ef ríkisstj., sem áður hefur unnið sér margt til óhelgi, kórónar vesaldóm sinn með undanhaldi í því máli, þá ætti hún og flokkar hennar skilið þá hirtingu, sem eftir væri munað og undan sviði.

Góðir hlustendur, allir þið, sem nú eruð furðu lostnir yfir framferði núverandi ríkisstj. og uppgjöf í dýrtíðarmálunum og öðrum málum, kynnið ykkur rækilega stefnu og málflutning Þjóðvarnarflokks Íslands. Gerizt áskrifendur að blaði hans, Frjálsri þjóð. Þið, sem þegar hafið kynnt ykkur stefnu flokksins og aðhyllizt hana, gangið í Þjóðvarnarflokkinn og vinnið að eflingu hans, hver á sínum stað og eftir sinni getu. Þjóðvarnarmenn um land allt, verum minnugir þess, að alþingiskosningar verða að öllum líkindum á vori komanda. Þá fáum við tækifæri til að skírskota vantrauststill. okkar á þessa ríkisstj. til þjóðarinnar. Því vantrausti fylgjum við eftir með því að gera sigur Þjóðvfl. sem allra stærstan. — Góða nótt.

Forseti (JörB): Þá er annarri umferð lokið. Hefst þá þriðja umferð. Ætlazt er til, að hver ræðumaður eða hver flokkur hafi 10 mínútur til umráða, og bið ég hv. þm. að gæta þess að nota aðeins þann tíma.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ósköp þótti mér leiðinlegt, þegar Lúðvík Jósefsson, 11. landsk., var að kreista sig

til þess að ávíta íhaldið fyrir að skrökva — og að ýmsu leyti gerði hann það réttilega — að hann skyldi um leið falla í sömu gröfina sjálfur og skrökva því, að Eggert Þorsteinsson hefði viljað kjósa íhaldsmann í stjórn Alþýðusambandsins. Sannleikurinn er sá, að Eggert Þorsteinsson gerði það, sem hann gat, til þess að koma í veg fyrir, að íhaldsmenn eða kommúnistar kæmust inn í sambandsstjórn, og lagði það nokkuð að jöfnu. Það var ekki í kjöri neinn íhaldsmaður í kosningum til sambandsstjórnar, en því miður lánaðist kommúnistum að fá tvo eða þrjá menn í sambandsstjórn. — Út af vinstra skrafi þessa hv. þm. og Einars Olgeirssonar einnig vil ég bara segja það, að það er nú ljóst orðið, hvað þeir meina með sínu vinstra skrafi. Vinstri sinnaður er sá, sem vill vinna með kommúnistum, vinstri stjórn er sú stjórn, sem kommúnistar eru í. Vilji Framsfl. taka kommúnista með í stjórn, þá er hann þar með vinstri flokkur. Vilji Alþfl. vera í stjórn með kommúnistum, þá er hann vinstri flokkur. Vilji Framsfl. ekki hafa þá í stjórn, þá er hann afturhaldssamur hægri flokkur, og sama gildir um Alþfl. Ólafur Thors var vinstri maður og íhaldið var vinstri flokkur á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, þegar kommúnistar voru einnig í stjórninni. Nú veit það hver maður, að engir eru fjær því að vera vinstri menn í réttum skilningi þess orðs en einmitt kommúnistar, því að þeir eru rígbundnir á klafa kommúnistiskra kennisetninga í kenningum sínum og framkvæmd.

Borgarstjórinn í Reykjavík, hv. 7. landsk., Gunnar Thoroddsen, var fjölorður um það, eins og ráðherrarnir ýmsir, að stjórnarandstæðingar hefðu flutt mikið níð og illmæli um ríkisstj. Ég vil gersamlega mótmæla þessu að því er mig og mína flokksmenn snertir. Ég hef ekkert níð flutt um hæstv. ríkisstj. Einu stóryrðin, sem voru í minni fyrri ræðu, voru þau orð, sem ég las upp úr Morgunblaðinu um hringavitleysu og eitthvað ámóta. Það, sem ég reyndi í minni ræðu, var að sanna það, sem borgarstjórinn fullyrti að væri rétt, að á síðustu sex árum undir stjórn og áhrifum íhaldsins og samstarfsmanna þess hefði fjárhagskerfi þjóðarinnar gersamlega raskazt, eins og borgarstjórinn réttilega orðaði það. Það var það, sem ég var að reyna að sýna fram á í minni fyrri ræðu. Sé það illmæli um ríkisstj., níð, þá hefur hún sjálf með verkum sínum rist sér þetta níð.

Borgarstjórinn vildi einnig færa nokkur rök að því, að útkoma bæjarútgerðarinnar hér í Reykjavík hefði sannað það, að taprekstur hlyti að verða á togurunum, jafnvel þó að milliliðagróði kæmi ekki til. Hann er þessum málum að sjálfsögðu kunnugur og nefndi ýmis dæmi, sem sýndu, að ekki hefði verið haft fé af bæjarútgerðinni. En mig furðaði nokkuð á því, að eitt dæmi nefndi hann ekki. Hann minntist ekki einu orði á það, hvað hraðfrystihúsin hér og annars staðar á landinu hefðu grætt mikið á því að kaupa aflann af bæjartogurunum og hve mikið hefði mátt minnka rekstrarhalla togaranna, ef bæjarútgerðin sjálf hefði haft hraðfrystingu fisksins með höndum og vinnslu hans alla. Mér þótti þetta mjög eftirtektarvert.

Hv. borgarstjóri ræddi, eins og hans er venja, mjög sanngjarnlega um málin og vildi fullyrða, að Sjálfstfl. væri mjög hugað um, að verkamenn fengju réttan skerf arðsins, sem vinna þeirra skapaði, og færði því til sönnunar það dæmi, að sjálfstæðismenn flyttu nú á þessu þingi till. um arðskiptafyrirkomulag, þ. e. a. s. hlutdeild starfsmanna í arði fyrirtækjanna. Þetta er rétt. Þessi till. er borin fram nú. Sams konar till. var einnig borin fram, ef ég man rétt, árið 1937, og samþykkt; nefndin hélt einn fund undir forsæti sjálfstæðismanns, meira varð ekki úr því. Hvernig var ástandið 1937 og hvernig nú? Öll framleiðslustarfsemi í landinu er nú rekin með tapi. Stærstu togarafyrirtækin voru einnig rekin með tapi 1937. Er það ekki dálítið einkennandi fyrir Sjálfstfl., sem nú er búinn að sitja að völdum í 6 ár og sér núna fyrst ástæðu til að bera þessa till. fram, að till. um arðskiptafyrirkomulag og hlutdeild verkamanna í arðinum er borin fram, þegar fjárhagskerfið er að hrynja í rúst, þegar tap er á öllum meiri háttar atvinnurekstri í landinu? Það er gott að taka upp arðskiptafyrirkomulagið, þegar tap er á rekstrinum. En 1941, 1942, 1943, 1944 og 1945, þegar mokað var upp milljónagróða á togurunum, nefndu þeir þá arðskiptafyrirkomulag? Nei, þegar tap er á atvinnurekstrinum á að skipta arðinum, þ. e. skipta tapinu niður á fólkið í landinu.

Það er rétt, sem hv. 7. landsk. sagði; það, sem í raun og veru er deilt um, er, hvernig eigi að skipta tekjum þjóðarinnar, þjóðartekjunum. Eins og nú er háttað, er enginn vafi á því, að sá hlutur, sem fellur til vinnandi fólks, er minni en hann á að vera, en meiri hinn hlutinn, sem fjármagnið og þeir, sem því ráða, taka til sín gegnum verðbólguna, milliðaliðastarfsemina og fjárplógsstarfsemi og brask ýmiss konar, gegnum verðhækkun fasteigna og annað slíkt. Höfuðgallinn á lögum þeim, sem voru sett í gær um Ólafssjóð svonefndan, er sá, að tekjuöflunin er ranglát að því leyti, að skattarnir leggjast þyngst á þá, sem eiga erfiðast með að greiða þá, og í öðru lagi, að hún er óviturleg, vegna þess að tekjuöflunin er slík, að hún dregur úr og gerir að engu þá aðstoð, sem lögin eiga að veita. Þessir nýju skatta skapa aukna verðbólgu, sem lendir harðast á framleiðslustarfseminni í landinu. Það er því rétt, sem Eggert Þorsteinsson sagði hér áðan, að slökkvistarf hæstv. ríkisstj. á verðbólgubálinu virðist helzt í því fólgið að dæla, ekki olíu, heldur benzíni í bálið.

Ingólfur Jónsson, hæstv. viðskmrh., lýsti árunum 1953 og 1954 svo fallega, að það lá við, að ég klökknaði við. Þetta voru sannarlega hagsældar- og farsældarár. Jafnvægi var hér um bil alveg að komast á. Þetta kemur að vísu ekki heim við þær lýsingar, sem gefnar voru 1954. En þetta voru nú hans lýsingar. En hvernig stóð á því, að árin 1953 og 1954 voru það, sem hann kallar hagsældar- og farsældarár? Það stóð þannig á því, að í byrjun þess árs tókst að lækka vísitöluna um þrjú stig, úr 161 niður í 158 stig. Hvernig var þessi lækkun fengin fram? Hún var fengin fram með þriggja vikna hörðu verkfalli, þar sem ríkisstj. og atvinnurekendur börðust á móti þessum ráðstöfunum í lengstu lög, enda urðu að láta

undan samtakamætti verkalýðsins, ákveða fast verð án hækkunar á vissum vörutegundum, lækkun á öðrum og lækkun á milliliðagróða og nokkra lækkun á sköttum. Þetta var undirstaðan undir því, að árin 1953 og 1954 reyndust þó eins og þau reyndust. Nú var ekki við slíkt komandi. Ég skal geta þess, að kommúnistar voru mjög óánægðir með niðurstöðuna 1952 og skömmuðu Alþfl.-menn gífurlega fyrir að hafa svikizt undan merkjum og skorizt úr leik.

Ólafur Thors, hæstv. forsrh., taldi, að það þyrfti mikinn kjark til þess að leggja á þessa nýju skatta, og hann taldi sér til gildis, að hann þyrði að horfast í augu við veruleikann og taka á sig þessa ábyrgð.

Ég er nú ekki viss um, að þetta hafi verið svo ákaflega mikill kjarkur. Það hefði þurft meiri kjark, meiri manndóm, meiri festu til þess að leita fjárins þar, sem auðveldara er að taka það, og þar, sem réttara var að taka það, að leita þess í rottuholum fjáraflamannanna, eins og hann orðaði það 1950 og lézt hvergi vera smeykur við að sækja það þangað. En hann brast kjark, hann brast þor og hann brast vilja til þess að leita eftir fénu á þessum stöðum, kaus þá auðveldari leiðina að hækka skattana á mat og fatnaði.

Ég vísa til yfirlýsinga þeirra, sem fram hafa komið hér við vantraustsumræðurnar frá Framsfl. um, að hann muni halda þing og taka til athugunar afstöðu sína til þjóðmála og samvinnunnar við Sjálfstfl. Mér virðist það benda til þess, að þess megi vænta, að svo geti farið, að til kosninga komi þegar á næsta sumri. Ég vil því biðja alla góða Alþýðuflokksmenn og konur, alla kjósendur landsins að vera við því búna, að til slíks kunni að koma.

Að minni hyggju er ein leið til þess að komast inn á rétta braut. Hún er sú, að samvinna takist milli allra þeirra, sem eiga afkomu sína undir vinnunni fyrst og fremst, en ekki undir fjármagninu og arðinum af því. Alþfl. vill reyna að skapa samfylkingu, þar sem standi saman allir þeir, sem berjast vilja gegn ofríki og valdafíkn íhaldsins og auðvaldsins, á móti einræðishneigð og ofbeldishneigð kommúnistanna; hann vill safna því fólki saman, sem vill að þingræðislegum og lýðræðislegum leiðum vinna að því að koma á fullkomnu lýðræði í atvinnumálum landsins og stjórnmálum. Hann vill berjast gegn þeim, sem vilja beita valdi hnefans eða valdi auðsins. Hann vill hvorki einræði kommúnistisks minni hluta né heldur ríkislögreglu auðvalds og íhalds, og hann skorar á alla menn, sem hafa þá samstöðu, hvar í flokki sem þeir nú standa, að þeim er meira virði vinnan og afrakstur hennar heldur en gróði einstakra manna eða ofbeldishneigðir kommúnista, að fylkja sér saman og standa saman, ef til slíkra kosninga kemur og hvenær sem til þeirra kemur. — Góða nótt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það má segja, að verið hafi eitt sameiginlegt í ræðum hv. stjórnarandstæðinga í þessum eldhúsdagsumræðum, að umfram allt þurfi nú að taka upp nýja stjórnarstefnu. Sumir orða þetta þannig, að nú dugi ekkert minna en að hið vinnandi fólk taki stjórnartaumana í sínar hendur, aðrir, að mynda þurfi vinstri stjórn íhaldsandstæðinga eða eitthvað því um líkt, en enginn — alls enginn — gerir hina minnstu grein fyrir, hver hin nýja stjórnarstefna á þá að vera.

Að vísu hafa stjórnarandstæðingar flutt brtt. við frv. ríkisstj. um framleiðslusjóð til stuðnings útveginum, en einnig þar eru þeir sjálfum sér sundurþykkir, engin heildarstefna. Alþýðuflokksmennirnir eru með gömlu úrræðin, að leggja skatta á eignarauka; nú á það að vera allt frá 1940. Þetta á að vera skattur á verðbólgugróða, að því er sagt er, miðast við gangverð eigna, það á að framkvæma birgðatalningu og skrásetja verðbréf. Menn muna eftir eignaraukaskattinum í tíð fyrstu stjórnar Alþýðuflokksins á Íslandi. En mig minnir bara, að stjórnin hafi verið farin frá, áður en kom að því að innheimta skattinn. Hins vegar var í stað þess skatts lagður á og innheimtur stóreignaskattur í samstarfi sjálfstæðismanna og framsóknarmanna með gengisbreytingalögunum. Alþýðuflokksmenn eru ekki teknir hátíðlega, þegar þeir nú þykjast vilja leggja á eignaraukaskatt 15 ár aftur í tímann, en slík framkvæmd gæfi mörgum höndum mikil skrifstofustörf að vinna.

Brtt. kommúnista eru þeim líkar. Það á bara að taka það fé, sem þarf til stuðnings útgerðinni, af nokkrum fyrirtækjum, bönkum, olíufélögum, skipafélögum, vátryggingarfélögum, verktökum o. s. frv.

Hvaða gagn yrði nú útgerðinni að þessu ímyndaða eignarnámi?

Slíkt er of gagnsæ sýndarmennska, til þess að hægt sé að eyða orðum að henni, eins og aðrir hafa sýnt fram á á undan mér. Hvað meina þessir menn með þessu? Á að taka skipin og húseignirnar af Eimskipafélaginu, af skipaútgerð Sambandsins? Jú, Lúðvík Jósefsson sagði: Eftir reikningum Eimskipafélagsins eru 68 millj. í sjóði. Það má taka þetta fé. — Nú vill svo til, að Eimskipafélagið er nýlega búið að fá leyfi til þess að endurnýja tvö skipa sinna, og með þeirri þörf, sem það hefur fyrir endurnýjun skipanna og vörugeymsluhúsa, verður ekki mikill afgangur af þessu fé. Þess vegna er þetta bara spurning um það, hvort eigi að framkvæma með sérstökum hætti eignarnám. Mér dettur ekki í hug að halda, að Lúðvík Jósefsson og kommúnistar séu sjálfir svo skyni skroppnir, að þeir meini nokkurn skapaðan hlut með þessum till. Það lætur vel í munni að taka peninga, sem þarf, af stórgróðafyrirtækjum og bröskurum. En sem betur fer líta ekki landsmenn svo á, að Eimskipafélagið eða skipaútgerð Sambandsins eða ýmsir aðrir aðilar, sem þarna eru nefndir, séu af þessu sauðahúsi.

Útlán bankanna hafa verið gerð að umtalsefni í sambandi við stuðninginn við útgerðina. Gylfi Þ. Gíslason sagði, að stöðva þyrfti óstjórn bankanna, og Einar Olgeirsson var að tala um stórlán til heildsala og að Útvegsbankinn væri orðinn fjölskyldufyrirtæki. Ég vil af þessu tilefni taka eftirfarandi fram:

Öll útlánaaukning Útvegsbanka Íslands á s. l. ári er í þremur lánaflokkum, og af útlánaaukningunni fær sjávarútvegurinn 92.4%. Útlána-

aukningin að öðru leyti fer svo í tvo staði, til raforkuframkvæmda og íbúðalána í sambandi við samning við hæstv. ríkisstj. Þegar gróði banka, sem fyrst og fremst er af öðrum tekinn, en útgerð, sem nýtur sérstakra vaxtakjara og hlunninda, er allur notaður í þágu útgerðarinnar sjálfrar, fer að fara lítið fyrir stóryrðum manna hér um útlánastarfsemi bankanna í sambandi við útgerðina. Þetta held ég að ætti að nægja til þess, að þeir hefðu minna um sig, sem ekki virðast hafa vitað, hvað þeir voru að segja í þessu efni.

Þetta er þeim mun eftirtektarverðara, þar sem útlán til útgerðar af heildarlánum Útvegsbankans að undanförnu hafa ekki numið nema milli 40 og 50%, en eru 92—93% af útlánaaukningunni á s. l. ári, þegar útgerðin barðist mest í bökkum.

Ég kann varla að hafa eftir öll hin ógurlegu stóryrði um Sjálfstfl., sem Gylfi Þ. Gíslason viðhafði hérna, um öll þau ódæði, sem þessi flokkur á að hafa sýnt af sér í ríkisstj. Hvað hefur Sjálfstfl. gert í núverandi stjórnarsamstarfi nema í samstarfi við Framsfl.? En þegar kom að honum, var allt annað hljóð í prófessornum. Langur kafli af ræðunni var bænakvak til Framsfl., sem þó hefur unnið öll þessi ægilegu ódæði í samstarfi við Sjálfstfl.

Ég verð nú að segja: Þetta er of mikill fláttskapur, mér liggur við að segja aumingjaskapur, til þess að þingmenn eigi að haga málflutningi sínum þannig. Og það hlýtur að hafa komið eitthvað illa við hv. þm. að heyra þær undirtektir, sem hann fékk hér áðan hjá hæstv. félmrh. Mér sýndist hann ekkert vera hrifinn af bónorðinu.

Nei, við vitum því miður helzt til lítið, hvað þeir vilja, þessir ágætu andstæðingar okkar, eftir umr. í fyrrakvöld og nú. Annað er það, að þeir vilja ekki það, sem þjóðin hefur átt við að búa á undanförnum árum. Það má skyggnast örlítið um farinn veg til þess að ganga úr skugga um það, sem nú á að vera mest nauðsyn að hverfa frá með nýrri stjórnarstefnu og nýjum stjórnarherrum.

Ég skal koma að þeim málum, sem nokkuð hefur borið hér á góma og eru á hverjum tíma veigamikil.

Stjórnarandstæðingar segja, að fjárfestingin sé óeðlileg, hóflaus, stefni í beinan voða. Hvað felst í þessu umbúðalaust? Að þeir telja byggingu íbúðarhúsa allt of öra. Það er hægt að hindra þessa þróun með nýrri stjórnarstefnu, skömmtun byggingarefnis, nýju fjárhagsráði og höftum, sem öllum almenningi eru reyndar í fersku minni. En mundi slíkt afturhvarf vera spor í rétta átt? Ég bið menn að hugleiða eftirfarandi: Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð í september 1953, var samið um tvennt varðandi húsnæðismálin, að létta af fjárfestingarhömlum með því, að frjálst skyldi að byggja íbúðir af hóflegri stærð, og að tryggja aukið fjármagn til íbúðabygginga og leggja grundvöll að því að leysa þetta vandamál til frambúðar. Aukið jafnvægi í þjóðfélaginu með stöðugu verðlagi og geysihagstæðri sparifjármyndun árin eftir gengisbreytinguna réttlættu þessar ráðstafanir og gerðu þær framkvæmanlegar, enda þurfti nú jafnframt að bæta úr margra ára skorti á húsnæði, húsnæðiseklu, sem var orðin alvarlegt þjóðfélagsböl eftir margra ára aðhald haftaáranna. Það væri mikið lánleysi að hindra þá þróun, sem hér er í miðjum klíðum.

Strax á fyrsta þingi núverandi ríkisstj. var byggingarfrelsið innleitt. Lengri tíma tók að leggja grundvöll að nýrri skipan lánsfjármálanna. Var því fyrst byggt í skjóli hinnar öru sparifjáraukningar, sem er mjög athyglisverð. Árin 1950 og 1951 var sparifjáraukningin 15—16 millj. kr. hvort árið, en 1952 94 millj., 1953 177 millj. og 1954 170 millj., m. ö. o. á þremur árum 442.5 millj. kr. Er það þeim mun athyglisverðara þegar haft er í huga, að í árslok 1949 námu allar sparifjárinnstæður landsmanna aðeins 563.8 millj. kr.

Frá því að ríkisstj. tók við í september 1953 og þar til eftir verkfallið mikla á s. l. ári hafði verðlag haldizt nær óbreytt eða vísitala framfærslukostnaðar aðeins hækkað um 3 stig, úr 159 í 162 stig, og var þetta mikilvægt til þess að halda byggingarkostnaði niðri. Nú er enn fremur svo komið, að hið nýja veðlánakerfi hefur hafið göngu sína á líðnu ári, og er við það miðað, að það geti orðið landsmönnum jafnt að liði, hvort sem þeir búa til sjávar eða sveita.

Þróunin í húsnæðismálunum hefur því færzt stig af stigi í rétt horf á liðnum árum. Það hafa aldrei jafnmargar íbúðir verið í smíðum hér í Reykjavík og nú. Þær munu vera um 1808 eftir skýrslu byggingarfulltrúa og þar af 835 fokheldar. Það hefur því miður tekið of langan tíma að ljúka íbúðabyggingum að undanförnu sökum skorts á vinnuafli, þar sem svo mörg járn hafa verið höfð í eldinum. En ef við gerum aðeins ráð fyrir, að framangreindum íbúðum verði öllum að fullu lokið á þrem árum, og er það varlega áætlað, og þar við bættust aðeins 300 íbúðir, sem ekki er enn byrjað á, en fulllokið yrði á sama árabili, þá mundi það samtals nema 2100 íbúðum á árunum 1955—57; og sé reiknað með 4—5 manns í íbúð, skapast hér nýtt íbúðarhúsnæði fyrir 9450 manns. Ef fólksfjölgunin á sama tíma yrði söm og síðustu ár, þá mundi hún nema á þessum þremur árum 3900 manns. Ætti þá að vera til ráðstöfunar nýtt húsnæði fyrir 5550 manns, sem nú eru búsettir hér, en það samsvarar um 1200 íbúðum, miðað við 4—5 manns í hverri, til útrýmingar á herskálum og endurnýjunar á öðru lélegu húsnæði í bænum, en herskálaíbúðirnar munu nú vera rúmar 500 talsins. Þegar þetta er haft í huga, er augljóst, hversu gífurlega þýðingu hefur að leggja nú meginkapp á að ljúka sem fyrst því húsnæði, sem í smíðum er. Við það ætti því öðru fremur að miða aðgerðir og ráðstafanir opinberra aðila, bæjar, ríkis og lánsstofnana, á næstunni. Þá er hægt að létta mörgum lífsbaráttuna og bæta óumræðilega aðstöðu hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Andstæðingar stjórnarinnar í þesum umr. hafa mikið talað um hrun og upplausn. Ef litið er yfir þjóðfélagsþróunina í heild síðustu árin, sjáum við örari vöxt á flestum sviðum en nokkru sinni áður. Hin stórhuga áætlun um rafvæðingu landsins á 10 árum, sem felst í núverandi stjórnarsamningi, er í hraðri framkvæmd. Bátafloti landsmanna er í hraðri nýsköpun. Kostnaðarverð nýrra fiskibáta, smíðaðra hérlendis og keyptra erlendis frá, hefur tvö s. l. ár numið um 40 millj.

kr. Fiskveiðasjóður er sú lánsstofnun, sem þessi nýsköpun hefur hvílt á. Á 50 ára afmæli sjóðsins í nóvember s. l. var búið að veita loforð um lán til afgreiðslu á næstu mánuðum um 18 millj. kr., en aðrar fyrirliggjandi lánsbeiðnir um 41 millj. kr. Þá var handbært fé sjóðsins aðeins 16 millj. Síðan hefur hann fengið 10 millj. af tekjuafgangi ríkissjóðs s. l. ár. Þessar tölur tala sínu skýra máli um hina hröðu nýbyggingu bátaflotans og þar af leiðandi miklu fjárþörf. — Byggingarstarfsemin í landinu er meiri en nokkru sinni áður. Ræktun landsins er stórstígari en nokkru sinni áður. Atvinna næg handa öllum, sem vilja vinna.

Það er svo að sönnu rétt, að ekki hefur auðnazt að tryggja þá efnahagsþróun, að atvinnuvegirnir væru reknir halla- og styrkjalaust. Þess vegna er nú óhjákvæmilegt, að Alþ. leggi nýjar álögur á almenning til að tryggja útflutningsframleiðsluna í landinu. Í þessu felst aðvörun. Sú aðvörun var reyndar gefin fyrir fram, bæði af hæstv. forsrh. og fjmrh. í ársbyrjun 1955, að ef stofnað væri til kauphækkana að ófyrirsynju og þar af leiðandi aukinnar verðbólgu, mundi framleiðslustarfsemin ekki fá undir því risið og afleiðingarnar yrðu engum til ávinnings. Hefur þetta því miður komið of berlega fram. En það væri mikil missýn að telja þá kominn tíma til að fela þeim mönnum forsjá þjóðfélagsmálanna, sem haft hafa forgöngu um að grafa undan þeirri stefnu, að framleiðslustarfsemi sé rekin styrkjalaust á heilbrigðum grundvelli, en í því efni eiga hv. stjórnarandstæðingar meira og minna sök. Þeir sjá þetta líka sjálfir, og neyðarlegri sönnun þess var naumast hægt að fá en vantraustsandvarp þjóðvarnarmanna á þingi í gær. Umræðurnar um vantraust á hæstv. ríkisstj. stóðu í nokkrar mínútur, og þar með var því máli lokið.

Það má ef til vill til sanns vegar færa, eins og hæstv. viðskmrh. vék að, að nokkur ofvöxtur sé í okkar litla þjóðfélagi. Ég sagði ofvöxtur, en ekki hrun, ofvöxtur, sem einkennist þá af því, að undirstöðuatvinnuvegunum, útflutningsframleiðslunni, er ekki ætlað það rúm til jafns við aðra, sem henni ber, þar sem afkoma almennings veltur á afrakstri hennar, og einnig hinu, að allir keppast um að framkvæma kannske fullört miklar framkvæmdir og gera fullmiklar kröfur til þæginda lífsins.

Með því hins vegar að hefja framleiðslustarfsemina til vegs, ætla henni það rúm, sem henni með réttu ber, miðað við aðrar starfsgreinar þjóðfélagsins, er víst, að fyrir hendi eru í íslenzku þjóðfélagi meiri tækifæri og möguleikar í dag en oftast áður til þess að tryggja öllum góða afkomu og almenningi örugga framtíð. — Góða nótt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, bankastjóri Útvegsbankans, var að tala hér áðan. Hann var á móti því, að einokunarauðvaldið væri látið borga. Hann vildi láta ykkur borga, hlustendur góðir. Hann var á móti því, að fyrirtæki Sjálfstfl., þau sem á að nota til að kaupa upp heil kjördæmi í næstu kosningum, séu látin bera byrðar alþýðunnar. Þetta undrar engan. Þessir herrar eru vanir því að láta alþýðuna bera byrðar sínar og sjálfa sig á bognum bökum sínum. Það er ekkert að undra, þó að þeir verði hissa og reiðir, þegar alþýðan réttir úr bognu bakinu og þeir detta af, en þeim finnst það auðvitað anzi hart, afætunum, að fá ekki að ræna lýðinn lengur.

Ég skal leiðrétta skýrslu bankastjórans um útlán bankanna. 1954 voru útlán bankanna samkvæmt skýrslu Framkvæmdabankans þannig, að þá jukust um 42 millj. útlánin til verzlananna, en minnkuðu um 9 millj. útlánin til allrar útgerðarinnar.

Hæstv. fjmrh. Eysteinn Jónsson skal fá orðin sín, sem hann mælti hér áðan, í hausinn aftur. Bjargráð Eysteins Jónssonar, 230 millj. kr. baggginn, er versta brask- og blóðsuguverk, sem unnið hefur verið á Íslandi, og ekkert verk mun auka verðbólguna eins og það. Það veit hann sjálfur. En hann framkvæmir þetta verk, af því að hann ætlar sér gengislækkun og kaupbindingu eftir næstu kosningar með íhaldinu og hann ætlar að bjóða hægri mönnum Alþfl. að fá að vera með eins og 1939 og eins og 1947.

Hæstv. fjmrh. misskildi, það var enginn að tala um að taka af eignum í sambandi við till. okkar sósíalista. Gróðafyrirtæki einokunarauðvaldsins í Reykjavík græða upp undir 200 millj. kr. á ári, og þau geta borgað af þeim gróða.

Hæstv. fjmrh. Eysteinn Jónsson talaði hér í fyrradag nokkur fögur orð um, hve mikið væri undir því komið, að togararnir og bátarnir gætu gengið. En hvað gerði þessi hæstv. fjmrh. til þess, að þessir togarar og bátar væru yfirleitt til? Hann barðist á móti því, að mynduð væri ríkisstj. til þess að kaupa þá togara, sem þjóðin nú á. Og þegar mynduð var ríkisstj. án hans þátttöku og á móti hans vilja, ríkisstj., sem keypti togarana og bátana, sem allt framleiðslulífið nú byggist á, var hann svo heiftúðugur og bölsýnn út í þessi framleiðslutæki, að hann kallaði alla nýsköpunartogarana gums, sem enginn vildi nýta, og svo ætlar þessi hæstv. ráðh. að fara að kenna okkur sósíalistum, hvert mikilvægi sjávarútvegsins, togaranna og bátanna sé.

Fyrsta svarið úr veröld verzlunarinnar við bjargráðum ríkisstj. er nú komið. Völundur hækkaði timbrið í dag um 12 aura fetið, eða um rúm 7%. Þetta er hjálp Sjálfstfl. við þá, sem þræla baki brotnu við að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Fyrsta dæmið um aðstoðina við útgerðina í bjargráðum ríkisstj. sást líka í Vestmannaeyjum í dag. Einn útvegsmaður varð að borga 20 þús. kr. meira fyrir vél í bátinn sinn heldur en fyrir mánaðamót. Hún hækkaði úr 110 upp í 130 þús. kr. við samþykktina á lögum Eysteins og Ólafs. Svona hjálpar ríkisstj. útgerðinni. En fyrsta svarið frá verkalýðnum er komið líka. Sjómenn á Akranesi kolfelldu að sætta sig við 130 aura fiskverð.

Hv. 7. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, minntist hér á okur og einokun. Okrið er sérmál Sjálfstfl. í Reykjavík. Sá flokkur hefur skapað versta svartamarkað á peningum, sem þekkzt hefur á Íslandi, vexti allt upp í 70%. Og af hverju eru engin lög til gegn einokun? Af því að fjármálamenn Sjálfstfl. lifa og græða á einokun og einkaréttindum og vilja enga rannsókn

þar á og því síður lög þar um. Það er bezt fyrir borgarstjórann að hræsna ofur lítið minna næst. En hann varaðist að minnast á, hvað gengi með Sogsvirkjunina, sem ríkisstj. hefur svikizt um að útvega lán fyrir, svo að hálfgert öngþveiti vofir yfir Reykjavík á næstu árum í rafmagnsmálum. Borgarstjóranum væri nær að segja Reykvíkingum frá framtaki og stórvirki ríkisstj. þar.

Hæstv. landbrh. Steingrímur Steinþórsson talaði hér um húsnæðismálin. En hver eru verk hans og stjórnarflokkanna í þeim málum? Í dag, eftir 7 ára ráðherratíð hans, búa fleiri börn í bröggunum í Reykjavík en á árinu 1946, og það er níðingsverk yfirstéttarinnar að láta þau búa þar. Það væri búið að útrýma öllum bröggum á Íslandi, ef stjórnarflokkarnir hefðu ekki afnumið þau lög, sem stjórnin, sem við sósíalistar tókum þátt í, setti 1946 um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

Og hvað er þá um allt, sem þessir stjórnarflokkar hafa gert og þeir eru að guma af í húsnæðismálum? Það hafa verið byggðar færri íbúðir í Reykjavík hvert einasta ár síðan 1946 heldur en byggðar voru á því ári. Þá, 1946, þegar Brynjólfur Bjarnason var ráðh., voru byggðar 634 íbúðir og 600 er það minnsta, sem þarf að byggja í Reykjavík. En þegar Steingrímur Steinþórsson var fors.- og félmrh., t. d. árið 1951, voru aðeins byggðar 284 íbúðir og núna síðasta ár aðeins 564. Svona eru verkin, sem tala, og það dugir enginn fagurgali til að dylja svívirðingarverk stjórnarflokkanna í húsnæðismálum Íslendinga.

Þingmenn Alþfl., bæði Eggert og Haraldur, hafa talað hér í kvöld um, að í lýðræðissinnaðri endurbótastjórn eða í lýðræðissinnaðri endurbótafylkingu ættu sósíalistar ekki heima. Hvað skyldu nú þessir herrar kalla lýðræðissinnaða endurbótastjórn? Eftir reynslunni að dæma hljóta það að vera stjórnir, sem þeir hægri Alþýðuflokksforingjarnir mynda með þeim flokkum, sem þeir kalla lýðræðisflokka og hafa sérstaka samvinnu við og hafa haft á undanförnum árum, m. a. í verkalýðssamtökunum, gegn einingarsinnum verkalýðshreyfingarinnar, gegn sósíalistum, vinstri Alþýðuflokksmönnum, vinstri framsóknarmönnum og öðrum, sem vilja berjast á móti auðvaldinu. Og hverjar voru slíkar ríkisstj.? Það er stjórn eins og þjóðstjórnin alræmda, sem byrjaði með þrælalögum og gengislækkun, eyðilagði þorra beztu umbóta alþýðunnar, braut stjórnarskrána með því að fresta kosningum og lauk ferli sínum með gerðardómslögunum. Slíkt var hennar lýðræði, slíkar voru hennar umbætur. Í svona lýðræðissinnaðri endurbótastjórn Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. átti Sósfl. vissulega ekki heima. Eða á ég að rifja upp sögu annarrar slíkrar stjórnar, endurbótasinnaðrar lýðræðisstjórnar, fyrstu stjórnarinnar, sem Alþfl. myndaði, stjórnar Stefáns Jóhanns, sem hóf göngu sína með ægilegum tollaálögum, batt síðan vísitöluna og lögbauð þannig kauplækkun, afnam endurbætur um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og endaði með því að svíkja Ísland inn í Atlantshafsbandalagið án þess að þora að láta þjóðina ræða um það á lýðræðislegan hátt? Slíkt var hennar lýðræði, slíkar voru hennar umbætur. Í slíkri lýðræðissinnaðri endurbótastjórn átti Sósíalistaflokkurinn vissulega ekki heima.

Það, sem Sósfl. vill, eru umbætur, en ekki að arðræna fólkið umbótunum. Það, sem Sósfl. vill, er lýðræði, að lýðurinn, hið vinnandi fólk ráði, stjórni landinu í samræmi við hagsmuni sína, en ekki alræði einokunarauðvaldsins undir innantómu hjali um lýðræði.

Sósfl. er reiðubúinn til að styðja að myndun raunverulegrar umbótastjórnar, hverrar umbætur séu meira en nafnið tómt, virkilegrar lýðræðisstjórnar, sem hefur vilja fólksins í heiðri, en treður hann ekki fótum. Og spurningin, sem fyrir hægri mönnum Alþfl. liggur, er þessi: Vilja þeir stuðla að myndun slíkrar raunverulegrar vinstri stjórnar nú þegar á þessu þingi, ef þingmeirihluti fæst fyrir henni, eða ef hann fæst ekki, vegna þess að Framsókn skerist úr leik, vilja þeir leggja til kosninga í bandalagi við Sósfl. og Þjóðvfl., bandalagi allra þeirra, sem hafa staðið saman á þessu þingi á móti skaðræðisstefnu íhalds og Framsóknar?

Þetta er það, sem Alþýðusambandið og öll verkalýðssamtök Íslands raunverulega heimta af hægri mönnum Alþfl., og neiti þeir að ganga með í pólitíska einingu verkalýðssamtakanna, þá dæma þeir sig til pólitísks dauða. Það er engin lýðræðissinnuð umbótastjórn, engin vinstri stjórn hugsanleg á Íslandi án Sósfl. og verkalýðssamtakanna.

Hægri menn Alþfl. hafa reynt að vinna að klofningi vinstri aflanna hér í kvöld. Þeir ættu að muna það, þessir ógæfumenn, að þeir standa einangraðir í þessu verki meðal íslenzks verkalýðs. Öll verkalýðsfélög, sem rætt hafa tilmæli Alþýðusambandsins um vinstra samstarf, hafa samþykkt það einróma eins og við sósíalistar, nema stjórn eins, stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur. Eitt aðalvígi hægri mannanna í verkalýðshreyfingunni hefur mótmælt vinstra samstarfi — og hvernig svöruðu sjómenn þessari stjórn? Þeir gerðu hlut hennar nú minni en hann hefur verið nokkru sinni fyrr. Listi einingarmanna bætti 150 atkv. við sig frá því í fyrra, og munar nú aðeins 115 atkv., að einingarsinnar nái þessu félagi. Hægri menn Alþfl. munu glata síðustu tökum sínum í íslenzkri verkalýðshreyfingu, ef þeir halda áfram eins og hér í kvöld.

Haraldur Guðmundsson, hv. 4. þm. Reykv., talaði hér um ýmiss konar vinstri stjórn. En er hann búinn að gleyma, hvernig fór fyrir þeirri einu stjórn, sem hann sat í og Alþfl. myndaði með Framsókn? Sú stjórn gafst upp við að gera upp Kveldúlf, sem þó skuldaði Landsbankanum þá alla seðlaútgáfu landsmanna, og núna er seðlaútgáfan um 300 millj. Framsfl. sveik Alþfl. um að gera Kveldúlf upp, og var þó Framsókn miklu róttækari flokkur þá en nú, og síðan samþykkti Framsfl. gerðardómslög með íhaldinu og neyddi þannig Alþfl. til að draga Harald sjálfan úr ráðherrastól. Og svo stalst Stefán Jóhann í stólinn á eftir, myndaði stjórn með íhaldinu og Framsókn, sem lækkaði gengið og lögbatt kaupið. Alþfl. hefur aldrei borið sitt barr síðan. Og

í eina skiptið, sem hann hefur unnið á í kosningum í 20 ár, er þegar hann var með okkur sósíalistum í stjórn. Hægri menn Alþýðuflokksins ættu að læra af þessu, ef þeir eru ekki komnir á það ógæfustig að geta ekkert lært og engu gleymt.

Haraldur Guðmundsson, hv. 4. þm. Reykv., talaði um einræðisfíkn. Hverjir beittu einræði í Alþýðusambandinu, bönnuðu frjálsar kosningar, afnámu allt lýðræði þar og héldu því, meðan þeir gátu? Það voru hægri menn Alþfl. Ég held, að það sé bezt fyrir þá að tala ofur lítið gætilega um lýðræði.

Núverandi ríkisstj. er fallin á verkum sínum. Fylgilið hennar hér á þingi getur að vísu enn dragnazt til að rétta upp hendurnar með henni. En hendurnar, sem vinna verkin um allt land, skapa öll verðmætin, steyta hnefana á móti henni. Og gegn sigggrónum höndum þess fólks, gegn viljamætti íslenzkrar alþýðu verður Íslandi ekki stjórnað.

Hlutverkið, sem bíður vor nú á þessu þingi, er því að skapa aðra ríkisstj., ríkisstj., sem alþýðusamtökin geta stutt. Íslenzk alþýða, fylgstu með því, hverjir berjast fyrir því, að slíkt verði gert, og fylgstu með því, hverjir hindra það, ef það verður hindrað, og mundu þeim það við næstu kosningar.

Vinstri menn Íslands eru reiðubúnir til slíkrar stjórnarmyndunar nú. Alþýðusamband Íslands er með henni og hefur forgöngu um myndun hennar. Sósfl., Þjóðvfl., vinstri menn Alþfl. og vinstri menn Framsfl. eru einhuga um nauðsyn þess að mynda hana strax, og stór hluti af kjósendum Sjálfstfl. mun nú daglega bætast í þann hóp, sem er á þeirri skoðun.

Fyrir þá, sem standa hægra megin í Alþfl. og Framsókn, liggur nú örlagaspurningin, að vera eða vera ekki. Að hika eins og Hamlet er sjálfsmorð. Það er enginn annar kostur til fyrir þá en vera með, ef þeir ætla ekki að dæma sig til pólitísks dauða.

Enn er eitt og hálft ár til kosninga. Enn er hægt fyrir vinstri stjórn að vinna stórvirki á þeim tíma, stórvirki, sem sameina mundi alla þjóðina um hana — nema afæturnar — í alþingiskosningunum 1957. Það stórvirki verðum við að vinna og sanna þar með fólkinu, að við meinum það, sem við segjum, og erum menn til þess að standa við það. Þeir, sem ekki vilja vinna að því að skapa það stórvirki og gefa fólkinu vixla á, hvað þeir ætla að gera eftir kosningar, eru að svíkjast undan merkjum. Þeir eru að koma sér hjá því að framkvæma sín kosningaloforð. Ef einhver er sá, sem hindrar, að úr því verði, að nú verði vinstri stjórn sköpuð, þá mun þjóðin dæma hann úr leik í næstu kosningum, og þung verður hans ábyrgð. En ef þið, sem mál mitt heyrið, rísið upp, hver í sínu félagi og flokki, hver í sinni sveit og kaupstað, og krefjizt þess einhuga af öllum ykkar trúnaðarmönnum, að eining sé sköpuð á Alþingi nú þegar, þá mun enginn þora að hindra framgang þess máls, vinstri einingar og vinstri stjórnar. Það er þetta, sem þið þurfið að gera. Þá verður vinstri eining og vinstri stjórn staðreynd á þessu þingi. — Góða nótt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, er byrjaður á flóttanum í tekjuöflunarmáli þeirra kommúnista. Hann sagði hér áðan: Það var enginn að tala um að taka af eignunum. — Nú á sem sé að fara að telja mönnum trú um, að örfá félög í landinu geti greitt 80—90 millj. kr. af hreinum tekjum sínum. Kommúnistar eru sem sé búnir að sjá, að það er ekki hægt, jafnvel þeir eru farnir að sjá, að það er ekki hægt að borga fiskuppbæturnar með skipunum og eignunum, og því eru þeir byrjaðir á flóttanum.

Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, sagði, að framsóknarmenn hefðu verið á móti því að kaupa togara og báta. Þetta er algerlega rangt og sýnir lélega söguþekkingu hv. þm., ef ekki annað verra. Við vildum leggja til hliðar 400 millj. af innstæðunum, sem voru hér, þegar nýsköpunarstjórnin tók við, til þess að kaupa fyrir ný atvinnutæki. Það er ekki heldur mikið til þess að gorta af, þó að endurnýjaðir væru gömlu togararnir af þessum 600 millj., sem nýsköpunarstjórnin sóaði.

Hann var að tala hér um íbúðamálin fyrr og síðar. Á nýsköpunarárunum, þegar kommúnistar héngu í ríkisstj. með sjálfstæðismönnum, var ekkert fé af stríðsgróðanum lagt í verkamannabústaði, ekki grænn eyrir í lán til almennings út á íbúðir yfirleitt, ekki hægt að fá nein lán út á íbúðabyggingar, og það gátu engir byggt á þeim árum nema þeir, sem óðu í peningum. Þetta voru framkvæmdir kommúnistanna í húsnæðismálunum. Og það var ekki fyrr en nýsköpunarstjórnin var farin frá og Framsfl. kom til, að byrjað var að hugsa fyrir lánum út á íbúðir, utan gamla verkamannabústaðakerfisins, sem stóð frá gamalli tíð, en ekkert fé var látið í á nýsköpunarárunum. Þetta stendur fast; fram hjá þessu er ekki hægt að komast.

Hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, sagði, að ég hefði sagt ferlega rangt frá tillögum þeirra þjóðvarnarmanna um framleiðslumálin. Ég greindi aðalatriðin í tillögum þeirra alveg rétt. Ég gleymdi að vísu að taka það fram, að þeir láta skína í vaxtalækkun, og skal það leiðrétt hér með, sem er ekki stórt atriði í sambandi við þau ósköp öll. Aðalatriðin voru alveg rétt tilgreind. Hitt er vorkunnarmál, að þessar tillögur hljóma ekki vel í eyrum þeirra fyrirliðanna, þegar búið er að taka af þeim umbúðirnar. Það skal játað; það er vorkunnarmál.

Um grænmetisverzlunina sagði þessi hv. þm., að það ætti að stofna einkafyrirtæki til þess að taka við henni. Það á ekki að stofna neitt einkafyrirtæki. Þetta á að verða fyrirtæki framleiðendanna sjálfra eins og önnur afurðasölufyrirtæki.

Það er ofboðslegt að heyra, hvernig hv. stjórnarandstæðingar sumir — þeir eiga mjög skilið mál í því — hafa talað hér um landhelgismálið. Það eru ferlegar getsakir, sem þeir hafa haft hér í frammi um landhelgismálið, og fullyrðingar um, að það eigi að svíkja málstað Íslands, Austfirðinga, Vestfirðinga og Norðlendinga, eins og sumir hafa sagt. Allt er þetta úr lausu lofti gripið. Engir samningar verða gerðir um landhelgina og allar getsakir um þetta eru ósæmandi hv. stjórnarandstæðingum og málflutning-

ur þeirra í þessu efni er stór ljóður á þeirra ráði, og mátti þó sannast að segja þeirra ráð ekki við miklu.

Um varnarmálin vil ég aðeins segja þetta: Framsfl. hefur þeitt sér fyrir nýrri stefnu í varnarmálunum, sem byggist á því að minnka stórkostlega samskipti varnarliðsins og landsmanna, með stórfelldum árangri, sem ekki er einu sinni vefengdur af þeim, sem þó hafa mesta tilhneigingu til þess að færa allt til verri vegar, sem gerist í þessum málum.

Framkvæmdirnar hafa yfirleitt verið færðar á innlendar hendur, þótt nokkrar leifar séu enn af Hamilton. Það eru leifar einar og svipur hjá sjón, samanborið við það, sem áður var. Þetta hefur haft í för með sér stórum heppilegra fyrirkomulag á framkvæmdunum og stórkostlegar umbætur á sambúðarmálinu í heild.

Þá hefur Framsfl. beitt sér fyrir því, að fækkað hefur verið í varnarvinnunni um meira en ⅓ þeirrar tölu, sem í þeirri vinnu var árið 1953, og þess vegna stafa erfiðleikar íslenzks atvinnulífs um að fá vinnuafl síður en svo af því, að fjölgað hafi verið í varnarliðsvinnunni, heldur hefur þar verið stórkostlega fækkað.

Það hefur mikið verið talað um okur og milliliðastarfsemi í þessum umræðum, eins og oft áður raunar, en minna um varanleg úrræði til þess að ráða bót á okri og milliliðastarfsemi. En sannleikurinn er sá, og ég sé ástæðu til þess að benda á það hér í þessum umræðum, að eina haldgóða ráðið til þess að forðast okur er, að alþýðan taki viðskipti og framkvæmdir í sínar eigin hendur með eigin samtökum. Það hafa samvinnumennirnir í landinu líka gert og gera í æ ríkara mæli og veita harða samkeppni og skapa sannvirði á fleiri og fleiri sviðum í þjóðfélaginu, og er skemmst að minnast stórra skrefa í því efni. Öllu því starfi sýna sumir þeirra, sem mest tala um milliliðaokrið, hinn mesta fjandskap, og eru þar kommúnistar fremstir í flokki, sem við er að búast, þótt þarna sé einmitt á ferðinni sú kjarabarátta, sem bezt mun nýtast alþýðustéttum landsins, þ. e. að taka gróðalindir milliliðastéttanna frá þeim og gera milliliðastarfið að sannvirðisþjónustu í þágu almennings. Kauphækkunum þeirra kommúnista hefur braskstéttinni löngum tekizt á hinn bóginn að velta af sér yfir á alþýðuna aftur, enda er kommúnistum auðvitað sama um það.

Framsfl. berst fyrir því að koma á sannvirðisþjóðfélagi, þar sem framleiðendur og alþýðan til sjávar og sveita njóti til fulls arðsins af vinnu sinni og viðskipti eru rekin sem þjónusta í þágu framleiðslunnar og almennings. Með stuðningi sínum við samvinnustefnuna og uppbyggingu þjóðfélagsins á samvinnugrundvelli vinnur Framsfl. að þessu marki, og stöðugt eru að gerast í þessu efni ný og ný tíðindi, sem koma almenningi í landinu að gagni.

Þessi verk hafa reynzt svo mikils háttar og gagnleg almenningi, að ekkert leyndarmál er lengur, að sífellt fjölgar þeim, sem trúa því, að einn meginþáttur í því að leysa hin stórfelldu vandamál útflutningsframleiðendanna við sjávarsíðuna eigi einmitt að vera úrræði samvinnunnar, eftir leiðum hennar eigi að tryggja útgerðarmönnum og fiskimönnum sannvirði vöru sinnar og draga úr tortryggni þeirri og spennu, sem nú ríkir stöðugt umhverfis þessa stórfelldu framleiðslu.

Hvað sem annars verður sagt um sumt af því, sem hér hefur verið borið fram í þessum umræðum, þá ættu allir skyni bornir menn að sjá, að við búum við hættulegt ástand. Það er óhugsandi, að okkar þjóðfélag þoli til lengdar þann stórfellda öldugang í framleiðslu- og efnahagsmálum, sem við höfum búið við undanfarið. Átökin verða alvarlegri og alvarlegri. Stéttirnar nota í æ ríkari mæli stöðvunarvopnið hver gegn annarri og gegn ríkisvaldinu, gegn þjóðfélaginu sjálfu. Framleiðslan minnkar við þessi átök og þar með þjóðartekjurnar, og lífskjörin verða rýrari en þau gætu verið. Fjármagn þrýtur, framfarir stöðvast, og þjóðin verður þurfandi og ósjálfstæð, ef þannig heldur áfram lengi. En hvað veldur? Tvennt aðallega, að mínum dómi. Sérhagsmunaöflin í landinu eru of sterk, ráða of miklu, sumpart vegna þess, að þeim hefur tekizt að afla sér of mikils fylgis með þjóðinni, og þó sérstaklega vegna sundrungar annarra. Þessi öfl hreiðra um sig alls staðar, þar sem þau fá því við komið, og reyna að koma í veg fyrir uppbyggingu þjóðfélagsins á sannvirðis- og réttlætisgrundvelli. Þeim verður auðvitað mikið ágengt í þessu, á meðan þau hafa eins konar stöðvunarvald í þjóðmálum landsins í skjóli sundrungarinnar. Verðbólguþróun og upplausnarástand í fjármálum styrkir að ýmsu leyti þessi öfl. Slíkt skapar jarðveg fyrir fjárplógsmennsku og verðbólgugróða. Þar koma saman áhugamál sérhagsmunaaflanna, hinna þröngsýnustu, og niðurrifsmanna hinum megin, sem kalla sig til vinstri, en eiga stöðu fyrir utan og neðan.

Sérhagsmunaöflin eru of sterk og ráða of miklu. Það er annað höfuðmeinið. Kommúnistar eru einnig of sterkir. Það er hitt höfuðmeinið. Þeir vinna í þágu alþjóðakommúnismans og miða allt við það. Þeim hefur tekizt að ná yfirtökum í sumum sterkustu verkalýðsfélögum landsins og ráða kaupgjaldspólitíkinni, miða hana ekki við hagsmuni verkalýðsins, heldur hitt, að hnýta óleysanlega hnúta í atvinnu- og fjárhagslífi landsmanna, einangra verkalýðinn frá jákvæðu þjóðmálastarfi, en margsýnt er, að farsæld í þjóðmálum fer mjög eftir því, hvort verkamenn almennt eiga þar jákvæðan hlut eða ekki.

Störf kommúnista verða vatn á myllu upplausnar- og gróðaaflanna í landinu. Það horfir ekki vel með viðreisn hér, ef forráðamönnum alþjóðakommúnismans á Íslandi verða fengin áfram slík völd í félags- og þjóðmálum sem þeir hafa nú, og ekki heldur, ef sérhagsmunaöfl landsins verða styrkt frá því, sem nú er, eða halda aðstöðu sinni vegna sundrungar.

Það er blindur maður, sem ekki sér, að þörf er á nýju viðhorfi í þjóðmálum Íslendinga. Það þarf að kveða niður sundrungarstarfsemi alþjóðakommúnismans og hnekkja sérhagsmunaöflunum. Það þarf að byggja upp volduga fylkingu umbótaaflanna í landinu og gera hana svo sterka, að hún geti haft forustu í viðreisnarstarfinu. Það þarf að styrkja þriðja aflið í ís-

lenzkum þjóðmálum, fylkingu umbótamanna til sjávar og sveita. Fyrir þeirri nauðsyn verður allur ágreiningur um smærri mál og fjarlægari verkefni að víkja. Slíkt samstarf umbótaaflanna og efling þeirra af hendi almennings í landinu er eina farsæla leiðin út úr þeim vanda, sem þjóðin er í stödd vegna samtakaleysis alþýðunnar í stjórnmálum og félagsmálum. Allir sannir umbótamenn um allt land þurfa að vinna að því alls staðar að efla og styrkja þriðja aflið í íslenzkum stjórnmálum, eyða sundrung og klofningi, sem reynt er að viðhalda og rótfesta. Allir sannir umbótamenn, hvar sem eru á landinu, þurfa að leggja sig alla fram til þess að byggja upp volduga fylkingu, sem stendur saman og orðið getur fær um, þegar þar að kemur, að stjórna því viðreisnarstarfi, sem hér þarf að vinna á næstu árum, ef vel á að fara. Á þessu vex nú skilningur óðfluga, sem betur fer.

Á mánudagskvöldið var einhver að tala um hauk í horni íhaldsins. Það var nú svo. Það mega menn vita, að það verður tekið eftir því, hverjir gerast haukar í horni sérhagsmunaaflanna eða kommúnista í þeirri viðreisnarbaráttu, sem hér verður að heyja, ef vel á að fara. Það verður tekið eftir því, hverjir reyna að auka sundrung og standa fyrir klofningsstarfi, og þeir fuglar, sem í slíkt ganga, geta við því búizt, að lausar reynist á þeim fjaðrirnar.

Þjóðin er orðin þreytt á sundrung og klofningi, og það, sem þarf, er meiri samtök alþýðustéttanna við sjó og í sveit og vinnandi framleiðenda og umbótamanna, hvar í stétt sem þeir standa. Það verður ekki bjargað með því að kljúfa sig niður meira og meira, heldur með því að byggja upp og efna til sameiginlegra átaka þeirra, sem eiga að geta staðið saman. — Góða nótt.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Þar sem ég tala hér síðastur manna í kvöld, hafði ég ekki í hyggju að veitast persónulega að andstæðingum mínum né á þann hátt, að það gæfi þeim tilefni til andsvara, þar sem þeir hafa ekki tækifæri til slíks. En þó má ég til með að víkja örfáum orðum að hæstv. fjmrh. að marggefnu tilefni.

Í tilefni af hinum broslegu tilraunum Eysteins Jónssonar til að skeyta skapi sínu á okkur þjóðvarnarmönnum og hinum aumlegu tilburðum hans til að hártoga efnahagsmálatillögur okkar á þann veg, sem einkennir helzt þroskastig pilta á barnaskólaaldri, vil ég þó aðeins segja, að ég fagna því, að honum hefur sviðið undan málflutningi okkar þjóðvarnarmanna og hann óttast þann hljómgrunn, sem till. okkar hafa fengið með þjóðinni, því að svo vel þekki ég Eystein Jónsson, að ég veit, að þegar ótti hans um, að þjóðin velti honum úr ráðherrastóli, ef hann hættir ekki íhaldsþjónustunni, er orðinn nægilega mikill, þá mun hann heldur kjósa ráðherrastólinn en íhaldsþjónustuna, jafnvel þó að það kosti hann að sitja í vinstri stjórn, sem hugur hans stendur þó sannarlega ekki til, eftir að hann hefur verið teygður og togaður jafnátakanlega í Heiðnabergi íhaldsins og málflutningur hans ber nú ljósast vitni.

Eysteinn Jónsson las hér yfirlýsingu formanns Framsfl., sem hann flutti við atkvgr. um vantrauststillögu okkar á ríkisstj., þar sem því er beinlínis lýst yfir, að Framsfl. sjái ekki ástæðu til að stofna til stjórnarkreppu á þessu stigi málsins, vegna þess að hann hafi samið um skattaálögurnar við Sjálfstfl. og með þeim séu sköpuð ný vandamál, sem nú þarfnist athugunar. Er ekki að furða, þótt Eysteinn Jónsson reisi sig hér á þingi eftir það afrek að hafa beinlínis samið við íhaldið um ný vandamál almenningi til handa, stærri og örlagaríkari en áður hafa þekkzt. Þar er skýringin á því, að hann lýsti trausti sínu á íhaldinu. Hann treystir því einu til að vilja semja um að stofna til nýrra vandamála og erfiðleika fyrir alþýðustéttir landsins, og er það traust hans ekki ástæðulaust.

Í umræðunum á mánudagskvöldið lauk Ólafur Thors ræðu sinni með því að tilkynna kjósendum Sjálfstfl., að þeir mættu alveg eins gera ráð fyrir, að kosningar yrðu nú í vor eins og vorið 1957, en þá ættu þær að fara fram lögum samkvæmt. Það var vart við því að búast, að forsrh. gæti á þessu stigi málsins, meðan þing hefur ekki verið rofið, tilkynnt það, sem augljóst er, að stjórnarflokkarnir munu nú þegar hafa komið sér saman um að rjúfa það þing, sem nú situr, og efna til kosninga á komandi vori. Skattaálögur þær, sem hafa verið eitt helzta deilumálið í þessum umræðum og Alþ. hefur nú samþykkt til að fleyta um örskamma stund sökkvandi fleyi, hafa það í för með sér, að til enn alvarlegri ráðstafana verður að grípa um það bil, er Alþ. á að koma saman næsta haust. Þær ráðstafanir munu verða þess eðlis, ef núverandi stjórnarflokkar eiga að móta þær í sameiningu, að þá mun ekki fýsa að gera almenningi grein fyrir þeim án þess að hafa látið alþingiskosningar fara fram áður. Er ekki með þessu sagt annað en það, sem allir vita. Það er því full ástæða til þess að brýna það fyrir öllum landslýð, að í kosningunum næsta vor munu ráðast mikil örlög, þar sem sérhver alþingiskjósandi hefur það í sínum höndum að leggja atkv. sitt á þær vogarskálar, þar sem vegast á gæfa og ógæfa íslenzkrar þjóðar.

Það hefur sannazt áþreifanlega í þessum umræðum, sem ég sagði við upphaf þeirra, að í íslenzkum efnahagsmálum væri nú aðeins um tvær leiðir að velja. Önnur er leið núverandi ríkisstj., sem hún sjálf hefur lýst með orðunum: alger neyðarúrræði til bráðabirgða, álögur á álögur ofan, uppbætur, styrkir, víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, þjóðnýting á sönnuðum og ósönnuðum töpum einstaklinga og fyrirtækja o. s. frv., sem óþarft er að rekja. Það hefur komið ótvírætt í ljós í þessum umræðum, að bæði Sósfl. og Alþfl. eru þessari leið fylgjandi, leið nýrra skatta til að veita þeim sem auknum styrkjum handa framleiðslugreinunum, sem að sjálfsögðu þrífast ekki í sjúku efnahagskerfi. Munurinn er aðeins sá, að Alþfl. og Sósfl. vilja taka skattinn hjá þeim, sem græða, en ekki af almenningi eins og stjórnarflokkarnir. Þetta er að sjálfsögðu áferðarbetri leið. En ef betur er gáð, er hér aðeins um stigsmun að ræða, en ekki eðlismun. Þar að auki höfum við af því bitra reynslu, að

þeir, sem græða, hafa jafnan fundið einhver ráð og einhverjar leiðir til að velta þeim sköttum, sem á þá hafa verið lagðir, yfir á herðar almennings, enda er þeim í því efni auðveldur leikurinn, ef þeir njóta til þess samúðar og styrks frá ríkisvaldinu. Hin leiðin í íslenzkum efnahagsmálum er sú leið, sem Þjóðvfl. einn allra flokka hefur barizt fyrir, leið allsherjar endurreisnar með hag framtíðarinnar og komandi kynslóða fyrir augum, sú leið, sem íslenzkt alþýðufólk hefur sjálft markað, en ekki æfðir stjórnmálamenn.

Úrslit kosninga á komandi vori hljóta óhjákvæmilega að hafa úrslitaáhrif á það, hvor þessara leiða verður farin, hvort áfram verður flotið að feigðarósi eða allrar orku neytt til að berjast móti þeim ógæfustraumi, sem enn á ný hefur borið okkur óravegu af réttri leið. Öllum þeim, sem heils hugar eru, ætti að vera það sérstakt fagnaðarefni að fá tækifæri til að ráða úrslitum með atkv. sínu á slíkri örlagastund í lífi þjóðarinnar. Ekkert mun á það skorta, að nú sem endranær verði brögðum beitt til að villa kjósendum sýn um það, á hvern hátt þeir geti bezt náð því marki, sem meginþorri allra landsmanna eygir nú sem sinn einasta vonarneista, gerbreytta stjórnarstefnu, vinstri stjórn, sem af heiðarleika, drenglund og manndómi stjórnar landi okkar og hagnýtir hin miklu gæði þess og möguleika með hagsmuni alþýðustéttanna allra fyrir augum. Sem betur fer, eru mörg tákn á lofti, sem gera kjósendum valið auðveldara en oft áður, hin langvarandi óáran í efnahagsmálunum með yfirvofandi hruni, hinir augljósu ágallar í forustuliði gömlu vinstri flokkanna, sem um langt árabil hefur komið í veg fyrir samstarf þeirra um stjórn landsins, enda þótt kjósendur hafi veitt þeim yfirgnæfandi atkvæðamagn til þess í hverjum kosningum eftir aðrar. Þessir ágallar birtast fyrst og fremst í hægrimennsku foringja Alþfl. og Framsfl. og því, að áhrifamiklir aðilar í forustuliði gömlu flokkanna hafa hneigzt til oftrúar á handleiðslu erlendra valdhafa í austri og vestri þrátt fyrir sára reynslu íslenzkrar þjóðar af erlendum valdhöfum og erlendri íhlutun um margar og myrkar aldir og dæmi, sem ekki gleymast, meðan íslenzk saga er lesin, um íslenzka menn, sem beygðu sig undir ok erlends valds fyrir metorð og fé.

Auðvitað er öllum ljóst, að meginþorri þeirra, sem hafa greitt gömlu flokkunum atkv. sitt í kosningunum að undanförnu, er ekki haldinn sömu hneigð til að krjúpa erlendu stórmenni og forustulið þessara flokka. Áþreifanlegasta sönnun þess er sú, að rétt fyrir síðustu kosningar tóku fyrrverandi kjósendur allra gömlu flokkanna höndum saman í nýjum samtökum, Þjóðvarnarflokki Íslands, og lýstu því yfir, að það væri Íslendingum farsælast að binda sína eigin bagga sjálfir. Þeir, sem fengið höfðu ofbirtu í augun af erlendri dýrð, lustu upp hrópi miklu yfir þessari einstöku fávizku og spáðu þessum samtökum, sem ekkert áttu til að berjast með annað en góðan málstað, miklum ósigri. Augsýnilegt var þó þegar í upphafi, að óttinn hafði gripið um sig í röðum hinna gömlu flokka. Sögðu þeir þjóðinni, að þessi samtök væru svo vonlaus um að fá mann kosinn á þing, að til þess þyrfti að gerast kraftaverk. Íslenzk alþýða um land allt svaraði þessum hrakspám með því einfalda ráði að sýna, að hún væri þess umkomin að gera slíkt kraftaverk, ef ekkert minna dygði. Síðan hefur óttinn haldið áfram að grafa um sig innan hinna gömlu flokka. Skrif formanns Framsfl. og hin tíðu bónorðsbréf Alþfl. og Sósfl. til þjóðvarnarmanna um kosningabandalög sýna, svo að ekki verður um villzt, að Þjóðvfl. er það eina afl í íslenzkum stjórnmálum, sem mun takast að láta draum yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar um heiðarlega, raunhæfa vinstri stjórn rætast. Skrif Tímans og Alþýðublaðsins að undanförnu staðfesta og það, sem mjög mörgum er nú ljóst, að ef alþingiskjósendur hefðu tekið þá ákvörðun í síðustu kosningum að hafa skipti á þingmannatölu Þjóðvfl. og Sósfl., þá hefðu þjóðvarnarmenn nú þegar verið búnir að knýja fram myndun vinstri stjórnar. Annað þurfti ekki til. En þá hefði okkur þjóðvarnarmönnum líka tekizt að koma í veg fyrir þær álögur, sem nú hafa verið lagðar á alþýðu landsins, en okkur tókst ekki nú. En því vil ég heita íslenzkum almenningi fyrir hönd Þjóðvfl., að ef þið gerið hlut hans slíkan í næstu kosningum, að hann geti knúið fram myndun vinstri stjórnar, er hafi meiri hluta Alþ. að baki sér, þá skal flokkurinn einnig koma því til leiðar, að þeim óbærilegu álögum, sem nú hafa verið á ykkur lagðar, verði af ykkur létt með afnámi þeirra laga, sem nú hafa verið samþykkt.

Það er því ljóst, að íslenzk þjóð getur aðeins með einu móti unnið sinn kosningasigur í næstu kosningum: með kosningasigri Þjóðvarnarflokks Íslands. Þess vegna heiti ég á þjóðvarnarmenn og einlæga vinstri menn um land allt að hefja undirbúninginn að þeim sigri nú þegar af þeirri dirfsku, drenglund og fórnfýsi, sem sæmir íslenzkum málstað. — Góða nótt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EI, EystJ, GíslG, GíslJ, HÁ, HelgJ, IngF, IngJ, JóhH, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, MJ, PZ, PÞ, PO, SÁ, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, TÁ, JörB.

BrB, EggÞ, EOl, KGunn, FRV, GilsG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG, BergS greiddu ekki atkv.

12 þm. (BÓ, EirÞ, GÍG, GTh, HermJ, JJós, LJóh, ÓTh, SB, AE, ÁB, BBen) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 337).

17. Tilkynningar aðsetursskipta.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta [17. mál] (stjfrv., A. 17).

Á 3. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 103).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta um tilkynningar aðsetursskipta er til staðfestingar á brbl. frá 25. ágúst þ. á. Nefndin hefur athugað frv. og hefur ekkert við það að athuga og leggur því til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég bjóst við, að þessu máli yrði fylgt eitthvað úr hlaði, en vildi með örfáum orðum beina nokkrum athugasemdum til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar.

Ég hygg, að það sé að komast hinn mesti glundroði á í öllu manntali á landinu, síðan þessar nýju reglur voru teknar upp. Almenningur á erfitt með að átta sig á þessum reglum, þær eru nokkuð flóknar og algert nýmæli. Ég hef ekki trú á því, að þetta batni að neinu leyti, þó að nú eigi að fara að kæra menn í stórhópum og sekta, svo sem boðað var á s. l. sumri. Sýslumenn fengu bréf um þetta, nú yrði farið að kæra, og lagt ríkt á við þá að sekta menn fyrir vanrækslu við tilkynningar. Öll þessi nýmæli eru almenningi algerlega ókunn. Almenningur var vanur við hið árlega manntal, sem prestar tóku, þeir komu í árslok og skráðu heimilisfólkið. Þetta er það, sem fólkið átti að venjast. Nú er þessu algerlega hætt, manntal prestanna lagt niður, en í stað þess eiga prestar að yfirfara manntal hagstofunnar og gera sínar athugasemdir og leiðréttingar. En þeir hafa enga tryggingu fyrir því, að þessar leiðréttingar séu teknar til greina. Mér er kunnugt um marga menn, sem hafa árum saman verið taldir heimilisfastir á vissum stað, en hafa unnið nokkurn tíma ýmist í útveri eða á Keflavíkurflugvelli, og þá eru þeir fluttir búferlum af hagstofunni. Þetta er eins konar valdboð við sveitarflutningum, að vísu nokkuð öðruvísi en áður var, þegar menn voru fluttir sveitarflutningi af því, að þeir voru fátækir, og látnir fara til framfærslusveitar sinnar. En þetta verkar illa á fólk.

Ég vildi þess vegna beina því til n., sem fær þetta mál til athugunar, hvort ekki er mögulegt að halda áfram um skeið hinu árlega manntali prestanna. Það væri miklu öruggara og hægara fyrir hagstofuna að vinna úr þessu í stað þess að fara að knýja þetta fram með valdboði, sektum og málshöfðunum. Ég hef ekki trú á því. Ég vildi beina því til n., hvort það er ekki hægt að koma því þannig fyrir, að það yrði tekið upp árlegt manntal prestanna, á meðan verið er að koma á laggirnar þessu nýja fyrirkomulagi. Það var aðeins þessi athugasemd, sem ég vildi gera, ef n. sæi sér fært að koma einhvern veginn þessari skipan á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 320, 321).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 17 um breyt. á l. um tilkynningar aðsetursskipta, er til staðfestingar á brbl. frá 25. ágúst s. l., en þessi brbl. voru sett á þessum tíma til þess að bæta úr örðugleikum á framkvæmd tilkynningarákvæða þeirra laga. Í aths. við frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skrár þær, miðaðar við 1. des. ár hvert, sem allsherjarspjaldskráin lætur sveitarstjórnum í té, eru grundvöllur álagningar allra opinberra gjalda í landinu, og auk þess eru kjörskrár og ýmsar aðrar skrár á þeim byggðar. Skiptir því meginmáli, að þær séu sem fyllstar og réttastar, en til þess að svo megi verða um skrárnar 1. des. 1955, þarf að lögfesta nefndar breyt. nú þegar, þar sem tíma þarf til að láta gera eyðublöð til samræmis og dreifa þeim um landið, áður en haustflutningar hefjast."

Eins og ráða má af þessu, er frv. þetta flutt til að gera tilkynningarákvæðin gleggri og skýrari en þau voru í lögum þeim, er nú gilda um þetta efni.

Allshn., sem hafði frv. til meðferðar, fór þess á leit við hagstofustjóra, að hann mætti á fundi nefndarinnar til umr. um málið, og varð hann góðfúslega við því. Ræddi n. við hann um frv. og lögin í heild og framkvæmd þeirra, en þetta atriði, framkvæmdin, einkum hvað snerti manntalið sjálft, hafði hv. þm. V-Sk. gert að umræðuefni við 1. umr. málsins. Hann sat einnig fund nefndarinnar ásamt hagstofustjóra, þegar málið var rætt í nefndinni.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta mál. Brbl. eru sett vegna þess, að komið var í ljós, að l. frá 1952 þurfti að breyta í þessa átt, og eins og ég hef tekið fram, er

frv. þetta til staðfestingar á þeim. Brtt. þær, sem n. flytur á þskj. 321, eru fluttar að beiðni hagstofustjóra og stefna í þá átt eins og frv. sjálft að gera tilkynningar um aðsetursskiptin gleggri og ákveðnari en þær eru nú í l. En undir þeim er komið, hvort allsherjarspjaldskrá hagstofunnar nær tilgangi sínum, því að nú er það svo í framkvæmdinni, að í stað þess að taka manntal á hverju ári, eins og áður var gert, eru allar breytingar, sem tilkynntar eru á aðsetri fólks í hverju sveitarfélagi, færðar inn á spjald hvers einstaklings í allsherjarspjaldskránni og íbúaskrár, kjörskrár og aðrar skrár, sem sveitar- og bæjarfélögin fá frá allsherjarspjaldskránni, afhentar þannig leiðréttar. Og ef allar breytingar um aðsetursskipti, fæðingar og dauðsföll eru tilkynnt á réttum tíma og á réttan hátt, verða þessar skrár réttar. Er augljóst, hvert öryggi er í þessu, ef þetta er í lagi, og hver vinnusparnaður, a. m. k. fyrir stærri sveitarfélög, sem urðu að taka manntalið sjálf á hverju ári, og öll þau stærstu hafa starfandi manntalsskrifstofur með mörgu starfsfólki.

Eins og segir í nál. allshn. á þskj. 320, leggur n. til, að brtt. á þskj. 321 verði samþ. og frv., þannig breytt, samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 321 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 329).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 61. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 342).

---

18. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1956.

Á 38. fundi í Sþ., 8. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1956 [151. mál] (stjfrv., A. 356).

Á 65. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Nd., 13. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að reglulegt Alþingi 1956 komi saman 10. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Ég þarf ekki að fylgja þessu úr hlaði með neinum skýringum umfram það, sem er í grg. Raunar er án greinargerðar einnig öllum hv. þm. kunnugt um, hvernig á þessu stendur, og fyrir því svo mörg fordæmi, að málalengingar eiga þar ekki að þurfa.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er auðvitað nauðsynlegt að samþykkja frv. í þessa áttina, en ég vildi leyfa mér að benda á, að af því að það er nú orðinn alveg fastur siður hjá okkur þvert ofan í stjórnarskrána að láta þing koma saman að haustinu til, þá væri það miklu viðkunnanlegra, að það væri alltaf sami dagurinn sem ákveðinn væri fyrir þingsetningu að haustinu. Það var í stjskr. gengið út frá 15. febr., meðan gengið var út frá, að þingið byrjaði á þeim tíma. Nú hefur þetta á undanförnum árum verið á nokkrum ruglingi. Lengi vel var það 1. okt., stundum hefur það verið 8., stundum 10., og það hafa jafnvel stundum verið átök um þetta. En mér finnst endilega, að það ætti að reyna að koma þeirri venju á að hafa þetta einhvern fastan dag. Það er ákaflega óviðkunnanlegt, að alltaf sé verið að hringla með þetta. Ég fyrir mitt leyti mundi vilja gera það að minni till., að menn kæmu sér helzt saman um 1. október til þess. Það var þó nokkurn tíma svo. Og ég vildi fyrir mitt leyti leggja til, að sú n., sem fengi þetta til meðferðar, athugaði, hvort ekki væri hægt að koma sér saman um ákveðinn dag. Mér finnst óviðkunnanlegt að vera að hringla með samkomudag Alþingis. Það er ekki of mikil festa í vinnubrögðunum samt. Það er náttúrlega vitanlegt, að þegar slíkan dag bæri upp á sunnudag, mundi vera breytt til, alveg eins og hefði verið gert með 15. febrúar. Ég vildi óska eftir, að sú n., sem fengi þetta til meðferðar, sem væri þá líklega allshn., athugaði þetta. Það væri æskilegt, að menn gætu komið sér saman um ákveðinn dag þannig og haldið við það framvegis. Það ætti ekki að geta verið neitt ágreiningsmál. Það er ekki neitt hagsmunaatriði fyrir neina. Hvað snertir afgreiðslu fjárlaga og annað slíkt, er það miklu frekar þó, að hægt sé að tryggja þá afgreiðslu sæmilega, ef þingið byrjar strax 1. október.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.
Fellt með 13:7 atkv. að vísa frv. til allshn.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Af því að málið hefur ekki fengið að fara í n., vil ég leyfa mér að bera hér fram eina litla brtt. við það. Ég sé nú ekki, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki getað haft þann fyrirvara á með þetta, hvorki er

málið það stórt né það mikið ágreiningsmál né heldur svo nýtilkomið, að hún hefði ekki getað haft hugsun á því í tíma að láta taka málið þannig fyrir, að það gæti komizt til nefndar í tæka tíð og nefnd getað athugað það, eða talað að einhverju leyti við menn úr öðrum flokkum viðvíkjandi því.

Ég álít, að skemmtilegast sé að hafa þann hátt á að hafa nokkurn veginn fastan dag sem samkomudag Alþ., þegar þetta er orðið alltaf að haustinu, og vildi gera það að till., að í 1. gr. kæmi í stað 10. dag októbermánaðar: 1. dag októbermánaðar.

Hvað snertir vinnubrögðin, þá álít ég þetta líka heppilegra, ekki sízt með tilliti til fjvn., því að það er vitanlegt, að það er naumasti tími, sem henni er ætlaður með því fyrirkomulagi, sem núna er.

Þessi brtt. mín er skrifleg og of seint fram komin, og verð ég að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 369) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

ATKVGR.

Brtt. 369 felld með 15:8 atkv.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Með þessu frv., sem nú hefur verið samþ. frá hv. Nd., er lagt til, að reglulegt Alþingi 1956 komi saman 10. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Rökin fyrir þessu frv. eru tilgreind í hinni stuttu athugasemd, þar sem segir, að ef ekki sé annað ákveðið með lögum, eigi reglulegt Alþingi að koma saman ekki síðar en 15. febr. Nú vita allir hv. þm., að Alþ., sem nú situr, mun ekki verða lokið fyrir þann tíma. Þess vegna ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag, og hefur ríkisstj. leyft sér að leggja til, að Alþ. komi saman í síðasta lagi miðvikudaginn 10. okt.

Þetta mál er öllum svo kunnugt að fornu og nýju, að ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að orðlengja um það, en vildi leyfa mér að fara fram á, að það yrði nú afgr. og án nefndar á þrem fundum, hverjum eftir öðrum, ef hæstv. forseta sýnist ekkert við það að athuga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki gera neina tilraun til að tefja þetta mál, enda er komið í eindaga að samþykkja það, því að mér skilst, að þetta frv. verði að staðfesta sem lög á morgun, til þess að ekki þurfi að setja nýtt Alþingi 15. þ. m. En ég get þó ekki látið þetta frv. fara svo í gegnum hv. d., að ég ekki lýsi yfir því, að ég er ekki ánægður með ákvæði þess. Í fyrsta lagi er það, að það er búið að samþykkja slík lög sem þessi svo mörg ár í röð, að ég skil ekki vel, hvers vegna ekki eru þá sett lög til frambúðar um það, að samkomudagur Alþingis skuli vera að haustinu. En hvað sem því líður, þykir mér það undarlegt að kalla ekki þingið saman fyrr en 10. okt. Ég held, að það hefði ekkert veitt af því, að það hefði verið 1. okt., til þess að nokkurt öryggi væri fyrir því, að fjárlög gætu orðið afgreidd fyrir áramót, sem auðvitað fer bezt á og er enda nauðsynlegt.

Ég ber ekki fram brtt., en vil þó láta þetta í ljós, ef t. d. hæstv. ráðh. vildi gera grein fyrir því, hvers vegna þessi dagur er valinn, en ekki 1. október.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. (BSt) vil ég aðeins leiða athygli að því, að ég hef talið, að það væri heimilt að kalla Alþingi saman fyrr en 10 okt., ef henta þykir, og ég fellst alveg á þá bendingu, sem hann gaf. Að henni má leiða rök. En ástæðan fyrir því, að ríkisstj. bendir nú á 10. okt. fremur en þann dag, sem hv. þm. nefndi, er sú, að mér hefur skilizt, að a. m. k. sumir af sveitafulltrúunum og einkum bændurnir hafi fremur nefnt þennan dag sem þeim þægilegan, þ. e. a. s. að þurfa ekki að koma fyrr að nauðsynjalausu en 10. okt. Önnur rök eru sjálfsagt ekki frambærileg. Það mætti þá einmitt út frá því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, jafnvel nefna 20. september til þess að skapa aukið öryggi fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót og kannske hugsanlegan möguleika fyrir því, að það væri hægt að slíta þingi fyrir áramót.

Þetta er bending, sem verður tekin til greina, þegar þar að kemur, og ef ekki þykir annað mæla gegn því, má vel hafa fulla hliðsjón af því, sem hann sagði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 370).

19. Hegningarlög.

Á 48. fundi í Ed., 26. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940 [140. mál] (stjfrv., A. 285).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2 umr. (A. 285, n. 349).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það er ein af grundvallarreglum íslenzks hegningarréttar, að ef framinn hefur verið verknaður, sem refsiverður er samkvæmt hegningarlögunum, skuli skilyrðislaust hefja opinbert mál gegn þeim, sem brotlegur hefur gerzt. Frá þessari meginreglu finnast nokkrar undantekningar. Ein þessara undantekninga er, að þannig getur á staðið, að því aðeins skuli opinbert mál höfða fyrir refsiverðan verknað, að sá, sem brotið hefur beinzt gegn, krefjist málshöfðunar. Þetta hefur gilt, ef einhver tekur ófrjálsri hendi hlut, sem aðrir eiga, og notar hlutinn, en ætlar sér ekki að slá eign sinni á hann, heldur skila honum aftur. Fyrir slíkan verknað ber ekki að höfða mál, nema því aðeins að sá, sem hlutinn átti, krefjist málshöfðunar. Þetta er út af fyrir sig eðlileg og sjálfsögð regla. En reynsla síðari ára hefur þó sýnt, að þannig getur á staðið í vissum samböndum um slíkan nytjastuld, að ekki sé eðlilegt að láta vera komið undir geðþótta eiganda hlutarins, hvort opinbert mál er höfðað fyrir töku hans eða ekki.

Á síðari árum hefur það farið mjög í vöxt, að menn tækju í heimildarleysi bifreiðar og vélknúin farartæki, sem aðrir eiga, nota þau, leggja þeim á sinn stað aftur eða hlaupa frá þeim, en ætla sér ekki að slá eign sinni á þær. Slíkur verknaður hefur farið mjög í vöxt á hinum síðari árum, og kveður nú svo mjög að þessu, sérstaklega með bifreiðarnar, að til hreinna vandræða horfir. En mál út af slíkum afbrotum sem þessum er því aðeins höfðað, að eigandi bifreiðanna eða farartækjanna krefjist þess, enda komi ekki neitt annað sérstakt til.

Það liggur í augum uppi, að þó að brot sem þetta beinist að vísu í meginatriðunum gegn þeim, sem farartækið átti eða á, þá er líka hér um mjög alvarlegan verknað að ræða gegn öllum almenningi. Þeir, sem leggja það í vana sinn að taka slík farartæki og nota þau, eru yfirleitt kærulausir, hirðulausir menn, sem láta sér nokkuð standa á sama, á hverju veltur og hvernig þeir hegða sér við akstur þessara farartækja, og gjarnan er hér um ölvaða menn að ræða. Liggur í augum uppi, að af notkun slíkra manna á þessum farartækjum stafar hætta fyrir allan almenning, sem á vegi þeirra kann að verða. Það hefur því þótt eðlilegt, að gerðar væru einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að reyna að koma í veg fyrir það ástand, sem í þessum efnum hefur ríkt, og nefnd sú, sem haft hefur með höndum endurskoðun hegningarlaganna, hefur tekið til athugunar, með hverjum hætti væri hægt að koma á breytingu á hegningarlögunum, sem leiddi til þess, að úr þessum afbrotum mætti draga svo mjög sem frekast væri hægt. Hefur n. komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun að breyta því ákvæði hegningarlaganna, að málshöfðun fyrir þessi brot skuli háð kröfu eiganda farartækjanna. Hefur mþn. samið frv., sem hér liggur fyrir og beinist í þá átt, að þetta skilyrði er niður fellt, og á nú skilyrðislaust að höfða mál út af þessum brotum, eins og um önnur almenn brot á hegningarlögunum væri að ræða. Auk þess er lagt hér til, að refsing fyrir þessi brot sé þyngd nokkuð frá því, sem nú er.

Allshn. þessarar hv. d. hefur fengið þetta frv. til athugunar og borið það saman við hegningarlögin. Getur n. fyrir sitt leyti fallizt á, að hér sé um svo alvarlega verknaði að ræða, að brýna nauðsyn beri til, að reynt sé að draga úr þeim eins og hægt er, og telur n., að þær till., sem hér eru fram bornar, miði að því að draga úr slíkum brotum sem hér er um að ræða.

Það er því till. allshn., að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 67. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 376).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.*

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febr. 1940, og leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Í frv. þessu, sem er stjfrv., komið frá Ed., er lagt til, að sú breyting verði gerð á 259. gr. hegningarlaganna, að það varði skilyrðislaust refsingu að taka farartæki annars manns í heimildarleysi og nota það, alveg án tillits til þess, hvort eigandi farartækisins kann að óska eftir því, að þeim, sem sekur gerist um stuldinn, verði refsað eða ekki. Samkvæmt gildandi ákvæðum hegningarlaganna um þetta atriði verður þeim, *sem sekur gerist um slíkan stuld, aðeins refsað*, ef eigandi farartækisins óskar eftir, að svo verði gert.

Eins og kunnugt er, hefur bifreiðastuldum mjög fjölgað nú upp á síðkastið, og verður að telja eðlilegt og sjálfsagt, að löggjafinn geri það, sem í hans valdi stendur, til þess að reyna að stemma stigu við þessum ófögnuði með því að leggja þungar refsingar við því, að slíkir stuldir séu framdir, og með það í huga hefur allshn. orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 388).

---

20. Sauðfjársjúkdómar.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og l. nr. 47 1950 [103. mál] (stjfrv., A. 123).

Á 21. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa á undanförnum árum allmörgum staðið yfir fjárskipti í miklum hluta landsins vegna mæðiveikinnar svonefndu, sem að vísu er meira en einn sjúkdómur, en gengur nú almennt undir því nafni, og í sambandi við þetta hefur landinu, bæði byggðum og öræfum, að miklu leyti verið skipt niður í ákveðin fjárskiptasvæði með girðingum, og þótt búið hafi verið að framkvæma fjárskipti í einu slíku hólfi eða svæði, þá hefur girðingunum víða verið haldið við vegna ótta við, að upp kynnu að koma í einhverjum af þessum hólfum sömu pestir aftur, því að að sjálfsögðu var, eins og allir vita, engin vissa fyrir því, að útrýmingin heppnaðist að fullu í fyrstu umferð. Nú kom það upp í fyrra, árið 1954, að í tveimur af þessum hólfum varð vart við mæðiveiki, að því er fræðimenn telja. Það er í fyrsta lagi hólfið, sem að miklu leyti tekur yfir Dalasýslu, þar sem girt er úr Hvammsfirði yfir Laxárdalsheiði og í Hrútafjörð annars vegar, og hins vegar að norðanverðu úr Gilsfirði í Bitru, sem er stutt girðing, eins og við vitum, en þó geysilega erfið vegna landshátta. Í þessu hólfi eru sjö hreppar, *sex þeirra eru í Dalasýslu og einn í Strandasýslu*. Að vísu er ekki algerlega fylgt hreppamörkum, en þó má segja, að meginlínurnar liggi þannig. Einnig kom upp eitt tilfelli í Hjaltadal í því geysistóra hólfi, sem þar er, Skagafjörður og aðliggjandi héruð að miklu leyti. Þar var ekki nema ein kind, sem talin var grunsamleg og var drepin og svo drepið niður í fyrrahaust á tveimur eða þremur bæjum, held ég, í Hjaltadal til öryggis.

Síðan hefur ekkert orðið vart við neitt grunsamlegt tilfelli á þessum stað þrátt fyrir ýtarlegar rannsóknir nú í haust, svo að það er vonazt til þess, að þar með hafi tekizt að uppræta veikina þar norður frá, hafi þá verið vissulega um slíkt sjúkdómstilfelli að ræða, sem getur verið *náttúrlega dálítið erfitt* að dæma um í öllum tilfellum. En í bili a. m. k. hefur alveg verið horfið frá því, að nokkrar ráðstafanir þyrfti að gera þar, eins og nú standa sakir, til frekari útrýmingar veikinnar. Hins vegar var það svo í Dalasýsluhólfinu, eins og það er nefnt, að í fyrrahaust var þar drepið á nokkrum bæjum allt fé, og komu þá upp nokkrar kindur, ég man nú ekki hve margar, sem taldar voru sýktar af mæðiveiki.

Við slátrun í haust kom það fram, eins og nokkurn veginn mátti telja víst, að þessi pest var að útbreiðast þarna vestur frá. Þannig hefur það sýnt sig, að í tveimur hreppum þarna, Laxárdal og Hvammshreppi, hafa komið fram sjúkdómseinkenni á 350 kindum nú í haust og sumar, á fé, sem drepið hefur verið. Bendir það til þess, að þarna sé um tiltölulega mjög mikla sýkingu að ræða. Utan þessara hreppa hefur ekki orðið beint vart við sýkina, en féð gengur vitanlega saman innan svæðisins meira og minna, og má því telja nokkurn veginn víst, að sýkin sé komin í miklu fleiri hreppa á þessu svæði. Og af þessum ástæðum, sem ég nú hef nefnt, var ákveðið samkvæmt tilll. sauðfjársjúkdómanefndar og með samþykki ríkisstj. allrar, að allt fé skyldi skorið niður í tveimur hreppum í þessu hólfi nú í haust, þ. e. a. s. í Laxárdal og Hvammshreppi. Þetta hefur þegar verið framkvæmt, og það, sem ég nefndi áðan um, að það hefðu fundizt einkenni í 350 kindum, er miðað við þann niðurskurð og það, sem komið hefur í ljós í sambandi við hann.

Nú eru að vísu ákvæði í sauðfjárskiptalögun-

um, sem gilda um ráðstafanir eins og þær, sem nú voru gerðar, og þurfti raunverulega ekki að breyta lögum, og samkvæmt þeim ákvæðum var niðurskurðurinn ákveðinn í haust í þessum tveimur hreppum. Hins vegar þótti miklu öruggara og landbrn. féllst algerlega á að setja sérstök lagaákvæði um útrýmingu í þessu hólfi nú strax, og væri það þá gert með viðauka við núverandi fjárskiptalög, og það er af þeim ástæðum, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, er fram borið. Það má kannske að einhverju leyti segja, að það sé of seint fram borið, þar sem búið er að framkvæma fjárskipti í hluta af þessu hólfi, en það voru full lagaákvæði fyrir því að gera slíkar ráðstafanir, en öruggara þykir að ákveða nú þegar útrýmingu á fjárstofninum þarna í hólfinu, og það er ætlazt til, að á næsta ári verði útrýmt, þ. e. drepið niður það fé, sem enn er eftir í hólfinu, sem munu þá vera fimm hreppar, eftir því sem ég nefndi áðan, eða mikill hluti af fimm hreppum. Það má telja nokkurn veginn víst, að sýkin sé eitthvað komin í fjárstofn þeirra hreppa, sem eftir eru, þó að þess hafi ekki orðið vart enn, og þótti því ekki ástæða til að hefja útrýmingu í haust og þá m. a. af erfiðleikum með að geta tekið á móti svo miklu af sláturafurðum, sem þar féllu til, og væri því betra að skipta þessu á tvö ár. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt samkvæmt till. sauðfjársjúkdómanefndar, og í henni eru fimm menn, sem hafa reynt, eftir því sem unnt er, að kynna sér þetta ástand og ekki sízt í því hólfi, sem nú er um að ræða.

Auk þeirra ákvarðana, sem gerðar eru í þessu frv. um niðurskurð í þessu hólfi á þessum árum, eru hér einnig allmiklar breytingar um bætur til þeirra, sem skorið er niður hjá, og eru bæturnar hækkaðar verulega frá því, sem verið hefur, og ég held það sé samhljóða álit allra, sem með þessi mál hafa farið, að þegar svo hörmulega tekst til, að það verður að skera niður oftar en einu sinni, jafnvel þrisvar sinnum kannske á sama svæði, til að losna við vágest eins og þann, sem hér er um að ræða, þá er ekki nokkur leið, að hægt sé að halda búandfólki við að búa á slíkum svæðum öðruvísi en bætur séu hækkaðar verulega frá því, sem er, þó að um eina útrýmingu sé að ræða á fénu og ein fjárskipti. Ég held því, að sú leið, sem hefur verið farið inn á með þessu frv., að lögfesta hækkun á bótum ekki einungis til þeirra, sem skorið er hjá nú í haust, heldur einnig til þeirra, sem skorið verður hjá næsta haust, þegar alger útrýming á að fara fram í þessu hólfi, sé algerlega sjálfsögð og réttlát. Það er ekki í þágu neins hluta þjóðfélagsins, að viss héruð landsins verði fyrir óbætanlegu tjóni af því, að það verði í fleiri skipti að ganga svo nærri mönnum að drepa bústofn þeirra, sauðfé, að öllu leyti og láta menn vera atvinnulausa, eins og alltaf verður að meira eða minna leyti nokkurn hluta ársins í sambandi við þetta, þó að verulegar bætur séu greiddar frá ríkinu. Ég hef því talið alveg sjálfsagt, að auknar bætur yrðu veittar í sambandi við slíka ógæfu eins og hér hefur átt sér stað og ef til vill kann að koma upp víðar. Annars vil ég leyfa mér að segja það, að hvert árið sem líður frá sauðfjárskiptunum gefur meiri vonir um, að það heppnist að útrýma mæðiveikinni, báðum sjúkdómunum, ég veit ekki, hvað margar þær tegundir kunna að vera. Það gefur miklu meiri vonir um það, og þetta ár er að mínum dómi sérstaklega ánægjulegt að því leyti. Það hefur ekkert fundizt grunsamlegt í sambandi við það eina tilfelli, sem vart varð við norður í Skagafirði í fyrra, og það, sem hefur komið upp í Dalasýsluhólfinu, er aðeins það, sem allir máttu vera viðbúnir að hlaut að koma, eftir því sem komið var upp í fyrra, og hefði kannske mátt búast við, að það væri í enn stærri stíl. Þess vegna verð ég að segja það, að ég var í öndverðu ekki mjög trúaður á fjárskiptin, vegna þess að ég var alltaf hræddur um, að erfitt yrði að eyðileggja síðasta gerilinn, síðasta sjúkdómsvaldinn að mæðiveikinni, þannig að henni væri algerlega útrýmt. Þó verð ég að segja, að sú starfsemi, sem hefur verið höfð í þessu sambandi, og sá árangur, sem náðst hefur, hefur gefið mér miklar vonir um, að þetta geti tekizt. Það er a. m. k. ekkert vit í öðru nú en að stefna að því einhuga, og það hefur ríkisstj. ákveðið að gera, m. a. með því að fylgja því frv., sem hér er fram borið. Við teljum, að með þeim auknu bótum, sem eru um þriðjungshækkun frá því, sem áður hefur verið veitt, sé sauðfjáreigendum á þessu svæði veitt geysimikil bót. Það er alltaf erfitt að dæma um það, hvað nóg er, til þess að menn hverfi ekki frá sínu lífsstarfi og reyni að leita annarrar atvinnu, en ég tel, að hér sé þó mjög vel veitt, ef ég á að segja eins og ég meina í þessu efni. Hins vegar hefði verið mikið glapræði að ganga skemmra í þessu máli, og það er með þetta sjónarmið, sem ég hef leyft mér að leggja þetta frv. hér fyrir hið háa Alþingi.

Það verður framkvæmt á næstu árum að útrýma mæðiveikinni í Dalahólfinu. Það er búizt við, að útrýming á þessu svæði kosti ríkissjóð um 16 millj. kr. á fjórum árum. En ég verð að segja, að það er lítil fórn, ef heppnaðist þar með að kæfa þennan sjúkdóm á þessu svæði algerlega og sérstaklega ef það yrði svo samhliða, að ekki kæmu upp aðrar ógnir annars staðar í sambandi við þetta, sem að vísu er ómögulegt að segja ákveðið um, en mér finnst þó, að við getum með nokkrum vonum borið fram, þar sem ekki hefur neitt nýtt komið upp í þessu máli nú síðustu árin. Og hvert árið sem líður tryggir betur og betur, að fjárskiptin hafi orðið til þess að drepa niður sjúkdómsvaldinn og fá hraustan stofn inn í héruðin.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vil leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. landbn., fyrst og fremst til 2. umr. og að því loknu til hv. landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 161, 162).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 162. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra er flutt af hæstv. ríkisstj., í meginatriðum eftir tillögum frá sauðfjársjúkdómanefnd. Landbn. hefur haft frv. til meðferðar og m. a. rætt það við framkvæmdastjóra sauðfjárveikivarnanna. Niðurstaða n. er sú, að hún mælir með því, að frv. verði samþykkt með litils háttar breytingum, sem ég skal gera grein fyrir, en þess er þó að geta, að form. n., hv. þm. Dal., hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, og sé ég, að hann hefur borið fram brtt. við 4. gr. frv. á þskj. 162.

Þar sem nál. hefur ekki verið útbýtt fyrr en á þessum fundi og hv. þm. því ekki haft tíma til að kynna sér það, skal ég rifja lauslega upp efni frv., en á sínum tíma var raunar við 1. umr. gerð grein fyrir því af hæstv. landbrh. Frv. er fram komið fyrst og fremst vegna fjárskipta, sem ákveðin hafa verið í svokölluðu Dalahólfi, en það er svæði, sem á sínum tíma var afgirt vegna fjárskipta og nær yfir, ef ég man rétt, fimm hreppa í Dalasýslu og hluta úr tveimur hreppum í Strandasýslu. Nú hefur svo illa til tekizt, að mæðiveikin hefur komið upp aftur á þessu svæði eða hluta þess í Dalasýslu. Má segja, að það þurfi reyndar engum að koma á óvart, þó að ekki hafi tekizt gersamlega að útrýma þessari veiki alls staðar með fjárskiptunum. En veikin hefur, eins og ég sagði, komið upp aftur á þessu svæði, og fjárskipti verið þar ákveðin, en niðurskurður hafinn á þessu hausti á nokkrum hluta svæðisins. Vegna þess að hér er um að ræða niðurskurð og fjárskipti í annað sinn á sama svæði, sem nú verður að framkvæma við að ýmsu leyti erfiðar aðstæður, hefur þótt óhjákvæmilegt að hækka til muna bætur vegna fjárskiptanna, og það er meginefni frv. Aðalbreytingin, sem er í 4. gr. frv., er í því fólgin að hækka afurðatjónsbætur fyrir hverja bótaskylda kind úr ½ lambsverði í ¾ lambsverðs og sauðleysisbætur á sama hátt. Jafnframt þessu er svo ákveðið í sömu grein, að fjáreigendur skuli eiga kost á að fá keypt líflömb sem svarar 80% af bótaskyldri fjártölu. Ef ekki fæst sú lambatala á fyrsta hausti sem lömb eru flutt inn á svæðið, eiga hlutaðeigendur rétt á bótum fyrir það, sem á vantar, og eru þær bætur jafnar sauðleysisbótum, að sjálfsögðu þó því aðeins, að þeir, sem í hlut eiga, hafi óskað eftir þessari tölu. Þetta er nokkur breyting og aukning bótaréttar frá því, sem er í gildandi lögum. Þá er ákveðið í frv. að miða afurðatjóns- og sauðleysisbætur við verðlag það ár, sem bótagreiðslan fer fram á, í stað þess að fara eftir meðalverði tveggja s. l. ára, eins og gert hefur verið. Auk þessara meginbreytinga í frv., sem felast í 4. gr. þess, eru nokkrar minni breytingar og sumar annars efnis, og er gerð grein fyrir þeim bæði í grg. frv. sjálfs á þskj. 123 og í nál. á þskj. 161. Meðal þessara breytinga er t. d. sú, að heimilað er að fyrirskipa fjárskipti, þótt atkvæðagreiðsla hafi ekki farið fram á fyrirhuguðu fjárskiptasvæði, ef brýna nauðsyn þykir til bera. Nú er það svo í lögum, að slík atkvæðagreiðsla verður að hafa farið fram, áður en fyrirmæli eru gefin. En það þykir nú nauðsynlegt að breyta þessu og heimila fyrirmælin, þótt atkvæðagreiðsla hafi ekki farið fram, sérstaklega með tilliti til þess, að það geti verið, að það sé svo lítið ráðrúm, svo lítill tími til stefnu, að naumast sé tími til þess að hafa atkvæðagreiðslu með þeim umbúnaði, sem henni fylgir. Ég skal einnig nefna það, að gert er ráð fyrir því í þessu frv., að ákvæði laganna nái til kýlapestar og riðuveiki.

Ég skal þá aðeins stuttlega gera grein fyrir þeim brtt., sem nefndin stendur að og prentaðar eru á þskj. 161. Þær eru þrjár.

Í fyrsta lagi leggur nefndin til, að á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, þess efnis, að sauðfjársjúkdómanefnd sé heimilt að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlínur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir verulegu tjóni vegna bannsins. Er gert ráð fyrir, að sauðfjársjúkdómanefnd ákveði upphæð bótanna hverju sinni. Samkvæmt 13. gr. laganna er það svo, að bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur nema með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar. Í sömu grein er gert ráð fyrir, að landbrh. geti einnig látið þetta bann ná til annars búpenings. Þessu banni hefur verið beitt talsvert gagnvart flutningi nautgripa nú á síðari árum vegna hættu á útbreiðslu garnaveiki, en bann við flutningi sauðfjár til lífs yfir varnarlínur hefur verið algert nú um mörg undanfarin ár, að undanteknum sjálfum lambaflutningunum til fjárskiptanna. Þetta kemur að sjálfsögðu eða getur komið nokkuð hart niður á þeim, sem í hlut eiga. Það er algengt, að þeir, sem flytjast búferlum, geta ekki selt til lífs neitt teljandi af sauðfé sínu og verða að slátra því, en geta svo ekki fengið keypt annað en lömb á því svæði, sem þeir flytja inn á, og slíkt getur að sjálfsögðu valdið töluverðu tjóni. Líkt getur staðið á um nautgripi. Nú um nokkur undanfarin ár hefur ekki orðið hjá því komizt að bæta mönnum nokkru fyrir þetta bann, en sauðfjársjúkdómanefnd telur og landbn. hefur á það fallizt, að æskilegt sé að hafa um þessar bætur í sambandi við búferlaflutninga skýrari ákvæði en nú eru í lögum, og þess vegna er brtt. fram borin.

Önnur brtt. n. er um það, að á eftir 6. gr. frv. komi ný grein um breytingu á 45. gr. laganna, þess efnis, að sektir fyrir brot gegn lögunum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma hækki nokkuð, og er það m. a. með tilliti til þess, að verðlag hefur breytzt síðan lögin voru sett 1947.

Loks er þess að geta, að n. leggur til, að aftan við frv. komi nýtt ákvæði til bráðabirgða, þess efnis að fella þetta frv., ef að lögum verður, ásamt lögum frá 1950, inn í meginmál laganna frá 1947 og gefa lögin frá 1947 út svo breytt. Nefndin telur það til hagræðis fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að þetta verði gert, til þess að auðveldara verði að átta sig á, hvernig þau ákvæði eru um þessi efni, sem eftirleiðis gilda eftir væntanlega samþykkt þessa frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. þm. N-Þ. hefur gert grein hér fyrir afstöðu n. til þessa frv., sem hér um ræðir, auk þess sem hæstv. landbrh. gerði mjög glögga grein fyrir frv., þegar

hann hafði framsögu fyrir þessu máli. Ég vil taka það strax fram, svo að það valdi ekki neinum misskilningi, að ég met mikils þær lagfæringar, sem gerðar eru þarna á lögum um sauðfjársjúkdómavarnir. Mér er það vel ljóst, að ef engar breytingar hefðu farið fram á þessum lögum nú, hefðu fjárskipti a. m. k. í Dalahólfi nú orðið óhugsandi, ef ætlazt hefði verið til, að bændur sætu að búum sínum áfram. En ég tel jafnframt, að þessar tillögur, þó að þær valdi miklum lagfæringum á löggjöfinni, gangi of skammt. Að vísu eru ástæður bænda misjafnar, en það þýðir ekki að einblína á þá, sem geta staðið af sér hörðustu hretin, heldur verður einnig að hafa hina í huga, sem maður veit að búa við hin lakari skilyrði, og þess vegna hef ég leyft mér að koma fram með brtt., sem ég tel að eigi að bæta aðstöðu þeirra sérstaklega, sem verr eru á vegi staddir í þessum efnum.

Við skulum taka eitt dæmi. Tökum bónda, sem á 100 fjár, og hann fargar því og fær fyrir þessar 100 kindur á sláturstað 27 þús. kr., og hygg ég þó, að það sé kannske fullhátt verð undir mörgum kringumstæðum. Nú líður eitt ár, sem hann er fjárlaus, og næsta haust fengi hann bætur samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, um 27 þús. kr., og ég tek nákvæmlega sömu bótatölu og ég veit að sauðfjársjúkdómanefnd hefur tekið í sína útreikninga til fjvn., sem hún hefur lagt fyrir Alþingi. Þessi maður gæti haft til fjárkaupa haustið eftir að hafa verið sauðlaus eitt ár 54 þús. kr. Nú getur hann fengið og vill fá 100 lömb að nýju, og við skulum segja, að þessi lömb, sem hann fær, séu álíka væn og þau lömb, sem hann lét á sláturstað árið áður, og það er enn fremur vitað mál, að á undanförnum árum hefur verðlag á líflömbum verið um það bil 10% hærra en niðurlagsverð á lömbum, eða dilkum, svo að þessi lömb, sem hann kaupir, mundu kosta nálægt 40 þús. kr. Eftir eru þá um það bil 14 þús. kr., sem hann hefði til að leggja fram fyrir sig og sína fjölskyldu á því ári, sem í hönd færi.

Það þarf náttúrlega ekki að vera að fjölyrða um þessa hluti hér, vegna þess að það sér hver heilvita maður, að 14 þús. kr. eru harla lítill hluti til þess að lifa af fyrir eina fjölskyldu og það jafnvel þó að eitthvað falli til af öðrum tekjum, enda er ekki um það að ræða, vegna þess að þar, sem fjárskipti hafa farið fram fyrirvaralaust, hefur ekki verið hægt að hagræða búskapnum þannig, að þessar aðrar tekjur yrðu ýkjamiklu meiri en þær hefðu þá verið undanfarandi ár. Það þarf að borga af skuldum. Fjöldi bænda hefur byggt og ræktað á undanförnum árum og þarf því að borga mikið af skuldum sínum, hvort sem þeir hafa fjárstofn eða ekki, og það eru ekki miklar framkvæmdir, sem búið er að gera hjá þeim bónda, sem skuldaði — við skulum segja milli 50 og 60 þús. kr. við hin betri kjör í Búnaðarbanka Íslands, en þarf þó að greiða af þeim milli 5 og 6 þús. kr. í vexti og afborganir á ári, svo að það fer nú að sneiðast af þessum 14 þús., sem eftir voru eftir fjárkaupin. Þá verður kostnaður við heyöflun sá sami, því að engum dettur í hug að bera ekki áburð á tún né heldur að slá ekki ræktað land. Það er einnig fyrir fram vitað, að nýi fjárstofninn verður fyrsta veturinn að vera í húsi, og það er gert ráð fyrir því einmitt í þessu frv., sem hér liggur fyrir, til þess að hættan vegna fjárskiptanna verði minni, þ. e. a. s. ef eitthvað skyldi út af bera, svo að kostnaðurinn verður allmiklu meiri. Það er líka vafasamt um arðinn af þessum kindum fyrsta og fyrstu árin, því að þær eru óhagvanar, og því vill oft fara misjafnlega um fé, þar til það venst umhverfinu. Þótt lítið sé um búfé á heimilum, komast bændur ekki að heiman í vinnu, enda hæpið að til falli arðberandi vinna, sem hægt er að stunda jafnframt öðrum heimilisstörfum. Það er því um tvennt að velja fyrir bændur, annaðhvort að vera heima yfir litlu og lifa í trú og von um betri fjárhagsafkomu eða fara og farga þeim fáu skepnum, sem eftir eru, og fá sér þá vinnu í því gósenlandi, sem vinnumarkaðurinn hér á landi hefur að bjóða nú í dag.

Þeir bændur, sem að mínu áliti fara verst út úr fjárskiptum, eru þeir, sem hafa fátt fé, jafnvel talsvert innan við 100 fjár, en hafa fóðrað vel og ræktað það svo, að arðurinn hefur verið góður, kannske allt að ⅔ ánna tvílembdar. Þessir bændur fá tiltölulega litlar bætur, þar sem allar bætur samkv. þessum lögum miðast við fjártölu, en ekki arð af sauðfjárbúunum. Og eftir að þeir hafa fengið fjárstofn að nýju, tekur það mörg ár að rækta fjárstofninn svo, að hann gefi álíka mikinn arð og sá stofn, sem þeir urðu að farga vegna fjárskiptanna. Samkvæmt mínum brtt. mundi þessum mönnum verða gert kleift að fá sér fjárstofn að nýju, sem óvíst er annars að þeir legðu í, ef þeir sæju fram á búskaparbasl og fjárhagsörðugleika næstu árin.

Það má einnig á það benda, að allir æskumenn og konur, sem að heiman komast, fara burt í vinnu og óvíst um afturkomu þess fólks, nema því aðeins að það verði búið það vel að heimilunum, að þau geti eitthvað greitt þeim fyrir vinnu sína, þegar þau koma heim, ef þau kæmu heim að nýju.

Ég vænti þess, að hv. þingmenn fallist á brtt. mína, því að hún er flutt af knýjandi þörf, sem mér er vel kunnugt um. Alþingi gefst þess kostur nú að gera það upp við sig, hvort treysta eigi um of á manndóm og fórnfýsi þess fólks, sem þarna á hlut að máli, eða tryggja því fjárhagslegt öryggi, svo að það geti haldið áfram búskap sínum. En svo er hægt að herða hnútinn hart á sviði fjárhagsafkomu þessa fólks, að það hverfi burt til blómlegri halla, og það tel ég ekki vera farsælt, hvorki fyrir land né þjóð. Það kann aldrei að fylgja því farsæld, að blómlegar byggðir leggist í auðn, en þetta vofir yfir, ef ekki er sómasamlega gengið frá þessum málum hér nú.

Ég vænti því þess, að hv. þm. samþ. brtt. mína, en hún er, eins og till. ber með sér á þskj. 162, þess efnis, að ríkið greiði mismuninn á ærverðinu til innleggs og dilksverðinu til kaups. Þetta mundi verulega bæta afkomu þeirra bænda, sem verst eru á vegi staddir.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja, en ég vil fyrst þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. N. hefur flutt hér þrjár brtt. á þskj. 161, sem ég get fallizt á að

öllu leyti. Ég tel, að meginbrtt. sé fyrsta till. n., og kann að vera, að það hafi einhver aukin útgjöld í för með sér, en ég tel það, sem þar kemur fram og hv. frsm. n., þm. N-Þ., lýsti áðan, réttmætt og því sjálfsagt að samþ. þá brtt. Hinar brtt. get ég mjög vel fallizt á einnig og tel því, að n. sem slík hafi afgreitt þetta mál vel, þannig að ríkisstj., sem að frv. stendur, megi vel við una.

Einn nm., hv. þm. Dal., hefur nú lýst sinni brtt. á þskj. 162, sem fer fram á allmikið auknar bætur frá því, sem var í frv. því, sem ríkisstj. flutti hér sem stjórnarfrv. Ég skil mætavel afstöðu hv. þm. Dal. Það vita náttúrlega ekki fyllilega aðrir en í það komast, hvaða erfiðleikar eru því samfara, þar sem þarf að framkvæma niðurskurð á búfé hvað eftir annað, og mér er það mjög ljóst, og það hefur orðið jafnvel á vissum stöðum í mínu kjördæmi, Skagafjarðarsýslu, að skera þrisvar niður. Og það hefur ekki verið ánægja með þá hluti, síður en svo. Í sambandi við það getur jafnvel skapazt heift hjá vissum mönnum út af því, að ríkisvaldið sé að grípa þarna inn í hluti, sem því kannske komi ekki mjög mikið við og ekkert vit sé að fara með eins og það ályktar að skuli gert. En þó hafa allar þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið í niðurskurðarmálum, þótt sjálfsagt megi benda á einhver mistök þar eins og annars staðar, og skal ég ekkert inn á það koma, staðfest það, að enn höfum við geysimikla von um, að takast megi að útrýma vissum búfjársjúkdómum, þ. e. a. s. mæðiveikifaraldrinum, með niðurskurði. Það eru mjög miklar líkur til þess, eins og enn er, hvað sem næstu ár kunna að bera í skauti sínu. Það vitum við aldrei. Og það er það, sem við verðum, Alþingi, löggjafarvaldið og ríkisstjórnin, sem fer með framkvæmdavaldið, að treysta á, að þetta sé enn hægt, og verður þá að skipa málum þannig, að hvort tveggja sé gert að vinna af fullri einbeitni að útrýmingu pestarinnar eða pestanna og hins vegar að gera því fólki, sem verður fyrir þessum ógurlegu búsifjum hvað ofan í annað, þó mögulegt að lifa. Þess vegna skil ég það mætavel, að þingmaður kjördæmis, sem verður fyrir öðru eins afhroði og Dalasýsla verður, þar sem á að skera niður svo að segja í allri sýslunni, sé í sambandi við þetta kröfuharður fyrir hönd sinna umbjóðenda, að miklar bætur séu greiddar. Það er ósköp eðlilegt og sjálfsagt. En ég vildi í þessu sambandi aðeins minna á það, að í því frv., sem hér liggur fyrir og er í meginatriðum óbreytt enn, eftir að hv. landbn. hefur skilað sínu áliti og sínum brtt., er gert ráð fyrir mjög verulegum bótum frá því, sem áður hefur verið ákveðið í lögum vegna niðurskurðarins. Og þetta var gert út frá því, sem sauðfjársjúkdómanefnd lagði til og ríkisstj. féllst á, að þetta væri algerlega nauðsynlegt til þess að gera bændunum þarna kleift *að halda við búum sínum, þó að niðurskurður* færi nú fram í annað skipti. Og það var svo litið á af þeim mönnum, sem um þetta fjölluðu, undirbúning þessa frv., að með þessu væri gengið langt til móts við bændurna í Dalasýslu um það að fá sómasamlegar bætur, þó að tekið sé tillit til þess, að þarna er verið að skera niður í annað skipti og erfiðleikar þeirra því sívaxandi hvað þetta snertir.

Ég vildi leyfa mér að taka þetta fram, en skal ekki fara að ræða málið að öðru leyti. Ég gerði það nokkuð hér við 1. umr. málsins og skal ekkert fara að endurtaka af því. En sú till., sem hv. þm. Dal. hefur hér flutt, samrýmist ekki því samkomulagi, sem var í ríkisstj. um bætur vegna fjárskipta í Dalasýslu, og af þeim ástæðum legg ég á móti því, að sú brtt. verði samþykkt. Ég sé mér ekki fært annað en leggja til, að Dalamenn verði að sætta sig við þær bætur, sem felast í frv. eins og það var borið fram í fyrstu, með þeim breytingum þó, sem að vísu eru aðeins litlar, en felast í sameiginlegum till. landbn.

Það var þetta, sem ég aðallega vildi leyfa mér að taka hér fram, þó að ég endurtaki það aftur, að ég skil mjög vel afstöðu hv. þm. Dal. og veit, að á hann muni vera mjög ýtt af sínum umbjóðendum, til þess að lengra sé gengið í þessu máli en enn hefur verið gert með því frv., sem hér liggur fyrir.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur út af fyrir sig ekki andmælt því, að þær kröfur, sem ég fer fram á með brtt. á þskj. 162, væru réttmætar. Það má náttúrlega á það benda, að það má mæta þessu máli á ýmsan veg, og það kann að vera, að það sé ekki rétt að vera að ræða þau mál hér. En við vitum allir, að það stendur yfir fjárlagaafgreiðsla, og ég hygg, að það sé þannig gengið frá þeim málum, að það sé tæplega hægt að benda á, að Dalamenn á næsta ári hafi neitt aukna atvinnu frá því opinbera, svo að þeir fara ekki á feitum fáki í þeim efnum. Ef á að hugsa sér, að menn komist nokkurn veginn af, þá verður að reyna aðrar leiðir, og ég er farinn að kynnast *fjárlagaafgreiðslunni* það vel, að ég veit, að þó að eitthvað líkt standi á og þarna er í Dalasýslu nú, þá er ekki harla mikið tillit tekið til þess. Það voru fjárskipti í Dalasýslu 1950, og mér var kunnugt um það þá, að það var ekki tekið tillit til þeirra við afgreiðslu fjárlaga í það skipti, og ég hygg, að það verði þannig nú. Mér er vel ljóst, að ef brtt. mín verður ekki samþ., þá verða það margir bændur, sem heltast úr lestinni. Og eitt af mestu vandamálum landbúnaðarins í dag er það, hversu fámenn bændastéttin er, og í öðru lagi það, hversu misjöfn afkoma bændanna er. Ég veit vel, að í þessu landi eru bændur, sem vel geta kallazt stórbændur, og í öðru lagi bændur, sem kannske eru í meðallagi, og þeir eru því miður of fáir, og í þriðja lagi bændur, sem eru nokkuð fyrir neðan meðallag, þannig að þeirra afkoma hlýtur undir öllum kringumstæðum að verða þeim mun lakari sem afkoma hinna bændanna verður betri. Og þegar lög hafa verið afgreidd hér frá Alþingi, hefur ekki ávallt verið tekið tillit til þessa, þótt að nokkru væri það gert í fyrra við afgreiðslu jarð*ræktarlaganna, því að maður veit, að sá bóndi,* sem hefur bú nokkuð langt fyrir ofan meðalbúið, hefur raunverulega alltaf meira fyrir sínar afurðir en honum í raun og veru ber, en hinn, sem hefur bú fyrir neðan meðalbúið, þeim mun minna, svo að það verður að fara aðrar leiðir til þess að bæta honum afkomuna og reyna að ná þeim bændum eitthvað fjárhagslega upp. Fari svo, að þessi till. mín, sem ég hef hér borið fram,

verði felld við þessa umr., þá mun ég við 3. umr. koma með aðra brtt. til þess að þrautreyna vilja Alþ. í þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 161,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—3. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 162 felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LJós, ÁB, BergS, EggÞ, EOl, EirÞ, GilsG, GJóh, GTh, GÞG, HV, JóhH.

nei: JPálm, JR, KGuðj, MJ, PÞ, SÁ, SG, SkG, StgrSt, EI, GíslG, HelgJ, IngJ.

EmJ, SB greiddu ekki atkv.

7 þm. (JS, KJJ, ÓTh, PO, BÓ, EystJ, HÁ) fjarstaddir.

4.—6. gr. (verða 5.—7. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 161,2 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

7. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 161,3 (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 28. og 29. fundi í Nd., 8. og 9. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 166, 170).

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég brtt., sem féll hér í þd. með jöfnum atkv. Sú atkvgr. sýndi m. a., að það var vilji hv. Alþingis að ganga nokkuð til móts við mig í þessum efnum. Þess vegna hef ég nokkuð breytt till. og legg hana hér fram í öðru formi. Það er farið fram á minna en áður var, og vænti ég þess, að hv. alþm. komi það til móts við mig, að þessi till. nái fram að ganga. Að öðru leyti get ég vísað til þess, sem ég áður sagði við 2. umr. þessa máls.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Út af þeirri brtt., sem hv. þm. Dal. hefur borið fram á þskj. 170, hefur landbn. beðið sauðfjársjúkdómanefnd að gera áætlun um kostnað við fjárskiptin í Dalahólfinu, eins og gert er ráð fyrir kostnaði við þau, í fyrsta lagi samkv. gildandi lögum um fjárskipti, í öðru lagi samkv. því frv., sem nú liggur fyrir, ef það yrði að lögum, og í þriðja lagi ef frv. yrði að lögum með þeirri breytingu, sem hv. þm. Dal. leggur til að gerð verði á því.

Samkv. áætluninni er það svo, að fjárskiptin á þessu svæði mundu kosta samkv. gildandi lögum 10 millj. 940 þús. kr., samkv. því frv., sem fyrir liggur, rúml. 16 millj. kr., eða 16 millj. 25 þús. kr., og samkv. frv., ef sú brtt. yrði samþ., sem fyrir liggur frá hv. þm. Dal., 17 millj. 125 þús. kr. Þetta er, eins og ég sagði, áætlun frá sauðfjársjúkdóman. um fjárskipti á þessu svæði, í fyrsta lagi samkv. gildandi lögum, í öðru lagi samkv. því frv., sem fyrir liggur, ef að lögum verður, og í þriðja lagi samkv. frv., ef það yrði samþ. með breytingunni frá hv. þm. Dal.

Ef þessar tölur eru athugaðar nánar, en eins og ég sagði áðan, eru þær auðvitað allar áætlunartölur, kemur í ljós, að frv. hefur í för með sér, ef að lögum verður, rúmlega 5 millj. kr. hækkun á kostnaði fram yfir það, sem verða mundi samkv. gildandi lögum. Þessar rúml. 5 millj. eru sú hækkun, sem frv. gerir ráð fyrir að verði á bótum. Ef hins vegar till. hv. þm. Dal., sem nú liggur fyrir, yrði samþ., mundi það enn auka kostnaðinn um rúmlega 1 millj. kr.

Þótt viðurkenna beri þörf þeirra, sem hér eiga hlut að máli, fyrir bætur í þeim erfiðu kringumstæðum, sem þeir eiga í nú, hefur meiri hl. n. samt ekki séð sér fært að mæla með till. hv. þm. Dal., enda þótt hún gangi skemmra en sú till., sem hann flutti við 2. umr.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það var fyrir fram vitað, að meiri hl. landbn. mælti ekki með mínum brtt. En ég vil bæta því við þær upplýsingar, sem hv. þm. N-Þ. gaf hér áðan, þar sem hann gat þess, að samkv. minni brtt. mundu útgjöldin vegna fjárskiptanna í Dala- og Strandahólfi hækka um rúml. 1 millj. kr., — það mun vera rétt, ég vefengi ekki þær tölur, — en ég vil geta þess, að upphæðin kemur ekki til greiðslu á einu ári, því að hún skiptist á 3 ár og því sem næst þannig, að á næsta ári mundu koma til útgjalda um 400 þús., á þar næsta ári um 450 þús. og 250 þús. síðasta árið. Þarna er því ekki tekinn sá óskapa baggi á herðar ríkisvaldinu, sem margur mundi ætla, og samanborið við ýmis önnur mál, sem nú liggja fyrir hv. Alþingi, er hérna um smámuni eina að ræða. Ég trúi því tæpast, að Alþingi láti það um sig spyrjast, þótt fámennur bændahópur, sem á þarna í vök að verjast, fari fram á smáupphæð, að því verði neitað, þegar samþ. eru tugir millj., er ýmsir aðrir eiga í hlut.

Ég vil endurtaka það frá 2. umr. þessa máls, að þessi fjárskipti eru gerð algerlega fyrirvaralaust. Það er ekki neinn fyrirvari til þess að búa sig undir þau á nokkurn hátt með aðra framleiðslu og því gífurlegur tekjumissir fyrir hvern og einn bónda, sem á þarna hlut að máli. Auk þess hafa menn á undanförnum árum verið það bjartsýnir, að þeir hafa lagt í stórframkvæmdir og skapað sér miklar skuldir, sem þeir verða að standa straum af, hvort sem þeir hafa búfé eða ekki. Í þriðja lagi vil ég minna á það, sem er ekki veigaminnsta atriðið varðandi þetta mál, en það eru áhrif fjárskiptanna á hlutaðeigendur, hin sálrænu áhrif, sem eru mjög lamandi, þannig að það má búast við, að fjöldi bænda hverfi algerlega frá búum sínum, ef ekki verður nokkurn veginn hægt að ganga á sómasamlegan hátt frá þessum lögum, svo að það sé ekki fjárskorti einum um að kenna, að bændur þurfi að hrökklast frá búum sínum. Ég tel það mjög óæskilegt, og ég vænti því þess, að hv. alþm. fallist á mína brtt.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Í landbn., þar sem þetta mál hefur verið til umr., var öll

landbn. sammála um að afgr. frv., sem gerir ráð fyrir 5 millj. hækkun frá því, sem var, hefði verið skorið niður eftir þeim lögum, sem áður giltu. Það fannst öllum, að það væri sjálfsagt að gera það og taka það til greina, að þetta er vágestur og hefur komið, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, þm. Dal., alveg fyrirvaralaust. Þessi upphæð, sem hann er að tala um, 1 millj. í viðbót, er auðvitað smáupphæð, það vorum við allir sammála um, á móti því, sem nú er. En ef við ættum víst, að veikin kæmi ekki fram síðar og þetta væri síðasta sporið til að vega að þessum vágesti hjá bændastéttinni, mæðiveikinni, væri ekkert um þetta að segja. Nú vitum við það ekki, og meðan svo er, álít ég persónulega, að Alþingi og þm. yfirleitt hafi sýnt fullan skilning um að mæta þessari plágu landbúnaðarins og sé mjög hættulegt, á meðan ekki er víst, að veikin sé búin, að hækka styrkinn eftir kröfum einstakra manna, þó að þær séu á rökum byggðar, alls ekki vegna þess, hve upphæðin sé há, og ekki vegna þess, að þeir eigi þetta kannske ekki skilið, en það er hættulegt fordæmi, ef við stöndum fyrir því á næstu árum og þá eiga ekki að koma til greina kröfur frá einstaklingum, því að Alþingi hefur sýnt fullan skilning á þessu. Þess vegna greiddi ég atkv. á móti till. um daginn og mun gera það aftur núna.

ATKVGR.
Brtt. 170 felld með 13:9 atkv.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., 6. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 246, 247).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er búið að fara í gegnum Nd. og er að finna á þskj. 166. Þegar við nm. fórum að fara í gegnum þetta frv. og bera það saman við núgildandi lög í þessum málum, sem hafa verið tvenn, önnur frá 1947 og hin frá 1950, komumst við að þeirri niðurstöðu, sem ég hef oft komizt að áður og kannske líka hinir meðnm. mínir, að það væri ákaflega óaðgengilegt fyrir allan almenning í landinu að eiga að leita að gildandi lagaákvæðum um sama mál á mörgum stöðum og það væri þess vegna miklu réttara að færa þetta saman og fella brtt. inn í lögin og láta lögin koma ein og afnema eldri lögin, þannig að menn á einu blaði — í einum lögum — gætu séð, hvað gilti í þessum málum. Um þetta vorum við allir sammála. Við töluðum svo við yfirdýralækninn og Guðmund Gíslason, sem hefur haft mest með sauðfjársjúkdómavarnirnar að gera fræðilega séð, sömuleiðis við forstjóra þeirra, Sæmund Friðriksson, og töluðum við þá um ýmsar fleiri breytingar, sem okkur fannst að þyrftu að koma í lögin. Nokkrar af þessum breytingum hafa þegar verið framkvæmdar, eru sumpart alveg framkvæmdar og að öðru leyti reynt að framkvæma þær af sauðfjársjúkdómavörnunum. Þessar umræður enduðu með því, að við erum sammála um að taka upp nokkrar fleiri breytingar en frv. á þskj. 166 gerir ráð fyrir, og þetta birtist nú allt saman í einu lagi á heildarþingskjalinu, sem nú liggur fyrir og er nr. 247. Þar eru lögin eins og þau mundu verða, eftir að þau hefðu verið samþ. af Alþ. í heilu lagi.

Áður en ég byrja að lýsa breytingunum, vil ég aðeins geta þess, að á einni grein, sem við erum búnir að ganga frá og er að finna hér og ég kem að seinna, viljum við helzt fá breytt ofur lítið orðalagi aftur, og ég mun leggja fram fyrir hönd nefndarinnar skriflega brtt. viðvíkjandi þeirri einu grein. **(Forseti:** Við þessa umr.?) Já, við þessa umr., áður en ég lýk máli mínu. En þetta er engin eða mjög lítil efnisbreyting. Ég hef ekki náð í einn nm. til að bera það undir hann, en ég hygg, að hann sé með því líka, ég hygg, að það sé óhætt að segja það.

Brtt. eru prentaðar með breyttu letri í frv. Hv. þm. geta þess vegna fljótar áttað sig á, hverju er breytt, heldur en ella, því að sannleikurinn er sá, að það að flytja fram brtt. við frv., kannske ein lög, tvenn lög, þrenn lög á einu stóru skjali, er í raun og veru aldrei gert til annars en að þm. veitist léttara að átta sig á breytingunum. Það er meiningin með því, en almenningi veitist alltaf miklu óhægara að vita, hvað lög eru á eftir. En til þess að taka af þingmönnum þann kaleik að þurfa að bera allt saman, hafa breytingar frá eldri lögum verið prentaðar með breyttu letri, svo að þetta kæmi sem greinilegast fram.

Þá er það fyrst 1. gr. í frv. á þskj. 166. Það er fyrsta breytingin, sem kemur fram við heildarlögin og er prentuð hér undir lið 2 á frv. Henni höfum við breytt dálítið. Í þessu er veruleg breyt. frá því, sem nú er í lögunum, ekki frá því, sem var í frv., eins og það var lagt fyrir þingið. Hún er í því innifalin, að það er ætlazt til, að tvær nýjar fjárpestir, annars vegar riða og hins vegar kýlapest, séu teknar inn sem næmir sjúkdómar, sem það opinbera eigi að reyna að hefta útbreiðslu á og kveða niður, ef mögulegt er. Brtt. okkar við 1. gr., eins og hún er í frv. eins og það kom frá Nd., er í því innifalin, að við setjum latnesku nöfnin á sjúkdómana, og þess var alveg sérstaklega þörf um riðuveikina, af því að hér á landi ganga fleiri sjúkdómar, mjög ólíkir og misjafnlega hættulegir, undir nafninu riða. Enn fremur er það, að það verður gefin út sérstök reglugerð viðvíkjandi þessum sjúkdómum, af því að það á ekki það sama við um ráðstafanir til að hefta útbreiðslu þessara sjúkdóma nema að nokkru leyti og ráðstafanir til að hefta útbreiðslu garnaveikinnar og mæðiveikinnar. Þess vegna er greinin dálítið öðruvísi orðuð, en breytingin er yfirleitt ósköp lítil frá því, sem hún er í 1. gr. frv., eins og það kom frá Nd., og eiginlega bara til frekari áherzlu og frekari skýringar.

Þá komum við með brtt. undir lið 4, það eru

reyndar fleiri breyt., en það er þar, sem við erum með aftur enn eina brtt., sem ég legg fram skriflega til forseta.

Fyrsta breytingin, sem þarna er um að ræða, er það, að áður var svo fyrir mælt, að varnargirðingarnar skyldu standa og haldast við í fjögur ár. Við leggjum til, að það verði níu ár, komi níu ár í staðinn fyrir fjögur. Þetta byggist á því, að það er talið hæpið, að fyrr en eftir níu ár fáist úr því skorið, hvort einhver veiki, mæðiveiki sérstaklega, sem skorið hefur verið niður fyrir, sé raunverulega búin eða ekki. Það er nú svo, að sauðfé gengur með hana allt að 3 árum, þangað til sýking kemur greinilega fram. Þá er hugsunin þessi, að ef einhver kind hefur smitazt og tekið veikina í nýju hólfi, þar sem veikin var ekki áður, þá kemur veikin fyrst fram eftir þrjú ár í einni kind. Ef það hittist nú svo á, að þessi kind er hjá bónda, sem er trassi og segir ekki frá henni, eða það hittist svo á, að kindin, sem veikist, hefur smitað aðrar kindur, en drepst svo sjálf til dæmis ofan í, þá veit enginn um, að kindin hafi verið veik, og þá er það ekki fyrr en þrjú ár þar á eftir, sem maður sér aftur kindur og þá tiltölulega fáar, sem hún hefur smitað. Þess vegna er það í þriðju umferð, á níunda árinu, sem maður fer að verða verulega var við veikar kindur. Á þessari hugsun er það byggt að lengja tímann, sem varðlínurnar verði látnar standa, úr fjórum árum upp í níu.

Svo er önnur breyting þarna, í síðustu mgr., og það er við hana, sem ég aftur legg fram skriflega brtt. Með leyfi forseta, hljóðar hún svona, eins og hún nú er prentuð:

„Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli fjárskiptahólfa í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr kindum, þar sem garnaveiki eða riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar, sem hætta getur stafað af að áliti yfirdýralæknis, hafa gert vart við sig.“

Nú er það svo, að það er sótt mikið á þessa sæðisflutninga. Menn vita það og vita það vel, að það er oft hægt að fá miklu vænni lömb með því að fá sæði úr reglulega góðum hrút, sem er til einhvers staðar í öðru fjárskiptahólfi, en úr sínum eigin hrút. Hins vegar er vitað, að a. m. k. bæði riða og fósturlát geta flutzt með sæði. Þess vegna viljum við með þessu gefa frekara aðhald en nú er um það, að það sé hægt að fyrirbyggja eða neita þessum sæðisflutningum. Hins vegar var ekki meining okkar með þessari grein að neita um þá fyrir fullt og allt; þó að það hefði komið riða upp fyrir 60—70 árum einhvers staðar og væri fyrir löngu búin á viðkomandi stað, þá mætti aldrei flytja sæði úr hrútum af því svæði. En svoleiðis mætti skilja greinina. Til þess að fyrirbyggja, að hún verði skilin þannig, höfum við breytt henni ofur lítið og orðum hana nú, með leyfi forseta, svona:

„Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli fjárskiptahólfa í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar hafa gert vart við sig, nema með samþykki yfirdýralæknis.“

Við leggjum það undir dóm hans, hvort svo langt sé liðið frá því, að þessi sjúkdómur hafi verið á svæðinu, að það sé óhætt að leyfa sæðisflutningana, en eins og það var orðað áður, mátti segja, að það væri fortakslaust, ef einhvern tíma hefði sjúkdómur komið þar upp. Um þetta er okkar brtt., sem ég bið hæstv. forseta að taka til meðferðar og skal afhenda honum um leið og ég lýk máli mínu.

Þá er á nokkrum stöðum í frv., ég hirði ekki að lesa þá alla upp, sett inn ákvæði um það, að þar sem kindur séu drepnar, sem grunaðar eru um að vera veikar, skuli tafarlaust senda líffæri úr þeim til Keldna til rannsóknar. Á þetta hefur nokkuð skort. Þetta hefur verið reynt að framkvæma, þó að það stæði ekki í lögum. Það er tekið hér beint inn í lögin alls staðar, sem við á, svo að það er ekki um að villast, ef lögin verða samþykkt svona, að þá er það ákveðinn vilji Alþingis, að það sé hert á að þessu leyti og það fáist ævinlega úr því skorið, hvort um sjúkdóm er að ræða eða ekki, þar sem kindur eru grunaðar veikar.

Þá er undir b-lið í 5. tölul. ofur lítil breyting. Hún er í því fólgin, að það er látið sama ganga yfir lömb, sem fengizt hafa í fjárskiptum heim á eitthvert heimili, lömb, sem misstst hafa úr hópnum og verið fjarvistum 2—3 daga og menn vita ekki, hvar hafa verið, eins og þau hefðu beint komið saman við sýktar kindur. Þetta er af því, að þegar fjárskiptin fara fram, er það oft svo, að þegar ný lömb koma inn á svæðið að haustinu, er ekki öruggt, að það sé búið að hreinsa það af afréttarfé. Það er ákvæði núna í lögunum, skýrt að því leyti, að ef lömbin koma saman við kindur, þá á að slátra þeim lömbum, sem það gera, og ef það er öll hjörðin á heimilinu, sem kemur þar, þá er henni allri saman lógað, en alveg það sama er nú látið ganga yfir lömb, þó að það sé ekki hægt að sanna, að þau hafi komið saman við kindur, ef þau hafa tapazt og menn ekki vitað, hvar þau hafa verið, en vita af kindum í afrétti eða í óskilum í kring. Dalasýsludæmið hefur skýrt þetta fyrir mönnum, en það er álitið, að einmitt þannig hafi veikin aftur komizt í Dalina.

Þá er tekið upp, að það eigi líka að rannsaka garnaveiki í nautgripum, eins og gert er ráð fyrir í f-liðnum og áður var gert við sauðfé. Það er ekki nema eðlileg afleiðing af því, að veikin er í þeim ekki síður en fénu.

Þá hefur verið gerð á i-liðnum, sem verður 22. gr., dálítil breyting frá því, sem nú er í lögum. Það hefur í fyrsta lagi vantað í lögin ákvæði til ráðstafana, þegar eigendur skepna hafa sýnt mótþróa eða þvermóðsku í að verða við þeim fyrirmælum, sem sauðfjársjúkdómavarnirnar hafa þurft að láta framkvæma og heimtað. Um þetta er tekið upp skýrt ákvæði í seinni hluta i-liðsins í 5. tölulið, en í fyrri liðnum er tekið upp, að kostnaðurinn, sem leiðir af rannsókn garnaveikinnar, sé að nokkru leyti greiddur af því opinbera og að nokkru leyti af mönnunum sjálfum, og það er meiri hluti greiddur af hinu opinbera en nú er. Þó er það ekkert, sem dregur. Það getur aldrei orðið nema sáralítið á ári, sem þar er um að ræða, en það þótti réttara til þess að greiða fyrir framkvæmdinni.

Þá hefur verið dálítill misbrestur á, að úrgangi í sláturhúsum hafi verið eytt nægjanlega. Það er t. d. álitið, að af því að innvols úr garnaveikisjúkum kindum hafi farið í sjóinn vestanvert við Eyjafjörð, hafi veikin borizt yfir á Svalbarðsströndina til fjár, sem þar gekk í fjöruna. Um þetta er ekkert hægt að fullyrða. Við vitum ekki, hvernig veikin komst þangað, en við vitum hitt, að af görnum sérstaklega og reyndar öllu gori innan úr sjúkri garnaveikikind getur stafað smit, og setjum þess vegna inn í lögin ákvæði um það, að smit af því eigi að fyrirbyggja með því að grafa eða eyðileggja öll innyfli. Þetta höfum við reynt að gera áður. Það er engin breyting að því leyti til. En það hefur bara gengið illa, og getur vel verið, að það gangi illa líka, þó að það sé komið inn í lögin. En það er þó von um, að það gangi þá betur a. m. k. Hér hefur maður þó lög á bak við sig til að heimta ákveðna hluti.

Þá er 6. töluliður, sem sjálfsagt hefur líka verið reynt að framfylgja, en hefur gengið afskaplega illa. Það hefur verið þannig, að þegar lömb hafa verið flutt inn á eitthvert fjárskiptasvæði, hafa menn reynt að dreifa þeim á bæina til bændanna, sem eiga að taka við þeim, á þann hátt, að lömbin yrðu sem allra jöfnust að vænleika. Þetta hefur verið það leiðandi sjónarmið, sem hefur verið haft við dreifingu líflambanna. Þetta hefur aftur orðið til þess, að lömb frá einhverjum ákveðnum bæ, sem þau koma frá, dreifast kannske á svo til alla bæi á svæðinu, sem þau eru fluttt inn á, og ómögulegt er að átta sig á, frá hvaða bæ þau eru komin. Ég skal taka sem dæmi, hvaða þýðingu þetta hefur. Ég skal taka sem dæmi það, að riðan t. d. að taka hefur ekki verið sögð til á Vestfjörðum. Engu að síður kemur hún upp í vestfirzka fénu, þegar flutt er á ný fjárskiptasvæði, á einstaka stað. Nú er tvennt til, annaðhvort að veikin hafi leynzt á staðnum, sem lömbin eru flutt á, þó að kannske ár hafi liðið á milli fjárskipta, eða að veikin hafi verið á einhverjum bæ, sem eitthvert lamb kom frá á þennan stað. Hvort heldur er, er ekki hægt að rannsaka, þegar enginn veit, hvaðan lömbin eru, þegar búið er að dreifa þeim á þennan hátt. Hefði það ekki verið gert, þá var hægt að vita, hvaðan lömbin voru, og þá var hægt að ganga úr skugga um, hvort veikin hefði verið þar eða ekki, og þá var fenginn einn mikilsverður liður í rannsókninni á riðunni, hvort vírusinn, sem orsakaði hana, gæti lifað lengi utan kindar.

Þetta er reynt að koma í veg fyrir með því að fyrirskipa þarna, að það skuli dreifa þeim eins lítið og hægt er við fjárskiptin og alltaf halda skrá yfir, frá hvaða bæ lömbin, sem fara á þennan bæ, eru, svo að það sé hægt að vita, hvert hvert lamb fluttist. Lömb frá Hóli, sem fluttust á fjárskiptasvæðið, eru á þessum tveimur bæjum á nýja fjárskiptasvæðinu og annars staðar ekki. Ef eitthvað kemur upp í þeim þar, þá er leitað orsakanna á Hóli, í fénu þar. Þetta atriði getur þess vegna haft töluverða þýðingu, en ég geri ráð fyrir, að það verði dálítið erfitt að framkvæma það. Menn skilja ekki tilganginn með því, og ef lömbin eru misjöfn frá bæjunum, eins og oft vill vera, vilja allir hafa lömbin frá þeim bæjum, sem þeir halda að sé bezt fé á.

Þá koma næst brtt., sem eru í frv. eins og það kom frá n., það er bæði 4. gr., sem er hér í frv. á þskj. 166, og svo aftur 5. gr. Þessar greinar eru teknar hér upp og hefur ekki verið breytt af okkur. Það er aukið framlag til þeirra, sem fjárskipti verða að fara fram hjá, aukið framlag, sem miðað er við þá breyttu staðhætti, sem orðið hafa í landinu, hækkað verðlag á einu og öðru, sem ómögulegt er að komast hjá. En þessir staðhættir náttúrlega gera það að verkum, að fjárskipti hér eftir verða tiltölulega dýrari á kind en áður var, og er ekki hægt við því að gera á einn eða neinn hátt.

Þá er 12. töluliðurinn, hann er líka tekinn upp óbreyttur eins og hann er í frv. á þskj. 166, og er ekki um hann neitt sérstakt að segja, hann er sjálfsagður þar og enginn ágreiningur um hann hjá Nd. né neins staðar frá, þar sem mér er kunnugt um.

Ég hef nú reynt að rekja í stuttum dráttum þessar breytingar, og eins og menn hafa tekið eftir, eru nokkrar breytingar, sem við gerum á frv. eins og það kom frá Nd. Við reynum að herða á ýmsum smáatriðum til þess að reyna að tryggja sóttvarnirnar, svo að hægra verði að hefta útbreiðsluna á sauðfjársjúkdómunum en hefur verið, gefum lagagildi ýmsum ákvæðum, sem hefur verið reynt að fara eftir, þó að lögin ekki beint fyrirskipuðu það. Við höfum reynt þetta. En frv., eins og það kom frá Nd., gekk aðeins út á að taka inn riðuna og kýlapestina í þessa sjúkdóma og hækka greiðsluna til þeirra, sem yrði að skipta um fé hjá, í samræmi við breytingu verðlags og tímanna, sem orðið hafa síðan lögin frá 1950 voru sett.

Ég held ég þurfi ekki að útskýra þetta frekara og skal afhenda forseta þessa brtt., sem ég nefndi að við ætluðum að gera og ekki er veigamikil í sjálfu sér. Vona ég, að tillögur okkar verði samþykktar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 265) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 247,1 (ný kaflafyrirsögn) samþ. án atkvgr.
— 247,2 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 247,3 (11 nýjar gr., verða 2.—12. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 265 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 247,4 (ný 2. gr., verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 247,5 (21 ný gr., verða 14.—34. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 247,6 (ný 3. gr., verður 35. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 247,7 (ný gr., verður 36. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 247,8 (ný 4. gr., verður 37. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 274,9 (ný 5. gr., verður 38. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 247,10 (ný 6. gr., verður 39. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 247,11 (2 nýjar gr., verða 40.—41. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 247,12 (ný 7. gr., verður 42. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 247,13 (3 nýjar gr., verða 43.—45. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 247,14 (ný 8. gr., verður 46. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 247,15 (ný gr., verður 47. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 247,16 samþ. án atkvgr.

9. gr. (verður 48. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 247,17 (10. gr. falli niður) samþ. án atkvgr.
— 247,18 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Á 47. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 30. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 278, 279).

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það var með hálfum hug, að ég bar fram brtt. á þskj. 279, þó að ég telji, að hún styðjist við fyllstu sanngirni. Það voru bornar fram brtt. í Nd., og þeirri hv. deild þóknaðist ekki að fallast á þær brtt., sem þar voru gerðar. Önnur þeirra var um að greiða allan mismuninn á meðaltalsverði keyptra líflamba og meðaltalsniðurlagsverði á fullorðnu fé, en síðan var þessi brtt., sem ég ber hér fram, borin fram við 3. umr.

Ég flyt þessa till. fyrir mjög ítrekaðar áskoranir þeirra bænda í mínu kjördæmi, sem hafa orðið að slátra fé sínu af þeim ástæðum, sem við vitum, vegna sjúkdómanna, og þeir telja sannast að segja, að þær bætur, sem gert er ráð fyrir í 38. gr. frv., séu algerlega óviðunandi, og það er ein ástæðan til þess, að ég ber þessa brtt. fram.

Það eru að mínu áliti ýmsir gallar á þessum ákvæðum eins og þau eru í frv., því að í 38. gr., 1. málslið, þar sem þessar skaðabætur eru ákveðnar, er ekki gert ráð fyrir einu atriði, sem er mjög veigamikið. Það stendur þar, að ríkissjóður skuli greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svari ¾ lambsverðs á bótaskylda kind, og síðan, að framleiðsluráð landbúnaðarins eigi að ákveða það með hliðsjón af meðalvænleik o. s. frv. Það, sem bent hefur verið á, er það, að þessar bætur, sem þarna eru ákveðnar, geta orðið mjög misjafnar, gætu komið misjafnlega niður. Ég sé ekki, að það sé gert ráð fyrir því að gera mun á t. d. bónda, sem hefur haft 100 veturgamlar gimbrar, og má þess vegna gera ráð fyrir, að hann fái, ef í meðallagi gengur, um 70 lömb, en svo er bóndi, sem búinn er að koma upp fé sínu fyrir nokkru og er með ær á bezta aldursskeiði, og það má gera ráð fyrir því, að undan þessum ám fái hann við skulum segja 140 lömb, helmingi meira en hinn, sem er með veturgamalt fé, en bæturnar eiga að vera þær sömu. A. m. k. vildi ég gjarnan fá upplýst hjá nefndinni, hvort það er ætlunin að skilja frv. á þennan veg, sem virðist verða að skilja það, því að það sjá allir, að þetta atriði skiptir verulegu máli. Enn fremur verður skaðinn tvöfaldur fyrir þá, sem eru með fullorðið fé, vegna þess að til frálags verður þetta fullorðna fé miklu lélegra en veturgamlar eða tvævetra ær, þannig að hann verður fyrir tvenns konar skakkaföllum. Hann fær raunverulega helmingi minni bætur fyrir það afurðatjón, sem hann verður fyrir, bóndinn, sem er með uppkomnar ær, og verðið, sem hann fær fyrir þær ær, sem hann slátrar, verður miklu minna en hjá hinum.

Þess vegna gæti þetta ákvæði, sem ég fer hér fram á að verði samþykkt, orðið til nokkurra bóta. Eins og þarna stendur, er gert ráð fyrir því að greiða hálfan mismun á meðaltalsverði keyptra líflamba og meðaltalsniðurlagsverði á fullorðnu fé, einnig eftir mati framleiðsluráðs, og það má gera ráð fyrir því, að frálagsverð ánna verði um 200 kr., en meðaltalsverð keyptra líflamba er um 400 kr. Þarna er 200 kr. munur, og hér er um að ræða helminginn af því, 100 kr. Það var upplýst undir umr. í Nd. og viðurkennt, að þessar uppbætur mundu nema um það bil einni millj. til viðbótar þeim uppbótum, sem ákveðnar eru í frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þetta mál að sinni. Vildi ég gjarnan fá þær upplýsingar, sem ég óska hér eftir að fá frá hv. landbn., sem mér er tjáð að hafi athugað þetta mál og ekki getað fallizt á brtt. þá, sem ég hef borið hér fram. En ég tel rétt, að hún gangi samt til atkv., því að frá mínu sjónarmiði er réttlátt, að þessi brtt. gangi fram. Bæturnar, eins og þær eru ákveðnar í 38. gr., einkum fyrir þann hóp manna, sem ég sérstaklega bendi á, eru allt of lágar.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal fyrst snúa mér að brtt. hv. þm. Str. Nefndin hefur ekki haldið um hana fund, en við erum hins vegar búnir að rabba okkar á milli um hana. Hún kom fram í Nd. og hafði þar engan byr. (Gripið fram í.) Það er nú ekki hálft lambsverð, sem ætlazt er til að sé greitt, heldur ¾, eins og lögin eru núna, og leiðrétti ég það þá svona í framhjáhlaupi í ræðu hv. þm. Str.

Það skal viðurkennt og fúslega viðurkennt, að þegar um þessar bætur er að ræða, þá verða aldrei fundnar neinar reglur, sem ganga jafnt yfir alla. Hv. þm. Str. hélt, að betri jöfnuður næðist með því að samþykkja till. hans, en það held ég að sé misskilningur, því að þegar menn í heilli sýslu hafa búið frá síðustu fjárskiptum venjulegum búskap, þá er hlutfallið milli fjár á ýmsum aldri orðið nokkurn veginn svipað á búunum öllum. Það getur munað einhverju svolitlu, en það munar ekki neinu verulegu, svo að að því leyti verða fjárbætur veittar eftir 38. gr. nokkurn veginn réttlátar milli manna. En það er annað, sem þarna kemur til. Þarna kemur til, að sumir menn á þessu svæði eiga kannske um

45% af ánum tvílembdar, og þeir, sem eiga minnst, eiga ekki lamb á á. Þegar þeir eiga svo að fá fjárbætur sem svarar ¾ af meðallambsverði á viðkomandi slátursta, sem er slátrað í, eins og það hefur verið hjá þeim undanfarandi ár, þá náttúrlega fá þeir ekki hlutfallslega jafnt, miðað við það, sem þeir missa, og vantar mikið á. Þarna kemur það líka til, að féð er ákaflega misvænt á þessu svæði. Meðallambsverðið á þessum svæðum er svo misjafnt, að ef við förum norður í Klofningshrepp og Skarðshrepp, þá erum við komnir niður í lambaþunga, sem liggur í kringum tæp 13 kg, en ef við förum í 2—3 jarðir á þessu svæði, sem nú stendur til að gera fjárskipti á, sem tilheyra Óspakseyrarhrepp, og það var slátrað þar áður, þá erum við með meðallambaþunga, sem er upp í 17 og 18 kg, svo að líka þar kemur misjafnt fram, þegar á að miða við lambaþungann eins og hann er á svæðinu öllu.

Þess vegna held ég, að hvernig sem að verði farið, verði aldrei fundin nein aðferð, sem gangi jafnt yfir alla hlutfallslega. Það yrði þá kannske helzt með því að setja í staðinn fyrir ¾ lambsverðs á bótaskylda kind í byrjun 38. gr. ¾ ærafurða á bótaskylda kind. Það væri kannske helzt með því að setja það inn. En þó næst það ekki heldur nema að nokkru leyti með því, nema bætur verði misjafnar frá bæ til bæjar eftir vænleika fjárins, en þá yrði nú vinnan ekkert smáræði.

Ég held, að a. m. k. allir þeir nefndarmenn, sem ég hef talað um þetta við, sjái ekki ástæðu til þess að fara að samþ. þessa till. Ég skal ekki segja neitt um það, hvort þessar bætur eru nægjanlegar eða ekki, en benda vil ég þó á það, að bændur í Hegranesi vildu heldur vera fjárlausir og fá bæturnar en taka lömb strax og þeir áttu kost á því, og það voru þeir í þrjú ár, þangað til búið var að skera niður líka vestan vatna og lömb sett á allt svæðið og þeir urðu að taka lömb. Vitanlega gátu þeir ekki, ef þeir hefðu fengið fé strax, rekið það til afréttar. Þeir hefðu orðið að hafa það heima, en ég hugsa nú samt, að ef þeir hefðu talið það miklu arðvænlegra að hafa féð en fá bæturnar, þá hefðu þeir tekið það. Þess vegna held ég um bæturnar, sem þá voru ekki nema ½ lambsverð á bótaskylda kind, en núna eiga að vera ¾, og það stafar af breyttu verðlagi, að þær hafa verið hækkaðar, að það sé vel í lagt, þegar annars vegar er miðað við heildina, sem þarf að greiða það, og hins vegar mennina, sem eiga að þiggja það, og því sé stillt sæmilega vel í hóf.

Þá hefur forseti deildarinnar talað um það við nefndarmennina, að það hafi verið samkomulag milli þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa, að inn í frv. yrðu sett einhver ákvæði, sem tryggðu frekar en nú er, að lögin yrðu ekki brotin. Hann hefur bent á það réttilega, að útbreiðsla fjárpestanna um landið hafi ákaflega víða og kannske hér um bil alls staðar stafað af meiri og minni óaðgæzlu fjáreigenda og meiri og minni trassaskap við að hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem lögin hafa sett og sauðfjársjúkdómanefndirnar hafa reynt að láta menn fylgja til þess að fyrirbyggja útbreiðslu fjárpestanna. Ég hef talað um þetta við landbrh., sem viðurkennir, að það hafi verið umtal um það og hann hafi tekið því líklega að setja inn í lögin ákvæði um, að þeir menn, sem með vítaverðu hirðuleysi eða af ásettu ráði brytu lögin og yrðu þess valdandi, að fjárpestirnar útbreiddust, misstu rétt til allra krafna um bætur, þegar fjárskipti færu fram eða niðurskurður eða til annars slíks þyrfti að taka.

Ráðh. óskar beinlínis eftir því í samráði við forseta þessarar d., þeir eru saman um það og sjálfsagt fleiri, að inn í lögin komist einhver slík ákvæði. Nú er það á móti þessu, að brot við lögum eru venjulega ákveðin af dómurum, og ég hygg, að það sé almennt viðtekin regla, að sama brot sé dæmt eins. En ef sett væru inn í lögin skilyrðislaus ákvæði um það, að hver sá maður, sem yrði brotlegur við þau, missti allan rétt til bóta, þá er það í raun og veru sekt, sem hann er látinn borga fyrir brot á lögunum og gæti komið óskaplega misjafnlega út. Ef einhver maður hérna t. d. í Reykjavík, þar sem margir eiga svona 10 kindur og jafnvel þar fyrir innan, bryti ákvæðin og yrði þess valdandi, að fjárpestirnar breiddust út, þá missti hann rétt til bóta fyrir þessar 10 kindur, þegar fjárskipti færu fram, og hann yrði kannske sauðlaus eitt ár og kannske ekki. Hann missti rétt til þessara ⅔ bóta, sem við þm. Str. vorum áðan að tala um, og það væri fyrir 10 ær. En þar sem féð er flest á bæ á landinu, er nokkuð á sjötta hundrað á sama bænum, og ef sá maður bryti, þá missti hann bótarétt á allan hópinn. Tvö brot þess vegna, alveg nákvæmlega eins, ef báðir væru sviptir rétti til bóta fyrir brotið, yrðu þarna dæmd geysilega misjafnt, ef þetta væri sett inn í lögin skilyrðislaust, og mér segja lögfræðingar, að það geti eiginlega varla gengið, það brjóti í bága við allar réttarvenjur í landinu.

Við höfum svo verið að reyna að finna eitthvað, sem gæti komið í þessa átt og verið aðhald að mönnum um að brjóta ekki lögin, því að sannarlega hefur það verið allt of lítið. Það var t. d. gersamlega ástæðulaust, þegar bóndi hér í nágrenni Reykjavíkur fór í vor austur í Landeyjar og keypti þar 12 kýr, seldi þær, þegar hann kom með þær hingað suður, á ýmsa bæi í sveitinni hér í kring, og nú eru 3 af þeim dauðar úr garnaveiki og garnaveiki komin á þá bæi, sem kýrnar voru seldar á. Hann flutti þær yfir varðlínuna án leyfis, og það var algert brot. Svoleiðis hirðuleysi á að refsa. Það eru heimildir til að refsa þeim núna fyrir brot á lögunum eða reglugerðum og fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim. Það varðar nú sektum allt að 50 þús. kr. En þeim sektum hefur ekki verið beitt, og þær voru í eldri lögunum miklu lægri, en eru hækkaðar núna í þessum. Það mætti nefna fjöldamörg dæmi um svipað hirðuleysi eða óaðgæzlu eða hvað við eigum að kalla það hjá mönnum við að brjóta reglur og lög. Þess vegna höfum við soðið hérna saman till., sem gæti kannske eitthvað hert á þessu og ég held þó að brjóti ekki í bága við þessa almennu reglu, sem ég áðan nefndi og ég héldi að skilyrðislaus ákvæði mundu brjóta í gegn. Hún er um viðbót við 46. gr., en hún hljóðar svona: „Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða

samkvæmt þeim, varðar sektum allt að 50 þús. kr. eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.“ Aftan við þessa grein bættist þá, ef menn vildu reyna að taka upp þetta sjónarmið, sem mér skilst að þeir menn, sem um það hafa rætt í stjórnarflokkunum, hafi verið sammála um: Sauðfjársjúkdómanefnd hefur heimild til að lækka bótagreiðslur eftir lögum þessum eða fella þær alveg niður, ef réttarrannsókn sannar, að bótaþegi hafi af ásettu ráði eða vísvitandi hirðuleysi brotið fyrirmæli laganna eða fyrirmæli sauðfjársjúkdómanefndar. — Þarna er heimild, og að einhverju leyti eða öllu gæti orðið samræmi í því, hvernig því væri framfylgt, að hve miklu leyti þær væru látnar falla niður, hvort það væri gert að öllu leyti eða einhverju leyti, og í framkvæmdinni gæti skapazt um það regla. En þetta ákvæði mundi að líkindum geta stutt eitthvað að því, að menn legðu meiri alúð við að hlýða lögunum og fyrirbyggja útbreiðslu pestanna en gert hefur verið. Þessi till. er skrifleg. Ég get ekki sagt, að hún sé frá allri nefndinni, en ég býst við, að meiri hluti nm. standi samt að henni. Ég skal afhenda forseta hana, og þá kemur hún til með að liggja fyrir til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 325) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. vildi ekki fallast á þessa brtt., sem ég hef borið hér fram, og taldi, að þau rök, sem ég hefði komið með, væru að nokkru leyti á misskilningi byggð; það væri svo lítill munur á því, á hvaða aldri það fé væri, sem bændur ættu, að þessi rök, sem ég hefði komið fram með, fengju naumast staðizt nema að litlu leyti.

En ég vil þá benda hv. alþingismönnum á það, að hann kom sjálfur með rök til viðbótar þeim rökum, sem ég hafði borið fram, ef eitthvað hefur á skort, sem gerir það að verkum, að það verður að fresta málinu, að mínu áliti. Hann viðurkenndi beinlínis, að það væri hægt að finna aðra reglu réttlátari en þá, sem stæði í 38. gr., og orðaði hana að hálfu leyti.

Það er vitað mál, að bændur á þeim stað, sem ég mæli þarna fyrir, — og ég vænti, að þeir, sem hafa ekki umbjóðendur, sem stendur eins á fyrir, líti þrátt fyrir það með sanngirni á þessa undantekningu, — fara alveg sérstaklega vel með fé. Það veit hv. 1. þm. N-M., og það er staðreynd, að ár eftir ár hefur verið þar fjöldi af tvílembdum ám, og það en enn fremur staðreynd, að þar hefur hvað eftir annað verið mesta meðalþyngd, sem til er á Íslandi. Það er því engin furða, þó að mönnum, sem kannske hafa ekki stórbú, en fara svo vel með, að þeir hafa afurðir eins og búið væri stórt, finnist þungt að búa undir því að eiga að taka bætur eins og þeir, sem hafa lélegt fé og fara kannske í tæpu meðallagi með það. Með þessu móti, eins og ég veit að hv. þm. sjá, er verið að refsa þeim mönnum, sem hafa tiltölulega lítil bú, en fara vel með fé og hafa margar tvílembur. Þeir fá ekki nema lítið hlutfall af þeim bótum, sem hinir fá. Þetta viðurkenndi hv. 1. þm. N-M. og orðaði það, að kannske mætti, sagði hann, láta sér detta í hug að orða þetta þannig, að ríkissjóður skuli greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur sem svarar ¾ ærafurða á bótaskylda kind. Hvort sem það verður orðað svona eða með einhverju öðru móti, sagði hann, þá væri það nær því að ná því að vera réttlátt. En n. hefur samt sem áður ekki til þessa fallizt á að breyta því í þetta horf. En sú hugsun, sem liggur í þessu orðalagi, er vitanlega það eina réttláta gagnvart þeim, sem taka bæturnar. Með þessu móti, eins og ég hef bent á og verður ekki of oft sagt og endurtek enn, fá þeir, sem hafa tiltölulega lítil bú og fátt fé, en með miklum afurðum, vegna þess að það er tvílembt og vel með það farið, miklu minna hlutfall í bætur en hinir. Og það er þetta, sem þeim þykir m. a. erfitt að búa undir þarna, þeim bændum, sem ég mæli fyrir. Það er vandalaust að finna þetta. Meðalþunginn er til í verzlununum og tala dilkanna er til í framtölum, og enn fremur má hafa til hliðsjónar, hverju hefur verið slátrað. Ef menn hafa ekki talið það fram, sem ekki kemur nú til þarna á þessum stað, þá kemur það þeim í koll. En þeir eiga að fá bætur í hlutfalli við þann lambafjölda, sem þeir hafa talið fram sem tekjur á undanförnum árum, því að það er það tjón, sem þeir verða raunverulega fyrir.

Þess vegna er það, að ég vil nú taka undir þessi viðaukarefsiákvæði, sem hv. 1. þm. N-M. hefur borið fram, að mér skilst að einhverju leyti í umboði n., og fara fram á, að þessu máli verði frestað og n. athugi þessi ákvæði. Mér finnst varla gerlegt að bera fram skriflega brtt. um refsiákvæði, sem ekki hefur fengizt tækifæri til þess að athuga og bera saman við frv., eins og það liggur núna fyrir. Vildi ég fara fram á, að jafnframt væri athuguð þessi leið, fyrst ekki er hægt að fallast á þá leið, sem ég hef stungið upp á. Og hv. 1. þm. N-M., samkvæmt því, sem hann talaði hér, getur ekki komizt hjá því að taka það upp í n., því að n. má ekki hliðra sér hjá að finna orðalag fyrir meira réttlæti, þó að það sé auðveldara að orða regluna almennt eins og hún er hérna, ef það er raunverulega, eins og ég hef sýnt fram á og hann hefur sýnt fram á, ranglæti gagnvart þeim, sem eiga að taka bæturnar. Ég er ekki í neinum vafa um, að það má finna orðalag yfir þetta, ef n. leggur sig fram í því efni, og það er því ástæða til þess að fresta málinu. Það er ekki nein hætta á, að þetta mál komist ekki í gegnum þingið, og tvöfaldar ástæður, þegar hér koma fram brtt., sem þarf einnig að athuga.

Forseti (GíslJ): Mér þykir sjálfsagt að verða við þeirri ósk frá hv. þm. Str. að fresta málinu. Ég er sammála honum um, að það sé ekki rétt að samþykkja skrifl. brtt. um viðurlög, nema hv. þm. hafi gefizt tækifæri til þess að athuga hana, og þar sem henni hefur ekki verið útbýtt í deildinni, mun ég fresta umræðunni.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Ed., 31. jan., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 278, 279, 325).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 279 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TÁ, HermJ, JJós, KK.
nei: PZ, SÓÓ, VH, AE, IngF, JK, GíslJ.
FRV, GÍG, HG greiddu ekki atkv.
3 þm. (BBen, BrB, LJóh) fjarstaddir.
Brtt. 325 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Sþ., 1. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 330).

Á 61., 64., 71., 72. og 73. fundi í Nd., 2., 7., 16., 17. og 20. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 21. febr., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 330, 347).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lögunum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra hefur nú verið til meðferðar í hv. Ed. og er aftur komið þaðan fyrir nokkru.

Í hv. Ed. hefur verið gerð sú meginbreyting á málinu, að það frv., sem afgreitt var frá Nd., með þeim breytingum, sem í því felast, hefur verið fellt inn í aðallöggjöfina frá 1947 og sömuleiðis yngri lög um þetta efni. Jafnframt því, sem hv. Ed. gekk þannig frá málinu, hafa verið samþykktar þar nokkrar breytingar á lögunum í heild.

Landbn. þessarar hv. deildar taldi rétt, þegar málið var komið í þennan búning, að athuga það nánar og hefur nú gert það. Henni virðist, að þær breytingar, sem gerðar hafa verið í hv. Ed. og munu vera gerðar í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, séu yfirleitt til bóta. Þetta eru ekki stórfelldar efnisbreytingar, en miða yfirleitt í þá átt að tryggja varnirnar, eftir því sem verða má, auka öryggi gegn útbreiðslu sauðfjárpestanna. Nefndin telur því rétt, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir frá hv. Ed., og telur til bóta, að það hefur verið fært í þennan búning. Hún leggur þó til, að gerð verði á því ein breyting samkv. sérstakri brtt., sem borin er fram á þskj. 347 við 1. mgr. 13. gr. frv. Sú brtt. er um atriði, sem hefur verið í lögum, en mun *hafa fallið niður af vangá við endurprentun* í Ed. Nú liggja ekki fyrir aðrar brtt. við frv., sem útbýtt hefur verið. Ég skal geta þess að vísu, til þess að ég þurfi ekki að taka aftur til máls, að fleiri brtt. komu til orða í n., en n. eða meiri hl. hennar sá sér hins vegar ekki fært að mæla með frekari breyt. á frumvarpinu.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Eins og hv. þm. N-Þ. gat um, fylgir n. þessu frv. eins og það kom frá hv. Ed. Ég hef við þær umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, og einnig innan landbn. reynt að fá fram nokkrar breytingar á þessu frv., sem hefur legið hér fyrir hv. Alþingi, en án árangurs. Það hafa verið felldar tvær till. fyrir mér hér í þessari hv. d., og einnig hafa undirtektir undir breyt. í Ed. ekki verið betri, svo að ég sé ekki ástæðu til að koma nú með brtt., þar sem undirtektir hafa ekki verið betri en raun hefur borið vitni um. En hitt er mér vel ljóst, að eftir að fjárskipti hafa farið fram, munu ýmsir verða á annarri skoðun en þeir hafa sýnt hér við þessar umr., því að ég er ekki í neinum vafa um það, að þau fjárskipti, sem núna eru hafin í annað sinn, marka örlagarík spor í landbúnaðarsögu þessarar þjóðar, og margur, sem hingað til hefur stundað landbúnað, mun eflaust hugsa sig um, hvort hann á ekki að hverfa til ábyrgðarminni starfa, sem eru minna háð sól og regni en bændastaðan er í dag.

Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að flótti úr sveitum gæti aldrei talizt æskilegur í neinu þjóðfélagi, því að það hefur sýnt sig, að eftir því sem landbúnaður hefur staðið traustari fótum í einu menningarlandi, eftir því hefur gæfa og gengi þjóðarinnar farið að öðru leyti.

Ég vona, þegar áhrif fjárskiptanna koma betur í ljós á næstu árum, að þeir, sem þá fara með löggjafarvald þjóðarinnar, sýni skilning og festu til að leiða til betri vegar þau atriði frv., sem ekki hafa fengizt leiðrétt nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 23. febr., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 347 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 75. fundi í Ed., 24. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 398).

Á 76. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það hafa einhvers staðar orðið mistök í þessu frv. hér í d. hjá n. eða í prentuninni eða einhvers staðar með breytingu, sem við ætluðum að setja inn í 13. gr. og vorum eiginlega búnir að samþykkja að setja inn og byrjaði þannig: Bannað er að flytja sauðfé eða nautgripi. — Þessi orð „eða nautgripi“, sem við ætluðum að bæta þar inn í, hafa einhvers staðar fallið niður. En af því að við ætluðum að bæta þessu inn í, tókum við út heimild fyrir n., sem áður var í gr., um það, að hún mætti banna þetta. Eins og við hugsuðum okkur það, var það skilyrðislaust bann. Eins og það áður var, mátti n. banna það. Nú þegar þetta kom aftur til Nd. og neðrideildarmennirnir fóru að lesa þetta yfir, sáu þeir, að þarna hafði dottið niður heimildin fyrir sauðfjársjúkdómanefndina til að banna flutning á nautgripum yfir varðlínur, og tóku þess vegna upp heimildina eins og hún áður var í lögunum. Þetta er nú ekki sá meiningarmunur, að ég sjái neina ástæðu til þess að fara að senda frv. í sameinað þing, og ég held, að nm. séu allir sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir. Er þá ekki annar meiningarmunur á frv. núna og eins og n. hér í deildinni hugsaði sér það, að þar sem n. hugsaði sér algert bann við að flytja nautgripi yfir varðlínurnar, er það núna heimild; það er allur munur-

inn, sem á því er. (**Dómsmrh.**: Það er nú mikill munur.) Ja, það er nokkuð eftir því, hvernig traust er á þeim mönnum, sem með málin fara; og margir bera nú gott traust til ríkisstj. og framkvæmdastjóra sauðfjárveikivarnanna, ég held, að flestir hér í deildinni geri það. N. leggur sem sagt til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 408).

21. Skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga o. fl.

Á 43. fundi í Nd., 18. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi, o. fl. [134. mál] (stjfrv., A. 243).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Sérstök löggjöf er til um skattgreiðslur og útsvarsgreiðslur útlendinga og gjaldenda, sem eru á förum úr landi. Þessi löggjöf hefur verið endurskoðuð og er flutt hér frv. til nýrra laga um þetta efni, sem koma eiga í stað hinna eldri laga.

Lögin um skattgreiðslur útlendinga ná til þeirra, sem dvelja hér um stundarsakir, ef svo mætti segja, hluta úr skattári. Gildandi lög hafa galla, sem ætlunin er að bæta úr með þessu frv. Gallarnir á þeim eru aðallega þeir að dómi þeirra, sem standa að þessu frv., að útlendingum, sem dvelja hér um tiltölulega stuttan tíma og stunda hér atvinnu, er ætlað að greiða mun þyngri skatta en landsmönnum sjálfum. Sérstaklega kemur þetta fram í því, að þeim er enginn persónufrádráttur ætlaður. Enn fremur kemur þetta þannig fram, að tekjur þeirra til skatts eru reiknaðar þannig, að það er skoðað, hversu lengi þeir hafa unnið fyrir tekjunum, og síðan reiknað með, að þeir muni hafa jafnháar tekjur aðra tíma ársins og árstekjur settar eftir því í skattdæmi. En eins og gefur að skilja, þegar útlendingar sækja þannig um langa vegu störf í annað land, þá er það venjulega í sambandi við það, að þeir eiga von á hærri tekjum það tímabil, sem þeir starfa heiman að frá sér, en þeir hafa heima að jafnaði. Venjulega er þetta ástæðan til þess, að þeir sækja í annað land um stundarsakir til atvinnu. Þess vegna vill það verða svo, að eftir þessari reglu eru menn skattlagðir af hærri tekjum en þeir raunverulega hafa, þegar litið er á árið í heild.

Hér kemur eitt til enn. Menn, sem sækja þannig í annað land til atvinnu, missa vitanlega talsvert mikinn tíma, bæði áður en atvinnan hefst og eftir að henni er lokið, sem þeim verður ekkert úr, bæði til ferðalaga og eins í aðdraganda og til undirbúnings ferðunum. Þetta er ekki að neinu leyti tekið til greina, eins og lögin eru nú úr garði gerð.

Á síðari árum hefur það komið í ljós, að það er talsvert þýðingarmikið atriði fyrir Íslendinga að geta fengið erlenda sjómenn til þess að vinna hér um vertíðir, og þess vegna fer það nú saman orðið, að lögin eru ekki sanngjörn í garð þeirra, sem sækja hingað atvinnu, og að það er hagsmunaatriði fyrir íslenzkt atvinnulíf, að lögunum sé breytt og ekki gert jafnfráfælandi og það er nú fyrir erlenda menn að hafa hér atvinnu um stundarsakir.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að frv. er fram komið, og breytingarnar eru aðallega tvenns konar: Annars vegar, að hér eftir skuli útlendingum gerður persónufrádráttur eins og öðrum mönnum, enda sýni þeir að sjálfsögðu fram á og sanni með góðum skilríkjum, að þeir hafi fjölskyldu á framfæri. Hins vegar, að þegar reiknað er skattdæmið, séu lögð 20% ofan á þann starfstíma, sem þeir hafa unnið hér, t. d. ef menn hafa unnið hér í 90 daga, þá verði reiknað þannig, að þeir hafi raunverulega unnið hér í 108 daga, en þó með þeim takmörkunum, að það sé aldrei minna en vika, sem þannig leggst við starfstímann, sem reiknaður er hér á landi, og aldrei meira en mánuður. Þetta er gert með tilliti til þess dauða tíma, sem alltaf hlýtur að verða hjá fólki, sem sækir þannig atvinnu, og eins með tilliti til hins, að gera má ráð fyrir, að hér sé um tekjur að ræða, sem ekki séu hliðstæðar þeim, sem þeir hafa aðra tíma ársins.

Þetta er að því er virðist sanngjörn og einföld regla að taka upp og mundi breyta mikið í sanngirnisátt greiðslum þessara manna, komast nær því raunverulega en hægt er með núgildandi reikningsaðferð. Það er enginn vafi á því, að það lækka allmjög skattgreiðslur margra manna samkv. þessum nýju lögum, ef þau hljóta samþykki þingsins, og á þann hátt, sem sanngjarnt má teljast. Það er ekki eðlilegt að neita útlendingum um persónufrádrátt til dæmis í sambandi við skattgreiðslur. Margt af þessu eru menn, sem hafa stórar fjölskyldur fram að færa, og margt af þessu fátækir menn, og það er engin ástæða til þess að íþyngja þeim umfram landsins eigin menn.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. deildarinnar, og vildi fara þess á leit, að hún vildi greiða fyrir málinu, þannig að það gæti fengið heldur skjóta afgreiðslu, því að þessi mál eru mjög ofarlega á baugi nú, þar sem nokkuð mikið er ráðið af erlendum starfsmönnum, ekki sízt til fiskveiða, og það þarf að vera sem ljósast, hvernig þeim er ætlað að borga skatta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 243, n. 367).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Með frv., sem hér liggur fyrir, er stefnt að því að

setja ný lög um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga og gjaldenda, sem fara úr landi, í stað laga nr. 96 frá 1946, sem nú gilda um það efni.

Í athugasemdum, sem frv. fylgja, er skýrt frá þeim nýmælum, sem það felur í sér. Vil ég nefna þau helztu.

Samkvæmt núgildandi lögum eru útlendingar því aðeins skattskyldir hér, að þeir hafi stundað hér atvinnu í einn mánuð eða lengur eða hreinar tekjur þeirra hafi numið a. m. k. 10 þús. kr. Eftir frv. fellur þessi takmörkun niður, en útlendingar borga hér skatta og útsvar af tekjum, sem skattur væri reiknaður af samkvæmt tekjuskattslögunum, ef um innlenda skattþegna væri að ræða.

Eins og nú er, njóta útlendingar ekki neins frádráttar frá tekjum, áður en skattur er á þá lagður. Frá því er þó sú undantekning, að listamenn, sem hingað koma og afla sér tekna, njóta frádráttar, sem nemur ⅓ teknanna. Í frv. er lagt til, að útlendingar fái að draga frá tekjunum kostnað við öflun þeirra eftir sömu reglum og gilda samkvæmt tekjuskattslögunum um innlenda menn. Eftir þessu ákvæði, ef að lögum verður, fá t. d. útlendir sjómenn, sem vinna hér á togaraflotanum, frádreginn hlífðarfatakostnað eftir sömu reglum og íslenzkir starfsbræður þeirra. Virðist þetta sanngjarnt.

Þá er og til þess ætlazt samkvæmt 3. gr. frv., að útlendingar, sem hér vinna, njóti persónufrádráttar eins og innlendir menn, en sé fjölskylda þeirra erlendis, fá þeir þó því aðeins frádrátt hennar vegna, að sannanir liggi fyrir um fjölskyldustærð og framfærslu hennar.

Skattar útlendinga, sem vinna hér aðeins hluta úr ári, eru nú reiknaðir þannig, að skattprósentan er við það miðuð, að gjaldþegninn hafi haft tilsvarandi tekjur yfir allt árið. Ef t. d. útlendur maður hefur unnið hér í sex mánuði og haft í tekjur samtals 25 þús. kr., er skatturinn við það miðaður, að árstekjur hans hafi numið 50 þús. kr., en skatturinn, reiknaður af þeirri upphæð, síðan lækkaður um helming, vegna þess að maðurinn var hér aðeins í hálft ár og hafði aðeins helming þessarar upphæðar í tekjur. Samkvæmt frv. á framvegis að reikna dvalartímann í vikum, en ekki mánuðum, eins og nú er, og fæst nákvæmari skattreikningur á þann hátt. Ákvæðin um þetta eru í 4. gr. frv. Þar er einnig það nýmæli, að við dvalartímann hér á landi skuli bæta 20% vegna þess tíma, sem það tekur útlendinginn að komast hingað til starfs og heim aftur, en þó sé viðbótin ekki minni en ein vika og ekki meira en fjórar vikur. Sýnist þetta vera eðlileg breyting.

Í frv. eru ákvæði um innheimtu skatta og útsvars hjá útlendingum og öðrum, sem fara af landi burt, og ábyrgð kaupgreiðenda á greiðslu þeirra gjalda. Fyrirmæli um þetta eru einnig í gildandi lögum, og eru hér litlar breytingar á þeim gerðar. Þó er hér sú breyting, að í stað þess, að í lögunum segir, að kaupgreiðandi megi halda eftir ákveðnum hundraðshluta af kaupi til tryggingar ábyrgðinni, gerir frv. ráð fyrir, að ákveðið verði í reglugerð, hve miklu megi halda eftir af kaupinu til greiðslu á opinberum gjöldum. Ákvæði frv. um tekjufrádrátt, t. d. persónufrádráttinn, sem nú er ekki í lögum, gera það nauðsynlegt, að ný fyrirmæli verði sett um það, hve miklu megi halda eftir af kaupi til greiðslu á skatti og útsvari.

Ég hef þá nefnt helztu nýmælin, sem frv. hefur að geyma.

Margir útlendir sjómenn, aðallega Færeyingar, starfa nú á íslenzkum fiskiskipum, einkum á togaraflotanum, og hefur svo verið um nokkurt skeið. Nokkurrar óánægju hefur orðið vart hjá þessum útlendu sjómönnum út af þeim reglum, sem nú gilda um skatt- og útsvarsgreiðslu þeirra, og geri ég ráð fyrir, að frv. þetta sé fram borið m. a. þess vegna. Ef frv. verður samþykkt, fá þessir menn nokkrar tilslakanir, sem þeir njóta ekki nú, t. d. persónufrádrátt og tekjufrádrátt vegna hlífðarfatakostnaðar eins og innlendir sjómenn njóta. Munu þeir vafalaust telja þetta nokkra leiðréttingu sinna mála, og er þó ekki lengra gengið en sanngjarnt er, samanborið við þau kjör í þessum efnum, sem landsmenn sjálfir eiga hér við að búa.

Fjhn. hefur athugað frv. og gefið út nál. á þskj. 367. Tveir nefndarmenn gátu ekki mætt á fundi, þegar málið var afgreitt. Nefndin flytur tvær brtt. við frv.

Sú fyrri snertir útlenda listamenn, sem afla sér tekna hér með listum sínum. Þeir fá nú samkvæmt lögum frádreginn ⅓ af tekjum sínum vegna kostnaðar, áður en skattur er á þá lagður, og á það að haldast áfram, en nefndin telur ekki ástæðu til að láta þá hafa aukinn frádrátt vegna kostnaðar né heldur persónufrádrátt, og er brtt. við það miðuð.

Í síðari brtt. er ekki um nýmæli að ræða. Ákvæði um það efni eru nú í 10. gr. laganna, nr. 96 frá 1946, en hafa af einhverjum ástæðum fallið niður, þegar frv. var samið.

Það er till. nefndarinnar, að frv. verði samþykkt með þessum breytingum, sem eru á þskj. 367.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 367,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 367,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
9.—13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 384).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 72. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki haft tíma til að setja mig inn í málið enn þá, en ég vil benda hv. n., sem fær málið til meðferðar, á það, að við höfum svokallaða gagnkvæma samninga viðvíkjandi tvísköttun við Norðurlöndin flest, og ég er ekki viss um, að það hafi verið tekið það tillit til þeirra samninga, sem þarf að gera í þessum lögum. Ég segi: ég er ekki viss um það, því að ég hef ekki grandskoðað þau þannig, en við ákaflega fljótlegan yfirlestur, — ég var svona hálfnaður að lesa það núna, síðan ég kom í deildina, — þá sýnist mér, að það muni ekki hafa verið og þurfi þess vegna að athuga þá tvísköttunarsamninga, sem við höfum, vel í þessu sambandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 384, n. 404).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. Voru gerðar tvær fremur lítils háttar breyt. á því þar frá því, sem það var fyrst lagt fyrir, og þannig breytt samþ. samhljóða í þeirri d., með öllu ágreiningslaust.

Mér skilst, að ástæðan til þess, að þetta frv. er fram borið, sé fyrst og fremst óánægja færeyskra sjómanna, sem hafa unnið á íslenzkum skipum undanfarin ár og gera það enn. Þeir hafa talið sig verða fyrir misrétti í skattaálagningu hér á landi samanborið við Íslendinga sjálfa. Er nokkuð til í því, eins og ég vík síðar að. Frv. er því fram borið til þess að rétta hlut þessara manna og annarra útlendinga, sem vinna hér, og er það a. m. k. að því er tekur til Norðurlandabúa í samræmi við þá stefnu, sem nú ríkir á Norðurlöndum um það, að komið sé í veg fyrir tvísköttun þegna þessara landa, þannig að þeir gjaldi ekki skatt af því sama í heimalandi og dvalarlandi.

Frv. gerir ekki mikla breyt. á þeim lögum, sem gilt hafa, þ. e. lögum nr. 96 frá 28. des. 1946, og mörg ákvæði þessa frv. eru samhljóða þeim lögum. En þó eru nokkrar breytingar, sem að mestu leyti verða að teljast réttarbætur gagnvart þeim útlendu mönnum, sem vinna hér t. d. á skipum. Er þá fyrst að nefna það, að svo er ákveðið í frv., að þeir hafi sama rétt til persónufrádráttar og Íslendingar, þ. á m. sé tekið tillit til fjölskyldu þeirra í heimalandinu, enda sanni þeir, að þeir hafi fjölskyldu á framfæri sínu. Um listamenn, sem hér vinna, gilda þó sérákvæði, svo sem verið hefur í þessu efni. Í öðru lagi er útlendum mönnum heimilað að draga frá kostnað, sem þeir hafa af öflun tekna hér á landi. Að því er sjómenn snertir, gilda sömu reglur að þessu leyti um þá samkv. frv. og um Íslendinga, þannig að þeir geta talið sem kostnað föt, sem sérstaklega eru nauðsynleg vegna starfsins. Þá er það þriðja, sem einnig verður að teljast til hlunninda, að tekið er tillit til þess, að útlendingar þurfa að eyða tíma til að komast hingað og til þess að komast heim aftur, og út af því er svo ákveðið í frv., að bætt skuli 20% við dvalartíma þeirra hér á landi, og verður það einnig að teljast til hlunninda. Fjórða nýmælið í þessu frv. má telja það, að vinnutími útlendinga hér er reiknaður í vikum samkv. frv., en hefur áður verið í mánuðum, en þetta eru e. t. v. ekki sérstök hlunnindi fyrir útlendinga. Þetta er þó að því leyti réttara, að sú regla, sem frv. setur í þessu efni, er nákvæmari en hin.

Við 1. umr. þessa máls hér í d. ræddi hv. 1. þm. N-M. um það, að í sambandi við þetta frv. þyrfti að athuga samninga, sem Ísland hefði gert við hin Norðurlöndin um skattgreiðslu þegna landanna. Nefndin athugaði þetta. Samningar um þetta efni hafa verið gerðir við Svía og Dani, en ekki Norðmenn og ekki Finna, svo að n. sé um það kunnugt. N. athugaði, hvort frv. mundi á nokkurn hátt koma í bága við þessa samninga, og það er tvímælalaust, að að því er samninginn við Svía snertir rekst frv. ekki á nokkurn hátt á þann samning, því að þar er það eitt ákveðið, að þegar um tvísköttun sé að ræða, reyni æðstu skattayfirvöld landanna að semja um málið. Aftur á móti er dálítið vafasamt, hvort eitt atriðið í samningnum við Dani er alveg í samræmi við frv., þar sem í þeim samningi er gert ráð fyrir sérstakri tilhögun um skatt sjómanna, en þó svo ákveðið, eins og í samningnum við Svía, að það skuli vera samningamál skattayfirvaldanna, hvernig með skuli fara.

Út af þessu ræddi ég við hæstv. utanrrh. um þetta mál, og hann lét athuga það sérstaklega. Álit hans er, að óhætt sé að samþykkja frv. óbreytt, hvað sem líður þessum samningi, vegna þess að ef árekstur kynni að verða vegna þess, að samningurinn virtist ákveða annað en frv. gerir ráð fyrir, þá hlyti samningurinn að ráða. Auk þess eru ákaflega litlar líkur til þess, að árekstur verði út af þessu, þó að það kynni að vera, að það væri ekki með öllu útilokað, og það er beinlínis af því, að yfirleitt eykur þetta frv. rétt útlendinga, sem vinna hér á landi eða hér við land, en dregur hvergi úr honum. Og þar sem þessi samningur er búinn að vera í gildi um nokkurn tíma og á þeim tíma hafa lögin frá 28. des. 1946 gilt, þá er auðvitað mál, að þetta frv., þótt að lögum verði, getur gilt ekki síður en þau lög, sem nú gilda, hvað sem samningnum líður. N. telur því alveg óhætt að samþykkja frv. óbreytt þrátt fyrir þá samninga, sem um þessi mál eru, einkum þá með tilliti til þess réttar, sem fjmrn. hefur til þess, ef sérstaklega stendur á, að gefa eftir skatta.

Eins og nál. fjhn. á þskj. 404 ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 4. þm. Reykv., var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið, og er því þessi afstaða ekki bindandi fyrir hann á nokkurn hátt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það voru tvö atriði, sem mig langaði til að taka fram. Fyrra atriðið er það, að ég vil þakka n. fyrir, að hún bar þetta saman við þá samninga um tvísköttun, sem við höfum bæði við Svíþjóð og Danmörku. Ég sætti mig við það, sem frsm. sagði um það, enda þótt ég sjái, að þarna geta orðið árekstrar.

Svo var annað atriði, sem mig langaði til að fá vitneskju um og kannske að það þurfi að setja eitthvað um inn í lögin.

Þessir útlendingar, sem hingað koma í atvinnuskyni og eru nokkuð margir, eins og atvinnuháttum okkar er háttað núna og eftirspurn er eftir fólkinu, borga allflestir farið upp. Eftir íslenzkum lögum má draga frá ferðir á milli vinnustaða, ef þær eru dálítið langar og kosta dálitla peninga. Á að gera það með þessa menn? Það hefur aldrei verið gert. Þeir hafa aldrei fengið frádrátt fyrir fari hingað upp hingað til. Nú eru rýmkuð þeirra réttindi, og þeir eru að ýmsu leyti settir jafnfætis Íslendingum, sem fá frádrátt fyrir kostnaði við að ferðast á milli vinnustaða. Það getur vel verið, að það þurfi ekkert um þetta að setja í lögin. Þó verður það deiluatriði milli skattyfirvaldanna í náinni framtíð, ef þeir fara fram á það, og þá er ég helzt á því, án þess að hafa rannsakað það nákvæmlega, að þeir verði að fá það til frádráttar eftir þessum lögum. (**Fjmrh.**: Þeir verða vafalaust að fá það.) Mér skilst það. (**Fjmrh.**: Það er líka eðlilegt.) En þeir hafa ekki fengið það. — Ja, eðlilegt, ég veit það nú ekki. Sumir af þessum mönnum koma til að vera hér tvo mánuði meira sér til skemmtunar og fá meiri frádrátt en þeir vinna sér inn fyrir með því móti, séu þeir mjög stutt. Ég veit ekki, hvað eðlilegt það er, en mér skilst, að eftir þessum lögum fái þeir rétt til þess að fá frádrátt vegna ferðakostnaðar. Mér skilst það. Maður, sem fer héðan til Danmerkur og vinnur þar, fær það ekki. Það er ekki litið á að láta hann hafa það, hann hefur aldrei fengið það, og enn er ekki talað um að láta hann hafa það. Hann borgar bara af kaupinu sínu, meðan hann er þar, og fær engan frádrátt fyrir ferðakostnaði. Því er Íslendingurinn, sem vinnur í Danmörku, t. d. verr settur en Daninn, sem vinnur hér. Ég er nú ekki viss um, hve sanngjarnt þetta er, það má sjálfsagt deila um það, en um það skal ég ekki ræða frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 431).

---

22. Skattfrelsi Nóbelsverðlauna.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um skattfrelsi Nóbelsverðlauna Halldórs Kiljans Laxness [159. mál] (stjfrv., A. 396).

Á 75. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. þdm. og alþjóð er kunnugt, hafa þau miklu tíðindi gerzt, að Halldóri Kiljan Laxness hafa verið veitt bókmenntaverðlaun Nóbels. Enginn vafi er á því, að þetta gleður alla Íslendinga mjög, og ríkir almennt fögnuður út af því, að Halldór Kiljan skyldi fá þessi merkustu bókmenntaverðlaun, sem til eru, fyrir störf sín.

Ríkisstj. hefur haft til íhugunar þá hlið á málinu, hvort skáldið skyldi greiða tekjuskatt og útsvar af þessum verðlaunum eins og venjulegum tekjum, en í íslenzkri skattalöggjöf er gert ráð fyrir því, að menn greiði skatt af öllum tekjum, sem þeim áskotnast. Álítur ríkisstj., að sjálfsagt sé að gera hér á undantekningu og samþykkja lög um, að skáldið skuli ekki greiða tekjuskatt né útsvar af þessu fé, og frv. það, sem hér liggur fyrir, er um þetta efni, eins og hv. þm. sjá.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vona, að þetta sé ekki álitamál í huga neinna, og geri þess vegna ekki till. um, að þessu máli verði vísað til nefndar. Það gæti m. a. sýnt, hversu einhuga menn væru um málið, að það verði afgreitt án þess að fara til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefur Halldór Kiljan Laxness fengið Nóbelsverðlaunin, rithöfundarverðlaunin. Ríkisstj. hefur athugað þetta mál og komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé óeðlilegt, að slík verðlaun sem Nóbelsverðlaunin sæti sömu meðferð og tekjur almennt í sambandi við skatta- og útsvarsálagningu. Leggur hún því fram þetta frv. um að undanþiggja verðlaunin bæði tekjuskatti og útsvari.

Mér finnst, að það ætti ekki að vera nauðsynlegt að vísa þessu máli til nefndar. Það gekk nefndalaust í gegnum Nd. Menn féllust á að

hafa það svo til þess að sýna, að þeir vildu ekki gera þetta að neinu álitamáli.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 438).

---

23. Þjóðskrá og almannaskráning.

Á 76. fundi í Ed., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um þjóðskrá og almannaskráningu [163. mál] (stjfrv., A. 406).

Á 77. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. felur í sér alveg nýtt fyrirkomulag almannaskráningar í landinu. Nýrri skipan hefur að vísu verið nú þegar komið í framkvæmd um þetta efni, án þess að löggjöf hafi verið sett um það, en réttara þykir að setja um þetta löggjöf, og er því flutt hér nú frv. að nýrri löggjöf. En það, sem framkvæmt hefur verið fram að þessu, hefur verið gert m. a. með hliðsjón af ákvæðum í skattalögunum frá 1954 um, að gjaldendur skuli skattlagðir þar, sem þeir eru taldir heimilisfastir samkvæmt allsherjarspjaldskrá hagstofunnar, miðað við 1. des. á viðkomandi skattaári. Samkvæmt þessu hefur allsherjarspjaldskráin undanfarið látið sveitarstjórnum og skattanefndum í té íbúaskrár, sem álagning opinberra gjalda hefur verið byggð á. Þá hefur allsherjarspjaldskráin einnig byggt starfsemi sína á þeirri ákvörðun dómsmrn. frá 1954, að hún láti sveitarstjórnum í té stofn að kjörskrá, sem verður fullgild kjörskrá, þegar sveitarstjórn hefur leiðrétt stofninn og áritað á lögboðinn hátt.

Þó að allsherjarspjaldskráin gæti enn um sinn starfað á grundvelli gildandi löggjafar, er mjög æskilegt, að horfið verði að lagasetningu eins og ég sagði áðan, m. a. vegna þess, að það þarf að ákveða henni fjárhagsgrundvöll til frambúðar. Stofnaðilar þessarar skrár, þ. e. a. s. berklavarnir ríkisins, bæjarsjóður Reykjavíkur, fjármálaráðuneytið, hagstofan og Tryggingastofnun ríkisins, hafa greitt stofnkostnað hennar, en nú er talið, að tími sé kominn til að ákveða, hvernig rekstrarkostnaður verði borinn framvegis.

Ég skal í örfáum orðum gera grein fyrir, í hverju þessi nýja skipun er frábrugðin eldra fyrirkomulagi. Með stofnun þjóðskrárinnar, eins og hún er kölluð í frv., er einum aðila falin yfirstjórn allrar almennrar skráningar í landinu, en aðalgalli tilhögunar þessara mála hingað til hefur einmitt verið sá, að ekki hefur verið um að ræða neitt eftirlit með framkvæmd manntalsskráningar í landinu í heild sinni. Í annan stað hefur skráning manna ekki verið samræmd milli umdæma innbyrðis nema að mjög litlu leyti. Þannig hefur það verið undir hælinn lagt, hvort þeir, sem horfið hafa af skrá einhvers umdæmis, hafa raunverulega verið teknir á skrá í öðru umdæmi eða ekki. Hefur því kveðið talsvert að því, að menn hafi fallið undan skráningu og sloppið þannig jafnvel við opinber gjöld.

Það er meginatriði í þessari nýju skipun, að landið í heild er eitt skráningarsvæði og ein skrá gerð fyrir það allt. Menn eru því ætíð einhvers staðar skrásettir innan þjóðskrárinnar, og þjóðskráin vinnur stöðugt að því að samræma skráningu milli umdæmanna innbyrðis, en áður var, eins og ég sagði áðan, hvert umdæmi út af fyrir sig og einangrað nokkuð frá öðrum umdæmum. Sá meginmunur er og á eldri tilhögun þessara mála og hinni nýju, að í stað þess að taka manntal árlega og skrá alla með fullum upplýsingum árlega, hvort sem breytingar hafa orðið frá fyrra ári eða ekki, er nú gert ráð fyrir niðurfellingu árlegra manntala, en breytingar frá ári til árs eru framkvæmdar í skránni eftir sérstökum gögnum, þ. e. tilkynningum um aðsetursskipti manna, skýrslum presta um fæðingar, skírnir, hjónavígslur og mannslát, auk ýmissa annarra gagna, sem aflað er til skráningar árlega. Hér er um að ræða mikla breytingu frá því, sem verið hefur, og felur hún í sér margt til bóta, en á hinn bóginn fylgja henni mikil vandkvæði í sambandi við öflun gagnanna, sem um er að ræða og ég nefndi hér áðan. Er það einkum skyldan til að tilkynna aðsetursskipti manna, sem erfitt hefur verið að fá almenning til að hlíta, en á árinu sem leið hafa orðið mikil umskipti til hins betra í þessu efni, og ástæða er til að ætla, eftir því sem kunnugir fullyrða, að gagnasöfnunin komist alveg í lag, áður en langt líður, og að full not verði þá af þessari spjaldskrá.

Eitt helzta verkefnið, sem á að leysa með þessu, er að láta hverjum sem er í té upplýsingar um aðsetur manna, hvar sem er á landinu, og margt annað, sem hér til heyrir. En áður var ekki til nein slík allsherjar upplýsingastöð, þar sem innheimtustofnanir, fyrirtæki og einstaklingar gátu fengið upplýsingar um menn.

Það, sem öllu öðru fremur greinir hina nýju skipan þessara mála frá eldra fyrirkomulaginu, er hin víðtæka notkun véla til vinnunnar við að gera spjaldskrána. Notkun þessara véla felur í sér gerbreytt vinnubrögð og stóraukin afköst frá því, sem áður var, og mikinn sparnað. Vélarnar hafa ekki aðeins þýðingu fyrir starfrækslu skrárinnar fyrir alla landsmenn, heldur fela þær í sér

möguleika á endurskipulagningu vinnubragða á mörgum öðrum sviðum í opinberum rekstri. Þannig hefur skattstofa Reykjavíkur hagnýtt vélaspjaldskrána til að reikna út í vélum opinber gjöld, gera skatt- og útsvarsskrár og margt annað, sem hér til heyrir, og það ekki aðeins fyrir Reykjavík, heldur líka fyrir kaupstaði í námunda við Reykjavík, og á þessu ári verða þessi verk unnin í vélum fyrir allt svæðið frá Rangárvallasýslu að Mýrasýslu, að báðum sýslum meðtöldum. Þegar allt er saman lagt, þá er ástæða til að vænta góðs árangurs af þessu nýmæli, þótt ýmsir byrjunarörðugleikar hafi gert vart við sig, en það vottar óðfluga fyrir því, að þeir verði yfirunnir.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að ríkið borgi 90% af kostnaðinum við skrána, — en það hefur ekki verið svo í stofnkostnaðinum, þá hafa aðrir aðilar greitt meira, — en Tryggingastofnun ríkisins borgi 10%. Það er sem sé gert ráð fyrir því, að bæjar- og sveitarfélögin fái ókeypis upplýsingar frá þessari skrá framvegis.

Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að þessu máli verði vísað til allshn., hygg ég, frekar en fjhn. Annars get ég lagt það á vald forseta, upp á hvoru hann stingur í því. Ég held, að það sé kannske frekar allshn., sem ætti að fá svona málefni, heldur en fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 406, n. 468).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur fengið til athugunar frv. til laga um þjóðskrá og almannaskráningu. N. hefur farið yfir frv. á fundum sínum og átt tal um það við hagstofustjóra. Hefur hann farið í gegnum frv. með n. í einstökum atriðum og gefið n. nánari skýringar á ýmsu því, sem hún sá ástæðu til að spyrja um. Að lokinni þessari athugun leggur n. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

Þetta frv. er samið af hagstofustjóra á vegum stjórnarnefndar allsherjarspjaldskrárinnar, en í þeirri n. eiga sæti fulltrúar frá fjmrn., Hagstofu Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, bæjarstjórn Reykjavíkur og berklavörnum ríkisins. Stjórnarnefndin hefur tekið frv. fyrir á fundum sínum, og að lokinni athugun óskar hún eindregið eftir því, að frv. nái fram að ganga. Á meðan þetta frv. hefur verið í smíðum, hefur hagstofustjóri borið ýmis atriði þess undir nokkra aðila, sem þetta mál varðar sérstaklega. Þannig hefur hagstofustjóri leitað til biskups um þau atriði, er varðar prestastétt landsins. Hann hefur leitað til landlæknis um þau atriði, sem læknana varðar. Undir dómsmrn. hafa verið borin þau atriði frv., sem refsingar varða og framkvæmd þeirra, og auk þess hefur málið verið lagt fyrir ráðuneytisstjóra fjmrn., skattstofuna í Reykjavík, lögreglustjórann í Reykjavík, borgarlækninn í Reykjavík og formenn frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, Félagi héraðsdómara og Prestafélagi Íslands auk fleiri aðila. Á meðan málið hefur verið í undirbúningi og athugun, hafa þessir aðilar sumir hverjir borið fram ýmsar óskir í sambandi við málið, og við frv. hefur ekki verið lokið fyrr en óskum þessara aðila hefur verið fullnægt. Tjáir hagstofustjóri allshn., að allir þessir aðilar séu samþykkir frv., að svo miklu leyti sem að hverjum þeirra snýr, og geti fellt sig við það. Virðist mér frv. hafa fengið mjög góðan undirbúning af hálfu hagstofustjóra og að hann hafi lagt sig fram um að hafa samráð við þá aðila, sem einhver ástæða væri til að ætla að þetta mál varðaði sérstaklega. Honum hefur líka tekizt að hliðra þannig til í sambandi við samningu frv., að allir, sem málið snýr að, virðast vera ánægðir, án þess þó að það hafi orðið til þess að draga á nokkurn hátt úr þeim tilgangi, sem frv. er ætlað að ná.

Eins og kunnugt er, var fyrir nokkrum árum stofnað til vélaspjaldskrár yfir alla landsmenn. Stóðu nokkrir opinberir aðilar að stofnun þessarar spjaldskrár. Síðan hún var stofnuð, hefur hún haft það hlutverk með höndum að skrá alla landsmenn og fylgjast með því, hvar þeir ættu heima á hverjum tíma. Ríður mjög á, að þessi spjaldskrá sé sem allra nákvæmust, þannig að enginn, sem skráður á að vera, — það eiga allir landsmenn að vera, — falli niður af skránni og að enginn sé þar tvítalinn. Á því hefur hins vegar viljað bera á undanförnum árum, áður en vélaspjaldskráin kom til, að talsvert stór hópur manna væri hvergi skráður og losnaði þannig við að greiða sín opinberu gjöld. Á því bar líka nokkuð áður, að menn væru skráðir á fleiri en einum stað, og leiddi af því talsverða erfiðleika, sérstaklega í sambandi við álagningu gjalda og innheimtu. Það er hlutverk vélaspjaldskrárinnar og skráningarinnar að sjá um, að slík mistök eigi sér ekki stað.

Í sambandi við þessa skráningu, sem vélaspjaldskráin hefur annazt, hefur hún að undanförnu látið sveitarstjórnum í té á hverju ári skrá yfir íbúa hvers héraðs út af fyrir sig. Vélaspjaldskráin hefur einnig látið sveitarstjórnum í té stofn að kjörskrá, sem sveitarstjórnir hafa notað til þess að semja kjörskrárnar eftir. Þá hefur vélaspjaldskráin einnig látið Tryggingastofnuninni í té skrá yfir alla gjaldendur til almannatrygginga, sem sveitarstjórnir og skattanefndir hafa farið eftir við álagningu gjalda til Tryggingastofnunarinnar. Loks hefur vélaspjaldskráin á sama hátt látið skattstjórum og skattanefndum í té skrá yfir alla þá, sem eiga að greiða skatta til ríkisins í viðkomandi umdæmum, og hafa skattskrár verið samdar og skattar álagðir eftir þessum skrám vélaspjaldskrárinnar. Og loks er það form komið á nú, að vélaspjaldskráin hefur annazt fyrir ríkið útreikning og álagningu gjalda til ríkisins, Tryggingastofnunarinnar og kirkna í vissum hluta landsins. Og samhliða því, sem vélaspjaldskráin hefur annazt álagningu þessara gjalda, hefur hún einnig um leið prentað fyrir hið opinbera þinggjaldabækur með öllum þessum gjöldum álögðum, samanlögðum og uppgerðum, og auk þess hefur vélaspjaldskráin prentað fyrir

það opinbera þinggjaldsseðla alla yfir þessa gjaldendur.

Það var byrjað á þessu fyrst hér í Reykjavík, og hefur síðan smám saman verið fært út til fleiri landshluta. Fyrir ári var þetta fyrirkomulag tekið upp í Hafnarfirði, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík, og verið er að undirbúa nú að taka þetta upp fyrir Akranes, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og jafnvel víðar. Er að þessu mikið og gersamlega ómetanlegt hagræði fyrir alla þá, sem við þessi störf fást, og sparar ríkinu stórfé, auk þess sem það léttir undir allri innheimtu og kemur henni á stað miklu fyrr en ella. En til þess að þessar skrár allar komi að því gagni, sem til er ætlazt, er alveg óhjákvæmilegt, að manntalið í landinu sé á hverjum tíma svo rétt og nákvæmt sem frekast eru tök á.

Vélaspjaldskráin hefur haft nokkrar reglur og nokkur lagaákvæði á að byggja í sambandi við þessi störf. Þó hafa þær reglur allar verið næsta ófullkomnar og ófullnægjandi, og hefur því stjórnarnefnd vélaspjaldskrárinnar orðið að búa sér reglurnar til í framkvæmd. Slíkt er að sjálfsögðu gott og blessað, en til þess að hægt sé að framkvæma þær reglur, sem þannig eru settar, verður ekki hjá því komizt að hafa í lögum nokkur og nokkuð ýtarleg fyrirmæli um það, að mönnum sé skylt að fylgja þessum reglum og að eitthvert aðhald sé, til þess að menn vanræki ekki að vinna þau verk, sem óhjákvæmilegt er að vinna til þess að halda spjaldskránni í því horfi, sem vera ber. Öll ákvæði um aðhald og refsingar fyrir að vanrækja þá hluti, sem spjaldskránni eru nauðsynlegir, hefur vantað til þessa, en það er hlutverk þessa frv., sem hér liggur fyrir, að lögfesta þessar reglur og lögfesta jafnframt ákvæði, sem tryggja það, að þeir, sem eiga að sjá um framkvæmd reglnanna, geti ekki að bótalausu leyft sér að hafa þessar framkvæmdareglur að engu og vanrækt það, sem þeir eiga að gera.

Sú er grundvallarhugmynd frv., að sérstakri n. sé falið að annast rekstur þjóðskrárinnar og sjá um, að hún sé í lagi á hverjum tíma. Er gert ráð fyrir, að í þessari stjórnarnefnd séu sex menn, tilnefndir af fimm aðilum, einn frá berklavörnum ríkisins, annar frá bæjarsjóði Reykjavíkur, þriðji frá fjmrn., fjórði frá hagstofunni og fimmti frá Tryggingastofnuninni, en þann sjötta skipar ráðherra án þess að fá nokkra sérstaka tilnefningu.

Framkvæmd sjálfrar almannaskráningarinnar og hin daglega varzla vélaspjaldskrárinnar er hins vegar í höndum Hagstofu Íslands. Það er hún, sem sér um hina daglegu framkvæmd þessa máls og gengur eftir því, að þeir aðilar, sem þarna hafa verk að vinna, geri þá hluti, sem þeim ber að gera, réttilega og á réttum tíma.

Það verður að teljast mjög vel farið, að framkvæmd þessa máls skuli vera í höndum hagstofunnar. Síðan vélaspjaldskráin kom til sögunnar, hefur hagstofan annazt þessa hluti, og það er tvímælalaust álit allra þeirra, sem við þetta hafa átt að búa og við þessa skráningu hafa þurft að skipta, að hagstofan hafi unnið þarna mikið og gott starf. Hagstofustjóri hefur sýnt alveg sérstakan áhuga fyrir því að hafa þessi mál í eins góðu horfi og frekast eru tök á, og hann hefur sýnt alveg sérstaka lagni í því að starfa með þeim, sem þarna hafa þurft að koma við sögu. Efast ég ekki um, að fyrir þessum málum muni í hans höndum verða mjög vel séð í framtíðinni, ef eins vel verður á haldið hér eftir og hingað til.

Fyrir því er ráð gert í þessu frv., að spjaldskráin fái jöfnum höndum tilkynningar um allar þær breytingar, sem gera þarf í sambandi við það manntal, sem nú er til. Sveitarstjórnir eiga að láta hagstofunni í té allar þær breytingar, sem verða á flutningum manna í landinu, og fylgjast með því, að þessar breytingatilkynningar séu ekki vanræktar. Sóknarprestarnir eiga að annast tilkynningar til vélaspjaldskrárinnar á fæðingum, mannslátum, skírnum, nafngiftum, hjónavígslum o. fl. Héraðsdómararnir eiga að tilkynna það, sem að þeim snýr í þessu sambandi, dómsmrn. sitt o. s. frv., og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að telja þessa aðila upp, — en frv. slær því föstu, að ef þessir aðilar vanrækja sína tilkynningarskyldu, þá hefur hagstofan eða vélaspjaldskráin til þess fullt vald að setja þessum aðilum ákveðinn hæfilegan frest til slíkra hluta, og síðan getur hagstofan beitt sektum, ef fyrirmælunum er ekki hlýtt.

Það kann e. t. v. að þykja nokkuð harðneskjulegt að hafa þessi sektarákvæði í frv. eins og þau eru og frestinn, sem þar er um að ræða, svo takmarkaðan sem frv. ber vitni um. En á það ber hins vegar að líta, að miklu máli skiptir, að þess sé vel gætt að tilkynna hagstofunni á réttum tíma um allar breytingar, og þegar menn einu sinni eru búnir að venja sig á þetta og búið er að koma á föstu formi, þá ætti ekki að vera hætta á því, að á þessum sektarákvæðum mundi mikið þurfa að halda, þó að nauðsynlegt kynni einhverju sinni að vera að grípa til þeirra.

Ég vil sérstaklega taka það fram í sambandi við sektarákvæðin, að hagstofustjóri hefur borið það mál undir dómsmrn. og beðið um álit þess á því ákvæði, og hefur rn. lýst sig samþykkt ákvæðum frv. um sektirnar. Frv. gerir svo ráð fyrir því, að fyrir 1. des. eða 1. des. ár hvert skuli hagstofan senda sveitarstjórnum, sóknarprestum utan kaupstaða og skattanefndum og skattstjórum eintak af manntali hvers sveitarfélags. Eiga þessir aðilar að gera hagstofunni aðvart innan ákveðins frests um það, hvort þeir hafi eitthvað við þetta að athuga og hvaða leiðréttingar þeir vilja fá fram. Að fengnum þeim aths. gengur síðan hagstofan endanlega frá þjóðskránni, og því á að vera lokið í febrúarmánuði ár hvert. Eftir það lætur svo hagstofan í té til réttra aðila þær nauðsynlegar skrár, sem frv. ræðir nánar um.

Eins og menn sjá á öllum þessum ákvæðum, er gert ráð fyrir því, að hér séu höfð mjög snör handtök. Hagstofunni eru ekki síður skammtaðir stuttir frestir en öðrum, en hagstofustjóri telur, að ef allir gera hér skyldu sína, sé hægt að standa við þá fresti, sem hér eru settir, og á það leggur hann mikla og ríka áherzlu.

Það kann vel að vera, að ýmsum sýnist, að einhverju mætti breyta eða hnika til í þessu frv. Allshn. hefur hins vegar ekki séð ástæðu til þess að fara út í þá hluti, enda liggur fyrir í málinu,

að af hálfu þeirra, sem frv. hafa samið og að því hafa unnið, hefur verið leitað eftir því að hafa sem nánast samráð við alla þá, sem þetta mál varðar, og jafnframt hefur verið lagt sig fram um að hnika málum til til samræmis við ósk þessara aðila, þannig að hér virðast allir vera ánægðir og samþykkir frv. Allshn. leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir og án breytinga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 85. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 86. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 406, n. 476).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál. Það er komið frá hv. Ed. og hefur gengið gegnum þá hv. d. breytingarlaust. Allshn. hv. Nd. hefur kynnt sér málið og er samþykk því að mæla með, að það gangi fram óbreytt eins og það liggur fyrir. Það er ekkert vafamál, að samkvæmt slíkri lagasetningu verður manntal og skráning manna í landinu miklu öruggari en tíðkazt hefur til þessa, og er rétt að greiða fyrir því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—28. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 486).

---

24. Fjáraukalög 1953.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1953 [157. mál] (stjfrv., A. 394).

Á 42. fundi í Sþ., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. til fjáraukalaga er samið samkv. till. yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna í samræmi við þær venjur, sem tíðkazt hafa. Leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 394, n. 512).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Fjvn. leggur til, að frv. það, sem hér liggur fyrir til fjáraukalaga fyrir árið 1953, verði samþykkt. N. bar frv. saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1953 og gekk úr skugga um, að frv. er tölulega í fullu samræmi við reikninginn. Einnig athugaði n., að uppsetning frv. er í öllum atriðum á þá leið, sem fjvn. á síðasta þingi mælti fyrir um með athugasemdum sínum þá við frv. til fjáraukalaga fyrir 1952 og Alþingi féllst á. Sérstaklega á ég þar við skiptingu inn- og útborgana á 20. gr., sem er að sumu leyti eins og jöfnunarreikningur og kemur þar af leiðandi ekki öll fjáraukalögunum við. Annars má deila um það, hvernig skuli byggja upp fjáraukalögin. Út í það sé ég enga ástæðu til að fara. Alþingi hefur látið það form gilda, sem á þessu frv. er.

Á frv. eru taldar umframgreiðslur alls rúml. 94 millj., en þar af rúml. 34 millj. eignaaukning á 20. gr., en það eru veitingar til verklegra framkvæmda ríkisins, fasteignakaupa, enn fremur lánveitingar og sjóðmyndanir.

Ef litið er yfir 2. gr. frv., sést, að tekjur umfram fjárlagaáætlun hafa verið mestar af áfengisverzluninni og tóbakseinkasölunni, nettótekjur af áfengisverzlun umfram áætlun hátt á elleftu millj. króna og af tóbakseinkasölunni hátt á sjöundu millj. króna. Ef rennt er aftur á móti augum yfir viðbótarútgjöldin, sem orðið hafa samkv. einstökum greinum fjárlaganna, ber tvær greinar hæst. 13. gr. A er með 11.4 millj. umfram áætlun. Er það til vegagerða og viðhalds á vegum og til brúabygginga og viðhalds á brúm. Er þetta því fé, sem ekki hefur verið á glæ kastað. Hin greinin, sem hæst ber í umframgreiðslum, er 19. gr. 1. Þar eru umframborganir 11.7 millj. kr. Eru það útgjöld vegna dýrtíðarráðstafana, niðurgreiðslur, sem ekki mun hafa verið hægt að komast hjá og ekki er því um að sakast í þessu sambandi.

Annars tel ég enga ástæðu til þess að tala um

einstaka liði frv. þessa. Það er um efni frá tíma, sem er liðinn fyrir tveim árum. Fjáraukalagafyrirkomulagið er orðið fremur óraunhæft, eins og ég mun hafa áður sagt hér á Alþingi. Umframgreiðslur eru staðfestar, um leið og ríkisreikningurinn fyrir hvert ár er samþykktur í þingdeildunum, en stjórnarskráin mælir svo fyrir, að fjáraukalög skuli lögð fyrir sameinað Alþingi. Þessu verður sennilega breytt, þegar stjórnarskráin verður að öðru leyti lagfærð, en þangað til verða fjáraukalög lögð á tvennan hátt fyrir Alþ., þ. e. með ríkisreikningnum og í sérstöku formi eins og þessu, sem hér liggur fyrir.

Ein prentvilla er í frv. til lýta, en sú villa villir þó ekki um fyrir neinum. Hún er í þriðju línu upp af grg. frv. Þar stendur „út eru veittir", en á auðvitað að vera: út eru veittar, þar sem um krónur er að ræða. Þetta verður að sjálfsögðu leiðrétt í næstu prentun frv.

Eins og ég tók fram í upphafi og nál. á þskj. 512 ber með sér, mælir fjvn. með því, að frv. þetta verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 523).

25. Eignarskattsviðauki.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framlengingu á eignarskattsviðauka [172. mál] (stjfrv., A. 427).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Undanfarin ár hefur eignarskattur verið innheimtur með 50% álagi, en þetta ákvæði hefur einungis gilt eitt ár í senn. Með þessu frv. er lagt til, að ákvæðið verði framlengt fyrir árið 1956.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, en óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðunni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 427, n. 447).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur eignarskattur verið innheimtur með 50% álagi undanfarin ár og lög um þetta verið framlengd á hverju þingi, því að þau hafa ekki verið sett nema til eins árs í einu. Fjhn. lítur svo á, að þó að hér sé ekki um stórvægilegt fjármagn að ræða, sé ekki rétt að svipta ríkissjóð nú þessum tekjuauka og ekki heldur ástæða til annars en að framlengja þennan viðauka við eignarskattinn, þar sem mþn. í skattamálum hefur enn ekki lokið störfum. Að því leyti er því ástandið óbreytt frá því, sem verið hefur, og sömu ástæður virðast vera nú til að framlengja þennan viðauka og verið hafa undanfarin ár. — Eins og sjá má á nál. á þskj. 447, leggur n. því einróma til, að þetta litla frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 84. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 427, n. 498).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er um það, að á árinu 1956 skuli innheimta eignarskatt með 50% álagi. Slíkt álag hefur verið reiknað á eignarskattinn allmörg undanfarandi ár og lagaákvæði um það framlengd fyrir eitt ár í senn. Frv. var upphaflega lagt fram í Ed., sem afgreiddi það óbreytt, og fjhn. þessarar d. leggur til samkv. nál. á þskj. 498, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Að vísu voru tveir nm. forfallaðir, þegar n. tók þetta fyrir, en ekki er vitað um neinn ágreining um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

---

26. Fólksflutningar með bifreiðum.

Á 21. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum [109. mál] (stjfrv., A. 130).

Á 22. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Eins og rakið er í grg. frv. þess, er hér er til umr., stefnir það að því að gera nokkrar nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Inn í frv. hafa að sjálfsögðu verið felldar þær tvær breytingar, sem gerðar hafa verið á gildandi lögum um þessi efni, lög nr. 22 frá 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, en breytingarnar eru lög nr. 12 frá 28. febr. 1947 og lög nr. 3 frá 18. jan. 1952. Í gildandi lögum er svo ákveðið, að sérstakt leyfi þurfi að hafa til að mega annast gegn borgun fólksflutninga í bifreiðum, sem stærri eru en svo, að þar rúmist 6 farþegar.

Þegar gildandi lög voru sett, voru yfirleitt ekki stærri leigubifreiðar til á bifreiðastöðvum en fyrir 5—6 farþega. Nú er þetta breytt þannig, að á ýmsum bifreiðastöðvum eru nú til bifreiðar, sem rúma 7—8 farþega. Að lögunum óbreyttum mundi óheimilt að annast akstur til fólksflutninga á slíkum bifreiðum án sérstaks leyfis.

Það verður að telja, að ekki sé rétt að leggjast gegn þessari þróun, sem orðið hefur í samgöngutækninni. Þess vegna er lagt til, að takmarkið, sem í l. er miðað við 6 farþega bifreiðar, verði 8 farþega bifreiðar. Þannig mundi, ef frv. verður að lögum, hinum stóru nýju stöðvarbifreiðum heimilt að aka eins og 6 manna bifreiðum eftir gildandi lögum án sérleyfis, þótt það væri ekki fremur en nú heimilt að halda uppi föstum ferðum án sérleyfis.

Þá er einnig felld niður 3. mgr. 1. gr. gildandi laga, sem kveður svo á, að sérleyfi þurfi ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga. Hér er átt við vörubifreiðar með farþegaskýli á palli. Slíkir flutningar hafa nú lagzt niður, og þykir því ekki ástæða til að hafa þetta ákvæði í lögum áfram.

Loks er í 1. gr. frv. skilgreint nokkru nánar, hvað teljist áætlunarbifreiðar í skilningi laganna. — Að öðru leyti álít ég, að frv. þarfnist vart skýringa, enda flestar þær breytingar, sem það felur í sér, skýrðar í greinargerð.

Ég óska svo eftir, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Á 44. og 45. fundi í Ed., 20. og 23. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Ed., 23. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 130, n. 256, 257, 268).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 130, eru dregin saman í eina heild gildandi lög um skipulag fólksflutninga með bifreiðum. Það eru lög nr. 22 30. jan. 1945, lög nr. 12 1947 og lög nr. 3 1952. Tvenn þau síðarnefndu eru breytingar á fyrstnefndu lögunum, nr. 22 1945.

Þá eru nokkrar nýjar breytingar á l. í frv., og er þær að finna í 1. gr. frv. á þskj. 130. Skal ég nú gera nokkra grein fyrir þeim.

Í lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, er ákveðið í 1. gr., að sérstakt sérleyfi þurfi til þess að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega. Þegar lög þessi voru sett, voru yfirleitt ekki notaðar stærri bifreiðar til leiguaksturs á bifreiðastöðvum en svo, að þær tækju 5—6 farþega. Nú hefur sú breyting orðið á, að nokkuð af 7—8 farþega bifreiðum hefur verið flutt til landsins og er á bifreiðastöðvunum til notkunar, en eins og áður segir, er ekki heimilt að óbreyttum lögum að nota þær til fólksflutninga á sérleyfisleiðum án sérleyfis. Til að gera þessar bifreiðar löglegar að þessu leyti, er gert ráð fyrir í frv. að breyta lögunum á þann veg að færa stærðartakmörkun úr 6 farþega í 8 farþega bifreiðar. Ég hef lítils háttar orðið var við það álit, að ákvæði þetta, ef að lögum yrði, mundi rýra hag sérleyfishafa, og væri því ekki óeðlilegt, að spurt væri, hvort þeir væru ekki mótfallnir þessum breytingum. En því er til að svara, að n. hefur kynnt sér það, að frv. er samið í samráði við stjórn Félags sérleyfishafa, og er það því með vitund þeirra og samþykki, að lagt er til, að þessi breyting verði gerð á lögunum.

1. málsl. 1. gr. frv. er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 8 farþega“ — þarna voru í lögunum 6 — „nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni.“ Breytingin er sem sagt, að stærðarhlutfallið er fært í 8 farþega úr 6, og er þetta fyrsta breytingin.

Þá segir í 2. málsl. 1. gr.: „Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, sem rúma 3—8 farþega.“ Þarna er um að ræða

breytingu, því að í núgildandi lögum segir: „Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma 6 farþega eða færri.“ Samkvæmt þessu ákvæði er vörubifreiðum, sem rúma einn farþega eða tvo, óheimilt að taka farþega á sérleyfisleiðum. Þessu ákvæði sérleyfislaganna mun aldrei hafa verið framfylgt eða sama og ekki, og virðist vera rétt að nema það ákvæði úr lögunum.

Við framkvæmd sérleyfislaganna hefur gætt nokkurs misskilnings eða ágreinings um ákvæðin, hvað skuli teljast fastar ferðir eða áætlunarferðir. Til að koma í veg fyrir ágreining eða misskilning og gera þetta ákvæði skýrara og ákveðnara er þessi málsl. tekinn upp í 1. gr. frv.: „Til áætlunarferða teljast í lögum þessum allar auglýstar ferðir og allar ferðir, þar sem farþegum eru seld einstök sæti í bifreiðum á ákveðinni leið.“ Þetta er sem sagt nýr málsl., sem settur er þarna inn til þess að gera þetta ákvæði skýrara og ákveðnara.

Í núgildandi lögum er svo hljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta: „Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþeganna samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.“ Ákvæði þetta var sett í lögin vegna hinna svokölluðu „bodybíla“, en það voru, sem kunnugt er, vörubifreiðar með lausu farþegaskýli á vörupalli. Ákvæði þetta er ekki tekið upp í frv. nú, enda notkun þessara bifreiða til fólksflutninga að mestu fallin niður, a. m. k. á langleiðum, og er ekki eftir því að sjá, m. a. af öryggisástæðum, enda eru heimilaðir án sérleyfis fólksflutningar með stórum bílum innan lögsagnarumdæma eða hvers lögsagnarumdæmis, ef um hópferðir er að ræða á héraðsmót eða almennar skemmtanir.

Allar þessar breytingar, sem ég nú hef minnzt á, er að finna í 1. gr. frv.

2.—9. gr. frv. eru sem sagt alveg samhljóða gildandi lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þær.

10. gr. er um það, hvenær lögin taki gildi, og jafnframt um það, að numin skuli úr gildi þau lög, sem gilda nú um þetta efni og ég hef minnzt á áður.

Í frv. segir, eins og það liggur nú fyrir: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.“ Þar sem nú er komið fram í janúarmánuð, hefur n. verið sammála um að flytja brtt. við þetta; hún er prentuð á þskj. 268 og er svo: „Fyrri málsl. 10. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Samgmn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og lítur svo á, að breytingar þær, sem það felur í sér, séu yfirleitt til bóta. Leggja 4 nm. til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 130. En einn nm., hv. þm. V-Sk. (JK), skrifar undir nál. með fyrirvara og hefur nú borið fram tvær brtt. við frv., og eru þær prentaðar á þskj. 257. Ég ætla ekki að ræða þessar brtt. neitt, en vil aðeins geta þess, að hv. flm. þeirra minntist á þessi atriði undir meðferð málsins í n., en nm. gátu ekki fallizt á að gerast flm. að þeim eða taka þau upp sem sérstakar brtt. við frv. Og eins og segir í nál. frá n., leggja 4 nm. til, að frv. sé samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 130.

Að öðru leyti hafa nm. auðvitað óbundnar hendur um till. þessar, þegar að atkvgr. kemur.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari þýðir ekki, að ég sé á móti þessu máli í heild. Þvert á móti er ég því fylgjandi í aðalatriðum og tel þær breytingar, sem gerðar hafa verið frá l., til bóta. Fyrirvari minn er um það, að ég vildi gera nokkrar fleiri breytingar á l., en flyt þó aðeins tvær smávægilegar brtt. á þskj. 257.

Fyrri brtt. er um það, að 2. málsgr. 1. gr. falli burt. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.“ Ég tel óþarft og reyndar óviðeigandi að hafa svona ákvæði í lögum. Það ber ekki að skilja það þannig, að ég telji, að núverandi hæstv. ráðh., sem fer með þessi mál, mundi misbeita þessu á neinn hátt. En Alþingi getur ekki sagt um það, hver skipar þetta sæti í framtíðinni, og sá maður getur komið í sætið, sem telur ástæðu til þess að taka þetta upp og nota heimildina og verja til þess máske stórfé úr ríkissjóði. Þetta hefur gerzt, þetta getur gerzt aftur, og ég tel þar af leiðandi óviðeigandi að hafa þetta ákvæði. Miklu nær er, ef ástæða þykir að grípa í taumana, að gefa út brbl. og afla svo heimildar frá Alþ. fyrir þeim lögum. Það er í alla staði heilbrigðari meðferð en að hafa svona ákvæði.

2. brtt. mín er um það að bæta inn nýrri gr. eftir 3. gr., svo hljóðandi:

„Nú hefur félag eða einstaklingur haft sérleyfisleið eitt leyfistímabil eða lengur, enda rækt starfið svo, að ekki verði með réttu að fundið, og skal þá, sé leiðin óbreytt, sá aðili að öðru jöfnu sitja fyrir um sérleyfi áfram, ef hann æskir þess.“

Með þessu hef ég viljað ofur lítið tryggja öryggi sérleyfishafa. Eins og kunnugt er, hafa þeir að sjálfsögðu lagt mikið í kostnað við þetta starf, keypt mjög dýrar bifreiðar og ýmislegt til þeirra rekstrar, sem kostar mikið fé. Og þeir hafa margir hverjir máske byggt atvinnu sína blátt áfram á þessu starfi og lífsafkomu, og það væri vissulega hart, ef þeir hefðu ekkert öryggi fyrir starfið áfram, ef svipta mætti þá fyrirvaralaust starfinu og baka þeim máske stórfellt tjón fjárhagslega, algerlega að ástæðulausu og tilefnislausu.

Ég hélt, að hv. samgmn. mundi fallast á þessar brtt., og ég hafði nokkra von um, að það mundi verða svo. En þetta hefur ekki orðið, og þess vegna koma þær hér fram, en ég er reiðubúinn að taka till. aftur til 3. umr., ef n. vildi sérstaklega athuga þær. Það er rétt, sem frsm. sagði, þær hafa aldrei verið athugaðar í n. sérstaklega, heldur hef ég orðað þær þar. Ég vona einnig, að hæstv. ráðh., sem að vísu er hér ekki viðstaddur, geti ekki haft neitt við þessar brtt.

mínar að athuga. En ef þær koma núna undir atkv., vænti ég þess, að hv. þd. taki till. vel.

ATKVGR.
Brtt. 257 og 268 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkgvr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Ed., 30. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 130, n. 256, 257, 268, 291).

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Í tilefni af brtt. hv. þm. V-Sk. (JK) á þskj. 257 við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum vil ég skýra afstöðu mína með nokkrum orðum.

Fyrri brtt. er sú, að felld verði niður heimild, sem verið hefur í lögum, frá því að þau fyrst voru sett um þetta efni árið 1935, um, að rn. sé heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning á vissum leiðum, ef því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þessar settum reglum. Ég tel ekki ástæðu til að fella þetta ákvæði niður nú og tel, að heppilegt og nauðsynlegt sé, að slík heimild sé í lögunum.

Annað atriði í brtt. á þskj. 257 hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur félag eða einstaklingur haft sérleyfisleið eitt leyfistímabil eða lengur, enda rækt starfið svo, að ekki verði með réttu að fundið, og skal þá, sé leiðin óbreytt, sá aðili að öðru jöfnu sitja fyrir um sérleyfið áfram, ef hann æskir þess.“

Í framkvæmdinni mun þessi háttur hafa verið á hafður. Hins vegar tel ég ekki rétt að rígbinda þetta svo sem tillagan felur í sér. Sérleyfisnefndin er m. a. skipuð tveimur fulltrúum frá sérleyfishöfum, og er þeim ávallt opin leið að fylgjast með og gera till. um veitingu hvers einasta sérleyfis. Mun þetta hafa reynzt nægileg trygging fyrir sæmilega réttlátri afgreiðslu hingað til, og tel ég því ekki ástæðu til breytinga. Enn fremur tel ég, að brtt. sé ekki nægilega undirbúin, og hún hefur ekki verið borin undir sérleyfishafana sjálfa, svo að ég viti. Ég vildi því vinsamlegast mælast til, að hv. þm. V-Sk. (JK) taki till. aftur, og vænti ég þess þá, að hv. 6. landsk. (FRV) vildi taka sína till. aftur.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég hef ekkert að athuga við till. hv. 6. landsk. En út af ummælum hæstv. ráðh. um aðra brtt. mína vil ég segja þetta: Nefndin ræddi þetta mál nokkuð við formann sérleyfisnefndar, og hann óskaði þess, að þessi till. væri ekki sett í lögin, heldur í reglugerð. Mér skildist á honum, að það mundi vera samkomulag um, að þetta kæmi í reglugerð. Ég hefði þar af leiðandi óskað þess, að hæstv. ráðh. hefði gefið dálítið fyllri yfirlýsingu um þetta, þá mundi ég vera reiðubúinn að taka till. aftur. Ég mundi þá einnig taka fyrri till. aftur, af því að ég vil ekki, eins og ég gat um við 2. umr., stofna þessu máli í hættu, því að ég tel það til bóta yfirleitt. Og til þess að það yrði enginn ágreiningur um málið, mundi ég gjarnan æskja þess, að hæstv. ráðh. gæti treyst sér til að gefa einhver vilyrði, sams konar og formaður sérleyfisnefndarinnar, að hann vildi taka svona ákvæði inn í reglugerð.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Út af tilmælum hv. þm. V-Sk. um að taka inn í reglugerð efni svipað og brtt. hans inniheldur verð ég að skýra frá því, að ég hef ekki nægilega rannsakað, hvort þetta er fært. Ég veit ekki, hvort nægileg stoð er í lögum til þess að setja þetta ákvæði inn í reglugerð, en ég skal lofa hv. þm. því, að ég skal taka málið til vinsamlegrar athugunar eins fljótt og ég get.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er af því, að ég sit núna og hef setið í tvö ár eða þrjú í þeirri n., sem úthlutar þessum sérleyfum, sem mig langar til að gefa eftirfarandi upplýsingar:

Þeirri reglu hefur verið fylgt, a. m. k. síðan ég kom í n., að láta þá, sem hafa haft leiðirnar áður, sitja fyrir, þegar þeir hafa sótt um aftur og sérleyfistímabilið er útrunnið, og ég held, að það hafi alltaf verið gert, og það hefur fortakslaust alltaf verið gert síðan ég kom í n. Jafnframt höfum við fylgt annarri reglu, sem sé þeirri, að þegar sérleyfisleið lengist eða réttara sagt, þegar hægt er að aka lengra en á fyrri endastöð sérleyfisferðarinnar, hefur sá, sem hefur haft leiðina þangað áður, fengið hina nýju viðbót. T. d. að taka á þessu tímabili, sem ég hef setið í n., þegar var að smáopnast leiðin vestur Barðastrandarsýsluna, hafði Guðbrandur Jörundsson leiðina fyrst bara í Gufudalssveitina, svo komst hann í Múlahreppinn og nú kemst hann á Patreksfjörð. Af því að hann hafði leiðina, á meðan hún var lítil og gaf lítið, í Gufudalssveitina og svo í Múlahreppinn, var talið sjálfsagt, að hann fengi viðbótina, og engum datt annað í hug en að láta hann fá hana, þegar leiðin lengdist.

Nú getur komið fyrir, og ég veit, að það er núna á leiðinni eitt mál, — ég get gjarnan sagt frá því hér, — þar sem verður dálítið erfitt, a. m. k. fyrir mig og ég held fyrir alla sanngjarna menn, að fylgja þessum tveimur reglum. Það hefur verið fært og farið í mörg ár frá Reyðarfirði upp um Fljótsdalshérað, og eru vikulegar ferðir í hreppana. Þessar ferðir hefur kaupfélagið á Reyðarfirði, Kaupfélag Héraðsbúa, yfirleitt haft, þó að núna síðustu árin einstaka menn heima í hreppunum hafi fengið aðstöðu til að sækja og tekið ferðirnar, og ég tel það miklu heppilegra, að bíllinn fari að morgni til ofan úr sveitinni niður í kaupstaðinn og heim að kvöldinu, heldur en að bíllinn fari einu sinni í viku neðan úr kaupstaðnum, sæki fólkið upp í sveitina, flytji það niður í kaupstað og svo sitji það þar allt ráðalaust með að komast heim til sín aftur. Þegar það koma menn í sveitunum, sem vilja taka þessar ferðir og eiga heima þar og fara þaðan að morgni og aftur heim að kvöldi, þá mun ég ekki í n. fylgja þeirri reglu að láta fyrrverandi leyfis-

hafa hafa hana, því að það er svo miklu þægilegra fyrir fólkið, að ferðin sé farin úr sveitinni og í hana, heldur en annaðhvort að verða að bíða viku niður frá eftir að fá aftur far heim með áætlunarferðinni ellegar kaupa sér bíl. Þetta er komið núna í tvo hreppana, og það hefur verið með fullu samkomulagi við Kaupfélag Héraðsbúa, að heimamenn, sem hafa fengið bíla og haft aðstöðu til, hafa tekið ferðirnar að sér. En ef þetta væri komið inn í lögin, þá er ég ekki alveg viss um, hvort við gætum breytt því.

Í öðru lagi liggur það líka þannig fyrir núna, að Reyðarfjörður hefur haft ferðina. Fyrst hafði hann hana út í Eiða, svo hafði hann hana út í Bóndastaði, sem er bær í miðri Hjaltastaðaþinghánni. Nú hefur hann hana út að Unuósi, nú endar vegurinn þar, en á komandi sumri einhvern tíma opnast framhald vegarins og leiðin til Borgarfjarðar, sem er þorp með nokkrum íbúum, ég man ekki hvað mörgum, minnir, að það séu 182 á kjörskrá þar, þá eru það líklega svona 300—400 íbúar. Nú segir það sig alveg sjálft, að þegar leiðin opnast yfir þennan fjallgarð, ætti eftir þeirri venju, sem við höfum fylgt, og líka ef þessi breyting væri sett inn í lögin, Kaupfélag Héraðsbúa að hafa þá ferð og fara frá Reyðarfirði og niður á Borgarfjörð, fara frá Reyðarfirði að morgninum og niður á Borgarfjörð að kvöldinu og svo til Reyðarfjarðar aftur til baka. Nú segir það sig sjálft, að þegar búið væri að setja allar ferðir á Austurlandi í samband við flugið til Egilsstaða og einu sinni í viku frá þessum staðnum og öðru sinni frá hinum, koma alltaf ferðir að morgninum úr kauptúnunum og beint í Egilsstaði og fara ekki aftur þaðan, fyrr en flugvélin er komin og komnir með henni farþegar. Þá segir það sig sjálft, að það væri mönnunum í Borgarfirði miklu þægilegra, að ferðin væri þaðan að morgninum og þangað aftur að kvöldinu. Ef það á að komast í kring, þá megum við ekki vera einskorðaðir við að láta þann sama hafa hana og áður hefur haft hana, hvorki hvað lenginguna snertir né heldur hitt, sem áður hefur verið farið. Þannig geta komið fyrir tilfelli, og þetta er víðar á landinu, þó að ég hafi nú nefnt dæmi, sem ég held að sýni, að það sé ekki til bóta að samþykkja brtt. Nú má segja, að þótt þetta væri sett inn í lögin, nái þau ekki til þessa, því að þetta sé ekki sama rútan nema að nokkru leyti, þegar búið er að lengja hana svona mikið. Það má segja það, og þó veit ég ekki, hvort það er hægt að standa á því og hafa að engu, ef lögunum verður breytt. Þess vegna held ég, að það sé ekkert til bóta að setja þetta inn í lögin, en hitt getur vel verið, að það megi setja í reglugerð eitthvað, sem sé aðhald, til þess að ekki sé gengið á snið við fyrri leigutaka, ef ekki eru einhverjar sérstakar knýjandi ástæður til þess, sem geta verið hér og þar, eins og á þessum stöðum, sem ég hef nefnt. Ég geri nú ráð fyrir, að flm. hafi aðallega hugsað um langleiðirnar, þegar hann samdi þessa till., og það náttúrlega er allt annað mál með þær en þessar í raun og veru stuttu leiðir, sem ég talaði um, en það eru líka sérleyfisleiðir, þótt stuttar séu.

Ég held þess vegna, að ef ráðherra vill taka upp og athuga, hvort það geti ekki komið inn í reglugerð ákvæði, sem eitthvað tryggja það, að ekki sé beint gengið fram hjá fyrri sérleyfishöfum að öðru jöfnu, ef menn eru hræddir um, að það verði gert, og treysta ekki nefndinni, þá muni það vera nóg, en eins og ég nú hef bent á, geta atvikin legið þannig, að það sé hagkvæmara fyrir fólkið, sem á að nota bílana, að skipt sé um sérleyfishafa. Það hefur verið margtalað um það t. d. þarna fyrir austan, hvort sérleyfishafi vildi ekki láta bílana vera í sveitunum, svo að þeir geti farið heiman að og í kauptúnið og heim aftur um kvöldið, en um það hefur ekki náðst samkomulag enn og næst ekki fyrr en það koma menn í sveitunum, sem eiga bíla og vilja taka ferðirnar.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég hef ekkert að athuga við þessa skýringu, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) gaf hér. Ég vil aðeins taka það fram, að ég breytti ofur lítið orðalagi í seinni till. einmitt í samráði við hv. þm. til þess að fyrirbyggja, að þetta kæmi til árekstrar við það, sem hann talaði um.

En í sambandi við ummæli hæstv. ráðh. vil ég geta þess, að við 2. umr. lýsti ég því yfir, að ég vantreysti ekki á neinn hátt þessum hæstv. ráðh., að hann misnotaði ákvæði, sem fyrri brtt. mín fjallar um, alls ekki. Mér dettur ekki í hug, að hann fari á neinn hátt að misnota það. Ég aðeins gat þess þá, og því er ekki að leyna, að það geta komið þeir ráðh. í þetta embætti, sem misnota það. Og í trausti þess, að núv. hæstv. ráðh. geri það ekki, og einnig í trausti þess, að hann hafi reglugerð þannig, að það sé vinsamlega á seinni till. minni tekið, leyfi ég mér, herra forseti, að taka tillögurnar aftur.

ATKVGR.

Brtt. 257 og 291 teknar aftur.

— 268 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., 31. jan., var frv. úbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 317).

Á 61. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 3. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Í gildandi lögum um fólksflutninga með bifreiðum er svo ákveðið, að sérstakt leyfi þurfi að hafa til þess að mega annast fólksflutninga gegn borgun í bifreiðum, sem stærri eru en svo, að þær rúmi 6 farþega. Þegar gildandi lög voru sett, voru yfirleitt ekki stærri leigubifreiðar til á bifreiðastöðvum en fyrir 5—6 farþega. Nú er þetta breytt þannig, að á ýmsum bifreiðastöðvum eru nú til bifreiðar, sem rúma 7—8 farþega. Því er nú óheimilt að annast akstur til fólksflutninga á slíkum bifreiðum án sérstaks leyfis. Það verður þó að álíta, að ekki sé rétt að leggjast gegn þessari þróun, sem orðið hefur um samgöngutæki. Þess vegna er lagt til með frv. þessu, að takmarkið, sem í lögunum er miðað við 6 far-

þega bifreiðar, verði 8 farþega bifreiðar. Þannig mundi, ef frv. verður að lögum, heimilt að aka hinum stóru nýju stöðvarbifreiðum eins og 6 manna bifreiðum eftir gildandi lögum án sérleyfis. Þó mundi ekki vera heimilt frekar en nú að halda uppi auglýstum föstum ferðum með þeim án sérleyfis.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv., því að aðrar smávægilegar breytingar, sem það felur í sér, eru skýrðar í grg. á þskj. 130. — Ég óska svo, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 6. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 317, n. 494).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Eiríkur Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Samgmn. hefur athugað frv. Það er komið frá Ed., og hafa orðið á því nokkrar breytingar þar. N. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Ég tel ástæðulaust að fara mörgum orðum um þetta. Það er orðið margathugað, og ég geri ráð fyrir, að ekki verði séð fært að fara út í frekari breytingar á því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 532).

---

27. Ríkisreikningurinn 1953.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1953 [158. mál] (stjfrv., A. 395).

Á 75. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1953 er sniðið eftir ríkisreikningnum fyrir það ár, sem hefur verið lagður fyrir hv. Alþingi samtímis frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að fylgja því úr hlaði með annarri framsögu en að benda á þetta og leyfi mér að óska eftir, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 395, n. 454).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1953, er með venjulegum hætti. Frv. er byggt á tölum ríkisreikningsins, og hefur fjhn. borið saman tölurnar við reikninginn og ekkert fundið við það að athuga, enda vil ég taka það fram, að frágangur á þessum reikningi frá hálfu okkar ríkisbókhalds er að venju í bezta lagi.

Varðandi athugasemdir okkar yfirskoðunarmanna geri ég ráð fyrir, að hv. þdm. hafi litið yfir þær og kynnt sér, hvað þar er um að ræða. En fyrir hönd fjhn. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þær á þessu stigi, því að n. flytur enga till. í tilefni af þeim. Það er af okkar hálfu yfirskoðunarmanna ekki nema í einni aths., að í úrskurðartillögu er vísað til aðgerða Alþ., og það er varðandi miklar umframgreiðslur hjá Skipaútgerð ríkisins. Það mál er nú hér fyrir þinginu í till. fyrir Sþ., og skal ég á þessu stigi ekkert um það fjölyrða fyrir hönd fjhn. Eins og að undanförnu er það svo, að aths. yfirskoðunarmanna ganga aðallega út á tvennt, í fyrsta lagi að finna að því, að í ýmsum efnum sé of mikið greitt umfram ákvæði fjárlaga, og í öðru lagi, að það sé nokkuð mikið útistandandi af skuldum í árslok hjá ýmsum fyrirtækjum ríkisins. Þegar við leggjum það til, yfirskoðunarmenn, sem úrskurð á þessum ýmsu tillögum eða athugasemdum, sem við gerum, að þær séu ýmist til athugunar framvegis eða til eftirbreytni, þá eigum við við það, að forðazt sé, eftir því sem frekast eru föng á, að þau atriði endurtaki sig, sem yfirskoðunarmenn hafa fundið að. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða neitt um þennan reikning, nema frekara tilefni gefist til, en mæli með því fyrir hönd fjhn., að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ríkisreikningurinn fyrir 1953 liggur hér fyrir til afgreiðslu og athugasemdir hinna þingkjörnu yfirskoðunarmanna eru prentaðar með reikningnum eins og venjulega. Einstakar aths. þeirra virðast nokkuð handahófskenndar, og hefur slíkt raunar komið fyrir áður. Vil ég einkum nefna fyrstu aths. Hún er um óinnheimtar ríkissjóðstekjur í árslok 1953. Þeir segja, að á nokkrum stöðum séu eftirstöðvar allmiklar, og síðan nefna þeir átta lögsagnarumdæmi og þær fjárhæðir í heild, sem

þar eru óinnheimtar. Meðal þessara umdæma, sem þeir nefna, eru Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður, Eyjafjarðarsýsla og Akureyri og Vestmannaeyjar, en um öll þessi fjögur lögsagnarumdæmi er það að segja, að óinnheimtar eftirstöðvar þar eru lægri tiltölulega en í mörgum öðrum umdæmum, sem yfirskoðunarmenn nefna ekki á nafn í aths. sínum.

Þetta er harla einkennilegt. Enginn, sem les athugasemd yfirskoðunarmannanna um þetta, getur skilið hana öðruvísi en svo, að með upptalningunni, sem þar er, sé verið að benda á þau lögsagnarumdæmi, þar sem ástandið sé lakast að því er snertir innheimtu á ríkistekjum. En athugun á reikningnum sýnir, að svo er ekki um fjögur af þeim átta umdæmum, sem nefnd eru. Ég tel það ómaklegt að gefa í skyn á þennan hátt, að sýslumaðurinn í Borgarnesi og bæjarfógetarnir á Ísafirði, Akureyri og í Vestmannaeyjum hafi staðið sérstaklega laklega í stöðu sinni sem innheimtumenn ríkissjóðs árið 1953, þegar ríkisreikningurinn sýnir, að margir stéttarbræður þeirra, sem alls ekki eru nefndir í athugasemdinni, hafa sýnt verri útkomu að þessu leyti á því ári.

Ég taldi rétt og skylt að láta þetta koma hér fram, úr því að ég veitti því athygli við athugun á ríkisreikningnum og athugasemdunum við hann. Mér virðist þetta benda til þess, að yfirskoðunarmenn hafi ekki vandað verk sitt svo sem skyldi, og mætti þessi aths. við þeirra athugasemdir verða þeim til viðvörunar framvegis, eins og það heitir á þeirra máli.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls á síðasta fundi hv. deildar reis hér upp hv. þm. V-Húnv. (SkG) og flutti fram ásakanir í garð okkar yfirskoðunarmanna um, að við hefðum sýnt einhverja hlutdrægni, að því er virtist, varðandi eina athugasemd við þennan reikning. Þessu var að sjálfsögðu beint til mín og hæstv. forseta sameinaðs þings, sem erum yfirskoðunarmenn, en það mun hafa vakað fyrir okkur báðum jafnt að svara ekki strax til þess að athuga þetta mál nokkru nánar, því að umr. um reikninginn er að sjálfsögðu ekki lokið fyrr en 3. umr. hefur farið fram.

Nú er það svo, að það mál, sem hér er um að ræða, óinnheimtar tekjur ríkisins, er þó nokkuð alvarlegt mál og miklu víðtækara en það, sem athugasemd hv. þm. V-Húnv. gaf tilefni til.

Ég skal nú leyfa mér mönnum til glöggvunar að lesa upp athugasemdina og svar ráðherrans. Athugasemdin er á þessa leið:

„Eftirstöðvar hjá innheimtumönnum voru í árslok kr. 20560854.17. Er það nokkru lægra en í árslok 1952. Þá voru eftirstöðvar kr. 22424842.18. En á árinu hefur verið fellt úr eftirstöðvum kr. 1812049.59. Á nokkrum stöðum eru eftirstöðvar allmiklar.“ Svo teljum við upp nokkur lögsagnarumdæmi, þar sem eftirstöðvar eru töluvert miklar, og segjum svo: „Hefur verið gerð sérstök gangskör að því að innheimta þetta fé?“ Það datt okkur náttúrlega ekki í hug, að sú upptalning, sem við höfum hér, sé tæmandi að neinu leyti, en bendum á sem dæmi lögsagnarumdæmi, sem eftirstöðvar eru sérstaklega miklar í.

Svar ráðherrans við þessari athugasemd er á þessa leið:

„Eftirstöðvar eru óeðlilega háar í Neskaupstað, Keflavík, Akranesi og Hafnarfirði, og hefur alvarlega verið brýnt fyrir innheimtumönnum að herða á innheimtunni. Þótt eftirstöðvar séu háar í hinum umdæmunum, sem nefnd eru í athugasemdinni, eru þær miklu lægri í hlutfalli við tilfallnar tekjur. Einnig við innheimtumennina úr þessum umdæmum hefur ráðuneytið rætt sérstaklega um eftirstöðvar þessar og lagt fyrir þá að herða á innheimtunni.“

Þetta létum við yfirskoðunarmenn í bili okkur nægja, þannig að við vísuðum ekki athugasemdinni til aðgerða Alþingis. En ég verð að segja það, að hér er um talsvert alvarlegt mál að ræða, sem er ekki nýtt, því að það er áframhaldandi frá fyrri árum líka. Árið 1953 var eitthvert bezta ár, sem hér hefur komið, tekjur almennt miklar og afkoma almennings góð, og ég held, að því trúi enginn, að það hafi verið alveg nauðsynlegt, að það væru útistandandi af tekjum ríkisins hjá innheimtumönnum yfir 20 millj. í lok þessa árs, einkum þegar þess er gætt, að reikningum ríkisins er venjulega ekki lokað fyrr en talsvert er komið fram á næsta ár, oftast undanfarin ár ekki fyrr en í apríl eða maí. Þess vegna er talsvert færi á því fyrir innheimtumenn að laga innheimtuna á því tímabili, sem liðið er, á næsta ári.

Það atriði, sem ég var sérstaklega að hugsa um í gær, var, hvernig stæði á, að við hefðum ekki tekið með tollstjórann í Reykjavík, þar sem eru hæstar eftirstöðvar að sjálfsögðu, þær eru þar í árslokin 9½ milljón. En þegar ég fór að athuga þetta, sá ég, að við höfðum ekki tekið það sérstaklega með vegna þess, að á árinu höfðu lækkað eftirstöðvar á þessum stað um hátt á þriðju milljón frá því árið áður, og auk þess eru þær hlutfallslega töluvert lægri en í þeim umdæmum, sem við tilnefndum.

Nú er það svo um þessar skýrslur, sem hv. þm. geta kynnt sér í ríkisreikningnum, sem þeir hafa allir að sjálfsögðu fyrir augunum, að það er auðsætt, að það er hægt að hafa innheimtuna í betra lagi en er í mörgum umdæmunum, því að það er sums staðar, sem eru sáralitlar eftirstöðvar og gengið þar betur að innheimtunni en gerist annars staðar. Nú færði hv. þm. V-Húnv. engin rök fyrir sinni athugasemd hér í gær, aðeins sló því fram, að það sýndi sig, að það væri einhver hlutdrægni frá hálfu okkar yfirskoðunarmanna varðandi þetta mál. Fyrir því færði hann engin rök, og skal ég þess vegna ekki fara nánar út í það. En mér skildist á honum, að þegar miðað væri við prósentuútreikning á eftirstöðvunum, væru þær sums staðar hlutfallslega hærri en í þeim fjórum umdæmum, sem hann vildi telja að við

hefðum ekki haft ástæðu til að nefna í þessu sambandi. Nú er það svo, að það koma fleiri atriði þarna til greina, og skal ég ekki mikið fara út í það. En ég held, að mér sé óhætt að segja, að fyrir engum okkar yfirskoðunarmanna hefur vakað að sýna nokkrum manni, hvorki innheimtumanni né öðrum, neina hlutdrægni á þessu sviði og sízt að okkur dytti heldur í hug, að sú upptalning, sem við nefnum hér, sé tæmandi um það, sem í rauninni er athugavert. Aðalatriði athugasemdarinnar er það, að okkur þykir ár eftir ár og höfum fundið að því á hverju ári mjög lengi, að að innheimtunni væri ekki gengið svo rækilega sem æskilegt væri. Og það má geta nærri, hvernig fer, þegar þrengir að, þegar ekki tekst betur á ári eins og árinu 1953 að hafa hreinni uppgerð í þessu efni en þessi reikningur sýnir.

Skúli Guðmundsson: Hv. þm. A-Húnv. segir, að ég hafi við 2. umr. málsins haldið því fram, að í fyrstu athugasemd þeirra yfirskoðunarmanna við þann ríkisreikning, sem hér liggur fyrir, hefðu þeir sýnt hlutdrægni. Ég mun nú ekki hafa haft þetta orð yfir það, en ég býst við, að þetta sé meir fyrir óvandvirkni hjá þeim eða hroðvirkni. Ég get vel fallizt á, að það muni frekar vera þannig.

Hv. þm. segir, að þeir hafi viljað benda þarna á nokkur umdæmi, þar sem eftirstöðvar væru sérstaklega miklar. En ég sýndi fram á það við 2. umr. málsins, að að því er varðar fjögur af þessum umdæmum er það þannig, að þar hefur verið innheimt meira tiltölulega af því fé, sem sýslumaður og bæjarfógetar á þeim stöðum áttu að innheimta, heldur en hjá allmörgum öðrum embættismönnum, sem þó eru ekki nefndir í athugasemdinni, og það var þetta, sem ég var að vekja athygli á og finna að, vegna þess að ef menn lesa á annað borð þessar athugasemdir yfirskoðunarmannanna, hljóta þeir við athugun á fyrstu athugasemdinni að skilja þetta svo, að í þessum 8 umdæmum, sem nefnd eru, sé ástandið lakast að þessu leyti. En svo er ekki, eins og ég sýndi fram á áður. Hv. þm. segir, að ég hafi ekki fært nein rök fyrir þessu. Ég held því fram enn, sem ég benti á við 2. umr., að það séu allmörg lögsagnarumdæmi önnur en þessi fjögur, sem ég nafngreindi og þarna eru talin, þar sem eftirstöðvarnar eru tiltölulega meiri. Þetta er þannig, og þetta getur hv. þm. sannfært sig um, ef hann fer yfir þá skýrslu, sem birt er í ríkisreikningnum. Ég sé ekki ástæðu til, nema frekara tilefni gefist, að fara að nefna þessi umdæmi, en þetta er svona, og það geta allir þm. sannfært sig um með athugun á ríkisreikningnum. Þar er að finna næg rök fyrir þessari athugasemd, sem ég bar fram.

Hv. þm. segir, að þeir hafi ekki nefnt þarna Reykjavík, þó að upphæðin væri þar hæst, sem væri óinnheimt, og hann benti á það, að eftirstöðvarnar væru þar hlutfallslega lægri en víða annars staðar. Þetta er alveg rétt. En ef sú regla á að gilda um Reykjavík að miða við það, hvað mikið er innheimt hlutfallslega af því, sem þar á að innheimta, þá á hún auðvitað að gilda jafnt um önnur lögsagnarumdæmi, og það er, álít ég, sú eina regla, sem hægt er að miða við í þessu efni, vegna þess, hvað það eru ákaflega mismunandi miklar fjárhæðir, sem þessir innheimtumenn eiga að krefja um og standa skil á.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar út af þessari athugasemd hv. þm. A-Húnv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það fór nú á sömu leið og í fyrra skiptið hjá hv. þm. V-Húnv., að hann færði ekki nein rök fyrir sinni athugasemd á þá leið, að það væri um tiltölulega miklu meiri eftirstöðvar að ræða í öðrum lögsagnarumdæmum en þeim, sem hér eru nefnd. Hins vegar hef ég rekið mig á það eða athugað það, að það eru tvö umdæmi sérstaklega, sem við nefnum ekki þarna, sem hafa hlutfallslega hærri eftirstöðvar en sum hinna. Þessi umdæmi eru Siglufjarðarkaupstaður og Strandasýsla. En þannig stendur á í báðum þessum umdæmum, að þar hefur verið á undanförnum árum að vissu leyti hálfgert neyðarástand og ekki sambærilegt við beztu héruð landsins. Þar að auki er það svo, að í báðum þessum umdæmum höfðu eftirstöðvarnar lækkað til stórra muna frá árinu áður, og það er atriði, sem við yfirskoðunarmenn tökum mjög mikið tillit til, hvort eftirstöðvarnar hafa lækkað eða hækkað frá næsta ári áður. Það er t. d. að segja um Strandasýslu, að þar voru eftirstöðvar 248 þús. árið 1952, en fara ofan í 116 þús. árið 1953. Þær eru að vísu hlutfallslega hærri en t. d. í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en þar höfðu eftirstöðvarnar hækkað úr 159 þús. í 296 þús., og ég verð að segja það, að ég held, að það trúi því enginn maður, sem um það hugsar, að í slíku héraði sem Mýra- og Borgarfjarðarsýslu þurfi að vera eftirstöðvar eftir árið 1953 upp undir 300 þús. kr. af tekjum ríkisins, en mér skildist á hv. þm. V-Húnv. í gær, að það væri sérstaklega sú sýsla, sem hann gerði sína aths. út af. Varðandi Siglufjarðarkaupstað fóru eftirstöðvar þar úr 760 þús. árið 1952 ofan í 561 þús., og það er sannleikur, að á þeim stað hefur verið slíkt ástand, að það er meiri vorkunn þar en víðast annars staðar á landinu, þó að illa gangi innheimta.

Nú er það svo, að aðalatriðið í okkar aðfinnslu er eftirstöðvarnar í heild sinni, að okkur þykir þær óeðlilega miklar, og við fáum loforð frá ráðherra um, að nú skuli gengið fastar að þessu. Það loforð hefur sjálfsagt verið efnt með því að senda bréf til innheimtumannanna eða tala við þá um að herða betur á innheimtunni, en mér er ekki kunnugt um, að sú aðferð hafi verið höfð í því efni, eins og oft var hér áður, að senda menn til að athuga hjá þeim mönnum, sem innheimtan er óeðlilega slöpp hjá. Nú höfum við fengið hér í hendur prentaðan ríkisreikninginn 1954, þó að við yfirskoðunarmenn séum ekki búnir að ljúka við yfirskoðun hans, og þar kemur í ljós, að eftirstöðvar hafa aukizt um meira en sjö milljónir frá árinu 1953, og þar að auki hefur verið fellt úr eftirstöðvum á því 1812000 kr. Útistandandi óinnheimtar tekjur hafa því aukizt á því ári um hátt á níundu milljón. Ég held þess vegna, að það sé síður en svo nokkur ástæða fyrir einn eða neinn að vera með athugasemdir út af því, þó að við, sem til þess erum settir af hálfu Alþingis að athuga fjárreiður ríkisins,

finnum að því, að óinnheimtar eftirstöðvar af ríkistekjum séu meiri en við teljum að góðu hófi gegni.

Skúli Guðmundsson: Hv. þm. A-Húnv., sem er endurskoðandi ríkisreikninganna, hefur farið að glugga í plöggin upp á nýtt og þó komizt það áleiðis, að hann hefur fundið tvö lögsagnarumdæmi, þar sem tiltölulega er meira óinnheimt en í þeim fjórum, sem ég nefndi og þeir gera aths. um. En ég skal segja honum, að hann má leita betur, því að þau eru miklu fleiri, þessi umdæmi, þar sem eftirstöðvarnar eru hlutfallslega meiri.

Ekki var það rétt hjá hv. þm., að ég hafi sérstaklega verið að tala um Mýrasýslu í gær. Ég nefndi fjögur lögsagnarumdæmi samtímis, sem yfirskoðunarmenn gera aths. um að því er þetta snertir. Það voru Mýrasýsla, Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður, Eyjafjarðarsýsla og Akureyri og Vestmannaeyjar. Og það stendur óhrakið, að það eru allmörg umdæmi, þar sem tiltölulega meira er óinnheimt en á þessum stöðum.

Það er síður en svo, að ég sé að finna að því, þó að yfirskoðunarmenn bendi á, að það sé óinnheimt töluvert af ríkistekjum víða um land, og leggi á það mikla áherzlu, að þessu sé kippt í lag. Ég er þeim alveg sammála um það. En ég finn að því, þegar þannig er frá aths. gengið, að það er tilviljun ein, sem ræður, hverju þeir sletta á blað, eða virðist vera aðeins tilviljun, en þeir gera sér ekki far um það, úr því að þeir nefna einstök lögsagnarumdæmi, að nefna þá þau umdæmin, þar sem lakast er ástatt að þessu leyti. En allur almenningur hlýtur að skilja aths. þannig, ef menn kynna sér þetta, að þar sé verið að benda á þá, sem hafi staðið sig lakast við innheimtu á ríkistekjum. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða meira um þetta.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég vil byrja á að mótmæla því, að ég hafi ekki nema athugasemdatíma. **(Forseti:** Hv. þm. hefur þegar talað tvisvar. Ég bendi hv. þm. á það.) Hæstv. forseti veit, að ég hef í þessu máli framsögumannsrétt. **(Forseti:** Ekki við þessa umr.) Jú, báðar umræðurnar. **(Forseti:** Ég vil taka það skýrt fram, að hv. þm. hefur aðeins athugasemdarrétt.) Nú, en annars skal ég ekki fara langt út í þetta meira, því að það hafa ekki komið fram neinar upplýsingar um það frá hv. þm. V-Húnv., að við höfum í þessu efni sýnt nokkra hlutdrægni. Það mátti kannske skilja það svo, að það væri helzt hlutdrægni að nefna ekki Reykjavík í þessu sambandi, af því að þar er hæsta upphæðin, en annars höfum við nefnt þau héruð, þar sem hæstar óinnheimtar tekjur eru, og hv. þm. hefur ekki nefnt nein dæmi um, að það væri verra ástand annars staðar. Hitt er það, að hann getur ósköp vel nefnt, ef farið er út í allra nákvæmasta prósentureikning, þau tvö lögsagnarumdæmi, sem ég nefndi, og ég færði rök að því, af hvaða orsökum það er, að við teljum þau ekki með. Ef hann hefur eitthvað fleira í pokahorninu, sem hann vill tilnefna í þessu sambandi, þá er að svara því.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., 12. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 395, n. 515).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fyrir lítilli stundu voru fjáraukalög fyrir árið 1953 afgr. sem lög í Sþ. Með því hefur Alþ. raunverulega kvittað fyrir ríkisreikninginn fyrir þetta ár og samþ. þær umframgreiðslur, sem orðið hafa fram yfir fjárlög. Ég hef ákaflega lítið að segja um þetta mál, sem hér liggur fyrir.

Fjhn. hefur athugað ríkisreikninginn og borið frv. tölulega saman við hann, og eru tölurnar rétt upp teknar í þetta frv. Enn hefur fjhn. athugað athugasemdir yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna, svör ráðh. við þeim og úrskurði yfirskoðunarmanna um athugasemdirnar.

Það verður ekki sagt, að athugasemdir yfirskoðunarmanna séu margar, þegar tekið er tillit til þess, hversu ríkisreikningurinn er orðinn mikið bákn. Athugasemdirnar eru 23, því að 24. liður er aðeins um það, að leitað skuli samþykkis Alþ. fyrir umframgreiðslum í fjáraukalögunum.

Úrskurðir yfirskoðunarmanna eru með ýmsu móti. Stundum segja þeir út af athugasemdunum, að við svo búið verði að standa eða það sé til athugunar framvegis og til eftirbreytni framvegis. Flestar aths. eru afgreiddar á þann hátt. Einni aths. sinni vísa yfirskoðunarmenn til aðgerða Alþingis, og er það út af umframgreiðslum hjá Skipaútgerð ríkisins. Ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi verið beinlínis út af þessari till. yfirskoðunarmanna, að Alþ. hefur nú hafið aðgerðir út af þessu máli, þar sem það hefur samþykkt að kjósa nefnd til þess að athuga um samgöngur innanlands, þar með strandferðirnar. Má því segja, að þessu sé fullnægt, að Alþ. hafi tekið þetta til greina að vissu leyti. Annars hefur það oft verið svo, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa vísað ýmsum af aths. sínum til aðgerða Alþ., og þá er venjan sú, að þeir gera engar till. um það, hvað Alþ. eigi að gera út af þeim málum. Þó að svo standi á, að tveir af yfirskoðunarmönnunum séu alþm., sem báðir eiga sæti í hv. Nd., — svo hefur verið um mörg undanfarin ár, — hefur aldrei komið nein till. frá þeim um það, hvað Alþ. skuli gera, þó að þeir hafi vísað aths. til aðgerða Alþingis.

Fjhn. þessarar hv. d. hefur ár eftir ár látið í ljós, að hún teldi þetta ekki rétta starfsaðferð, og óskað eftir því, að þegar athugasemdum er vísað til aðgerða Alþ., liggi fyrir ákveðnar tillögur frá yfirskoðunarmönnum. Vil ég endurtaka það hér, að þetta væri æskilegt.

Enn fremur er það um athugasemdir, sem þeir

úrskurða með því að segja, að þetta sé til eftirbreytni framvegis, til athugunar framvegis eða jafnvel til viðvörunar framvegis, að þá liggur lítil grg. fyrir frá þeim um það, hvort slíkir úrskurðir liðinna ára frá þeirra hendi hafa verið teknir til greina. Þyrfti að sjálfsögðu að fást bót ráðin á þessu, því að það fer að verða mjög vafasamt gagn að vinnu yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna, ef látið er við það sitja, að þeir benda á, að eitt eða annað sé til viðvörunar eða til eftirbreytni, en líti svo ekki eftir því, að ábendingar þeirra séu teknar til greina.

Eins og ég gat um í upphafi, hafa nú verið samþykkt fjáraukalög fyrir þetta ár, og þar með hefur Alþ. lagt sinn úrskurð á ríkisreikninginn að vissu leyti. Og með því, eins og ég einnig gat um í upphafi, að þessu frv. ber tölulega saman við ríkisreikninginn, þá leggur fjhn. einróma til, að frv. sé samþ. óbreytt, en þó með þeim fyrirvara, sem ég hef getið um.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 539).

---

28. Atvinnuleysistryggingar.

Á 78. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um atvinnuleysistryggingar [165. mál] (stjfrv., A. 409).

Á 79. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 409, sem er frv. til laga um atvinnuleysistryggingar, er lagt hér fram af hálfu ríkisstj., og vil ég leyfa mér að fara um það og þetta mál nokkrum orðum.

Þetta frv., sem hér er flutt nú í hv. Nd., er flutt samkvæmt fyrirheiti því, sem ríkisstj. gaf um setningu slíkrar löggjafar í sambandi við lausn verkfallsins um mánaðamótin apríl—maí s. l. Ég vil strax geta þess, sem í raun og veru allir hv. þdm. hafa að sjálfsögðu athugað, að það samkomulag, sem þá var gert milli deiluaðila og ríkisstj., er birt hér sem sérstakt fskj., fskj. I, og þarf ég því ekki að lesa það upp, en fskj. I, þeir níu punktar, sem þar eru taldir, er raunverulega grundvöllurinn að þessu frv.

Ég skal strax taka það fram, að skömmu eftir lok verkfallsins skipaði ríkisstj. fimm manna nefnd til þess að semja nauðsynleg lagafrv., þannig að hægt væri að efna þau heit, sem gefin voru í sambandi við lausn vinnudeilunnar, og samkvæmt fyrsta atriði samkomulagsins skyldu lög þessi sett í samráði við verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda. Samkvæmt tilnefningu þessara aðila voru því skipaðir í þá nefnd, sem samið hefur þau frv., sem hér er um að ræða og raunverulega eru tvö, þeir Eðvarð Sigurðsson af hálfu Alþýðusambands Íslands og Björgvin Sigurðsson af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands.

Þegar þessi n. var skipuð, var starfandi önnur nefnd að samningu nýrra laga um almannatryggingar eða endurskoðun á þeirri löggjöf og ýmsum breytingum, og þar sem atvinnuleysistryggingarnar eru ein grein almannatrygginga, hefði kannske í raun og veru verið eðlilegast, að ákvæðin um atvinnuleysistryggingar hefðu verið samin sem einn kafli í almannatryggingalögunum og felld inn í þá löggjöf, sem var til endurskoðunar alveg á sama tíma. Og m. a. af því, hve þessi mál eru náskyld, varð að ráði að skipa aðra nm. en þá, sem vinnuveitendur og samtök verkamanna skipuðu, úr þeirri nefnd, sem starfaði þá að endurskoðun almannatryggingalaganna, og voru þá skipaðir í n. þeir Gunnar J. Möller hæstaréttarlögmaður, Haraldur Guðmundsson forstjóri og alþm. og Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, og var hann um leið skipaður form. n., en þessir þrír menn áttu sæti í þeirri nefnd, sem fjallaði um almannatryggingarnar.

Það kom fljótt í ljós, eftir að n. fór að starfa, að það horfði fremur óvænlega um það, að samkomulag gæti náðst um að taka þetta upp sem einn kafla í hinni almennu almannatryggingalöggjöf, og þar sem það virtist vera ýmsum erfiðleikum háð, var að því horfið að gera það ekki, heldur skipa þessum málum með sérstöku frv. og sérstökum lögum.

Það var ætlun ríkisstj. að leggja þetta frv. fyrir hið háa Alþ. snemma á þingtímanum, miklu fyrr en nú hefur orðið, og tel ég rétt að skýra lauslega frá því, hvaða ástæður liggja til þess, að það hefur ekki tekizt fyrr en nú að leggja frv. hér fram. Meginástæðan er sú, að þegar farið var að ræða um setningu þessarar löggjafar og þá um leið að sjálfsögðu, hvaða meginatriði skyldu vera í því frv., er lagt yrði fyrir Alþ., kom í ljós, að ýmis ákvæði í þeim punktum, sem eru grundvöllur að frv. og samið var um varðandi lausn vinnudeilunnar, voru mjög umdeild af þeim, sem hér áttu hlut að máli. Í n. varð því fljótt ágreiningur um þessi atriði og þá einkum milli fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, sem áttu sæti í n. Tafði þetta að sjálfsögðu mjög störf n., og má segja, að þeim ágreiningi sé ekki lokið, því að fullt samkomulag hefur alls ekki náðst um þetta mál, þó að frv. að sjálfsögðu verði nú að koma fram og megi alls ekki dragast lengur, að það komi hér til meðferðar í Alþingi.

N., sem fjallaði um þetta mál, hefur haldið eitthvað rúmlega 20 bókaða fundi, en auk þess hafa verið haldnir fjöldamargir fundir, sem ekki eru bókaðir, en sérstaklega form. n. og einstakir nm. hafa setið varðandi ýmis sérstök atriði, og mun óhætt að fullyrða það, að n. hefur orðið að

leggja geysimikið starf í þetta frv., og gildir það fyrir alla nm., þó að hins vegar sé víst, að form. n. hefur orðið þar að leggja mest erfiði á sig, eins og málið hefur legið fyrir.

Tillögur um samkomulag innan n., sem ríkisstj. lagði mikla áherzlu á að reynt yrði að ná, ef unnt væri, hafa að sjálfsögðu verið ræddar fram og aftur, eins og gengur, en árangurinn hefur verið sá, eins og ég drap á áðan og mun koma að síðar, að samkomulag hefur ekki náðst í n. um öll atriði. Mun ég skýra nánar frá því, áður en ég lýk þessu máli mínu hér, og það eru í raun og veru fjórir nm., sem skilað hafa ágreiningsatriðum varðandi frv., eins og ég kem að síðar, þ. e. a. s. þeir Björgvin Sigurðsson fyrir Vinnuveitendasambandið, Eðvarð Sigurðsson fyrir Alþýðusamband Íslands og svo þeir Haraldur Guðmundsson og Gunnar Möller, sem einnig hafa gert ágreiningsatriði, sem skýrt verður frá.

Ég vil geta þess nú strax, að um eitt helzta ágreiningsefnið í n., sem var um greiðslu bótanna, hvar og hvernig þær skyldu greiddar út, þá bauð ríkisstj., þar sem þarna virtist vera um atriði að ræða, sem engin leið var að fá samkomulag um innan deiluaðilanna, Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins, að leggja málið í gerð, en þessu var hafnað af báðum aðilum. Ég vil jafnframt geta þess, að ríkisstj. var mjög fús til þess að taka fleiri ágreiningsatriði sömu tökum, ef unnt hefði verið að fá deiluaðila til þess að hlíta því, og ríkisstj. var fyrir sitt leyti algerlega reiðubúin til þess að hlíta úrskurði slíks gerðardóms um þau atriði, sem lögð yrðu fyrir.

Ríkisstj. hefur frá upphafi viljað í öllum atriðum efna það heit, sem hún gaf, þegar samkomulagið varð. En henni hefur verið mikill vandi á höndum varðandi þau atriði, eins og allir hv. þdm. munu sjá og skilja. Ríkisstj. vildi í lengstu lög freista þess að fá samkomulag í þessu efni, ef þess væri nokkur kostur, en ef það ekki fengist, þá að deiluaðilar kæmu sér saman um gerð, sem óhlutdrægt skæri úr því, hvernig bæri að skilja hin einstöku atriði í þeim samningi, sem gerður var þegar vinnudeilan var leyst. En þar sem þetta hefur ekki tekizt, hefur ríkisstj. nauðug eða viljug orðið að leggja úrskurð á vissa hluti í sambandi við þetta, þar sem ekki náðist samkomulag og ekki fékkst heldur samkomulag um, að þessir punktar yrðu lagðir fyrir sérstakan gerðardóm, sem ríkisstj. þá ætlaði að beygja sig fyrir. En sum af þessum atriðum, sem valdið hafa ágreiningi, eru þannig vaxin, að hver úrskurður, sem á það yrði lagður, mundi vera talinn brigð á því, sem heitið var, af öðrum hvorum aðila.

Svo má nú segja, að önnur ástæða fyrir því, hve seint frv. kemur fram, sé sú, að það hafa verið miklar annir hjá ríkisstj. varðandi önnur mál, sem hefur orðið að leysa, og hefur það að sjálfsögðu að nokkru leyti tafið framkomu þessa frv.

Ég er í raun og veru ekki með neinar afsakanir gagnvart þessu hér. Í samkomulaginu var sagt, að frv. skyldi afgreitt á næsta þingi, og ríkisstj. telur það skyldu sína að vinna að því, að frv. verði afgreitt á því þingi, sem nú situr.

Ég skal nú með örfáum orðum snúa mér að frv. sjálfu, en ég skal strax taka það fram, að ég mun alls ekki fara hér að minnast á einstakar greinar frv., tel það líka að öllu leyti ástæðulaust. Í því efni nægir að vísa til frv. sjálfs og þeirra aths., sem fylgja varðandi hverja grein og eru að mínum dómi mjög glöggar og nægilegar í þessu efni. En ég vil fara nokkrum almennum orðum um þetta mál þrátt fyrir það.

Skal ég þá fyrst taka það fram, að ákvæðin um atvinnuleysistryggingar voru fyrst lögtekin hér á landi með lögum um alþýðutryggingar frá árinu 1936, en í V. kafla þeirra laga var gert ráð fyrir, að verkalýðsfélögin mynduðu atvinnuleysistryggingasjóði með iðgjaldagreiðslum sjóðfélaga sinna. Skyldi ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður greiða hvor um sig framlög til sjóðanna, er árlega næmu frá hvorum aðila 50% greiddra iðgjalda sjóðfélaganna sjálfra. Þessi ákvæði hafa reynzt dauður bókstafur, þó að 20 ár séu síðan þetta var lögfest í heimildarformi, og hafa aldrei komið til framkvæmda á neinn hátt.

Í öðru lagi vil ég þó geta þess, að með lögum nr. 42 frá 1943 var svo ákveðið, að verja skyldi 3 millj. kr. af verðlækkunarskatti til þess að efla alþýðutryggingarnar, en þegar núverandi lög um almannatryggingar voru sett, var fé þessu óbeint ráðstafað til væntanlegra atvinnuleysistrygginga, og leyfi ég mér þar að vísa í 100. gr. þeirra laga um þetta efni. Þessi sjóður nam nú um síðustu árslok um það bil 4 millj. 360 þús. kr., og það má því segja, að þessi upphæð sé stofnfé atvinnuleysistryggingasjóðsins, sbr. 1. gr. frv. eins og það liggur nú hér fyrir, og vil ég einnig vitna í 7. atriði samkomulagsins í fskj. því, sem ég hef nefnt hér áður. Það frv., sem hér liggur fyrir, er í ýmsum atriðum mjög frábrugðið þeim l., sem í öðrum löndum gilda um þessar tryggingar, þar sem þær hafa verið teknar upp, og það er ýmislegt, sem veldur því, og m. a. ýmis ákvæði, sem sett voru í margáðurnefndum samningi, sem gerður var þegar vinnudeilan var leyst. Ég vil aðeins nefna hér tvö atriði, þó að af fleiru væri að taka. Í fyrsta lagi vil ég nefna það, að það náðist ekki samkomulag um, að verkamenn sjálfir greiddu einhvern hluta af iðgjöldum til atvinnuleysistryggingasjóðanna, en sá háttur mun víðast hvar, a. m. k. hér í öllum nágrannalöndum okkar, vera á hafður og þá framlög annarra aðila, ríkissjóðs og sveitarsjóða, miðuð við það á einn eður annan hátt; hlutföllin náttúrlega geta verið mjög breytileg í þessu efni og munu vera það. Í margnefndu samkomulagi bundu atvinnurekendur sig við það að greiða iðgjöld til sjóðsins í vissum hlutföllum. Framlög sveitarsjóðs og ríkissjóðs eru svo miðuð við iðgjöld atvinnurekendanna, framlög sveitarsjóðanna jafnhá iðgjöldum atvinnurekendanna og framlag ríkissjóðs tvöfalt við það. — Ég vil svo í öðru lagi nefna annað, og það er það ákvæði, sem einnig er bundið í margnefndu samkomulagi, að það, sem innheimt er á félagssvæði og í starfsgrein hvers einstaks félags eða félagssambands, skuli lagt inn á sérreikning þess félags eða sambands í sjóðnum. Vitna ég þar í 1. gr. frv. sérstaklega og svo í fjórða atriði samkomulagsins. Þetta hefur a. m.

k. að ýmsu leyti veikar hliðar í för með sér. Vil ég aðeins í þessu sambandi á það benda, án þess að ástæða sé til að fara að rökræða það sérstaklega, því að það er enginn ágreiningur um, að samkvæmt því samkomulagi, sem gert var, skuli þessu skipað á þennan hátt, að á þeim stöðum, þar sem mikil atvinna er, verða að sjálfsögðu iðgjöld atvinnurekenda mikil, og sama gildir þá að sjálfsögðu um framlög ríkis og sveitarsjóða. Sjóðir þessara staða verða því væntanlega og vonandi brátt allmiklir, og ef við reiknum með venjulegu atvinnuástandi, geta þeir á tiltölulega fáum árum orðið í sjálfu sér geysimiklir sjóðir. En einmitt á þessum stöðum mun yfirleitt þurfa lítils fjár til þess að greiða atvinnuleysisbætur, vegna þess að þar er yfirleitt næg atvinna.

En öfugt við þetta er því farið á þeim stöðum, þar sem atvinnan er mjög stopul. Þar verða iðgjöld atvinnurekenda að sjálfsögðu tiltölulega lág og framlög sveita og ríkis slíkt hið sama, en á þessum stöðum verður einmitt þörfin fyrir atvinnuleysisbætur mikil vegna meira atvinnuleysis þar en í hinum öðrum landshlutum, og möguleikarnir þá um leið litlir til þess að mæta þeirri miklu þörf, sem þar kann að vera. Það má því í raun og veru segja, að þörfin fyrir bótagreiðslur sé að nokkru leyti í öfugu hlutfalli við fjármagn það, sem fyrir hendi er til greiðslu bótanna. Það er nú vitanlega mjög vafasamt, svo að ég hafi ekki stærra orð, að þetta sé rétt, og þess vegna vildi ég drepa einmitt á þetta atriði hér nú. En eins og ég sagði áður, þá er ég ekki með þetta af því, að ríkisstj. hafi dottið í hug að breyta þeim ákvæðum, sem um þetta gilda í margnefndu samkomulagi.

Það má að vísu taka það fram, að í 19. gr. frv., eins og það liggur nú fyrir, er heimild til þess að lána milli sérreikninga, ef ríkisábyrgð er fyrir hendi, og má segja, að það létti nokkuð fyrir í þessu efni, en leysir þó ekki sjálft vandamálið í sjálfu sér. Og ég vil segja, að í þessu sambandi er það að mínum dómi mikilsvert atriði, sem segir í aths. við 3. gr., en þar segir, að n. hafi verið sammála um það varðandi þau útlán, sem fært yrði að veita úr sjóðnum, að forgangsrétt eigi lán, sem ætluð eru til varanlegrar atvinnuaukningar á þeim stöðum, þar sem sérstaklega mikil þörf er fyrir slíkar framkvæmdir, og vil ég ekki lítið úr því gera, að það megi nota sjóði, sem væntanlega safnast, einmitt til þess að jafna atvinnuskilyrðin á þennan hátt.

Ég hef hér drepið aðeins á tvö atriði í þessu frv., sem ég hygg að séu býsna sérstæð og afbrigðileg frá því, sem er yfirleitt í löggjöf annarra nágrannaríkja okkar, sem eru þó með svipaða löggjöf á flestum sviðum um þetta. Það mætti nefna ýmislegt fleira, en ég sé ekki ástæðu til þess og sleppi því a. m. k. nú algerlega að sinni.

Ég skal taka það fram, að frv. er að sjálfsögðu frumsmíð, eins og ekki þarf að nefna, þar sem þetta er í fyrst sinn, sem veruleg löggjöf hefur verið sett um atvinnuleysistryggingar. Þó að vísir til þess væri lagður fyrir 20 árum, var það ekki nein heildarlöggjöf um þetta atriði, og ég tel alveg víst, að við framkvæmd l. muni brátt koma í ljós, að það hafi láðst að setja ýmis ákvæði, sem þar þurfa að vera, og að breyta þurfi jafnframt ýmsum ákvæðum, sem í frv. eru, eins og þau eru nú. Og í þessu sambandi vildi ég þá líka minna á það, að eitt atriði í hinu margnefnda samkomulagi, sem einnig er að sjálfsögðu tekið inn í þetta frv., er um það, að lög þessi skuli endurskoðuð eftir tvö ár, og þá gefst að sjálfsögðu kostur á því að nota þá reynslu, sem fengin er, og að öðru leyti endurbæta þessa löggjöf eftir því, sem hið háa Alþ. þá mun telja rétt að gera.

Ég vildi nú leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort ég mætti ekki hér nú um leið minnast á næsta mál á dagskránni, vinnumiðlun. Þessi frv. heyra algerlega saman, og ég tel ástæðulaust í sjálfu sér að vera með sérstaka framsögu fyrir það frv., og ef hæstv. forseti leyfir það, þá mun ég segja örfá orð um vinnumiðlunarfrv., sem flutt er hér á þskj. 410. Ég mun ekki fara mörgum orðum um það frv.

Það var strax ljóst, að til þess að hægt væri að framkvæma atvinnuleysistryggingalöggjöfina, yrði um leið að koma á fót öruggu kerfi um vinnumiðlun, og er frv. um vinnumiðlun að sjálfsögðu því byggt upp algerlega í sambandi við hitt frv. Í n. var ekki verulegur ágreiningur um það frv., að ég hygg, og einstakir nm. hafa ekki látið bóka neina fyrirvara varðandi það frv. Hins vegar mun það nú vera svo, að það eru einhver smærri atriði í því frv., sem ágreiningur er um og jafnvel ágreiningur innan ríkisstj. um einstök atriði þar. Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég er fús til samvinnu við þá n., sem fær þessi frv. til meðferðar, til þess að reyna að jafna þann ágreining, ef hann er einhver verulegur. Ég get aðeins um þetta hér og þykir rétt að taka það fram.

En að öðru leyti vil ég taka þetta fram: Við höfum að vísu lög hér á Íslandi um vinnumiðlun, en þau lög eru aðeins heimildarlög. En þar sem rétturinn til atvinnuleysisbóta skal sannaður með vottorði vinnumiðlunar, nægja alls ekki heimildarlög í þessu skyni, og þess vegna varð að setja lög um vinnumiðlun, um leið og hin löggjöfin yrði sett. Það verður m. ö. o. að tryggja vinnumiðlun á öllum þeim stöðum, sem lögin eiga að taka til, en samkvæmt frv., eins og það liggur fyrir, tekur það til kauptúna, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og svo kaupstaða. En til þess að fyrirbyggja allt of umfangsmikið skrifstofubákn í sambandi við vinnumiðlunina, er svo ákveðið í frv., að hver sveitarstjórn annist hana í sínu sveitarfélagi í samráði við og með aðstoð fulltrúa frá verkamönnum og atvinnurekendum. Sveitarstjórnum er heimilt að fela vinnumiðlunina oddvita sínum eða sveitarstjórum, ef þeir eru, bæjarstjórum á stærri stöðum, eða sérstökum manni, og einnig er bæjarstjórnum heimilt að setja á fót vinnumiðlunarskrifstofur, ef þær telja ástæðu til að hafa þann hátt á, að þar sé beint um ákveðna, sérstaka stofnun að ræða til að gegna þessum málum. Þessi vinnumiðlun verður rekin undir yfirumsjón félmrn., en félmrn. skal njóta ráða og aðstoðar fulltrúa bæði frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands um allt það, sem vinnumiðlun snertir. Það er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður

beri ⅓ hluta kostnaðar við vinnumiðlun sveitarfélaga, og er þetta ákvæði í samræmi við þau ákvæði, sem eru eða voru í eldri lögum um vinnumiðlun.

Við samningu frv. um vinnumiðlun hafa mjög verið hafðar til hliðsjónar samþykktir alþjóðavinnumálastofnunarinnar um vinnumiðlun, sem Ísland er þátttakandi í, eins og hv. alþm. vita, og ef þetta frv., eins og það nú liggur fyrir, verður að lögum, þá má fullgilda þær samþykktir ILO, þ. e. a. s. alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fjalla um þessi efni. Það hefur verið athugað, að þessi löggjöf, sem hér liggur fyrir í frumvarpsformi, fullnægir að öllu þeim ákvæðum eða þeim skilyrðum, sem þar eru sett um þessi efni, en til þessa hefur vantað ákvæði í lög hjá okkur, til þess að við gætum fullgilt þær samþykktir ILO, sem snerta þessi atriði. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að flest nágrannaríkja okkar, þ. e. a. s. Norðurlöndin, hafa fullgilt þessar samþykktir ILO.

Ákvæði núgildandi laga um atvinnuleysisskráningu eru felld inn í frv. eins og það nú liggur fyrir, þar sem slík skráning er að sjálfsögðu einn þáttur í vinnumiðluninni.

Ég mun nú mjög fara að stytta mál mitt, en tel þó rétt með örfáum orðum að geta um fyrirvara einstakra nm. varðandi frumvarpið. Eins og ég tók áðan fram, hafa ekki verið bókuð nein ágreiningsatriði varðandi frv. um vinnumiðlun.

Björgvin Sigurðsson fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, hefur lagt til, að iðgjaldagreiðsluskylda atvinnurekenda verði bundin við þær launagreiðslur einar, sem inntar eru af höndum til tryggðs aðila. Vil ég þar vitna í annað atriði samkomulagsins. Hér má segja að sé eitt dæmi um nokkuð óljóst orðalag í þessu samkomulagi, sem a. m. k. auðveldlega getur valdið ágreiningi um það, hvernig beri að skilja, og það má mjög spyrja: Hver er tryggður aðili? Er það sá einn, sem nýtur bóta? Og ef svo er: Hvernig geta þá skattayfirvöldin vitað það, þegar iðgjöld eru lögð á, hverjir kunna að njóta bóta? En sé með tryggðum aðilum átt við þá eina, sem eru meðlimir í verkalýðsfélagi, má segja, að álagningin væri framkvæmanleg, a. m. k. fræðilega, en það yrði feiknaviðbótarstarf, sem lagt yrði á skattayfirvöldin, ef fara ætti að þessari greiningu, og þar að auki er sá alvarlegi ljóður á þessu ráði, að með þessu móti yrðu launagreiðslur atvinnurekenda lægri vegna þeirra verkamanna, sem eigi eru meðlimir í verkalýðsfélagi, en það mun hafa verið meginregla hvarvetna, þar sem verkalýðsfélög starfa, að þau hafa ekki sætt sig við, að unnið væri fyrir lægra kaup en þau hafa samið um við atvinnurekendur, og þetta gildir ekki aðeins um félagsmenn, heldur og alla þá aðra, sem unnið hafa vinnu, sem taxti hefur verið settur um. Í frv. er því svo ákveðið, að atvinnurekendur greiði iðgjöld vegna allrar þeirrar vinnu, sem unnin er á þeim stöðum, þar sem lögin gilda og hlutaðeigandi verkalýðsfélag hefur sett eða samið um kauptaxta fyrir. Björgvin bendir að vísu algerlega réttilega á það í fyrirvara sínum, að ósamkvæmni sé í því, að meðlimir verkalýðsfélaga einir geti öðlazt bætur, þótt iðgjöld séu greidd vegna allra verkamanna. Rétt er að vekja athygli á því, að þeir eru nú að vísu ekki sjálfsagt mjög margir, sem annars ættu rétt til atvinnuleysisbóta, sem eru ekki félagar í verkalýðsfélagi, svo að þetta getur ekki í heildinni raskað stórmiklu, þó að segja megi, að hér sé ekki um rökrétta framkvæmd að ræða að öllu leyti.

Svo er það annað atriði, sem Björgvin Sigurðsson einnig bókar ágreiningsatriði um, og það er varðandi, að þar sem tekjur atvinnuleysistryggingasjóðs eiga að færast á sérreikninga hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, verður ekki séð, að fært sé að ráðstafa þeim til utanfélagsmanna, slíkt væri brot á samkomulaginu. En Björgvin hefur haldið því fram, að það ákvæði frv., sem ákveður, að úthlutunarnefnd annist bótagreiðslur, — vitna ég þar í 21. gr. frv., — sé brot á þeim forsendum, sem samkomulagið hafi verið byggt á, og þetta er að því leyti rétt, að orðið „úthlutun“, sem viðhaft er í samkomulaginu, sbr. 6. atriði þess, bindur það ekki í sér, að bæturnar skuli greiðast af úthlutunarnefndum, en það er einmitt þetta atriði, sem ríkisstj. bauð deiluaðilum að leggja í gerðardóm og fá þannig útkljáð, en báðir aðilar höfnuðu slíku, eins og ég hef áður tekið fram. En að vandlega athuguðu máli var ákveðið eða litið svo á, að umrætt fyrirkomulag skyldi standa opið og valin sú leið, sem nánar segir frá í 21. gr., sem fulltrúi verkalýðssamtakanna, Eðvarð Sigurðsson, taldi sig eftir atvikum geta unað við.

Önnur fyrirvaraákvæði Björgvins hafa minni þýðingu, og sé ég ekki ástæðu til að fara inn á þau, enda er hægt að kynna sér þau í þeirri grg., sem fylgir frv.

Eðvarð Sigurðsson, fulltrúi Alþýðusambands Íslands, gerir athugasemdir við skipan sjóðsstjórnar og skipan þeirra tveggja manna í úthlutunarnefnd, sem laus er látin í samkomulaginu. Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta atriði út af fyrir sig. En loks telur hann, að hámark bóta samkvæmt 18. gr. ætti að vera hærra en þar er ákveðið, en hámark bótanna samkv. 18. gr. er hið sama og bætur vegna slysa. En ef borin eru saman þessi tvö atvik, þ. e. a. s. slys sem grundvöllur bótagreiðslna annars vegar og atvinnuleysi sem grundvöllur bótagreiðslna hins vegar, þá virðist mér það koma mjög glöggt fram, að hið fyrra er mun traustari grundvöllur fyrir bótagreiðslum en hið síðarnefnda, og má minna á það, að slysið er það atvik, sem fyrst þótti ástæða til að tryggja með sérstakri löggjöf hér á landi. Atvinnuleysið hefur alltaf þótt öllu vafasamari grundvöllur, enda er það fyrst nú, sem ráðizt er í slíkar tryggingar hér hjá okkur. Það er því að mínum dómi ósamræmi í því, ef greiða ætti hærri bætur vegna atvinnuleysis en vegna slysa, sem fyrir kæmu. Tekjuöflunin út af fyrir sig virðist ekki geta ráðið úrslitum í þessu efni. Atvinnurekendur einir bera uppi slysatryggingarnar, en atvinnuleysistryggingarnar verða bornar uppi af opinberum aðilum að ¾ hlutum, eins og áður hefur verið sagt, og af atvinnurekendum að ¼ hluta.

Þá vil ég nefna fyrirvara Haralds Guðmundssonar. Hann vill mynda sérstaka ríkisstofnun til þess að annast vinnumiðlun, atvinnuleysistryggingar o. fl. Ég hef áður vakið athygli á því,

að atvinnuleysistryggingar séu í raun og veru aðeins ein grein almannatrygginganna. Haraldur Guðmundsson mun hafa aðhyllzt þessa skoðun, þegar hann á árinu 1936 beitti sér fyrir setningu alþýðutryggingalaganna þá. Þá var hann félmrh., en atvinnuleysistryggingarnar eru sérstök tryggingagrein, eins og áður er fram tekið, innan almannatryggingalaganna, algerlega samsvarandi slysatryggingum og sjúkratryggingum. Þær eiga því í raun réttri heima á sama stað og þessar tryggingar, eða hjá Tryggingastofnun ríkisins, og sá staður er þeim nú búinn í því frv., sem hér liggur fyrir, eftir því sem frekast er hægt að koma því við.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um fyrirvara Haralds Guðmundssonar varðandi frv.

Ég vil svo að lokum geta þess, að Gunnar J. Möller tók ekki afstöðu til 21. gr. frv., en lét þess getið í gerðabók n., að hann teldi eðlilegast, að félmrh. legði frv. fram með þeirri túlkun á sjötta atriði samkomulagsins, sbr. fskj. I, sem honum þætti helzt hlýða að tiltækilegt væri.

Ég skal nú ljúka máli mínu, en vil aðeins segja að lokum, að eins og ljóst er af samkomulaginu, sbr. margnefnt fskj. I, hefur ríkisstj. gefið fyrirheit um, að frv. þetta skuli lagt fram á þessu þingi og afgreitt á því, hafi hún vald á málinu. Og þótt langt sé liðið á þetta þing, þegar mál þetta er nú lagt fram, vil ég leyfa mér að leggja megináherzlu á það, að hv. Nd. og sú n. þá fyrst, sem fær málið væntanlega til meðferðar eftir þessa umr., vinni örugglega og fljótt að því.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. báðum vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. það um atvinnuleysistryggingar, sem hér er til umr., á sér langa og merkilega sögu, sem þó er ekki kostur á að rekja hér, enda ekki ætlan mín.

Á undanförnum þingum hafa verið flutt bæði frumvörp og þáltill. um þetta mál, og á fjölmörgum þingum Alþýðusambandsins hafa verið gerðar ályktanir og áskoranir til Alþ. um samþykkt frumvörp og þáltill. um þetta mál, og á fjölmörghinna einstöku verkalýðsfélaga. Það er því sama gangan sem þetta baráttumál verkalýðshreyfingar hefur orðið að fara og flest hin fyrri, er gengið hafa í sömu átt. Það hefur orðið að berjast fyrir þeim öllum á öllum vígstöðvum árum og jafnvel áratugum saman, þó að stór meiri hluti væri þeim fylgjandi og fáir eða engir mæltu þeim í mót. Ástæðan til þessa tómleika virðist nokkuð augljós. Þá fjölmennu hreyfingu, sem verkalýðssamtökin eru, hefur til þessa skort skilning á að standa jafneinhuga um að tryggja sér sem flesta fulltrúa á löggjafarsamkomu þjóðarinnar og í þeim átökum, sem hún hefur háð við atvinnurekendur um kaup og kjör, vegna innbyrðis deilna. Af þessum ástæðum hefur þeim átökum fjölgað að sama skapi og fulltrúum verkalýðsins hefur fækkað á Alþingi. Ég hef áður bent á það hér í hv. þd. í umr. um hliðstæð mál og það, sem nú er til umr., að mörg þeirra mála, sem lengstan tíma tekur að leysa í stórfelldum vinnudeilum, hefði á auðveldan hátt mátt leysa hér í sölum Alþ., ef meiri skilnings og sanngirni hefði gætt í meðferð slíkra mála.

Það virðist vera að bera í bakkafullan lækinn að ræða efni frv. frekar en þegar hefur verið gert hér í framsögu. Ég tel þó, að ekki verði hjá því komizt að minnast nokkurra atriða.

Eins og í aths. þeirrar mþn., er frv. samdi, segir, er málið nú flutt hér af hálfu hæstv. ríkisstj. sem efndir á loforðum, er hún gaf við lausn vinnudeilunnar í apríl s. l. ár, en undirstöður frv. voru þá eitt af þeim atriðum, sem um var samið til lausnar vinnudeilu þeirri, sem leiddi til algerrar vinnustöðvunar, er stóð yfir í 6 vikur og þátt tóku í yfir 20 verkalýðsfélög með yfir 20 þús. félaga.

Tekjur trygginganna eiga að vera samkv. 1. gr. frv. 2% af vinnulaunum úr ríkissjóði, 1% frá bæjar- og sveitarfélögum og 1% frá atvinnurekendum. Ýmsir hafa áætlað, að árlegar tekjur sjóðsins mundu nema allt að 35 millj. kr. í því árferði, sem nú er í atvinnumálum. Hver sem reynslan verður í þeim málum, er þess að vænta, að hér geti safnazt það fé, sem að nokkrum árum liðnum gæti komið í veg fyrir atvinnuleysi, en það tel ég, að vera ætti annað aðalverkefni trygginganna, m. ö. o. trygging gegn atvinnuleysi, verði hins vegar svo, að enn um sinn gæti atvinnuleysis, þá verði hinum vinnufúsu höndum bætt það tjón samkvæmt ákvæðum 15.—18. gr. frv. Ég er þó þeirrar skoðunar, að þessar gr. þurfi mestra endurbóta við, þegar kemur að endurskoðun l. eftir tvö ár. Bætur þær, sem gert er ráð fyrir í 18. gr., finnst mér við fljótlega yfirsýn of lágar og biðtíminn til þess að ná þessum bótum samkv. 15. gr. of langur. Það er nauðsynlegt, að við endurskoðun l. verði í einu og öllu litið á þessar tryggingar sem sjálfstæða stofnun, óháða öðrum en þeim, sem þeirra eiga að njóta, og þá jafnframt þá staðreynd, að hér er um mál að ræða, sem samið var um til þess að brúa bil í kaupdeilu. Það er hluti af uppbót á kjararýrnun, er orðið hafði.

Þá tel ég einnig nauðsynlega nákvæma athugun á því takmarki, er um getur í 4. gr., að einungis verkalýðsfélög í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri geti orðið aðilar að tryggingunum. Þó er heimildin um úrskurð ráðherra þar til mikilla bóta.

3. málsgr. þessarar gr. gerir ráð fyrir, að stéttarfélög skrifstofu- og verzlunarfólks teljist samkvæmt lögum þessum ekki til verkalýðsfélaga þrátt fyrir þá staðreynd, að innan Alþýðusambandsins eru nú þegar fimm eða sex slík félög og fleiri undirbúa komu sína þangað. Hér er um misrétti að ræða, er leiðrétta verður í síðasta lagi við hina áður umtöluðu endurskoðun laganna. Reynslan mun verða haldbezta sönnunin um nauðsynlegar breytingar, og við endurskoðun er þess þá að vænta, að gerðar verði þær umbætur á lögunum, er sú reynsla leiðir í ljós.

Ég sé það í fyrirvara frá fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands, að hann telur, að ekki ætti að greiða af öðrum launþegum en fullgildir eru í viðkomandi verkalýðsfélagi. Ég minnist þess ekki, að nokkurn tíma væri á annað minnzt við samningana s. l. vor, sem eru, eins og áður var getið, undirstaða þessa frv., en að greitt yrði

af öllum í viðkomandi starfsgrein án tillits til félagsréttinda, og nægir í því sambandi að benda á, að þegar verið var að gera lauslegar áætlanir um tekjur sjóðsins, var reiknað með öllum meðlimum alþýðusamtakanna án tillits til félagsréttinda, eins og ég áðan sagði. Það er þó hins vegar nauðsynlegt, að réttur til bótanna sé því háður, að viðkomandi sé fullgildur meðlimur síns stéttarfélags, enda er það á valdi hvers einstaklings að halda þar fullum rétti sínum.

Varðandi þá aths. fulltrúa Vinnuveitendasambandsins, að úthlutun og útborgun bótanna séu óskyldir hlutir, kannast ég ekki heldur við það. Það var í huga okkar allra í samninganefnd verkalýðsfélaganna a. m. k. ávallt eitt og það sama.

Við hina væntanlegu endurskoðun verður einnig nauðsynlegt að athuga um meiri tekjur til hins sameiginlega sjóðs með sérstöku tilliti til hinna fámennari staða, en einmitt þar hefur atvinnuleysið oft verið þungbærast og þar af leiðandi minnstar tekjur á sérreikninga fámennustu verkalýðsfélaganna. Ef tala ætti um einhvern sérstakan ágalla frv., þá er hann í þessu fólginn. Mér er jafnframt ljóst, að erfiðast mun reynast að leiðrétta hann svo sem þörf væri á. Í fljótu bragði eygi ég ekki aðra möguleika þessu til bóta en eflingu hins sameiginlega sjóðs, er síðan gæti miðlað til þeirra staða, sem verst væru settir.

Þrátt fyrir þau atriði, sem ég hef hér minnzt á að betur mættu fara, fagna ég af alhug þeim réttarbótum, sem í frv. felast launþegum til handa, en ítreka það enn, að haldbezti og æskilegasti árangurinn af framgangi þessa frv. væri sá, ef takast mætti að koma í veg fyrir atvinnuleysi og hinar válegu afleiðingar þess.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal taka það fram strax í byrjun, að ég mun ekki ræða neitt að ráði sérstakar greinar frv., heldur tala almennt um málið og þýðingu þess.

Frv. til laga um atvinnuleysistryggingar á þskj. 409, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi og er til 1. umr. hér í hv. d., er flutt af hæstv. ríkisstj. Ástæðurnar fyrir því, að frv. þetta er flutt af ríkisstj., eru þær, sem flestum eru kunnar, að í lok verkfallsins s. l. vor var um það samið við hæstv. ríkisstj. fyrir forgöngu hinnar ríkisskipuðu sáttanefndar og með fullu samþykki samninganefndar verkalýðsfélaganna, að sett yrðu lög um atvinnuleysistryggingar á næsta Alþingi. Um þetta mjög svo merkilega mál var svo gert samkomulag í 9 liðum. Ég tel, eins og hæstv. félmrh. tók fram, að það sé ekki þörf á því að fara að lesa þessi atriði upp, en frv. sjálft er byggt á þessum níu atriðum.

Hæstv. ríkisstj. skipaði svo fimm manna nefnd til að semja frv. að lögum um atvinnuleysistryggingar. Skyldi frv. þetta einmitt byggt á hinum níu atriðum, eins og ég hef áður tekið fram, sem sáttanefndin og samninganefndir beggja aðila höfðu komið sér saman um og samþykkt og urðu svo grundvöllur þess og eitt aðalatriði í því, að samkomulag náðist í hinum langvarandi og víðtæku verkföllum s. l. vor.

Við samanburð þessa samkomulags og frv. um atvinnuleysistryggingar verður ekki annað sagt en að nm. hafi tekizt starfið vel, og þótt ýmislegt megi að sjálfsögðu að þessu frv. finna og þó að í því séu viss ákvæði, sem verkalýðshreyfingin hefði óskað að væru á annan veg en frv. gerir ráð fyrir, mun verkalýðshreyfingin í heild fagna þessu frv. og telja, að með samþykkt þess sé mjög merkum áfanga náð í hagsmunabaráttu hennar. Í umr. um þetta mál er rétt að benda á þá staðreynd, að það var fyrir atbeina og fórnfúsa baráttu meðlima verkalýðshreyfingarinnar s. l. vor, sem þetta merka mál er nú fram komið.

Í samningunum s. l. vor var um þetta mál samið við hæstv. ríkisstj. sem einn þátt til lausnar verkfallsins. Atvinnuleysistryggingarnar eru því raunverulegur hluti af þeim kjarabótum, sem fengust í verkfallinu síðasta. Í útreikningum um það, hvað þær kjarabætur hafi numið miklu, sem fram fengust í síðasta verkfalli, var talið og það sjálfsagt með réttu, að samkomulagið um atvinnuleysistryggingarnar mundi samsvara 4% kauphækkun. Ég held, að það sé ekki hægt að reikna þetta í beinni prósenttölu. Ég held, að þetta mál sé miklu stærra en það, að hægt sé að meta það nú eins og það kemur til með að verka í framtíðinni. Það munu þeir staðir á landinu, sem búið hafa við atvinnuleysi mánuðum saman og árum saman, koma til með að skilja. Nú er það til í dæminu, að verkalýðssamtökin hefðu getað knúið fram beina kauphækkun, sem svaraði til þessa samkomulags, sem varð við ríkisstj. um atvinnuleysistryggingarnar, eða m. ö. o. máske knúið fram 4% grunnkaupshækkun til viðbótar þeirri grunnkaupshækkun, sem fékkst, gegn því þá að fá engar atvinnuleysistryggingar. En forustumenn og meðlimir verkalýðssamtakanna voru ekki í neinum vafa um það, hvora leiðina skyldi farið. Með því að semja um, að sett yrðu lög um atvinnuleysistryggingar, var verið að stórauka öryggi verkafólksins gagnvart hugsanlegu atvinnuleysi. Með þessu var verið að semja fyrir framtíðina. Þetta er mjög merkilegt atriði í sögu þessa máls, sérstaklega þegar það er haft í huga, að sá hluti verkalýðsins, sem stóð í verkfallinu og færði mestar fórnirnar, hafði ekki búið við neitt teljandi atvinnuleysi í mörg ár og að ekkert sérstakt benti þá til þess, að atvinnuleysi væri hér á næstu grösum.

Þetta sjónarmið þeirra forustumanna verkalýðshreyfingarinnar, sem stóðu í deilunni, sýnir máske betur en flest annað styrkleika og þann mikla samhug, sem er ríkjandi meðal verkalýðshreyfingarinnar. Þegar um þetta mál var samið á s. l. vori, var því lýst yfir af trúnaðarmönnum verkalýðssamtakanna, að þrátt fyrir það að þeir til samkomulags og til lausnar verkfallinu hefðu samþ. till. ríkisstj. um atvinnuleysistryggingar, þá væru þeir mófallnir því ákvæði 4. gr. samkomulagsins að skipa sérstaka stjórn fyrir sjóðinn, þar sem verkalýðssamtökin ættu t. d. ekki nema einn fulltrúa. Þeirra krafa var, að stjórn sjóðsins væri að öllu leyti í höndum verkalýðssamtakanna sjálfra. Undir þessa kröfu hefur verkalýðshreyfingin tekið, enda er hún byggð á fyllstu rökum. Gert er ráð fyrir í 22. gr., að lög þessi skuli endurskoðuð eftir tvö ár og haft um það samráð við verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda. Þá mun að sjálfsögðu verða upp

tekin krafan um yfirráðarétt verkalýðsfélaganna yfir sjóðnum, ef ekki hefur áður tekizt að fá þessu ákvæði breytt á þann veg, sem verkalýðssamtökin geta sæmilega vel við unað. Eins og þetta ákvæði er nú í frv., er það þannig, að stjórn sjóðsins skal skipuð 7 mönnum, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og fimm kjörnir af Alþingi. Þessu fyrirkomulagi geta verkalýðsfélögin ekki unað til frambúðar, enda strax í upphafi lýst yfir af fulltrúa verkalýðsfélaganna og undirstrikað af fjölmörgum verkalýðsfélögum síðar, að þau mundu vinna að því að fá þessu breytt í það horf, sem þau gætu sætt sig við, þannig að yfirstjórn atvinnuleysistryggingasjóðs yrði í höndum verkalýðssamtakanna sjálfra. Þetta er mjög mikið stefnumál fyrir verkalýðshreyfinguna í heild. Með því að neita verkalýðssamtökunum um þennan sjálfsagða rétt, að fá í sínar hendur stjórn sjóðsins, er samtökum verkafólksins í landinu sýnd óviðeigandi tortryggni, sem er í alla staði óverðskulduð. Menn verða að hafa það í huga, að þetta mál er eitt atriði í samningi, sem gerður var við verkalýðssamtökin, með samkomulagi verkalýðsfélaganna að leggja t. d. 4% af þeim kjarabótum, sem þau knúðu fram í verkfallinu s. l. vor, í atvinnuleysistryggingasjóð. Ég gat þess áðan, að það voru töluverðar líkur til þess, að verkalýðshreyfingin hefði getað knúið í gegn grunnkaupshækkun, sem þessu nam. Menn skulu bara minnast þess, að verkalýðshreyfingin hér í Reykjavík var algerlega ólömuð þegar samið var, og ekkert bendir til þess, að hún hefði ekki getað haldið verkfallinu áfram og knúið í gegn t. d. sem svarar 4% hærri grunnkaupshækkun. En verkalýðsfélögin og forustumenn þeirra völdu hinn kostinn og sýndu þar með, eins og svo oft áður, fullkomna ábyrgðartilfinningu í starfi. Það er því í fyllsta máta hin mesta óhæfa að mínum dómi að ætla sér að svipta verkalýðsfélögin þeim sjálfsagða rétti að hafa yfirstjórn þessara mála í sínum höndum. Slíku óréttlæti mun verkalýðshreyfingin ekki una, og hún mun nota fyrsta fáanlega tækifærið til þess að ná þessum rétti í sínar hendur, þeim rétti, sem henni tvímælalaust ber. Ég skal taka það fram, að eins og frá var gengið hinum níu atriðum, var þegar búið að semja um þetta atriði, þannig að sú nefnd, sem samdi lögin, hafði bundnar hendur í þessu máli og gat þar af leiðandi ekki annað en haldið sér við þau atriði, sem þar var búið að semja um.

Ég vil taka það fram, að ég er að öllu leyti sammála fyrirvara og skýringum, sem fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Eðvarð Sigurðsson, hefur gert við frv., og tel því ekki ástæðu til þess að ræða frekar um smærri agnúa, sem kynnu að vera á frv., eins og t. d. um hámark bótaupphæða, sem ég er honum sammála um að sé of lágt. Allt slíkt stendur þó væntanlega til bóta, þegar sýnt þykir, að sjóðurinn þoli hærri bótagreiðslur.

Atvinnuleysistryggingarnar hafa verið baráttu- og dagskrármál allrar verkalýðshreyfingarinnar fjöldamörg ár. Á undanförnum þingum hafa verið flutt bæði frv. og þáltill. um, að komið yrði á atvinnuleysistryggingum. Þm. Sósfl. hafa þing eftir þing flutt frv. til laga um atvinnuleysistryggingar, en án þess að slík frv. hafi náð samþykki Alþingis. Ég vil alveg undirstrika það, sem hv. 7. landsk. þm. sagði, sem talaði hér áðan á undan mér, að það er enginn vafi á því, að ef hv. Alþ. hefði skilið gildi þess fyrir verkalýðshreyfinguna að samþykkja lög um atvinnuleysistryggingar, hefði verkfallið á s. l. vori verið leyst fyrr, og það ætti að vera mjög eftirminnilegur lærdómur fyrir hv. Alþ. og hv. alþm. að minnast þess að taka meira tillit til þeirra óska og krafna, sem bornar eru hér fram á hv. Alþ. fyrir hönd verkalýðsstéttarinnar, heldur en gert hefur verið að undanförnu.

Í desemberverkfallinu 1952 var t. d. það ein af aðalkröfum verkalýðssamtakanna, að komið yrði á fót atvinnuleysistryggingum. Þeirri kröfu var þá algerlega vísað á bug af samninganefnd atvinnurekendanna. Og ekki virtist hæstv. ríkisstj. þá hafa verið til viðræðu um þetta merkilega mál. Á síðasta Alþ. varð það að samkomulagi milli þm. Sósfl. og Alþfl. að flytja saman frv. til laga um atvinnuleysistryggingar. Þessi sameiginlega afstaða beggja flokkanna hefur að mínum dómi orðið til þess m. a. að létta undir með þeim mönnum í sáttanefndinni og samninganefnd verkalýðsfélaganna á s. l. vori um að fá málið leitt í gegn á farsællegan hátt. Með því að flytja þetta mál sameiginlega á þinginu var það undirstrikað mjög ákveðið, að hér væri á ferðinni mál, sem verkalýðshreyfingin léti sig miklu skipta og stæði algerlega einhuga um, og að ekki mundi öllu lengur á því stætt fyrir andstæðinga þess að hunza málið á sama hátt og gert hafði verið undanfarin mörg ár. Í framsöguræðu fyrir málinu á þinginu í fyrra sagði ég m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að undirstrika enn betur en áður samhug verkalýðshreyfingarinnar í málinu var það talið sjálfsagt, að flm. að þessu frv. væru frá báðum verkalýðsflokkunum, enda fullt samkomulag innan verkalýðshreyfingarinnar um málið. Þetta frv. er eitt af þeim málum, sem ekki verður hægt að ganga fram hjá til lengdar. Um það munu verkalýðssamtökin í landinu sjá. Þau eru orðin það afl, sem ekki er hægt að ganga fram hjá, hvorki í þessu máli né öðrum."

Það voru ekki liðnir nema nokkrir mánuðir frá því að við fluttum frv. um atvinnuleysistryggingar og þar til verkalýðshreyfingin hafði náð fram samningum um, að atvinnuleysistryggingum yrði komið á. Það kostaði að sjálfsögðu alþýðuna hér í Reykjavík og víðar mikla baráttu að ná þessu máli fram, ná þessum stóra áfanga, en þannig hefur það verið og þannig mun það verða, að engar verulegar hagsbætur til handa hinu vinnandi fólki ná fram að ganga nema fyrir ötult starf, fórnfúsa og harða baráttu. Verkalýðshreyfingin á Íslandi getur sannarlega fagnað unnum sigri í þessu mikla hagsmunamáli hennar. Sá sigur vannst vegna þess, að öll verkalýðshreyfingin stóð sameinuð um málið. Sú staðreynd mun verða til þess, að hið vinnandi fólk til sjávar og sveita mun draga réttar ályktanir þar af, enda mun ekki af veita, eins og nú horfir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða mikið efnishlið málsins að þessu sinni.

Mér virðast líkur standa til, að þessu máli verði vísað til n., sem ég á sæti í, og þar mun ég að sjálfsögðu um það fjalla og þá ef til vill ræða nánar efnishlið þess, þegar það kæmi frá afgreiðslu í nefnd.

Hæstv. félmrh. minntist á það, að frv. kæmi nokkuð seint fram, en vildi þó vænta þess, að það yrði ekki að ádeiluefni á hæstv. ríkisstj., og skal ég ekki deila á hana út af því. Ég tel það engar vanefndir af hendi hæstv. ríkisstj., þó að málið komi ekki fyrr fram en þetta. Ég er sannfærður um, að það vakir fyrir hæstv. ríkisstj. að efna sitt gefna loforð um lagasetningu á þessu þingi um atvinnuleysistryggingar, og að frv. er nú fram komið úr þeirri deiglu, sem það hefur verið í, er mér sönnun þess, að ríkisstj. efnir þetta loforð, enda hefur verkalýðshreyfingin aldrei efazt um, að það mundi verða við þau loforð staðið.

Ágreiningsefni eru að vísu mörg í þessu frv., og ræddi hæstv. félmrh. um þau mörg. Um þetta hefur verið deilt í n. og menn síðast sætt sig eftir atvikum við frv. í þeirri mynd, sem það er nú í. En öll frumsmíð stendur til bóta, og þetta frv. mun áreiðanlega breytast. Ef það verður nú samþ. sem lög á þessu þingi lítt eða ekki breytt vegna samkomulags, þá á endurskoðun að fara fram eftir tvö ár, og þá mun reynslan stuðla að því, að ýmislegt komist fram, sem nú er óskað eftir af verkalýðssamtökunum. Við erum vissir um það, að reynsla mun staðfesta það, að sumt af því, sem við hefðum gjarnan viljað fá inn í frv. nú, á erindi í slíka löggjöf, og verður varla hjá því komizt, að það verði viðurkennt, þegar endurskoðun fer fram að tveimur árum liðnum.

Þetta mál er í raun og veru ágæt sönnun þess, að það er ekki alls kostar rétt, sem oft er haldið fram, að verkalýðshreyfingin á Íslandi leggi einhliða áherzlu á kaupkröfur. Eins og síðasti hv. ræðumaður (GJóh) vék að, er enginn vafi, að það hefði verið hægt að knýja fram meiri beinar kauphækkanir en gert var, ef verkalýðshreyfingin hefði ekki lagt stórum meiri áherzlu á að fá réttarbætur eins og þessar, fá öryggismáli komið í höfn eins og þetta mál er fyrir verkalýðshreyfinguna. Og það slær í raun og veru alveg niður ásakanirnar í garð verkalýðshreyfingarinnar um það, að hún leggi einhliða áherzlu á kauphækkanir, hvað sem öllu öðru líði.

Ég er viss um það, að þó að frv. sé ekki í því formi, sem verkalýðshreyfingin hefði óskað eftir, ef hún hefði mátt ein um það fjalla, langt frá því, þá er mikill fengur að lögfestingu þessa frv. eins og það er. Ég er t. d. viss um, að það verður ekki einungis verkalýðshreyfingin, sem fagnar því í framtíðinni, að mikil fjármagnsmyndun verður í landinu við þessar tryggingar, sterkir sjóðir myndast og þessir sjóðir inna af hendi gagnlegt hlutverk að því er snertir uppbyggingu atvinnutækja og úrlausn á íbúðarhúsnæðisvandamálinu að einhverju leyti eða koma að minnsta kosti til með að létta þar undir, og því mættu allir fagna og munu allir fagna. Ég hygg, að þó að það kynni e. t. v. að þykja eðlilegt við afgreiðslu þessa máls, að verkalýðshreyfingin sýndi brtt. nákvæmlega í þá átt, sem hún óskaði að fengjust hér samþ., þá megi segja það fyrir hönd alþýðusamtakanna, að við munum heldur kjósa þá leið nú að bera ekki fram neinar brtt. við málið nema þá lagfæringar, sem kynni að verða allsherjar samkomulag um, til þess að flýta fyrir lögfestingu málsins og e. t. v. leiða til þess, að aðrir, sem mundu þá vilja breyta frv. til hinnar lakari áttar, fengjust þá til þess að láta slíka breytingartillagnasmíð fara fram hjá þessu þingi nú, meðan verið er að setja lögin nú í fyrsta sinn. Ég legg því áherzlu á það, að afgreiðsla þessa máls fáist greiðlega gegnum þingið, og ég neita því ekki, að mér þætti það mjög ánægjulegt, ef hægt væri að fá lagasetningu um atvinnuleysistryggingar t. d. þann 12. marz n. k., þegar Alþýðusamband Íslands á 40 ára afmæli. Ég hef látið það í ljós hér við hæstv. félmrh., að það væri mjög ánægjuleg afmælisgjöf til Alþýðusambandsins, ef Alþ. afgreiddi þetta frv. t. d. á þeim degi, ef því yrði við komið, eða a. m. k. nú í kringum þann afmælisdag.

Ég þakka svo hæstv. ríkisstj. fyrir það, að hún hefur flutt frv. og stuðlað að því, að úr rættist um alvarleg deilumál, sem voru uppi í n. lengst af meðan hún starfaði, og að frv. er þannig samkomulagsúrlausn á merku og þýðingarmiklu máli verkalýðshreyfingarinnar og verkalýðsstéttarinnar og þar eiga vissulega n., sem starfaði að því að semja þetta frv., og ríkisstj. sameiginlega þakkir skyldar fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 484).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Eins og tekið er fram í grg. fyrir frv. þessu, hét ríkisstj. í sambandi við lausn vinnudeilunnar seint í aprílmánuði s. l. að beita sér fyrir því, að sett yrðu lög um atvinnuleysistryggingar. Í samkomulaginu, sem þá var gert, voru tekin fram nokkur ákveðin atriði um meginefni væntanlegrar löggjafar, eins og t. d. um það, hvernig framlögum í sjóðinn skyldi háttað, hvar sjóðurinn eða sjóðirnir skyldu geymdir og eins um stjórn sjóðanna.

Ríkisstj. skipaði síðan 5 manna nefnd til þess að semja frv. til laga um atvinnuleysistryggingar, eins og heitið hafði verið. Í þessari n. áttu sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands og einnig Hjálmar Vilhjálmsson skrifstofustjóri félmrn., Gunnar Möller hæstaréttarlögmaður og Haraldur Guðmundsson forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

Innan þessarar n. náðist ekki fullt samkomulag um öll einstök atriði frv., og hafa 3 nm. skilað sérálitum. Annars mun vera óhætt að segja, að n. standi óskipt að höfuðatriðum frv.

Félmn. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Þessu frv. fylgir mjög ýtarleg grg. Einnig gerði hæstv. félmrh. þessu máli mjög góð skil við 1. umr., svo að það er ástæðulaust fyrir mig að skýra frá efni frv.

Eins og hv. þm. vita, er hér á ferðinni mjög vandasamt mál, ekki sízt vegna þess, að þetta er í fyrsta skipti, sem sett er heildarlöggjöf um atvinnuleysistryggingar. Um þetta mál hafa fjallað sérfræðingar á sviði tryggingamálanna og einnig menn, sem hafa staðið og standa mjög framarlega í samtökum launþega, og einnig framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands.

Sennilega liggur málið þannig fyrir, að ef það yrði ekki afgreitt í því formi, sem það er sett fram í frv., yrði mjög erfitt, eins og langt er liðið á Alþ., að afgreiða málið. Þess ber og að gæta, að í frv. er gert ráð fyrir því, að lögin verði endurskoðuð innan tveggja ára. Það má búast við því, að á þeim tíma komi í ljós ýmsir agnúar á þessari löggjöf, og þá verður að sjálfsögðu ástæða til þess að taka þetta mikla mál til heildarendurskoðunar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ásamt öðrum nm. í heilbr.- og félmn. skrifað undir nál. á þskj. 484, sem lá hér fyrir við 2. umr., en ég vil samt nú við síðustu umr. í d. ekki láta hjá líða að gera grein fyrir því, að ég er mótfallinn skiptingu atvinnutryggingafjár í sérsjóði, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Það er nú svo, að á þeim stöðum, þar sem mikil er atvinna, verða að sjálfsögðu iðgjöld atvinnurekenda há, það verður há upphæð af þeim iðgjöldum. Sama gildir þá um framlög ríkis og sveitarsjóða. Þau verða einnig mest þar, sem atvinnan er mest. Sjóðir þessara staða verða því að líkindum brátt allstórir, og ef ekki verður breyting á atvinnuástandi til hins verra, sem vonandi er að ekki þurfi að gera ráð fyrir í bráðina, þá getur safnazt þarna saman á þessum stöðum mikið fjármagn á skömmum tíma, en einmitt á þessum stöðum verða útgjöld til atvinnuleysisbóta tiltölulega minnst, miðað við mannfjölda. Hins vegar verður allt annað upp á teningnum þar, sem atvinna er mjög stopul. Þar verða iðgjöld atvinnurekenda tiltölulega lág og framlög ríkis og sveitarsjóða þá einnig lág. En á þessum stöðum verður einmitt þörfin fyrir atvinnuleysisbætur mjög mikil, af því að þar er atvinnuleysið meira en í hinum landshlutunum og möguleikarnir þá um leið litlir til að mæta þeirri miklu þörf, sem þar kann að verða. Reynslan verður þá sú, að þörfin fyrir bótagreiðslur verður að nokkru leyti í öfugu hlutfalli við það fjármagn, sem fyrir hendi er til greiðslu bótanna á hverjum stað.

Það er mín skoðun, að varla sé hægt að mæla á móti því með rökum, að eðlilegast sé, að atvinnuleysissjóður, sem myndaður er að hálfu leyti af ríkisfé, sé sameiginlegur fyrir allt landið, sé samtrygging allra verkamanna í landinu, sem lögin á annað borð ná til, án tillits til þess, hvar á landinu þeir eiga heima. Atvinnuleysið er náttúrlega alveg eins tilfinnanlegt fyrir fátæka verkamannafjölskyldu, sem á heima á Norður- eða Austurlandi, þótt í smákauptúni sé, eins og fyrir sams konar fjölskyldu hér suður við Faxaflóa í stórum bæ. Og ráðstafanir eins og þessi, sem hér er gert ráð fyrir í frv., eru vitanlega ekki til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Hins vegar er það svo, að eins og kunnugt er, er hér um samningsmál að ræða í sambandi við kjarasamninga og lausn verkfalls á s. l. vori. Af þeirri ástæðu mun ég ekki bera fram brtt. við frv. um þetta efni, en ég tel og vil láta það koma fram hér, áður en málið fer út úr d., að vinna þurfi að því, að sérsjóðirnir, sem frv. gerir ráð fyrir, verði sameinaðir í einn sameiginlegan sjóð til tryggingar öllum verkamönnum jafnt, hvar sem þeir eiga heima á landinu, og ég vil mega vænta þess, að Alþýðusamband Íslands, sem vitanlega á að gæta jafnt hagsmuna verkalýðsfélaga í öllum landshlutum, beiti sér fyrir þessari breytingu áður en langt líður, úr því að það hefur ekki þegar gert það. — Þetta vildi ég aðeins láta koma fram við 3. umr. málsins.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það eru vissulega mikil og góð tíðindi, að frv. sem þetta skuli nú vera lagt fyrir Alþ. af ríkisstj. og að svo skuli horfa, að alger eining verði um málið á þessu þingi. Ég hef sérstaka ástæðu til þess að fagna þessum tíðindum. Það eru nú liðin 14 ár síðan ég bar fyrst fram frv. hér í þessari hv. d. um atvinnuleysistryggingar, sem í meginatriðum gekk í sömu átt og þetta frv., enda þótt nokkru lengra væri gengið og verkalýðssamtökunum gefnar á alla lund rýmri hendur um framkvæmdir.

Um langt árabil hefur Sósfl. flutt þetta frv. á hverju einasta þingi og málið ekki fengið þær undirtektir, að það tækist að fá það afgreitt úr nefnd, og gekk svo ár eftir ár. En fylgi verkalýðsstéttarinnar við málið hefur sífellt farið vaxandi, og var nú svo komið, að verkalýðsstéttin stóð algerlega einhuga að baki þessu frv. Þetta var hennar mál, og eitt hennar mesta mál. Fá mál, sem Alþ. hefur fjallað um, hafa varðað verkalýðsstéttina meira, enda var svo komið, að flest verkalýðsfélög á landinu höfðu þaulrætt málið og skorað einróma á Alþ. að samþykkja það og einmitt í þeirri mynd, sem það var flutt af þm. Sósfl. Í fyrra náðist svo nýr áfangi í málinu, þar sem frv. var flutt sameiginlega af þm. Sósfl. og Alþfl.

Það eru því mikil gleðitíðindi, að nú skuli

allir viðurkenna, að hér sé um mikið og gott nauðsynjamál að ræða. Það er gleðilegt að heyra, að það skuli vera viðurkennt í stjórnarblöðunum, að hér sé verið að fara þá hyggilegu leið að safna á góðu árunum til vondu áranna. Það er gott, að það skuli viðurkennt, að slíkir sjóðir sem atvinnuleysistryggingasjóðir séu mikil nauðsyn fyrir efnahagslíf landsins og að með slíkri löggjöf skapist nýir fjárhagslegir möguleikar til þess að leggja í framkvæmdir til að tryggja atvinnuöryggi landsmanna. En það er hins vegar til lítils sóma fyrir stjórnarvöld og Alþingi, að það skyldi þurfa 14 ár frá því að frv. var fyrst borið fram þar til stjórn og Alþingi áttuðu sig á þessum einfalda og mikilvæga sannleika. Það er til lítils sóma fyrir þessa aðila, að það skyldi þurfa fimm vikna verkfall eða nokkru betur þó til þess, að hæstv. ríkisstj. og þeir, sem að henni standa, léðu máls á því að ganga að þeim kostum, að slík nauðsynjalöggjöf yrði sett. Það er hart, að atvinnuvegir landsins skuli þurfa að stöðvast vikum saman til þess að koma vitinu fyrir löggjafann í svo einföldu og sjálfsögðu máli. Það er þó ekki vegna þess, að þau rök, sem allir virðast nú sammála um, hafi ekki verið borin fram áður. Þing eftir þing höfum við sósialistar flutt þessi einföldu rök og hamrað á þeim, en alltaf höfum við talað fyrir daufum eyrum. Það þurfti sex vikna verkfall til þess, að ríkisstj. og Alþingi fengju þessi rök inn í höfuðið, og þó munu nú flestir játa, að við værum öðruvísi á vegi staddir, ef frv. hefði orðið að lögum fyrir 14 árum. Þá mundi hafa verið hægt að leggja í ýmsar stórmikilvægar framkvæmdir, sem í öll þessi ár hafa orðið að bíða. Það hefði verið hægt að byggja fleiri verkamannabústaði. Húsnæðismál verkalýðsins hefðu ekki þurft að vera í því ófremdarástandi, sem þau eru nú. Það hefði verið hægt að leggja grundvöll að tryggara atvinnulífi á mörgum stöðum, sem hafa góða möguleika, en þar sem nú liggur við landauðn. Böl atvinnuleysisins hefði ekki orðið eins þungbært, og verkalýðsstéttin mundi búa við meira öryggi. Ef hún hefði slíkan bakhjarl sem sjóði, er numið gætu hundruðum milljóna kr., mundi hún ekki þurfa eins að kvíða hverju skakkafalli í atvinnulífinu og eiga skort og allsleysi yfir höfði sér, eins og oft er raunin á. En þetta er ein og einhver hin ljósasta sönnun þess, hvílík höfuðnauðsyn það er fyrir þessa þjóð, að Alþingi verði skipað í meira samræmi við hagsmuni hins vinnandi fólks.

Þetta frv. er í samræmi við það samkomulag, sem gert var milli deiluaðila í verkföllunum í vor, svo langt sem það samkomulag nær. Ég mun því ekki bera fram brtt. við þetta frv. Það ríður á því, að engin snurða hlaupi á þráðinn og að tryggt sé, að stranglega sé haldið sér við samkomulagið. En þetta þýðir hins vegar ekki, að ég sé ánægður með frv. í öllum greinum. Þvert á móti. Í ýmsum efnum tel ég, að það þyrfti mikilla lagfæringa við, og vona, að það verði endurbætt, þó að síðar verði.

Ég tel það ekki galla á frv., að sjóðirnir skuli vera á sérreikningi hinna einstöku verkalýðsfélaga, heldur þvert á móti einn helzta kost þess. Með því einu móti er tryggt, að sjálf tryggingastarfsemin geti verið í höndum verkamanna sjálfra með fullkomlega lýðræðislegum hætti. Með því einu móti er hægt að haga framkvæmdum og fyrirkomulagi öllu í samræmi við hinar breytilegu aðstæður á hinum ýmsu stöðum og óskir verkamanna sjálfra, sem líka geta verið breytilegar í ýmsum félögum og á ýmsum stöðum. Tryggingar, sem ekki eru á valdi verkamannanna sjálfra og þeim eru skammtaðar ofan frá, geta verið hermdargjöf og valdið mikilli óánægju, sem oft getur verið á rökum reist, og ég tel því ekkert nauðsynlegra en að koma svo sem unnt er í veg fyrir misnotkun slíkra trygginga. Jöfnun milli staða og félaga er hægt að koma fyrir á annan og hagkvæmari hátt en þann, að það sé einn og óskiptur sjóður, en einnig sú jöfnun tel ég að eigi að vera sem mest í höndum verkamanna sjálfra. Í 19. gr. þessa frv. er einmitt gert ráð fyrir slíkri jöfnun, og ég tel, að við það megi vel una í bráð. Síðar mætti finna leiðir til þess að efla heildarsjóðinn, sem nú er stofnfé tryggginganna. Þetta atriði, að verkalýðsfélögin hvert um sig ráði sjóðum sínum, að því er til tryggginganna tekur, er að þeirra dómi svo mikils háttar, að þau gerðu það beinlínis að skilyrði fyrir samningum. Annars vil ég taka það fram, að þegar margra ára atvinnuleysi ber að höndum, t. d. vegna langvinns aflabrests eða því um líks, þá er fjarri lagi, að þessir atvinnuleysissjóðir geti eða eigi að standa undir því. Til þess þarf sérstakar ráðstafanir.

En hér hefði átt að ganga lengra. Þessir sjóðir eru eign verkalýðsfélaganna. Þeir eru hluti af samningsbundnu kaupi verkamanna. Þess vegna eiga verkalýðssamtökin að hafa öll umráð yfir sjóðunum, einnig því, hvernig þeir eru ávaxtaðir og hvernig þeim er varið að öðru leyti. Þessari kröfu mun verða haldið fram, þar til hún verður borin fram til sigurs.

Ég tel það fráleitt fyrirkomulag, að tveir menn frá atvinnurekendasamtökunum skuli vera skipaðir í úthlutunarnefndina. Þetta er líka í ósamræmi við það, sem nefndin, sem frv. samdi, hafði hugsað sér, og er komið frá ríkisstj. Þarna höfum við enn hina frægu helmingaskiptareglu. Það er í alla staði óeðlilegt, að þeir, sem mest greiða til atvinnuleysistryggingasjóðanna, bær og ríki, skuli ekki eiga þarna fulltrúa, úr því að úthlutunin er ekki með öllu á vegum verkalýðssamtakanna. — Í annan stað er það óeðlilegt, að stjórn heildarsjóðsins skuli vera skipuð á þann veg, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. Þarna álít ég að hefði nægt að hafa þriggja manna stjórn, eins og líka upprunalega var gert ráð fyrir, þ. e. a. s. einn frá Alþýðusambandinu, einn frá vinnuveitendum og einn skipaður af ráðherra. Einnig þessi till. er frá ríkisstj. komin og líka með hliðsjón af helmingaskiptareglunni.

Bótaupphæðirnar eru að mínum dómi allt of takmarkaðar í 18. gr. frv. Hámarkið er allt of lágt. Í því efni sem öðrum tel ég, að verkalýðsfélögin ættu að hafa sem allra frjálsastar hendur, og getur ekki verið nein hætta fyrir tryggingarnar fólgin í því. Fráleitt tel ég að miða bótaupphæðirnar við bætur almannatryggginganna. Þetta eru algerlega sjálfstæðar tryggingar og geta aldrei komið að fullum notum, meðan miðað er

við þá hungurlús, sem bætur almannatrygginganna eru í flestum tilfellum eins og lögin eru nú.

Eitt atriði virðist óljóst í frv. Þar, sem svo stendur á, að ekki eru verkalýðsfélög í bæjar- eða *sveitarfélagi, en margir íbúanna hafa atvinnu* sína utan sveitar, er spurningin: Hvaða sveitarfélag eða bæjarfélag á þá að greiða iðgjöld vegna þessara manna, sem vinna utan sveitar? Er það heimilissveit eða sú sveit, þar sem vinnan er unnin? Mér virðist, að samkvæmt bókstaf frv. ætti það að vera það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem atvinnan er rekin, þar sem atvinnureksturinn fer fram, enda væri það eðlilegt. Það er nú ekki víða, sem svona stendur á. Hér koma Kópavogur og Seltjarnarnes helzt til greina. Ef þetta yrði skilið á annan veg, gæti hér verið um þungar búsifjar að ræða fyrir þessi sveitarfélög. Þetta atriði þarf því að verða fullljóst og ótvírætt og nauðsynlegt, að n. athugi það og taki af öll tvímæli.

Flestar af þessum mjög æskilegu lagfæringum, sem ég hef bent á, rúmast innan samkomulagsins, sem gert var í vor.

Ef n. gæti orðið sammála um þær lagfæringar, sem enginn ágreiningur er um að séu í samræmi við samkomulagið, væri það vel, þá væri það mjög gott og gæti orðið til stórbóta á frv. Hins *vegar mun ég sjálfur ekki bera fram brtt.* við frv. af þeim ástæðum, sem ég hef áður nefnt. Til þess að ekki verði vaktir upp nýir örðugleikar, sem kynnu að torvelda framgang frv., er nauðsynlegt, að hægt sé að ná sem mestu samkomulagi um öll atriði. Og ég vænti þess, að aðrir hv. þm. hafi sömu afstöðu og ég í þessu efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 578).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Eins og segir í áliti heilbr.- og félmn. á þskj. 578, kynnti n. sér frv. þetta með yfirlestri og umr. allýtarlega eða eftir því sem föng voru á. Við þá athugun kom fram, að ýmislegt er í frv., sem *nm. hefðu kosið á annan veg, enda er löggjöf sú,* sem verið er að stofna til með frv., algert nýmæli hérlendis og því frumsmíð að öllu leyti. Hún er samin af n., sem að vísu mun hafa kynnt sér nokkuð slíka löggjöf erlendis, en torvelt mun hafa reynzt að fá beinar fyrirmyndir þar, af því að aðstaðan er svo ólík þar og hér. Sérstaklega gerir hin árstíðabundna atvinna og svo ólíkar ástæður innanlands málið mjög flókið og vandasamt innbyrðis í landinu. Höfuðatriði frv. voru ákveðin með samningi, sem ríkisstj. átti hlut að til þess að leysa verkfallsdeiluna vorið 1955. Að hagga þeim höfuðatriðum með breytingum á frv., kemur að sjálfsögðu ekki til mála, það væri að stofna til samningsrofs. Hins vegar eru vitanlega smærri atriði, sem ekki væri samningsrof að breyta. En þar kemur til greina, að nú er þetta þing að enda, breytingar gætu sett málið í þá hættu, að það gengi ekki fram á þessu þingi, og það væri samningsrof. N., sem undirbjó frv., lagði í það mikla vinnu og mikill tími gekk hjá *n. í að sættast á sjónarmið þeirra aðila, sem* hlut eiga að máli og áttu fulltrúa í n. Breytingar, þótt smávægilegar kynnu að sýnast, mundu ef til vill valda mikilli óánægju, tefja málið og eyðileggja þann frið, sem um það virðist vera eins og það er nú. Í Nd. Alþingis var t. d. engin brtt. borin fram við frv. Loks er á það að líta, að í frv. eru fyrirmæli um, að löggjöf þessi skuli endurskoðuð eftir tvö ár, og það skiptir máli í þessu sambandi. Að öllu þessu athuguðu ákvað heilbr.- og félmn. að leggja til, að frv. verði samþ., og bera ekki fram neinar brtt. við það.

Hv. 4. þm. Reykv. (HG), sem átti sæti í undirbúningsnefnd þeirri, sem frv. samdi, skírskotar *í nál. heilbr.- og félmn. til sérálits sins í athuga*semdum, er fylgja frv. Aðrir heilbr.- og félmn.-menn hafa ekki skráð þau atriði, sem þeir hefðu kosið á annan veg í frv. Ég vil fyrir mitt leyti taka fram nokkur dæmi um það, sem ég tel að átt hefði að vera á aðra leið.

Ég tel óeðlilegt, að hinir tryggðu greiði ekki sjálfir eitthvað í tryggingasjóðinn. Mér þykir óeðlilegt, að sveitarstjórnir eigi ekki fulltrúa í úthlutunarnefnd bóta, bæði vegna þess, að sveitarsjóðir greiða að ¼ iðgjöld til tryggginganna og sveitarstjórnir annast fátækramál byggðanna og hafa af þeirri ástæðu öðrum betri skilyrði til þess að vita, hvar skókreppur eru mestar. Ég tel mjög óheppilegt, að atvinnuleysistryggingasjóðnum skuli nálega öllum vera skipt í séreignir félaga. Með því móti má segja, að þangað gangi auðurinn, sem hann er fyrir. Atvinnusælustu landssvæðin fá á þennan hátt mest í sjóðinn, þótt þau þurfi þess í raun og veru sízt. Í stað þess að atvinnuleysistryggingarnar vinni að því að tryggja, að jafnvægi haldist í byggð landsins, gerist með þessu móti í raun og veru hið gagnstæða.

Sums staðar eru lögin varla nógu skýr. Sem dæmi um það vil ég nefna, að ekki er æskilega augljóst, hvernig fara skuli að, þar sem eitt verkalýðsfélag nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög, sem lögin taka til. Dagsbrún nær t. d. yfir þrjú sveitarfélög a. m. k., Reykjavík, Kópavogskaupstað og Seltjarnarneshrepp. Aðalatriðið í þessu sambandi er auðvitað það, að bæði skyldur og réttindi samkvæmt lögum þessum haldist í hendur fyrir fólkið í öllum sveitarfélögunum. Þess vegna verður að treysta því, að í framkvæmdinni verði fundin leið til þess að láta skyldur og réttindi haldast í hendur einnig, þegar svona stendur á. Og ég efast varla um, að þetta takist í framkvæmdinni. Ég minnist á þessi dæmi, þó að engar brtt. fylgi.

Ástæðurnar fyrir því, að n. leggur til, að frv. verði samþ., þótt hún sé ekki ánægð með það, hef ég tekið fram. Þær liggja ljóst fyrir, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær. Reynslan sker vitanlega bezt úr um það, hvað laga þarf. Ekki seinna en eftir tvö ár gefst tækifæri til endurbóta, ef mönnum þá sýnist þeirra þurfa með, sem telja má sjálfsagt, af því að allt þetta frv. er nýmæli.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Þegar almannatryggingalögin á sínum tíma voru sett, var mjög um það rætt, enda augljóst þeim, sem að þeirri lagasmíð unnu, að þar var stórt skarð ófyllt. Markmið almannatrygginganna er að tryggja almenning gegn afleiðingum þess, ef starfsgetan bregzt vegna elli, sjúkleika, slysa, örorku eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum ástæðum. Það er því augljóst, að ef ástæða er til að tryggja starfsgetuna í þessum tilfellum, er jafnnauðsynlegt að tryggja almenning, þá sem hafa tekjur sínar og framfæri af vinnu í annarra þjónustu, gegn afleiðingum þess, ef starfsgetan verður verðlaus, þ. e. a. s. ef atvinnuleysi er fyrir höndum. Ég fagna því þess vegna mjög, að þetta frv. kemur nú fram, og tel, að með því, þó að á því séu ýmsir gallar, sé bætt úr mikilsverðri vöntun í félagsmálalöggjöf okkar og stórt spor stigið til þess að auka félagslegt öryggi í landinu og þar með tryggja kjör og hag almennings.

Ég hef leyft mér að láta fylgja grg. frv. sérálit mitt í þeirri n., sem starfaði að undirbúningi þessarar löggjafar. Ég hefði talið langheppilegasta fyrirkomulagið á þessu, að upp hefði verið sett sérstök stofnun, sem annaðist bæði vinnumiðlunina og atvinnuleysistryggingarnar og hefði með höndum skráningu alls fólks á starfsaldri eða a. m. k. þess fólks, sem hefur atvinnu sína sem launþegar í þjónustu annarra manna, þannig að á hverjum tíma væri til yfirlit yfir þessar stéttir og hvernig atvinnu þeirra væri háttað. Enn fremur hefði ég talið sjálfsagt, að þessi stofnun hefði til ráðstöfunar eða hefði yfirumsjón með úthlutun þess atvinnubótafjár, sem veitt er á hverjum tíma, og einnig a. m. k. væri með ríkisstj. í ráðum um notkun og úthlutun þess fjár, sem á hverjum tíma er lagt fram til atvinnuaukningar eða til aukins jafnvægis í byggð landsins, eins og nú er mjög talað um. Þá hefði ég einnig gert ráð fyrir því, að þessi sama stofnun hefði með höndum fyrirgreiðslu um að sjá unglingum og öryrkjum, sem nokkra starfsgetu hafa, fyrir vinnu við þeirra hæfi. Ef slík stofnun væri komin á fót, sem hefði allsherjar yfirlit yfir fjölda og ástæður þess fólks í landinu, sem hefur framfæri af vinnu í annarra þjónustu, og héldi uppi vinnumiðlun og skrásetti atvinnuleysingja, hefði fé til umráða til nokkurra atvinnuleysisframkvæmda og eins til atvinnujöfnunar, eins og ég áður hef drepið á, þá væri augljóst, að fullkomlega mætti tryggja það, að ekki yrði gripið til þess að greiða bætur fyrir atvinnuleysi, þ. e. a. s. greiða mönnum fyrir að ganga atvinnulausir, fyrr en öll önnur sund væru lokuð. Ég leyfi mér að drepa á þetta hér í d., því að ég tel alveg hiklaust, að í þessa átt beri að stefna: fyrst að gera allar þær ráðstafanir, sem unnt sé með skipulegum hætti, til þess að afstýra því, að fólkið sé atvinnulaust, og ekki greiða atvinnuleysisbætur fyrr en öll önnur sund séu lokuð, ef svo mætti segja. Um þetta gat ekki orðið samkomulag í þeirri nefnd, sem vann að undirbúningi þessa frv., enda skal játað, að það var stórum viðtækara svið, sem till. mínar fjölluðu um, heldur en gert var ráð fyrir í því samkomulagi, sem gert var í sambandi við lausn verkfallsins á s. l. vori. Ég tel því, þar sem þessi leið er hér opin, að það sé sjálfsagt að samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir, en vil þó eins og hv. frsm. nota tækifærið til þess að benda á það, sem ég tel að þurfi hið fyrsta að lagfæra í þessu frv.

Ég tel eins og hv. frsm. höfuðgalla frv. þann, að eins og frá því er gengið nú, eru allar líkur til þess, að mest fé safnist í atvinnuleysissjóðina á þeim stöðum, þar sem minnst er með þá að gera, minnst er þörfin, en hins vegar verði minnst fé handbært í þessu skyni, tekjurnar minnstar, þar sem mest er þörf á atvinnuleysisbótum. Þetta er afleiðing þess, að gert er ráð fyrir því í frv., að allar tekjur atvinnuleysissjóðsins skiptist niður á sérreikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga, og þá liggur í augum uppi, þar sem ekki er aðeins að ræða um iðgjöld atvinnurekenda, heldur einnig framlög ríkis og sveita, að mest safnast í sjóðina á þeim stöðum, þar sem atvinnan er mest og hæstar greiðslur vinnulauna. Ég hefði talið alveg sjálfsagt, að nokkur hluti af framlagi ríkissjóðs hefði gengið til sameiginlegs sjóðs fyrir allt landið til þess að jafna metin, til þess að veita sérstakan stuðning þeim héruðum, þar sem atvinnuleysið er mest og tekjur sjóðanna af þeim ástæðum bregðast. Ég geri mér vonir um, að við þá endurskoðun, sem á að fara fram á löggjöfinni innan tveggja ára, verði þetta atriði tekið til gaumgæfilegrar athugunar og úr því bætt.

Þá tel ég einnig, að mjög sé gallað það ákvæði frv., sem segir til um, hvernig eigi að skipta tekjum atvinnuleysissjóðs á milli hinna einstöku verkalýðsfélaga í umdæminu. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að tekjunum t. d. hér í Reykjavík eigi að skipta á milli verkalýðsfélaganna hér eftir starfsgreinum þeim, sem hvert einstakt verkalýðsfélag hefur samninga um. Ég álít, að miklu eðlilegri og sanngjarnari skipting sé sú, að tekjunum sé skipt milli verkalýðsfélaganna beinlínis miðað við meðlimatölu þeirra, þ. e. a. s. að tekjurnar, sem greiddar eru í sjóðinn vegna hvers einstaks manns, renni í sjóð þess félags, sem hann er meðlimur í. Ég óttast, að það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir í frv., verði til þess að skapa nokkra erfiðleika við að ná samkomulagi milli hinna einstöku félaga um það, hvernig skiptingin eigi að fara fram milli sérreikninga félaganna á sama stað. Þetta atriði tel ég einnig nauðsynlegt að athuga við væntanlega endurskoðun og geri mér vonir um, að þá verði úr því bætt.

Þá tel ég einnig, að ákvæðin um stjórn sjóðsins, sjö menn, séu ekki hyggileg. Ég hefði álitið, að það væri nóg að hafa í henni 3 menn, eftir því verkefni, sem sjóðsstjórninni er ætlað, einn frá atvinnurekendum, einn frá verkamönnum og einn frá ríkisstj., og einnig tel ég, að skipun úthlutunarnefndar sé, ef ég mætti orða það svo, alveg fráleit, en þar eiga að sitja 2 frá atvinnurekendum og 3 frá verkamönnum, en enginn frá hlutaðeigandi sveitarfélagi eða ríkisstj., sem sameiginlega leggja fram ¾ hluta fjárins.

Ég bendi á þessi atriði nú, en þar sem nauðsynlegt er að afgr. frv. á þessu þingi, sem senn lýkur nú, og samkomulag er um höfuðatriðin, þá mun ég þó ekki bera fram brtt. við frv. um

þetta efni, heldur fylgja því óbrevttu í þeirri von, að þegar lögin verða endurskoðuð, verði tekin til greina þau atriði, sem ég nú hef bent á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er ekki hægt að segja, að miklum tíma sé eytt í þetta mál hér í hv. d., jafnvel þó að tveir menn töluðu við 2. umr. þess og fáein orð verði sögð nú við 3. umr. Ég skal þá ekki heldur fjölyrða um málið, en þó get ég ekki verið ánægður með það, að þetta stóra mál verði samþ. hér í hv. d., án þess að það heyrist, að hér er um töluvert nýstárlegan undirbúning lagasetningar að ræða.

Hv. frsm. n., sem fjallaði um þetta mál, sagði núna áðan við 2. umr. þess, að þetta væri algert nýmæli hér á landi, og er það rétt. En það er fleira, sem er nýtt í sambandi við þetta mál, m. a. það, að þó að hv. n. leggi til að samþ. frv., sem er allmikill bálkur, óbreytt, þá talar hv. frsm. í raun og veru á móti ýmsum atriðum þess, eða a. m. k. getur um það, að hann hefði kosið þessi atriði á allt annan veg, og ekki nóg með það, heldur talar á eftir honum maður úr mþn., sem samdi þetta frv. og mun hafa verið þar aðalmaður, og hann hefur sömu sögu að segja.

Í nál. er getið um það, að þetta frv. sé árangur af samningum, sem gerðir hafi verið við verkfallslausn, og er það öllum mönnum í Alþ. kunnugt. Það er líka nýstárlegt, að samið sé um svo stórfellda löggjöf í raun og veru alveg utan við þingið. Ég skal ekki fara fleiri orðum um það, en ég vil láta í ljós, að það er ekki sérlega mikið svigrúm, sem t. d. hv. Ed. gefst til athugunar á þessu máli, þegar það er tekið til 2. umr. nú áðan og 3. umr. nú, og fyrir hönd n. er það sagt, að frv. hefði þurft breytinga við, en ekki sé fært að gera till. um það, og það er tekið undir það af manni, sem ef til vill er aðalhöfundur þessa frv. — Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta.

En ég kynni miklu betur við að skilja þó öll ákvæði frv. eða sem allra flest, og þess vegna vildi ég gera hér litla fyrirspurn til hv. n. um, hvernig beri að skilja það. Það er út af e-lið 16. gr. Þar stendur, seinast í þessum staflið: „Bótaréttur glatast þó eigi, þó að hafnað sé vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, fyrr en hlutaðeigandi hefur notið bóta í 4 vikur.“ — Það er nú fyrst og fremst það, hvað er átt við með „öðru byggðarlagi“. Á maður, sem er kannske atvinnulaus í Hafnarfirði, en getur fengið atvinnu í Reykjavík, að geta krafizt atvinnuleysisbóta þegar í stað, þó að strætisvagnar gangi á milli þessara staða oft á hverjum klukkutíma? Og svo er um fleira. Það er stutt á milli sumra byggðarlaga hér á landi. Auðvitað er margt fleira í frv., sem hefði þurft nánari skýringar við, en af sérstökum ástæðum er mér sérstök forvitni á að vita, hvað meint er með þessu ákvæði. Yfirleitt verð ég að taka undir það, sem hv. 4. þm. Reykv. (HG) sagði við 2. umr. málsins, að mér hefði fundizt, að bætur ættu þá fyrst að koma til greina, þegar í gegnum vinnumiðlun og aðrar ráðstafanir öll sund eru lokuð um það að útvega styrkþega atvinnu.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði hér áðan, að það er fleira nýstárlegt við þetta mál en frv. sjálft. Það er einmitt mjög nýstárlegt, að samið sé um ákveðna lagasetningu utan þings og þingið í raun og veru skuldbundið með þeim samningi, og það væri ekki æskilegt, að það gerðist oft. Bót er það þó í máli, að þegar þeir samningar voru gerðir, munu þingflokkarnir hafa vitað, hvað var að gerast, og þm. þannig haft tækifæri til þess að láta koma fram sína afstöðu.

Hv. 1. þm. Eyf. óskaði skýringar hér á einu atriði. Ég gat þess í ræðu minni áðan, að ákvæði væru í frv., sem æskilegt hefði verið að væru ljósari, en í trausti þess, að úr þeim verði greitt í framkvæmdinni, hefði n. ekki flutt tillögur um þau, enda stutt þangað til lögin eiga að endurskoðast.

Þetta atriði, sem hv. þm. gerði fyrirspurn út af, í niðurlagi 16. gr., e-lið, virðist mér vera sæmilega ljóst, ef um það er hugsað, og ákvæðið ekki heldur óeðlilegt. Það er, að bótaréttur glatist eigi, þótt hafnað sé vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, fyrr en hlutaðeigandi hefur notið bóta í 4 vikur, þ. e. mánaðartíma. Mér finnst það eðlilegt, að maður, sem getur ekki fengið atvinnu í heimabyggð, sé ekki skyldugur að sækja atvinnu lengra til fyrr en eftir 4 vikur; ekki skyldugur til þess undantekningarlaust. T. d. geta heimilisástæður hans verið þannig, að hann eigi torvelt með að fara frá heimili sínu. Mér finnst eðlilegt, að hann hafi þann ráðrúmstíma, en hitt er það, að svo stutt getur verið á milli byggða, að þetta sé eins og maðurinn sé heima hjá sér, og það á við um dæmi, sem þm. tók. Maður, sem er í Hafnarfirði, fer í raun og veru ekki í venjulegri merkingu þeirra orða að heiman, þó að hann fari með strætisvagni til að sækja vinnu í Reykjavík, og ég get ekki hugsað mér, að framkvæmd þessara mála verði svo stirð og svo fráleit, að þetta ákvæði komi til, þegar um slíkt er að ræða sem þarna var nefnt sem dæmi. En ráðrúmsöryggi það, sem einstaklingurinn hefur samkv. þessari grein, finnst mér eðlilegt. Mér finnst það eðlilegt, að maðurinn úr Hafnarfirði verði strax að sinna vinnu í Reykjavík, en jafneðlilegt finnst mér það, að hann sé ekki skyldugur til þess að fara að heiman a. m. k. fyrr en eftir mánuð, ef hann ætti að fara norður á Langanes eftir atvinnunni. Ég efast ekki um, að framkvæmdin greiðir úr svona atriðum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og bæði nál. á þskj. 578 ber með sér og tekið hefur verið fram hér af hv. frsm., gafst hv. heilbr.- og félmn.

þessarar hv. d. lítið tækifæri til þess að lesa og athuga gaumgæfilega frv. það, sem hér liggur fyrir til 3. umr., og vil ég taka undir það með hv. frsm., að ég tel, að hv. Nd. hefði mátt ætla þessari d. lengri tíma til þess að athuga frv. en gert hefur verið. En mér þykir einnig ástæða til þess að minnast á, og það undrar mig meira, að enginn hæstv. ráðh. hefur látið falla eitt einasta orð um þetta mál hér við þrjár umræður, hvorki við 1. umr., 2. né 3., og verður það ekki skoðað öðruvísi en svo, að hér sé raunverulega um samning að ræða, sem engan veginn sé hægt að breyta í einu né neinu, og hefur enda hv. heilbr.- og félmn. gengið út frá því, eins og sést í nál., svo að það kann að vera, að það hefði verið tómt mál að tala um það, þótt n. hefði haft málið til meðferðar lengur en raun ber vitni um.

Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að það hefur verið hér gefið eitt fordæmi áður á líkan hátt og nú, þ. e. þegar samið var um að greiða allt að 16 millj. kr. úr almannatryggingasjóðunum til þess að leysa verkfall, sem ekki þótti mögulegt að leysa á annan hátt en þann að breyta þeim lögum raunverulega utan þings, þótt leitað væri samþykkis þingsins formlega síðar. Ég hygg, að margir hafi harmað það, að það skyldi vera farið inn á þá leið, en nú er þetta endurtekið hér, og skal ég ekki fara frekar út í það, en ég vil — og það var þess vegna, sem ég stóð upp — benda á, að ég skil svo þennan samning, sem hér er gerður, að hann standi ekki lengur en á meðan vinnu- eða kjarasamningurinn stendur á milli atvinnurekenda og atvinnuþiggjenda í þessu landi, og strax og þeim kjarasamningi er sagt upp eða honum breytt, séu báðir aðilar lausir í sambandi við þetta mál, og það er m. a. vegna þess, sem ég get fellt mig við, að þessi lög verði samþ. nú. Fyrir þessu er einnig fordæmi. Þegar útrunninn var samningstíminn eða það tímabil, sem samið var um í sambandi við lausn vinnudeilunnar, þar sem tekið var inn, að greiddar skyldu fjölskyldubætur með 2. barni, gert annað verkfall út af töluvert hærri kröfum til atvinnurekenda, áleit hæstv. ríkisstj., að hún væri laus af þeim samningum, enda er það svo nú, að þeim lögum er breytt aftur þannig, að ef frv. verður samþ., verður ekki greitt með 2. barni, eins og þá var gert ráð fyrir, svo að ég tel ekki, að þetta frv. taki til lengri tíma en þess tíma, sem þessi kjarasamningur gildir, og gefst þá tækifæri til þess að athuga mörg ákvæði í frv., þegar gerður verður næsti kjarasamningur. Og það er eingöngu með það fyrir augum, að ég hef samþ. að leggja til fyrir mitt leyti, að frv. verði samþ. óbreytt. Það er þá hér um samning að ræða, sem ekki er hægt að rifta, en sé honum breytt á einhvern hátt síðar meir, sé það einnig frjálst atriði að mega ræða um ýmsar breytingar á þessari löggjöf.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 602).

29. Tollheimta og tolleftirlit.

Á 24. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og á l. nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyt. á þeim lögum [111. mál] (stjfrv., A. 135).

Á 25. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í þessu frv. eru talsvert mörg ákvæði, sem öll eru til styrktar tollgæzlunni. Ég mun ekki rekja öll þessi atriði, en drepa á nokkur þau veigamestu.

Það fyrsta, í 4. gr. frv., er nýmæli um, að setja megi þau skilyrði fyrir því, að skip fái fyrstu afgreiðslu á tilteknum tollafgreiðsluhöfnum, að koma skipsins á staðinn sé tilkynnt með talsverðum fyrirvara. Þetta er mjög nauðsynlegt, en hefur ekki verið í lögum áður eða heimilt að áskilja slíkar tilkynningar fyrir fram. En það getur verið nauðsynlegt fyrir tollgæzlumenn að vita með nokkrum fyrirvara, að skips sé von, til þess að hægt sé að senda tollgæzlumenn til að taka á móti skipinu.

Þá vil ég næst drepa á nýmæli í 10. gr. frv. Þar er ákvæði um, að það megi efna til húsleitar í verzlunum og vörugeymslum þeirra, en fram að þessu hefur í lögum aðeins verið heimild til þess að ganga um og leita í húsum skipaafgreiðslnanna sjálfra. Eins og menn vita, hefur verið talið, að nokkur brögð væru að því, að tollsvikinn varningur væri á boðstólum í verzlunum. Menn hafa talið sig vita slíkt, og mikið er rætt um, hvað hægt væri að gera til þess að gera slíkt óaðgengilegra, og er þetta ákvæði sett hér í frv. með tilliti til þess, að þá sé heimild til þess að láta fara fram húsleit í verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef menn hafa rökstuddan grun um, að þar sé tollsvikinn varningur geymdur.

Þá er í 11. gr. frv. nýmæli, og er það eitt höfuðnýmæli frv. Þar segir að efni til, að ef tilteknar vörur séu háðar ströngum innflutningshömlum eða aðrar ástæður valdi því, að nauðsynlegt sé að fylgjast sérstaklega vel með innflutningi tiltekinna vörutegunda, þá geti fjmrn. með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem hafa þessar vörur á boðstólum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þetta er mikilsvert nýmæli, og ég get vísað í því sambandi til þess, sem áður hefur verið upplýst hér á hv. Alþingi í umr. um þessi mál. Það hefur sem sé ekki verið mögulegt að fylgja eftir rannsókn á uppruna ýmissa þeirra vara, sem á boðstólum eru í verzlunum, þó að grunur hafi leikið á, að þær væru tollsviknar, vegna þess að sönnunarbyrðin hefur alveg legið á yfirvöldunum. En þarna er gerð sú undantekning frá þessu, að ef sérstaklega stendur á með vörurnar, þá sé heimilt að skylda þann, sem vörurnar hefur á boðstólum, til þess að sýna beinlínis fram á, að hann hafi greitt lögmæta tolla af vörunum, ef

slíks er krafizt. Það hefur ekki þótt fært að leggja til að hafa þetta ákvæði fortakslaust um allar vörur, heldur haga þessu þannig, að ráðuneytið gæti gefið út tilkynningu um tilteknar vörur, sem skylt væri þannig að gera grein fyrir, ef krafizt væri.

Þá er í 15. gr. frv. ákvæði um, að ráðuneytinu sé heimilt að setja sérstakar reglur um það, hversu fara skuli með flutning ótollafgreiddra vara á milli hafna innanlands, og að það skuli vera hægt að ákveða, að það þurfi sérstakt leyfi til þess að hafa slíkan flutning með höndum á vörum, sem ekki hafa fengið tollafgreiðslu, en eru fluttar áfram frá einum stað á ströndinni til annars staðar, og jafnframt heimilað að setja sérstök ákvæði um, hvernig með þessar vörur skuli farið yfirleitt og umbúnað þeirra og jafnvel gerð sjálfra farartækjanna til þess að tryggja betur en með öðru móti er hægt, að þarna geti ekki átt sér stað nein misnotkun.

Þá eru í 18. gr. frv. þrjú mikilsverð nýmæli og eru það mikilsverðustu nýmælin í frv. ásamt því, sem ég greindi um heimildir til húsrannsókna og heimildir til þess að láta gera sérstaka grein fyrir tilteknum vörum. Vil ég gera dálitla grein fyrir þessum nýmælum, enda þótt það sé mjög ýtarlega gert í sjálfri grg. frv.

Hingað til hefur ekki þurft að sækja um neitt sérstakt leyfi til þess að fá að annast afgreiðslu farartækja, t. d. farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum, eða til þess að geyma ótollafgreiddar vörur. Það hefur yfirleitt verið „praksis“, að skipafélögin hafa valið sér sjálf aðila til þess að hafa þetta með höndum eða haft það með höndum sjálf í eigin nafni, en í 18. gr. frv. er ákvæði um, að enginn megi annast afgreiðslu farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða geymslu ótollafgreiddrar vöru, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi frá fjmrn. Er þá gert ráð fyrir því, að þessum leyfum fylgi skilyrði um, hvernig umbúnaður þarf að vera og framkvæmd þessara mála þarf að vera yfirleitt, til þess að fjmrn. geti á það fallizt, að hann hafi með höndum afgreiðsluna.

Þá er annað nýmæli í 18. gr. mjög þýðingarmikið. Þeir, sem fá leyfi til að hafa með höndum skipaafgreiðslu og þar með leyfi til að geyma ótollafgreiddar vörur, því að það verður að fylgjast að, eins og aðstæður eru hér á landi, skulu leggja tolleftirlitsmönnum til án endurgjalds hæfilegt rúm í hverju vörugeymsluhúsi til rannsóknar á vörum. Það eru ekki í lögum nú nægilega skýr ákvæði um þetta og ekki hægt að leggja fullnægjandi kvaðir á skipafélag eða afgreiðslu í þessu tilliti. Heimildirnar eru ekki nógu glöggar í löggjöfinni eins og hún er, og þess vegna er lagt til, að tekið sé fram berum orðum í þessari nýju löggjöf, að þetta húsnæði verði aðilar að leggja til. Mundi þá að sjálfsögðu verða tekið fram, þegar leyfin væru veitt, hvað mikið þyrfti til að leggja til þess að uppfylla þetta skilorð.

Þá er þriðja atriðið í 18. gr., sem er líka talsvert þýðingarmikið, heimild til þess, að rn. geti mælt svo fyrir, að vörur sem fluttar eru til landsins í lokuðum umbúðum, til að mynda í kössum eða þess konar umbúðum, eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, megi aðeins flytja úr flutningatækjum í tiltekin vörugeymsluhús, sem eru vel til þess fallin að geyma í slíkar vörur, og geymdar þar þangað til full athugun hefur farið fram. En eins og nú er háttað, er ekki hægt að hafa þessa íhlutun um starfsemi þeirra, sem flytja vörurnar til landsins, og þess vegna vill það nú verða svo, að afgreiðslu skipanna er ekki hagað á þann hagfelldasta hátt fyrir tollgæzluna. Stundum eru þau hús, sem bezt eru fallin til þess að taka við kassavöru, sem sérstakra rannsókna þarf við, ekki notuð til þess, heldur notuð til þess að taka við sekkjavöru, en kassavaran aftur flutt lengra til í geymsluhús, sem sum standa lengra frá höfnunum, og því miklu erfiðara að gæta þess, að engin misnotkun geti átt sér stað á leiðinni, þegar vörurnar eru fluttar þangað.

Öll þessi ákvæði miða að því, á meðan tollgæzlan ræður ekki yfir svo miklu húsrými, að hún geti tekið heila skipsfarma til sín og haft þá beinlínis í sinni vörzlu og afhent þá smátt og smátt til innflytjendanna, sem er hið æskilegasta fyrirkomulag, sé hægt að leggja þeim, sem flytja vörurnar til landsins, þær skyldur á herðar, sem greinir í frv., og styrkja þannig eftirlitið.

Ég vil geta þess, að rn. hefur látið athuga, hvernig þessu er fyrir komið í nálægum löndum. Í Svíþjóð eru bæjarfélögin eða hafnirnar skyldar til að leggja tollgæzlunni til geymsluhús og geymslusvæði, og fyrir þetta fá bæirnir eða hafnirnar ákveðinn hundraðshluta af aðflutningsgjöldunum. Ef varan er ekki tollafgreidd beint við skipshlið, er hún öll sett inn í þetta húsnæði, sem tollyfirvöldin beinlínis ráða yfir, og þannig er reynt að gæta þess með samanburði, að allt standi heima við farmskrárnar. Allt er í höndum tollgæzlunnar frá fyrstu byrjun og þangað til vörurnar fara til réttra móttakenda. Í Noregi á tollgæzlan eða leigir vörugeymsluhús við hafnirnar og varan flutt úr skipunum í þessi hús tollgæzlunnar og síðan afgreidd þaðan smátt og smátt til móttakendanna. Í Englandi er þessum málum þannig fyrir komið, að tollyfirvöldin eiga sumpart sjálf hús, en þó algengara, að viðurkenndir eru sérstakir uppskipunarstaðir í höfnunum og viðurkenndar vissar vörugeymslur til þess að taka við ótollafgreiddum vörum. Þessi hús eru ýmist í eign hafnanna eða í einkaeign, en eigendur þeirra verða að undirgangast ýmis skilyrði, sem sett eru til þess að tryggja, að tollgæzlan hafi hæfileg afnot húsanna, enda þótt þetta séu einkahúseignir, en ekki hús tollgæzlunnar sjálfrar. Enn fremur er reynt að koma því svo fyrir, að þessi hús standi þannig, að auðvelt sé að fylgjast með flutningi varningsins frá skipshlið og í húsin.

Það er mín skoðun, að stefna þurfi að því, að tollgæzlan eignist eigin vörugeymsluhús fyrir vörur, sem ekki er hægt að tollafgreiða við skipshlið, og að það sé heppilegasta framtíðarlausn þessara mála, að tollgæzlan eigi a. m. k. talsvert af húsum, sem hægt er að nota í þessu skyni. En það er óralangt fram undan, að slíkt geti orðið, því að það þarf feikilega mikið fé til þess að reisa tollgæzlustöðvar, er hafi ráð á svo stórum vörugeymsluhúsum. Má líka

vera, að slíku marki verði hér aldrei náð vegna þess, hversu þar væri um mikla fjárfestingu að ræða, en ríkið á í mörg horn að líta.

Ég hef haft mikinn hug á því undanfarið að byrja á byggingu vöruskemmu fyrir tollgæzluna, en það hefur verið svo mikil ásókn um fjárframlög í aðrar opinberar framkvæmdir, að þetta hefur setið á hakanum. Ég mun þó beita mér fyrir fjárframlögum í þessu skyni, og er *dálítil byrjun á fjárlagafrv. Það er nokkur fjárveiting* til tollgæzlustöðvar í Reykjavík. Gæti líka komið til mála að hafa þann hátt á þessu, sem hafður er t. d. í Svíþjóð, þar sem sérstakt gjald er tekið til þess að koma upp þessum byggingum. En eins og ég sagði áðan, mundi þurfa að byggja hér frá grunni. Það verður þess vegna að fara aðrar leiðir um langa hríð en þá að leggja vörurnar í hús, sem tollgæzlan á sjálf, og þess vegna er þetta frv. allt miðað við, að það verði að búa við það fyrst um sinn, að aðrir en tollgæzlan eigi vörugeymsluhúsin. Frv. er byggt á því að leggja þeim, sem eiga slík vörugeymsluhús, auknar skyldur á herðar, svo að hægt sé að koma við skipulegri vinnubrögðum en unnt hefur verið fram að þessu. Og það má segja, að það sé talsvert mikið stuðzt við enska fyrirkomulagið, sem ég var að lýsa áðan, eins og ég veit að hv. þingmenn hafa komið auga á.

Þessi eru þá stærstu nýmælin, sem í frv. felast, en svo eru mörg önnur atriði, sem öll miða í sömu átt og eru til þess ætluð að taka af tvímæli og gefa aukið vald á þessum málum. Þetta er um þá hlið tollgæzlunnar, sem snýr að löggjafarstarfinu, og vænti ég, að hv. Alþingi sjái sér fært að samþykkja frumvarpið. Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn., og vonast eftir því, að hv. Alþ. taki þessu máli með velvild og skilningi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 250).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Fjhn. hefur lesið þetta frv. og borið það saman við gildandi lög.

Við 1. umr. málsins flutti hæstv. fjmrh. ýtarlega ræðu, þar sem hann gerði grein fyrir helztu nýmælunum, sem felast í frv. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða um einstakar greinar frv., þar sem það yrði að mestu endurtekning á því, sem áður hefur komið fram í umr. um málið.

Eins og segir í nál. fjhn. á þskj. 250, er stefnt að því með flestum þeim lagabreytingum, sem felast í frv., að auðvelda tollgæzlunni eftirlit með innflutningi á vörum og gera það öruggara.

Fjhn. mælir einróma með því, að frv. verði samþ. með tveimur smávægilegum breytingum, sem till. eru um á þskj. 250. Eru það aðallega lagfæringar á orðalagi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 250,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 250,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
20.—24. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkgvr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 23. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 260, 267).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Ég vil geta þess í sambandi við brtt. fjhn. á þskj. 267, að þar er eingöngu um að ræða formsbreytingar á frv. til lagfæringar, og eru till. gerðar í samráði við skrifstofu Alþingis, en ekki er um neinar efnisbreytingar að ræða.

ATKVGR.
Brtt. 267,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 267,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 267,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., 24. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 274).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. muni fara í fjhn., sem athugar það, og þá vil ég benda á, að hér er frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 30. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og l. nr. 59 30. des. 1939 og nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyt. á þeim lögum. Þetta er m. ö. o. frv. til l. um breyt. á fjórum öðrum lögum. Þau eru ekki færð saman. Og svo á almenningur, sem á að borga toll eftir þessum lögum öllum saman, að finna, í hverjum lögunum hvert atriði er. Er það í þessum eða þessum eða þessum eða þessum? Hann verður að leita á fimm stöðum til að sjá, hvað er rétt.

Ég skal viðurkenna það, eins og ég sagði, þegar ég talaði um sauðfjársjúkdómavarnirnar, að það er náttúrlega hægara fyrir þingmenn að bera saman grein fyrir grein, þegar aðeins eru teknar upp breytingarnar. En það er ónothæft fyrir almenning að heita má, og þó er ætlazt til, að hann þekki lögin, og hlýði þeim. Það á að færa þetta inn í lögin, færa öll lögin saman og gera úr þeim eitt lagafrv. Þá hefur maður það í því lagi eins og það er og þarf ekki að leita á ótal stöðum að, hvað eru lög og hvað ekki lög, og ég vil beina því til n. að gera þetta. Það kostar dálitla vinnu, en hún er ekkert mikil, en það er líka *ólíkt aðgengilegra fyrir allan almenning*, sem þarf að nota lögin, þegar búið er að færa það saman í heild, heldur en svona breyting við lög og þeim lögum búið að breyta þrisvar sinnum áður.

Forseti (GíslJ): Út af því, sem hv. þm. minntist á, mun að sjálfsögðu hv. form. n. taka þetta til athugunar. Annars vil ég benda honum á, að í 24. gr. laganna er gert ráð fyrir því að gefa lögin út svo breytt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 79., 80., 82., 83. og 85. fundi í Ed., 2., 5., 8., 12. og 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 86. fundi í Ed., 16. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 274, n. 428, 437).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem nú er tekið til 2. umr. hér í þessari hv. d., er um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit. Það var upphaflega lagt fram í hv. Nd. af ríkisstjórninni. Frv. mun hafa verið samið í samráði við og af þeim mönnum, sem mesta reynslu hafa við tollheimtu og tolleftirlit hérlendis. Vil ég þar til nefna tollstjórann í Reykjavík og fulltrúa hans.

Aðallögin, sem nú gilda um tollheimtu og tolleftirlit, voru sett árið 1937. Litlar breytingar hafa verið gerðar á þeim síðan, og þó voru þau 1937 að mestu nýmæli og sniðin eftir þörfunum eins og þær voru þá. Tímarnir hafa breytzt mikið á þeim nálega 20 árum, sem lögin hafa gilt. Samgöngur eru stórlega breyttar og vöruflutningar frá útlöndum að ýmsu leyti með öðrum hætti. Ferming og afferming skipa er framkvæmd með allt öðrum vinnubrögðum en þá voru viðhöfð. Krefst þetta í ýmsum efnum nýrra fyrirmæla, t. d. um skipaafgreiðslu og meðferð á ótollafgreiddum vörum. Frv. er þess vegna fullkomlega tímabært. Í Nd. var frv. afgreitt með góðu samkomulagi. Fjhn. þar hafði það til athugunar. Stóðu saman í n. allir flokkarnir fjórir, sem þar eiga fulltrúa. Voru að tillögum n. gerðar á frv. nokkrar smávægilegar breytingar. Út úr deildinni var það samþykkt með samhljóða atkv. Það mátti því segja með sanni, að frv. hreppti góð veður í Nd.

Hér í Ed. var frv. vísað til fjhn. Þar fór ofur lítið að gusta um frv., þó að ekki væri í stórum stíl, og var það helzt af Barðaströnd, þó að ekki stórveður væri, miðað við þá stormasömu strönd. N. hefur haft frv. til umr. á mörgum fundum. Að því var horfið að senda það til umsagnar þrem stærstu flutningaskipaútgerðunum, Eimskipafélagi Íslands, skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Skipaútgerð ríkisins. Enn fremur ræddi n. frv. við tollstjórann í Reykjavík, fulltrúa hans og fulltrúa í fjmrn. og fékk margháttaðar skýringar á þeim nýmælum, sem í frv. eru. Skipaútgerðirnar sendu sínar umsagnir. Skipaútgerð ríkisins gerði engar athugasemdir. Skipadeild S. Í. S. og Eimskipafélag Íslands minntust á allmargt, einkum Eimskipafélagið, sem þau félög telja æskilegra á annan veg. Er það mjög skiljanlegt, af því að nokkur kostnaður og fyrirhöfn fellur á skipaútgerðirnar við sum nýmælin, sem eiga að tryggja aðstöðuna til betra tolleftirlits en nú er. Slíku vilja skipafélögin víkja frá sér, ef hægt er. N. sendi tollstjóranum í Reykjavík athugasemdir skipafélaganna til umsagnar, og svaraði hann þeim á svo fullnægjandi hátt, að þrír af fimm nm. fjhn. gera engar brtt. við frv. um það efni. Hins vegar flytja tveir nefndarmenn, hv. þm. Barð. og hv. þm. Seyðf., 10 brtt. við frv. á þskj. 437. Eru því viðtökurnar, sem frv. fær hér í þessari hv. d., nokkuð aðrar en í Nd. Hins vegar lýsa allir nm. yfir, að þeir mæli með samþykkt frv., þótt tveir þeirra hafi tekið sér ákveðna sérstöðu til þess að óska breytinga á frv.

Eina sameiginlega brtt. ber n. fram í áliti sínu á þskj. 428. Hún er um það, að eftir að þessu ári lýkur, skuli af vörumagnstolli, verðtolli og öðrum aðflutningsgjöldum, þó eigi söluskatti né framleiðslusjóðsgjaldi, tekið 1% og sú upphæð, sem það gefur, lögð í sérstakan sjóð. Fé sjóðs þessa á að verja til byggingar tollstöðva í landinu eða til kaupa á fasteignum til sömu þarfa. Er mjög aðkallandi að bæta aðstöðu við tolleftirlitið og tollheimtuna hér í Reykjavík og á tollhöfnunum úti um land með því að koma upp tollbúðum, vörugeymslum og afgirtum svæðum vegna tollskoðunar. Ríkissjóður tekur með ári hverju meira og meira af tekjum sínum með tollum, og um leið verður það sífellt brýnna með ári hverju að bæta skilyrði þeirra, sem við tolleftirlit og tollheimtu vinna, til þess að handsama tekjurnar og gera þó þeim, er vörurnar eiga, er tollafgreiddar eru, sem minnst óþægindi. Slíkt verður ekki gert nema með því að koma upp hagkvæmum tollstöðvum við tollhafnirnar, og þær verður ríkið að kosta. Á fjárlögum í ár eru veittar 800 þús. kr. í þessu skyni. Með þeirri fjárveitingu er viðurkennd þörfin, en stutt stigið í áttina til þess að fullnægja þörfinni. N. taldi þó, að ekki yrði meira að gert í ár. Hún vildi hvorki leggja til, að lagt yrði á aukagjald í þessu skyni fyrir árið í ár né raskað áætlun fjárlaga á þann hátt að ákveða skerðingu á tolltekjum fyrir ríkissjóð með því að taka af þeim tillag til byggingar tollstöðva. Niðurstaðan varð sú að bera fram þessa till. um, að byggingarsjóður tollstöðva fái frá næstu áramótum 1% af áðurnefndum tolltekjum. Eru líkur til, að þessi 1% geti numið 2—2½ millj. kr. á næsta ári, og er það upphæð, sem um munar, þó að mikils þurfi að vísu með. Leyfir fjhn. sér að vænta þess, að hv. d. fallist á þessa till.

Nú eru fram komnar, eins og ég gat um áðan, brtt. á þskj. 437 við frv. Mér sýnast þessar till. allar miðaðar við það, þó að viljandi muni það alls ekki vera, að draga úr því, að sá tilgangur náist, sem frv. er flutt til að ná, að tryggja strax sem öruggast tolleftirlit og koma í veg fyrir, að undanbrögð og lögbrot í þeim efnum geti átt sér stað. Ég sé þess vegna ekki, að til mála geti komið að samþykkja brtt. Hins vegar vil ég bíða með að ræða um þær hverja um sig, þangað til ég hef heyrt frsm. gera grein fyrir þeim.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. fjhn., er enginn ágreiningur um það hjá n. að vilja gera allt, sem unnt er, til þess að

tryggja tolleftirlitið í landinu. Það er rétt, sem hv. frsm. hélt hér fram, að ríkissjóður tekur tekjur sínar í vaxandi mæli með tollum á alls konar vörum, og þess vegna er nauðsynlegt, að tolleftirlitið sé eins öruggt og gott og mögulegt er. Og það er heldur enginn ágreiningur um það í n., að það sé mjög mikil þörf á því að bæta svo úr sem mögulegt er í sambandi við tollgæzluna, því að aðstæður þær, sem hún býr við, eru engan veginn æskilegar. Mér þykir rétt að taka þetta fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning. Um hitt er svo ágreiningur, eins og einnig kom fram hjá hv. frsm., hvort sú löggjöf, sem hér liggur fyrir til umræðu í frumvarpsformi á þskj. 135, óbreytt eða lítið breytt, muni skapa það öryggi í tolleftirliti, sem óskað er eftir af báðum aðilum. Um þetta er ágreiningur og um það eitt. Minni hl. lítur svo á, að það sé betri leið, sem hann bendir á í sínum brtt., og skal ég koma að því nokkru síðar.

Hv. frsm. gat þess hér áðan í ræðu sinni, að frv. hefði fengið einróma samþykki í Nd. Það er rétt, en hann gleymdi að geta þess, að hv. fjhn. Nd. hafði ekki sent þetta frv. til neinna aðila til umsagnar, sem er alveg óvenjuleg meðferð á jafnmerku máli og hér er um að ræða, sem snertir jafnmarga aðra aðila en ríkissjóðinn sjálfan. Hún hafði engum sent frv., og satt að segja bendir nál. Nd. ekki til þess, að málið hafi fengið nema mjög takmarkaða athugun í n., og það hefur ekki verið um það neinn stormur af Barðaströnd, eins og hv. þm. talaði um. En sýnilegt er af þeim gögnum, sem fyrir liggja nú í málinu, að engin vanþörf hefði verið, að málið hefði verið athugað betur en gert var þar.

Hv. frsm. sagði einnig, að skipafélögin, sem sendu langar umsagnir um þetta mál, hefðu talið, að ýmislegt mætti betur fara. Ég tel, að þessi ummæli lýsi ekki hinni réttu afstöðu þeirra til frv., sem hafa sent umsögn um málið, og vildi ég nú gjarnan spyrja hv. frsm., hvers vegna hann lét ekki birta allar þessar umsagnir, úr því að hann vildi láta það koma fram hér, að þetta væri aðeins ábending um, að ýmislegt mætti betur fara. Sannleikurinn er sá, að í umsögnunum er þessu frv. harðlega mótmælt og það með mjög sterkum rökum, og það hefði hv. frsm. getað látið koma fram hér, sannleikann í því máli; hvort hann vill taka þessi rök góð eða gild, er svo annað atriði. En um það verður ekki deilt, að frá þeim skipafélögum, bæði Eimskipafélagi Íslands og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, komu mjög hörð og sterk mótmæli gegn samþykkt frv. og mjög sterk gagnrýni með mjög sterkum rökum um, að það sé farið með allrétt mál.

Nú skal ég viðurkenna, að ég mundi ekki vilja taka það allt góða og gilda vöru, þó að hinn aðilinn vilji skjóta sér undan ýmsum nýjum álögum í sambandi við tollgæzlu. En ég tel, að meðan ástandið er eins og það er í landinu, að einmitt tollgæzlan verður að nota að mjög verulegu leyti aðstoð skipafélaganna um að halda uppi raunverulega góðri tollgæzlu, þá sé það frumskilyrði til þess, að það verði nokkur árangur af málinu, að hafa samvinnu við þessi félög, en vera ekki á móti þeim um málið. Og ég er alveg viss um, að ef hv. Nd. hefði tekið upp samvinnu við félögin á fyrsta stigi og hinn ágæti embættismaður, tollstjóri, eða hans fulltrúi, sem hefur samið frv., leitað samvinnu við skipafélögin um ný ákvæði, hefði þessu máli verið miklu betur borgið en nú er. Það er ágætt að fá lagaákvæði, en það þarf líka að vera einhver trygging fyrir því, að þau séu uppfyllt, og það er ógerningur frá mínu sjónarmiði, eins og ástandið er í landinu, að ætla sér að tryggja örugga tollgæzlu á móti vilja þeirra aðila, sem flytja vörurnar til landsins í jafnstórum stíl og þessir tveir aðilar gera, og það er þarna sem ágreiningurinn liggur og hvergi annars staðar.

Ég skal þá víkja beint að þeim brtt., sem fyrir liggja. Hv. frsm. hefur rætt um brtt., sem borin er fram á þskj. 428 af allri n. Um hana er enginn ágreiningur. Það fékkst að síðustu samkomulag um það atriði, og hefði að sjálfsögðu ekki orðið neitt samkomulag um það, ef hv. frsm. hefði haldið fast fram þeirri hljóðan á brtt., sem hann og hæstv. fjmrh. vildu hafa, en það var að leggja nýjan toll á þjóðina á þessu ári um rúml. 2 millj. kr. til framkvæmdar þessara mála. Þannig kom fyrst till. frá hæstv. fjmrh., og henni var harðlega mótmælt í nefndinni, enda samkomulag um að breyta henni, eins og hér er nú gert. Þessi till. hafði verið borin fram í öðru frv. nokkru fyrr í vetur í sambandi við framleiðslusjóðinn, og hún var þá felld eða tekin út úr því frv., enda átti hún ekki heima þar, en síðan tekin upp í n. með þeim árangri, sem ég hef lýst. Það er ekki nema eðlilegt, að látið sé renna í sérstakan sjóð ákveðið gjald til þess að koma upp slíkum mannvirkjum eins og hér er ætlazt til, og var þá langeðlilegast, að það væri tekið af tekjum ríkissjóðs án þess að leggja nokkurn sérstakan skatt á þjóðina til þess, eða að fjárveitingavaldið, fjvn. og síðan hv. Alþingi, samþykkti fjárframlög, en væri ekki að leggja sérstakan skatt á þjóðina til þess, eins og ætlazt var til af hæstv. fjmrh. Ég skal svo ekki ræða frekar um það atriði. Um það er fullt samkomulag.

Í sambandi við till. frá minni hlutanum á þskj. 437 er þar fyrst um að ræða till. við 4. gr. frv. Sú grein er í frv. nú þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákveða má með reglugerð, að öll skip skuli á leið frá útlöndum eða áður en lagt er af stað til útlanda, nema tilneydd séu, koma á tilteknar hafnir til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Nefnast þær hafnir tollafgreiðsluhafnir. Setja má skilyrði um tilteknar tollafgreiðsluhafnir, að skip fái þar því aðeins fyrstu afgreiðslu, að koma þeirra þangað hafi áður verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Ráðuneytið getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað skipi að fá fyrstu afgreiðslu utan tollafgreiðsluhafnar, en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir."

Þessi orð: „en skylt skal skipi þá að greiða þann kostnað, sem af því leiðir", sem ég hef þegar lesið í gr., leggjum við til að verði felld niður. Við teljum það engan veginn eðlilegt, að þeir aðilar, sem flytja vörur milli landa, skuli eiga að kosta nokkurn hluta af tollgæzlunni. Kostnaður við tollgæzluna á að vera borinn af

ríkissjóði hvarvetna, hvort sem það er á einni höfn eða annarri á landinu, og ekki gera hér neinn mismun á. Við reyndum einnig að fá samkomulag um, að teknar væru upp í lögin sjálf ákveðnar tollhafnir til tryggingar því, að þær yrðu ekki allt of fáar til erfiðleika fyrir fólkið í landinu. Um það fékkst ekki samkomulag, en hins vegar varð samkomulag um, að þetta skuli ákveðið með reglugerð, og var fallizt á það af minni hlutanum. En það má alltaf hefja sókn til ríkisstj. á hverjum tíma um að fá slíku reglugerðarákvæði breytt. Annars er þetta ákvæði aðallega komið inn vegna afgreiðslu fiskiskipa á stríðstímanum, og áður þekktist þetta ákvæði ekki, að hafa sérstakar tollhafnir. Ég er ekki að segja, að það sé til hins lakara, nema síður sé, en allar slíkar ráðstafanir eiga að vera kostaðar af ríkissjóði, en ekki þeim, sem flytja inn vörurnar. Við leggjum því til, að þessi 1. brtt. verði samþykkt.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að lesa hér upp umsögn frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem ég geri ráð fyrir að hv. frsm. telji ekki vera neinn fjandsaman aðila við hæstv. fjmrh. eða hans flokk, en hér segir í umsögninni, með leyfi hæstv. forseta:

„Telja verður eðlilegt, að ákveðnar séu tilteknar hafnir, sem geti veitt skipum, sem koma frá útlöndum eða fara héðan til útlanda, fyrstu eða síðustu afgreiðslu. Ríka ástæðu tel ég hins vegar til að benda á það sérstaklega vegna þeirra skipafélaga, er halda uppi beinum siglingum til hinna dreifðu byggða og leggja á hana megináherzlu til að forðast óþarfa kostnað, að það er mjög nauðsynlegt, að tollafgreiðsluhafnirnar séu nokkuð margar."

Þetta er það sjónarmið, sem við í minni hlutanum höfðum einnig, þegar við vorum að reyna að sækja þetta mál. Þar segir enn fremur:

„Það er t. d. næsta sjaldgæft, að skip vor komi til Reykjavíkur sem fyrstu hafnar, er þau koma erlendis frá. Sömuleiðis lesta þau útflutningsvörur á ýmsum smáhöfnum og sigla mjög oft frá Norður- eða Austurlandi beint til markaðslandanna með útflutningsvarninginn. Með tilvísun til þessa viljum vér sérstaklega undirstrika nauðsyn þess, að svo verði frá gengið, að löggiltar tollafgreiðsluhafnir séu margar víðs vegar á ströndinni, og teljum, að af því séu bezt tryggðir hagsmunir fólksins, er býr þar."

Umsögn frá Eimskipafélaginu er nokkuð í sömu átt, nema hvað þeir benda á, að það sé afar óeðlilegt, að flutningsaðilinn greiði kostnaðinn.

2. brtt. er við 5. gr. og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta, að síðasta málsgr. þeirrar gr. orðist svo:

„Nú hefur innsigli farmrúms eða annarra staða í skipi áhættu í för með sér fyrir öryggi farms, skips eða manna eða það veldur verulegum töfum á afgreiðslu skipsins, og getur þá skipstjóri krafizt þess, að tollgæzla sé sett um borð í skipið, svo lengi sem áhættan varir, útgerðinni að kostnaðarlausu, en skylt er útgerðinni að láta tollgæzlunni í té allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að auðvelda tolleftirlitið og gera það óruggara, enda hafi það ekki verulegan kostnað í för með sér."

Ég skil ekki, hvernig þessi breyting, sem við leggjum til á 5. gr., geti dregið úr tolleftirlitinu, eins og ætlazt er til að það verði samkvæmt 5. gr. frv., en hún hljóðar svo, þ. e. síðasta mgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Hafi tollgæzlumenn ákveðið að innsigla farmrúm eða aðra staði í skipi, en eigi eru á því tök vegna umbúnaðar skips eða skipstjóri telur slíkt ekki óhætt vegna öryggis skips eða farms, ber skipi að kosta þá tollgæzlu um borð, sem af því leiðir, að framangreindum öryggisráðstöfunum verður ekki komið við."

Hér er enginn ágreiningur um það, hvort öryggið fyrir tollgæzluna er meira eða minna. Hér er aðeins ágreiningur um það, hver eigi að bera kostnaðinn, og ég tel, að hv. frsm. takist aldrei að sanna, að það verði óruggara að láta þann mann hafa tolleftirlitið á hendi, sem á að greiða það, heldur en hinn, sem á að sjá um það og gæta þess. Það verður engan veginn heppilegra í þessu atriði að láta skipafélögin kosta tollgæzluna um borð. Það getur engan veginn verið óruggara en að láta þann aðila, sem á að hafa tollgæzluna á hendi, kosta það, og það er sannarlega smámunasemi hjá ríkissjóði, sem tekur milljónir í vörutollum, að vera að klína einhverju af þeim kostnaði yfir á aðra aðila, sem eru alveg óviðkomandi þessu máli, enda alls ekki frambærilegt. Og það verður engan veginn hægt að fá nokkurn mann til þess að trúa því, að það ordalag, sem við höfum valið á þessa grein, verði til þess að draga úr öryggi tollgæzlunnar undir neinum kringumstæðum.

Í sambandi við þetta vil ég einnig leyfa mér að benda á, að í umsögn frá Sambandi ísl. samvinnufélaga og í umsögn frá Eimskipafélagi Íslands er einnig bent á, að það sé óeðlilegt, að þetta sé kostað af félögunum. Ég skal svo ekki ræða frekar um það atriði.

3. brtt. okkar minni hl. er við 6. gr., að 1. tölul. falli niður, en í 1. tölul. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. mgr. bætist: Kostnaður við flutning tolleftirlitsmanns út í skip og í land við komu skips og brottför skal greiddur af skipinu. Kostnaðinn má innheimta með lögtaki, og hefur hann lögveð í skipinu."

Þetta atriði kemur ekkert við öryggi tollgæzlunnar sjálfrar. Þetta tryggir ekki á nokkurn hátt, að tollgæzlan verði óruggari en hún væri annars. Þetta er aðeins sama eðlis og ákvæði 4. gr. um að seilast eftir fé til að greiða kostnaðinn við tollgæzluna í vasa annarra manna og er algerlega ósæmandi. Um þetta segir Samband ísl. samvinnufélaga, að hér sé tekið upp nýmæli, og segir síðast, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir því sem vér bezt vitum, viðgengst slík regla og hér er gert ráð fyrir að taka upp hvergi í heiminum. A. m. k. hafa skip vor, sem viðkomur hafa haft í fjölmörgum löndum í öllum heimsins álfum, Asíu og Ástralíu, aldrei þurft að greiða slík gjöld sem gert er ráð fyrir að taka upp í þessari grein frumvarpsins."

En þessi lönd eiga ekki heldur hæstv. fjmrh. Eystein Jónsson að fjmrh. Það er þess vegna, sem greinin er sett inn, að það er sýndur slíkur nirfilsháttur hér í sambandi við þessi mál, að

það er reynt að láta aðra aðila en hinn rétta bera kostnaðinn. Ég nenni ekki að vera að lesa hina löngu umsögn Eimskipafélagsins, sem mótmælir harðlega þessu ákvæði, en skal aðeins geta þess í sambandi við þetta, að fyrr, á meðan þær reglur giltu, að hafa skyldi sóttvarnir á Íslandi og þá einkum hér í Reykjavík, var hafður hér sérstakur bátur, sem læknir fór til skips með og tók á móti því, þegar það kom frá erlendri höfn, til þess að athuga heilbrigðisástandið um borð, og sá kostnaður var reiknaður lítilfjörlega á hvert skip á sínum tíma og tekið gjald til þess að bera þann kostnað uppi. Það má deila um það, hvort það hafi verið rétt, að heilbrigðiseftirlitið hefði átt að greiða það eða ekki, en það var þó miklu nær, því að heilbrigðiseftirlitið hafði ekki neinar tekjur af þeim vörum, sem var verið að flytja inn til landsins, en eftir að þetta var afnumið, láta þeir aðilar sér það sæma, sem hafa farið með þessi mál, að innheimta alveg óleyfilega þetta gjald og nota það til allt annars en það var upphaflega ætlað, og nú á að lögfesta það, að það sé heimilt að taka þetta gjald til þess að standa undir tollgæzlukostnaðinum.

Fjórða brtt. okkar er við 7. gr., að meginmálsgreinin orðist eins og þar segir. En meginmálsgreinin, 7. gr., er stutt í frv., segir aðeins þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig geta þeir ákveðið, að ferming eða afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.“

Við leggjum til, að þessi grein verði orðuð þannig:

„Ferming og afferming skipa skal jafnan fara fram á þeim stað í höfn, sem tryggir öruggt tolleftirlit“ — ekki getur þetta ákvæði okkar rýrt tolleftirlitið; svo segjum við áfram: „að svo miklu leyti sem því verður við komið að dómi hafnaryfirvalda, enda rýri það ekki öryggi skips, farms eða manna, sem við það starfa, eða torveldi verulega afgreiðslu skipsins.“

Okkur finnst alveg sjálfsagt, að það sé tekið tillit til þessara aðstæðna, og komum við nokkuð að því síðar í okkar till., hvernig sé hægt að tryggja enn betur tollafgreiðsluna en gert er ráð fyrir í 7. gr. En í sambandi við þetta vil ég benda á, að frá höfninni í Rvík, sem er nú aðallega hugsað að þetta nái til í meginatriðum, hafa komið mjög mikil mótmæli gegn ákvæðum 7. gr., eins og hún er í frv. Þar hefur hafnarstjóri sent til mín sem meðlims hv. fjhn. bréf, þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér með sendi ég yður afrit af bókun hafnarstjórnar á fundi í dag. Vænti ég þess, að þér beitið áhrifum yðar til þess, að breyting sú, er hafnarstjórn fer fram á, nái fram að ganga.“

En bókunin er sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir Alþingi liggur nú frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu o. s. frv., og breyt. á þeim lögum. 14. gr. laga nr. 59 1939 hljóðar þannig: „Tolleftirlitsmönnum er heimilt að afkvía skip, sem lagzt er að bryggju eða öðru hafnarmannvirki, og að banna mönnum að koma úr landi á skipsfjöl, þar til afgreiðslu er lokið, svo og að mæla svo fyrir, að farþegar og aðrir megi aðeins fara frá borði á tilteknum stað á skipinu.“ Nú er gert ráð fyrir, að aftan við greinina verði bætt: Einnig geta þeir ákveðið, að ferming eða afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentastur þykir vegna eftirlits hverju sinni. — Samkvæmt hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn er það hafnarstjóra eða þess, er hann setur til þess, nánar tiltekið yfirhafnsögumanns, að ákveða, hvar skip skuli leggjast að bryggju, enda augljóst, að niðurröðun skipa verður að vera í höndum einnar stofnunar. Viðbótin við 59. gr. brýtur í bága við þetta og mundi geta orðið til þess að torvelda afgreiðsluna í höfninni. Hafnarstjórn Reykjavíkur vill því mótmæla þessari breytingu og óskar eftir, að hún verði felld niður.“

Mér þykir rétt í sambandi við þetta að benda á, að ég tel, að mál þetta hafi ekki fengið fullkomna athugun í hv. Nd., m. a. að það hafi aldrei verið sent hafnarstjóra, sem þó finnur hjá sér hvöt til þess að mótmæla stranglega hér þessu ákvæði. Það gilda alveg sérstök lög um hvaða hafnir sem er á Íslandi, og þetta ákvæði, sem hér á að staðfesta nú, kemur gersamlega í bága við þau ákvæði, sem þar eru. Það verður aldrei hægt að samrýma, að það verði tolleftirlitið, sem á að ráða þessum málum, og verður aldrei fært um að geta ráðið þeim og hefur ekki þá þekkingu á málunum að geta ráðið þeim, svo að vel fari, og hljóta því að verða hér verulegir árekstrar, ef lögin eru samþykkt eins og gert er ráð fyrir í frv. og þeim beitt. Þess vegna höfum við lagt til, að þetta verði orðað á þann hátt, sem ég las hér áðan í sambandi við 7. gr., með 4. brtt. okkar í minni hlutanum.

Það er enginn vafi á því, að ef óvandaðir menn ættu að beita 7. gr. laganna eins og hún er í frv., þá gæti það bakað ekki einungis höfninni stórkostlega erfiðleika, það gæti og bakað stórkostleg útgjöld fyrir skip, sem yrði að víkja í burtu, kannske að ástæðulitlu eða ástæðulausu. Hér þyrfti enga samvinnu um að hafa, aðeins fyrirmæli manna, sem ekkert þekkja inn í þessi mál, auk þess sem það gæti skapað margvísleg vandræði í hafnarmálunum og öryggisleysi.

Ég vil því mjög aðvara hv. deild um að samþykkja ekki þessa grein frv. Þessari grein frv. er líka harðlega mótmælt af báðum aðilum, bæði Eimskipafélaginu og Sambandinu. En höfuðástæðan fyrir því, að við höfum borið þessa brtt. fram, er sú, eins og ég gat um í upphafi, að ég tel, að bezt verði tryggt tolleftirlitið í höfninni eða í höfnum landsins með því að hafa fulla samvinnu við þessa aðila.

Þá höfum við einnig í 5. brtt. okkar borið fram breyt. við 10. gr., en 10. gr. frv. er algert nýmæli og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þess sem tollgæzlumönnum er heimilt að leita alls staðar í skipi, er þeim heimil leit og rannsókn á vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum farartækjum, enn fremur í verzlunum og vörugeymslum þeirra. Stjórnendum farartækja er skylt að nema staðar, þegar tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolleftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að rannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.“

Hér er brotin hin almenna regla um, að það skuli þurfa úrskurð dómsvaldsins til þess að gera slíka leit. Það hefur að vísu verið fordæmi um þetta, sem gefið er um að leita eftir brennivíni eða vínanda í bílum, en önnur fordæmi munu varla vera til í þessu landi, nema með úrskurðum. Við teljum, að hér sé allt of langt gengið, teljum ekki heldur þess þörf og teljum ekki, að þetta tryggi frekar eftirlitið en með okkar till., en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðan afferming skips fer fram í fyrstu tollhöfn, sbr. 7. gr., er tollgæzlunni heimilt að afgirða hæfilegt athafnasvæði umhverfis skipið og loka allri umferð um það.“ Það er langöruggasta eftirlitið, og það er engum vandkvæðum bundið. Og svo segir áfram: „Skal þá öll umferð og allar vörur úr skipi fara um þar til gerð tollgæzluhlið. Auk þess sem tollgæzlumönnum er heimilt að leita alls staðar í skipi, er þeim og heimil leit og rannsókn á mönnum, vörum, bifreiðum og sérhverju öðru því, sem um tollgæzluhliðið fer.“ Þetta er almenn regla um allan heim, því að þar er verið að athuga, hvað sé verið að fara með út af afgirtu svæði. „Stjórnendum farartækja og öðrum, sem um tollgæzluhliðið fara, er skylt að nema staðar, þegar tollgæzlumenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tollgæzlumönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að rannsókn geti gengið sem greiðast.“

Getur nú hv. frsm. haldið því fram í alvöru, að þetta ákvæði, eins og við leggjum til að verði samþykkt, geri tolleftirlitið verra, lakara, óöruggara en ef það er ákveðið með 10. gr. eins og hún er í frv.? Er ekki ljóst, að ef 10. gr. frv. er samþykkt óbreytt, skapar hún alls konar vandamál og leiðir ekki til neins öryggis í þessum málum, nema síður sé. Þó erum við allir sammála um, að það sé alveg nauðsynlegt að tryggja, að menn flytji ekki upp í vörugeymslurnar tollsviknar vörur. En einmitt sú aðferð, sem við leggjum til að verði tekin upp, tryggir það, og það er miklu hægara að ganga úr skugga um þetta, áður en varan er flutt frá skipi, en þegar búið er að flytja hana hingað og þangað út um alla borg og bæ. Ef slík aðferð hefði verið tekin upp, þá hefði ekki verið hægt að taka fleiri bíla hlaðna vínanda eða öðrum vörum óleyfilegum og tollsviknum inn í landið, eins og hefur verið gert, eftir að hafa verið búnir að flytja slíkt langar leiðir frá skipshlið.

6. brtt. okkar er við 13. gr. Það er, að 2. tölul. falli niður, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er tolleftirlitsmönnum að skrá og merkja muni, sem hafðir eru um borð í íslenzku skipi, hvort sem um er að ræða skipsbúnað eða einkaeign skipverja. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr skipinu, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr skipi erlendis.“

Þessi grein er ekki þörf, ef tekin er upp okkar regla, sem við leggjum til að tekin verði upp í 10. gr., og það má geta nærri, hversu ógerlegt það raunverulega er, eins og bent er á í mjög langri grg. frá Eimskipafélagi Íslands, að merkja alla muni t. d. í skipi eins og Gullfossi, þar sem er borðbúnaður fyrir fleiri hundruð manns, lök og rekkjuvoðir o. s. frv., og merkja þetta allt saman og hafa síðan eftirlit með því árlega eða mánaðarlega, hvort þetta sé enn í skipinu og hinar og aðrar vörur, sem tilheyra slíku farþegaskipi.

Það er sýnilegt, að annaðhvort er þetta samið af mönnum, sem alls ekki vita, hvað þeir gera, eða hugsa sér aðeins að hafa það í lögum án þess að láta framfylgja því.

Ég vil ekki vera að eyða tíma hv. d. til að lesa upp öll hin sterku mótmæli frá eimskipafélögunum í sambandi við þetta atriði og ætti ekki að þurfa heldur, því að það er sýnilegt, að hér er verið að kveða á um hluti, sem ekki er hægt að framkvæma að neinu leyti.

7. brtt. er við 14. gr., fyrst, að á eftir orðunum „að eigi sé í skipinu“ í 1. tölul. komi: eftir því sem hann bezt veit. — Hér er gert ráð fyrir því, að skipstjóri eigi að bera ábyrgð á að hafa ekki tekið með aðrar vörur en skráðar eru á skrá og hann skuli gefa skriflegar yfirlýsingar um það, að aðrar vörur séu ekki til í skipinu. Nú er það vitanlegt, að ef vörum er smyglað í skip, þá er það ekki gert með vilja skipstjóra, sem á að gefa þessa drengskaparyfirlýsingu. Við sjáum engin frambærileg rök fyrir því, að skipstjóri skuli ganga lengra en að lýsa því yfir, að það séu ekki aðrar vörur með hans vitund um borð í skipinu en þær, sem hér greinir, því að hann getur engan veginn borið ábyrgð á því, ef einhverjir skipverjar hafa notað sér mögúleika, þegar hann ekki gat fylgzt með því, að vörur hefðu verið fluttar leynilega um borð í skipið; og við, sem þekkjum þessi mál, bæði höfum verið að sigla með skipunum og þekkjum þau að öðru leyti, vitum, að öll árin hefur verið gert mjög mikið að þessu í beinni andstöðu við þá menn, sem ráðið hafa yfir skipum, en ekki haft hugmynd um það, fyrr en það hefur komizt upp á síðari höfnum. Því hefur verið smyglað út í erlendum höfnum og inn á Íslandi, án þess að þeir hefðu hugmynd um eða átt nokkurn þátt í þeim verknaði, og það er náttúrlega ákaflega hart að láta samvizkusama menn greiða háar sektir fyrir slíkar aðgerðir, sem þeir eiga engan þátt í og gátu ekki vitað um.

Við höfum líka lagt til í b-liðnum, að í stað orðanna „að láta þeim í té nákvæmar skrár“ í síðustu mgr. komi: að láta þeim í té svo nákvæmar skrár sem mögulegt er. — Teljum við, að meira sé ekki hægt að heimta en að þeir láti í té svo nákvæmar skrár sem mögulegt er, þ. e. eins nákvæmar og þeir bezt vita um sjálfir.

8. brtt. okkar, við 15. gr., er, að 2. tölul. falli niður, þ. e. að aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákveða má í reglugerð, að flutninga á ótollafgreiddum vörum samkv. þessari gr. megi aðeins fela þeim, sem fengið hafa leyfi ráðuneytisins til þess að annast slíka flutninga. Leyfi má binda nauðsynlegum skilyrðum til, að tryggt sé eftirlit með flutningi. Ráðuneytið setur að öðru leyti reglur um flutning ótollafgreiddrar vöru innanlands og má þar m. a. mæla fyrir um útbúnað og gerð farartækja, sem notuð eru til slíkra flutninga.“

Ég vil taka það fram, að ef 10. gr. okkar í

minni hl. á þskj. 437 er felld, þá er að sjálfsögðu ekki ástæða til þess að breyta þessari grein, en þessi brtt. um að fella þennan tölulið niður er byggð á því, að tollgæzlan fari fram innan hins afgirta svæðis, svo að ekki þurfi frekar að láta fylgja vörunum, þegar þær verða tollafgreiddar þar á svæðinu, og þurfi þar af leiðandi ekki að gera þær varúðarráðstafanir, sem gerðar eru í 15. gr., og tel ég, að þetta sé til þess að tryggja öryggið í eftirlitinu, en ekki til þess að veikja það, en að sjálfsögðu munum við taka þessa till. aftur, ef 5. brtt. okkar verður felld.

9. brtt. okkar er við 18. gr., að b-liðurinn falli niður, en b-liðurinn við 18. gr. er ný grein, sem ætlazt er til að verði 31. gr. í lögunum. Hér er farið inn á nýjar leiðir og óvenjulegar, þ. e. að taka upp þann sið, að enginn megi annast afgreiðslu farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum, nema hann hafi verið til þess löggiltur af ráðuneytinu. Það er sama sem að hvert fyrirtæki, sem hefur afgreiðslumann og hefur haft um mörg árabil, eins og Eimskipafélagið, hefur ekki lengur leyfi til að hafa sína afgreiðslumenn hvar sem vera skal á landinu, heldur skal nú sótt um sérstakt leyfi til þess, að þeir geti fengið að halda sínum starfa, og það er undir ráðuneytinu komið, hver fær slíkt leyfi, hvort sem hann hefur til þess aðstöðu eða ekki, getur vel verið pólitísk úthlutun og eingöngu verið það, undir a. m. k. mönnum, sem ekki fyrst og fremst litu á það, sem sanngjarnt væri. Ég tel, að þennan kafla allan eins og hann er hér, IV. kaflann, sé óverjandi að lögfesta, jafnlitið undirbúinn og hann er af hendi þeirra, sem hafa samið frv. Slíkur kafli á að semjast í fullu samræmi við þá aðila, sem við þessi störf eru og hafa verið um mörg ár, og ég teldi það mjög misráðið, ef nokkur ákvæði væru sett um þetta hér á þessu þingi gegn vilja og samvinnu við þessa menn. Það er ekki af því, að ég sé að taka upp hanzkann fyrir neina af þeim aðilum, hvorki þá, sem kynnu ekki að verða fyrir náð þess ráðh., sem ætti að fara með þessi mál, né hina, sem yrðu fyrir náð hans. En ég tel, að það sé alveg óverjandi að eiga að setja svo viðtæka löggjöf um þetta mál, sem snertir svo mikið hagsmuni ákveðinna margra manna, að gera það án þess, að um það sé fullt samkomulag. Við leggjum því til, að þessi liður verði felldur niður.

Við leggjum enn fremur til við 24. gr., að í stað hennar komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. skipar 5 manna nefnd til þess að semja heildarlöggjöf um tollgæzlu, er miði að því að gera tolleftirlitið svo einfalt og öruggt sem kostur er á, m. a. með því, að komið verði upp tollbúðum og vörugeymslum fyrir tollskyldar vörur á innilokuðum hafnarsvæðum, sem tryggi hagkvæmari og öruggari tollgæzlu og jafnframt sem minnstan flutningskostnað tollvara á milli tollstöðva, svo og með því að skipuleggja samstarf á milli tollgæzlunnar og þeirra aðila, sem annast flutning og geymslu tollskyldra vara. Skal nefndin skipuð þannig: einn samkv. tilnefningu hvers eftirtalinna aðila, Eimskipafélags Íslands, skipadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga og Reykjavíkurhafnar, en auk þeirra húsameistari ríkisins og tollstjórinn í Reykjavík, og er hann formaður nefndarinnar. Skal nefndin hafa lokið störfum og skilað til ríkisstj. áliti, till. og frv. til laga um tollgæzlu fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis."

Þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um þessa gr., sem er síðasta brtt. okkár.

Jafnvel þótt hv. Alþingi felli allar þær brtt., sem minni hl. ber hér fram á þskj. 437, og samþ. að gera að lögum frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 274, með þeim breytingum, sem meiri hl. n. leggur til að gerðar verði á þskj. 428, tel ég alveg óverjandi að fella þessa brtt. Það er vitað, að það er mjög aðkallandi nauðsyn, ekki einungis vegna tollgæzlunnar, heldur vegna margra annarra hluta, sem hafa víðtæk áhrif á þjóðlífið, að loka Reykjavíkurhöfn eins fljótt og unnt er og helzt öllum höfnum, sem hafa beint samband við útlönd. En til þess að það megi verða, þarf vitanlega að hafa samvinnu við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli. Það er ekki hægt að gera í andstöðu við Reykjavíkurhöfn, það er ekki hægt að gera það í andstöðu við skipulagið, og það er ekki heldur hægt að gera það í andstöðu við þá aðila, sem hér eiga að annast flutninga. Þess vegna tel ég höfuðnauðsyn, hvað sem líður samþykkt frv. í heild, að þessi brtt. verði ekki felld. Og mér er ómögulegt að skilja, að þessi brtt. falli undir þær fullyrðingar hjá hv. frsm., að þetta sé til þess að rýra tolleftirlitið. Hann hefur kannske ekki meint það, en hann hlýtur að verða að viðurkenna, að þar fer hann með rangt mál, vanhugsað, að fullyrða, að þetta geti rýrt tolleftirlitið. Þetta hlýtur að verða mál framtíðarinnar, og svo og svo mikið af því fé, sem safnast upp, fer samkv. ákvæðum þeim, sem n. er sammála um, í sérstakan sjóð og hlýtur að verða notað til þessara framkvæmda. Og þá eiga þessir aðilar að ráða því, en ekki vera sett einhliða af neinum þeim aðila, sem annast um tollgæzluna. Ég teldi hins vegar, að það væri mjög vanhugsað og engan veginn til þess að tryggja tollgæzluna að samþ. IV. kaflann í frv. eins og hann liggur fyrir. Þessu hefur verið mjög harðlega mótmælt af Eimskipafélaginu og færð fyrir því sterk rök.

Ég skal láta þetta nægja, þykist hafa bent á þær veilur, sem eru í frv., og að það hafi ekki fengið meðferð í hv. Nd., sem hefði verið æskileg. Og ég vænti þess, að hv. d. taki mjög tillit til þeirra till., sem minni hl. ber fram í þessu máli og eingöngu eru bornar fram til þess að tryggja betur tolleftirlitið en það er í dag og það verður, ef frv. verður samþ. óbreytt.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. spurði í upphafi máls síns, hvers vegna ég sem frsm. n. hefði ekki látið birta með nál. erindi þau, sem komu fram í fjhn. í sambandi við athugun málsins. Því hef ég til að svara, að þessi erindi voru svo mikil fyrirferðar fyrst og fremst, að ég taldi, að þau þyrftu að vera alveg sérstaklega mikið innlegg í málið, til þess að rétt væri að birta þau. Og ef átti að birta einhver, þá þurfti að birta þau að mér virtist öll. Hann heldur því fram, hv. þm., að það séu mjög sterk mótmæli gegn frv., sem hafi komið frá skipaútgerðarfélögum. Ég lít aftur svo á, að ummælin

séu ekki sterk eða mótmælin, þegar þau eru skoðuð í sambandi við svör þau, sem tollstjórinn í Reykjavík sendi fjhn., og ég tel, að svör hans séu miklu mikilsverðari en þau rök, sem við ýmsir aðrir, sem erum ekki sérstaklega reyndir að því er þessi mál snertir, getum fram lagt, og ég mun því í sambandi við till. þær, sem hv. þm. Barð. mælti fyrir, láta tollstjórann sem mest tala.

En áður en ég kem að því, vil ég þó minnast á það, að sú till., sem fjhn. stendur öll að og er á þskj. 428, þurfti í raun og veru ekki að mér virtist af hálfu hv. þm. Barð. þeirrar grg., sem hann lét fram koma. Það er sem sé ekki rétt, að fjmrh. hafi samið till. þessa eða krafizt samþykktar hennar. Till. kemur einmitt fram í bréfi tollstjórans í Reykjavík til fjhn. Hann óskar eftir því, að fjhn. taki hana upp. Hún er þess vegna frá tollstjóranum. Það varð gott samkomulag í n. um afgreiðslu till. á þann hátt, sem hún kemur fram frá n., en aðspurður kvaðst ráðh. ekki gera aths. við þá breytingu, sem á till. var gerð.

Allt það, sem hv. þm. Barð. sagði í sambandi við þetta frv. um, að hæstv. fjmrh. sýndi í því einhverja sérstaka innheimtufrekju og ásælni í garð annarra, er staðlausir stafir og alveg óviðeigandi, vegna þess að það er ekki fjmrh., sem hefur lagt sérstaka hönd að þessu frv. Það er nefnilega hinn ágæti embættismaður — ég segi ágæti embættismaður í fullri meiningu — tollstjórinn í Reykjavík, sem hefur mestan þátt átt í að semja frv., og hann er flokksbróðir hv. þm. Barð. Þegar það er vitað, þá þykir mér vafasamt, að hann vilji láta hin stóru orð sín áfram gilda um ásælni í garð þeirra, sem hafa þarna skipti við ríkið.

Ég hafði þann hátt að biðja tollstjórann í Reykjavík um umsagnir um brtt., sem eru á þskj. 437, en eins og ég sagði áðan, tel ég, að hann sé allra manna bærastur að gera grein fyrir þessum málum, og ég ætla nú að leyfa mér að lesa upp umsagnir hans. Að sumu leyti vitnar hann til bréfs, sem hann hafði sent fjhn., og mun ég þá lesa upp úr því bréfi einnig.

Við 1. brtt. gerir tollstjórinn þessa umsögn:

„Þegar fjmrn. hefur veitt leyfi til fyrstu afgreiðslu utan tollafgreiðsluhafnar, hefur það að undanförnu verið gert að skilyrði, að kostnaður við tollafgreiðslu skipsins verði greiddur af útgerð þess. Hefur þetta ekki sætt mótmælum og kostnaðurinn ávallt verið mjög hóflegur. Er sjálfsagt, að þessari reglu verði haldið."

Nú skilst mér sem leikmanni í þessum efnum afar eðlilegt, að þegar beðið er um undanþágu frá því, að skip sé tollafgreitt í tollafgreiðsluhöfn, þá beri sá að einhverju leyti, sem um undanþáguna biður, þann aukakostnað, sem af því leiðir fyrir tollgæzluna. Ákveðnar tollafgreiðsluhafnir eru 12 í landinu. Aðallega eru skip þar tollafgreidd, en þegar beðið er um undanþágu frá því einhverra hluta vegna, þá þykir vitanlega útgerð skipsins það ávinningur að þurfa ekki til þessara ákveðnu tollafgreiðsluhafna, og er ekki ósanngjarnt, að útgerðin að einhverju leyti beri þann aukakostnað, sem af því leiðir. Tollstjórinn upplýsir, að út af þessu hafi ekki orðið árekstrar. Þetta eru ekki nýmæli, þetta eru reglur, sem gilt hafa.

Þá er 2. brtt. Hún er við 5. gr., um það, hvernig síðasta málsgr. gr. skuli orðast. Um hana segir tollstjórinn:

„Í þessari brtt. er gengið inn á næsta nýstárlega leið. Hingað til hefur það verið talið eitt af aðalverkefnum tollgæzlunnar að hafa eftirlit með áhöfnum aðkomufarartækja, og eiga reglur tolllaganna að tryggja vald tollgæzlumanna til að framkvæma slíkt eftirlit. Hér er hins vegar gert ráð fyrir, að skipstjóri skipi tollgæzlumönnum fyrir verkum við framkvæmd skyldustarfa þeirra. Virðist miklu einfaldari og kostnaðarminni leið að leggja tollgæzluna niður og fela skipstjórum að sjá um, að aðflutningslöggjöfin sé ekki brotin. Í núgildandi tolllögum er óskoruð heimild fyrir tollgæzlumenn til að innsigla farmrúm, vistargeymslur og aðra staði í skipi. Er þetta í samræmi við reglur annarra nágrannaþjóða okkar. Hins vegar gera tolllögin ekki ráð fyrir því tilviki, að lokun á farmrúmum og jafnvel öðrum stöðum í skipi getur stöku sinnum haft hættur í för með sér, og fjallar ákvæði það, sem brtt. á við, um, hvernig þá skuli fara að. Ákvæðið í frv. er sniðið eftir norsku tolllögunum."

Nú sagði hv. þm. Barð., að eftir frumvarpinu ætti skipstjórinn að hafa tollgæzluna á hendi, og vék því til mín sem spurningu, hvort ég sæi mér fært að leggja slíkt til. Auðvitað er þetta mikill misskilningur. En það er ætlazt til, að skip undir þessum kringumstæðum, sem er ekki svo vel útbúið, að það sé hægt að framkvæma tollgæzluna á venjulegan hátt, kosti þá aukafyrirhöfn, sem af því leiðir, og það virðist ekki óeðlilegt. Menn taki eftir því, að tollstjóri segir líka: „Hér er hins vegar gert ráð fyrir því" — þ. e. í brtt. hv. þm. Barð. — „að skipstjóri skipi tollgæzlumönnum fyrir verkum við framkvæmd skyldustarfa þeirra". Þannig er þetta nákvæmlega öfugt við það, sem hv. þm. hélt fram.

Þá segir tollstjórinn um 3. brtt., hún er við 6. gr., að töluliðurinn falli niður:

„Reglugerðarákvæði þau, sem gert er ráð fyrir í 6. gr. frv., má væntanlega setja samkv. hinni almennu heimild í 48. gr. núgildandi tolllaga, en réttara er að hafa einnig hina sérstöku heimild, sem tekin er upp í 6. gr. frv. Ákvæði frvgr. er í samræmi við löggjöf nágrannalandanna. Taka reglur nágrannalandanna um starfstíma að sjálfsögðu til íslenzkra skipa, ef þau eru stödd þar, og hefur ekki heyrzt undan því kvartað. Rétt er, að hliðstæðar reglur gildi hér á landi, bæði gagnvart íslenzkum og erlendum farartækjum. Á það má og benda, að það er varla rétt, að skipstjórar og afgreiðslumenn ráði því, hvernig ríkissjóður þarf að greiða tolleftirlitsmönnum fyrir aukavinnu, og er miklu eðlilegra, að útgerðir, sem láta afgreiða skip sín í eftir- eða næturvinnu, beri hinn aukna kostnað, sem af því hlýzt fyrir tollgæzluna."

Þetta segir sig nú raunar sjálft, að tollgæzlan á ekki að ráða, hvenær afgreitt er, en þegar útgerðin vill leggja áherzlu á, að unnið sé í eftirvinnu, falli sá kostnaður á hana.

Þá er það 4. brtt.; hún er við 7. gr. Í því sam-

bandi vitnar tollstjórinn í 3. lið í bréfi sínu frá 13. f. m., en 3. liðurinn um þessa 7. gr. hljóðar svo:

„Í bréfum skipafélaganna, einkum Eimskipafélags Íslands h/f, *er mjög fundið að því, að upp* í 7. gr. frv. skuli vera tekið ákvæði um, að tolleftirlitsmönnum sé heimilt að krefjast þess, að ferming og afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentastur þyki vegna eftirlits hverju sinni. Er í bréfunum talið, að með þessu ákvæði sé um of skert vald hafnastjórna og að oft verði að taka meira tillit til annarra en tolleftirlitsins. Við affermingu skips er tolleftirlitið eitt þeirra atriða, sem óhjákvæmilega verður að taka tillit til, og er þess alls staðar annars staðar gætt, að afferming fari fram þannig, að eftirlitinu verði örugglega við komið, og tollgæzlunni fengið víðtækt vald í því sambandi.“ Í því sambandi bendir hann á ákvæði hjá nágrannalöndunum og segir, að af þeim megi sjá, að það er ekkert einsdæmi, þótt tollgæzlunni hér verði fengið það vald, sem um ræðir í 7. gr. frv.

„Það er augljóst mál, að eitt af höfuðverkefnum tollgæzlunnar við eftirlit með innflutningi varnings er að staðreyna, að ekki séu í farmrúmum aðkomufarartækja aðrar vörur en farmskrá greinir. Þetta eftirlit er hægt að hugsa sér framkvæmt á tvennan hátt, annaðhvort með nákvæmri skráningu á öllum vörum, sem affermdar eru, um leið og afferming fer fram, og samanburði þeirrar skráningar við farmskrá skipsins eða þannig, að vörurnar séu fluttar í vörugeymsluhús undir nákvæmu tolleftirliti og kannaðar þar annaðhvort samstundis eða síðar, eftir því sem hentara þykir. Reynslan sýnir, að skráning á vörum í skipi, um leið og afferming fer fram, er ekki einhlít til eftirlits, eins og hér háttar. *Er á þetta bent í bréfi Eimskipafélags* Íslands í athugasemdum við 14. gr. frv. Sú aðferð að hafa eftirlit með affermingu skips, án þess að vörurnar séu skráðar jafnóðum, er hins vegar óframkvæmanleg, nema skip liggi þannig, að *mjög skammt sé frá skipi að húsi því, sem* vörurnar eru látnar í til geymslu. Það verður auðvitað að vera á valdi tollgæzlumanna að ákveða, hvenær afferming fer fram undir tolleftirliti, og ef beita á hinni síðarnefndu aðferð, verður það að vera á valdi hennar að ákveða, hvar skipið liggur, meðan það eftirlit er framkvæmt, en að sjálfsögðu er gert ráð fyrir fullri og velviljaðri samvinnu milli tollgæzluhafnarstjórna og farmflytjenda. Það er að jafnaði hagsmunamál farmflytjenda eigi síður en tollgæzlunnar, að skipi sé lagt sem næst þeirri vörugeymslu, sem við farminum tekur, og að full vitneskja sé um það, hverju upp er skipað.“

Þá er 5. brtt. á þskj. 437. Um hana segir tollstjórinn:

„Í fyrri hluta tillögunnar er kveðið á um heimild tollgæzlumanna til að afkvía skip, meðan afferming fer fram. Nú er um þetta ákvæði í 2. málsgr. 10. gr. og 14. gr. tolllaganna. Brtt. fjallar aðallega um framkvæmdaatriði, sem ef til vill væri eðlilegra að setja í reglugerð eða fela tollstjóra að ákveða eftir aðstæðum á hverjum stað. Ég skal benda á, að ákvæði brtt. kemur því aðeins að verulegum notum, að skip liggi á hentugum stað í höfn. Tillögumönnum hefur hins vegar ekki þótt rétt að veita tollgæzlunni heimild til að ákveða, hvar skip liggur í höfn, meðan afferming *fer fram, sbr. brtt. við 7. gr. frv.* Er augljóst mál, að ef t. d. á að flytja vörur úr skipi í vörugeymsluhús S. Í. S. við Grófarbryggju eða skála Eimskipafélagsins við austurbakkann hér í Reykjavík, en skipi er lagt við Ægisgarð og vörurnar fluttar þaðan á bifreiðum í vörugeymslurnar, þá kemur tollgæzlunni að sáralitlu haldi, þótt hún megi girða skipið af á affermingarstaðnum. Aðalatriðið hlýtur að vera, að sem skemmst sé frá skipshlið í vörugeymsluhús. Með því einu móti getur eftirlit með skipi og affermingu þess orðið framkvæmt með nokkru öryggi og þó án verulegra óþæginda fyrir farmflytjanda.

Flm. brtt. sýna fullkominn skilning á þessu atriði í nál. sínu, minni hl. fjhn. Ed., þar sem þeir ræða um lokaðar tollhafnir, en þar sem þær eru hvergi fyrir hendi, er nokkurs árangurs að vænta af ákvæðum 7. og 10. gr. frv. í svipaða átt.

Í 18. gr. tolllaganna er tollgæzlumönnum veitt víðtæk heimild til að leita í farartækjum og vörugeymsluhúsum, þar sem ástæða þykir til að ætla, að tollsviknar vörur kunni að finnast. Þessari heimild er oft beitt með árangri. Nú virðast tillögumenn ætla að takmarka þessa heimild við menn og farartæki, sem eiga leið um hugsað tollhlið, þegar skip hefur verið afkvíað í höfn.

Eins og háttar til í höfnum hérlendis, mundi afkvíun skipa ekki verða beitt nema sem undantekningu, þegar ástæða þætti til sérstaklega strangs eftirlits. Er fráleitt að ætla sér að takmarka heimild tollgæzlumanna til eftirlits með vörum eða farartækjum, sem hafa samband við skip eða önnur aðkomufarartæki, við það, að aðkomufarartækið sé undir sérstöku óvenjulega *ströngu eftirliti. Má undir engum kringumstæðum* binda tolleftirlitinu þann fjötur í starfi sínu.

Þá er í till. felld niður heimild tollgæzlumanna til að leita að tollsviknum varningi í geymsluhúsum. Það ákvæði hefur verið skilið þannig, að *um væri að ræða geymsluhús, þar sem ótollaf*greiddar vörur eru geymdar. Nær hefði verið að setja ákvæði, sem tryggðu stöðuga návist tollgæzlumanna í slíkum húsum, en það torveldar þeim eftirlit þar.

Loks má benda á, að tillögumenn gera skarpan greinarmun á eftirliti með skipi á fyrstu höfn, sem það tekur við komu frá útlöndum, og síðari höfnum. Frá sjónarmiði tollgæzlu er enginn munur á þessu gerandi. Eftirlit er nauðsynlegt jafnt í síðustu sem fyrstu viðkomuhöfnum skips.“

Þá er 6. brtt., við 13. gr. Þar er vísað í bréfið frá 13. f. m., 5. lið þess, og skal ég nú lesa hann upp:

„Þetta meinlausa ákvæði um heimild til að merkja muni, sem hafðir eru um borð í skipi, hefur sætt hörðum og litt skiljanlegum mótmælum, þar sem m. a. er talað um tortryggni tollgæzlunnar í garð skipverja og skipafélaga. Allt tolleftirlit er fyrst og fremst vegna tortryggni, og má vel til sanns vegar færa, að þetta ákvæði sé þar ekki undantekning. Hins vegar hefur sjálfsagt engum heilvita manni dottið í hug að ganga svo langt í tolleftirliti að fara að merkja bolla

og teskeiðar með tollinnsigli. Ákvæðið er til orðið vegna þess, að skipverjar hafa tíðum í klefum sínum dýr tæki, svo sem útvarpstæki, myndavélar, sjónauka o. s. frv. Þessi tæki eru ekki talin tollskyld, meðan þau eru um borð, en séu þau ekki á einhvern hátt merkt og skráð, er enginn vegur að koma í veg fyrir, að þau séu flutt úr skipi, án þess að gjöld séu greidd eða öðrum lögmæltum skilyrðum fullnægt. Um skipsbúnað mundi þessu ákvæði að jafnaði alls ekki verða beitt, en rétt þykir þó, að heimild til þess sé fyrir hendi."

Þá er 7. brtt., við 14. gr. Um hana segir í umsögn tollstjórans:

„Í 14. gr. frv. er dregið úr refsiábyrgð skipstjóra frá því, sem er í 24. gr. gildandi tolllaga, með því að fella niður ákvæði 24. gr. um vottorð samkvæmt 155. gr. hegningarlaganna. Hins vegar verður einhver að bera skilyrðislausa ábyrgð á því, að rétt sé skýrt frá farmi og farangri í skipi, og er þá ekki um annan að ræða en skipstjóra. Brtt. mundi gera þessa ábyrgð skipstjóra að engu."

Þetta segir um a-liðinn. En um b-liðinn er sagt:

„Um þennan lið brtt. vísast til 6. liðs í bréfi tollstjóra frá 13. f. m. Leggja verður áherzlu á, að skrárnar séu nákvæmar, en segja má, að brtt. breyti ekki miklu í því efni."

En í 6. lið bréfsins, sem vitnað er í, segir:

„Ákvæði 14. gr. frv., sem heimila tolleftirlitsmönnum að krefjast þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður láti þeim í té nákvæmar skrár um talningu á vörum þeim, sem losaðar hafa verið úr skipi, sætir mótmælum skipafélaga á þeim grundvelli, að ekki sé unnt að gera skrár þessar nákvæmar. Það mun vera rétt, að skrár þessar hafa að undanförnu ekki verið svo nákvæmar sem skyldi og að nokkrir erfiðleikar séu á því að gera þær vel og nákvæmlega. Hins vegar er það höfuðatriðið bæði fyrir skipafélögin og tollgæzluna, að sem allra nákvæmust vitneskja fáist um, hvaða vörur séu losaðar úr skipi á hverjum stað, með því að leggja áherzlu á, að uppskipunarskrárnar verði framvegis vandlega og nákvæmlega gerðar. Á Norðurlöndum tekur tollgæzlan almennt við vörzlu þeirra vara, sem ekki eru tollafgreiddar við skipsfjöl. Fer að sjálfsögðu fram nákvæm talning á vörunum, um leið og þær eru fluttar úr skipi í tollvörzluna. Í Englandi, þar sem tollgæzlan er ekki ein um vörzlu ótollafgreiddra vara, ber farmflytjanda eða þeim, sem uppskipun hefur á hendi, að afhenda tollgæzlunni nákvæma skrá yfir talningu varanna upp úr skipi. En það fer eftir atvikum, hvort tollmenn eru viðstaddir talninguna eða ekki. Er rétt, að sami háttur verði hafður á hér."

En um þessa liði er svo annars að segja það frá mínu sjónarmiði, að mér finnst, að þó að þær breytingar séu gerðar á frv., sem þessir liðir eru um, þá skipti það ákaflega litlu máli, vegna þess að þó að tekið sé fram, að skýrslur skipstjóra eigi að vera gerðar eftir því, sem hann „bezt veit", eða þær skuli vera „svo nákvæmar sem mögulegt" sé, þá verður aldrei meira krafizt af honum en einmitt þessa. Og mér er sagt, að í lögfræðinni sé setning, sem talin sé grundvöllur í þessum efnum, setning svo hljóðandi: „Umfram það mögulega er engin skylda." Þess vegna held ég, að þessar breytingar séu bara óþarfaútfærsla á því, sem ákvæðin annars gilda um, það verði aldrei hægt að ætlast til af neinum meira en hann getur mögulega og hann verði aldrei talinn bera skyldu, sem lengra nái en að gera það, sem hann mögulega getur.

Þá er 8. till., við 15. gr., um, að tölul. falli niður. Þar segir tollstjórinn:

„Eins og á er bent í 8. lið í bréfi tollstjóra frá 13. f. m., er varzla ótollafgreiddra vara mikið trúnaðarstarf. Á þetta ekki síður við flutning varanna milli tollhafna, hvort sem fer fram á sjó, í lofti eða á landi. Er því rétt, að heimild sú, sem felst í 2. lið 15. gr. frv., verði felld inn í tolllögin. Má í þessu sambandi minna á flutninga á ótollafgreiddum og tollfrjálsum vörum til varnarsvæðanna."

Þá er 9. till., brtt. við 18. gr. Um hana segir tollstjóri:

„Um þessa brtt. vísast til 7. og 8. liðs í bréfi tollstjóra frá 13. f. m. með þeirri athugasemd, að höfuðnauðsyn er á því að ekki hafi aðrir á hendi afgreiðslu aðfluttra vara en þeir, sem hafa til þess hús, er hæf séu til geymslu varanna og viðurkennd hafa verið af tollyfirvöldunum, svo og að tollgæzlan fái þá aðstöðu við vöruskoðun, sem gert er ráð fyrir í 2. málsgr. b-liðs 18. gr."

En þessi 7. liður í bréfinu, sem vitnað er til í umsögninni, sem ég er nýbúinn að lesa, hljóðar svo:

„Í b-lið 18. gr. er ákvæði um, að til þess að hafa á hendi afgreiðslu farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum, eða geymslu ótollafgreiddra vara þurfi leyfi fjármálaráðuneytisins. Aðflutningsgjöld falla á innfluttar vörur, um leið og skipið, sem þær flytur til landsins, hefur hafnað sig þar, sem gjöldin eiga að greiðast. Á ríkissjóður lögveð í vörunum fyrir aðflutningsgjöldunum, en þau eru nú í mörgum tilfellum hærri en cif-verð vörunnar. Er af þessu og öðru ljóst, að varzla og afgreiðsla á ótollafgreiddum varningi er svo mikið ábyrgðarstarf, bæði gagnvart ríkinu og viðskiptamönnum, að rétt þótti að leggja til, að það væri einungis falið mönnum, sem fengið hafa löggildingu í því skyni. Hér í Reykjavík annast skipafélögin yfirleitt sjálf afgreiðslu þeirra vara, sem þau flytja til landsins, en út um landið fela þau það öðrum aðilum, einstaklingum eða félögum, og er þá mikilsvert, að vel sé vandað val þeirra. Auk þeirra skipafélaga, sem halda uppi föstum ferðum milli landa, kemur árlega fjöldi erlendra skipa til landsins, sem enga fasta afgreiðslumenn hafa hér. Eins og nú standa sakir, geta þessi skip falið hvaða manni sem er að veita farminum viðtöku, og verður það að teljast viðurhlutamikið, bæði gagnvart ríkissjóði og viðskiptamönnum skipsins. Ef litið er á, hve mikilla hagsmuna ríkið á að gæta í sambandi við innflutning vara, þá er ekki óeðlilegt, að það taki vörzlu þeirra, meðan ótollafgreiddar eru, að meira eða minna leyti í sínar hendur eða hafi afskipti af, hverjum varzlan er falin. En þó að ekki væri krafizt persónulegs leyfis fyrir afgreiðslumenn varanna, er mjög mikilsvert, að tryggt sé, að vörurnar séu aðeins fluttar í hús, sem séu hæf til geymslunnar og

viðurkennd af tollyfirvöldunum, og er það lágmarkskrafa, að það ákvæði verði sett um þetta.“

En 8. liðurinn hljóðar þannig, sem líka er vitnað til:

„Í þessari málsgr. er ákvæði um, að afgreiðslumenn innfluttra vara skuli leggja tolleftirlitsmönnum til án endurgjalds aðgreint rúm í hverju vörugeymsluhúsi til rannsóknar á vörum. Sætir þetta mikilli gagnrýni af hálfu Eimskipafélags Íslands. Þetta meinlausa, en þýðingarmikla ákvæði er tekið upp eftir enskri fyrirmynd, en í Englandi eru vöruhús ekki viðurkennd sem geymslur fyrir aðfluttar vörur, nema þessi aðstaða til skoðunar sé látin í té ókeypis og hún sé auk þess þannig útbúin, að tollgæzlan geti læst þeim með sérstökum lásum, öðrum en lásum afgreiðslumannsins, ef hún telur ástæðu til. Með framangreindu ákvæði er stefnt að því að skapa möguleika til skoðunar á innfluttum vörum í öllum þeim húsum, sem notuð eru til að geyma í aðfluttar vörur. Hefur þetta mikla þýðingu, vegna þess að það bæði auðveldar skoðunina og sparar kostnað við flutning varanna í tollbúð og úr vegna skoðunar, en í bréfum sínum gera skipafélögin mikið úr þeim kostnaði. Skoðanaplássin þurfa ekki að vera stór, og er kostnaðurinn við þau ekki meiri en svo, að full sanngirni er að leggja hann á skipafélögin, meðan þau njóta þeirrar fágætu aðstöðu að mega sjálf annast gegn endurgjaldi geymslu og afgreiðslu á vörum, er þau flytja til landsins.

Í 2. málsgr. b-liðs 18. gr. er einnig ákvæði um, að ótollafgreiddum vörum skuli haldið aðgreindum frá öðrum varningi. Er þetta í bréfi Eimskipafélagsins talið óframkvæmanlegt. Aðgreining þessi er mjög þýðingarmikil og verður að komast á hér um leið og vöruskoðun verður aukin. Aðgreiningin er ef til vill einhverjum örðugleikum bundin í bili, en reynist væntanlega framkvæmanleg hér sem alls staðar annars staðar.“

Þá er síðasta brtt., sú 10., sem er um, að 24. gr. falli niður og bráðabirgðaákvæði komi í staðinn. 24. gr. í frv. gerir ráð fyrir því, að þegar frv. hafi öðlazt staðfestingu, sé orðið að lögum, sé það fellt inn í stofnlögin, svo að heildarlöggjöf verði til. En tillögumennirnir leggja það til, að kosin verði 5 manna nefnd til þess að semja heildarlöggjöf. Og þeir stinga upp á því, að þessi nefnd sé skipuð á sérstakan hátt, og eftirtektarvert er það, að mér virðist, hvernig nm. eiga að veljast, að fjmrn. á engan sérstakan fulltrúa að eiga þar, og virðist þó, ef á um fullkomið samkomulag að verða að ræða og sjónarmið allra höfuðaðila eiga að koma fram í þessari n., að fjmrn. sé ekki minnsti aðilinn. (**Gripið fram í:** Er ekki tollstjóri fulltrúi þess?) Spurningin er það, hvort hann getur beinlínis skoðazt sem fulltrúi ráðuneytisins. Það er spurning. Hann er maðurinn, sem hefur þekkinguna í þessu efni. En hins vegar á hann ekki þarna hlut að sem maður, sem er fyrir hönd þess aðilans, sem fjármunanna nýtur, og veit ég það, að tollstjóranum sjálfum þótti þetta allkyndugt. Það sagði hann í viðtali við mig.

Jæja, heildarlöggjöfin á að verða til eins og tillögumennirnir vilja. Hún verður til, ef frv. verður samþykkt. En þá er mér spurn, hvort nokkur ástæða geti verið til þess, þegar unnið hefur verið eins rækilega að undirbúningi máls og að þessu frv., að skipa nefnd ofan á til þess að vinna verkið á ný. Við höfum nóg af nefndum og nóg verkefni fyrir nefndir og nógan kostnað af nefndum, þó að við skipum ekki nefnd til að vinna verk, sem þegar má telja að sé búið að vinna mjög forsvaranlega. Hitt held ég að væri skynsamlegra, að samþykkja frv., það hefur verið undirbúið af þekkingu og reynslu, og bíða svo átekta og sjá, hvernig ákvæði þess gefast í framkvæmd.

Ég hef valið þann hátt að láta tollstjórann í Reykjavík sem mest tala, því að ég viðurkenni það, að leikmannsþekkingin í þessu efni er miklu minna virði, þegar á að kryfja málið til mergjar, heldur en þekkingin hjá þeim, sem hafa haft þessi mál með höndum í framkvæmd.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. n. byrjaði á því að lýsa því yfir, að hann hefði talið mótmæli skipafélaganna svo veik, að ástæða hefði ekki verið til að svara þeim og ekki heldur ástæða til að láta þau koma fram sem fylgiskjöl með nál. Nú hefur hann varið alllöngum tíma til þess að lesa hér upp svör tollstjórans við ummælum skipafélaganna, sem þó hefur fundizt ástæða til þess að skrifa um þau langt mál. Nú hefur hv. þm. haft þá aðferð í þessu máli að lesa upp öll þessi ummæli, án þess að fyrir lægju hjá þm. bréfin, sem þessar umsagnir eru um. Hefði nú ekki verið miklu eðlilegra, að hann sem frsm. hefði látið birta öll skjölin og látið ekki mig og sig vera að deila um það hér í d., hvort þessi rök, sem koma fram, eða umsagnir, sem koma fram hjá skipafélögunum annars vegar og tollstjóranum hins vegar, væru lítils virði eða einskis virði eða mikils virði, heldur lofa hv. þm. að sjá þessi gögn og hafa nægan tíma til að athuga þau? Ég held, að það hefði verið eðlilegasta meðferð málsins. Ég vil ekki fara að nota hér a. m. k. heilan klukkutíma eða tvo til þess að lesa upp öll þau mótmæli, sem komu frá eimskipafélögunum. Það hefði kannske verið eðlilegast eftir þessa ræðu hv. frsm. að birta nú öll ummælin, og hefði ég talið það heppilegri meðferð málsins, að þetta hefði verið birt allt með nál. Ég veit, að það finnast mörg þskj. lengri og það í málum, sem eru ekki eins merk og þessi mál, svo að það hefði átt að birta öll fskj. raunverulega.

Þá sagði hv. frsm., að þessar till. væru ekki samdar af fjmrh. Hann veit það ákaflega vel, að allt frv. er samið í fullu samráði við fjmrn. og að hæstv. fjmrh. tók málið til sín og óskaði eftir, að umræðu væri frestað hér, vegna þess að hann vildi athuga brtt., svo að hann gæti sagt, hver væri sín skoðun á því máli, sem kæmi frá minni hl. Hann þarf því ekki að vera að halda það, að hæstv. fjmrh. eigi ekkert í þessu máli, þó að tollstjórinn eða einhver annar hafi undirbúið málið, og er undirbúningurinn fullkomlega á ábyrgð ráðh. Hann veit einnig ósköp vel, að það var hæstv. fjmrh., sem ætlaðist til þess, að kostnaðurinn yrði tekinn inn með nýjum tolli, eins og ég gat um í minni framsöguræðu, en það var

komið í veg fyrir það í n., og þá varð hann að sætta sig við að fá ekki þetta fé fyrr en á næsta ári, vegna þess að hann taldi sér ekki mögulegt að láta rýra þannig tekjur þessa árs. Hins vegar hafði ekki hv. frsm. þann skilning á þessu máli í fjvn., að hann vildi taka upp baráttu fyrir því, að það yrði lagt nægilega mikið fé til þess að byggja þessar tollbúðir, þ. e. a. s. að minnsta kosti 2—3 millj. á ári.

Þá sagði hv. þm., að sér fyndist það vera eðlilegt, og hafði það eftir tollstjóra, að sá, sem biður um undanþágu, verði að greiða fyrir það. Það getur verið, að það sé út af fyrir sig eðlilegt. En hvers vegna er bara ekki verið að hafa cina tollhöfn á landinu, Reykjavík, og láta síðan skipaútgerðirnar eða þá, sem flytja vörurnar, greiða allan kostnað við tollgæzlu um allt land? Það má alveg eins gera það og skipta því í 8 staði eða 7 eða 12. Hvar er svo línan um réttlæti? Er það, að öllum þessum 60—70 stöðum á landinu sé skylt að bera sérstakan kostnað, en undanþiggja 12 staði? Ég get ekki fallizt á, að í slíkri reglu fælist nokkurt réttlæti, eða að aðeins einn staður á landinu, Reykjavík, skuli njóta þessara fríðinda, af því að hún er höfuðstaður landsins, og láta svo aðra aðila greiða allan annan kostnað. Þessi rök eru engin rök til þess að verja það að leggja þennan kostnað á skipaútgerðina.

Svo segir tollstjóri, eftir því sem kom fram í bréfinu, að það sé miklu betra að afnema alla tollgæzluna en að hafa hana eins og við leggjum til í minni hl. Ja, ég veit, að ef allar þær aths., sem hafa komið frá þessum ágæta manni, eru mældar á sömu vog, þá eru þær ekki mikils virði, því að það verður ekki hægt að koma því inn hjá neinum manni, að það sé sama og að afnema tollgæzluna að gera þær brtt., sem við leggjum til í þeirri grein.

Og ég vil nú spyrja: Heldur tollstjóri í raun og veru eða hv. frsm., að þetta sé algild regla, sem hér er höfð uppi? Ég veit ekki til þess, að hún hafi nokkurs staðar verið tekin upp. Ég hef siglt í a. m. k. 25 ár og komið á margar erlendar hafnir, og ég hef hvergi vitað, að þessari reglu væri fylgt á þann hátt, sem hún er tekin upp hér.

Þá segir einnig hv. frsm., að tollstjóri haldi því fram um þá reglu, sem ákveðin er í 7. gr., að tollgæzlunni sé alls staðar gefið þetta vald. Ja, ég veit, að hann hefur þá, ef það er skoðun tollstjóra, allt aðra reynslu af þessum málum en ég hef haft þann tíma, sem ég hef verið í siglingum milli landa. Ég veit ekki til, að tollgæzlu sé gefið neins staðar þetta vald. Og að segja, að það verði að vera á valdi tollgæzlunnar, hvar og hvenær affermt er, er áreiðanlega nýmæli í íslenzkum lögum og hvergi annars staðar. Það eru alls staðar hafnaryfirvöldin, sem ákveða, hvar eigi að afgreiða skipin, en ekki tollyfirvöldin. Og tollyfirvöldin haga sér þar af leiðandi eftir því og senda sína afgreiðslumenn til þeirra staða. Og það getur verið þannig, að það sé ógerlegt að afgreiða skip á þeim stað, sem tollafgreiðslan vildi hafa, á ákveðnum tíma. Það geta verið þar önnur skip fyrir, og hvað á þá að gera? Á þá að láta skipið bíða kannske í heila viku, þangað til búið er að afgreiða hitt skipið. Það getur verið vindur og veður, sem orsaka, að ekki yrði hægt að koma skipum þar að. Hvað á þá að gera? Láta líka skipið bíða á kostnað eigendanna, af því að það má ómögulega hafa fulla samvinnu um það við tolleftirlitið að láta tollafgreiða skipið á einhverjum öðrum stað, þó að það væri ekki nema nokkra metra frá? Og sú fullyrðing, að það sé aðallega framkvæmdaratriði, sem kemur fram í okkar 5. brtt., er byggt á misskilningi, því að ef það væri aðallega framkvæmdaratriði, þá ætti tollstjóri að ganga inn á það og meiri hl. n., að það væri samþ., því að þá er enginn skaði að hafa það í lögunum. Hitt er svo fjarstæða, að halda því fram, að tolleftirlitið komi ekki að haldi, nema skipið sé nálægt geymsluhúsi. Skip eru aldrei afgreidd hér í Reykjavík nálægt geymsluhúsi yfirleitt eða svo að segja aldrei. Vörurnar eru fluttar hingað og þangað út um bæinn, sem við viljum fyrirbyggja með því að láta tollafgreiða vörurnar í sambandi við ákveðna girðingu, sem sett sé utan um skipið, þar til hægt sé að loka höfninni.

Þá segir hv. frsm., að við viljum fella niður heimild til þess að leita að tollsviknum vörum í geymsluhúsunum. Ef nú á að halda rökræðunum áfram á þeim grundvelli að snúa alveg kjarna málsins við, eins og hér er gert, þá er ekki von, að hægt sé að ná neinu samkomulagi um málið. Og ég á ákaflega bágt með að trúa því, að hinn ágæti lögfræðingur, Torfi Hjartarson tollstjóri, hafi sjálfur sent út frá sér svona lagaða umsögn, því að það er vitanlegt, að það er ekki farið fram á það af okkar hálfu að fella niður þessa heimild. Það er aðeins krafizt þess, að það sé ekki leitað nema með dómsúrskurði, það á að fá fullan úrskurð fyrir því, að það megi leita í húsunum.

Ég hef ekki átt kost á að kynna mér umsögn tollstjóra, en væni ekki hv. frsm. um, að hann hafi ekki lesið hér rétt upp. En ég efa, að tollstjóri hafi samið þetta bréf, heldur hafi einhver annar verið þar að verki, því að það er áreiðanlegt, að það getur ekki verið hans skoðun, að við séum hér með þessari brtt. að fella niður heimildina til þess að leita að tollsviknum vörum, nema síður sé. Við erum að tryggja það, að vörurnar fari ekki tollsviknar í land, og eftir er það í landslögum að mega hvenær sem er láta rannsaka tollsvikna vöru eða annað, sem rannsaka þarf, samkv. fyrirmælum dómstólanna, en þarf aðeins úrskurð til þess að gera það, það er allt og sumt.

Svo segir hv. frsm., að það eigi ekki að beita þessu ákvæði um að innsigla vörur skipverja. Hvers vegna á þá að vera að setja það í lögin? Það á ekki að beita því að innsigla vörur skipanna, hvorki bolla né borðbúnað, oft og tíðum silfurborðbúnað, sem kostar mikla peninga. En til hvers á þá að gera það með lögunum? Hann viðurkennir þannig það, sem ég hef haldið fram, að það er gersamlega útilokað að framfylgja því ákvæði.

Svo sagði hv. frsm., að með okkar brtt. væri verið að gera ábyrgð skipstjórans að engu og það, sem sé umfram það, sem mögulegt er, sé í lögum engin skylda. En ef það ekki er mögulegt að afgreiða skip á þeim stað, sem tollstjóri ákveður, þá er heldur engin skylda til að gera

það. En sannleikurinn er sá, að dómstólarnir hafa hvað eftir annað dæmt menn seka um hluti, sem þeir áttu engan möguleika til þess að geta haft eftirlit með að væru framkvæmdir. Ég get í því sambandi bent hv. frsm. á, að það hafa gengið hvað eftir annað dómar um það, að eigendur skipa skuli sæta háum sektum, allt upp í ½ millj. kr., fyrir hluti, sem þeir hafa aldrei komið nálægt, slys, sem orsakazt hafa og þeir hafa ekki átt nokkurn einasta þátt í. Ég held, að þessari reglu sé ekki alveg fylgt alls staðar.

Ég sé nú ekki ástæðu til að vera með spardatíning út af þessu, en vil aðeins benda á síðast, að það er mjög eftirtektarvert, að tollstjóri, hinn ágæti maður, hefur sama sem ekkert sagt um okkar síðustu brtt., því að þau orð voru mest frá brjósti hv. frsm., að því er mér skildist. Hann sagði sjálfur, að hann sæi enga ástæðu til þess að vera að skipa nefnd til þess að vinna þetta verk á ný, sem svo vel hefði verið undirbúið. Mér skildist, að það væru ekki ummæli tollstjórans. Fer ég ekki þar rétt með? Já, um þetta atriði segir tollstjóri ekki neitt. En ég hef einmitt bent á, að þetta verk er ekki þannig undirbúið og það verður áreiðanlega ekki sætzt á það atriði, þó að það verði að lögum núna. Það verður áreiðanlega af einhverjum öðrum en mér, þó að ég komi ekki til þess að eiga sæti hér á þingi, tekin upp barátta fyrir því, að það verði annar háttur hafður á en að setja ákvæði um þessi mál einhliða, og það leiðir ekki til neins góðs, eins og ég tók fram áðan. Það kann vel að vera, að lögin verði samþ. núna, en ef þessi till. verður felld, þá verður áreiðanlega tekin upp hörð barátta fyrir því, að þau ákvæði fái ekki að standa óbreytt um langan aldur. Og það er ekki viturlegt að setja ákvæði svo einhliða sem hér er gert gegn svo sterkum mótmælum sem hér liggja fyrir, þegar á sama tíma þarf að nota alla samúð þessara manna og aðstoð til þess að halda uppi tolleftirliti í landinu. Og sú löggjöf, sem byggð er á slíku, er ekki vel undirbúin. Ég vænti því a. m. k., að sú till. okkar verði samþ.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 20. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Svo vildi til, þegar þetta mál kom í n. í þessari hv. d., að ég gegndi þar störfum um stundarsakir fyrir hv. þm. Seyðf., sem var í utanlandsför, og þess vegna varð ég áskynja um ýmislegt varðandi aðdragandann að því, að þetta mál er lagt fram, og heyrnarvottur við umræður þær, sem fram fóru á milli hv. nefndarmanna, og tók raunar þátt í þeim líka, og með ýmsum fulltrúum þeim úr embættisstétt, sem hafa staðið að samningu þessa frumvarps.

Nú er það þannig, eins og lýst hefur verið við umræðurnar í þessari hv. d., að hv. Nd. virðist hafa hleypt málinu fram hjá sér svo að segja óathuguðu og ekki leitazt við að fá þar fram skýringar né gagnrýni á neinu atriði af því, sem í frv. var, eins og það kom frá hæstv. stjórn, verður maður víst að segja, því að það mun vera flutt aðallega á vegum fjmrn. og samið af embættismönnum eða starfsmönnum ríkisins, án þess að til ráðuneytis hafi nokkrir þeirra manna verið kvaddir, sem eiga að búa undir þessum lögum að mestu, og þar á ég við t. d. skipafélögin, og mætti kannske nefna fleiri aðila, t. d. eins og afgreiðslumenn skipa og því um líkt, fyrir utan hina venjulegu borgara, sem eiga undir þessum lögum að búa.

Það kom glöggt í ljós, þegar hv. fjhn. þessarar d. fór að ræða þetta mál, að hér er um að ræða stórkostlega breytingu á ýmsu sviði frá því, sem áður hefur verið, og meira að segja heill kafli, sem er alveg nýmæli í frv. og sjálfsagt nýmæli í tollalögum að sumu leyti, þó að víðar væri leitað en á landi hér. Þess vegna varð það að ráði, að fjhn. þessarar hv. d. leitaði álits skipafélaganna, sem þetta mál helzt snertir, þar vil ég nefna Eimskipafélagið og skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga og raunar einnig Skipaútgerð ríkisins, en engir þessara aðila höfðu nokkurt veður eða reyk af því, að í undirbúningi væri að setja þessar ýtarlegu reglur, sem frv. felur í sér, og hafa í för með sér á mörgu sviði aukin afskipti tollyfirvaldanna og aukinn kostnað fyrir þá, sem eiga við lögin að búa. Það kom og ljóst fram, eins og hér hefur verið lýst áður við umr. af hv. þm. Barð., að þó hann ekki læsi upp að öllu leyti innihald þeirra svarskrifa, sem hv. nefnd bárust frá þessum aðilum, sem ég nefndi, og tæki í viðbót frá Verzlunarráði Íslands og fleiri aðilum, Félagi íslenzkra stórkaupmanna og Sambandi smásöluverzlana, að margir þessara aðila og þó einkum skipafélögin höfðu talsvert við frv. að athuga í einstökum atriðum.

Hér er ekki um það að ræða, að neinn af þeim, sem gagnrýnir þetta frv., geri það með það fyrir augum að veikja tolleftirlitið eða hrekja það af réttri leið, að svo miklu leyti sem það er viðurkennd rétt leið, sem lagt er inn á. Þvert á móti. Ég verð að taka undir með hv. minni hl., þegar því er lýst yfir, að þeir, sem gagnrýna þetta frv., þó einkum og sér í lagi við, sem gerum það hér í þessari hv. d., gerum það engan veginn til þess að veikja neitt tolleftirlitið og þær ráðstafanir, sem það opinbera má hafa í frammi til þess að koma í veg fyrir smygl á vörum. Miklu heldur er þessi gagnrýni af því sprottin, að öllum skynbærum mönnum hlýtur að vera ljóst, að þó að stjórnarráðsstarfsmenn og tollstofustarfsmenn hafi að vísu sína þekkingu á útfærslu tolleftirlitsins, þá er hún samt sem áður mjög einhliða séð frá bæjardyrum þessara aðila einna saman. Og ef setja á reglur, sem vonir eiga að standa til, að hald sé í, þá er miklu viturlegra að hafa í verki þegar frá upphafi fulltrúa þeirra aðila, sem eiga að búa við löggjöfina, því að þá má þegar við lagasmíð í þessu efni taka tillit til þeirra agnúa á tilvonandi löggjöf, sem stjórnarráðsstarfsmaðurinn eða tollstarfsmaðurinn kemur síður auga á en hinn, hvort sem það er heldur skipafélag, afgreiðslumaður eða skipaáhafnir.

Nú varð það til þess, að hv. fjhn. leitaði álits þessara aðila, sem ég nefndi, skipafélaganna og verzlunarráðs og annarra, að hv. n. barst mjög

ýtarleg gagnrýni á ýmis atriði þessa frv. þegar í stað, meðan málið var í nefnd, og tillögur til ábendinga um það, hvernig breyta mætti ákvæðunum þannig, að betur færi. Því miður verður ekki séð, að hv. meiri hl. n. hafi þessu nokkurn gaum gefið. Á einu einasta sviði hefur hv. meiri hl. tekið sönsum, og það var á því sviði að leggja ekki nýjan skatt á þjóðina til þess að byggja tollgeymsluhús fyrir, en upphaflega frv. var þannig, að þar var smeygt inn í ákvæði um að leggja nýjan skatt á í þessu skyni. N. hefur horfið frá því, sem ég tel vel hafa farið, og tekur upp eina brtt., þá einu að mér virðist, sem meiri hl. styður við þetta mál og sjá má á þskj. 482 og gengur út á það, að leggja skuli í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli frá 1. jan. 1957, um leið og þeir eru innheimtir samkv. tollskrá, og viðaukum við þá og svo öðrum aðflutningsgjöldum, þó eigi söluskatti né framleiðslusjóðsgjaldi.

Þetta er að mínum dómi miklu betri leið og réttari en í frv. var lagt til að farin yrði, og þar sem n. öll stendur að þessari brtt., hefur hv. meiri hl. á þessu eina sviði tekið sönsum, eins og ég sagði áður, en hinar mörgu aths. frá Eimskipafélaginu, frá skipadeild Sambandsins, frá verzlunarráðinu og samtökum kaupmanna hefur hv. meiri hl. að því er virðist algerlega látið sem vind um eyrun þjóta. Aftur á móti hefur hv. minni hl. tekið upp ýmsar brtt., sem sumpart munu vera í samræmi við þá gagnrýni, sem fram hefur komið í þeim skjölum, er ég nefndi.

Mér þykir það nú satt að segja gegna talsverðri furðu og lýsa, ja, mér liggur við að segja óvenjulegum sauðþráa af hv. meiri hl. í máli eins og þessu, þar sem þeir vita, að það er undirbúið eingöngu af skrifstofufólki stjórnarráðsins og tollsins, en þeir, sem vinna við flutninginn, skipafélögin o. s. frv., hafa þar um ekkert fengið að segja, að vilja hamra málið fram að öllu leyti án þess að taka nokkurt tillit til þess, er fram kemur frá þessum aðilum — ég tel að megi í öllu falli segja merku aðilum, er gagnrýnt hafa frv.

Það vill nú svo til að ég er ekki gersamlega ókunnugur framkvæmdum á þessu máli með afgreiðslu skipa og því um líkt, því að í mörg ár hef ég starfað við það og var raunar í Vestmannaeyjum mjög kunnugur því, hvernig tolleftirlit yfirvaldanna var á þeim vörum, sem upp komu.

Frv., eins og það er komið í þessa hv. d., er samið af mönnum, sem hafa einblínt á framkvæmd og aðstæður utanlands, þar sem aðstæður eru talsvert öðruvísi en hér, og samið hér heilmikinn lagabálk, sem verður illframkvæmdur við aðstæður þær, sem enn eru hér innanlands, þó að í löndum, sem hafa langa verzlunarævi að baki sér og langa tollskoðunarævi, séu þessi mál komin í það horf, að sú aðferð, sem ætlazt er til að viðhafa samkv. þessu frv. í öllum einstökum atriðum, gæti sjálfsagt miklu betur gengið þar en hér. Hér vantar sem sé skilyrðin til þess, að tollgæzlan geti farið fram eins og frv. ætlast til.

Hv. þm. Barð. rakti fyrr við þessa umr. hverja einstaka grein og lýsti á henni lesti og kosti, svo að það væri endurtekning fyrir mig að fara að hafa það hér eftir. Ég tel, að hv. minni hl. hafi í tillögum sínum reynt það, sem æskilegt hefði verið að öll n. hefði fallizt á, reynt það sem sé að taka nokkurt tillit til þess, sem skipafélögin hafa óskað eftir, og breyta frv. samkv. því. En því miður hefur hv. meiri hl., eins og ég sagði áðan, ekki séð sér fært að láta þar undan nokkurri ósk, ekki einni ósk. Svo þegar kemur til kastanna og hv. frsm. fer að hnekkja því, sem hv. þm. Barð. hafði haldið fram, þá hefur hann að vísu ekkert frá eigin brjósti fram að færa, en hann hefur bréf frá tollstjóra, og það bréf er honum lykill að allri vizku í þessu efni. Og mér virtist hann láta algerlega nægja að lesa upp aths. tollstjórans við hina ýmsu gagnrýni, sem komið hafði fram við frv. frá skipafélögunum, og ekkert þar fram yfir eða út yfir. Alveg í sömu andránni var þó hv. frsm. að kvarta yfir því, að fjmrn. hefði ekki sérstaka aðstöðu til þess að hafa fulltrúa í þeirri n. til athugunar á frv. samkvæmt tillögu í bráðabirgðaákvæði á þskj. 437 frá hv. minni hl., þar sem svo segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd til þess að semja heildarlöggjöf um tollgæzlu, er miði að því að gera tolleftirlitið svo einfalt og öruggt sem kostur er á, m. a. með því, að komið verði upp tollbúðum og vörugeymslu fyrir tollskyldar vörur á innilokuðum hafnarsvæðum, sem tryggi hagkvæmari og öruggari tollgæzlu og jafnframt sem minnstan flutningskostnað tollvara á milli tollgæzlustöðva, svo og með því að skipuleggja samstarf á milli tollgæzlunnar og þeirra aðila, sem annast flutning og geymslu tollskyldra vara. Skal nefndin skipuð þannig: Einn samkvæmt tilnefningu hvers eftirtalinna aðila, Eimskipafélags Íslands, skipadeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurhafnar, en auk þeirra húsameistari ríkisins og tollstjórinn í Reykjavík, og er hann formaður nefndarinnar. Skal nefndin hafa lokið störfum og skilað til ríkisstjórnarinnar áliti, tillögum og frumvarpi til laga um tollgæzlu fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis."

Hv. frsm., sem studdist eingöngu við hv. tollstjóra til þess að svara gagnrýni hv. þm. Barð., taldi hann, að því er virtist, ekki nægilega hæfan, að því er mér skildist, til þess að vera fulltrúi fjmrn. í þessari n., sem lagt er til af hv. minni hl. að sett yrði, og fannst mér í því mjög mikil mótsögn í varnarræðu hv. frsm. Það er vitaskuld tollstjórinn og hans nánustu undirmenn, sem eiga flest ákvæðin í þessu frv., og þar sem hann er í jafnnánu sambandi við fjmrn. og raun ber vitni, þá er það næsta broslegt, ef rn. telst ekki vera vel „representerað", ef ég má brúka það orð, í nefnd, sem fjallar um útfærslu á tolleftirliti, þar sem tollstjóranum sjálfum er ætlað að vera formaður. Þetta er þó ekkert aðalatriði, en það sýnir fálmið í vörninni gegn réttmætri gagnrýni, sem fram var komin við tilbúning þessa frv. Það er í rauninni ekkert óeðlilegt, að þegar málið er undirbúið og hafið á þann hátt, sem þetta frv. hefur verið gert, þegar það sætir eingöngu meðferð frá öðrum aðilanum, sem sagt frá tollyfirvöldunum, það er eingöngu þeirra sjónarmið, sem fram kemur í frv., og ekkert farið að heyra álit neinna annarra, þá er það ekkert óeðlilegt, þó að á því sjáist augljósir gallar. Og

það er ekkert óeðlilegt, að það komi fram gagnrýni á svona máli, þegar maður veit og þekkir, hvernig það hefur verið einhliða undirbúið, og hefði verið mjög viðkunnanlegt, ef hv. meiri hl. fjhn. hefði sýnt lit á því að taka eitthvert tillit til þeirrar heilbrigðu gagnrýni, sem það hefur sætt.

Ég held, að það sé og hafi alltaf verið góð regla, þegar sett eru jafnýtarleg lagafyrirmæli og eru í þessu frv. um tollheimtu, tolleftirlit o. s. frv., að taka eitthvert tillit til álits þeirra, sem undir lögunum eiga að búa og að nokkru leyti eiga að framkvæma þau, en það virðist svo sem hv. meiri hl. n. sé á annarri skoðun. Þó er það viðurkennt og vitað, að frv. felur í sér að sumu leyti alger nýmæli, sem ekki hafa verið lögfest að neinu leyti eða vísir til þeirra á landi hér, og ég leyfi mér að vefengja, að þau eigi sér nokkurt fordæmi utanlands, þar sem er hinn svokallaði IV. kafli laganna. Í honum er það m. a. tekið fram, sem ekki hefur hingað til verið í lögum, að enginn megi annast afgreiðslu farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum, eða geymslu ótollafgreiddrar vöru nema hafa fengið til þess leyfi fjmrn. Þetta segir það ríkisvald, sem sjálft hefur ekki nokkurt skýli yfir að ráða til að geyma í ótollafgreidda vöru nema dálitið hús hérna á hafnarbakkanum, þar sem afgreiddur er farþegafarangur.

Svo að ég minnist nú á Eimskipafélagið í þessu sambandi, þá mun það hafa á sínum vegum eitthvað milli 40 og 50 afgreiðslur víðs vegar á landi hér og þar af leiðandi jafnmarga afgreiðslumenn. Margir þessara manna hafa starfað að þessu, sumir síðan félagið var stofnað, um 40 ár, og flestallir víst tugi ára. Þeir eiga núna samkvæmt þessu frv. allt í einu að fara að sækja það undir hæstv. fjmrh., hvort þeir megi nú halda áfram þessu sínu starfi.

Það er vitaskuld, að afgreiðslur skipanna úti um land alveg eins og afgreiðslur skipanna í Reykjavík starfa á ábyrgð skipafélagsins. Ef eitthvað misferst hjá þeim með toll, ef vörur eru teknar eða afhentar óleyfilega úr tollafgreiðslu, þá er það skipafélagið, sem ber ábyrgð á því að lokum.

Um þetta sérstaka atriði segir Eimskipafélagið í sinni umsögn.

„Í b-lið, sem á að verða 31. gr. tollheimtulaganna, segir svo m. a.: „Enginn má annast afgreiðslu farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum, eða geymslu ótollafgreiddrar vöru nema hafa fengið leyfi til þess frá fjmrn.“ Samkvæmt þessu ætti félag vort, ef þetta nýmæli verður samþykkt, sem hefur sjálft með höndum afgreiðslu skipa sinna, leiguskipa og annarra skipa, undanfarin 40 ár að þurfa að sækja um leyfi til þess að mega halda þessari sinni starfsemi áfram. Að vísu gerum vér ekki ráð fyrir, að oss verði synjað um slíkt leyfi, en þó er það hvergi tryggt í frv., að neinn forgangsréttur ráði í þessu efni fyrir þá aðila, sem áður hafa annazt þetta starf. Þó er enn frekar gengið á rétt skipafélaganna, ef þau eiga ekki að fá að ráða því, hvaða menn eða fyrirtæki þau velja sem trúnaðarmenn sína á höfnum úti á landi án íhlutunar ríkisvaldsins. Hvað félag vort snertir, þá hafa ávallt verið vandlega athugaðar allar aðstæður, þegar þurft hefur að ráða afgreiðslumenn félagsins úti á landi, og kemur þar margt til greina, sem taka verður tillit til, svo sem aðstæður til þess að hafa afgreiðsluna á hendi með tilliti til aðgangs að bryggjuplássi og geymsluhúsa, fjárhagsaðstæður hlutaðeigandi og almennt traust á manninum eða fyrirtækinu, sem ráðið er. Félag vort hefur ávallt lagt mikla áherzlu á, að öll þessi skilyrði séu fyrir hendi, enda er það svo stórt atriði fyrir félagið og viðskiptamenn þess, að einungis veljist þeir menn eða þau fyrirtæki til þessara starfa, sem vér teljum treystandi, að oss mundi aldrei til hugar koma að velja aðra en þá, sem uppfylla áðurgreind skilyrði.“ — Það eru skilyrði, sem frv. gerir ráð fyrir líka að þurfi að vera til staðar, nefnilega að ráða yfir nægu geymsluplássi.

En frv. lætur ekki öll skilyrðin uppi hvað þetta snertir, því að í einni málsgrein þessarar sömu gr. segir í frv.: „Leyfi má að öðru leyti binda þeim skilyrðum, sem ráðuneytið telur nauðsynleg á hverjum tíma“ — eftir að búið er að telja upp, að sá, sem afgreiðslu hefur á skipi, verði að hafa húsakost nægan og hann verði að hafa meðmæli tollstjóra á staðnum.

Og mér er nú spurn: Getur hv. frsm. skýrt það fyrir mér, hvað það er fleira, sem má krefjast af hálfu ráðuneytisins, þegar um er að ræða að velja afgreiðslumenn fyrir skipin? Ég skal að vísu vorkenna hv. frsm., þótt hann eigi bágt með svar um það, því að það stendur í frv., að leyfi megi binda þeim skilyrðum, sem rn. telur nauðsynleg á hverjum tíma, svo að þessi skilyrði geta verið nokkuð breytileg. Hv. minni hl. hefur lagt til, að þessi kafli væri felldur niður, og það er það rétta í þessu máli. Það er óhæfa að setja svona ákvæði í lög, án þess að höfð sé við sú aðferð, sem hv. minni hl. hefur bent á með sínu bráðabirgðaákvæði.

Ég veit engin dæmi til þess, að neins staðar hér í löggjöf hafi neitt rn. eða ráðh. seilzt inn á verksvið manna á svipaðan hátt og þennan með nýrri lagasetningu. Það hefur hingað til verið þannig, að skipafélögin ráða sér sína trúnaðarmenn, sem bera ábyrgð vitaskuld gagnvart skipafélaginu, en nú er það fjmrn., sem á að ráða því, hver maðurinn er. Og ef nú sá maður, sem skipafélagið vill trúa fyrir vörunum og uppfyllir að öðru leyti skilyrði til þess, sem það setur, svo sem um húsakost og því um líkt, finnur ekki náð fyrir augum fjmrh., hvað þá? Hver á þá að skera úr? Það er m. ö. o., að ráðherrann á að fara að ráða afgreiðslumenn fyrir skipafélögin. Það er það, sem er ætlazt til með þessu ákvæði. Það getur vel verið, að það verði vel framkvæmt, og það getur líka vel verið, að það verði misjafnlega framkvæmt. Það er enginn kominn til að segja um, hvernig það yrði, en ég tel fullkominn óþarfa að lögleiða slíkt ákvæði og alls ekki rétt að setja slíkt í lög. Og hvað tolleftirlitið snertir, þá hefur það ekki nokkra úrslitaþýðingu fyrir tolleftirlitið, hvort fjmrn. ræður afgreiðslumönnum skipafélaganna víðs vegar úti um land eða hvort fjmrn. þarf að „jústera“ sjálf skipafélögin um það, að þau megi afgreiða sjálf sín skip eða ekki. Ef þetta á að vera út af því, að þessir menn

hafi með höndum varning, sem sé tollvara, og það er ekkert nýmæli, það hefur einatt verið, fer þá ekki að verða nauðsynlegt, að fjmrn. ráði því, hverjir eru stýrimenn á þessum skipum, eða jafnvel undirmönnum öllum á skipunum, því að allir skipta þeir sér eitthvað af þessum varningi, og er það þá ekki alveg eins líklegt, að einhver fjmrh. vilji hafa hönd í bagga með það, hverjir ráðnir séu til að flytja vörurnar á milli landa, ef hann á að ráða því eða rn. á að ráða því, hverjir það eru, sem skipafélögin trúa fyrir að geyma vörurnar, þegar á land er komið?

Ég held, að hér gæti einhvers misskilnings að því leyti, að það er eins og tollyfirvöldin eða rn. líti svo á sem rn. eða tollyfirvöldin eigi þessar vörur, sem fluttar eru milli landa og eru kallaðar tollvörur. En þær eru vitaskuld ekki eign rn. og rn. hefur sína sérstöku embættismenn, þar sem eru tollverðirnir, til að veita því athygli og eftirför, hvað við þær vörur er gert. Og það eru viss ákvæði í lögum um það, sem gilda fyrir hvern mann, sem fær tollvörur frá útlandinu, hvernig hann á að haga sér gagnvart yfirvöldunum á staðnum til þess að „tollklarera", sem kallað er, sína vöru á heiðarlegan hátt, og þessi 4. grein, eins og hún er orðuð, bætir þar ekkert um.

Í 4. gr. eru svo fleiri ný ákvæði, sem Eimskipafélagið og þeir, sem gagnrýna þetta frv., hafa líka minnzt á.

Svo eru þessi fáránlegu sektarákvæði, sem hér er um að ræða í frv. Það er nú ekki neitt smáræði. Ég held, að skipstjóri, sem stýrir skipi, þar sem vitnast kann, að eitthvað hafi verið flutt með skipinu, sem ekki er á farmskrá, sé sekur um geipilega upphæð, ef yfirvöldin vilja svo vera láta. Það er hér talað um sektir í 19. gr. allt að 200 þús. kr. Það er nú ekki neitt smáræði.

Ég vildi ekki láta hjá líða að láta í ljós álit mitt um þetta mál við þessa 2. umr. Þó að ég hafi ekki flutt hér brtt., hefur hv. minni hl. flutt brtt. við það, sem ég fyrir mitt leyti ætla mér að fylgja. En ég vil sérstaklega láta í ljós hryggð mína yfir því fádæma sinnuleysi, sem hv. meiri hl. fjhn. hefur sýnt í þessu máli, þar sem hann skellir gersamlega skollaeyrum við öllum ábendingum, sem komið hafa fram frá mörgum aðilum utan þings og mörgum aðilum innan þings, öllu öðru en því að breyta skattgjaldinu þannig, að það sé tekið af tollinum sjálfum, en ekki lagður á nýr tollur, eins og rn. eða tollstjórinn ætlaðist til, þegar þetta var lagt fram. Sér í lagi þó þykir mér fyrir því og það vera þó verst, ef ekki fæst samþykkt bráðabirgðaákvæði eftir till. hv. minni hl. á þskj. 437. Ég er búinn að lesa upp innihald þess og þarf þess vegna ekki að endurtaka það, en þar virðist mér vera bent í rétta átt að því er snertir að setja löggjöf um þetta efni, sem sé haldgóð fyrir tollinn sjálfan, löggjöf, sem verði gagn að til að framkvæma gott eftirlit. Það er það, sem ætti að vera áhugamál allra, sem um þetta fjalla, að löggjöfin yrði meira en bara pappírsgagn, sem sýnilega, eins og ég hef lýst, er að sumu leyti miðuð við útlendar aðstæður, sem ekki eru til hér á landi, að öðru leyti nýmæli, sem hvergi eru til í lögum annars staðar og eiga hvorki hér á Íslandi né annars staðar við, og enn fremur ákvæði, sem að vissu leyti, eins og sumt í IV. kaflanum, eru, ja, mér liggur við að segja óhæfa, eins og það, að fjmrn. sé að skipta sér af því, hverjir séu trúnaðarmenn fyrir vissa atvinnurekendur á ýmsum stöðum hér á landi. Hér eru það siglingarnar, sem teknar eru í þessu efni, siglingarnar milli landa, þar vill ráðherra hafa fingurinn inn á milli um það, hverja þeir velja sér að trúnaðarmönnum hér á landi. Hvaða stétt verður tekin næst? Er ekki hugsanlegt, að það geti verið einhverjir fleiri, sem vilja hafa tögl og hagldir með, hverjir eru ráðnir til hverra starfa á hverjum stað?

Bráðabirgðaákvæðið, sem ég minntist á að mér þykir mest fyrir um, ef ekki nær lögfestingu, bendir ljóslega á það, hvernig þennan vanda megi leysa með ráði tollyfirvaldanna, með ráði þeirra, sem flytja vörurnar á milli landa, þ. e. a. s. skipafélaganna, og með ráði þeirra, sem hafa þær með höndum bæði til verzlunar og afhendingar hér á landi. Upp frá slíku samstarfi gætu vissulega komið þær tillögur um framkvæmd á þessu máli, sem haldgóðar kynnu að reynast í framkvæmdinni, og þá ekki sízt þar sem hv. þm. Barð. drap á, að stigið væri spor í þá átt að loka hafnarsvæðinu fyrst og fremst hér í Reykjavík, til þess að allt eftirlit á öllum sviðum, ekki einasta á tolleftirlitssviðinu, heldur á fleiri eftirlitssviðum, gæti orðið haldkvæmt og komið að gagni. Það þýðir lítið að setja pappírsákvæði, sem ekki eiga við og eru sett í trássi við þá, sem eiga mest undir þeim að búa. En það er miklu viturlegra að setja löggjöf, sem fyrir fram er tryggt, að samkomulag geti orðið um, að verði framfylgt.

Ég mun nú bíða átekta og sjá, hvernig fer við atkvgr. um þetta mál hér við þessa umr. Ég veit ekki, hvort það þýðir neitt að flytja brtt. við 3. umr., ef allt verður fellt núna, en a. m. k. má sjá, hversu þetta fer. En ég vil alvarlega benda hv. meiri hl. fjhn. á það, að sérstaklega með því að leggjast á móti bráðabirgðarákvæðinu á þskj. 437 er vísvitandi verið að vinna tollgæzlunni til óhagræðis, þá er verið að vinna gegn henni, en ekki með henni.

Umr. frestað.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Fjhn. er óklofin um þetta mál og hefur gefið út sameiginlegt nál., þó að tveir nm. hafi borið fram brtt. og kosið sér framsögumann í málinu.

Ég veit það, að hv. frsm. mun svara þeim efnislegu athugasemdum og gagnrýni, sem fram hefur komið, ef hann finnur ástæðu til, og hann hefur þegar svarað því, sem þá var fram komið, þegar hann tók síðast til máls. Hv. þm. Vestm. (JJós) taldi, að hann hefði aðallega notað rök tollstjórans í Rvík í sínu svari, og finnst mér það ekki ámælisvert, þó að hann vitni í álit tollstjórans í Rvík, því að það mun vera sá maður í landinu, sem hefur mesta reynslu um framkvæmd tollheimtu. Og þó að hv. þm. Vestm. teldi sig þekkja töluvert til þessara mála, sem ég efa ekki að hann geri, þá hygg ég, að tollstjórinn í Rvík þekki þau

betur. Þess vegna finnst mér það sízt að lasta, þó að hv. frsm. nefni álit tollstjórans í Rvík.

Hv. þm. Vestm. sagði á þá leið, að Nd. mundi ekkert hafa athugað málið. Hvernig getur nú hv. þm. fullyrt þetta? Er það sönnun fyrir því, að n. hafi ekki athugað mál, þó að hún leggi til, að það verði samþ. óbreytt? Ég held ekki. N. hefur getað athugað mál rækilega, þó að hún komist að þeirri niðurstöðu, að bezt fari á því að samþ. lagafrv. óbreytt.

Á fyrri fundi hér í d. í dag var stórum lagabálki vísað til þessarar sömu nefndar, fjhn., og hæstv. *forseti skoraði á mig sem formann* n. að sjá svo um, að 2. umr. um málið gæti farið fram á fimmtudaginn. Ef þetta á að framkvæmast, þá sé ég ekki, að það muni verða mjög mikill tími til þess að hlusta á marga aðila, sem kunna að hafa ráð að gefa í því máli, eða fá umsagnir margra aðila um það. Það væri þá líklega dómur, ef svo skyldi fara, að n. legði til að samþ. það frv. óbreytt, að n. hafi ekkert athugað málið.

Ég skal kannast við það, að ég lít svo á, að þessi hv. d. sinni meira athugun mála en hv. Nd. og hafi oft leiðrétt mál, sem hv. Nd. hefur samþykkt, en að kveða upp samt sem áður órökstudda sleggjudóma yfir hv. Nd. og einnig þingnefnd þar, finnst mér ekki viðeigandi. Og ég vil minna hv. þm. Vestm. og hv. þm. Barð. á það, að þeirra eigin flokksbræður eiga sæti í fjhn. Nd. eins og þeir eiga sæti í fjhn. Ed., og þeir lögðu til, að þetta frv. yrði samþykkt óbreytt. Það gerir þó enginn nm. í fjhn. Ed. að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Hv. þm. Vestm. sagði orðrétt, að það hefðu engir fengið að segja neitt um þetta mál nema tollstjórinn. Ég get ekki kannazt við þetta. Ég get ekki kannazt við það, hvort sem mönnum líkar niðurstaðan betur eða verr, að hv. n. hafi ekki af fullri gaumgæfni athugað þetta mál, og ég ætla að segja það, að sjútvn., sem ég á sæti í og hv. þm. Vestm. er form. fyrir, hefur ekki yfirleitt athugað mál meira en fjhn. hefur athugað þetta mál. Hún hefur leitað til flestra *þeirra aðila, sem mest hafa um þetta mál að* segja og mest kemur það við, og fengið umsagnir þeirra. Svo segir hv. þm., að það sé sauðþráa meiri hl. fjhn. að taka ekkert tillit til þeirra athugasemda. Auðvitað verða nm. og þm., þó að þeir vilji heyra sem flest rök, að fara eftir eigin skoðun um það, hvað rétt sé að leggja til í hverju máli, en ekki hlaupa endilega eftir því, sem aðrir menn segja. Svo er annað í þessu máli, *að tollstjórinn í Rvík, sem hefur samið frv.*, a. m. k. að mestu leyti, og eins og ég sagði áðan er þessum málum allra manna kunnugastur, er sá óhlutdrægi embættismaður, sem byggir á sinni þekkingu við samningu frv., en þessir aðilar, sem mótmælt hafa lögunum, eru þeir, sem eiga að lúta þeim, og ég veit ekki, hvernig löggjöfin yrði yfirleitt í landinu, ef ætti að fara eftir því, hvað þeir, sem sérstaklega er ætlað að lúta *tilteknum lögum, segja um þau.*

Það gat hver sagt sér fyrir fram, að þær kvaðir, sem óneitanlega eru lagðar á skipafélögin með þessu frv., þótt þær séu langt frá því eins stórvægilegar og hv. þm. vildi vera láta, mundu ekki finna náð fyrir augum skipafélaganna, en það er engin sönnun fyrir því, að þau ákvæði frv. séu ekki réttmæt.

Hv. þm. Vestm. fjölyrti um það, að ráðning afgreiðslumanna verði að vera háð samþykki ráðuneytis, og bjóst við, að ráðuneytið færi að hafa afskipti af ýmsum fleiri ráðningum og það væri rökrétt afleiðing af þessu. En það hefur nú lengi verið í lögum um ýmis störf, sem t. d. atvinnuvegirnir verða að láta inna af höndum, að það er háð samþykki og veitingu jafnvel yfirvaldanna, hvaða menn það eru. Ég minni á fiskmat og annað slíkt og aðra matsmenn á vörum. (**JJós:** *Fiskmat er opinbert starf.*) Ja, það er opinbert starf að nokkru leyti, og að nokkru leyti er það á vegum útgerðarinnar. (**JJós:** Það er ekki sambærilegt.) Mér virðist það sambærilegt. Og svo geri ég alls ekki ráð fyrir því, að ráðuneytið fari að misbeita þessu. Ráðuneytið samþykkir auðvitað oftast þá menn, sem skipafélögin ráða og vilja ráða, en það getur hent, að það séu menn, sem t. d. er ekki hægt að treysta í svona *hlutum, við skulum segja menn*, sem á einhvern hátt hafa orðið sekir við tolllög; það gæti vel staðið svo á, að skipafélag vildi hafa þá við afgreiðslu. Þess vegna virðist það ekki óeðlilegt ákvæði, að þetta sé háð samþykki ráðuneytis.

Hann var að tala um það, að þetta væri eins og ráðuneytið þættist eiga vörurnar, sem fluttar eru til landsins. Vitanlega á ráðuneytið ekki vörurnar, en ríkissjóður á hluta af verði þeirra, þar sem eru tollarnir, og mér finnst ákaflega eðlilegt, að ríkisvaldið vilji hafa hlutdeild í því, hvernig tollgæzlan fer fram.

Ég vísa algerlega frá mér sem formanni n. og nefndinni í heild sinni, að hún hafi sýnt sinnuleysi um þetta mál, eins og hv. þm. Vestm. ber á meiri hl. nefndarinnar. Ég bara fullyrði það, að þetta mál hefur verið rætt meira í fjhn. og meira um það fjallað en hér er venja um þingmál í nefndum. Annars var það ekki ætlun mín að fara að ræða hér efni málsins, heldur hitt, að ég kunni ekki við þann tón, sem hv. Vestm. viðhafði um það, að hér hefði verið kastað til höndunum, tala um sauðþráa og annað eins, þó að menn vilji ekki fallast á hans skoðun. Ég efast ekki um það, að í byrjun þessa máls eða einhvern tíma hefur verið rætt um þetta á fundi í Sjálfstfl., a. m. k. hefðu hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm. getað innleitt það þar á fundi. Því aðvöruðu þeir ekki sína menn í Nd. í staðinn fyrir að koma hér á síðasta stigi málsins svo að segja með ásakanir á aðra? Við leggjum ekki annað til í meiri hl. en það, sem þeirra flokksbræður í Nd. hafa lagt til og allir samþykkt þar.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. hefur nú talað í þessu máli svo ýtarlega um mörg atriði, að ég sé ekki ástæðu til að halda hér langa ræðu. Þó vildi ég segja nokkur orð og þá sérstaklega vegna þess, að hv. þm. Vestm. vék nokkrum orðum að málfærslu minni *sem frsm. meiri hl.* á föstudaginn var, en við umr. þá las ég svör tollstjórans í Rvík við aðfinnslum þeim, er skipafélögin hafa gert við frv. þetta, og einnig svör hans við fsp., sem ég gerði til hans út af þeim brtt., sem fram hafa komið frá minni hl. n. og eru á þskj. 437.

Hv. þm. Vestm. sagði, að það hefði litið svo út sem ég teldi álit tollstjórans í Rvík lykil vizkunnar í þessu máli. Ég fyrir mitt leyti lít svo á og fullyrði það, að tollstjórinn í Rvík sé manna bærastur að dæma um atriði þessa máls, og ég fullyrði líka, að þegar svör hans eru borin saman við aðfinnslur þær, sem komu frá skipafélögunum, þá verður lítið úr aðfinnslunum.

Hv. þm. Vestm. kallaði tollstjórann eða þá, sem samið hafa þetta frv., að mér virtist, tollstofumenn. Þetta finnst mér nokkuð langt gengið. Ég gat ekki séð, að hv. þm. Vestm. hefði í þessu máli í hendi sér lykil vizkunnar, a. m. k. hafði *hann alls ekki fram að leggja lykil, sem gæti* skotið loku fyrir, að tollsvik eigi sér stað, en það virðist mér fyrir mitt leyti vera aðalatriðið. Mér virtist ræða hans ganga út á það að víkka skrána, svo að erfitt yrði að skjóta loku fyrir.

Ég veit ekki, hvort það er rétt að fara mikið út í umr. þær, sem fóru fram á föstudaginn var, en mér er minnisstætt, að hv. þm. Barð. var hvað eftir annað að tala um hæstv. fjmrh., Eystein Jónsson, í sambandi við frv. og lét í það skína, að þar kæmi fram tollheimtufrekja. En mér virðist, að hann gæti hlíft sínum of næmu taugum í því sambandi, þegar það er vitað mál, að það er tollstjórinn, flokksbróðir hans, sem hefur samið frv.

Ég hygg, að álit tollstjórans, sem kemur fram bæði í frv. og í grg. hans í sambandi við þær athugasemdir, sem komið hafa fram við frv., sé einmitt hafið yfir alla flokkspólitík og firrur. Í því koma fram rök reyndasta mannsins, sem hægt er að fá til umsagnar í þessu máli, og enginn vafi er á því, að Alþingi á fyrst og fremst að taka tillit til reynslunnar í þessum efnum.

Ég efast ekki um það, að hv. þm. Barð. er mörgum mönnum kunnugri frá siglingaárum sínum starfsemi við afgreiðslur skipa, en hins vegar *hygg ég, að hann geti þó ekki borið þekkingu sína* saman við þekkingu tollstjórans í Rvík, sem lifir og hrærist í þessum málum eins og þau eru nú. Ég efast ekki heldur um, að þm. Vestm. hafi allmikla þekkingu á þessum málum, en fyrst og fremst sem kaupsýslumaður og innflytjandi, og hefur því alls ekki skilyrði til þess að meta þau frá öllum hliðum eins og tollstjórinn í Rvík.

Ég sé ekki mikla ástæðu til að tala hér um einstakar tillögur. Þó vil ég aðeins minnast á það í sambandi við það, sem hv. þm. Barð. talaði um afgreiðsluhafnir á föstudaginn var, að afgreiðsluhafnirnar eru fleiri en hann nefndi. Afgreiðsluhafnirnar eru 12, og það er fullyrt af fróðum mönnum, að þær séu fleiri hlutfallslega en gerist og gengur erlendis, t. d. í Noregi, sem hefur þó langa strönd.

Hv. þm. Vestm. fann það frv. til foráttu, að í því væru teknar upp fyrirmyndir erlendis frá. Ég get ekki séð, að það sé til þess að vita, að höfð er hliðsjón af því, sem aðrar og reyndari þjóðir hafa í sínum lögum. Það er ákaflega eðlilegt, þegar breytt er lögunum frá 1937, en síðan *eru stofnlögin, og með tilliti til þess, hvað breytzt* hafa aðstæður hér við land, að þá sé leitað fyrirmynda, því að breytingarnar á háttum hér heima, vinnubrögð og flutningatækni hafa vitanlega færzt nær því, sem gerist hjá stærri þjóðum.

Ég minnist þess úr umr. frá því á föstudaginn, að hv. þm. Barð. minntist á í 3. brtt., að það væri fjarstæða að gefa tolleftirlitinu heimild til þess að ákveða, hvar skip skyldi afgreitt í höfn, og ég man, að hann sagði í því sambandi, að þetta yrði ekki framkvæmt, þetta væri ósannindjarnt, fyrst og fremst gagnvart hafnaryfirvöldum, og einnig væri fjarstæða, sagði hann, að lögbjóða það, sem ekki yrði framkvæmt. Hér er ekki um að ræða, að það sé fyrirskipað eða lögboðið, hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, sem tollstjóri leggur áherzlu á að sé nauðsynlegt að hafa í undantekningartilfellum. Hv. þm. Barð. sagði, að þetta tíðkaðist hvergi erlendis. Mig furðaði á, að hann skyldi segja það, af því að tollstjóri getur þess í bréfi sínu frá 13. f. m., að svona ákvæði séu erlendis, og tekur upp til sönnunar málsgreinar úr norskum, sænskum og enskum lögum, sem sanna þetta. Og hv. þm. Barð. hafði lesið þetta bréf í fjhn.

Það er ákaflega eðlilegt, að skipaafgreiðslurnar og kaupsýslumennirnir, sem hér hefur líka verið tekið upp sjónarmið fyrir, vilji ekki láta leggja *á sig meiri kvaðir, til þess að hægt sé að fram*kvæma tolllöggjöfina, heldur en þau telja sér þægilegar og mæli á móti ákvæðum, svo lengi sem þessir aðilar fá aðstöðu til þess. En eins og hv. 1. þm. Eyf. benti á áðan, getur löggjafinn ekki nema að mjög takmörkuðu leyti tekið tillit til þess, þó að sá, sem lögunum á að lúta, kysi þau á annan hátt en nauðsyn krefur, til þess að þau geti notið sín.

Hv. 1. þm. Eyf. benti á, að hv. þm. Vestm. fór í raun og veru ósæmilegum orðum um afgreiðsluna í fjhn., talaði í því sambandi um sauðþráa og að nefndin hefði ekki gefið gaum að athugasemdum eða sinnt þeim. En *hann minntist ekki* á eitt í þessu sambandi, sem hv. þm. Vestm. lagði þó talsverða áherzlu á um starfsemi fjhn., og það var það, að það hefði verið aðeins eitt, sem n. hefði tekið til greina í framkomnum athugasemdum, og það var til breytinga á till. þeirri, sem flutt er í nál. og hv. þm. Vestm. taldi að komið hefði frá fjmrh. í því formi, sem ekki hefði komið til mála að fallast á. Ég benti á það um daginn og vil endurtaka það nú, að till. var ekki frá fjmrh., heldur var hún frá tollstjóranum, og hún er alveg í samræmi við þær kröfur, sem tollstjórinn hefur áður, oftar en einu sinni, *lýst yfir, þegar hann hefur komið á fundi fjvn.* Vilji þess vegna hv. þm. kasta að einhverjum fyrir þessa till., þá á hann að beina sínu kasti að tollstjóranum, en það væri vitanlega óverðskuldað, að það væri gert.

Hv. þm. Vestm. sagði, að sér þætti þó mest fyrir því, ef ekki yrði samþykkt till. sú, sem fyrir liggur um skipun nefndar til þess að endurskoða löggjöfina um tollheimtu og tolleftirlit, og hann sagði, að það hefði komið fram mótsögn hjá mér á föstudaginn var, þegar *ég lýsti* því yfir, að eins og lagt er til að n. sé skipuð, þá sé ekki gætt réttra hlutfalla. Hann sagði, að *ég hefði verið óánægður yfir aðstöðu fjmrn.* í nefndinni, og satt að segja finnst mér full ástæða til þess að benda á það, að þar er fjmrn. ekki ætlaður neinn sérstakur fulltrúi. Þar er gert ráð fyrir því, að tvö skipafélögin hafi sinn fulltrú-

ann hvort, og það er gert ráð fyrir því, að í nefndinni sé hafnarstjórinn í Rvík, en svo er aðeins gert ráð fyrir tveim öðrum: tollstjóranum og húsameistara ríkisins. Við getum sagt, að skipafélögin eigi að hafa þar fulltrúa til að gæta hagsmuna sinna og þeirra, sem vörurnar flytja, hafnarstjórinn til að gæta hagsmuna hafnarinnar í Reykjavík og enn fremur náttúrlega til að upplýsa um það, sem snertir hafnir almennt. En tollstjórinn hefur svipuðu hlutverki að gegna og húsameistarinn, hann á að vera sá fræðilegi ráðunautur nefndarinnar, en fjmrn. er enginn sérstakur fulltrúi ætlaður, og þó er það vitanlega sá aðili, sem þarf að gæta hagsmunanna gagnvart skipafélögunum f. h. eiganda tollteknanna, ríkissjóðsins.

Það er langt frá því, að ég telji ekki tollstjórann hæfan til þess að vera í þessari nefnd. Ég tel fyrst og fremst alveg nauðsynlegt, að hann sé í nefndinni sem sá fræðilegi ráðunautur, og ég hef sem frsm. vitnað í hann sem sjálfsagðan fræðilegan ráðunaut fyrir Alþingi, þegar setja á þessa löggjöf. Þess vegna er engin mótsögn í því, þó að ég héldi því fram, að nefndin væri ekki rétt upp sett, þegar vantaði í hana þann raunverulega hagsmunafulltrúa ríkisins.

Eins og ég benti á á föstudaginn var, tel ég, að nefndarskipunin sé óþörf. Ég tel, að svo vel hafi verið unnið að samningu þessa frv., að það sé óþarft að skipa nefnd til þess að vinna verkið upp. Ég tel, að réttara sé að bíða og sjá, hvernig löggjöfin reynist. Það er ágætt að skipa nefndir, en það á þó að stilla í hóf nefndaskipunum, enda kostnaður við þær alltaf nokkur. Mér finnst ástæðulaust í þessu tilfelli að skipa nefnd, það sé að bera í bakkafullan lækinn eða ætlast til þess, að kembd sé upp kemba, sem fullkembd er fyrir.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Það eru örfá orð til þess að svara þeim hv. þingmönnum, sem talað hafa af hálfu meiri hlutans. Minn ágæti vinur, hv. 1. þm. Eyf., komst dálítið í vandræði, þegar hann ætlaði að fara að finna í hinu borgaralega lífi hliðstæðu við ákvæði frv., hliðstæðu við það, að hér á fjmrn. að ráða því, hver fái að afgreiða skip fyrir eitthvert félag, hverju nafni sem það nefnist, hér við strendur landsins. Og hv. þm. hafnaði á fiskmatsmönnum. Ég þarf ekki að skýra það út fyrir svo mætum manni sem honum, að hér er um gersamlega ólíka hluti að ræða. Fiskmatsmenn eru opinberir starfsmenn, eins og við báðir vitum, og þeir eru skipaðir af opinberu valdi, skipaðir af því opinbera. Afgreiðslumenn skipa eru ráðnir af skipafélögunum og starfa, eins og ég hef tekið áður fram í umræðum um þetta mál, að því er snertir að öllu leyti þær hliðar, er varða almenning og varða yfirvöldin, á ábyrgð þess húsbónda, sem hefur ráðið þá, sem eru skipafélögin, svo að ég held að athuguðu þessu og þótt lengra væri rakið, að við gætum orðið sammála um það, að hliðstæðan er ekki enn þá í lögum. En hún kann að eiga eftir að koma. Það er ekki ómögulegt, að fleiri ráðuneyti vilji hafa hönd í bagga með ráðningum í borgaralegt starf víðs vegar um land, ef svo ber við að horfa, að það þyki þægilegt eða heppilegt að hafa það.

Þá sagði hv. 1. þm. Eyf., að það væri ekkert undarlegt, þó að ríkisvaldið vildi hafa hönd í bagga með höndlun eða meðferð á vörum, sem ríkissjóður, þó að hann ætti þær ekki, ætti stórra hagsmuna að gæta um, þar sem væri tollgreiðslugjald. Það skil ég vel, og það er ekki neitt nýtt. Til þess eru tolllögin, og til þess er tolleftirlitið í landinu. Það eru þeir, sem eru útsendarar ríkisvaldsins til þess að hafa eftirlit fyrir hönd ríkisvaldsins með vörunum, sem skipafélögin og þeirra undirmenn, bæði skipverjar og afgreiðslumenn, hafa með höndum og eiga svo að lenda í höndum þeirra móttakenda, sem hafa keypt þær og ætla sér að eignast eða eiga. Þessar röksemdir hv. 1. þm. Eyf. hnekkja á engan hátt því, sem ég sagði. Það getum við víst verið sammála um.

Ég tel þvert á móti við það, sem hv. þm. S-Þ. sagði, að það sé æskilegt að styrkja tollafgreiðsluna, og það er þá alveg óþarfi fyrir hann að vera að drótta því að mér, að ég vildi veikja hana, því að ég margtók það fram, að ég áliti, alveg eins og hefur komið í ljós hjá hv. minni hl., að það þyrfti að efla aðstöðu tollgæzlunnar, en ekki á skakkan hátt. Það er ekkert í þeim till., sem hv. minni hl. flytur og ég sagðist aðhyllast líka, sem hv. þm. S-Þ. getur bent á sem veikjandi fyrir tollgæzluna, raunverulega tollgæzlu, og þess vegna vísa ég í hans garð aftur þeim ásökunum, að athugasemdir mínar við frv. séu gerðar í þeim hug, að ég vilji veikja eða skemma tollgæzluna. Þvert á móti hef ég tekið það skýrt fram, að viturlegasta till., sem fyrir liggur í þessu máli, bráðabirgðaákvæðið á þskj. 437, sé nauðsynlegt, vegna þess að þar er lagður grundvöllurinn að staðgóðri og framkvæmanlegri tollgæzlulöggjöf.

Þá sagði hv. þm., að það væri ekki þess vert að vera að hafa á móti fyrirmyndum, sem sóttar væru til útlandsins, og út af fyrir sig er ég ekkert að hafa á móti því, svo lengi sem þær fyrirmyndir eru okkur þénanlegar til góðrar eftirbreytni hér á landi og framkvæmanlegar. Það, sem ég gerði aths. við, var það, að tollfrumvarpið væri samið af mönnum, sem einblíndu á aðstæður í útlöndum, sem væru ekki hér fyrir hendi og yrðu því pappírsgagn, þar sem væri verið að setja lög og miða við útlendar aðstæður, meðan engar slíkar væru hér, aðstæður, sem kannske m. a. fela það í sér, að tollyfirvöldin hafa alveg lokaðar hafnirnar, eins og víða er, og hver maður, sem eftir vissan tíma eða hvenær sem er dagsins þarf að fara þar um hliðin, verður við tollheimtumenn að tala á leiðinni. Slíkt er ekki til hér í Reykjavík, en það þyrfti að verða til, og að því miðar einmitt bráðabirgðaákvæðið hjá hv. minni hl. í þessu máli, sem hv. þm. S-Þ. vill ekki hagnýta, að mér heyrist.

Hv. þm. S-Þ. var að tala um það, að ég hefði viljað kasta einhverju að einhverjum. Ég tel mig ekki kasta neinu, hvorki að fjmrh. né neinum öðrum ráðh., þó að ég geti þess, að frv. er borið fram vitaskuld fyrir fjmrh., og af því ber fjmrh. náttúrlega ábyrgð á því; það veit hv. þm. eins og ég. Það er ekki tollstjórinn, sem lætur bera þetta frv. hér fram. Það er fjmrh., og þess vegna er það borið fram fyrir hans hönd. Af því leiðir, að hin nýja skattálagning, sem fyrir lá í frv. — **(Gripið fram í:** Það lá ekki fyrir í frv. Það er

tekið upp úr bréfi frá tollstjóra.) — jæja, eða inn í það komst, er samt sem áður á ábyrgð fjmrn., hún getur ekki verið á annarra ábyrgð. (**Gripið fram í:** Einnig fjárhagsnefndar.) Ja, líka.

Ég þarf svo ekki fleira um þetta að segja hvað ræður hv. fjárhagsnefndarmanna snertir, að ég held. Ég held ég sé búinn að mótmæla því, sem þurfti að mótmæla, og skal ekki vera að teygja neitt lengri ræðuhöld um þetta efni. En ég held satt að segja, að þó að þeir hafi talið mig fara hér með ósæmilegt orðbragð, þá hafi sú gagnrýni, sem hv. minni hl. hefur haft hér í frammi á frv., sú gagnrýni, sem frá hafnarstjórninni, frá Eimskipafélagi Íslands, frá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og frá verzlunarráðinu hefur komið fram á þetta frv., sé þess eðlis, að það þurfi að vera menn með sérstöku hugarfari og mér liggur við að nefna enn þá sauðþráa, sem ekki álíta hagnýtandi eina einustu aths. frá hálfu þessara manna við þessa lagasmíði, sem hér liggur fyrir. Menn mega svo kalla það ósæmilegt, ef þeir vilja, en þetta kemur mér svona fyrir sjónir.

Ég benti á það í fyrri ummælum mínum, að það væri dálítil missögn í því eða mishyggja hjá hv. þm. S-Þ., þegar hann teldi tollstjórann svo alvarlegt vitni og gagn í þessu máli, sem hann vissulega er, að það þyrfti ekki að svara neinum andmælum nema með bréfi frá honum, en þegar um það er að ræða, að nefnd, skipuð af ýmsum aðilum, ætti að ræða um þetta mál, þá væri tollstjórinn alls ekki nægilegur sem fulltrúi fyrir fjmrn. Mér heyrist, að hann sé enn þá þeirrar skoðunar, og þykir undarlegt, að hann geti ekki skilið það, hverra hagsmuni tollstjóri hefur fyrir augum í sínu starfi. Mér þykir eðlilegt, að það séu hagsmunir ráðuneytisins, enda er það víst, að bæði núverandi tollstjóri og allir fyrri tollstjórar líta fyrst og fremst á hag ráðuneytisins eða ríkissjóðs í sínu starfi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Ed., 23. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 428 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 437 teknar aftur til 3. umr.

4.—17. gr. (verða 5.—18. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

18.—24. gr. (verða 19.—25. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 555, 437, 559).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það hafa verið talsvert skiptar skoðanir í umræðum þessa máls hér í deildinni að því er ýmis atriði frv. snertir. Þótt fjhn. skilaði sameiginlegu áliti og mælti með samþykkt frv., var ágreiningur innan n. um einstök atriði í frv., og tveir nm. hafa lagt fram brtt., sem eru allvíðtækar, á þskj. 437. Þessar brtt. tóku þeir aftur við 2. umr. til 3. umr., vegna þess að tilraun átti að gera til þess að fá fullt samkomulag í málinu milli þeirra, er greint hafði á. Fjárhagsnefndarmenn hafa síðan 2. umr. fór fram athugað málið, og niðurstaða þeirra í milli hefur orðið sú, að fjhn. leggur fram á þskj. 559 þrjár brtt., og er ætlazt til, ef þær verða samþykktar, að ágreiningi milli fjárhagsnefndarmanna sé lokið, og vænti ég, að tillögurnar á þskj. 437 verði dregnar til baka og látnar víkja fyrir tillögunum á þskj. 559.

Um þessar tillögur þrjár, sem fjhn. ber fram að þessu sinni, vil ég segja þetta:

Fyrsta till. er um breytingar á 7. gr. Hún er engin efnisbreyting, en hún mælir fyrir um það, sem telja má raunar mjög eðlilegt og sjálfsagt, að tollheimtumenn hafi samráð við hafnaryfirvöld, ef þeir telja sig þurfa að hafa áhrif á það, hvar skipi er lagt til afgreiðslu í höfn. Brtt. mýkir ákvæði greinarinnar, en breytir þeim að öðru leyti ekki.

Önnur brtt. er um, að 10. gr. frv. falli niður. Nýmæli það, er í gr. þessari felst, er, að tollgæzlumenn megi gera húsrannsóknir í verzlunum og vörugeymslum án yfirvaldsúrskurðar. Fjhn. telur rétt að taka ekki upp nýmælið, vegna þess að þetta er mjög viðkvæmt mál, að láta aðra hafa leyfi til að beita leit í húsum en þá, sem yfirvöld úrskurða að megi gera það, og vitanlega er þetta líka álitamál. Verði greinin felld niður, gilda áfram núverandi lagaákvæði, að leyfi yfirvalda þurfi að fá til leitar í verzlunarhúsum og vöruhúsum. Mun nú yfirleitt vera auðvelt að fá slík leyfi, ef rökstuddur grunur hvílir á, að leit þurfi að gera.

Þriðja brtt. er umorðun á b-lið 18. gr., og hún er í raun og veru mikil efnisbreyting. Í stað þess, að samkv. því, sem segir í frv. í þessum lið, eiga afgreiðslumenn að fá löggildingu hjá fjmrn., er í brtt. svo fyrir mælt, að vörugeymsluhús, sem ótollafgreiddar vörur eru fluttar í, þurfi rn. að hafa viðurkennt sem geymslustaði í samráði við viðkomandi tollstjóra. Ég vænti þess, að eins og hv. þm. Barð. og hv. þm. Seyðf., sem vildu fella þennan lið niður og fluttu um það tillögu, hafa fallizt á þessa brtt. í staðinn fyrir sína till., þá muni einnig hv. þm. Vestm. fyrir sitt leyti telja þessa breytingu aðgengilega, en hann talaði eindregið á móti liðnum eins og hann er í frv.

Ég hef áður í umræðum þessa máls vitnað oft í tollstjórann í Reykjavík, af því að ég tel, að hann hafi ábyggilegasta reynslu í þessum málum og sé því dómbærastur um þau efni. Og nú þykir mér þá rétt að geta þess einnig, að ég hef átt tal við hann um brtt. þær, sem fjhn. leggur fram, og tel mig geta fullyrt, að hann telji þær sæmilega aðgengilegar og muni ekki gera neitt veður út af því eða lýsa neinni óánægju fyrir hönd sinna starfsbræðra, þó að þær verði samþykktar. Ég hygg, að hann sé eftir atvikum samþykkur því, að þær verði samþykktar, og telji rétt að samþykkja þær.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um, hefur fjhn. reynt að komast að samkomulagi um þetta mál, eftir að brtt. á þskj. 437 voru teknar aftur, og hefur samkomulag orðið á þann hátt, sem hv. frsm. lýsti í sinni ræðu.

Ég tel, að það hefði farið miklu betur á því, að þær brtt., sem bornar voru fram af okkur á þskj. 437, hefðu verið samþykktar eins og þær lágu fyrir. En með því að þetta samkomulag hefur nú náðst, sem er einnig tákn þess, að nauðsynlegt hafi verið að gera breytingar á þeim mjög einstrengingslegu tillögum, sem fyrir lágu, þá vil ég lýsa því fyrir hönd mína og hv. þm. Seyðf. svo og fyrir hönd hv. þm. Vestm., að við munum sætta okkur við þá afgreiðslu málsins, sem felst í brtt. nefndarinnar, og munu því brtt. á þskj. 437 allar verða teknar aftur. Hins vegar væntum við þess, að þótt þetta frv. verði nú samþykkt þannig, þá verði í mörgum tilfellum ákvæðum þess beitt mildilega, því að það er sannarlega hvorki til hagsbóta fyrir tollgæzluna sjálfa né til virðingar fyrir stofnunina, að þeim sé fylgt út í yztu æsar, eins og orðalag sumra greinanna gefur tilefni til.

ATKVGR.
Brtt. 437 teknar aftur.
— 559,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 559,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 559,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 596).

Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 613).

---

30. Félagslegt öryggi.

Á 27. fundi í Sþ., 5. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi [127. mál] (stjfrv., A. 230).

Á 39. fundi í Nd., 6. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að segja nema örfá orð varðandi þetta frv. á þskj. 230, sem er um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi.

Á félagsmálaráðherrafundi Norðurlanda í haust í Kaupmannahöfn um miðjan september var þessi samningur undirritaður af fulltrúum allra Norðurlanda, og eins og fram er tekið í athugasemdum við þetta frv., er hér fyrst og fremst um að ræða að setja í eitt kerfi marga samninga, sem áður hafa verið staðfestir af Norðurlöndum varðandi þetta efni, varðandi félagslegt öryggi. Í þessu eru þó nokkur ný atriði, eins og greinilega er fram tekið einnig í athugasemdunum. Ríkisstj. Íslands stóð að því, að þessi samningur yrði undirritaður á þann hátt, sem hér er um að ræða, í haust, og það er því hún, sem nú leggur þetta frv. hér fyrir hið háa Alþingi og æskir þess, að Alþingi staðfesti hann.

Ég sé í raun og veru ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, greinargerðin er það glögg, að hv. alþm. geta áttað sig algerlega á því, hvað eru eldri samþykktir, sem aðeins er verið að sameina nú, og hvað er nýtt í því, sem hér er um að ræða, og hygg ég, að það muni ekki verða meiningarmunur um það, að afgreiða beri þetta mál í því formi, sem hér er lagt til.

Ég vil því leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, PÞ, PO, SG, SkG, StgrSt, BergS, EI, EOl, EmJ, EystJ, GilsG, GíslG, GÞG, HV, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JR, JörB, HÁ.
13 þm. (KGuðj, KJJ, LJós, ÓTh, SÁ, SB, ÁB, BÓ, EggÞ, EirÞ, GJóh, GTh, JóhH) fjarstaddir.
Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 230, n. 371).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin hefur athugað frv. og rætt það við ráðuneytisstjóra í félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson. Það mun að vísu þannig, að flest atriði þessa samnings hefði verið heimilt að samþykkja án sérstakrar lagaheimildar, en réttara þykir þó að samþykkja frv. til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni og allan vafa. Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 72. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 230, n. 603).
Of skammt var liðið frá úbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 230 er um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og hefur verið hér til athugunar hjá heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. N. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 616).

---

31. Loftflutningar milli landa.

Á 45. fundi í Sþ., 8. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 25. maí 1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa [180. mál] (stjfrv., A. 463).

Á 84. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Útbýtt hefur verið hér í d. frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 25. maí 1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa. Ríkisstj. hefur ákveðið að leggja lagafrv. þetta fyrir Alþingi til samþykktar, þannig að ákvæði Varsjársamningsins frá 1929 um loftflutninga með breytingum gerðum í Haag 1955 fái lagagildi hér á landi. Aðalbreytingin, sem gerð var á Varsjársamningnum í Haag í september 1955, er sú, að hámark bótaábyrgða flugfélaga fyrir hvern farþega hækkar úr 125 þús. gullfrönkum upp í 250 þús. gullfranka. Flugfélag Íslands h/f og Loftleiðir h/f hafa staðfest, að þau séu samþykk hækkun á bótaábyrgðinni. Þess er vænzt, að öll ríki, sem eru aðilar að Varsjársamningnum frá 1929, muni samþykkja breytingar þær á samningnum, sem hér er gert ráð fyrir.
Ég vil ekki fjölyrða frekar um frv. þetta að sinni, en leyfi mér að vísa til athugasemdanna og leggja til, að málinu verði vísað til allshn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 91. í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 463, n. 503).

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Á árinu 1929 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi um loftflutninga. Þessi samningur var svo lögfestur 1949. Á samningi þessum hafa nú verið gerðar breytingar á fundi, sem haldinn var í Haag í september 1955, og hefur verið ákveðið, að Ísland gerist einnig aðili að þeim breytingum, sem á þeim fundi voru gerðar. Nefndin mælir því með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 92. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 94. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 463, n. 586).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir á þskj. 464, er stjórnarfrv. og er um breyt. á l. nr. 41 25. maí 1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.
Ísland gerðist aðili að alþjóðasamningi um loftflutninga 1929, og var sá samningur lög-

festur 1949. Á árinu 1955 var gerð nokkur breyting á samningi þessum með viðbótarsamningi, sem samþykktur var í Haag í september þ. á. Nú hefur verið ákveðið, að Ísland gerðist einnig aðili að nefndum viðbótarsamningi, og því hefur ríkisstj. borið fram frv. það, sem hér liggur fyrir.

Samgmn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm., hv. 10. landsk. þm., var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 617).

---

32. Náttúruvernd.

Á 35. fundi í Ed., 6. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um náttúruvernd [129. mál] (stjfrv., A. 232).

Á 36. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir síðasta Alþ., en það var á sínum tíma samið af mönnum, sem hæstv. fyrrverandi menntmrh., Björn Ólafsson, hafði kvatt til þess. Frv. er allmikill bálkur og hefur að geyma ýmis nýmæli og takmarkanir á umráðarétti einstaklinga og almannastofnana yfir eignum þeirra.

Enginn efi er á því, að frv. í heild stefnir í rétta átt, þar sem það miðar að því að vernda náttúru landsins og sérstaklega einkennilega og fagra staði, sem segja má að setji svip sinn á umhverfið og séu landinu til prýði, og miðar enn fremur að því að gefa almenningi betra færi til að njóta náttúrunnar en segja má að tryggt hafi verið í lögum fram að þessu. En vegna þess að hér er um nýmæli að ræða, var frv. á síðasta hv. Alþ. afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin leiti umsagnar sýslunefnda, bæjarstjórna og Búnaðarfélags Íslands um málið og leggi fyrir næsta þing niðurstöður sínar, að undangenginni endurskoðun á frumvarpinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Frv. hefur verið sent til þessara aðila, og flestir þeirra hafa sent umsagnir. Á mörgum þeirra er lítið að græða. Í öðrum eru athugasemdir, fæstar veigamiklar. Yfirleitt má segja, að frv. hafi hlotið góðar undirtektir, sumar athugasemdirnar eins og gengur byggðar á misskilningi, aðrar eru réttmætar. Til þessara athugasemda hefur verið tekið tillit í þremur óverulegum breytingum, sem gerðar hafa verið á frv., eins og nánar er rakið í grg. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um það. Breytingarnar eru nánast til frekari skýringar, eru um efni, sem ekki hafa neina þýðingu fyrir heildarskoðun manna á málinu, og tel ég því ekki ástæðu til að þreyta hv. d. með mælgi um þær eða ýtarlegri skýringum.

Ég vonast til þess, að frv. eftir þessa rækilegu athugun, sem það hefur fengið hjá þeim aðilum, er til stóð, hljóti nú greiðan framgang í hv. þingdeild. Leyfi ég mér að leggja til, að það verði samþykkt til 2. umr. og verði vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 232, n. 266).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Frv. það um náttúruvernd, sem hér er til umr., er flutt af menntmn. fyrir ríkisstjórnina. Þetta var til umr. í þessari hv. d. á síðasta þingi, en var eftir till. menntmn. vísað til ríkisstj., einkum til þess að leita umsagnar sýslunefnda og bæjarstjórna, því að vitað var, að alllangan tíma mundi taka að fá þær umsagnir.

N. sú, er undirbjó frv., hefur athugað þessi gögn, sem flest mæla með því, að frv. verði samþ. með litlum eða engum breytingum. Búnaðarfélag Íslands hefur í svari sínu gert nokkrar athugasemdir við frv., einkum við 2., 4., 6., 7. og 9. gr., en ekki geta þær kallazt róttækar, en benda einkum á rétt bóndans til nytja af landi sínu, sbr. um berjatínslu. Sams konar ummæli finnast einnig í umsögn sýslunefndar Kjósarsýslu og sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu. Annars eru flestir þess fýsandi, að lög um þetta efni verði samþykkt.

Frv. hefur tvennan tilgang, í fyrsta lagi að vernda sérstakar náttúruminjar, sem sjaldgæfar eru, svo að þær verði ekki eyðilagðar að óþörfu eða í hugsunarleysi, og setja reglur um umferð fólks, sem njóta vill hressingar og hvíldar úti í náttúrunni, og er þá að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við fólk úr kaupstöðum og kauptúnum, en um leið að vernda rétt bænda fyrir ósanngjörnum ágangi á lönd þeirra, en umsjón með þessu er í höndum náttúruverndarnefndar í hverri sýslu, en náttúruverndarráð hefur úrskurð um þessi mál, og eru sjö menn í því undir yfirstjórn menntmrh. Þær sýslunefndir, sem helztar athugasemdir gera, eru næstar Reykjavík og Akureyri, en þaðan er aðallega að vænta ágangs á

lönd bænda, einkum að því er snertir berjatínslu, svo og óþarfa styggð, sem kemur á búfé fyrir þennan ágang. Í 6. gr. frv. eru settar skorður við slíku óhagræði fyrir landeigendur, og því til styrktar hefur n. gert breytingu á 6. gr., eins og nál. ber með sér, og það er sú eina breyting, sem n. hefur gert á frv. Annars sker reynslan úr, ef frv. verður að lögum, og þá verður hægt að bæta um síðar, ef þörf þykir.

Eins og ég gat um áðan, eru umsagnir Búnaðarfélags Íslands á þann veg, að það snertir eiginlega sameiginlega allar þær athugasemdir, sem fram hafa komið frá sýslufélögum og öðrum. Eins og ég gat um lauslega áðan, þá er í fyrsta lagi gerð athugasemd við 2. gr. frv., þar sem rætt er um jarðrask á jörðum. En við athugun á nál. og skýringum, sem þar fylgja, á þetta ekki að hafa neina hættu eða kostnað í för með sér, því að það er ekki skylt að hlíta þessu til fullnustu.

Um 6. gr., sem n. hefur gert aths. við, er einnig rætt í bréfi Búnaðarfélags Íslands, og finnst þeim, að bændur eigi að hafa það mikinn rétt yfir löndum sínum, að þeir geti ákveðið um berjatínslu og annað og eigi að hafa fullar nytjar þess vegna. Undanfarin ár, a. m. k. nú um lengri tíma, hafa menn haft þann sið yfirleitt að biðja um leyfi til berjatínslu, og í þeim sveitum, þar sem berjalönd eru bezt, hafa menn selt þau á leigu, visst fyrir hvern mann, sem tínir ber, og t. d. sérstaklega í Kjósarsýslu er talsverð fjárhæð, sem borguð er fyrir þetta af ýmsum félögum og félagasamtökum, sem hafa farið í berjatínslu að haustinu. Ég hef ekki heyrt, að það hafi borið á því, að menn hafi gert neitt til að spilla landi, ekki hafa komið kvartanir, svo að ég viti. Og ég held, að með eftirliti, sem bændur jafnan hafa, er þeir leigja lönd til berjatínslu, sé mjög lítið úr þessu gert. Og þetta eru nú þær helztu aukatekjur, sem menn hafa af ræktuðu landi.

Í þeirri breytingu, sem n. gerði á 6. gr., 2. málsgr., var skotið inn í greinina, að sé landið girt, er aðeins heimilt að fara gegnum hlið á girðingunni, svo að menn séu ekki að ráðast beint á girðingarnar, brjóta þær niður eða spilla á þann hátt. Í greininni stóð: „enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér mikið óhagræði". Við fellum orðið „mikið" niður, og þá geta bændur kvartað yfir ágangi við náttúruverndarnefndir og fengið þar úrskurð á. En n. sá sér ekki fært eða ástæðu til þess að breyta frv. neitt að öðru leyti en þessu, því að það getur eflaust verið margt í því, sem orki tvímælis, en þá hefði verið farið það langt út í það, að lítið hefði kannske orðið eftir af frv. En nm. eru allir sammála um, að þetta sé gagnlegt mál og þarflegt að fá um það lög, sem reynslan síðar sker úr, hvort verði til gagns eða ekki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 266 samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
12.—28. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
33. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
34.—36. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 277).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 50. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 2. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 92. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 277, n. 507).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Hugmyndin um náttúruvernd mun fyrst hafa komið fram meðal náttúrufræðinga. Fyrir aldarfjórðungi var um málið rætt í Náttúrufræðingafélaginu, og fyrir forgöngu þess félags var skipuð nefnd til að semja frv. um náttúrufriðun, friðun sögustaða o. fl.

Magnús Jónsson, þáverandi þm. Reykv., flutti þetta frv. á Alþingi 1932, en það hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu á því þingi. Á þingi 1934 flutti allshn. Ed. að ósk þáverandi dóms- og menntmrh. annað frv., sem gekk í sömu átt, en það hlaut ekki heldur fullnaðarafgreiðslu á þinginu.

Á þingi 1948 var samþ. till. frá Páli Þorsteinssyni og Jóni Gíslasyni með svofelldri ályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um verndun staða, sem eru sérstaklega merkir af náttúru sinni eða sögu."

Í framhaldi af þessari ályktun fól fyrrv. menntmrh., Björn Ólafsson, þeim Ármanni Snævarr prófessor og dr. Sigurði Þórarinssyni að semja frv. til laga um náttúruvernd. Þegar þeir höfðu lokið því verki, skiluðu þeir frv. í hendur menntmrn. Núverandi hæstv. menntmrh. lagði frv. fyrir hv. Ed. á síðasta þingi. Frv. var þá afgreitt frá þeirri hv. deild með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstj. leiti umsagnar sýslunefnda, bæjarstjórna og Búnaðarfélags Íslands um málið og leggi fyrir næsta þing niðurstöður sínar, að undangenginni endurskoðun á frv., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Á milli þinga hafa bæjarstjórnir og sýslunefndir og enn fremur Búnaðarfélag Íslands athugað frv. Þegar umsagnir frá þessum aðilum höfðu borizt til menntmrn., fól hæstv. ráðh. höfundum frv. að athuga umsagnirnar og gera breytingar á frv. í samræmi við þær, eftir því sem þurfa þætti.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur því fengið mjög mikla athugun og góðan undirbúning. Samkvæmt frv. skal heimilt að friðlýsa sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, gigi, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær séu fagrar eða sérkennilegar, jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt, friðunin getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls, enn fremur landssvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstæðs gróðurfars eða dýralífs Og loks á að verða heimilt samkv. frv. að friðlýsa landssvæði, sem eru ríkiseign og sérstæð eru um landslag, gróðurfar eða dýralíf, í því skyni að varðveita þau með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að þeim.

Stjórn náttúruverndarmála á að verða þannig hagað, að í hverju sýslufélagi skal skipa 3 manna náttúruverndarnefnd. Sýslumaður er formaður nefndarinnar, en sýslunefnd kýs hina nefndarmennina tvo til 4 ára í senn og jafnmarga varamenn. Menntmrh. skipar síðan náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til 4 ára í senn. Á það að vera skipað 7 mönnum, forstöðumönnum 3 deilda náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum samkv. till. Búnaðarfélags Íslands og einum manni, sem Ferðafélag Íslands nefnir til, einum verkfræðingi samkv. till. Verkfræðingafélags Íslands og einum embættisgengum lögfræðingi, sem menntmrh. skipar. Menntmrn. hefur svo yfirstjórn náttúruverndarmála.

Störf náttúruverndarnefndar verða í því fólgin, að aðili, sem óskar að fá friðað landssvæði, á að snúa sér til náttúruverndarnefndar í héraði með beiðni um það, og greiðir nefndin þá fyrir því, að friðunin komist á. Rísi ágreiningur í héraði um mál, sem varða friðunina, reynir náttúruverndarnefnd að leita samkomulags milli aðila, en fellir úrskurð um málið, náist ekki samkomulag. Náttúruverndarnefnd getur einnig átt frumkvæði að því, að ákveðið sé að friða landssvæði eða jurtir eða dýr, ef hún telur það miklu máli skipta. Komi til þess samkv. úrskurði náttúruverndarnefndar, að bætur verði greiddar, þá fellir náttúruverndarnefnd úrskurð um hæð þeirra bóta. Úrskurðir, sem náttúruverndarnefnd fellir í héraði, skulu síðan lagðir fyrir náttúruverndarráð, og getur það breytt úrskurðum nefndarinnar eða staðfest þá, eftir því sem ráðinu virðist efni standa til. Náttúruverndarráð skal kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa, og getur ráðið átt frumkvæði að því að stofna til náttúruverndarmáls. Náttúruverndarráð skal enn fremur samkv. frv. semja skrá um náttúruminjar, sem æskilegt er að friðlýsa, og fá á þann hátt heildaryfirlit yfir landið allt um þau verkefni, sem fyrir liggja á þessu sviði.

Ef greiða þarf bætur vegna þess, að eigandi lands eða rétthafi verði fyrir tjóni vegna friðunarinnar, verður meginreglan sú samkv. frv., að bæturnar greiðast að ¾ hlutum úr ríkissjóði, en að ¼ úr sýslusjóði hlutaðeigandi sýslu, ef það landssvæði, sem friðað er og bæturnar eru greiddar fyrir, liggur í byggð. En ef náttúruminjar, sem á að vernda, eru ofar byggð, greiðir ríkissjóður einn óskiptar bætur. Undantekning frá þessu er þó sú, að ef land er tekið og friðlýst og gert að fólkvangi eða almenningssvæði í því skyni að veita almenningi færi á að njóta náttúrunnar, þá skal ríkissjóður einn greiða bætur, sem af slíkum skiptum kann að leiða.

Menntmn. telur tímabært, að þetta frv. verði lögfest. Liggja því til grundvallar fyrst og fremst menningarleg sjónarmið. Sú kynslóð, sem nú býr í landinu, harmar það, hvað þær kynslóðir, sem liðnar eru, voru hirðulausar um eyðingu skóganna. Dró það úr fegurð landsins, rýrði gróðurfar þess og gerði það miklum mun verra til búskapar en ella. Af brýnni nauðsyn eru nú gerð stór átök í skógræktarmálum með fjárframlögum af almannafé, og enn fremur er lögð fram mikil sjálfboðavinna í sama skyni til að reyna að bæta það, sem eyðzt hefur, og hefur þó ekki tekizt nema að litlu leyti. Aukin ræktun prýðir landið, jafnframt því að hún eykur hagsæld þeirra, er hennar njóta. En fleira þarf að koma til. Íslenzk náttúra, bæði hin dauða og lifandi, er um margt sérstæð. Landið er strjálbyggt, og til skamms tíma hafa áhöld, sem völ hefur verið á, ekki verið stórvirkari en svo, að framkvæmdir hafa valdið tiltölulega litlum breytingum á yfirborði landsins og náttúrufari þess. En á síðustu árum hefur orðið gerbreyting í þessu efni. Með hinum stórvirku tækjum má á stuttri stund raska jarðlagi og sérkennilegum og fögrum náttúruminjum, ef gálauslega er að farið. Má þegar sjá dæmi slíkra framkvæmda á ýmsum stöðum. Er því fullkomin ástæða til að setja í lög ákvæði, sem ætlað er að girða fyrir spjöll á náttúruminjum og náttúrumyndunum, sem gildi hafa til fegurðar- og skilningsauka á náttúrufari landsins, og að búa svo um eftir föngum, að náttúruminjum sé ekki spillt að þarflausu í sambandi við framkvæmdir og mannvirki.

Sama sumarið og íslenzka þjóðin valdi í fyrsta sinn fulltrúa á Alþingi, eftir að það var endurreist, var kvöld eitt í júnímánuði bát hrundið úr vör á Reykjanesi og róið að eyju allfjarri landi. Í þeirri för voru veiddir 2 geirfuglar. Þegar í land kom, létu veiðimennirnir hina dauðu fugla af hendi fyrir nokkra skildinga, en það voru hinir síðustu einstaklingar þeirrar tegundar. Þetta óhappaverk verður aldrei bætt. Geirfuglinn verður ekki vakinn til lífs, hve mikið fé sem í boði væri til þess, en þær fáu leifar fuglsins, sem til eru og geymdar í söfnum í nokkrum löndum, þykja nú svo dýrmætar, að ein eggskurn er metin á þúsundir króna. Þegar svo er um dauðar leifar þessarar tegundar, má af því ráða, hvers virði það væri, ef geirfuglinn hefði fengið að eiga friðland á íslenzku útskeri, hvílíka eftirtekt það hefði vakið, hve mikill menningarvottur það væri talinn, ef þjóðin hefði borið gæfu til þess að þyrma hinum fágæta fugli. Þetta dæmi á að verða

til viðvörunar. Fjölbreytt dýralíf og gróðurfar eykur fegurð landsins og gildi þess. Lagaákvæði, sem að því lúta að veita vernd í þessu efni, eru áreiðanlega ekki sett að ófyrirsynju.

Íslenzka þjóðin getur notið þess í æ ríkara mæli, að hún á víðáttumikið land og fagurt. Hvert sem farið er, blasir við fjölbreytt landslag og náttúrufegurð. En umgengni manna við náttúru landsins er stundum þann veg, að ástæða er til, að löggjafinn veiti aðhald í þeim efnum. Saga landsins og þjóðarinnar er tvinnuð saman. Orð skáldsins um föðurlandið eru í fullu gildi:

„Þú ert allt, sem eigum vér,
ábyrgð vorri falið."

Það er menningarleg skylda, að reynt sé að varðveita fögur landssvæði, að stuðla að góðri umgengni um náttúru landsins, að koma í veg fyrir óþörf tiltæki og ósmekkleg, svo sem að letra auglýsingar og áróðursmál á mannvirki og náttúrumyndanir úti á víðavangi, að friða jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

Menntmn. telur, að í frv. þessu felist merkileg nýmæli í íslenzkri löggjöf, og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni merkilegt mál, sem lá fyrir Alþ. í fyrra, en fékk þá ekki afgreiðslu. Þetta frv. er um náttúruvernd, er mjög ýtarlegur lagabálkur, 36 gr. og 7 kaflar. Frv. fylgir ýtarleg grg. Í sjálfu sér er það ekki meining mín að fara að gera þetta frv. að sérstöku umræðuefni. En það eru viss atvik, sem valda því samt, að ég vildi gjarnan koma hér á framfæri málaleitan frá félagsskap hér í landinu, Skógræktarfélagi Íslands, sem ég tel að hafi verið algerlega sniðgengið í þessu máli.

Í frv. er gert ráð fyrir í 10. gr., að menntmrh. skipi náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum samkv. tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Ferðafélag Íslands nefnir til, einum verkfræðingi samkv. tillögu Verkfræðingafélags Íslands og einum embættisgengum lögfræðingi, er menntmrh. skipar án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.

Ég álít, að svo fjölmennt ráð sem hér er gert ráð fyrir muni verða allþungt í vöfum og mundi undir vissum kringumstæðum a. m. k. geta orðið til þess að torvelda starfsemi ráðsins frekar en hitt.

Þegar þetta mál var lagt fram í fyrravetur, stóð yfir fulltrúafundur skógræktarfélaganna, sem Skógræktarfélag Íslands hafði boðað til. Á þessum fundi var þetta mál allmikið rætt, og komu þar fram ýmsar ábendingar í sambandi við frv., þar sem fulltrúar skógræktarfélaganna töldu, að betur hefði mátt fara á ýmsan hátt en gert væri ráð fyrir í frv. Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var á Þingvelli 25. og 26. júní 1955, var svo þetta mál tekið til allrækilegrar umræðu, og var svo hljóðandi till. samþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Þingvelli 25. og 26. júní 1955, telur það mikla annmarka vera á frv. því til laga um náttúruvernd, sem lagt var fyrir Alþingi 1954, að nauðsynlegt sé að taka það til endurskoðunar, áður en það er lagt fyrir Alþingi á ný, og leggur fundurinn áherzlu á það, að fulltrúar, tilnefndir af Skógræktarfélagi Íslands, verði kvaddir til samstarfs um þá endurskoðun."

Þessi till. hefur þegar verið send hinu háa Alþingi, en til frekari áréttingar hefur Skógræktarfélag Íslands í bréfi, sem sent var Alþingi, bent á nokkur þau atriði í frv., sem helzt þóttu aðfinnsluverð:

„Í 10. gr. er kveðið svo á, að sjö menn skuli taka sæti í náttúruverndarráði. Eiga þrír að vera hinir fastskipuðu deildarstjórar náttúrugripasafnsins, þrír tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands, Ferðafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands, en einn á að vera embættisgengur lögfræðingur, tilnefndur af ráðherra.

Frá sjónarmiði Skógræktarfélags Íslands og skógræktar ríkisins þykir stórum athugavert, að eigi skuli tekið hið minnsta tillit til þeirra stofnana við stjórn þessara mála.

Hér á landi hefur fram farið töluverð náttúruvernd, *þótt eigi hafi verið haft hátt um það.* Hefur öll sú náttúruvernd farið fram á vegum skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands, þegar frá eru skilin friðun Þingvallar og Dimmuborga í Mývatnssveit, en hin síðasttalda friðun komst á fyrir atbeina Gunnlaugs Kristmundssonar. Verndun einkennilegra staða og einkum gróðurs á slíkum stöðum hefur þegar borið mikinn árangur. Má þar fyrst nefna Þórsmörk, sem nú væri sennilega aleydd af gróðri, ef ekki hefði verið hafizt handa um friðun hennar um 1925. Þá mundi og lítið vera eftir af Botnsskógi í Ásbyrgi, ef skógrækt ríkisins hefði ekki tekið þann stað undir verndarvæng sinn, og sennilega væri töluverður uppblástur jarðvegs orðinn þar, ef ekkert hefði verið að gert. Þá má telja friðun Hallormsstaðarskógar og Vaglaskógar til náttúruverndar svo og friðunina í Þjórsárdal, Skarfanesi og Haukadal, við Hreðavatn, að Stálpastöðum og Þórðarstöðum, svo að fáein dæmi séu nefnd. Flestir þessara staða eru mikið sóttir af ferðafólki á sumrin og öllum opnir sem eins konar þjóðgarðar. Þá er friðun Bæjarstaðaskógar verk Skógræktarfélags Íslands, og upphafið og allt undirbúningsstarfið að friðun Heiðmerkur var unnið af því félagi. Þá hafa héraðsfélög Skógræktarfélagsins mjög víða friðað og verndað einkennilega staði, og er sumt af því ekki síður náttúruvernd en það, sem áður hefur verið talið.

Þar sem þessir aðilar eru höfundar að verndun fjölda staða um land allt, hljóta þeir að hafa ýmissa hagsmuna að gæta í sambandi við væntanlega náttúruvernd. Væri ekki síður ástæða til, að þeir ættu sjálfkjörna fulltrúa í væntanlegu náttúruverndarráði, en náttúrugripasafnið. Annars litu ýmsir fundarmenn svo á, að hið væntanlega náttúruverndarráð væri of fjölmennt og stjórn þessara mála yrði allt of þunglamaleg og viðamikil, ef óbreytt yrði frá frv.

Í 1. gr. frv., d-lið, er talið heimilt að friðlýsa landssvæði, sem eru ríkiseign og sérstæð um

landslag, gróðurfar eða dýralíf, til þess að varðveita þau og breyta þeim í þjóðgarða. Nái slíkt ákvæði fram að ganga óbreytt, virðist svo sem væntanlegt náttúruverndarráð geti með einföldu samþykki tekið hvaða skóglendi sem því lízt undan skógrækt ríkisins og ráðskazt með það að vild sinni. Hér verður að setja einhverjar takmarkanir.

Hvergi er minnzt á gálausa meðferð elds í frv., þótt fyllsta ástæða væri til að setja ákvæði um slíkt. Væri ekki óeðlilegt að fella ákvæði um þetta í 3. gr. frv. og þá ekki sízt, hverjum slökkva beri. Undanfarin vor hefur oft hlotizt töluvert tjón af íkveikjum á víðavangi, og oft hefur alveg verið látið undir höfuð leggjast að slökkva slíka elda, þar sem hreppsnefndir eða aðrir aðilar hafa ekki getað komið sér saman um, hver ætti að greiða kostnaðinn.

Þetta, sem hér hefur verið talið, er hið helzta, sem aðalfundur Skógræktarfélags Íslands sá ástæðu til að benda á og óska breytinga á. Ýmsir smáagnúar virðast vera á frv., sem skipta minna máli. Í því sambandi má benda á, að 5. gr. um innflutning dýra er svo skilyrðislaus, að leita verður til væntanlegs náttúruverndarráðs, áður en menn flytja inn hænsni, páfagauka eða kanarífugla. Þá mætti og í 6. gr. benda á, að dvöl eða umferð fólks er lítt æskileg á engjum, þótt þær teljist til óræktaðs lands. Þrátt fyrir þetta voru menn á einu máli um, að setja beri lög um náttúruvernd hið fyrsta, en umfram allt þarf að haga slíkri lagasetningu þannig, að framkvæmd laganna verði auðveld og greinar laganna auðskildar hverjum manni."

Nú vil ég aðeins bæta því við, að mér kemur það mjög einkennilega fyrir, þar sem þetta erindi frá Skógræktarfélagi Íslands hefur legið hér fyrir á skrifstofu Alþingis, að hv. menntmn. skuli ekki hafa kynnt sér þessa afstöðu Skógræktarfélagsins.

Ég skal svo ekki orðlengja miklu meira um þetta mál, en vildi mega vænta þess af hæstv. forseta, að hann tæki málið út af dagskrá og gæfi þar með nefndinni tækifæri til að kynna sér þessar ábendingar frá Skógræktarfélagi Íslands, ef verða mætti til þess, að tekið yrði tillit til óska þess um breytingar. Sérstaklega er það eitt atriði, sem ég tel í alla staði ófært í frv., og það er það, að Skógræktarfélag Íslands skuli engan mann eiga að hafa í stjórn náttúruverndarráðs. Ég vil alveg sérstaklega undirstrika það, að ég tel mjög illa farið, ef verður gengið fram hjá jafnstórum og þýðingarmiklum aðila eins og Skógræktarfélag Íslands er og kemur vonandi til með að verða á komandi árum og hlýtur samkv. stefnu sinni og starfi að vinna meir og betur að náttúruvernd en nokkur annar félagsskapur.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Hv. 4. landsk. þm. hefur lýst hér till., sem borizt hafa þinginu frá Skógræktarfélagi Íslands og snerta þetta mál. Þessar till. hafa ekki verið ræddar eða athugaðar sérstaklega af menntmn. Þær voru ekki sendar n., heldur munu þær hafa verið lagðar fram í erindi hér inni á lestrarsal og höfðu af þeim ástæðum farið fram hjá n. Það hafði farið fram hjá n. að þær lægju fyrir.

Ég vil út af þessu benda á það, að þetta er 2. umr. málsins, og ættu að verða tök á því að athuga þessa till. nánar á milli umræðna, þó að 2. umr. yrði lokið og atkvgr. um frv. eftir 2. umr.

Annars er það öllum ljóst, sem um þetta mál hafa fjallað, að hér er á ferð nýmæli og erfitt að sjá í öndverðu fyrir öll þau atvik, sem kunna að koma fram í sambandi við framkvæmd þessa máls, og má því búast við, að ef það kæmu fram einhverjir annmarkar á löggjöfinni, þá yrði áður en langir tímar líða að taka lögin til endurskoðunar, og ég held, að það sé miklu eðlilegri háttur en að fresta afgreiðslu málsins nú á þessu þingi vegna þess, að einhverjar ábendingar kunna að liggja fyrir um að haga ákvæðum frv. á annan veg.

Ég mun að sjálfsögðu verða fús til þess að athuga nánar en orðið er þær till., sem hv. 4. landsk. gerði hér grein fyrir, en í fljótu bragði virðist mér, að þar sé ekki um að ræða mikilvæg efnisatriði. Það er augljóst, að ákvæði 10. gr. frv. um skipun náttúruverndarráðs er sniðið með það tvennt fyrir augum, að ráðið sé skipað sérfræðingum, sem þekkingu hafa á því málefni, sem þeir eiga að fella úrskurð um og veita leiðbeiningar um, og hins vegar að girt sé fyrir það, að ráðið verði svo fjölmennt, að störf þess verði mjög þung í vöfum eða torveld af þeim sökum. En þó að lagt sé til í 10. gr. frv., að náttúruverndarráð verði svo skipað sem þar er fyrir mælt, þá er jafnframt tekið fram, að náttúruverndarráð skuli kveðja sérfræðinga á fundi ráðsins til ráðuneytis, eftir því sem ástæður máls liggja fyrir hverju sinni, svo sem skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumálastjóra.

Þetta virðist höfundum frv. hafa þótt eðlilegur háttur, þótt þeir hafi ekki treyst sér til þess að láta alla þessa aðila, sem nauðsyn kann að bera til að leita ráða hjá, eiga sæti í náttúruverndarráði og atkvæðisrétt þar, þegar úrskurðir eru felldir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
6.—8. samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 17:1 atkv.
10. gr. samþ. með 15:3 atkv.
11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
12.—28. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
33. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var lýst hér brtt., sem skógrækt-

arstjóri hafði samið og óskaði eftir að menntmn. tæki til athugunar.

Menntmn. hélt fund um málið nú í morgun. Formaður n., hv. 7. þm. Reykv. (GTh), gat þó ekki setið fundinn sökum lasleika, og annar nm., hv. 2. þm. N-M. (HÁ), var fjarstaddur á þessum fundi n., en 3 nm. ræddu málið að nýju við skógræktarstjóra, og gerði hann n. ýtarlega grein fyrir sjónarmiðum sínum um þetta mál.

Sú breyting, sem skógræktarstjóri og aðilar í Skógræktarfélagi Íslands virðast leggja mesta áherzlu á að gerð verði á þessu frv., er, að fulltrúi frá Skógræktarfélagi Íslands fái sæti í náttúruverndarráði.

Þeim nm., sem athuguðu þetta á fundi í morgun, þótti sanngjarnt að verða við þessum tilmælum, og leyfum við okkur að leggja fram brtt., við 10. gr. frv. á þann veg, að í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að Ferðafélag Íslands tilnefni einn mann í náttúruverndarráð, þá komi í þess stað, að Skógræktarfélag Íslands tilnefni þennan aðila í ráðið.

Enn fremur leggjum við til lítils háttar breytingu við 4. gr. frv., þar segir svo: „Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar.“ Þetta virðist við nánari athugun vera helzt til bundið, svo að við leggjum til, að á eftir þessum orðum komi: án leyfis náttúruverndarráðs. M. ö. o. sé heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ráðið geri á þessu undantekningu.

Ég skal geta þess, að ég hef í dag rætt þessar brtt. við Ármann Snævarr prófessor, sem er annar höfundur þessa frv. eða líklega réttara sagt aðalhöfundur þessa frv., og hefur hann tjáð mér, að hann geti fyrir sitt leyti fallizt á, að þessi breyting verði gerð á frv.

Tillögur þær, sem ég hef nú lýst, voru látnar í prentun nú fyrir kvöldmatinn, en ég sé, að þeim hefur ekki verið útbýtt, svo að ég ætla að leggja þessa till. fram skriflega og vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 606) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 606,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 606,2 samþ. með 17:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 610).

Á 101. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Páll Zóphóníasson: Það skiptir nú ekki miklu máli, sem ég ætla að benda á, en ég ætla þó að benda á tvö atriði, annað, sem sýnilega hefur farið fram hjá n. í Nd., þegar hún gerði sínar brtt., og hitt, sem ég tel að hefði þurft að breyta.

Hið fyrra er það, að önnur brtt. í Nd. við 10. gr. er í því innifalin að setja Skógræktarfélag Íslands inn í staðinn fyrir Ferðafélag Íslands sem aðila, sem á að tilnefna mann í stjórnina, en áður var það haft Ferðafélag Íslands, og þá var ætlazt til þess, að náttúruverndarráð kallaði skógræktarstjóra til skrafs og ráðagerða, þegar eitthvað væri, sem snerti hans mál. Nú er búið að setja hann eða aðila frá honum inn í sjálfa stjórnina, en þó er enn ætlazt til að kalla hann til skrafs og ráðagerða, hann er ekki tekinn út á hinum staðnum, eins og náttúrlega hefði átt að gera. Þetta er ekki svo mikilsvert mál, að það sé ástæða til þess að vera að senda það á milli deilda fyrir það, ég vil ekki segja það, en það væri þó eðlilegt, að það væri gert.

Hitt er það, að ákaflega mörgu, sem getur snert náttúruverndarráð, er þannig háttað, að náttúruverndarráð þarf að fá upplýsingar frá öðrum mönnum. Það er ákveðið í 10. gr. og greinin er látin vera tæmandi um, hverja eigi að kalla til upplýsinga. Það má kalla skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumálastjóra. Aðra er ekki ætlazt til að það kalli á sinn fund. Ég held, að þetta hefði ekki átt að vera tæmandi, og ef það hefði átt að vera tæmandi, þá hefðu átt að vera þarna fleiri menn, þ. á m. maður, sem hefði haft sérþekkingu á sjúkdómum bæði jurta og dýra, sem kemur mjög til greina, ef náttúruverndarráð fer að gera ráðstafanir til þess að breyta að einhverju leyti náttúru landsins með nýjum gróðri eða nýju dýralífi eða takmarka það dýralíf, sem er til í landinu. Þess vegna hefði þessi upptalning ekki átt að vera tæmandi, heldur bara átt að vera ábending um, að það mætti kalla til sérfræðinga.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 635).

---

33. Vinnumiðlun.

Á 78. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um vinnumiðlun [166. mál] (stjfrv., A. 410).

Á 79. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 561).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. til laga um atvinnuleysistryggingar hefur þegar verið afgr. úr þessari hv. d. Það er talið óhjákvæmilegt, að um leið og lögfest er frv. um atvinnuleysistryggingar, sé jafnframt lögfest frv. um vinnumiðlun, til þess að yfirlit fáist yfir það, hvort um atvinnuleysi er að ræða og að þær kröfur um tryggingafé, sem aðilar kunna að bera fram, séu eðlilegar. Þetta frv. um vinnumiðlun, sem hér liggur fyrir, er samið af sömu

n. og þeirri, sem samdi frv. um atvinnuleysistryggingar, og má skoða þetta sem sjálfsagðan fylgifisk með því frv.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta mál og leggur til, að það verði samþ. með lítils háttar breytingu á 2. gr. frv. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að skipaðir verði fjórir menn til aðstoðar sveitarstjórn eða þeim, sem hún felur að hafa með höndum framkvæmd vinnumiðlunar, þessir trúnaðarmenn verði skipaðir þannig, að tveir verði tilnefndir af verkalýðsfélögum eða fulltrúaráði þeirra, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands eða af deild þess eða meðlim og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eða af deild þess eða meðlim.

Sú breyting, sem heilbr.- og félmn. leggur til á þessari grein, er sú, að í Reykjavík skuli þó trúnaðarmenn atvinnurekenda báðir tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, en þegar um er að ræða málefni, sem varða Vinnumálasamband samvinnufélaganna, skuli þó í stað annars trúnaðarmanns atvinnurekenda kveðja til trúnaðarmann frá því.

Það er, eins og ég hef þegar tekið fram, till. n., að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 561 samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 609).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 99. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 100. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 609, n. 621).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég get látið fá orð nægja sem framsögu fyrir hönd heilbr.- og félmn., en að mestu talið fullnægjandi að vísa til þskj. með áliti nefndarinnar, þskj. nr. 621. Nefndin hafði vitanlega mjög nauman tíma til þess að athuga málið. Frv. var vísað til hennar í nótt, og álit varð að afgreiða til prentunar í morgun. Þar sem komið er að þingslitum, verður líka að hrökkva eða stökkva, breytingum á málum verður lítt við komið. Það verður að samþykkja vangaveltulaust, ef áríðandi er, að mál gangi fram, og forsvaranlegt getur talizt.

Þetta frv. er fylgisnekkja lagasetningarinnar um atvinnuleysistryggingar og kemur rakleitt í kjölfar hennar. Úr því að settar eru á fót atvinnuleysistryggingar, verður ekki hjá því komizt að setja nýja löggjöf um vinnumiðlun. Annað væri fásinna. Vinnumiðlun getur verið góð og nauðsynleg án atvinnuleysistrygginga, en tryggingar án vinnumiðlunar standast ekki.

Heilbrigðis- og félagsmálanefndarmenn eru ekki ánægðir að öllu leyti með frv. þetta um vinnumiðlun. Hvers vegna var t. d. ekki löggjöf um vinnumiðlun höfð sem einn kafli í löggjöfinni um atvinnuleysistryggingar? Það hefði gert mál þessi nokkru brotaminni en þau verða. Miðlun vinnu er auðvitað einn þáttur atvinnuleysistrygginga. Hvers vegna að vera að gefa út tvo lagabálka í stað eins? En um þetta þýðir ekki að tala nú. Það er eftir dúk og disk, af því að búið er að afgreiða lögin um atvinnuleysistryggingarnar. Og svo er raunar um önnur atriði frv. þessa, af því að komið er að þingslitum.

Það er illt, að vandasöm mál eru sett í slíkar sjálfheldur. Mér finnst t. d. óhæfileg sú skrifinnska, sem leiðir af sumum ákvæðum frv., skal nefna í því sambandi 5. gr. frv., að á öllum þeim stöðum, sem lögin eiga að ná til, skulu allir þeir, sem hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna, eigi sjaldnar en mánaðarlega senda þeim, er vinnumiðlun annast á staðnum, afrit af kaupgjaldsskrám sínum o. s. frv. Væri ekki nóg, að þetta væri gert, þegar þeir, sem vinnumiðlun eiga að annast, auglýsa eftir slíkum skýrslum? Eru þær nauðsynlegar, þegar gott ástand er í atvinnumálum og engrar miðlunar þarf við á staðnum? Mér sýnist, að þær ættu þá ekki að vera nauðsynlegar. En ég hreyfi ekki brtt. um þetta eða annað, af því að ég tel, að ekki megi tefja eða trufla framgang málsins, og þegar svo er, þá tel ég ekki heldur ástæðu til að hafa um málið mörg orð eða bera fram athugasemdir í ræðu, hvorki fyrir n. í heild né mig sérstaklega. N. vill á engan hátt verða þess valdandi, að frv. gangi ekki fram á þessu þingi. Hún telur forsvaranlegt eftir ástæðum þeim, sem fyrir hendi eru, að það verði samþykkt óbreytt, þar sem líka telja má víst, að þessi löggjöf um vinnumiðlun verði tekin til endurskoðunar innan tveggja ára, eins og lögin um atvinnuleysistryggingar, sem lögboðið er að verði endurskoðuð á þeim tíma.

Þessir tveir lagabálkar eru svo samstæðir og greinar þeirra samanfléttaðar, að þeir hljóta að endurskoðast samtímis, eins og þeir verða nú að afgreiðast á sama þingi.

Að öllu þessu athuguðu leggur n. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 636).

---

34. Almenningsbókasöfn.

Á 75. fundi í Ed., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn [160. mál] (stjfrv., A. 397).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er flutt vegna þess, að á síðasta þingi var ákveðið, að Kjósarsýsla skyldi um bókasöfn tilheyra Kópavogskaupstað. Komið hefur á daginn, að þetta er heppilegt fyrir hvorugan aðilann, og þykir því réttara, að sérstakt bókasafnshverfi verði sett í Kjósarsýslu, og er þá ætlunin, að hún hafi miðstöð í Hlégarði. Úr því að á annað borð þurfti að breyta lögunum, þótti heppilegra að leggja einnig Vatnsleysustrandarhrepp undir Hafnarfjörð í staðinn fyrir Keflavík. Vonast ég til, að þetta verði ekki að ágreiningsmáli, en legg þó til, að málinu verði vísað til hv. menntmn.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Vegna þess að þetta mál snertir nokkuð Kópavogskaupstað og ég hef rætt það við viðkomandi aðila, vil ég segja um það örfá orð.

Það er rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði, að á síðasta þingi var gerð sú breyting á frv. til l. um almenningsbókasöfn frá því, sem ráð var fyrir gert, er frv. var flutt, að héraðsbókasafn fyrir Kjósarsýslu yrði í Kópavogi, Kópavogskaupstað. Þessi breyting var ekki gerð fyrir minn atbeina, og ég sá á því þegar vissa annmarka. En hv. Alþ. starfaði þá um það leyti ekki að öðru meir en að gera Kópavogshrepp að kaupstað, og hv. Nd. hafði nýlokið sínu verki í því efni, þegar frv. um almenningsbókasöfn lá þar fyrir, og þess vegna mun það hafa verið, að meiri hl. hv. þm. í Nd. virtist það rétt og sanngjarnt, að hinn nýi kaupstaður yrði aðsetur héraðsbókasafns fyrir nærliggjandi sýslu, eins og var gert ráð fyrir um aðra kaupstaði. Nú var það að vísu mín till. í sambandi við kaupstaðarmál Kópavogs, að sýslumaður yrði settur í Kópavogi fyrir Kópavog og Kjósarsýslu, Kópavogur yrði áfram innan Kjósarsýslu, og ef farið hefði verið að þeirri till., þá hefði það getað staðizt, að héraðsbókasafn fyrir sýsluna væri sett í Kópavoginn, því að þá hefði það verið svo, að íbúar í hreppum Kjósarsýslu hefðu átt ýmis erindi í Kópavogskaupstað. En það var ekki farið að þessari till. minni, og því er það, að Kópavogskaupstaður er utan Kjósarsýslu, og því benda íbúar í Kjósarsýslu, sem hafa athugað þetta mál, á það, að með lögunum, eins og þau eru nú, er héraðsbókasafni þeirra ætlaður staður utan sýslunnar, en það mun vera einsdæmi.

Nú er það svo, að sýslunefnd Kjósarsýslu tók þetta mál fyrir á fundi sínum á s. l. hausti og lét í ljós ákveðnar óskir um, að þessu yrði breytt og héraðsbókasafn fyrir Kjósarsýslu sett á ákveðinn stað, Hlégarð í Mosfellssveit, eins og hér mun vera gert ráð fyrir.

Eins og komið er, virðist mér þetta bezta lausnin á málinu, og þó að bæði megi segja, að þessi breyting hafi í för með sér tekjumissi nokkurn fyrir fyrirhugað héraðsbókasafn Kópavogskaupstaðar, að því er mér virðist milli 10 og 20 þús. kr. á ári, vil ég ekki láta það standa fyrir þeim óskum íbúa Kjósarsýslu, sem mér virðast sanngjarnar, að þeir fái sjálfir sitt héraðsbókasafn innan sinnar sýslu og greiði til þess. Ég hef því þegar í haust, þegar kom að því, að lögin um almenningsbókasöfn áttu að koma til framkvæmda, vakið máls á þessu að fyrra bragði við bókafulltrúa, þann embættismann, sem settur var yfir almenningsbókasöfn, og látið það í ljós, að ég óskaði beinlínis eftir breytingu á þessu fyrir hönd Kópavogskaupstaðar og að það yrði orðið við óskum Kjósarsýslu í þessu efni.

Ég vildi aðeins til viðbótar því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, láta það koma í ljós hvort tveggja, að af hálfu bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar er ekkert til fyrirstöðu þessari breytingu, og enn fremur, að það liggja fyrir beinlínis óskir sýslunefndar Kjósarsýslu um þetta, og ég tel rétt og sjálfsagt að verða við þeim, svo að ég hef ekkert við þetta frv. að athuga og hefði sjálfur flutt till. um breytingu á lögunum að þessu leyti, ef hún hefði ekki komið fram frá hæstv. menntmrn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 397, n. 418).

Frsm. (Andrés Eyjólfsson): Herra forseti. Frv. þetta er um breyt. á l. nr. 42 1955, um almenningsbókasöfn, og er flutt af hæstv. ríkisstj., nánar tiltekið af hæstv. menntmrh. Í frv. er lagt til, að á lögunum verði gerðar tvær höfuðbreytingar og þrjár að auki, sem eru beinar afleiðingar af aðalbreytingunum.

Fyrri aðalbreytingin er sú, að Kjósarsýsla verði gerð að sjálfstæðu bókasafnshverfi, og í sambandi við það, að Hlégarður í Mosfellssveit skuli vera aðsetur bókasafnsins. Samkv. lögunum er Kjósarsýsla nú í bókasafnshverfi með Kópavogskaupstað og aðsetur bókasafnsins í Kópavogi. Er það skiljanlega miklu óhagstæðara fyrir

íbúa Kjósarsýslu, sem eiga aðalerindi sín um þjóðveg þann, sem liggur fast við Hlégarð.

Hin aðalbreytingin er sú, að Vatnsleysustrandarhreppur verði lagður til Hafnarfjarðarkaupstaðarbókasafnshverfis. Samkv. lögunum, eins og þau eru nú, fylgir þessi hreppur Keflavíkurbókasafnshverfi. Eru rökin fyrir þessari breytingu hin sömu og þeirri fyrri, að Vatnsleysustrandarmönnum er hægra um vik að nálgast bækur frá Hafnarfirði en frá Keflavík, þar sem leið þeirra liggur oftar til Hafnarfjarðar en til Keflavíkur.

Af þessum breytingum leiðir svo að sjálfsögðu það, að Kópavogskaupstaður verður einn um sitt bókasafn og Vatnsleysustrandarhreppur flyzt frá Keflavík.

Menntmn. lítur svo á, að breytingar þessar á lögunum séu réttmætar og viðkomandi aðilum til hagnaðar. Leggur hún því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt vegna þess, að á daginn kom, að ekki var heppilegt að hafa Kjósarsýslu og Kópavogskaupstað um eitt og sama almenningsbókasafn. Betur fer á því, að Kjósarsýsla hafi sitt eigið safn, og er ráðgerður staður fyrir það. Í sambandi við þessa breytingu kom svo í ljós, að betur mundi fara á því að láta einn hrepp úr Gullbringusýslu heyra undir safnið í Keflavík, en ekki í Hafnarfirði. Um þetta mál var algert samkomulag í Ed., og ég hygg, að þau sýslufélög, sem hér eiga hlut að, séu ásátt um breytinguna. Ég vona því, að frv. nái ágreiningslaust fram að ganga, legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2 umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 644).

---

35. Ríkisútgáfa námsbóka.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 7. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ríkisútgáfa námsbóka hefur staðið frá því að í gildi komu lög um það efni, sem sett voru á árinu 1936. Á síðari árum hafa verið vaxandi kvartanir um það, að útgáfan leysti ekki verkefni sitt svo af hendi sem skyldi, og hafa samtök kennara, bæði hin almennu og eins héraðsfundir, borið fram áskoranir til Alþ. og ríkisstj. um að ráða bót hér á. Það, sem mest á bjátar, er það, að útgáfan hefur ekki haft yfir nægu fé að ráða til þess, að hún gæti verið með sæmilegum hætti. Mun láta nærri, að hin síðari ár hafi sá tekjustofn, sem útgáfunni er ætlaður til starfsemi sinnar, ekki hrokkið til nema sem svarar helmingi kostnaðar, eins og hann raunverulega hefur orðið, og er þó þá þess að gæta, að mjög hefur dregið úr starfseminni einmitt vegna þess, að fé hefur ekki verið fyrir hendi, en eins og kunnugt er, er aðaltekjustofninn svokallað námsbókagjaldd, sem lagt er á þá heimilisfeður, sem eiga skólaskyld börn. En að svo miklu leyti sem þetta gjald hefur ekki hrokkið til, hefur skuld safnazt hjá ríkissjóði, sem raunar má segja að vonlaust sé að óbreyttu að nokkru sinni fáist endurgreidd.

Ég hef haft samráð við stjórn þessarar stofnunar og einkanlega núverandi formann, séra Jónas Gíslason í Vík, og hefur hann í samráði við mig og aðra aðila átt mestan hlut að samningu þess frv., sem hér liggur fyrir, frv., sem ég vona að bæti úr þeim ágöllum, sem helzt hafa komið fram á þessari starfrækslu. Er þó þess að geta, að við leggjum hér til, að útgáfan haldi áfram í meginatriðum með svipuðum hætti og verið hefur, en vissulega gat einnig komið til greina að leggja þessa starfsemi niður og fela eða heimila einstaklingum að gefa út kennslubækur, eins og áður tíðkaðist, og er mér sagt, að sá háttur sé t. d. í sumum Norðurlandanna, að þar séu kennslubækurnar gefnar út af einstaklingum eða fyrirtækjum eins og hverjar aðrar bækur, en engu að síður séu þær látnar nemendum í té annaðhvort ókeypis eða við mjög vægu verði, og

er þá samið af hálfu fræðslumálastjórnar við útgefendur um kaup af þeim á bókunum, og nást auðvitað eitthvað hagkvæmari kjör, þegar svo mikið er keypt í einu. Við töldum ekki tímabært að taka það upp að hætta við sjálfa útgáfuna, a. m. k. ekki fyrr en sýnt væri, hvort hægt væri að koma fram nauðsynlegum endurbótum.

Það kom sérstaklega til álita við samningu þessa frv., hvort útgáfan ætti að taka einungis til barnafræðslunnar eða til alls skyldunáms, þ. e. a. s. einnig til þeirra tveggja ára, sem skyldunám tekur utan barnafræðslu. En bæði er það, að ekki er sá háttur kominn á um nám alls staðar á landinu, og eins hitt, sem meira réð, að greinilegt var, að kostnaður við útfærslu útgáfunnar í svo ríkum mæli mundi hafa í för með sér mjög aukinn kostnað. Töldum við þess vegna, að ekki væri rétt, hvað sem menn vilja gera síðar, að taka á sig þær auknu byrðar og auknu starfsemi, meðan því fer fjarri, að útgáfan hafi getað annazt, svo að sæmilegt sé, þá starfrækslu, sem henni þegar hefur verið fengin. Fyrst væri að koma þeirri starfsemi í viðunandi horf, og þegar það hefði tekizt, væri ástæða til íhugunar um útfærslu, en þangað til væri það verkefni ærið nóg að kippa í betra horf því, sem ábótavant hefur verið fram að þessu.

Meginbreytingar á útgáfunni samkv. þessum lögum eru þær, að ætlazt er til, að yfirleitt sé stefnt að því, að a. m. k. tvær bækur séu til í hverri grein. Nú hefur einungis verið hægt að sjá fyrir einni bók. Þetta er ekki heppilegt. Þá er ekkert val fyrir kennara eða skólastjóra í þessum efnum. Það verður hætt við stöðnun, ef engin samkeppni kemst að í þessum efnum. Þess vegna teljum við, að það sé mikilsvert að stuðla að því, að a. m. k. um tvær bækur í hverri grein sé að velja.

Ég játa, að þetta mun eiga nokkuð langt í land, sérstaklega þegar á það er litið, að enn eru ekki til viðunandi kennslubækur einu sinni ein í sumum höfuðgreinum. Það er t. d. enginn efi á því, að Íslandssaga sú, sem kennd er, er út af fyrir sig góð bók, en hún nær allt of skammt, þannig að talið er, að að mestu leyti sé óskrifað um allt tímabilið frá 1874. Slík fræðsla er vitanlega með öllu ófullnægjandi, og úr þessu þarf mjög skjótlega að fara að bæta. En það hefur verið sá trafali í umbótum í þessum efnum, að ekki hefur verið hægt að greiða viðunandi ritlaun fyrir bækur, og þess vegna hafa menn verið sýnu tregari en ella til þess að taka það starf að sér. Og það er einmitt ein breytingin, sem við ætlumst til að gerð sé, að svipuð ritlaun verði veitt fyrir störf í þágu þessarar útgáfu og tíðkanleg eru almennt í landinu. Og það er í raun og veru vonlaust að fá skaplegar bækur til frambúðar, nema þessu skilyrði sé hægt að fullnægja.

Þá verður einnig að játa, að bækurnar hafa hingað til verið ákaflega fábreyttar að ytri búnaði og sannast sagt svo, að úr hófi hefur keyrt. Að vísu er það rétt, að ekki hentar óhóf í þessum efnum, en vitanlega er það nauðsynlegt fyrir börn, ekki síst þau yngstu, og verður þeim mun nauðsynlegra eftir því, sem fleira dregur áhugann frá námi, að bækur séu sæmilega úr garði gerðar, séu skreyttar myndum, helzt litmyndum, fyrir þau yngstu, eins og tíðkanlegt er um barnabækur. Slíkt gerir námið miklu fýsilegra fyrir börnin en ella.

Hér kemur einnig það til, að það er að mínu viti beint óhollt varðandi uppeldi barna að láta þau umgangast bækur eins og einskisverðan hlut, sem ekki eigi að halda upp á og fara vel með. Flestir fullorðnir menn vita, að fátt veitir þeim meiri ánægju og unað, svo að ekki sé talað um fræðslu, heldur en góð bók. Því miður lifum við á þeim tímum, þegar margt óhollt keppir við góðar bækur, og þess vegna er full ástæða til þess með útbúnaði bókanna að gera þær þannig úr garði, að þær verði strax frá upphafi eftirsóknarverðar. Við könnumst líka við það, að áður fyrr geymdi gamalt fólk jafnvel stafrófskver sín, sem það hafði lært að lesa á, og hafði þá bók í heiðri alla ævi. Með þeim lélega frágangi, sem tíðkazt hefur að undanförnu, hafa fáir haft löngun til þess að halda í þessar bækur, heldur hafa þær gengið manna á milli og verið af fæstum mikils metnar. Ég tel það því verulegt atriði í þessu sambandi, að bækurnar verði betur úr garði gerðar en verið hefur fram að þessu, þó að því verði nokkur kostnaður samfara.

Þá er ætlazt til þess, að sérstakur framkvæmdastjóri verði ráðinn fyrir þessari útgáfu, en hingað til hefur það starf hvílt á framkvæmdastjóra ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg. Ég vil taka það skýrt fram, að hann hefur unnið mjög gott starf, enda er hann af öllum viðurkenndur mjög hæfur og óeigingjarn maður. Það er því sízt ætlunin að halla á hann með því að ráðgera nú, að sérstakur maður verði ráðinn til þessa starfa. En hvort tveggja er, að hann er maður nokkuð við aldur — mun vera nærri 65 ára — og er því ekki að búast við því, að hann, Steingrímur Guðmundsson, gegni þessu starfi úr þessu mjög lengi. En aðallega kemur þó hitt til, að með aukinni starfrækslu verður það óvinnandi verk fyrir hvern mann að hafa þetta í hjáverkum. Ef frv. nær að meginefni fram að ganga, er ætlazt til þess, að starfið verði svo mikið, að það nægi einum manni að veita því forstöðu. Og ég vil taka það fram, að Steingrímur Guðmundsson er mjög samþykkur þeirri breytingu og telur, að það sé ekki fært fyrir sig að bæta á sig störfum í þessu sambandi frá því, sem verið hefur.

Þá er ein lítil breyting, sem ekki skiptir miklu máli og ætti frekar að vera til sparnaðar, en ég geri ráð fyrir að ráði þar þó litlum úrslitum, og hún er sú, að héðan í frá á hvert barn einungis að fá eitt eintak af hverri bók ókeypis. Hingað til munu menn nokkurn veginn hafa getað gengið í þessar bækur og fengið eintakafjölda — a. m. k. víðast hvar — eftir því, sem þá hefur lyst. Við teljum, að það sé ekki þýðingarlaust uppeldisatriði, að ef barn vill fá fleiri en eina bók, verði að greiða fyrir það sérstaklega, slíkt muni stuðla að því, að betur sé farið með bækurnar, þær séu í heiðri hafðar, heldur en ef þarna er þannig á haldið, að hægt sé að ganga í stabbann, ef svo má segja, og taka það an burt takmarkalaust.

Þá er ætlazt til þess, að yfirstjórn útgáfunnar sé nokkuð breytt, þannig að námsbókanefnd á

að vera skipuð fimm mönnum, og eiga þar að sitja tveir menn tilnefndir af Sambandi íslenzkra barnakennara, einn samkv. till. prestastefnu Íslands, fræðslumálastjóri og einn maður skipaður af menntmrh. án tilnefningar. Það er fjölgað um tvo í nefndinni, bætt við manni frá prestastefnunni og fræðslumálastjóra. Fræðslumálastjóri hefur starfað með nefndinni hingað til, og eðlilegt sýnist vera, að hann eigi beint sæti í henni og hafi þar atkvæðisrétt. Og mér sýnist einnig eðlilegt, að fulltrúi prestanna fengi þarna sæti, svo ríkan þátt sem þeir hafa átt í fræðslumálum hér á landi, og að mínu viti eðlilegt, að þeir eigi þar einnig ríkan þátt í um alla framtíð.

Hins vegar hefur því verið breytt, að nú á Samband íslenzkra barnakennara að tilnefna tvo, nefndi aðeins einn áður, en samband framhaldsskólakennara nefndi annan. Meðan ætlazt er til, að starfið sé einungis fyrir barnaskólana, er eðlilegast, að samband barnakennara tilnefni tvo menn. Ef því yrði breytt og þetta látið taka til framhaldsskóla einnig, er eðlilegt, að framhaldsskólakennararnir tilnefni og mann af sinni hálfu. Fyrr sýnist naumast vera ástæða til þess.

Loksins er sú meginbreyting gerð varðandi kostnað af þessu, — kostnaðurinn hlýtur að aukast mjög verulega, ég vil taka það ótvírætt fram, þótt ekki sé hægt að gera um það nákvæmar áætlanir, — en þá er ráðgert í 7. gr., að kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist að ⅓ hluta úr ríkissjóði og að ⅔ hlutum með sérstöku námsbókagjaldi, sem lagt skal á hvern þann, sem hefur á framfæri sínu eitt eða fleiri börn við skyldunám samkv. 1. gr. Það er ætlazt til þess, að námsbókagjaldið haldist og verði lagt á sömu aðila og verið hefur, en sú breyting verður, að það á að breytast, hækka eða lækka, eftir því sem raunverulegur kostnaður verði, og er þá ráðgert, að Alþ. ákveði hverju sinni í fjárl. framlag ríkisins og námsbókagjald, hvort tveggja með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna á næsta ári á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu. Það hefur sem sagt komið í ljós, að fast gjald dugir ekki. Það hefur ekki fengizt breyting á gjaldinu eins og þörf hefur verið, og afleiðing þess hefur orðið sú, að útgáfan hefur smávisnað upp, þangað til nú er í algert óefni komið. Það sýnist þess vegna ekki annað úrræði betra en að um þetta verði tekin ákvörðun af Alþ. á hverju ári, miðað við fengna reynslu næst á undan og þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru, og er þá handhægast, að sú ákvörðun sé tekin í sambandi við setningu fjárlaga. En vegna þess að mér er ljóst, að kostnaður hlýtur að vaxa verulega samkvæmt þessum lögum, ef samþykkt verða, eins og ég vona, þótti mér rétt að létta nokkru af kostnaðinum af aðstandendum, þannig að ríkið borgaði ⅓ af kostnaði. Um þetta má auðvitað deila, hvernig eigi að koma þessu fyrir í einstökum atriðum, en ég vona þó, að menn viðurkenni, að í raun sé þetta frv. til verulegra bóta. Ég skal taka fram, að það er mun styttra en lögin eru í því formi, sem þau nú eru. Ég hygg þó, að það sé ekkert af efnisatriðum, er máli skipta, fellt niður, heldur einungis tekinn burt óþarfa orðafjöldi, sem að litlu gagni kom, þannig að í frv. séu öll þau meginatriði, sem á þurfi að halda.

Að svo mæltu vonast ég til þess, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr., og legg til, að það verði fengið hv. menntmn. til meðferðar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Á næstsíðasta þingi fluttum við tveir þm. Alþfl. till. til þál. um ríkisútgáfu námsbóka. Hún hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum um ríkisútgáfu námsbóka til að gefa út námsbækur fyrir skóla gagnfræðastigsins alls.“

Þessari till. var vísað til hv. allshn. sameinaðs þings. Minni hluti n., fulltrúar Alþfl. og Sósfl., lagði til, að till. yrði samþ. óbreytt, en meiri hluti n., fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl., lagði til, að till. yrði vísað til ríkisstj., í nál., sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Minni hl. leggur til, að till. verði samþ. En á fjárl. yfirstandandi árs er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á framlagi til ríkisútgáfu námsbóka, sem geri framkvæmd málsins greiða nú á þessu ári. Meiri hlutinn telur rétt, að ríkisstjórnin láti fara fram vinsamlega athugun á málinu, og leggur því til, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.“

Með öðrum orðum, fyrir tveimur árum hefur þessari till. verið vísað til ríkisstj. með þeim ummælum meiri hl. allshn., að ríkisstj. láti fara fram vinsamlega athugun á málinu, en minni hl. lagði til, að till. yrði samþ. óbreytt. Það var ósk meiri hl. allshn., að ríkisstj. tæki vinsamlega á því að láta ríkisútgáfu námsbóka taka til gagnfræðastigsins alls.

Nú hefur ríkisstj. lagt fram frv. til laga um ríkisútgáfu námsbóka. Það var full ástæða til þess að endurskoða gildandi lög um ríkisútgáfu námsbóka. Stjórn þess fyrirtækis hefur lítið starfað undanfarin ár. Það hefur því miður verið mjög lítið fé, allt of lítið fé til ráðstöfunar handa henni. Það hefur allt of mikið verið sparað á þessu sviði. Eins og hæstv. menntmrh. gat um í framsöguræðu sinni, hefur vantað ýmsar mjög mikilvægar kennslubækur. Ég vil sérstaklega taka undir það, sem hann sagði um skortinn á fullnægjandi kennslubók í Íslandssögu, sem sannarlega hefur ekki verið vansalaust um langan aldur, eins og ég gat einnig um á sínum tíma, er ég mælti fyrir áðurgreindri till. okkar, að ríkisstofnun, sem hefur þá skyldu að sjá börnum í skyldunámi fyrir kennslubókum, skuli ekki einu sinni sjá þeim fyrir sómasamlegri kennslubók í sögu lands og þjóðar. En Íslandssögukennslubók er ekki eina bókin, sem vantað hefur tilfinnanlega. Sama er að segja um ýmsar aðrar námsbækur, og að því er snertir t. d. landabréf eða landabréfabækur, hefur á því sviði ríkt alger skortur. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, hefur frágangur bókanna verið allt of lélegur, verið með þeim hætti, að það hefur síður en svo vakið hjá börnum þá virðingu fyrir bókum, ég vil segja þá ást á bókum, sem eðlilegt er og sjálfsagt að hljótist af fyrstu kynnum þeirra af bókum.

Það var því fyllsta ástæða til að hreyfa þessu máli með því að endurskoða gildandi lög og gildandi framkvæmd á þessu sviði. En ný löggjöf á að sjálfsögðu að fylgja tímanum. Ný löggjöf á að sjálfsögðu að taka tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa á skólakerfinu síðan síðustu lög voru sett. Síðan gildandi lög um ríkisútgáfu námsbóka voru sett, hefur verið gerð gagnger breyting á fræðslulögunum og þá fyrst og fremst sú breyting, að skyldunámið hefur verið lengt um eitt ár. Það grundvallarsjónarmið var ríkjandi, þegar gildandi lög um ríkisútgáfu námsbóka voru sett, að ríkisvaldið ætti að sjá öllum börnum á skólaskyldualdri fyrir kennslubókum ókeypis, ríkisvaldið skyldaði börn til ákveðins náms, gerði þeim ókeypis kleift að stunda námið, og það væri jafneðlilegt, að þau fengju bækur sér að kostnaðarlausu, eins og þau fengju kennara og húsnæði sér að kostnaðarlausu. Þetta sjónarmið tel ég heilbrigt og eðlilegt og frá því eigi undir engum kringumstæðum að víkja.

Með hinni auknu skólaskyldu um eitt ár var því eðlilegt, að starfssvið ríkisútgáfunnar yrði einnig aukið um a. m. k. eitt ár. Í l. hefur verið heimild til þess að láta starfið ná til gagnfræðastigsins alls, en ríkisvaldið hefur ekki einu sinni séð ástæðu til þess að láta það ná til skyldunámsins alls.

Það, sem fyrst og fremst felst í þessu frv., er það, sem segir í 1. gr. þess, að sjá skuli börnum við skyldunám barnafræðslustigsins fyrir ókeypis námsbókum í greinum þeim, sem kenndar eru. Nú er skyldunám barnafræðslustigsins einu ári styttra en það áður var, en í staðinn hefur komið tveggja ára miðskóli. Það virðist vera lágmarkskrafa í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að svo verði kveðið á, að ríkisútgáfan starfi á sviði skyldunámsins alls, þ. e. sjái börnum fyrir skólabókum fram til unglingaprófs, þ. e. a. s., að starfssvið hennar sé aukið um eitt ár, en ekki minnkað sem svarar einu ári. Æskilegast tel ég persónulega, og það munu margir fleiri gera, að verksvið ríkisútgáfunnar verði látið taka til alls gagnfræðastigs. Ef mönnum ofbýður sá kostnaður, sem af því mundi hljótast, kæmi til mála til bráðabirgða, að sporið yrði aðeins tekið til unglingaprófs og hitt yrði enn látið bíða um sinn, þó að stefnt yrði að því marki. En þetta virðist mér sjálfsagt, að nú á þessu þingi stigi Alþ. ekki svo ótvírætt spor aftur á bak á þessu sviði sem verða mundi, ef þetta frv. næði samþykki óbreytt. Munum við flm. þáltill., sem ég gat um áðan, flytja brtt. og miða hana við það, að ríkisútgáfan taki til skyldunámsins alls, og teljum raunar, að þegar sé til yfirlýsing þingsins um velviljaða afstöðu til þess sjónarmiðs í afgreiðslu till., sem ég gat um áðan.

Það er langt frá því að vera þýðingarlítið fyrir almenning í þessu landi, hvernig þessu máli reiðir af. Ég gerði á sínum tíma á því lauslega athugun, hver sé námsbókakostnaðurinn fyrir unglinga í 1. bekk miðskólans, og hann nálgast 300 kr., hvert barn þarf að kaupa nýjar námsbækur, þegar það kemur úr barnaskóla í miðskóla, fyrir um það bil 300 kr. Þetta eru allverulegar útgjöld, sem án efa mætti lækka mjög verulega með því að fella þetta starf undir ríkisútgáfu námsbóka, því að reynslan hefur þar sýnt, að í höndum hennar hefur útgáfa bókanna verið miklu ódýrari en hún var áður og hún hefði orðið, ef þessi útgáfustarfsemi væri í höndum forleggjara með venjulegum hætti, og er það auðvitað algerlega eðlilegt, þar sem bækurnar eru gefnar út í miklu stærri upplögum en ella mundi eiga sér stað og auðveldara að koma við margs konar samræmingu. Hitt er svo annað mál, að sá gífurlega lági kostnaður, sem hefur orðið á bókum ríkisútgáfu námsbóka, hefur sumpart náðst með því móti að hafa bækurnar ófullkomnar og frágang þeirra lélegan, og með slíku mæli ég auðvitað ekki og tek undir það, sem hæstv. ráðh. sagði um þau efni, að þar þarf að verða mikil breyting á, þó að kostnaðarauki hljótist af.

Varðandi ákvæði 2. gr. um skipun námsbókanefndarinnar vildi ég aðeins láta þess getið, þó að einstakar greinar eigi ekki að ræða við 1. umr., að ég tel hæpið að láta prestastefnu Íslands tilnefna einn mann í námsbókanefnd, og þau rök, sem hæstv. ráðh. flutti fyrir því, sannfærðu mig ekki. Prestar höfðu áður fyrr miklu hlutverki að gegna í barnafræðslunni, en nú hafa þeir engu hlutverki að gegna lögum samkvæmt í barnakennslunni. Í þeim efnum hefur verið gerð gagngerð skipulagsbreyting, og nú eru engin tengsl — bókstaflega engin tengsl — milli hinnar almennu barnafræðslu og prestastéttarinnar í landinu. Ég tel því miklu eðlilegra, að þeirri grundvallarreglu verði haldið, sem er í núgildandi l., að framhaldsskólakennarar fái hér að leggja orð í belg og eigi hér sinn fulltrúa. Það eru ekki rök gegn því, að útgáfan starfi ekki á framhaldsskólasviðinu. Framhaldsskólakennararnir hafa einmitt mikla þekkingu á því, hvernig kennslubækur barnastigsins eiga að vera úr garði gerðar, því að þeir taka við börnunum síðar inn í sinn skóla og vita því, hvaða kröfur er eðlilegt að gera til barnanna, þegar þau koma inn í miðskólana og gagnfræðaskólana eða menntaskólana eða sérskólana. Þess vegna tel ég það mjög miður farið, ef allur tillöguréttur allra framhaldsskólakennaranna, sem hafa einmitt sérstaklega góða aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig námsefni barnastigsins á að vera, verður algerlega niður felldur.

Ákvæði frv. um greiðslu kostnaðar við útgáfuna tel ég til mikilla bóta frá því, sem áður hefur verið.

Ég vildi láta þessar athugasemdir koma fram þegar við 1. umr. málsins til þess að undirstrika, að ég tel frv. vera tímabært í fyllsta máta, en jafnframt láta í ljós mikla óánægju með það, að í frv. skuli raunverulega vera stigið spor aftur á bak, en ekki fram á við, eins og ég tel að stiga eigi. Ég vil vænta þess, að till., sem koma munu fram um að láta verksviðið ná til skyldunámsins alls, verði vel tekið af hv. Alþ., eins og ég tel raunar afstöðuna til till. fyrir tveimur árum gefa ákveðið tilefni til að ætla.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef litlar athugasemdir að gera við ræðu hv. 1. landsk. þm. Hann viðurkenndi, að meginefni frv. væri til bóta, þó að hann væri einstök-

um atriðum ósamþykkur, og er það ekki nema að vonum, að mönnum sýnist sitt hvað um ýmis efni. En ég vil aðeins ítreka það, sem ég sagði áður, að við athuguðum mjög gaumgæfilega í sambandi við undirbúning frv., hvort rétt væri að taka allt skyldunámið hér undir, og sannfærðumst um, að það væri ekki tímabært að svo stöddu. En sú vinsamlega athugun, sem hv. þm. rifjaði upp að Alþ. hefði ætlazt til að fram færi, hefur vissulega átt sér stað. Það var gífurlegur kostnaður, sem varð þess valdandi, að við töldum ekki fært að taka þetta upp nú þegar og okkur sýndist réttara að íhuga það þá frekar á seinna stigi, hvort menn vildu víkka starfssvið útgáfunnar sem þessu nemur.

Hinu vil ég alveg mótmæla, að þetta frv. sé að nokkru leyti spor aftur á bak. Undanfarið hafa ekki verið gefnar út bækur fyrir gagnfræðastigið, og er þó búinn að vera aðskilnaður á því og barnafræðslunni með þeim hætti, sem nú tíðkast, um langt árabil, svo að í því efni verður engin breyting í framkvæmd frá því, sem verið hefur. Frv. miðar hins vegar að því, og það vefengdi hv. 1. landsk. þm. alls ekki, að gera starfsemi útgáfunnar raunhæfa. Sannleikurinn er sá, að eins og komið er, má segja, að starfsemin sé stöðvuð að verulegu leyti, ekki vegna áhugaleysis þeirra, sem forustuna hafa, heldur vegna þess, að þá hefur skort nauðsynlega fjármuni til þess að sinna þessu verulega þýðingarmikla verki. Og það fyrsta til þess að komast áfram er að útvega þeim fé til þess verks, sem þeir hingað til hafa átt að vinna, en skort fé til að annast um. Og það er óneitanlega gert með þessu frv., auk þess sem ýmsar umbótatill. aðrar eru í því. Ef hins vegar Alþ. telur, að ekki sé horfandi í þann mikla kostnað, sem mundi leiða af því að taka gagnfræðastigið hér undir, er ég fyllilega til viðræðna um það atriði. En menn verða þá að gera sér grein fyrir, að starfsemin verður mun umfangsmeiri en ella, að kostnaður verður miklum mun meiri og að hætt er við, að seinna gangi en ella að kippa því í lag, sem nú hefur aflaga farið, og má ekki lengur svo standa.

Ég játa það með hv. þm., að það er áhorfsmál, hvort taka eigi tilnefningarrétt í þessa nefnd af félagi framhaldsskólakennara. Ef menn vilja heldur láta þá fá mann, þá er hægurinn hjá, eins og verið hefur, að láta samband barnakennara aðeins fá einn mann, og þá er á engan hallað í því. Barnakennararnir lögðu hins vegar nokkra áherzlu á, að meðan þetta væri einungis um þeirra námsstig, sem starfrækslan tæki til, fengju þeir að tilnefna tvo menn. Hér er um nokkurt áhorfsmál að ræða og eðlilegt, að sitt sýnist hverjum, það skiptir raunar ekki miklu máli. Hitt tel ég vera eitt af meginatriðum frv. og tel því mjög illa farið, ef breytt yrði, ef tilnefningarrétturinn yrði tekinn af prestastefnunni. Það er að vísu rétt, að samkvæmt lögum hafa prestar lítinn íhlutunarrétt um barnafræðslu, en ég tel það einmitt galla, hversu prestarnir hafa verið fjarlægðir frá uppeldismálum og æskulýðnum. Og ég tel það þess vegna til mjög mikilla bóta, ef þeim er fenginn slíkur áhrifaréttur eins og lagt er til hér í frv. Og ég trúi því ekki að óreyndu, að Alþingi Íslendinga felli niður þann rétt, sem prestastefnunni hér er fenginn, og þar með útiloki prestana frá hollum áhrifum í þessum efnum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er kunnugt, að skólamenn hafa á undanförnum árum alloft gert till. um það, að breytingar yrðu gerðar á námsbókaútgáfunni. Till. þeirra hafa allajafna beinzt fyrst og fremst að því, að ríkisútgáfa námsbóka ætti einnig að ná til framhaldsskólanna og að sú útgáfa, sem hingað til hefur verið bundin við barnaskólana einvörðungu, væri allsendis ófullnægjandi. Ég hygg, að það séu sárafá eða engin dæmi um það, að samtök kennara hafi fjallað um námsbókaútgáfu án þess að gera till. í þessa átt. Það var því mjög eðlilegt, að búizt væri við því, þegar frv. kom fram um breytingu á ríkisútgáfu námsbóka, að gengið yrði til móts við þessa megintillögu frá hálfu kennarasamtakanna í landinu. En það kemur fram í grg. þessa frv., að ástæðan til þess, að ekki hefur þótt vera mögulegt að verða við þessum óskum kennaranna, er sú, að það þykir of kostnaðarsamt, en á hinn bóginn virðist það ekki hafa verið lagt til grundvallar, hversu gífurlega miklum kostnaði væri hægt að létta af aðstandendum barna, sem ganga til framhaldsnáms, með því einmitt að taka upp sameiginlega útgáfu fyrir framhaldsskólana, á svipaðan hátt og gert hefur verið fyrir barnaskólana. En enn þá einkennilegra er það þó, finnst mér, þegar lagt er svo fram frv. eins og þetta, sem gerir ráð fyrir því að auka útgjöldin við útgáfuna stórkostlega frá því, sem verið hefur, en þó er ekki gert ráð fyrir því að bæta við útgáfu fyrir framhaldsstigið.

Hæstv. menntmrh. undirstrikaði það hér ýtarlega í ræðu sinni, að kostnaður í sambandi við frv. þetta, ef að lögum yrði, yrði allverulega mikill, og það sýnist mér líka að hljóti að verða. En í hvað á sá kostnaður m. a. að fara? M. a. er gert ráð fyrir því, að verulegur hluti af auknum kostnaði muni renna í að fullnægja þeim ákvæðum, sem nú eru sett í 3. gr. frv., sem er um það, að gefa skuli út yfirleitt tvær bækur, tvær mismunandi kennslubækur í sömu námsgrein, og er alveg augljóst, að þetta hlýtur að auka á útgáfukostnaðinn mjög verulega. Þannig er gengið frá þessu ákvæði í 3. gr. frv., að þar er ekki einu sinni um almenna heimild að ræða fyrir útgáfustjórnina, þannig að hún geti valið um það, hvort hún telur slíkt nauðsynlegt í öllum greinum, heldur er beinlínis sagt í greininni, að gefa skuli út tvær bækur í sömu námsgrein, sé þess yfirleitt nokkur kostur.

Ég er alveg fullviss um það, að í ýmsum tilfellum mundu kennarar vera mjög á einu máli um það, að ekki væri ástæða til þess, vegna þess að vel hefði heppnazt með samningu og útgáfu á kennslubók, að efna einnig til útgáfu á annarri bók í sömu kennslugrein, en eins og frv. liggur fyrir, þá tel ég að það sé tvímælalaus skylda á útgáfustjórninni að efna þarna einnig til annarrar útgáfu, ef yfirleitt fæst nokkur maður til þess að leggja fram handrit að nýrri útgáfu. Mér er ekki kunnugt um það, að kennarasamtökin í landinu, sem þessi mál hafa látið sig mestu skipta, hafi lagt sérstaka áherzlu á þessa breyt-

ingu, sem hlýtur þó að verða mjög kostnaðarsöm. Vitanlega hefur námsbókaútgáfustjórnin fulla aðstöðu til þess að velja nokkuð úr, hvaða bækur hún kann að gefa út í hverri námsgrein fyrir sig, og þarf því ekki að vera alveg fastbundin við einn aðila í þeim efnum. Ég hefði því talið algerlega nóg í þessum efnum að hafa heimild fyrir útgáfustjórnina að gefa út fleiri en eina bók, þegar henni þætti veruleg ástæða til slíks.

Með þessu frv. er einnig gert ráð fyrir því, að nú verði ráðinn fyrir þessa útgáfu sérstakur útgáfustjóri, en fram að þessu hefur þótt fært að fela einum af starfsmönnum ríkisins þessa framkvæmdarstjórn. Mér þykir eiginlega ótrúlegt, að það þurfi að halda þannig á þessum málum á næstunni, ef ekki á að bæta við bókaútgáfu fyrir framhaldsstigið, að þá þurfi hér að verða um að ræða stórkostlega miklu meiri bókaútgáfu og meiri vinnu en verið hefur frá upphafi í þessum efnum, á meðan var verið að ryðja slóðina og hefja alla þá útgáfu, sem þarna hefur farið fram. Ég er því ekki sannfærður um, að það sé neinn nauður, sem rekur til þess, að þarna verði farið að stofna nýtt embætti í þessu skyni.

Mér finnst líka, að nokkuð beri á því í sambandi við þetta mál, því miður, eins og mér fannst mega merkja í ræðu hæstv. menntmrh., að það væru jafnvel uppi raddir um, að það bæri að leggja þessa útgáfu niður. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. kom þar orðum sínum, að hann sagði, að það hefði orðið niðurstaða, að ekki væri tímabært að leggja niður þessa útgáfu, hvað sem mönnum kynni svo síðar að sýnast um það efni.

Það er alveg fullvíst, að það eru ýmsir aðilar, sem hafa haft horn í síðu þessarar bókaútgáfu frá upphafi, hafa það ábyggilega enn og hafa m. a. staðið gegn því, að ríkisútgáfa yrði tekin upp á kennslubókum framhaldsskólanna. En ég hygg, að reynslan hafi tvímælalaust skorið úr um það, að þessi ríkisútgáfa á rétt á sér. Hún er mjög til sparnaðar fyrir aðstandendur barna, og hún yrði það ekki síður fyrir aðstandendur þeirra barna, sem verða að stunda og eiga að stunda nám í framhaldsskólum. Ég álít því, að nú hefði verið eðlilegt að bæta nokkuð við þessa útgáfu, en ekki að stefna að því, sem mér sýnist vera gert fremur í þessu frv., að draga þar jafnvel heldur úr. Ég tel það t. d. alveg tvímælalaust að draga úr, að það skuli nú eiga að neita samtökum framhaldsskólakennara um að hafa fulltrúa í námsbókaútgáfunni, en réttur þeirra til að hafa fulltrúa við þessa útgáfu hafði þó óneitanlega gefið vonir um, að það væri ætlunin að taka upp útgáfu kennslubóka fyrir framhaldsskólana. En með því að ryðja fulltrúa þeirra úr útgáfustjórninni sýnist mér vera mynduð yfirlýsing um, að brenna skuli fyrir slíka útgáfu að fullu og öllu.

Ég vil svo taka undir það, sem hér hefur komið fram frá hv. 1. landsk. þm. (GÞG), að ég tel í fyllsta máta óeðlilegt og ég furða mig einnig á því að heyra það frá hæstv. menntmrh., þegar hann sagði, að hann teldi einn megintilgang frv. *fólginn í því ákvæði að gefa prestastefnu Íslands* rétt til þess að eiga fulltrúa í námsbókaútgáfustjórninni. Ég fyrir mitt leyti sé ekkert samhengi í því, að það þurfi að breyta l. um námsbókaútgáfu til þess að koma þar inn fulltrúa frá prestastefnunni. Ég er andvígur því og tel miklu réttara það form, sem var á áður, að fulltrúar framhaldsskólakennara *hafi rétt til* þess að stjórna þessari útgáfu.

Eitt atriði er það enn, sem ég vildi aðeins minnast á í sambandi við þetta mál á þessu stigi, en það kemur fram í grg. frv., að talið er, að námsbókaútgáfan skuldi ríkissjóði nú um 1½ millj. kr., vegna þess að ríkissjóður hefur þurft að leggja fram nokkru meira en ætlað hafði verið til útgáfunnar. Ber þá að skilja þetta svo, að þau auknu gjöld, sem nú verða innheimt af aðstandendum barna, og það framlag, sem nú er gert ráð fyrir að eigi að koma frá ríkissjóði til útgáfunnar, eigi m. a. að nota til þess að greiða þessa skuld, sem námsbókaútgáfan er komin í við ríkissjóð? Ég satt að segja hafði álitið, að það, sem ríkissjóður hefur lagt til námsbókaútgáfunnar á undanförnum árum, yrði talið beint framlag, sem ekki yrði krafið inn aftur. Og ég hygg, að menn muni almennt líta á hækkuð persónugjöld þeirra, sem eiga að greiða námsbókagjald, nokkuð öðrum augum, ef þau eiga að ganga til þess að greiða þessa gömlu skuld. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um þetta, en vildi mælast til þess fyrir mitt leyti, að menntmn., sem fær þetta mál *til* athugunar, athugi það gaumgæfilega, hvort ekki er rétt að verða við óskum kennarasamtakanna í landinu að taka nú einmitt upp ákvæði um það, að ríkisútgáfa námsbóka nái einnig til framhaldsskólanna eða a. m. k. til alls skyldunámsins.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er til þess að svara fsp. frá hv. síðasta ræðumanni. Vil ég taka það alveg skýrt fram, að mér hefur ekki komið til hugar, að greiða ætti þessa skuld ríkisins af þeim gjöldum, sem nú á að leggja á. Ég sé, að hv. þm. *muni vera meiri* fjárheimtumaður en ég, og er ekki nema gott um það að segja, að einhverjir séu ákafari í fjárheimtunni en ég er, en mér hafði ekki enzt hugmyndaflug til þessarar skýringar. Hitt var eðlilegt, að það kæmi fram, að þetta hefur verið talin skuld og er auðvitað stofnuninni nú mjög fjötur um fót.

Um það, að uppi séu ráðagerðir um að leggja þessa starfsemi niður, þá hygg ég, að þetta frv. sé öruggt vitni þess, að ég hef ekki gerzt talsmaður slíkra ráðagerða. Hinu er ekki að leyna, að þær *hafa verið uppi. Ég hygg, að ég hafi lesið* það t. d. í tillögum frá eyfirzkum kennurum, að þeir benda á, að fáist ekki leiðrétting frá því, sem verið hefur, þá sé betra að leggja starfsemina niður, og þessu er ég sammála. En sú hugmynd er samt hvorki frá mér komin né frá nokkrum *illviljamönnum* þessarar *starfsemi*, heldur kennurunum sjálfum, sem hafa fundið, að starfrækslan eins og hún hefur verið er allsendis ófullnægjandi. — Öðrum atriðum, sem rædd voru, hygg ég að ég hafi svarað áður, og er ástæðulaust að rifja það upp.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 506, 65, 521).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ríkisútgáfa námsbóka hefur nú starfað um það bil 20 ára skeið. Tekjur ríkisútgáfunnar hafa verið sérstakt námsbókagjald, sem er ákveðið í lögunum, en þróun verðlagsmála á undanförnum árum hefur verið sú, að kostnaður allur við bókaútgáfu, eins og aðra starfsemi í landinu, hefur farið ört hækkandi, svo að þær fjárhæðir, sem ríkisútgáfan hefur fengið með námsbókagjöldum, hafa hvergi nærri hrokkið til þess að standa straum af þeim kostnaði, sem af útgáfustarfseminni hefur leitt. Fjárskortur hefur því staðið útgáfunni mjög fyrir þrifum nú hin síðustu ár. Af þessari ástæðu er tímabært að endurskoða lögin um ríkisútgáfu námsbóka, eins og stefnt er að með frv. því, sem hér liggur fyrir.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ⅓ hluti kostnaðarins við útgáfuna greiðist úr ríkissjóði, en ⅔ hlutar greiðist af sérstöku námsbókagjaldi, sem lagt skal á hvern þann, sem hefur á framfæri sínu eitt eða fleiri börn við skyldunám á barnafræðslustiginu. Alþingi á að ákveða hverju sinni í fjárl. framlag ríkisins og námsbókagjald, með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna og fyrirhuguðum framkvæmdum á hverju fjárhagsári.

Menntmn. mælir með því, að frv. þetta nái fram að ganga, en n. ber fram brtt., sem fela þó ekki í sér efnisbreytingu á frv., heldur orðalagsbreytingar við þrjár greinar þess.

Í 3. gr. frv. er svo fyrir mælt, að námsbókanefnd skuli sjá um, að á hverjum tíma séu fyrir hendi a. m. k. tvær námsbækur í hverri grein. Menntmn. finnst ástæðulaust að binda þetta í l., heldur leggja það á vald námsbókanefndar hverju sinni, hvernig á því er haldið.

Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja frekari brtt. við frv., og munu þær þá koma fram annaðhvort við þessa umr. eða ekki fyrr en við 3. umr. málsins.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. menntmn. hefur skýrt frá, varð n. sammála um það að leggja til, að frv. þetta næði fram að ganga, og er enginn efi á því, að full nauðsyn er á að fá bætt úr þeim mikla fjárskorti, sem ríkisútgáfa námsbóka hefur átt við að stríða. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara. Ástæðan til þess er sú, að ég tel, að í frv. sé of skammt gengið, sérstaklega að því er varðar það, að ríkisútgáfan á samkvæmt því eingöngu að taka til barnaskólanámsins, en ekki til alls skyldunámsins. Þetta er að vissu leyti nokkurt spor aftur á bak frá því, sem var áður en hin nýju fræðslulög voru sett. Eins og kunnugt er, var þá almenn barnaskólaskylda til 14 ára aldurs, en var lækkuð um eitt ár, en hins vegar var þá sett ákvæði um það, að unglinganám, skyldunám unglinga, skyldi vera tvö ár. Ég hef leyft mér að flytja brtt. varðandi þetta, og er hún á þskj. 521. Þar er því ákvæði bætt við 1. gr., að ríkisútgáfa námsbóka skuli ná til alls skyldunámsins, þ. e., að unglinganámið heyri einnig hér undir. Mér virðist það eðlilegt í alla staði, að hér sé miðað við skyldunámið og að ný löggjöf, þegar hún er nú sett um þetta efni, sem ekki var seinna vænna að gera vegna hins mikla fjárskorts ríkisútgáfunnar, eigi að taka tillit til þeirra breytinga, sem hafa orðið á skólakerfinu, og a. m. k. eigi ekki að hverfa aftur á bak í þessu efni, heldur að stíga dálítið fram á leið.

Mér virðist eðlilegt, að ríkisvaldið, sem skyldar börn og unglinga til náms, sjái þeim fyrir bókum og að námsbækur, sem ríkisútgáfan gefur út, séu látnar í té ókeypis á sama hátt og gert er um kennslu, kennslutæki og annað slíkt, það sé aðeins liður í kostnaðinum við framkvæmd fræðslumála. Þess vegna hef ég einnig borið fram brtt. við 7. gr. þessa frv. um það, að kostnaður af framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði, þ. e. a. s. hætt verði að innheimta námsbókagjaldið. Ég tel þetta í alla staði eðlilegast. En jafnvel þótt hv. Alþ. féllist ekki á þetta sjónarmið og vildi halda því ákvæði, að námsbókagjald nokkurt sé greitt, tel ég þrátt fyrir það fulla ástæðu til þess, að námsbókaútgáfan nái til alls skyldunámsins.

Það er vitað, að kennarasamtök landsins hafa gert mjög ítrekaðar till. um það, að ríkisútgáfan nái til alls skyldunámsins, og ég held, að mér sé óhætt að segja, að mikill meiri hluti kennara líti svo á, að það sé það fyrirkomulag, sem koma skuli, og er ýmislegt fært fram því til stuðnings, að það sé eðlilegt og heppilegt. Eina verulega mótbáran, sem gegn því hefur verið færð fram, er sú, að þarna sé um töluvert aukinn kostnað að ræða. Það er að vísu rétt, ef litið er á málið frá einhliða sjónarmiði ríkissjóðs. Hins vegar er það upplýst, að kostnaður unglinga við námsbókakaup á unglingaskólastiginu er mjög verulegur. Hann mun vera nálægt 300 kr. fyrra árið og nokkuð á þriðja hundrað króna síðara árið, þó að ekki séu þar teknar með aðrar bækur en þær, sem telja má eðlilegt, að ríkisútgáfan sæi um, ef sú útgáfa næði til þessa stigs. Þar eru ekki taldar með orðabækur, heldur eingöngu hinar eiginlegu námsbækur. Þetta er ekki lítill kostnaður, og ég er ekki í neinum efa um það, að með ríkisútgáfu á þessum bókum er hægt að prenta þessar bækur ódýrar en þær eru yfirleitt nú, þegar einkaframtakið svokallaða hefur þá útgáfu með höndum. Enn fremur er ég sannfærður um það, að bækurnar ættu að geta orðið betri og í frekara samræmi við þær bækur, sem notaðar eru á barnafræðslustiginu, að minnsta kosti ef fjárskortur hamlar ekki starfsemi ríkisútgáfu námsbóka.

Þá vil ég geta þess, að um eitt atriði frv. varð dálítill ágreiningur í n. Það var um það, hverjir eigi að skipa námsbókanefndina, og munum við 3 nefndarmenn flytja till. um, að þar verði gerð sú breyting á ákvæðum 2. gr., að í stað þess, að einn nefndarmaður skuli skipaður samkvæmt till. prestastefnu Íslands, komi: samkvæmt till. Landssambands framhaldsskólakennara. — Yrði sú brtt. mín samþ. að færa út starfssvið ríkisútgáfunnar, svo að það næði til alls skyldunámsins, er þetta vitanlega svo sjálfsagður hlutur, að ekki þarf um að ræða, að framhaldsskólakennarar eigi þarna fulltrúa, en ég verð að segja, að jafnvel þótt það næði ekki fram að ganga, tel ég í alla staði miklu eðlilegra, að þeir

eigi þarna fulltrúa, heldur en að þar sé fulltrúi frá prestastéttinni.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) hefur lýst þeirri brtt., sem hann flytur á þskj. 521. Fyrri liður þeirrar brtt. er við 1. gr. frv. og fjallar um það, að ríkisútgáfa námsbóka skuli láta í té námsbækur öllum nemendum við skyldunám, þ. e. a. s. ekki einungis nemendum barnaskólanna, heldur nemendum í tveim neðstu bekkjum gagnfræðaskólanna jafnframt. Menntmn. hefur komizt að raun um það við athugun á þessu máli, bæði af umsögnum ýmissa aðila, sem n. leitaði til, og eins af ummælum stjórnar Sambands ísl. barnakennara, sem mætti á fundi hjá n. til viðræðu um málið, að meðal skólamanna þeirra, er njóta starfsemi ríkisútgáfunnar að því leyti að fá í hendur þær bækur, sem útgáfan lætur í té, er skoðanamunur um það, hvort rétt sé, eins og nú horfir, að láta útgáfuna ná til skyldunámsins alls eða einungis til barnafræðslustigsins. Það er álit skólamannanna, að starfsemi ríkisútgáfunnar sé komin í nokkurt ófremdarástand nú vegna fjárhagserfiðleika og að óhjákvæmilegt sé að gera stórt átak til þess að rétta fjárhagsgrundvöll útgáfunnar við og hefjast handa um aukna útgáfustarfsemi fyrir barnaskólastigið. Sumir þeirra aðila, sem n. hefur leitað umsagna hjá, eru þeirrar skoðunar, að það sé nægilegt viðfangsefni nú á næstunni að koma útgáfunni í gott horf fyrir barnafræðslustigið, það sé ekki hægt að vænta þess, að ríkisútgáfan geti á næstu árum stigið svo stórt skref að annast fullkomna útgáfustarfsemi fyrir barnaskólana og taka jafnframt á sig þá starfsemi að láta í té námsbækur á unglingastiginu.

Það varð því að athuguðu máli sú niðurstaða í menntmn., að n. í heild gat ekki fallizt á þá till., sem hv. 8. þm. Reykv. flytur og hefur gert grein fyrir. Það var enn fremur álit menntmn., að eðlilegt væri að halda ákvæðum gildandi laga um námsbókagjald, en leggja ekki þann kostnað, sem af útgáfunni leiðir, að öllu leyti á herðar ríkissjóðs.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 521,1 felld með 15:7 atkv.

— 65,1 felld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, BergS, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj.

nei: ÓTh, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, JörB, KJJ, SB.

MJ greiddi ekki atkv.

8 þm. (PO, ÁB, BÓ, EggÞ, GTh, JPálm, JR, LJós) fjarstaddir.

Brtt. 65,1. varatill. felld með 17:9 atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Áður en brtt. 65,2 kæmi til atkv., mælti

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þar sem frsm. hæstv. menntmn. hefur tjáð mér, að von sé á till. frá n. við 3. umr. málsins, sem gangi í sömu átt og hér er um að ræða, tek ég þessa till. aftur til 3. umr.

Brtt. 65,2 tekin aftur til 3. umr.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 506,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 65,3 kom ekki til atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 506,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 521,2 felld með 18:9 atkv.

7.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 548, 65,2, 549).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 549 samþ. með 15:6 atkv.

— 65,2 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 95. fundi í Ed., 26. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 573).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ákvæði um ríkisútgáfu námsbóka hafa allengi verið í lögum, en á síðari árum hefur komið í ljós, að fjárveitingar til þessarar starfsemi hafa verið allt of litlar, svo að ekki hefur verið unnt fyrir útgáfuna að sinna verkefni sínu eins og skyldi og hún þess vegna á ýmsan hátt verið með öðrum og miklu lakari hætti en sæmilegt má teljast. Af þessum sökum lét ég endurskoða þessa löggjöf og lagði frv. um það fyrir hv. Alþ. strax í þingbyrjun, og hefur það legið hjá hv. Nd. þangað til nú. Ég vona þó, að um svo einfalt mál sé að ræða og hv. þingmenn Ed. hafi kynnt sér það nægilega, þannig að þeir séu færir til þess að afgreiða málið, þó að komið sé að þingslitum, þannig að það megi ná fram að ganga á þessu þingi.

Ég fullyrði, að það er mikil þörf á umbótum í þessu efni. Eini ágreiningurinn, sem fram er kominn og máli skiptir, er það, hvort þessi útgáfa eigi að taka til alls skyldunámsins eða láta hana eingöngu taka til barnafræðslunnar, eins og verið hefur. Hvað sem þeim ágreiningi líður, hika ég ekki við að fullyrða, að mikill vinningur er, að sú starfræksla, sem á annað borð á sér stað, geti verið með sæmilegum hætti, og það sé fyrst tími til að bæta við, þegar það er komið í skaplegt horf, sem nú þegar á sér stað. Ég vona því, að þó að menn telji sumir, að frv. hefði átt að vera enn þá víðtækara en það er, þá láti þeir það ekki valda þeim ágreiningi, að málið þess vegna verði stöðvað.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. deildarinnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 573, n. 627, 630).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 630. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Andrés Eyjólfsson): Herra forseti. Frv. það um ríkisútgáfu námsbóka, sem hér er til umr., er stjfrv. og var lagt fram í hv. Nd. á fyrstu dögum þingsins. Það kom þó fyrst til Ed. í gær og var þá, að 1. umr. lokinni, vísað til menntmn. Lítill tími hefur því verið til stefnu að athuga það hér og enginn tími unnizt til þess að ná kunnáttumönnum á þessu sviði til viðtals.

Málið tók lítils háttar breytingum í Nd. Aðalefni frv. er það, að börnum á skyldunámsaldri skuli séð fyrir ókeypis námsbókum. Þriðja hluta kostnaðar þess, er af því leiðir, skal ríkissjóður greiða, en ⅔ skulu aðstandendur barnanna greiða.

N. komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri, að frv. næði fram að ganga, og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 630, sem er verið að útbúa. Hún er við 1. gr. og er þess efnis, að aftan við 1. gr. bætist ný mgr., sem mælir svo fyrir, að unglingum í gagnfræðaskólum skuli séð fyrir ókeypis námsbókum í þeim greinum, sem kenndar eru, þ. e. a. s., að þeim skuli séð fyrir ókeypis námsbókum á sama hátt og börnum á barnafræðslustiginu.

Ég hef heyrt þau andmæli borin fram gegn þessu, að ekki væri ástæða til að hafa námsbækurnar ókeypis fyrir aðra en þá, sem eru á skólaskyldualdri, eða til 15 ára, og flyt því til vara, til að mæta þessari aths., þá till., að unglingum í unglingaskólum skuli séð fyrir ókeypis námsbókum í þeim greinum, sem þar eru kenndar, þ. e. a. s., að saman skuli fara rétturinn til ókeypis námsbóka og skólaskyldualdur.

Ég vænti þess, að hv. deildarmönnum sé ljóst, að það er ekki minnsta ástæða til þess, úr því að börnum á barnafræðslustiginu er séð fyrir ókeypis námsbókum, að fella niður þessi sömu fríðindi þau tvö ár, 14. og 15. árið, sem eru skólaskyld samkv. fræðslulögum.

ATKVGR.
Brtt. 630 felld með 9:5 atkv.
— 630, varatill. samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FRV, GÍG, HG, JJós, LJóh, PZ, VH, BrB.
nei: IngF, JK, KK, SÓÓ, AE, BSt, GíslJ.
2 þm. (HermJ, BBen) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með því að ég tel, að ef málið tekur breytingum í þessari hv. d., geti farið svo, að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi, segi ég nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 634).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 98. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed., — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 645).

---

36. Prentréttur.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um prentrétt [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 8. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. því, sem hér er lagt fram, er ætlað að koma í staðinn fyrir tilskipun um prentfrelsi frá 9. maí 1855, sem verið hefur í gildi að meginefni til og er enn, þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar ekki alls fyrir löngu, eins og mönnum er kunnugt.

Frv. er samið af Árna Tryggvasyni hæstaréttardómara, sem ég fékk til þess starfs á s. l. ári, en síðan hefur hann borið sig saman við mig um einstök atriði og vikið nokkrum við, eftir því sem okkur sýndist betur fara að athuguðu máli.

Meginákvæði frv., eins og það liggur fyrir, er um það, að sérstök ákvæði skuli gilda um ábyrgð manna á því, sem ritað er í blöð og tímarit, og gilda um þetta sömu meginreglur og verið hafa. Tiltekin er sérstök röð manna, sem ábyrgð eiga að bera, og er ekki heimilt að rannsaka frekar, hvort þeir, sem þarna koma fyrst og fremst til greina, en það er ritstjóri fyrst og fremst, síðan útgefandi og loks prentari, eftir því sem nánar er tiltekið, séu hinir raunverulegu höfundar þess, sem skrifað hefur verið. Þetta veitir sem sagt ekki rétt til leitar um það, hverjir í blöðin rita, og hefur verið talið stuðla mjög að því, að prentfrelsið héldist í raun og veru. Hins vegar er ætlazt til þess samkv. frv., að venjulegar ábyrgðarreglur komi til greina um önnur rit og

einnig um hin svokölluðu sakamálarit og önnur svipaðs efnis, þannig að þeir, sem í þau rit skrifa, njóta ekki hinna sérstöku hlunninda, sem blöð og tímarit njóta venjulega. Liggur það m. a. í því, að heimilt er, ef efni standa til, að rannsaka, hver hinn raunverulegi höfundur slíkra rita er.

Það má segja, að það séu a. m. k. á yfirborði nokkuð flóknar reglur, sem um þetta gilda, en þessi eru meginefnin, og tel ég ástæðulaust að rekja það frekar, enda er ýtarlega gerð grein fyrir því í aths.

Enn fremur eru í frv. gerðar ráðstafanir til þess, að hægt sé að hafa hendur í hári þeirra, sem ábyrgð bera á prentuðu máli, þar með er tilkynningarskylda um prentsmiðjur, sem eru starfandi, viss skilyrði sett um ritstjóra blaða og tímarita, strangari en áður hafa gilt. Sú regla helzt, sem verið hefur í l., að skylt er að afhenda eintak af blöðum og tímaritum, sem ekki fara fram úr vissri stærð, til lögreglustjóra, og nær það raunar til allra rita, þótt ekki séu blöð og tímarit, ef það fer ekki fram úr vissri stærð. Enn fremur er sett viðbótarákvæði um það, að lögreglustjóri getur, ef þörf þykir, krafizt afhendingar til sín á eintaki stærra rits. Sums staðar annars staðar er skylda að afhenda öll rit til lögreglustjóra, jafnskjótt og þau koma út. Mér sýndist það vera of umfangsmikið að hafa slíka reglu hér á landi, við höfum ekki færi á því einu sinni að láta lesa öll þau rit og mundum bara lenda í vandræðum með geymslu á þeim, en nóg, að lögreglustjóri getur heimtað afhendingu, ef sérstakar ástæður taka til. Sama er um rit, sem prentuð eru erlendis og höfð eru til sölu hér á landi, að lögreglustjóri getur, þar sem ritið er fyrst flutt inn, krafizt afhendingar á einu eintaki þess, en afhending fer ekki fram, nema slík krafa sé fyrir hendi.

Það kom nokkuð til athugunar, hvort setja ætti aðrar sérreglur um sakamálaritin en þær, sem settar eru í 14. gr. frv., til þess að standa á móti útbreiðslu þeirra og draga úr líkum til þess, að þau hefðu spillandi áhrif, sérstaklega á æskulýð, en að vel athuguðu máli þótti okkur ekki henta að hafa rækilegri fyrirmæli um þetta en sett eru í þessu ákvæði. Það mál var m. a. athugað af þeim mönnum, sem eru að endurskoða hegningarlögin, og einn þeirra, dr. juris Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari, hélt erindi um það efni á fundi menntamálaráðherranna norrænu, sem haldinn var í Reykjavík í sumar, og þar urðu allir sammála um, að svo mörg vafa- og vandamál kæmu upp í sambandi við ýtarlegar reglur um þessi rit eða bönn á þeim, að öll þau atriði yrði að kanna mun betur en enn þá hefur verið gert, og þess vegna væri almenn löggjöf um þau efni ekki tímabær, heldur var því beint til menningarmálanefndarinnar norrænu, að hún rannsakaði það mál betur, og síðan yrði að betur athuguðu máli reynt að hafa samráð um sameiginlega löggjöf eða svipaða löggjöf á Norðurlöndum um þessi efni. Það, sem okkur skiptir mestu máli nú, er það, að allir komu sér saman um, eins og ég segi, að enn væri ekki tímabært að setja fyrirmæli þess efnis í lög, ókostirnir við það og hættan fyrir prentfrelsið væri meiri en sá ávinningur, sem kynni að fást, menn yrðu fyrst um sinn að vinna meira á móti þessum skaðræðisritum með almennri fræðslustarfsemi og almenningsáliti en með beinni lögþvingun. Ég er sannfærður um, að þetta eru rétt sjónarmið, þó að ég efist ekki um, að sumir hafi orðið fyrir nokkrum vonbrigðum af því, að ekki þykir tímabært að setja slíka löggjöf. En þetta mál hefur verið athugað víða um lönd á seinni árum, og ég hygg, að það sé sameiginleg skoðun manna, að enn sé þetta ekki kannað nægilega til þess, að fært sé að setja löggjöf um þessi efni.

Þá er rétt að geta þess, að ýtarlegar reglur eru settar um leiðréttingarskyldu útgefenda eða ritstjóra. Er það í sama stíl og verið hefur, en nokkru ýtarlegra en áður hefur þekkzt hér á landi.

Í 17. gr. er enn fremur nýmæli, þar sem segir, að ef ritstjóri, sem ekki er jafnframt útgefandi blaðs eða tímarits, er dæmdur til greiðslu sektar eða fébóta, málskostnaðar eða til greiðslu kostnaðar af birtingu dóms vegna efnis í ritinu, megi samkv. ákvæðum dómsins innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá útgefanda eða útgefendum ritsins. Þetta er tekið eftir erlendum fyrirmyndum, m. a. því, sem lögboðið hefur verið í Danmörku og reynzt hefur þar vel. Svipað ákvæði þekkist einnig hér á landi í sambandi við togara og skipstjóra á þeim. Ef þeir fremja afbrot, ber eigandi útgerðarinnar ábyrgð á því, að fjársektirnar greiðist, svo að næg fordæmi eru fyrir þessu sanngjarna ákvæði.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. Ég tel, að í því felist nauðsynleg endurskoðun á ákvæðum, sem nú eru orðin 100 ára gömul, og þess vegna tímabært að fara yfir að nýju og færa til rétts samræmis við nútímahætti, en að öðru leyti eru litlar gerbyltingar í frv. frá því, sem verið hefur.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 481).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Prentfrelsið er einhver dýrmætustu réttindi manna í frjálsu þjóðfélagi og venjulega lögvarin í stjórnskipunarlögum þeirra.

72. gr. íslenzku stjórnarskrárinnar frá 17. júní 1944 hljóðar svo:

„Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti. Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Þessi réttur er ekki aðeins einna dýrmætastur af öllum mannréttindum, heldur hefur sýnt sig, að fyrsta skref þeirra, sem sækjast eftir einveldi og að kúga þjóðir, er venjulega að leggja höft á prentfrelsið. Lýðræðisþjóðskipulag er tæplega hugsanlegt án prentfrelsis. Gagnrýni sú, sem því

er ætlað að verja, er hverju lýðræðisþjóðfélagi nauðsynleg. En það er svo með prentfrelsið eins og önnur dýrmætustu mannréttindin, að því má misbeita, og þess vegna er gerður fyrirvari um það í stjórnarskránni, að menn verði að ábyrgjast þær skoðanir, sem þeir láta í ljós, fyrir dómi, en þetta þýðir, að hægt er að refsa, ef hugsanirnar eru refsiverðar að lögum, og að menn verða skaðabótaskyldir, ef þeir með óréttmætum ummælum baka öðrum fjártjón.

Lög þau, sem til þessa hafa verið í gildi hér á landi um prentfrelsi, eru tilskipun um prentfrelsi frá 9. maí 1855, en sumum greinum hennar hefur nokkuð verið breytt með lögum nr. 105 frá 1954. Tilskipun þessi gerir verulegar breytingar á þeim reglum, sem almennt gilda að því er varðar refsiábyrgð og skaðabótaskyldu fyrir ólögmæt verk.

Reglur tilskipunarinnar eru hinar svonefndu belgísku ábyrgðarreglur. Það ábyrgðarkerfi, sem þar er farið eftir, er þannig byggt upp, að einn einstakur aðili að birtingu rits er gerður ábyrgur fyrir efni þess, en öðrum sleppt, sem eftir almennum refsi- og skaðabótareglum hefði unnið til refsingar eða orðið bótaskyldur, og aðilarnir bera þessa ábyrgð í tiltekinni röð, sem efnislega er ákveðin eftir nánari eða fjarlægari tengslum þeirra við efni og útgáfu ritsins og formlega að aðilinn hafi nafngreint sig á ritinu.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar frá 1855 hvílir ábyrgð á efni rits, sem prentað er og birt hér á landi, aðallega á höfundi þess, enda hafi hann nafngreint sig og sé auk þess annaðhvort búsettur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða sé undir dómsvaldi ríkisins, þegar málið er höfðað. Ef slíkur höfundur hefur ekki nafngreint sig, hvílir ábyrgðin til vara með sömu skilmálum á útgefendum ritsins, því næst á þeim, sem hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks á þeim, sem annast prentun þess.

Hjá öðrum þjóðum er ábyrgðarkerfið á prentuðu máli mismunandi. T. d. hafa Bandaríkjamenn og Bretar látið almennar reglur refsiréttarins og skaðabótaréttarins gilda jafnt um prentað mál sem um önnur refsiverð eða skaðabótaskyld verk. Hins vegar gilda hjá flestum þjóðum sérstakar ábyrgðarreglur, mismunandi víðtækar, og er þá víða lögð megináherzla á, að menn geti leynt nafni sínu í sambandi við ritað mál, og á þetta sér einkanlega stað um ritgerðir í blöðum og tímaritum, þar sem höfundarnir eru ekki nafngreindir, en ábyrgðin lendir á ritstjórum blaðanna eða tímaritanna.

Gallinn á þessu fyrirkomulagi, miðað við almennar refsi- og skaðabótareglur, er sá, að jafnvel þótt upplýst sé, hver sé höfundur greinar, sem talin er refsiverð og skaðabótaskyld, ber hann ekki ábyrgð á efni hennar, ef greinin birtist nafnlaus í blaðinu eða tímaritinu, heldur ábyrgðarmaður blaðsins. Virðist ýmsum hér fulllangt gengið og of mikið frávik frá almennum reglum. Einkanlega á þetta sér stað, ef um skaðabótaskyld ummæli er að ræða og ábyrgðarmaðurinn að blaðinu eða ritinu er þess ekki megnugur að greiða tildæmdar skaðabætur, þó að hinn raunverulegi höfundur væri megnugur að gera það.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er farið bil beggja. Viðvíkjandi blöðum og tímaritum, sem prentuð eru hér á landi, er hin aldagamla regla látin haldast, og er þá aðallega lögð áherzla á nauðsynina til nafnleyndar, en um önnur rit og rit, sem prentuð eru erlendis, svo og blöð og tímarit, sem hvetja til uppreisnar, landráða og annarra ódæðisverka, sem refsiverð eru eftir 10. og 11. kafla hegningarlaganna, nr. 19 frá 1940, eru almennar refsi- og skaðabótareglur látnar gilda. Sama gildir um blöð og tímarit, sem fjalla um afbrot eða lostug efni að meginefni til.

Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er flutt af dómsmrh. og mjög rækilega undirbúið af Árna Tryggvasyni hæstaréttardómara og dómsmálaráðherra sjálfum. Verður ekki annað séð en að tekizt hafi að meta sanngjarnlega þá hagsmuni, sem taka verður tillit til í sambandi við slíka lagasetningu sem þessa, sem sannarlega er ekki vandalaust verk.

N. hefur rætt mál þetta á mörgum fundum og hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þegar endanleg ákvörðun var tekin í n. um þetta efni, var hv. þm. Str. ekki á fundi. Aftur á móti var hv. 1. þm. N-M. á fundi og samþykkur þessu, þó að hann gæti ekki ritað undir nál. vegna fjarveru erlendis.

Í frv. eru, auk breytinga á ábyrgðarreglunum, mörg ákvæði, sem skýra nánar eldri reglur, sem gilt hafa, og virðast þau öll til bóta, og svo einstaka nýmæli. Er vísað til þeirra í grg., sem er allýtarleg.

Þar sem ég geng út frá því, að hv. dm. hafi kynnt sér grg., sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það, sem þar er sagt, eða fara út í einstök atriði í greinum frv. Þó vil ég leyfa mér að benda á nýmæli 17. gr. frv., sem virðast sanngjörn og nauðsynleg, enda eru þau í samræmi við reglur, sem teknar hafa verið upp, t. d. í Danmörku, um ábyrgð útgefenda rita.

Ég vil geta þess að lokum, eins og tekið er fram í nál., að frv. þetta var sent til umsagnar Félags íslenzkra prentsmiðjueigenda, Bóksalafélags Íslands og Félags íslenzkra bókaútgefenda. Þessi félög óska öll eftir því, að gömlu ábyrgðarreglurnar verði látnar haldast óbreyttar. Frá þeirra hálfu er þetta ekki óeðlileg ósk, þar sem nokkur aukin ábyrgð er lögð á hendur þessara félagssamtaka með frv. Nefndin hefur ekki getað fallizt á rök þessara aðila. Hún telur útvíkkun ábyrgðarreglnanna til bóta og að þar sé mjög í hóf stillt, þar sem blöð og tímarit eru undanþegin. Nefndinni finnst ekki óeðlilegt, að þessi fyrirtæki, sem lifa á því að vinna að prentun og dreifingu rita, beri nokkra ábyrgð á efni þeirra, ekki síst þegar það er farið að viðgangast í allmiklum mæli að dreifa út innlendum og erlendum klámritum, sem beinast að lægstu hvötum mannanna.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til fyrir hönd n., að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

11.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
13.—17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
18.—22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
23.—27. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
28.—33. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 89. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 625).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
13.—17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
18.—22. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
23.—27. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
28.—33. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 659).

---

37. Íþróttalög.

Á 1. fundi í Sþ., 8. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til íþróttalaga** [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er frv. til íþróttalaga, sem er samið af n., er þáverandi menntmrh., Björn Ólafsson, skipaði hinn 23. júlí 1951 til þess að endurskoða íþróttalögin frá 1940. Áttu sæti í n. þeir Sigurður Bjarnason forseti þessarar deildar, sem var formaður nefndarinnar, Benedikt G. Waage forseti Íþróttasambands Íslands og Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi.

Nefndin skilaði frumvarpi eða drögum að frumvarpi, eins og hún mun hafa orðað það, til menntmrn. á s. l. vetri, nokkru fyrir jól, og var málið síðan til athugunar hjá rn. og þess ráðunautum og hefur nú verið lagt fram með nokkrum ekki verulegum efnisbreytingum frá því, er nefndin hafði samið það.

Í þessu frv. eru nokkrar breytingar frá fyrri íþróttalögum, fyrst og fremst er frv. fært til samræmis við lagabreytingar, er síðan hafa orðið í fræðslulögum og t. d. varðandi íþróttakennaraskólann. Enn fremur er frv. gert nokkru einfaldara en núgildandi íþróttalög eru og að öðru leyti tekið tillit til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur. Þannig er t. d. lagt til, að starf íþróttafulltrúa verði gert fast starf, en nú er það þannig að nafninu til, að ætlazt er til, að hann sé ráðinn um þriggja ára skeið. Eins og til háttar, er vonlitið, að hæfur maður fáist til slíks starfa, nema um fasta stöðu sé að ræða, enda efast ég ekki um, að það mundu þykja hin mestu firn, ef t. d. núverandi íþróttafulltrúa yrði vikið frá eða hann látinn hætta störfum við eitthvert þriggja ára bil, eftir að hann er búinn að vera eins lengi við þessi störf og raun ber vitni um. Sýnist engin ástæða til þess að láta um þetta gilda aðrar reglur en tíðkanlegt er um embættismenn eða starfsmenn almannavaldsins yfirleitt.

Þá er lítillega gerð breyting á því, til hvaða mannvirkja og framkvæmda eigi að greiða styrki úr íþróttasjóði, og enn fremur kveðið nánar á um þá íþróttastarfsemi fyrir utan mannvirkin, sem styrkja má. Eins er ætlazt til þess, að skýrt komi fram, að skólar fái ekki styrk samkv. þessum lögum, þar sem það fer eftir þeim almennu reglum um styrki til skóla, hvort eða að hve miklu leyti þeir njóti fyrirgreiðslu eða aðstoðar úr ríkissjóði. Hitt sýnist ekki ná neinni átt, sem þó sýnist hafa verið leitazt við í einstaka tilfelli, að láta mannvirki í senn njóta fullra styrkja sem skóla- eða kennslubygging og enn fremur styrkja sem íþróttamannvirki. Annaðhvort hlýtur að nægja, og er kveðið skýrt á um í þessu frv., að svo skuli verða.

Þá er tekið fram í þessu frv., að styrkja megi mannvirki með allt að 40% kostnaðarverðsins. N. mun hafa fylgt eitthvað svipuðu, og er af hálfu semjenda frv. lögð áherzla á, að þetta hlutfall sé ákveðið, vegna þess að þá muni reynast hægara að fá lán út á mannvirkin en ella.

Út af fyrir sig hef ég og rn. ekkert við það að athuga, að styrkja megi þessi mannvirki með allt að 40%. En ég játa, að ég fæ ekki skilið, og það er tekið fram í athugasemdunum, að þetta muni greiða fyrir lánum út á mannvirkin, þar sem hér er einungis um að ræða hámark, en ekki skyldu til þess að borga 40%. Það væri auðvitað allt annað mál, ef beint væri tekið fram, að borga

skyldi úr íþróttasjóði fast 40%. Þá væri um gerbreytingu að ræða frá því, sem verið hefur, og fullkomið öryggi ætti að vera fyrir lánveitendur að lána sem þessu næmi. Þá væri einungis um það að ræða, hversu langan tíma það mundi taka, að ríkissjóður borgaði sín 40%, ef það ætti að koma inn, áður en yfir lyki. En frv. ætlast, að því er ég hef skilið, ekki til þess, að þannig verði farið að, heldur einungis að þetta hámark, 40%, verði ákveðið, og er ekki nema gott um það að segja, það getur verið almenn leiðbeiningarregla. En veðhæfi held ég naumast skapist í hinum væntanlega ríkishluta með slíku móti, úr því að ekki er ákveðnara til orða tekið en raun ber vitni um. Um þetta var sem sagt nokkur skilsmunur í áliti milli mín og n. Ég taldi ekki annað fært en að benda á það í athugasemdunum.

Þá er ætlazt til þess samkv. frv., að héðan í frá verði tryggt, að þegar heimavistir og heimavistarskólar séu byggðir, þá sé séð fyrir íþróttahúsrúmi í samræmi við það. Þetta mun hafa tíðkazt yfirleitt með héraðsskóla eða skóla gagnfræðastigsins, eins og þeir nú eru kallaðir, en ekki hafa verið allsherjarregla varðandi barnaskóla, og er sjálfsagt að bæta úr þessu, eftir því sem skólar eru reistir héðan í frá. Hins vegar verður að notast við þær byggingar, sem þegar eru og erfitt kann að vera að bæta úr varðandi þetta. Breytingin miðast sem sagt fyrst og fremst við það, að fyrir þessu verði séð varðandi nýbyggingar.

Þá er ákveðið, að sundnáminu skuli lokið á þeim tíma, sem barnanámsskyldunni lýkur, þ. e. a. s. nokkuð færist fram sá tími, sem sundnámið stendur, og er það í samræmi við þá breytingu, sem orðið hefur á hinni almennu fræðsluskyldu frá því, sem áður var, enda er litið þannig á, að heppilegra sé, að börnin nemi sundið frekar á 10—12 ára aldri en t. d. 13—14 ára. Svo er ætlazt til, að aðstoð við flutning taki einnig til, ef unglingar taka þátt í sundnámskeiðum, en áður hefur þetta verið takmarkað við börnin, en eðlilegt sýnist, að þetta taki til nemenda í öllum skólum.

Þá ætlaðist nefndin til, að kveðið væri á um það berum orðum í frv., að að því skyldi stefnt, að líkamsæfingar eða íþróttir væru a. m. k. einn tíma daglega í skólunum. Ég taldi, bæði vegna þess, að þetta orðalag: „að stefna að" einhverju, er svo loðið, að fram hjá því er hægt að fara, eftir því sem stjórnarvöldin vilja, og eins vegna þess, að yfirleitt er ekki tekið fram í lögum um námstímafjölda varðandi hverja námsgrein, að þetta ákvæði ætti ekki heima í frv., heldur væri eðlilegra, að um þetta væri kveðið á í námsskrá, og þá mundi það fara eftir því, hvað öðrum greinum er ætlað og hversu langt nám er á hverjum degi o. s. frv., hvaða reglur yrðu um þetta settar. Ég tel, að þetta skipti ekki miklu efnismáli, en sýndist þó réttara að hafa þann hátt á, sem ákveðinn var, að fella þetta atriði niður úr frv.

Þá varð ágreiningur innan sjálfrar nefndarinnar, milli semjenda frv., um það, hvort halda skyldi í lögum ákvæði um, að ekki mættu nemendur í skólum taka þátt í íþróttaiðkunum, meðan skólarnir stæðu, nema með samþykki skólastjóra. Meiri hl. n. leggur til, að þetta ákvæði sé fellt niður, en íþróttafulltrúinn leggur til, að því sé haldið, og ég sá ekki ástæðu til að gera breytingu við till. meiri hl., sem einnig munu vera studdar af yfirgnæfandi meiri hluta starfandi íþróttamanna og íþróttafélaga í landinu. En þetta er eitt af þeim atriðum, sem ég tel sjálfsagt að nefnd athugi sérstaklega, úr því að ágreiningur er um þetta milli þeirra, sem frv. sömdu.

Þá er ætlazt til þess, að Íþróttakennaraskóli Íslands, sem sérlög gilda um og sett hafa verið ákvæði um, eftir að íþróttalögin voru sett í fyrstu, megi einnig hafa almenna kennslu fyrir menn, sem eiga að hafa almennar leiðbeiningar í íþróttum, þó að þeir séu ekki eiginlegir íþróttakennarar. Slík fræðsla fyrir þvílíka leiðbeinendur mun hafa verið ákveðin í íþróttalögunum í fyrstu, en síðan felld niður, þegar lögin um íþróttakennara voru sett, en meinlaust sýnist vera og eðlilegra, að íþróttakennaraskólinn hafi heimild til þess að hafa slíka kennslu handa þessum leiðbeinendum. Eins er ráðgert, að Íþróttasamband Íslands og ungmennafélagasambandið megi hafa slíka kennslu, ef þau óska.

Þá er ætlazt til þess, að sett séu fyrirmæli, sem útiloki þann möguleika, að íþróttamannvirki séu gefin eða seld, án þess að íþróttanefndin samþykki, og ef slíkt samþykki er veitt, þá endurgreiðist sú styrkupphæð, sem veitt hefur verið til mannvirkisins, úr íþróttasjóði. Þetta ákvæði sýnist vera eðlilegt og nauðsynlegt til að hindra, að misfarið sé með það fé, sem íþróttasjóður hefur veitt til þessara mannvirkja.

Ég hygg, að ég hafi stuttlega gert grein fyrir helztu breytingunum, sem felast í þessu frv. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það, en legg til, að frv. verði vísað til hv. menntmn. og 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3, n. 518, 540).

Frsm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. þetta á nokkrum fundum. N. sendi það ýmsum aðilum til athugunar. Umsagnir hafa borizt frá eftirtöldum aðilum: fræðslumálastjóra, Íþróttasambandi Íslands, sambandi ungmennafélaga Íslands, íþróttanefnd ríkisins, Íþróttakennarafélagi Íslands og Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Sumir þeir, sem umsagnir hafa sent, gera nokkrar athugasemdir við einstök ákvæði frv., en yfirleitt er frv. þó talið til bóta frá gildandi íþróttalögum, einkum það ákvæði 8. gr., að íþróttamannvirki njóti jafns hundraðshluta-styrks, miðað við stofnkostnað, og geti styrkveiting numið allt að 40%. Um þetta segir svo í bréfi íþróttanefndar ríkisins, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi 8. gr. frv. leyfir n. sér að taka það fram, að hún telur ákvæðið um, að styrkveiting geti numið allt að 40%, mikilvægt, því að með því njóta íþróttamannvirki að lögum sömu viðurkenningar til styrkja og mælt er fyrir um styrkhæfni félagsheimila í 2. gr. laga um félagsheimili. Margoft hefur nefndin sjálf hvað þá snertir, sem byggja íþróttamannvirki, rekið sig á það, að beiðzt er láns og væntanlegt framlag úr íþróttasjóði nefnt sem veð, að forráðamenn lánastofnana hafa tekið það fram, að slík fyrirheit geti þeir ekki tekið sem veð, þar sem íþróttalögin fela ekki í sér neitt þátttökuákvæði í byggingarkostnaði íþróttamannvirkja. Aftur á móti hafa lán fengizt til byggingar félagsheimila samkv. ákvæðum í 2. gr. laga um félagsheimili."

Menntmn. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, og eru brtt. nefndarinnar á þskj. 518.

1. brtt. er um það, að ákveðið verði í lögum, að íþróttafulltrúi skuli starfa í fræðslumálaskrifstofunni, svo sem verið hefur. Þessi brtt. er flutt samkv. eindregnum tilmælum fræðslumálastjóra. Menntmn. þótti rétt að taka þessa ósk fræðslumálastjóra til greina og virtist ástæðulaust að breyta því fyrirkomulagi, sem verið hefur að þessu leyti og virðist hafa gefizt vel.

2. brtt. n. er við 4. gr. Hún er um það að takmarka nokkru meir en gert er í frv. valdsvið íþróttanefndarinnar að því er varðar bein afskipti af hinni frjálsu og almennu íþróttastarfsemi í landinu, þeirri íþróttastarfsemi, sem er í höndum Íþróttasambands Íslands, einstakra sérsambanda og einstakra íþróttafélaga.

Í 3. brtt. n., umorðun á 12. gr., felst sú breyting, að öllum heimavistarskólum skuli séð fyrir hæfu húsnæði til íþróttakennslu, en ekki aðeins nýbyggðum heimavistarskólum, eins og í frv. stendur.

Aðrar breytingar á þessari frvgr. eru aðeins orðalagsbreytingar, svo sem að í stað orðanna „að temja nemendum þær fimleikaæfingar, sem við verður komið" komi: að kenna nemendum þær íþróttir, sem við verður komið.

4. brtt. n., við 18. gr., er þess efnis, að þar eru einkaréttindi þeirra manna, sem tekið hafa hið almenna íþróttakennarapróf, takmörkuð við íþróttakennslu í skólum. Þetta mun vera nokkurt deilumál innan íþróttahreyfingarinnar, og Íþróttakennarafélagið mun vera þessari breytingu mótfallið. Hins vegar hefur það komið ljóslega fram, að hin almennu íþróttafélög telja óeðlilegt og mjög óæskilegt, að íþróttafélögin sjálf og Íþróttasamband Íslands fái ekki að ákveða, hvaða kennara þau ráða til kennslu í hinum einstöku íþróttagreinum, og að Íþróttakennarafélag Íslands geti bægt frá kennslu á vegum þessara félaga reyndum hæfileika- og kunnáttumönnum í íþróttum vegna þess eins, að þeir hafa ekki útskrifazt úr íþróttakennaraskóla. Í þessu sambandi er á það bent, að t. d. framúrskarandi knattspyrnumaður, sem hefur iðkað þá íþrótt árum saman, verði samkv. ákvæðum frv. óbreyttum ekki ráðinn hjá knattspyrnufélagi til að kenna íþrótt sína, ef um starfið sækti maður með íþróttakennarapróf, en það er veitt eftir almennt íþróttanám í níu mánuði. Sama mundi gilda um t. d. framúrskarandi glímumann. Glímukóngur Íslands ætti ekki að mega kenna glímu, methafi í sundi ekki að kenna sund o. s. frv. Nefndinni sýndist, að mjög þröng stéttarsjónarmið mættu ekki vera þarna algerlega einráð. Verði brtt. n. samþykkt, hafa menn með íþróttakennaraprófi einir rétt til að kenna íþróttir við skólana, en sá réttur nær þá ekki til íþróttakennslu í félögum.

5. og síðasta brtt. menntmn. er sú, að síðasta mgr. 19. gr. falli niður. Sú mgr. virðist óþörf, þar eð efni hennar er áður komið í sömu frvgr., þar sem rætt er um takmörkuð réttindi til leiðbeininga þeirra, sem þar um ræðir.

Í þessu frv., eins og frá því hefur verið gengið af þeirri nefnd, sem samdi það, og eins og það *kemur nú frá menntmn., er felld niður* 16. gr. gildandi íþróttalaga, en efni þeirrar greinar er það, að skólastjórar barnaskóla skuli hafa rétt til að takmarka eða banna nemendum íþróttaiðkanir utan skólanna þann tíma, sem skólar starfa, ef sérstök ástæða þykir til. Þessi 16. gr. gildandi íþróttalaga virðist vera gamalt og nýtt deilumál. Menn greinir allmjög á um það, hvort hafa eigi slíkt ákvæði í íþróttalögunum, og umsagnir þær, sem nefndinni hafa borizt um frv., bera ljósan vott um það, að skoðanir í þessu efni eru mjög skiptar. Um þetta atriði náðist ekki samkomulag í menntmn., og hefur n. í heild því ekki gert neinar brtt. við frv. að þessu leyti. Hins vegar höfum við þrír nm. lagt fram till. þess efnis, að 16. gr. gildandi laga verði tekin upp í frv. Mun 1. flm. þeirrar till., hv. þm. A-Sk. (PÞ), gera grein fyrir sjónarmiði okkar í því efni. Ég fer því ekki frekar út í það mál.

Ég hef nú gert hér mjög stuttlega grein fyrir áliti menntmn. Nefndin í heild leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á þskj. 518. Einstakir nm. hafa hins vegar áskilið sér rétt til að flytja fleiri brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Páll Þorsteinsson: Íþróttalögin, sem nú eru í gildi, eru frá 1940. Þau voru undirbúin af mþn., sem starfaði á árunum 1938—40. Þegar sú mþn. starfaði, kom fram sú skoðun hjá skólamönnum, einkum hér í Reykjavík, að nauðsyn bæri til að setja ákvæði í íþróttalögin, sem kæmi í veg fyrir, að keppni milli skólanna og íþróttafélaga í bænum ætti sér stað um börnin á barnaskólaaldri.

Sigurður Jónsson, þáverandi skólastjóri miðbæjarskólans í Rvík, hafði forgöngu um þetta og færði rök fyrir skoðun sinni með þessum sex atriðum:

1) Það er skaðlegt óþroskuðum börnum, að þau finni, að um þau sé keppt og að þau séu mikilvæg.

2) Útivist barna á síðkvöldum vegna sóknar til kvöldæfinga félaganna er skaðleg heilbrigði þeirra.

3) Æfingar félaganna eru ekki sniðnar við hæfi óþroskaðs barnslíkama.

4) Nemendur vanmeta skólafimleikana og vanrækja þá vegna æfinganna í félögunum.

5) Börnin eru þreytt að morgni eftir æfingar kvöldsins áður og njóta sín ekki við námið.

6) Kennarar skólanna leiðast inn í samkeppni

félaganna um börnin, og myndast af því deilur, sem leiða af sér úlfúð innan kennaraliðsins.

Þessi rök þáverandi skólastjóra miðbæjarskólans hér í Rvík tók mþn., sem starfaði á árunum 1938—40, til greina og felldi inn í frv., sem hún samdi, grein, þar sem svo er kveðið á, að skólanemendum er óheimilt að stunda íþróttaæfingar í félögum utan skólanna þann tíma árs, sem skólar starfa, nema með leyfi skólastjóra.

Íþróttafulltrúinn hefur haft með höndum framkvæmd íþróttalaganna, síðan þau voru sett. Hann er eindregið þeirrar skoðunar, að þessari grein eigi að halda áfram í lögum. Um þetta farast honum þannig orð í grg. með þessu frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar ég tók við starfi íþróttafulltrúa 1941, lágu hjá menntamálaráðuneytinu kærur á hendur vissum íþróttakennurum skólanna vegna misnotkunar á aðstöðu, sem sé þeirri að draga nemendur inn í sérstök félög. Hér var samkeppnin um börnin og unglinga á ferðinni. Þá er ég tók að vinna að auknum íþróttaiðkunum innan skólanna, varð ég þess áskynja, að skólastjórar voru hræddir um ofæfingu nemenda, ef íþróttanám skólanna væri aukið og félögin gætu eftir sem áður gert tilkall til nemenda, meðan á skólanámi stæði. Ég tók þá þegar að vinna að framkvæmd 16. gr. Sú framkvæmd mæltist illa fyrir meðal forráðamanna íþróttafélaganna, og stafaði það fyrst og fremst af misskilningi, en í greininni felast fyrst og fremst fyrirmæli um samvinnu milli skóla og íþróttafélaga um heill og heilbrigði unglinganna.“

Íþróttafulltrúinn tekur enn fremur fram, að sú hætta á úlfúð og samkeppni um unglinga, sem var til, áður en íþróttalögin voru sett, er enn til, „og tel ég,“ segir íþróttafulltrúinn, „samkvæmt reynslu minni höfuðnauðsyn, að greinin haldist áfram í lögunum sem fyrirmæli um samvinnu milli uppalenda“.

Um þetta atriði varð ekki samkomulag í menntmn., eins og hv. frsm. n. lýsti, en við þrír, sem sæti eigum í menntmn., flytjum till. á þskj. 540, þar sem lagt er til, að inn í þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði felld ný grein, sem að þessu efnisatriði lýtur, sem ég hef gert að umræðuefni, og er brtt. okkar nákvæmlega samhljóða þeirri lagagrein, sem nú er í íþróttalögunum, en stefnt er að, að felld verði niður með þessu frv., eins og það liggur nú fyrir.

Rök okkar fyrir því að bera fram þessa brtt. eru í samræmi við það álit skólamannanna, sem ég hef nú lýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Nd., 24. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 518,1 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 518,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 518,3 (ný 12. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 540 felld með 18:9 atkv.
16.—17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 518,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 518,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
20.—22. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
23.—27. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 570, 571, 583).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér tvær brtt. við þetta frv.

Önnur er á þskj. 571 og fjallar um það, að ákveðið verði fast framlag á fjárlögum næstu fimm árin til íþróttasjóðs og verði það framlag 2 millj. kr. á ári. En eins og 5. gr. frv. er nú, þá er aðeins gert ráð fyrir því, að sjóður þessi fái nokkurt framlag árlega samkvæmt því, sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, en ekkert tiltekið nánar um það, hvað þetta framlag skuli vera mikið. Reynslan hefur sýnt á undanförnum árum, að íþróttasjóður hefur haft allsendis ónóg fjármagn til allrar sinnar starfsemi, og því hefur það gengið svo, að hann hefur á engan hátt getað staðið við þær skuldbindingar, sem hann hefur annars tekið að sér. Hann hefur ekki getað fullnægt öllum þeim beiðnum, sem fyrir hafa legið og sjálfsagt hefur þótt að verða við, fyrr eða síðar.

Yfirleitt hefur það verið svo nú í nokkur ár, að framlagið til íþróttasjóðs hefur verið 600—700 þús. á ári og upp í 1 millj. kr., en það er alveg augljóst, úr því sem nú er komið, að ef ekki á að stöðva um nokkurra ára bil allar byggingar íþróttamannvirkja, verður að hækka þessa upphæð, enda er vitanlega full sanngirni til þess, þegar þess er líka gætt, að upphæðin hefur raunverulega verið að fara stórlækkandi vegna breytts verðlags í landinu, á sama tíma sem krónutalan, sem veitt hefur verið, hefur sáralítið sem ekkert hækkað. Ég legg því til, að við ákvæði 5. gr. verði bætt, að næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara skuli ákveða sjóðnum eigi minni tekjur á fjárlögum en 2 millj. kr. á ári.

Þá flyt ég aðra brtt. við þetta frv. á þskj. 583, en sú breyting er við 8. gr. frv., 4. tölulið. 4. töluliður 8. gr. er nú á þá lund, að veita skuli til íþróttamannvirkja allt að 40% í styrk af stofnkostnaði viðkomandi mannvirkis, en framkvæmdin hefur verið á þessa leið, eins og segir í þessum 4. lið, á undanförnum árum, að styrkur hefur numið til langflestra íþróttamannvirkja 40%, en til nokkurra aðeins 30%.

Nú finnst mér full ástæða til þess að ákveða, að öll viðurkennd íþróttamannvirki skuli njóta a. m. k. 40% styrks, en hins vegar er opin heimild til þess að veita þennan styrk nokkru hærri í

þeim tilfellum, sem íþróttanefnd þætti ástæða vera til.

Það hefur oft verið fundið að því og kom hér fram í umr. um þetta mál, þegar það var lagt hér fyrir þingið, m. a. af hálfu hæstv. menntmrh., að það hafi þótt óþægilegt það ákvæði í íþróttalögunum, þar sem styrkveitingar út á íþróttamannvirki eru ekki fastbundnar með lögum, heldur ákveðnar af íþróttanefnd hverju sinni, og hefur þá gengið miklu verr að fá lánsstofnanir til þess að lána út á væntanlegt framlag ríkisins, þar sem það var á engan hátt bundið fast í lögum, hvað það yrði. En eins og 8. gr. er orðuð í frv., þá er þetta ekki bundið enn. Enn er það mjög óbundin tala, þar sem segir, að þessi styrkur megi nema allt að 40%, og er því engu betra, þó að þetta frv. verði samþykkt, fyrir lánsstofnanir að lána út á þennan væntanlega styrk heldur en verið hefur. Er það alveg rétt, eins og hæstv. menntmrh. benti á, þegar frv. var hér lagt fram, að þessu atriði hefur ekki verið breytt á þá lund, sem menn töldu þó að æskilegt hefði verið. Ég vil hins vegar með minni till. gera þetta miklu ákveðnara en er í frv. og ákveða beinlínis, að öll viðurkennd íþróttamannvirki skuli fá 40% styrk sem lágmark.

Annars vildi ég segja það hér um þetta frv. sem heild, að ég tel, að það sé í mesta máta ófullnægjandi, þegar tillit er tekið til þess, að hér er um frv. frá mþn. að ræða, sem átti að endurskoða þessa löggjöf. Þessi endurskoðun, sem nú hefur farið fram, felur í rauninni ekki í sér neina merkilega stefnubreytingu eða neinar nýjar framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á sviði íþróttamálanna.

Þegar íþróttalögin voru sett um 1940, var stigið mjög myndarlegt skref fram á við í sambandi við íþróttamálin í landinu. Þá var t. d. ákveðið, að taka skyldi upp sundskyldu í öllum skólum landsins. Það var í rauninni mikið þrekvirki að ráðast í það, eins og málum var þá háttað, því að þá vantaði alveg stórkostlega mannvirki, til þess að hægt væri að koma þessari skyldu við. En að þessu hefur nú verið kappsamlega unnið á undanförnum árum, og búið er að koma upp myndarlegum sundmannvirkjum svo að segja um allt land, og nú er orðið fullkomlega tiltækilegt að halda uppi sundskyldunni. En vissulega eru til enn ýmsir þættir í sambandi við íþróttamál okkar, sem eru jafnóleystir og þessi mál voru, þegar íþróttalögin voru sett, og það hefði verið full ástæða til þess að taka slíka þætti inn í þetta frv. nú, þegar lögin voru endurskoðuð eftir 15 ár.

Ég tel, að það sé miður farið, að n. hefur ekki komið auga á þetta eða gert um þetta till. Ég skal aðeins nefna það, sem nú er að verða mjög aðkallandi í þessum efnum, en það er, að íþróttasjóður eða hið opinbera á einn eða annan hátt taki meiri þátt en það gerir nú í rekstri þeirra íþróttamannvirkja, sem eru að komast upp úti um allt land.

Það er vitanlega alveg augljóst mál, að það þýðir ekki að byggja í kaupstöðum og kauptúnum úti á landi íþróttamannvirki eins og fullkomna íþróttavelli, sem kosta orðið nokkur hundruð þúsunda króna, ef ekki er jafnframt séð um, að það sé einhver aðili til, sem á að reka þessi íþróttamannvirki. Nú verða einstök íþróttafélög að sjá um rekstur þessara mannvirkja, og komið hefur í ljós, að þau hafa á engan hátt fjárhagslega getu til þess að annast rekstur mannvirkjanna. Verði tekjur íþróttasjóðs auknar, eins og ég geri till. hér um, væri þó lítill vegur fyrir íþróttasjóð að hlaupa hér undir bagga og styrkja þau félög, sem nú hafa með rekstur þessara íþróttamannvirkja að gera. En eins og fjárhag íþróttasjóðs hefur verið varið, er augljóst mál, að ekki reynist unnt að reka þessi íþróttamannvirki, sem upp eru að komast um allt land. Það er líka þegar orðið þannig, að bæði sundlaugar og eins íþróttavellir, sem gerðir hafa verið, eru ekki notaðir til hálfs vegna fjárskorts.

Ég vil svo vænta þess, að þessa tvær till. mínar, sem tvímælalaust eru til verulegra bóta á þessu frv. og mér finnst vera það skemmsta, sem hægt er að ganga, þegar þessi löggjöf er nú tekin til endurskoðunar eftir 15 ár, verði samþykktar. Teldi ég þá þess virði að samþykkja þessi lög, en að öðru leyti tel ég, að það skipti ekki verulegu máli, hvort þau ná fram að ganga í þeim búningi, sem frv. er nú.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 571 og 583, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 571 felld með 12:9 atkv.

— 583 felld með 11:9 atkv.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BergS, BÓ, EggÞ, EI, EOl, EmJ, EystJ, GilsG, GíslG, GJóh, HV, HelgJ, IngJ, JörB, KGuðj, KJJ, LJós, SB.

SG greiddi ekki atkv.

8 þm. (EirÞ, GTh, GÞG, HÁ, JóhH, JPálm, JS, JR) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 95. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur legið alllengi fyrir hv. Nd., og geri ég ráð fyrir, að hv. alþm. hafi kynnt sér það. Það var undirbúið af mþn. Menntmrn. gerði á því nokkrar ekki þýðingarmiklar breytingar, og síðan hefur það í höfuðatriðum verið samþ. í Nd. með nokkrum minni háttar breytingum.

Þó að alláliðið sé þings, vonast ég til, að þm. hafi kynnt sér svo þetta mál, að það geti fengið hér greiða afgreiðslu. Legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 102. fundi Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 104. fundi í Ed., 28. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 570, n. 628).

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Frv. til íþróttalaga, 3. máli, var vísað til hv. menntmn. þessarar deildar, og eins og nál. ber með sér, er lagt til, að samþ. verði frv. með eftirfarandi breytingu:

„Skólanemendum yngri en 15 ára er óheimilt að stunda íþróttaæfingar í félögum utan skólanna þann tíma árs, er skólar starfa, nema með leyfi skólastjóra."

Undir þetta nál. skrifa hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Mýr. auk mín. Fleiri voru ekki á fundinum. Lítill tími var til athugunar á frv. og það afgreitt í flaustri, a. m. k. frá minni hálfu. Síðan hef ég fengið þær upplýsingar, að mér finnst alveg fráleitt að samþ. ofangreinda brtt. Legg ég því til fyrir mitt leyti, að frv. verði samþ. óbreytt.

Andrés Eyjólfsson: Herra forseti. Það hefur enginn tími unnizt, eins og allir vita, til þess að athuga þetta mál nánar, og fyrir mitt leyti tek ég ekki till. aftur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
11.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 628 felld með 11:3 atkv.
16.—17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
20.—22. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
23.—27. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvæðagreiðslu.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 662).

---

38. Ríkisborgararéttur.

Á 35. fundi í Ed., 6. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [128. mál] (stjfrv., A. 231).

Á 36. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta og d. fyrir að hafa frestað fundi, meðan ég var bundinn í hv. Nd., en þar var til umr. merkilegt löggæzlufrumvarp, sem ég þurfti að segja nokkur orð um, og var því ekki viðlátinn að mæla fyrir þessu frv.

Um það frv., sem hér liggur fyrir, er í sjálfu sér ekki mikið að segja. Það er samið í stíl við afgreiðslu þingsins á ríkisborgararéttarlögum undanfarin ár og þá sérstaklega síðasta ár, þegar segja má að komizt hafi á samkomulag innan þingsins um tilteknar reglur, sem fylgt væri. Ég hygg, að frv. sé að öllu leyti samið í samræmi við þær reglur, sem fylgt var á síðasta þingi, og ætti að því leyti ekki að geta orðið deiluefni. Hins vegar er töluvert af umsóknum um ríkisborgararétt, sem ráðuneytinu þótti ekki fært eða ástæða til að taka upp í frv., þar sem það var utan þess ramma, sem Alþ. síðast ákvað.

Ég hygg, að í einstökum tilfellum megi segja, að slíkar reglur komi alltaf nokkuð ósanngjarnlega niður, en svo er um allar reglur, að það eru viss vafatilfelli, og verður því að hlíta og er í raun og veru ekki mikið um að segja.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið. Hv. n. fær sjálfsagt til meðferðar allar umsóknir, sem rn. hafa borizt, þannig að hún getur þá endurskoðað, hvort frv. sé samið svo sem ætlunin var. Að öðru leyti legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 231, n. 390).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þó að það væri upprunalega hugsun mín sem formanns n. að taka þetta mál ekki fyrir fyrr en hv. þm. Seyðf. væri kominn í bæinn, en hann hefur mest fjallað um þessi mál undanfarið, gerði ég það nú samt, eftir að ráðh. hafði kallað eftir því og óskað, að farið yrði að afgreiða það. Og n. hefur þá afgreitt það og orðið sammála um afgreiðsluna.

Það var í fyrra prentað sem þskj. 472 nál. allsherjarnefndar Nd., þar sem teknar voru fram þær reglur, sem nefndirnar í Alþingi, allsherjarnefndirnar, sem um þetta mál hafa fjallað, höfðu komið sér saman um. Þeim reglum var nú reynt að fylgja sem allra nákvæmast, og skal ég koma að því, þegar ég fer að tala nánar um frv. En það hefur ríkisstj. líka gert við undirbúning frv. og ekki tekið upp þar neina menn, sem koma í bága við þessar reglur, sem hafa verið að skapast á undanförnum árum og koma fram fullsteyptar í nál., sem ég nefndi áðan frá síðasta þingi, nr. 472.

Það voru höfð þau vinnubrögð í n., að það var farið í gegnum skjöl hvers einstaks manns og aðgætt nákvæmlega, hvort nokkuð væri þar í veginum og hvernig ástatt væri, bæði hvað dvöl hér á landi snertir, hvað hegningarvottorð snertir o. s. frv., og eftir að n. hafði gert það, fannst ekkert athugavert við þá menn, 23, sem á frv. voru, eins og það kom frá hæstv. ríkisstjórn. Allir

þeir menn eru þess vegna kyrrir á frv. nú, eins og það liggur fyrir á þskj. 231. Þó hefur verið gerð sú breyting á, að mönnunum hefur verið raðað eftir stafrófsröð og tveir mennirnir teknir með þeim nöfnum, sem þeir hafa verið skírðir, eftir þeim skírnarvottorðum, sem fyrir liggja, en ekki eftir þeim nöfnum, sem þeir standa í frv. ríkisstjórnarinnar, þar sem ekki liggur fyrir, að þeir hafi skipt um nafn í sínu heimalandi eða gifzt eða neitt gert, sem hafi breytt um þeirra skírnarnafn. Síðan var farið á sama hátt yfir gögn hvers einstaks manns, sem hafði sótt um ríkisborgararétt og ekki hafði verið tekinn upp hjá hæstv. ríkisstjórn. Þá kom í ljós, að ein kona var búin að vera gift íslenzkum manni í þrjú ár 18. janúar núna í ár, og þess vegna uppfyllir hún nú þegar þriggja ára giftingaraldurinn, sem samkomulag var um í fyrra að setja sem lágmark fyrir giftar konur. Þessari konu var bætt inn í frv. og stendur núna sem nr. 21 í 1. gr. frv., eins og hún nú liggur fyrir á þskj. 390. Þá voru þrjár konur, sem á þessu ári verða búnar að vera giftar í þrjú ár, en eru ekki núna búnar að vera giftar svo lengi. Þeim var öllum hafnað í fyrra, en nú var það samkomulag hjá n., og um það talaði ég líka við tvo menn úr n. í Nd., þá 1. þm. Árn. og þm. Siglf., sem eru í allshn. þar, og þeim þótti rétt að taka þessar konur upp í frv. og láta þær fá ríkisborgararétt frá þeim degi, að þær væru búnar að vera giftar í þrjú ár. Þessar konur eru nr. 7 og 8 á þskj. 390 og svo 20. Þessar þrjár konur — þetta eru allt konur uppi í sveit — öðlast þó ekki ríkisborgararétt fyrr en þann dag, sem þær eru búnar að vera þrjú ár í hjónabandi með íslenzkum mönnum, ef þær lifa það, og sá dagur er tekinn inn í frv. Þá er loks dýralæknir, sem er dýralæknir í Rangárvallahéraði og býr á Hellu, með sína konu. Hann sótti um að fá að verða íslenzkur ríkisborgari í fyrra og lagði þá fram meðmæli og undirskriftir frá eitthvað milli 160 og 170 manns úr sýslunni. Þá var hann ekki búinn að vera hér á landi það lengi, að það þætti ástæða til þess að láta hann fá íslenzkan ríkisborgararétt. Nú er hann búinn að vera á sjötta ár, og eins og lögin um ríkisborgararétt voru, áður en þeim var breytt seinast, var gert ráð fyrir því, að maður, sem væri fimm ár í þjónustu ríkisins hér á landi, hefði rétt á því að fá ríkisborgararétt. Þetta var tekið upp í lögin eins og þau voru, þegar þeim var breytt, og þetta er ekki lagaákvæði núna. Hins vegar ber á það að líta við þennan mann, að hann var orðinn hátt settur embættismaður í þýzka hernum, og hann kom og hjálpaði okkur, þegar við vorum í stökustu vandræðum með dýralækna. Það erum við reyndar enn, því að af dýralæknisembættunum, sem til eru í landinu, eru átta óveitt, af því að það vantar í þau menn. Það getur þess vegna vofað yfir hvenær sem er, að þessi maður verði kallaður af landi burt, nema hann fái hér ríkisborgararétt, og þá bætist eitt óveitt dýralæknisembætti við. Okkur fannst þess vegna eins og sakir stæðu, að það væri rétt að veita honum íslenzkan ríkisborgararétt, og höfum tekið hann upp í frv. Þau hjónin eru víst nr. 4 og 5 í 1. gr. frumvarpsins, eins og hún liggur fyrir á þingskjali 390.

Þetta eru breytingarnar, sem við höfum gert á frv. Við höfum raðað mönnunum, sem á stjfrv. voru, eftir stafrófsröð og leiðrétt nöfn tveggja, sem reyndust ekki rétt. Við höfum bætt inn í einni konu, sem er búin að vera þrjú ár í hjónabandi með íslenzkum manni 18. jan. Við höfum bætt inn í þremur konum, sem búnar eru að vera í hjónabandi með íslenzkum mnnum í þrjú ár, áður en næsta Alþ. kemur saman, og sett sem aths. við, hvaða dag á árinu þær öðlist ríkisborgararétt. Og við höfum tekið upp dýralækninn á Hellu og konu hans. Aðrar breytingar höfum við ekki á frv. gert.

ATKVGR.
Brtt. 390 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11:2 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 393, 417).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eftir að búið var að samþykkja þessa breytingu á lögunum um ríkisborgararétt, sem lá hér fyrir um daginn við 2. umr., vöknuðu nokkrir þm. og mundu eftir konum, sem þeir höfðu á ýmsan hátt verið beðnir fyrir og voru svona að nokkru leyti í þeirra umsjá, og fóru fram á það við n., að hún sæi um, að málið yrði ekki tekið til 3. umr. fyrr en þeir væru búnir að athuga mál snertandi þær stúlkur, sem þeir hefðu í huga. N. varð við þessu, og hæstv. forseti d. lofaði að taka málið ekki fyrir fyrr en n. segði aftur til um það. Það komu til n. fjórar umsóknir um konur, sem giftar eru Íslendingum, og eiga þrjár þeirra rétt á því að fá ríkisborgararétt eftir þeim reglum, sem fylgt hefur verið s. l. ár og aftur núna við veitingu hans. Ein af þeim fjórum konum, sem sóttu, er ekki búin að vera gift nema stutt, tvö ár liðug, og kom þess vegna ekki til greina, en þrjár af þeim komu til greina, og eftir að hafa athugað málið, telur n., að þær eigi að bætast við, þær hafi rétt til þess að bætast við tölu þeirra, sem nú fá ríkisborgararétt.

Nöfn þessara kvenna er að finna á þskj. 417. Þær eru giftar úti á landi allar saman, og fylgja þeim þessi venjulegu gögn um hegningarvottorð o. s. frv., eins og vant er, og er allt í stöku lagi með þær. Nefndin er sammála um að leggja til, að þær verði teknar inn í frv. í réttri stafrófsröð.

ATKVGR.
Brtt. 417 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., 2. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. Ed. (A. 433).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 624).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og hefur gert að till. sinni, að bætt verði við nokkrum mönnum inn á frv. Allir hafa þeir tilskilin réttindi, sem venja er að séu látin gilda fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Umsóknir þessara manna bárust svo seint þinginu, að hv. Ed. gat ekki tekið þær til meðferðar. Um aðrar umsóknir, sem fyrir þinginu liggja, heldur en þær, sem hér eru á þessu frv. og þskj. 624, er það að segja, að umsækjendurnir uppfylla ekki þau skilyrði, sem gerð hafa verið til veitingar ríkisborgararéttar. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið.

ATKVGR.
Brtt. 624 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 646).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 104. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 105. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Í Nd. hafa bætzt inn á frv. sjö nöfn. Þau lágu ekki fyrir, þegar frv. var hér í d., og n. hér, sem hafði málið til meðferðar, hefur þess vegna ekki athugað gögn þessara manna. Hins vegar fór ég með mönnum úr Nd. í gegnum þau og get vottað það, að þeir, er nöfnin bera, uppfylla þau skilyrði, sem Alþingi yfirleitt hefur sett til að taka menn inn með ríkisborgararéttindum, þannig að ég get talað fyrir n. hönd, þótt ekki hafi unnizt tími til fundarhalds, því að það eru þau skilyrði, sem n. hafði komið sér saman um, sem eru uppfyllt, og mælt með því, að frv. sé samþykkt eins og það nú liggur hér fyrir.
Hins vegar er ákaflega óviðfelldið að vera að fá þessar umsóknir, eina í dag og aðra á morgun, allt þingið út, alveg fram á síðustu daga, og það ætti að athuga í framtíðinni, hvort ekki væri hægt að komast fyrir þetta með því annaðhvort að taka bara þá, sem gengu í gegnum stjórnarráðið, áður en þingið kæmi saman, ellegar skera niður einhvern dag á þinginu og segja: þá, sem komnir eru fyrir þennan dag, tökum við, hina ekki, — en vera ekki alltaf að smátína þetta inn og svo alltaf þar af leiðandi að smábreyta frv., af því að nýir og nýir bætast við. Þetta er til athugunar fyrir framtíðina, en eins og málið liggur fyrir hér, þori ég f. h. nefndarinnar að mæla með því, því að þessir menn, sem við var bætt, uppfylla sömu skilyrði og þeir, sem inn í frv. voru áður komnir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 663).

---

39. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 15. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um almannatryggingar [89. mál] (stjfrv., A. 99).

Á 16. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 99, sem er frv. til l. um almannatryggingar, er samið af nefnd, sem setið hefur nú um 1½ ár að störfum til endurskoðunar á almannatryggingalöggjöfinni í heild. Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál, sem er geysilega þýðingarmikið, eins og við vitum, orðið eitt af mestu félagsmálum, sem okkar þjóð hefur með að gera, og hefur því mjög almenna og mikla þýðingu fyrir hvern borgara í landinu á marga vegu.
Ég vil fyrst með örfáum orðum nefna smápunkta úr sögu almannatrygginganna hér á landi.
Almannatryggingarnar eiga ekki langa sögu á Íslandi, og í raun og veru eiga þær félagslegu ráðstafanir, sem í tryggingum felast á þessum grundvelli, hvergi langa sögu. Þetta eru síðustu aldar verk víðast hvar í heiminum, að mestu leyti a. m. k., og það var aðeins fyrir síðustu aldamót, að hinn fyrsti vísir til alþýðutrygginga nútímans verður til hér hjá okkur. Og það er óhætt að segja, að fram til ársins 1936, þegar alþýðutryggingalögin, eins og þau þá voru nefnd, voru sett, voru það aðeins slysatryggingarnar, sem verulega þýðingu höfðu fyrir landsfólkið í heild, hinar greinar trygginganna voru þá mjög svo ófullkomnar og komu að tiltölulega litlu gagni. Fyrstu slysatryggingalögin, sem voru um lífsábyrgð fyrir sjómenn, eru frá 10. nóv. 1903. Endurbætur voru gerðar á þeim lögum 1909, þá um vátryggingarsjóð sjómanna, og enn var breyting gerð á þessum lögum frá 1921, en sú breyting var fremur smávægileg, og tekur tæpast að nefna hana. Þáttaskil verða svo á slysatryggingalögunum með lögum frá 1925 um slysatryggingu ríkisins. Og upp frá því verður slysatryggingin ekki aðeins fyrir sjómenn, heldur almenn

slysatrygging, en enn þá er þessum lögum breytt 1928, og svo enn aftur 1930.

Elzta sjúkrasamlag hér á landi, sem er sjúkrasamlag prentara, var stofnað árið 1897. Sjúkrasamlag Reykjavíkur er stofnað árið 1909. Fyrstu lög um sjúkrasamlög eru frá 1911. Samkvæmt þeim lögum skyldi ríkissjóður styrkja sjúkrasamlögin með einni kr. á ári fyrir hvern félagsmann, þar sem læknir var búsettur, en annars staðar með kr. 1.50. Hækkað var framlag ríkissjóðs og fleiri breytingar gerðar með lögum frá 1915. Þessum lögum var svo breytt á næstu árum alloft, og loks var með lögum frá 1933 heimilað að lögskrá skólasjúkrasamlög. Fyrsti *vísir til ellitrygginga voru styrktarsjóðir* handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki, er stofnaðir voru samkvæmt lögum frá 1890. Upphæðir þær, sem úthluta mátti, voru svo lágar, einnig eftir að lögunum var breytt 1897, að þær *upphæðir komu raunverulega að mjög litlu haldi*, en með lögum frá 1909 um almennan ellistyrk var lögum þessum breytt allverulega. Ellistyrkur var þá veittur fyrir eitt ár í senn, og mátti ekki vera lægri en 20 kr. og ekki hærri en 200 kr. Lögum þessum var svo oftar en einu sinni breytt á næsta áratugnum.

Eins og fram kemur af því, sem ég hef hér nefnt, voru alþýðutryggingar hér á landi næsta ófullkomnar og komu að mjög litlu gagni fram til þess tíma, að lögin um alþýðutryggingar voru sett, 1. febr. 1936. Það voru raunverulega aðeins slysatryggingarnar, sem höfðu nokkra verulega þýðingu fyrir verkafólkið í heild áður, en ég hygg, að það sé ekki ofmælt, þótt sagt sé, að alþýðutryggingalögin frá 1936 marki eitthvert stærsta spor í íslenzkri félagsmálalöggjöf, bæði fyrr og síðar. Slysatryggingarnar voru endurbættar þá mjög verulega, sjúkrasamlögin lögboðin fyrir nærri helming landsmanna og ýtt allmikið undir stofnun þeirra annars staðar. Þá var og lagður grundvöllur að almennri elli- og örorkutryggingu og upp teknar greiðslur til gamalmenna og öryrkja, sem mjög tóku fram því, sem áður var í þessum efnum, og um svipað leyti voru einnig sett lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og öryrkja, sem stóðu í nánu sambandi við tryggingarnar, og með alþýðutryggingalögunum var stofnaður lífeyrissjóður Íslands. Sjóðurinn skyldi hefja greiðslur elli- og örorkulífeyris eftir ca. 12 ár frá stofnun hans.

Lögin byggðu þannig á tryggingarsjónarmiðinu og á sjóðamyndun til þess að standa undir útgjöldum síðar.

Þessum lögum var nú síðar breytt, bæði 1937 og svo aftur 1940.

Annað stóra sporið í þessum málum má segja að sé með almannatryggingalögunum frá 1946, sem þá hlutu það nafn í stað „alþýðutrygginga", eins og þessi löggjöf áður hafði verið nefnd, en með þeirri löggjöf var í raun og veru horfið frá sjóðsmyndunarhugmyndinni, en svið tryggingganna var þá mjög aukið og bótaupphæðir hækkaðar til mjög verulegra muna. Jafnframt var þá ákveðið, að heilsugæzlan yrði á vegum Tryggingastofnunarinnar í samvinnu við heilbrigðismálastjórnina. Þá er gert ráð fyrir afnámi sjúkrasamlaganna í þessari löggjöf, en þessum ákvæðum var þó frestað frá ári til árs. Iðgjöld og framlög voru í þeim lögum ákveðin í krónutölu, svo að oft þurfti að breyta lögunum, eftir því sem fjárhagsástæður stofnunarinnar þörfnuðust í hvert sinn.

Þá hefur á síðustu árum stöðugt þurft lagasetningu frá ári til árs til þess að framlengja viss ákvæði almannatryggingalaganna, eins og hv. alþm. vita bezt sjálfir, þar sem það hefur oftast nær verið eitt aðalverkefnið síðustu daga fyrir jólafríið að koma slíkri bráðabirgðalöggjöf af fyrir næsta ár.

Af þessum ástæðum hefur það lengi verið ljóst, að það væri þörf á endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni, m. a. af þessum ástæðum, en þó jafnframt af ýmsum öðrum, enda var þannig, þegar þessi löggjöf var sett, að raunverulega var gert ráð fyrir, þótt ekki væri kannske beint lögfest, að innan tiltölulega fárra ára færi fram endurskoðun á heildarlöggjöfinni um þetta efni, og reglugerðir, sem settar voru, voru að ýmsu leyti markaðar við það, að slík endurskoðun færi fram ekki síðar en nú um það leyti, sem þessi endurskoðun hefur staðið yfir.

Þetta, sem ég hér hef nefnt, voru þær ástæður, sem urðu þess valdandi, að ríkisstj. ákvað að láta fara fram endurskoðun á almannatryggingalögunum í heild sinni, og í samræmi við það skipaði ríkisstj. fimm manna nefnd í maí 1954 eða fyrir um það bil hálfu öðru ári. Þessi nefnd var í upphafi fimm manna nefnd, og nefndina skipuðu Hjálmar Vilhjálmsson skrifstofustjóri félmrn., og var hann jafnframt skipaður form. n., auk hans voru í n. Gunnar Möller hrl., hefur hann verið ritari nefndarinnar, Gísli Guðmundsson alþm., Haraldur Guðmundsson forstjóri almannatrygginganna og alþm. og Kjartan J. Jóhannsson alþm.

Nokkru eftir að nefnd þessi tók til starfa, komu fram áskoranir um það frá kvenfélagasamtökum landsins, að konurnar ættu fulltrúa í þessari nefnd, og leit ríkisstj. svo á, að rétt væri að verða við þeim óskum, og samkv. því voru um áramótin síðustu skipaðar tvær konur í nefndina til viðbótar, þær Auður Auðuns bæjarstjórnarforseti og Rannveig Þorsteinsdóttir hdl. Hafa þær starfað með n. síðan og standa að þessu frv. með þeirri nefnd, sem upphaflega var skipuð.

Nefnd þessi hóf störf sín með því að athuga, hjá hvaða aðilum væri rétt að leita álits varðandi meginatriði almannatryggingalaganna, og sendi n. út bréf um allt land til allra bæjar- og sveitarstjórna, þar sem leitað var álits þeirra um öll meginatriði tryggingalöggjafarinnar. Voru lagðar spurningar fyrir þessa aðila og óskað, að þeim væri svarað, eftir því sem unnt væri. Það hafa borizt svör við þessum bréfum frá 156 hreppsnefndum og frá 9 bæjarstjórnum, eða samtals frá 165 sveitarstjórnum, og er það mjög mikill meiri hluti allra sveitarfélaga landsins.

Ýmsum öðrum aðilum voru og sendar fyrirspurnir til umsagnar eða til þess að fá upplýsingar um afstöðu þeirra til þessara mála, þessar fyrirspurnir og máske að einhverju leyti einhverjar fleiri, sem ég sé nú ekki ástæðu til að telja hér upp, enda nánar skýrt frá því í grg. frv. Og frv. þetta til almannatryggingalaga, sem hér

með er lagt sem stjórnarfrv. fyrir hv. þd., er það, sem þessi nefnd hefur skilað, eftir að hún hefur leitað þeirra upplýsinga, sem ég lauslega hef drepið á, og aflað sér á annan hátt margvíslegra upplýsinga, m. a. frá nágrannalöndum okkar, sem langt eru komin í tryggingastarfsemi.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í ýmsum atriðum frábrugðið almannatryggingalögunum. Þó skal það strax tekið fram, að tegundir bóta eru hinar sömu eftir frv. og verið hafa í gildandi lögum og eru enn. Uppsetning frv. er allmikið önnur en í þeim lögum, sem nú gilda. Frv. þetta er í fimm köflum. I. kafli svarar til I. kafla almannatryggingalaganna, en efni frv. er annars skipað eftir hinum ýmsu tryggingargreinum. II. kaflinn fjallar um lífeyristryggingarnar, III. kaflinn um slysatryggingarnar og IV. kaflinn um sjúkratryggingar. V. kaflinn geymir ýmis sameiginleg ákvæði, sem gilda um allar greinar tryggginganna. Hverjum kafla er skipt í almenn ákvæði fyrir hverja tryggingu, bótaákvæði og fyrirmæli um það, hversu tekna er aflað til hverrar greinar tryggginganna. V. kafla er svo skipt niður í þrjá undirkafla, og fyrst koma þar sameiginleg ákvæði um bæturnar, því næst ákvæði um gjaldskrár, innheimtu o. fl. og loks önnur ákvæði, sem flest munu vera sameiginleg ákvæði fyrir kerfið.

Þetta frv., sem hér er lagt fyrir, er allmiklu styttra en gildandi lög eru. Almannatryggingalögin eru um 140 gr., en frv. er aðeins 89 gr. Það er í raun og veru ekkert nema eðlileg rás viðburðanna, að hægt hafi verið eftir þá frumsmíð, sem almannatryggingalögin voru fyrir 10 árum, þegar þau voru gerð, að gera þau dálítið einfaldari í meðförum eftir þá reynslu, sem fengizt hefur, og mun n. hafa reynt að notfæra sér þetta út í æsar, og vonandi verður það til þess, að auðveldara verður að átta sig á þeim meginákvæðum, sem þar eru fram tekin.

Samkv. þeim lögum, sem nú gilda, skal Tryggingastofnunin vinna að því í samráði og samvinnu við heilbrigðismálastjórnina, að látin verði í té heilsugæzla, þ. e. a. s. sjúkrahjálp og heilsuvernd. Sjúkrasamlögin áttu þannig að hverfa samkv. þeim lögum, sem nú gilda. Þessum kafla laganna hefur ætíð verið frestað ár hvert, eins og ég hef nú áður getið um að hafi orðið að gera með nokkur ákvæði almennt. En eins og nánar greinir í athugasemdum við frv., var horfið að því ráði að fella heilsugæzlukaflann úr lögum og lögbinda þess í stað sjúkrasamlögin, en sem afleiðing af þessu er og lagt til, að sjúkradagpeningaúthlutun, sem verið hefur hjá Tryggingastofnun ríkisins, flytjist til sjúkrasamlaganna. Þetta er aðeins einn þáttur sjúkrahjálparinnar, sem óeðlilegt er að slíta úr sambandi við aðra sjúkrahjálp, sem frv. gerir ráð fyrir að sjúkrasamlögin annist.

Í þessu frv. eru gerðar nokkrar breytingar á bótaupphæðum, og vil ég hér aðeins geta þeirra helztu. Í fyrsta lagi er ellilífeyrir og örorkulífeyrir hækkaður til samræmis við launahækkun þá, er varð 1. júlí s. l. hjá opinberum starfsmönnum. Hækkun þessi nemur um það bil 5%. Í öðru lagi: Felldar eru niður fjölskyldubætur með öðru barni, en þær greiðast samkv. þessu frv. fyrst með þriðja barni. Í þriðja lagi: Barnalífeyrir, sem aðeins greiðist í þrjú ár eftir að ekkja giftist aftur, verði greiddur þar til börn hennar verða 16 ára. Og í fjórða lagi: Mæðralaunaákvæðin eru mjög breytt. Þau eru eins og fjölskyldubætur, en í frv. er lagt til, að þau verði miðuð við lífeyri og nemi fullum lífeyri, þegar börnin eru orðin fjögur. Þetta er mjög mikil aukning mæðralaunanna, sem kosta mun árlega fullar 2 millj. kr. Samkv. þessu frv. munu fæðingarstyrkir hækka um 50%, þ. e. a. s. úr 600 kr. í 900 kr. hvað grunnupphæðir snertir. Jafnframt falli niður greiðsla fæðingarstyrks hjá sjúkrasamlögum, nema um sjúkdóm sé að ræða, þ. e. ef fæðing veldur lengri sjúkrahús- eða hælisvist en níu daga. Ein breyting enn, sem mun vera sú sjötta, er það, að skerðingarmark einstaklinga hækki um þriðjung, en að öðru leyti eru skerðingarákvæðin látin haldast. Í sjöunda lagi skal það tekið fram, að uppbót á elli- og örorkulífeyri er aukin í tvær áttir. Eftir núgildandi lögum er uppbót aðeins veitt þeim, sem þurfa sérstakrar umönnunar vegna sjúkleika, en frv. gerir ráð fyrir, að nú fái allt hælisvistarfólk uppbótina, þótt ekki þurfi það sérstakrar umönnunar, og einnig megi nú veita uppbót til einstæðinga utan hæla, þótt þeir séu fullhraustir að öðru leyti. Í annan stað er uppbótin nú aðeins 40% hámark samkv. gildandi lögum, en frv. gerir ráð fyrir allt að 100% sem hámark. Uppbótin á lífeyri greiðist hælisvistarfólki á öðru verðlagssvæði eins og á fyrsta verðlagssvæði. Uppbót þessi verði veitt eftir tillögum sveitarstjórna, en er nú veitt af Tryggingastofnuninni. Kostnaður vegna hennar sé borinn að ⅝ hlutum af sveitarstjórn, en að ⅜ hlutum af Tryggingastofnuninni. Tryggingastofnunin má þó eigi verja hærri uppbót árlega í þessu skyni en nemur 7% af ellilífeyri síðasta árs. Í áttunda lagi vil ég nefna það, að slysadagpeningar eru nokkuð hækkaðir, og er það gert til samræmis við ákvæði samþykktar alþjóðavinnumálastofnunarinnar um lágmark félagslegs öryggis. Og í níunda lagi: Á fyrsta verðlagssvæði greiði menn gjald til lækna, 5 kr. fyrir viðtal og 10 kr. fyrir vitjun. Samkv. núgildandi lögum greiða samlög að fullu fyrir viðtöl og vitjanir hjá almennum læknum, sem samið er við. Þá má í tíunda lagi nefna, að greiðsla fyrir röntgenmyndir er hækkuð úr ⅛ af verði þeirra í helming af verði myndarinnar eða myndanna.

Þetta eru í mjög skjótu máli meginbreytingar á greiðslum frá því, sem var í eldri lögum, og eru nú teknar upp í það frv., sem fyrir liggur.

Nokkur fleiri atriði vil ég aðeins nefna varðandi frumvarpið. Skal þá fyrst það nefnt, að samkv. núgildandi lögum starfa tryggingaráðin í hverri sýslu, en samkv. þeim svörum, sem bárust frá sveitarstjórnunum, var það mjög almennt álit þeirra, að þessar tryggingaráðin væru fremur gagnslitlar, og virtist ekki vera vilji fyrir því hjá sveitarstjórnum, að þeim yrði haldið við á þann hátt, sem þær hafa starfað. Í þessu frv. er þessum tryggingaráðum sleppt eða þær felldar niður, en hins vegar er ætlazt til þess, að stjórnir héraðssamlaga gegni því hlutverki, sem tryggingaráðin hafa haft með höndum áður.

Sýslumenn og bæjarfógetar hafa samkv. sér-

stökum samningi annazt umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, en sums staðar annast sjúkrasamlögin þetta þó. Hitt mun þó algengara. Reynslan hefur yfirleitt verið mjög góð af starfi sýslumannanna, og frv. gerir því ráð fyrir, að umboðsmennska þeirra verði lögboðin alls staðar utan Reykjavíkur með frv. þessu, sem áður var ekki.

Verðlagssvæðin eru hin sömu og eftir almannatryggingalögunum, en í þessu frv. er ákveðið, að iðgjöld skuli vera hlutfallslega lægri á öðru verðlagssvæði, miðað við bótaupphæð hvors verðlagssvæðis. Allar bætur eru fjórðungi lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, en þrjár undantekningar eru þó frá þessu. Fæðingarstyrkur er eins á báðum verðlagssvæðunum, og sama gildir um ekkjubætur. Loks er svo í frv. nýmæli þess efnis, að þeir, sem dveljast á sjúkrahúsum, elliheimilum eða öðrum slíkum stofnunum, skuli ætíð fá lífeyri fyrsta verðlagssvæðis, þótt heimilisfang þeirra sé á öðru verðlagssvæði. Sama gildir um uppbót á lífeyri slíks fólks sem þar er um að ræða. Samkv. núgildandi lögum eru bætur bundnar við ríkisborgararétt. Þetta ákvæði hefur m. a. verið til fyrirstöðu því, að Ísland gæti fullgilt samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt öryggi. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir, að bótaréttur sé ekki bundinn við ríkisborgararétt, og er því þessari hindrun þar með úr vegi rutt.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að sá, sem frestar töku lífeyris, fái hækkaðan lífeyri, er nemur 5% fyrir hvert ár, sem frestunin varir. Hér er þessi uppbót hækkuð í 7½%. Núgildandi lög fastbinda framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga við ákveðnar upphæðir. Sama gildir um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda. Þetta hefur þann ókost, sem áður er að vikið, að sífellt þarf að breyta þessum fastsettu upphæðum. Eitt veigamesta nýmæli frv. er það, að gert er ráð fyrir, að þátttakan verði ákveðin í vissum hundraðstölum. Á grundvelli þeirra hlutfalla, sem ákveðin verða í lögunum, skulu svo iðgjöld ákveðin árlega með reglugerð þar um.

Samkv. þessu frv. skal árlega gerð áætlun um öll útgjöld lífeyristrygginganna, sem er samin af aðalforstjóra almannatrygginganna og tryggingaráði. Áætlunin skal send ráðherra til staðfestingar. Síðan eru framlög og iðgjöld næsta árs ákveðin á grundvelli þeirra hlutfalla, sem lögin ákveða. En komi í ljós, að framlag eða iðgjöld reynist of há eða ekki nógu há, skal það leiðrétt í sambandi við áætlun næsta árs. Þannig er ætlunin að þetta verði leiðrétt frá ári til árs. Ætlazt er til, að enginn greiði meira en hlutföll þau, er lögin ákveða, segja til um, og enginn greiði heldur minna, heldur verði það algerlega ákvarðað. Tryggingastofnunin öðlast þannig enga sjóðaaukningu í sambandi við meðferð sína á tryggingunum, því að sá, sem greitt hefur meira en honum bar, á að fá það leiðrétt í sambandi við næsta árs áætlun. Stofnunin, þ. e. a. s. almannatryggingarnar, á nú þegar nokkra sjóði, og að svo miklu leyti sem þeir eru ekki í veltu tryggginganna sjálfra, skulu þeir hafðir á vöxtum í öruggum skuldastöðum og vextir lagðir við höfuðstólinn. Einnig er gert ráð fyrir því, að auka megi árlega varasjóðinn um allt að 2% af samanlögðum útgjöldum. Sú eina sjóðsmyndun, sem frv. gerir ráð fyrir, er því aðeins vextir og varasjóðstillagið.

Þá vil ég koma hér að einu nýmæli í frv., sem ég að vísu hef lauslega nefnt hér áður í öðru sambandi, og það eru hin svonefndu héraðssamlög. Það er einkum tvennt, sem þótt hefur áfátt varðandi sjúkrasamlögin. Annars vegar hafa reikningsskil þeirra þótt ófullnægjandi að ýmsu leyti, þau hafa oft verið síðbúin með sína reikninga og þar að auki sundurleit reikningsyfirlit þeirra, og það hefur stundum verið hér um bil ókleift að gera heildarskýrslur, sem nauðsynlegar eru um kostnað vegna sjúkramálanna, vegna þess að reikningsyfirlitin hafa verið ekki samrýmanleg að öllu leyti. Tryggingastofnunin er samkv. núgildandi lögum sá aðili, sem úrskurðar reikninga sjúkrasamlaganna. Hins vegar hafa einkum hin smærri sjúkrasamlög oft og einatt lent í greiðsluþrotum, þegar til hafa fallið meiri háttar sjúkrahúsvistir. Uppástungur hafa verið á lofti um að leggja niður hreppasamlögin og taka upp samlög fyrir stærri umdæmi, t. d. sýslusamlög eða kannske jafnvel stærri. Sveitarstjórnirnar í landinu hafa tekið þessu mjög þvert og virðast yfirleitt vera því andvígar. Þær vildu yfirleitt viðhalda hreppasamlögunum. Frv. gerir þá líka ráð fyrir, að svo verði gert. En jafnframt er í frv. ákvæði um héraðssamlög, sem ætlað er að bæta úr þeim ágöllum, sem taldir eru á sjúkrasamlögunum. Og í sambandi við það er héraðssamlögunum ætlað það hlutverk að endurskoða og úrskurða reikninga hreppasamlaganna og gera heildarskýrslur um kostnað sjúkrasamlaganna í hverri sýslu, sem senda skal svo Tryggingastofnuninni. Slíkar skýrslur ættu að geta orðið öruggur grundvöllur undir hagfræðilegar skýrslur varðandi landið í heild. Enn fremur er svo heimilt að ákveða í hverri sýslu jöfnun kostnaðar, sem héraðssamlögin annast. Eitthvað voru skiptar skoðanir um þetta í nefndinni. Sumir munu hafa viljað lögbinda jöfnunina alls staðar, en niðurstaðan varð sú að hafa heimildarákvæði handa ráðherra. Samkvæmt ákvæðum þessa frv. má verja allt að hálfu framlagi ríkissjóðs til jöfnunar og bæta allt að ¾ þess kostnaðar samlaganna, sem fer fram úr meðalsjúkrakostnaði í sýslunni.

Þá er eðlilegt, að spurt sé, hver sé fjárhagsgrundvöllur þessa frv. og að hve miklu leyti hann sé frábrugðinn í heild því, sem er í núgildandi lögum. Samkvæmt áætlun, sem Tryggingastofnunin hefur gert um útgjöld tryggginganna á grundvelli frv., hækkar sú fúlga, sem afla þarf vegna tryggginganna, á næsta ári um 16.8 millj. króna.

Í þessu sambandi er rétt að benda á tvö atriði: Í fyrsta lagi það, að áætlun sú, sem gerð hefur verið fyrir næsta ár samkvæmt gildandi lögum, gerir ráð fyrir 11.4 millj. kr. tekjuhalla á rekstri tryggginganna. Á áætlun þessari hafa verið gerðar leiðréttingar, svo að tekjuhalli mun nú ekki verða meira en um það bil 9½ millj. kr. Frv. gerir alls ekki ráð fyrir neinum tekjuhalla samkvæmt því, sem áður hefur verið skýrt, hvernig teknanna á að afla, og hækkun útgjalda tryggginganna vegna

frv. er því um það bil 7.3 millj. kr., sem skiptast á þennan veg: Það eru lífeyristryggingar um 6.8 millj. kr. og slysatryggingar nálægt ½ millj. kr., samtals um það bil 7.3 millj. kr. Hækkun vegna hækkunar á elli- og örorkulífeyri, sem lagt er til að gerð verði til samræmis við hækkun þá, er gerð var á launum, er áætlað að nemi samtals 4.1 millj. kr. Loks má svo vekja athygli á því, að frv. gerir ráð fyrir, að auka megi varasjóð tryggingannna um allt að 2% af útgjöldum á ári hverju. Þessi upphæð er áætluð að nemi á næsta ári tæplega 2.7 millj. kr.

Ég hef hér reynt í eins stuttu máli og unnt var að draga fram meginatriði í þeim mun, sem er á frv. því, sem hér liggur fyrir, og þeirri löggjöf, sem gilt hefur. Allt er það ófullkomið, en ég veit, að hv. alþm. kynna sér þetta og gera það betur á þann hátt að lesa þá grg., sem frv. fylgir, og annað það, sem til upplýsinga er í þessu máli.

Ég vil þó leyfa mér að nefna hér eitt atriði enn, áður en ég skilst við þetta mál. Nefndin stendur að þessu frv. í meginatriðum samhljóða, en vissir nm. hafa haft fyrirvara um einstök atriði, og ég tel mér skylt að geta þess, sérstaklega vegna þess, að sá nm., sem hefur meginfyrirvarana, situr ekki í þessari hv. deild. Það er aðalforstjóri tryggingannna, Haraldur Guðmundsson, hv. 4. þm. Reykv. Hann hefur haft fyrirvara um nokkur atriði frv. Skal ég nefna nokkur þeirra hér án þess að fara nákvæmlega út í það, því að það mun líka prentað í nál.

Haraldur Guðmundsson vill m. a. hækka lífeyrisgreiðslur almennt til gamalmenna og öryrkja meira en frv. gerir ráð fyrir. Þá er hann og andvígur því, að fjölskyldubætur með öðru barni verði niður felldar, nema áðurnefnd hækkun lífeyris verði gerð eða lækkun iðgjalda, sérstaklega þó unglinga, verði lögfest. Hann mun og vilja rýmka skerðingarákvæðin, nema þá að fyrrnefnd hækkun lífeyris fáist. Þá mun hann og telja, að þeim tryggðu sé ætlað að bera of mikið hlutfallslega við aðra aðila, er halda uppi kostnaði, og mun vilja, að þátttaka ríkis, sveita eða atvinnurekenda, annaðhvort einhverra af þessum aðilum eða kannske allra, verði aukin til léttis fyrir þá tryggðu. Þá vill hann og, að dánarbætur vegna slysa verði almennt ákveðnar hinar sömu og dánarbætur lögskráðra sjómanna. Það munu ef til vill vera nokkur fleiri atriði, sem hv. þm., Haraldur Guðmundsson, hefur sérstöðu um, en þetta munu þó víst þau veigamestu og ekki mjög mörg önnur. Ekkert af þessum ákvæðum er nein grundvallaratriði í þessu sambandi, og má því vel vera, að hægt sé að ná samkomulagi um eitthvað af þeim undir meðferð málsins hér á Alþingi. Það skal ég ekki um segja neitt frekar að sjálfsögðu, en er til athugunar.

Þá hafa þær tvær ágætu konur, sem í n. sátu, haft fyrirvara um eitt atriði, þær Auður Auðuns og Rannveig Þorsteinsdóttir. Þær hafa flutt till. um niðurfellingu 2. mgr. í 16. gr. frv., en sú mgr. kveður svo á, að við ákvörðun fjölskyldubóta skuli ekki teljast með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar.

Aðrir fyrirvarar við frv. veit ég ekki til að gerðir hafi verið, nema eins og ég tók fram áðan, að Haraldur Guðmundsson mun hafa einhverja fleiri fyrirvara en ég las hér upp, og ég skal því ekki fara frekar inn á það. En að öðru leyti held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að öll n. standi að frv., þótt vel kunni að vera, að einstakir nm. hafi eitthvað mismunandi skoðanir á einstökum atriðum, og geti það að einhverju leyti komið fram við meðferð málsins í þinginu. En það hefur ekki verið stærra en það, að nm. hafa allir beygt sig undir að fylgja frv. óbreyttu að öðru leyti en því, sem hér er tekið fram um afstöðu einstakra nm.

Ég skal nú fara að ljúka máli mínu. Þetta mun og vera orðið nógu langt, en þetta er líka stórt mál og á það skilið, að sýnd sé full viðleitni til að skýra það, eftir því sem unnt er. Ég hef tekið það hér fram áður, og það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. alþm., að við höfum alltaf orðið að gera bráðabirgðalöggjöf á hverju þingi, rétt fyrir áramótin, til þess að framlengja viss ákvæði, sem aldrei hafa verið látin gilda nema til eins árs. Sé vilji hér á hinu háa Alþingi til þess að breyta almannatryggingalögunum í það horf, sem hér er verið með, eða eitthvað nærri því með þeim eðlilegu breytingum, sem sjálfsagt kunna á því að verða gerðar hér við meðferð málsins, þá væri mjög nauðsynlegt að reyna að koma frv. af og gera það að lögum fyrir áramót. Þá losnum við það leiðindaverk að þurfa að fara að bera hér fram sérstök frv. og framlengja þau einu sinni enn.

Ég veit nú ekki, hvort þetta tekst. Það er ekki langt til áramóta, eins og við vitum, og fara að safnast að meiri annir á Alþingi hér eftir heldur en áður. En því miður var ekki hægt að leggja þetta frv. fram fyrr en nú, því að það var ekki fyllilega tilbúið, þó að form. n. hefði mjög mikinn hug á því, að það væri tilbúið strax í þingbyrjun, svo að þá væri hægt að taka það til meðferðar.

Ég vildi því leyfa mér að stinga upp á því við þá hv. n., er fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki gæti komið til álita, að nefndirnar í Nd. og Ed. störfuðu að einhverju leyti saman um frv., og ekki sízt fyrir það, að tveir nm. sitja nú hér í hv. Nd. og einn situr í hv. Ed., þar sem einn nm. situr þar, sem einmitt hefur haft nokkra fyrirvara um viss atriði frv. Það gæti kannske töluvert mikið flýtt fyrir, ef nefndirnar að einhverju leyti störfuðu saman og reyndu að átta sig á því í sameiningu, um hvað væri hægt að semja og ná samkomulagi um í þessum efnum. Ég vildi aðeins benda á þetta, án þess að það sé nokkur fyrirskipun frá minni hendi, sem enda getur ekki komið til greina.

Ég vil svo að lokum leyfa mér að þakka þeirri nefnd, sem að þessu máli hefur starfað. Ég hygg, að hún hafi starfað vel, og ég held mér sé óhætt að segja ágætlega. Það er feiknastarf, sem hún hefur leyst af höndum, og ég er ekki í neinum vafa um, að það er mjög margt til bóta, sérstaklega og ekki síður varðandi form frv., sem ég tók fram áðan, að aðeins væri eðlilegt, þar sem væri verið að endurskoða frumsmíði í íslenzkri löggjöf, eins og almannatryggingalögin frá 1946 raunverulega voru. N. hefur því að mínum dómi leyst sitt verk ágætlega af höndum. Nú kemur það til hins háa Alþingis að taka við frv. og

endurskoða það enn og gera þær breytingar á því, sem þingvilji er fyrir.

Ég vil að svo mæltu leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 26. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 99, n. 270, 269).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar lög nr. 50 1946, um almannatryggingar, voru sett, höfðu þau að geyma mörg nýmæli, m. a. var þá gert ráð fyrir að verja miklu meira fé til tryggingastarfsemi en áður hafði verið. Þá þegar var gert ráð fyrir því, að sú löggjöf yrði tekin til endurskoðunar, þegar nokkur reynsla væri fengin af framkvæmd hennar. Í samræmi við það skipaði félmrh. nefnd hinn 7. maí 1954 til þess að endurskoða löggjöfina um almannatryggingar og m. a. að athuga gaumgæfilega fjárhagslegan grundvöll trygginganna. Þessi mþn.. sem skipuð var fimm mönnum, hefur lokið störfum, eftir að hún hefur haft þetta mál til athugunar alllangan tíma, og er frv. það, sem hér liggur fyrir og heilbr.- og félmn. þessarar d. hefur fjallað um, árangur af starfi mþn.

Það er augljóst, þegar þetta frv. er athugað, að mþn. hefur lagt alúð við það starf, sem henni var fengið í hendur, bæði efni frv. og form þess ber glöggt vitni um það. Lögin um almannatryggingar frá 1946 eru 140 greinar. Einn kafli þeirra, um heilsugæzlu, hefur að sönnu ekki komið til framkvæmda, en í þess stað hefur verið framkvæmdur kaflinn um sjúkratryggingar samkv. l. nr. 104 1943, og ef athuguð eru öll þau lagafyrirmæli, sem í gildi eru og framkvæmd hafa verið, þ. e. a. s. lögin um almannatryggingar og viðauki við þau, sem settur var 1951, og kaflinn um sjúkratryggingar, þá eru þetta allt um 180 greinar, en mþn. hefur tekizt að þjappa efninu svo saman í þessu eina frv., að allt þetta efni er nú aðeins 89 greinar. Við þetta verður efni málsins á ýmsan hátt skýrara en áður, og að því hlýtur að vera ávinningur fyrir alla þá, sem þessa löggjöf hafa með höndum og þurfa að kynna sér efni hennar.

Samkvæmt þessu frv. eiga almannatryggingar að greinast í þrjár deildir, þ. e. lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Hver grein trygginganna á að vera sjálfstæð deild í Tryggingastofnun ríkisins og hafa þar sérstakan fjárhag, og engin deildanna á að bera ábyrgð á skuldbindingum annarrar. Í samræmi við þetta er gerð nokkur tilfærsla samkvæmt frv. á vissum liðum bótagreiðslna. Fæðingarstyrkur hefur verið greiddur af tveimur aðilum að undanförnu, þ. e. a. s. meiri hl. hans af Tryggingastofnun ríkisins, en auk þess hafa sjúkrasamlögin greitt barnsmóður nokkurn fæðingarstyrk. Gert er ráð fyrir því að fella þetta saman í eina heild og fæðingarstyrkur verði hér eftir eingöngu greiddur af Tryggingastofnun ríkisins, en í þess stað er gert ráð fyrir, að sjúkratryggingin færist að öllu leyti á hendur sjúkrasamlaganna og að þau annist eftirleiðis greiðslu á sjúkradagpeningum, sem Tryggingastofnunin hefur áður haft með höndum, en tekjur til þess að standast þær greiðslur eiga sjúkrasamlögin að fá með nokkru framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins, sem skiptist milli sjúkrasamlaganna í ákveðnum hlutföllum.

Ýmis ákvæði almannatryggingalaganna hafa verið bundin við áramót, og þess vegna hefur á undanförnum þingum orðið að samþykkja ár eftir ár nokkur bráðabirgðaákvæði sem viðauka við löggjöfina um almannatryggingar eða framlengja þau frá ári til árs með meiri eða minni breytingum. Eitt af því, sem veldur þessu, er það, að upphæð bóta er samkvæmt gildandi lögum tilgreind í krónutölu, en með breytingum á verðlagi breytist sú upphæð, sem greiða þarf í bætur, og hefur það valdið því, að árlega hefur þurft að breyta þessum ákvæðum laganna.

Með þessu frv. er stefnt að því, að ekki verði þörf á að breyta löggjöfinni um almannatryggingar, þó að einhver breyting eigi sér stað á verðlagi í landinu og kaupgreiðslum almennt. Þessu marki er ætlað að ná með því, að framlög til Tryggingastofnunar ríkisins eru samkvæmt frv. ekki ákveðin í krónutölu, heldur í hlutföllum milli hinna einstöku aðila, sem slík framlög inna af höndum, þannig að ríkissjóður greiði 33% af tekjum Tryggingastofnunar ríkisins, hinir tryggðu 33%, sveitarsjóðir 19% og atvinnurekendur 15%. Í framkvæmdinni verður þetta þannig samkvæmt frv., að fyrir lok júlímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnunin hafa gert áætlun um útgjöld lífeyristrygginganna fyrir næsta almanaksár, og þá skal senda áætlunina félmrn. til staðfestingar. Skal áætlunin miðuð við sömu vísitölu og fjmrn. hefur ákveðið að miða fjárlög næsta árs við. Samkvæmt þessari staðfestu áætlun verða síðan ákveðin framlög aðilanna í þeim hlutföllum, sem ég áðan greindi. Í þessu felst í raun og veru ekki efnisbreyting frá því, sem framkvæmdin hefur verið að undanförnu, því að þau bráðabirgðaákvæði, sem sett hafa verið árlega og að þessu lúta, hafa verið byggð á áætlunum Tryggingastofnunar ríkisins og þingið hefur ávallt fallizt á þær tölur, sem talið hefur verið nauðsynlegt að lögfesta í þessu sambandi.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir nokkrum tilfærslum á bótum til einstakra aðila. Gert er ráð fyrir, að niður falli með gildistöku þessa frv. greiðsla fjölskyldubóta með öðru barni í fjölskyldu. Sparnaður, sem af þessu leiðir, nemur um 8 millj. kr. hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það er þó ekki ætlunin að skerða tekjur Tryggingastofnunarinnar eða minnka veltu hennar sem þessari fjárhæð nemur, heldur er þessari fjárhæð skipt á aðra bótaliði samkvæmt frv.

Ýmsar bótagreiðslur hækka allverulega samkvæmt frv., ekki sízt elli- og örorkulífeyrir. Hækkanir á elli- og örorkulífeyri eiga sér þrenns konar orsakir. Í fyrsta lagi hækkar elli- og örorkulífeyrir til samræmis við laun opinberra

starfsmanna, það er hækkun, sem leiðir af verðlagsþróuninni í landinu. Í öðru lagi hækka þessar greiðslur hjá Tryggingastofnuninni í heild nokkuð vegna þess, að samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir, að fjárframlög, sem einstökum aðilum eru veitt í 18. gr. fjárlaga, komi ekki til frádráttar lífeyri hér eftir eins og verið hefur að undanförnu. Og í þriðja lagi hækka lífeyrisgreiðslur að nokkru vegna þess, að lagt er til, að það tekjumark, sem sett er og lögin ákveða að hafi áhrif á það, að lífeyrir skerðist, verði hækkað að verulegum mun, og leiðir það af sér nokkra hækkun á heildargreiðslu Tryggingastofnunarinnar til elli- og örorkulífeyrisþega.

Samkv. áætlun, sem gerð hefur verið, er gert ráð fyrir því, að ellilífeyrir hækki um 4 millj. 950 þús. kr., að örorkulífeyrir hækki um 1 millj. 340 þús. kr., að framlög til mæðralauna hækki um 2 millj. kr., að lífeyrishækkanir vegna aukinna hlunninda eða aukinna bóta til þeirra, sem þarfnast sérstakrar umönnunar, hækki um 2.5 millj. kr., enn fremur að framlög til barnalífeyris hækki um 600 þús. kr. Samkvæmt þeirri áætlun, sem gerð var í sambandi við samningu þessa frv., er gert ráð fyrir, að greiðslur Tryggingastofnunarinnar hækki í heild um 6.8 millj. kr., en við þetta bætist, að sjálfsagt þykir og heilbr.- og félmn. gerir till. um það, að elli- og örorkulífeyrir hækki enn frá því, sem gert var ráð fyrir, þegar frv. var samið, til samræmis við þá hækkun, sem gerð var á launum opinberra starfsmanna með samþykkt launalaganna nú fyrir jólin. Þegar það er tekið með, má gera ráð fyrir, að heildarhækkun samkv. þessu frv. verði um 10.6 millj. kr.

Þegar lögin um almannatryggingar voru sett, var það ákvæði sett til bráðabirgða, að fullur elli- og örorkulífeyrir skyldi ekki greiddur, ef aðrar tekjur aðila næmu fullum lífeyri eða meiru, þá færu greiðslur elli- og örorkulífeyris að skerðast og féllu niður, þegar aðrar tekjur aðila eru komnar í visst hámark. Þetta bráðabirgðaákvæði hefur ávallt verið framlengt, svo að framkvæmd almannatryggingalaganna hefur öll þessi ár verið með þeim hætti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að skerðing haldist, en tekjumarkið, sem skerðingin er miðuð við, er hækkað að nokkrum mun.

Það hefur verið athugað, hvað það mundi kosta Tryggingastofnunina að afnema skerðingarmarkið að öllu leyti, og eftir því sem næst verður komizt, mun það kosta Tryggingastofnunina í auknum útgjöldum um 12—13 millj. kr., sem mundi þá bætast við þær hækkanir, sem af þessu frv. leiðir og ég hef áður drepið á.

Samkvæmt tryggingalöggjöfinni hefur barnsmóðir haft rétt til þess að snúa sér til Tryggingastofnunarinnar eða umboðsmanna hennar og fá þar greitt meðlag með barni sínu, en Tryggingastofnunin á síðan endurkröfurétt á hendur barnsföður eða framfærslusveit hans. Með þessu frv. er þetta ákvæði fellt niður, en jafnframt er gert ráð fyrir því að breyta lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna á þann veg, að barnsmóðir geti snúið sér til dvalarsveitar og fengið þar meðlag greitt, og verði dráttur á því, að dvalarsveit móður vilji inna þessa greiðslu af hendi, er gert ráð fyrir að veita móðurinni rétt til þess að snúa sér til valdsmanns, sem þá sjái um, að hún fái meðlagið greitt. Hér er því um formsbreytingu að ræða, en ekki ætlunin með henni að skerða rétt barnsmóður til þess að geta innheimt meðlag með barni sínu.

Samkvæmt 17. gr. gildandi laga um almannatryggingar getur ellilífeyrisþegi, ef hann þarfnast sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika og því eigi komizt af með þann lífeyri, sem ákveðinn er, fengið lífeyri hækkaðan samkvæmt umsókn, og má sú hækkun nema allt að 40%, eða þá að honum verði séð fyrir vist á elliheimili. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að breyta þessu ákvæði nokkuð, þannig að sú hækkun, sem aðili getur fengið, er mun ríflegri samkvæmt frv. en gildandi lög heimila. Frv. kveður svo á, að greiða megi uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef lífeyrisþegi á ekki lögskyldan aflögufæran framfæranda á lífi og sýnt þykir, að hann geti ekki komizt af án hækkunar, en uppbót þessi greiðist þó aðeins þeim, sem þurfa sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika eða dveljast á elliheimili, sjúkrahúsi eða öðru slíku hressingar- eða dvalarheimili og eru einstæðingar. Uppbótin skal miðast við ástæður lífeyrisþegans og getur numið allt að 100% af þeim lífeyri, sem hver aðili fær. Uppbót þessi á að greiðast að ⅔ hlutum af hlutaðeigandi sveitarsjóði og að ⅓ hlutum af Tryggingastofnun ríkisins, og skal stofnuninni heimilt að verja ákveðinni upphæð af fé sínu í þessu skyni. Sveitarstjórn, sem hlut á að máli, gerir tillögur til Tryggingastofnunarinnar um þessa uppbót og gengst þá jafnframt undir það skilyrði að greiða að sínum hluta svo sem tilskilið er.

Þegar lögin um almannatryggingar voru sett, var gert ráð fyrir því, að sjúkrasamlögin yrðu lögð niður, en Tryggingastofnun ríkisins tæki að sér í þess stað heilsugæzlu fyrir allt landið, en sá kafli tryggingalaganna, sem fjallar um heilsugæzlu, hefur aldrei komið til framkvæmda. Starfsemi sjúkrasamlaganna hefur haldizt samkvæmt bráðabirgðaákvæðum, sem þingið hefur ítrekað oft og mörgum sinnum, og samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því, að sjúkrasamlögin starfi áfram, en heilsugæzlukafli tryggingalaganna verði með öllu felldur úr gildi. Þetta atriði er eitt af því, sem oft hefur verið rætt í sambandi við tryggingalöggjöfina og skoðanir manna hafa nokkuð skipzt um, en mþn., sem hefur athugað þetta mál mjög gaumgæfilega og samið frv., sem hér liggur fyrir, leitaði um þetta atriði álits sveitarstjórna í landinu. Mþn. sendi fyrirspurnir til allra sveitarstjórna í landinu um ýmis veigamikil atriði í tryggingalöggjöfinni og fékk svör frá ekki minna en 165 sveitarstjórnum og nokkrum félagasamböndum, og eitt af þeim atriðum, sem leitað var álits þeirra um, var þetta, hvort sjúkrasamlögin skyldu starfa áfram eða heilsugæzlukafli tryggingalaganna látinn koma til framkvæmda. Svör sveitarstjórnanna við þessu atriði voru þannig, að um 30 sveitarstjórnir vildu leggja áherzlu á framkvæmd ákvæða almannatryggingalaganna um heilsugæzlu, nær 110 sveitarstjórnir voru ákvæðunum andvígar, en 25 svöruðu ekki þessu atriði. Sú stefna, sem mörkuð er í þessu frv. af hálfu mþn.

og hæstv. ráðherra, sem frv. flytur, er því grundvölluð á svörum og tillögum mikils meiri hluta sveitarstjórnanna í landinu.

En sá annmarki hefur þótt fylgja sjúkrasamlögunum, einkum hinum smærri, sem lítil fjárráð hafa, að þau ættu mjög í vök að verjast með greiðslur, ef þau yrðu fyrir miklum skakkaföllum vegna kannske eins eða örfárra sjúklinga, sem þörfnuðust langrar sjúkrahúsvistar. Til þess að bæta úr þessum annmarka er gert ráð fyrir því í þessu frv., að í hverju sýslufélagi skuli vera héraðssamlag og öll sjúkrasamlög í þeirri sýslu skuli vera þátttakendur í héraðssamlaginu. Oddviti sýslunefndar á að vera form. stjórnar héraðssamlagsins, en sýslunefnd kjósa tvo til viðbótar í stjórnina. Hlutverk héraðssamlaga á að vera það að greiða sjúkradagpeninga samkv. úrskurðum sjúkrasamlagsstjórnar, að annast endurskoðun og úrskurðun á reikningum sjúkrasamlaganna og gera heildarskýrslu um rekstur þeirra og efnahag, að gefa Tryggingastofnun ríkisins umsögn um einstök mál frá sjúkrasamlögunum, sem henni eru send til úrskurðar, og að vera Tryggingastofnun ríkisins til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi tryggingamál almennt í umdæminu. Heimilt er, að á vegum héraðssamlaganna verði komið upp jöfnunarsjóði og að sá jöfnunarsjóður hlaupi undir bagga, ef einstök sjúkrasamlög ætla að komast í fjárþrot. Á þennan hátt er reynt að tryggja það, að hin smáu sjúkrasamlög geti staðizt, þó að á þau falli skuldbindingar, sem þeim er erfitt að rísa undir í bili vegna langvarandi veikinda einhverra samlagsmanna.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. á allmörgum fundum, og eru nm. sammála um að mæla með frv., en nm. greinir nokkuð á um það, hve langt eigi að ganga í því að flytja brtt. við frv. Einn nm., hv. 3. landsk., ber fram á sérstöku þskj. allmargar brtt., sem hann mun að sjálfsögðu gera grein fyrir hér á eftir og ég geri ekki að umræðuefni, fyrr en hann hefur lýst brtt. sínum, en n. öll leggur til eina breyt. á einni gr. frv. Það er þó rétt að taka það fram, að ein af hinum sérstöku brtt. hv. 3. landsk. fjallar um að gera þar meiri hækkun en meiri hl. n. leggur til, svo að af því leiðir, að í raun og veru má skoða þessa brtt. frá meiri hl. n., en hún er gerð til samræmis við þá hækkun, sem varð á launum opinberra starfsmanna með samþykkt launalaganna nú á þessu þingi. Það var í raun og veru ákveðið hér með bráðabirgðabreytingu fyrir jólin að fylgja þeirri reglu, sem ávallt hefur verið höfð, að láta elli- og örorkulífeyrinn fá sömu hækkanir og laun opinberra starfsmanna. Af þeirri samþykkt leiðir það, að breyta þarf tölum í 13. gr. frv. til samræmis, og á þeim grundvelli er reist sú brtt., sem prentuð er með nál.

Þá eru viss atriði, sem n. mun athuga nánar, áður en 3. umr. fer fram, og áskilja sér rétt til þess að bera þá fram brtt. um, sérstaklega er það um gildistöku laganna. Eins og frv. er orðað, er gert ráð fyrir, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1956. Það er nú þegar komið fram yfir þann tíma, svo að það fær ekki staðizt, en í sambandi við ákvörðun um gildistökuna þarf að setja nokkur bráðabirgðaákvæði um framkvæmd vissra atriða, og till. um það efni mun n. bera fram fyrir 3. umr. málsins. Enn fremur hefur nefndin til athugunar að gera nokkra breyt. á 22. gr. frv. um skerðingarákvæðin og hefur það til íhugunar, hvort hún telur ástæðu til að bera fram brtt. við þá grein fyrir 3. umr. málsins.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er sízt ofmælt, sem hv. frsm. meiri hl. n. (PÞ) sagði áðan, að lögin um almannatryggingar voru mikið nýmæli í íslenzkri löggjöf og færðu mörgum íslenzkum þegni mikla réttarbót og aukið öryggi. Það var því ekki nema eðlilegt, þegar átti að fara að framkvæma það ákvæði almannatryggingalaganna að endurskoða löggjöfina í heild, gagngert, þegar nokkur reynsla hefði fengizt á framkvæmd hennar, að þeirri endurskoðun væri fylgt með miklum vonum, og það hefur líka verið svo, frá því að mþn. var skipuð til þess að endurskoða almannatryggingalögin fyrir rúmlega tveimur árum, að menn gerðu sér vonir um, að af almannatryggingalögunum yrðu sniðnir ýmsir annmarkar, sem komið hefðu í ljós, og að réttindi hinna tryggðu mundu vafalaust verða aukin verulega við þá endurskoðun og löggjöfin fullkomnuð á ýmsan hátt. Hitt munu áreiðanlega fáir eða engir hafa látið sér detta í hug, að endurskoðunin leiddi til þess, að hopað væri af hólmi í sambandi við verkefni almannatrygginga hér á landi eða spor stigin aftur á bak í sambandi við endurskoðunina. Þó verð ég að segja það, að þessi endurskoðun, sem nú eftir meira en 2 ár er nú lokið, hefur ekki vakið óblandna gleði manna, en einmitt valdið vonbrigðum að ýmsu leyti. Það er hins vegar rétt hjá frsm. meiri hl., hv. þm. A-Sk., að þeir ágætu menn, sem mþn. skipuðu, hafa alveg óefað lagt mikið starf í endurskoðunina, og því neita ég ekki, að þeir hafa með ýmsum breytingum bæði á formi og efni frv. bætt tryggingalöggjöfina eða lagt drög að því, að hún verði bætt, svo að það er hér um það að ræða, að ýmislegt er í frv., eins og það liggur nú fyrir Alþ., til bóta frá tryggingalöggjöfinni eins og hún hefur verið, en því miður einnig nokkuð, sem veldur vonbrigðum.

Endurskoðun tryggingalöggjafarinnar átti að vera lokið fyrir meira en ári, en n. hafði þá ekki lokið störfum, og framlengdist því hennar starfstími við endurskoðunina um eitt ár í viðbót. Endurskoðunin er því rúmlega ári seinna á ferðinni en upphaflega var ráð fyrir gert.

Það, sem einkum veldur mönnum vonbrigðum í sambandi við þessa endurskoðun, er það, sem nú skal greina: Í fyrsta lagi, að ekki hefur verið afnumin skerðing á ellilífeyri. Í öðru lagi, að ekki hefur verið afnumið það ákvæði, að landinu skuli vera skipt í tvö tryggingasvæði með mismunandi háum iðgjöldum og mismunandi háum bótum. Vonuðu menn ákveðið, að landið yrði eitt tryggingarumdæmi með sömu iðgjöldum og sömu bótum um land allt, eftir að þessari endurskoðun væri lokið. Í þriðja lagi, að með þessari endurskoðun er afnumin sú sjálfsagða milliganga Tryggingastofnunarinnar, sem stofnunin hafði á hendi um skilvísa innheimtu barnsmeðlaga. Í fjórða lagi hafa nú verið skert áður

umsamin og lögfest réttindi til fjölskyldubóta með öðru barni í fjölskyldu. Kem ég að því síðar. Og í fimmta lagi hefur endurskoðunin ekki fullnægt þeim vonum og fyrirheitum, sem gefin voru í upphafi, þegar lögin voru sett, að fullkomin heilsugæzla skyldi tekin upp í landinu og sjúkrasamlögin sem sérstakar stofnanir lögð niður. Og það eru vafalaust mestu vonbrigðin, sem menn verða fyrir í sambandi við endurskoðun tryggingalöggjafarinnar, alveg án tillits til þess, hvað ummæli sveitarstjórnanna, sem vitnað var til hér áðan, segja um það atriði.

Það er ljóst af frv. sjálfu, að þeir ágætu menn, sem unnu að endurskoðuninni, voru ekki, þegar þeir stóðu upp að loknum sínum langa starfstíma við endurskoðunina, allir á eitt sáttir. Í grg. með frv. er skýrt frá því, að einn nm. hafi skrifað undir með fyrirvara og látið í ljós í sérstakri álitsgerð með frv., í hverju hann teldi því áfátt sérstaklega, og þar bent rækilega á þau meginatriði, sem hann hefði gert ágreining um og viljað fá á annan veg í frv. Einnig er skýrt frá því, að þær tvær konur, sem tóku þátt í endurskoðuninni og fengu sæti — um síðir að vísu — í mþn., hafi einnig óskað eftir einni breytingu á frv., sem þær komu ekki fram og sáu því ástæðu til að geta um í grg.

Það eru svo mörg og þýðingarmikil atriði, sem Haraldur Guðmundsson, forstjóri tryggingarinnar, lætur í ljós, að hann hefði viljað fá á annan hátt í frv. en n. að öðru leyti gat fallizt á, að ég sé ástæðu til að rifja hér upp hans sérálit. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar það svo, það er kafli um afstöðu einstakra nm.:

„Haraldur Guðmundsson hefur fyrirvara um ýmis efnisatriði frv. Hann hefur haldið því fram í n., að nauðsynlegt sé að hækka lífeyrisgreiðslur til gamalmenna og öryrkja umfram það, sem frv. gerir ráð fyrir, og er andvígur því, að felldar verði niður fjölskyldubætur með öðru barni, nema veruleg hækkun á lífeyri og lækkun iðgjalda, sérstaklega unglinga, sé þá lögfest samtímis. Þá telur hann, að nauðsyn sé að rýmka skerðingarmark lífeyris frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, nema lífeyrisupphæðir séu þá hækkaðar verulega. Enn fremur telur hann, að sá hluti útgjaldanna, sem hinum tryggðu er ætlað að greiða, þ. e. 33% af lífeyristryggingum og 60% af sjúkratryggingum, sé óeðlilega mikill, og vill auka þátttöku annarra aðila, svo að iðgjöld hinna tryggðu þurfi ekki að hækka svo sem ráð er fyrir gert í frv. Hann hefur lagt til, að dánarbætur slysatryggingarinnar almennt yrðu ákveðnar hinar sömu og dánarbætur lögskráðra sjómanna, að greiddar verði bætur til lífeyrisþega vegna fráfalls maka og að sjúkrasamlögin skuli endurgreiða samlagsmönnum læknagjaldið, 5 kr. og 10 kr., þegar það fer fram úr ákveðinni upphæð á ári. Flutning á greiðslu sjúkradagpeninga telur hann varhugaverðan, án þess að leitað hafi verið umsagnar sjúkrasamlaganna um það atriði, og telur sjálfsagt, að sjúkrasamlögin innheimti með iðgjöldum það fé, sem til greiðslu sjúkradagpeninga þarf, ef þau taka að sér greiðslu þeirra. Hann hefur og lagt til, að hlutur sveitarfélaga af uppbótargreiðslum samkvæmt 23. gr. frv. verði ákveðinn jafn hluta Tryggingastofnunarinnar. Auk þess hefur hann fyrirvara um nokkur smærri atriði. Samkvæmt þessu má vænta þess, að hann flytji brtt. við frv. eða fylgi till., sem fram kunna að koma í þá átt, sem að framan greinir."

Þetta er grg. Haralds Guðmundssonar um það, í hvaða atriðum hann hefði óskað, að frv. væri í annarri mynd en það er að vilja meiri hl. nefndarinnar.

En þær Auður Auðuns og Rannveig Þorsteinsdóttir hafa enn fremur flutt till. um að fella niður 2. málsgr. 16. gr. frv., sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvörðun fjölskyldubóta skulu ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar."

Þessa málsgr. vilja þær frú Auður Auðuns og Rannveig Þorsteinsdóttur fella niður, en fengu því ekki ráðið, og það er þeirra fyrirvari um afstöðu sína til frv.

Nú er það viðurkennt, að Haraldur Guðmundsson er sennilega sá núlifandi manna, sem er gagnkunnugastur öllu tryggingakerfinu og veit gerst um, hvernig það er í framkvæmd. Er því áreiðanlega mikið leggjandi upp úr öllum þeim atriðum, sem hann gerði fyrirvara um og vildi fá breytt í þá átt, sem hann gerði grein fyrir. Það er því áreiðanlegt, að það væri til verulegra bóta á frv., ef hans till. næðu fram að ganga og fengjust samþykktar sem brtt. við frv. hér á Alþingi.

Nú á Haraldur Guðmundsson ekki sæti í þessari hv. d., hann á sæti í Ed., eins og kunnugt er, og geta því hans till. ekki komið fram fyrr en þar. Hins vegar skal ég upplýsa það, að ég hef haft við hann nokkurt samráð um mótun nokkurra af mínum brtt., og eru þær í samræmi við þessi atriði flest, sem hann hefur gert grein fyrir. Aðrar till., sem ég flyt, eru eingöngu á mína ábyrgð og í samræmi við mínar skoðanir, sem ég veit að eru jafnframt skoðanir fjöldamargra annarra í landinu.

Heilbr.- og félmn., sem fékk frv. í hendur, starfaði á þann hátt, að fyrst var frv. lesið og athugað sameiginlega af heilbr.- og félmn. beggja deilda, en það samstarf náði þó ekki lengra, því að þegar því starfi var lokið, skildi leiðir með nefndunum. Eðlilegt hefði þó verið að mínu áliti, að n. hefðu starfað lengur saman um endurskoðun frv. og athugun, og jafnvel að leitað hefði verið eftir að ná samkomulagi manna í báðum deildum um afgreiðslu frv. En þau vinnubrögð voru ekki viðhöfð, og má því búast við, að þegar afgreiðslu frv. er lokið í þessari hv. d., fari það á ný í gegnum annan hreinsunareld og að nefnd þar verði óefað klofin um afstöðu til frv. og að meiri hl. og minni hl. beri þar fram till. til breytinga á því. Þetta hlýtur auðvitað að leiða til þess, að afgreiðsla frv. mun taka nokkurn tíma og vafalaust verða að öllu leyti þunglamalegri en ef fullkomið samráð hefði orðið til enda á milli nefnda beggja deilda.

Meðan heilbr.- og félmn. þessarar deildar starfaði að athugun á frv., bárust n. erindi frá ýmsum félagssamtökum, og minnist ég þá sérstaklega erinda frá kvennasamtökunum í landinu. Við fengum brtt. frá Kvenréttindafélagi Íslands, og tveir fulltrúar frá þeim félagssamtökum komu á fund n. og lögðu þar fram brtt. félagsins og

gerðu grein fyrir þeim. Við fengum einnig brtt. frá Menningar- og friðarsamtökum íslenzkra kvenna. Margar af þeim breytingum, sem þau félagssamtök báru fram, voru svipaðs eðlis og gengu í sömu átt og till. Kvenréttindafélagsins. Þó voru þar nokkrar nýjar till. eða öðruvísi fram settar. Í þriðja lagi fékk n. einnig brtt. við frv. frá Mæðrafélaginu. Ég held, að það hafi verið aðallega þessi þrjú erindi, sem n. bárust til breyt. á frv. Það er enginn vafi á því, að þessi erindi bera þess ljósan vott, að ekki aðeins einstaklingar á hverju einasta heimili á Íslandi, heldur líka flest félagssamtök landsins fylgjast af athygli með því, hvernig tryggingalagafrv. verði nú afgreitt, og sem betur fer hafa verið látnar í ljós ákveðnar og allvel undirbúnar till. um það, í hvaða átt óskir hnígi um breyt. á frv.

Ég hef gaumgæfilega, ekki aðeins á nefndarfundum, heldur einnig utan þeirra, athugað þessi erindi og komizt að niðurstöðu um það, að nálega allar till. eru til bóta, nokkur efnisatriði í sumum till. eru að vísu, þegar betur er að gáð, inni í frv., en sumar till. eru til stórra bóta, og virðist svo sem sjálfsagt væri að samþykkja þær. Þetta hefur þó allt saman fengið heldur daufar undirtektir í n., og meiri hl. n. hefur, eins og frsm. meiri hl. hefur þegar gert grein fyrir, ekki viljað fallast á neinar verulegar efnisbreytingar á frv. Það er aðeins tekin þarna hin sjálfsagða breyting, sem slegið var fastri með bráðabirgðaákvæði núna um áramótin, og svo að gildistökuákvæðið verði fært til samræmis við þann tíma, sem nú er verið að afgr. frv. á, og að frv. skuli taka gildi sem lög frá 1. apríl n. k. Annars er reynt að standa á frv. eins og meiri hl. mþn. gekk frá því, og býst ég við, að um það séu samtök milli stjórnarflokkanna beggja, a. m. k. hef ég lítið orðið var við, að nokkur bilbugur sé á mönnum úr hvorugum flokknum til breytinga, jafnvel þótt hægt sé að gera grein fyrir skynsamlegum ástæðum til breytinganna.

Ég hef, þótt ég gerði mér ljóst, að það mætti búast við því, að allar brtt. yrðu stráðrepnar, eins og tíðast er um till. frá minni hl. í þessari virðulegu samkomu, leyft mér að flytja á þskj. 269 ekki færri en einar 13 brtt. og þar að auki ýmsar varatill. við frv.

Fyrsta brtt. mín er við 10. gr. frv., upphafsgreinina í II. kafla þess. Þar er gert ráð fyrir því, að landinu sé áfram skipt í tvö verðlagssvæði og að á fyrsta verðlagssvæði skuli teljast kaupstaðir landsins og kauptún með 2000 íbúum eða fleiri, þ. e. a. s. öll byggðarlög neðan við 2000 íbúa eiga að vera á öðru verðlagssvæði, með lægri bætur og lægri iðgjöld. Nánar tiltekið skulu iðgjöldin vera ¼ lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði með örfáum undantekningum.

Þessa afstöðu, að halda áfram svæðaskiptingunni og hafa þannig mismunandi rétt og skyldur hinna tryggðu, byggir mþn. á umsögn, sem henni hafði borizt frá sveitarstjórnum. Meiri hluti þeirra að tölu til hafði látið í ljós, að þær vildu, að landinu væri skipt í tvö verðlagssvæði, og þetta er þá þannig, að úr kaupstöðunum hafa yfirleitt komið fram óskir um, að landið yrði eitt verðlagssvæði, en úr sveitahreppunum hefur yfirleitt verið látið í ljós, að þeir vildu sleppa með fjórðungi lægri iðgjöld og þá aftur vinna það til að vera með fjórðungi lægri bætur til fólks þar.

Aðaltill. mín við þessa gr. er sú, að greinin orðist svo: „Landið skal vera eitt verðlagssvæði.“ Þar með væri þessi leiða skipting og það misrétti, sem af henni leiðir, úr sögunni. Þó að þessi till. sé ekki orðmörg, tel ég hana vera stóra brtt., gerbreytingu í raun og veru á framkvæmd trygginganna í landinu. Það skal að vísu játað, að mþn. er þó ekki harðari á réttmæti þessarar skiptingar en svo, að hún fellst á, að það sé nauðsynlegt að heimila sveitarfélögum, ef þau sækjast eftir því, þrátt fyrir lögfestingu skiptingarinnar, að færast til milli verðlagssvæða, ef rökstuddar óskir þess efnis koma frá hlutaðeigandi sveitarstjórn. Ég játa fyllilega, að það er betra en ekki, að þetta heimildarákvæði sé inni í gr., ef aðaltill. mín á annað borð fæst ekki samþ. um, að allt landið skuli vera eitt verðlagssvæði.

Það er sem sé ekki útilokað, að sveitarfélög, sem sækja fast að vera á fyrsta verðlagssvæði, en er annars ætlað samkvæmt íbúatölu að vera á öðru, geti um það sótt og kannske fengið því til vegar komið að færast á fyrsta verðlagssvæði og taka þannig á sig full iðgjöld og njóta fullra réttinda.

Hins vegar gerir n. sýnilega ekki ráð fyrir því, að neinar umsóknir verði um það að færast af fyrsta verðlagssvæði og á annað, því að það er fastlega bundið, að til fyrsta verðlagssvæðis teljast kaupstaðir og byggðir með yfir 2000 íbúum.

2. brtt. mín er svo við 13. gr. Þar er auðvitað gert ráð fyrir því, að verðlagssvæðin séu tvö, en að öðru leyti fjallar gr. um, að ellilífeyrir skuli greiðast þeim, sem orðnir eru 67 ára, og árlegur ellilífeyrir skuli vera, eins og þar segir, fyrir hjón, þegar bæði hjónin fá lífeyri, 7200 kr. á fyrsta verðlagssvæði og 5400 kr. á öðru verðlagssvæði og fyrir einstaklinga 4500 kr. samkv. frv. á fyrsta verðlagssvæði og 3375 kr. á öðru verðlagssvæði. Þessum tölum var þó breytt í bráðabirgðabreyt. núna um áramótin með tilliti til hækkaðs kaupgjalds í landinu og hækkaðra launa fastlaunaðra starfsmanna, þannig að lífeyrir fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri, skuli hækkaður úr 7200 kr. í 7488 kr. á fyrsta verðlagssvæði og 5616 kr. á öðru verðlagssvæði og einstaklingalífeyririnn hækki úr 4500 kr. í 4680 kr. á fyrsta verðlagssvæði og 3375 kr. á öðru í 3510 kr. Þessi tölubreyting er nú tekin upp í brtt. meiri hl. og á þannig að staðfestast í löggjöfinni. — Ég hef lagt til í minni 2. brtt., að í stað 7200 kr. á fyrsta verðlagssvæði komi 8000 kr., þ. e. a. s. fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri, 8000 kr. í grunn, og auðvitað hef ég engar till. um lægri upphæðir á öðru verðlagssvæði, því að ég hef áður lagt til, að það verðlagssvæði falli burt og allar bætur verði miðaðar að öðru leyti við það, sem á við fyrsta verðlagssvæði. Upphæðin 4500 kr. í þessari gr. til einstaklinga hækki upp í 5000 kr., fyrir 7200 komi 8000 og fyrir 4500 komi 5000 sem grunnupphæðir.

Ég hef látið standa í niðurlagi greinarinnar, þar sem segir: „Nú frestar maður töku lífeyris,

og fær hann þá 7.5% í viðbót fyrir hvert heilt ár, sem líður, án þess að hann taki lífeyrinn.“ Ég sé að vísu, að þetta ákvæði er miklu þýðingarmeira fyrir embættismenn ríkisins og fastlaunamenn en fyrir verkamenn með stopula atvinnu. Það er auðvelt reikningsdæmi fyrir embættismanninn, *sem veit sig vera í embætti til sjötugs*, að ákveða að taka ekki lífeyrinn, fyrr en hann verði sjötugur, fresta því í 3 ár. Hann verður á því tímabili á sínum fullu launum, og með frestuninni hækkar hann þarna lífeyri sinn um milli 20 og 30%, þegar hann byrjar svo að taka hann, eftir að hann hefur látið af embætti. En þetta er ekki eins örugg réttarbót fyrir tímavinnuverkamanninn eða verkakonuna, því að þegar fólk er komið á þennan aldur og á að stunda erfiðisvinnu daglaunamannsins, er mjög hætt við *því, að vinna verði meira eða minna stopul*. Það er ekki gerlegt fyrir það fólk að ákveða langt fram í tímann, hvort það hafni lífeyri eða ekki. Það getur lent í því atvinnuleysi, að það stæðist alls ekki við að slá frá sér þeim möguleika að fá lífeyrinn strax 67 ára gamalt, og veit ekki um það fyrr en eftir á, hvernig atvinnuástandið hefur leikið þetta fólk. En hafi það verið svo heppið að hafa sæmilegar atvinnutekjur, getur það eftir dúk og disk vaknað upp við það, að ellilífeyrir hafi verið skertur, eða m. ö. o., að þetta gamla fólk, *sem er búið að þræla alla sína ævi*, sé búið að vinna af sér ellilífeyrinn sinn að meira eða minna leyti og kannske algerlega fyrir þjóðfélagið.

Í einstökum tilfellum hefði það sem sé verið til bóta að taka ákvörðun um að fresta töku lífeyris til þess að fá hann síðar hækkaðan. En það getur líka verið ómögulegt að ráða í framtíðina fyrir verkamanninn eða verkakonuna, svo að þetta ákvæði er einskis virði, og þegar maður svo á hinu leitinu lítur á skerðinguna á lífeyrinum, getur þetta orðið svo, að með verkafólk almennt sé mjög illa farið að því er þessi ákvæði snertir.

3. brtt. mín er við 15. gr. Í þeirri gr. segir: „Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 60% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.“ Ég hef lagt til í þessari brtt., að greinin orðist svo: „Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að óskertum einstaklingslífeyri, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.“ Þær sérstöku ástæður yrði auðvitað tryggingaráð að meta hverju sinni, en ég hækka þetta úr 60% takmörkun og í það, að þar eigi að skera úr sem hámark óskertur einstaklingslífeyrir.

4. brtt. mín er svo við næstu gr., 16. gr. Þar segir, að fjölskyldubætur skuli greiddar foreldrum með hverju barni, þar með talin stjúpbörn og kjörbörn, sem eru umfram tvö í fjölskyldu og eru á fullu framfæri foreldra. Við þetta atriði geri ég mína fyrstu brtt. við þessa gr., en annars geri ég einar þrjár eða fjórar brtt. við 16. gr.

Þetta ákvæði, sem gilt hefur nú, ég held síðan 1952, að fjölskyldubætur skyldu greiddar með öðru barni, er nú fellt niður og sett inn ákvæði um það, að þær skuli aðeins greiddar umfram tvö börn í fjölskyldu. Hvernig kom þetta ákvæði inn í lögin? Það kom þannig inn í lögin, að haustið 1952 var mikil vinnudeila hér á landi, og þá var ríkisstj. komin í það mál og hún bar fram á síðasta stigi deilumálsins nokkrar till. um réttarbætur, sumar þess eðlis, að það skyldi *lögfesta rétt til handa verkamönnum, sem þeir* lögðu mikið upp úr. Þar á meðal var þetta í tilboði frá ríkisstj. Þá hugsuðu verkamenn með sér: Það eru þó varanlegar bætur, sem ríkisstj. býður okkur til lausnar deilunni með þessu, að fjölskyldubætur skuli tryggðar með börnum, sem eru umfram eitt í fjölskyldu. — Og reiknað var, að þetta yrði réttarbót upp á einar 8 millj. kr. Nú lætur ríkisstj., sem er að mestu leyti skipuð sömu mönnum sem gáfu þetta drengskaparloforð og buðu þetta fram, setjast á rökstóla *menn í umboði þessara manna í ríkisstj.*, að forminu til kannske annarrar ríkisstj. að vísu, og þá er gerð till. um að fella niður þessi réttindi, sem voru samkomulagsatriði um lausn á viðkvæmu deilumáli, án þess að um þetta sé talað orð við verkalýðssamtökin, sem voru hinn aðilinn að samkomulaginu. Þetta kalla ég ódrengileg vinnubrögð, sviksemi af hendi ríkisvaldsins, sem gersamlega bregzt því, sem lofað var, bregzt þeim vonum, sem þarna voru vaktar, þeirri vissu, sem menn þóttust hafa fengið. Ég trúi því ekki, þegar athygli hæstv. ríkisstj. er vakin á þessum brigðmælum, að hún leggi ekki svo fyrir sína menn í nefndum þingsins og í þingflokkunum að breyta þessu ákvæði aftur til fulls samræmis við algerar efndir. Henni hlýtur að vera það ljóst, að þegar þetta löggjafaratriði varð til þess að leysa deilu, þá getur það hæglega orðið til þess, þegar það er vanrækt, að koma af stað deilu. Og hverjir ættu sök á því, ef svo færi? Auðvitað sá, sem sveik. Auðvitað sá, sem brást gefnum loforðum. Menn segja svo sem eins og í varnarskyni við þessi brigðmæli: Ja, það hefur enginn lofað því, að þetta löggjafaratriði skuli standa að eilífu. — Það má kannske til sanns vegar færa. En það reiknuðu allir með því, að þessi réttarbót stæði meira en eitt eða tvö ár, hún stæði lengur en til næstu endurskoðunar á löggjöfinni, að það yrði ekki notað fyrsta mögulegt tækifæri til þess að vanefna þetta heit.

Ég minni nú í sambandi við þetta á annað stórmál, sem er sama eðlis. Í vinnudeilunni s. l. vetur gerði ríkisstj. svipað drengskaparbragð til lausnar viðkvæmu deilumáli. Þar var boðið upp á að brúa það bil, sem annars virtist erfitt að brúa milli atvinnurekenda og verkalýðssamtakanna, að það skyldu verða lögfestar á næsta *þingi atvinnuleysistryggingar*, stórkostlegt hagsmuna-, réttinda- og öryggismál verkalýðssamtakanna, sem lengi hafði verið barizt fyrir. Og það var þá reiknað með því, að þegar það væri komið inn í löggjöf landsins, atvinnuleysistryggingar komnar á, væri því máli borgið um alla framtíð, og menn standa enn á þessu augnabliki í þeirri meiningu. En eru nú verkalýðssamtökin örugg um, að þarna sé ekki verið að leika í enn stærri stíl sama leikinn, gefa verkalýðssamtökunum hátíðlegt loforð um lausn á deilu með ákveðnu löggjafaratriði, ákveðinni lagasetningu, og svo verði hún sett á, það verði staðið við það, en

atvinnuleysistryggingalöggjöfin verði felld úr gildi eftir 2—3 ár, það verði bara sett nefnd á laggirnar til þess að athuga þessa löggjöf, og hún verði síðan í stjórnarumboði látin leggja til, að löggjöfin sé felld niður? Hvað halda menn, að verkalýðssamtökin segðu um slíka orðheldni? Ég er hræddur um, að þjóðin yrði að viðurkenna það, að þetta væri brigðmæli, þetta væri að hlaupa frá þeim grundvelli, sem hefði verið lagður til lausnar deilumálinu, og vitað er í því stórfellda tilfelli, að þá mundi það leiða til þess, að vinnufriður væri rofinn. Það er svo stórkostlegt atriði, að um það væri ekki að efast. Ég segi um þetta atriði, þegar nú á að ganga frá því, að þá er vinnufriðnum teflt í nokkra hættu út af vanefndunum. Ég skal ekkert fullyrða um, hvað verður, en vinnufriði er teflt í hættu með svona aðförum.

Menn segja, að þessi upphæð, sem þarna sé spöruð með þessari breytingu, allt upp í 8 millj. kr., hafi aftur verið gefin í endurbótum á tryggingunum við þessa endurskoðun. Það má vel vera, að einhver hluti hennar sé aftur gefinn með réttarbótum, en varla þá öðrum réttarbótum en þeim, sem sjálfsagt var við endurskoðun að veita án tillits til þessa loforðs. T. d. þær hækkanir, sem verða á ellilífeyri og öðrum bótum frá gildandi löggjöf og eru afleiðing af vaxandi dýrtíð í landinu, hækkuðum vinnulaunum verkafólks og opinberra starfsmanna, eru ekki réttarbætur, sem áttu að borgast með því að fella þetta ákvæði niður. Það eru réttarbætur, sem verkamönnum átti nú að áskotnast og öllum hinum tryggðu bara sem afleiðing af breyttum þjóðfélagsháttum á þeim tíma, sem endurskoðunin fer fram. Ég fæ ekki betur séð en að hækkun á ellilífeyri og öðrum bótum sé mestmegnis, ef ekki að öllu leyti, bara tilfærsla til samræmis við aukna dýrtíð og hækkaðar tekjur hjá öðrum og að það sé ekki í gegnum þær hækkanir verið að skila þeim 8 millj., sem þarna eru ranglega teknar út úr tryggingunum.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta atriði, en ég vildi gera það ljóst, bæði hæstv. ríkisstj. og meðnefndarmönnum mínum og öllum hv. þm., að verkalýðssamtökin þykjast grátt leikin af aðila, sem þau hafa treyst, með því að rifta þessu gerða samkomulagi úr verkfallinu 1952.

Þá kemur að 2. mgr. 16. gr. Það er ákvæði, sem þær frú Auður Auðuns og Rannveig Þorsteinsdóttir lögðu áherzlu á að fengist fellt niður. Ég er þeim sammála um, að það fer betur á því, að þessi mgr. sé felld niður, og ég legg það til í minni 4. brtt.

Þá legg ég enn fremur til, að við 1. mgr. komi þessi viðbót: Auk þess fái einstæðar mæður fjölskyldubætur eftir sömu reglum — þ. e. a. s. strax umfram eitt barn í fjölskyldu.

Síðasta brtt. mín við 16. gr. er svo bein afleiðing af þessu, að fjölskyldubætur eigi að greiðast strax með öðru barni. Þá verða ákvæðin þannig:

Árlegar fjölskyldubætur skulu vera sem hér segir: Með öðru barni í fjölskyldu kr 400.00, með þriðja barni í fjölskyldu kr. 600.00, með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu kr. 1200.00.

5. brtt. mín er við 17. gr. Þar stendur í næstsíðustu mgr., að árlegur barnalífeyrir með hverju barni skuli vera 2400 kr. á fyrsta verðlagssvæði og 1800 kr. á öðru verðlagssvæði. Þessar tölur báðar eru búnar að standa lengi óbreyttar, hafa sennilega gleymzt, og þess vegna tel ég fulla ástæðu til þess, að grunntalan þarna verði hækkuð. Auðvitað bind ég mig aðeins við töluna, sem á við fyrsta verðlagssvæði, en í samræmi við aðrar till. mínar fellur hin síðari og lægri niður, og er þá brtt. mín þessi: Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 2700.00 — í staðinn fyrir kr. 2400.00 og 1800.00 og gilda fyrir landið allt.

Síðasta mgr. 17. gr. er á þessa leið: „Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 50%.“ Í brtt. minni segir: Tvöfaldur barnalífeyrir skal greiddur vegna munaðarlausra barna.

Þá er næsta brtt. mín við 19. gr. Í 19. gr. segir, að fæðingarstyrkur skuli vera 900 kr. við hverja fæðingu. Þetta má segja að sé í senn hækkun og lækkun, því að þetta var að grunnupphæð 600 kr., er nú fært í 900 kr. Hins vegar er ekki reiknað með þeim aðstöðumun, sem þarna getur verið um að ræða, og fellt niður ákvæði, sem vernduðu konur í þeim tilfellum, og er það til hins verra. Þess vegna vil ég bæta við 19. gr. svo hljóðandi mgr.: Móðir, sem missir atvinnutekjur sínar vegna barnsburðar, skal auk þess fá 600 kr. viðbótarfæðingarstyrk.

Það er óneitanlegt, að aðstöðumunur getur þarna verið mikill. Einstæð móðir missir alveg niður allar sínar atvinnutekjur fyrir og eftir barnsburð og meðan á honum stendur. Aðrar konur geta verið þannig settar, t. d. í fastri stöðu, að þær fái áframhaldandi greidd laun meðan á barnsburði stendur og fyrir og eftir. Og er það ekki í samræmi við þessa gerólíku aðstöðu, að aðeins sé greidd 900 kr. upphæð í öllum tilfellum.

Þá kem ég að 7. brtt. minni, sem er við 21. gr. Hún er aðeins smávægileg breyting og afleiðing af því, að ég lagði til, að landið yrði eitt verðlagssvæði. Hún er um það, að orðin „og verðlagssvæðunum“ falli niður úr þeirri grein.

Þá er komið að 22. gr. frv. Hún er um það, að fullur elli- og örorkulífeyrir skuli því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr því marki, sem síðar segir í greininni, þ. e. a. s. fari ekki fram úr 1⅓ hluta lífeyris, ef um einstaklinga er að ræða, fari ekki fram úr fullum lífeyri, ef um hjón er að ræða, og ekki fram úr 1¾ hlutum hjónalífeyris, þegar um hjón er að ræða og aðeins annað fær lífeyri. Þetta er sem sé greinin um skerðingarmörkin, um skerðingu ellilífeyris til einstaklinga og hjóna.

Mín till. er auðvitað sú, að skerðingin falli niður, eins og fyrirheit var gefið um, þegar tryggingalöggjöfin var sett. Það var talað um, að skerðingin ætti einungis að vera fyrstu fimm árin, nú er hún búin að gilda 10 fyrstu árin, og þetta þá réttlætt með því, að þá væri fólk að byrja að greiða sín tiltölulega hærri iðgjöld en áður hafi verið greidd til þess að skapa sér rétt til ellilífeyris. Nú er þetta byrjunartímabil liðið og það tvöfalt meira að segja, og allir væntu þess, að skerðingarnar yrðu niður felldar og að

menn fengju fullan ellilífeyri, eftir að þeir hefðu náð 67 ára aldri, síðan yrði hjá þeim, sem tekjuháir væru, skorið af þessu meira og minna eftir tekjuhæð að skattlagningarleiðum. Á þeim reglum byggir tryggingalöggjöfin að mörgu leyti, t. d. algerlega að því er snertir allar fjölskyldubætur. Milljónamæringurinn fær fjölskyldubætur, hátekjumaðurinn, sem hefur 100 þús. í tekjur á ári, fær sínar fjölskyldubætur óskertar. Enginn í nefndinni hefur tekið í mál nein skerðingarákvæði, sem þar skuli lögfest. Það er bara, þegar um gamalmennin er að ræða. Þetta er brot á öllu réttlæti, þetta er stórkostlegt missmíði á frv. og alveg óviðunandi að ganga þannig frá því. Úr því að ekki eru skerðingarákvæði um fjölskyldubætur, eiga ekki heldur að vera nein skerðingarákvæði að því er snertir ellilífeyrinn. Ég vil því vona, að þessi till., sem er ein af mínum aðalbrtt. við frv., nái samþykki. Skerðingin á ellilífeyri einum út af fyrir sig er á engan hátt réttlætanleg.

Ég hafði hugsað mér að bera fram ekki aðeins þessa till. um niðurfellingu greinarinnar og þar með burtfall skerðingarinnar, heldur hafði hugsað mér það sem aðaltill. og síðan varatill. um það, að í staðinn fyrir „⅓ hluta lífeyris“ kæmi 1½ lífeyri — í staðinn fyrir „1¾ hlutum lífeyris“ kæmi: tvöfaldur lífeyrir — og í staðinn fyrir „fullum lífeyri“ kæmi: fullum einstaklingslífeyri, og enn fremur, að þegar tekjur hafi náð jafnhárri upphæð og 3⅓ lífeyris hjóna, skuli í þess stað koma: þreföldum lífeyri. En meðnm. mínir voru tilleiðanlegir til að athuga til 3. umr. breytingar á greininni, ef hún yrði nú ekki felld niður, breytingar, sem hugsanlegt væri að samkomulag gæti náðst um að aðaltill. fallinni. Ég kýs auðvitað langhelzt, að mín aðaltill. verði samþ.

Út af þessum hugleiðingum um að athuga greinina nánar, þegar séð væri, hvort aðaltill. yrði samþ. eða ekki, hætti ég við að bera fram mínar varatill. við þessa grein við þessa umr. og er ákveðinn að gera það við 3. umr., ef ekki tekst svo giftusamlega til, að við í nefndinni allir getum fundið einhverja samkomulagsleið um efni og innihald greinarinnar, ef hún á annað borð á að standa. En mikið legg ég sem sé upp úr því, að aðaltill„ sem nú er borin fram um niðurfellingu 22. gr., nái samþykki og að skerðing á ellilífeyri verði þannig úr sögunni. Hins vegar teldi ég einsætt, ef þingmeirihluti er fyrir skerðingu á ellilífeyri, að þá athugaði sá sami þingmeirihluti, hvort hann teldi þá ekki rétt að setjast niður og semja einhverjar skerðingarreglur um fjölskyldubætur til stórefnamanna, stóreigna- og hátekjumanna. Þá væri þó stefnt að meira samræmi í lögum og skerðingarnar ekki aðeins látnar ná til gamalmenna.

9. brtt. mín er við 24. gr. Greinin er um það, hvernig þungi tryggingganna skuli hvíla á þeim aðilum, sem eiga að bera þann þunga uppi. Þar segir, að útgjöld lífeyristryggingganna skuli eftirtaldir aðilar bera og skuli framlög og iðgjöld þeirra ákveðin með það fyrir augum, að kostnaðurinn skiptist í þeim hlutföllum, sem hér greinir: að ríkissjóður skuli alltaf bera 33% af kostnaðinum, hinir tryggðu 33% eða jafnt og ríkið, sveitarsjóðir 19% og atvinnurekendur 15%.

Haraldur Guðmundsson, forstjóri trygginganna, bendir á, að með þessari skiptingu verði þunginn af tryggingunum aukinn á hinum tryggðu og fari jafnvel fram úr því marki, sem reiknað hafði verið með sem hámarki frá öndverðu, eða um 4% af meðaltekjum manna. T. d. dugir ekki að leggja 4% af lágmarksverkamannatekjum, ef byrði hinna tryggðu er ætluð 33%. Það er því í samræmi við till. Haralds Guðmundssonar, fyrirvara hans hér fyrir aftan, þegar ég legg til, að *þessari till. verði breytt sem hér segir:* að ríkissjóður beri 40%, hinir tryggðu 30% í staðinn fyrir 33%, sveitarsjóðir 15% og atvinnurekendur 15%. Till. gengur sem sé út á það, að ríkið taki á sig nokkra aukningu af byrðunum, það sé létt dálítið á hinum tryggðu, um 3%, og enn fremur að létt sé á sveitarsjóðum, sem margir eru í fjárþröng af því, hve ríkið gengur nærri tekjustofnum þeirra, og að atvinnurekendur og sveitarsjóðir séu þá jafnir hvor með sín 15%. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að það að ákveða þetta svona í hlutföllum á þessa fjóra aðila sé til bóta til þess að þurfa ekki að lenda í því bjástri, sem við höfum lent í frá ári til árs, að vera alltaf vegna breytts verðlags í landinu að ákveða breytingar á tryggingalöggjöfinni að því er framlög til hennar snertir. Með þessu er ákveðið, að þessir aðilar skuli bera uppi allan kostnað af tryggingunum í ákveðnum hlutföllum, og gerir það óþarft að vera þá að taka það til athugunar við hver áramót, hver tekjuþörfin sé, og afgreiða sérstakan frumvarpsböggul með í ársbyrjun alltaf.

Þá er ég kominn að því, sem raunar sést ekki af mínum brtt. af vissum ástæðum, og það er það, að ég hafði í n. lagt til, að eftir 23. gr. í þessum kafla kæmi ný grein, sem yrði 24. gr. og væri á þessa leið:

„Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkvæmt 1. málsgr., á hún endurkröfurétt á hendur föðurnum.

Verði vanskil af hendi föðurins, skal innheimta kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar eða þess, er framfærslu barnsins annast í hennar stað, nema Tryggingastofnunin kjósi heldur að innheimta hana beint frá framfærslusveit föðurins, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum.

Um rétt dvalarsveitar á hendur framfærslusveit og framfærslusveitar á hendur barnsföður fer svo samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.“

Þessi brtt. mín átti að kippa því í liðinn, sem mörgum hefur þótt mjög til hins verra samkv. frv., eins og það nú liggur fyrir, það er niðurfelling á 27. og 28. gr., að mig minnir, í gildandi tryggingalögum og er þess efnis í stuttu máli, að við niðurfellingu þessara greina er ætlazt til þess, að mæður, sem hafa úrskurð yfirvalds um barnalífeyri, fái ekki lífeyrinn greiddan í gegnum tryggingarnar, eins og verið hefur, heldur skuli þær snúa sér til oddvitans í sinni dvalarsveit og reyna að kría meðlagið út þar. Nú er það alveg

vitað, að mörg sveitarfélög eru oft og tíðum í fjárþröng, atvinnuástand og aðrar ástæður geta leitt til þess, og þannig fullvíst, að öll skuldheimta á hendur slíkum sveitarfélögum er erfið. Ef það er niðurstaðan, að Tryggingastofnuninni hafi með öllum sínum styrk og sinni aðstöðu, sínu bolmagni, ekki tekizt að innheimta þessi meðlög, þá er alveg víst, að þetta yrði mjög svo mikill vonarpeningur hjá þeim stúlkum, sem nú yrðu í staðinn að taka innheimtuna í sínar hendur og eiga hana við ekki fésterkari aðila en sum sveitarfélögin eru. Öll kvennasamtökin höfðu í sínum till. vikið að þessu atriði og verið með ákveðnar till. um það, að Tryggingastofnunin annaðist þessa þýðingarmiklu þjónustu áfram. En samkvæmt frv., eins og það liggur fyrir, eru greinar gildandi tryggingalöggjafar um þetta atriði felldar niður og síðan gerð breyting á lögum um meðlög með óskilgetnum börnum og þeim ákvæðum breytt þannig, að móðirin skuli sækja þennan rétt sinn í hverju tilfelli á hendur sveitarstjórn í dvalarsveit sinni. Ég hafði síðan valið hinni nýju grein til þess að koma þessum réttindum aftur inn í tryggingalagafrv. það form, sem gilti hjá tryggingunum fyrir nokkrum árum og starfsmenn í stofnuninni sögðu mér að hefði gefizt Tryggingastofnuninni miklu betur en fyrirkomulagið, sem nú hefur verið í gildi hin síðustu ár, þ. e. a. s. fyrirkomulag, sem leiddi til þess, að Tryggingastofnunin á úti stórar upphæðir, ég held að það séu milljónaupphæðir, af þessum sökum. Gamla fyrirkomulagið hafði gefizt betur, það hafði verið alveg öruggt fyrir barnsmæðurnar og Tryggingastofnunin hafði orðið fyrir minna afhroði, meðan það gilti, Ég lagði því til, að hið eldra fyrirkomulag, sem byggðist á því, að Tryggingastofnunin annaðist þessa þjónustu, yrði aftur upp tekið. Þá gerðist það í nefndinni, og það vil ég gera áheyrendum ljóst, að meðnm. mínir tóku fram frv., sem á að afgreiðast nokkurn veginn samtímis tryggingalagafrv., frv., sem er um breytingar á innheimtu á meðlögum óskilgetinna barna, en þar segir, að barnsmóðir, sem hefur úrskurð yfirvalds, geti snúið sér til oddvita til þess að innheimta meðlagið. Verði tregða á innheimtu hjá oddvitanum, þá segir í greininni, að hún eigi að leita aðstoðar yfirvalds um innheimtuna. Nú liggur fyrir yfirlýsing um það, að þessu orðalagi í því frv. skuli breytt á þann veg, að í þessu tilfelli skuli bætast inn í, að ef tregða er á greiðslu hjá oddvita, þá skuli yfirvaldinu skylt að sjá um, að barnsmóðirin fái greiðslu á meðlaginu. — Þegar þessi breyting hafði fengizt inn í það frv. með samkomulagi við alla meðnm. mína, gerði ég upp dæmið þannig: Hvort er nú betra að sætta sig við þá orðalagsbreytingu og þann rétt, sem það veitir barnsmóður í sinni dvalarsveit um að ná meðlaginu, eða að halda fast við þessa brtt. við tryggingalagafrv., vitandi, að hún eins og allar brtt. mínar verður felld, og þá verður að sitja við hið óbreytta frv. og það réttleysi, sem það orðalag skapar barnsmóður? Ég tók því þann kostinn að segja við mína meðnm.: Ég fell frá till. um nýja grein á eftir 23. gr. um, að Tryggingastofnunin annist þessa innheimtu, og mun heldur fylgja hinu frv. svo breyttu, þannig að ákveðið sé í því, að yfirvaldið skuli sjá um greiðslu henni til handa.

Þetta er ástæðan fyrir því, að í mínum brtt. er enginn stafur um það, hvernig skuli verða við þessum margendurteknu kröfum allra samtakanna um að taka 27. og 28. gr. núgildandi tryggingalaga aftur upp í frv. Ég tel, að þessu máli sé betur borgið með þeirri breytingu, sem ég hef nú fengið tryggða á frv. um meðlagsgreiðslur óskilgetinna barna, heldur en að setja þessa mína fyrri till. undir atkvæði og láta fella hana og verða svo við svo búið að láta standa.

Þá er komið að því efnisatriði, sem hv. frsm. meiri hl. gat um, að upphaflega hefði verið ráð fyrir því gert, að sérstakur kafli um heilsuvernd kæmi til framkvæmda eins fljótt og verða mætti, en að kaflinn um slysatryggingar, þar með öll ákvæðin um rekstur sérstakra sjúkrasamlaga, skyldi aftur niður falla, þegar heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda. Það er alveg áreiðanlegt, að ég er ekki einn um að hafa gert mér vonir um, að heilsugæzlukaflinn kæmi til framkvæmda og slysatryggingarnar féllu niður í því formi, sem þær hafa verið, þegar lögin yrðu endurskoðuð. Ég taldi því ekki koma annað til mála en að leggja til, og það geri ég í minni 12. brtt., að í stað IV. kafla (sjúkratryggingar) komi nýr kafli: Heilsugæzla, með 24 greinum. Og í brtt. mínum er síðan allur sá kafli tekinn upp og þar í öllum aðalatriðum byggt á heilsugæzlukaflanum, eins og hann var í tryggingalöggjöfinni, þegar hún var sett, með nauðsynlegum breytingum. Þetta er að mínu áliti, auk till. um, að landið sé eitt verðlagssvæði og að skerðing ellilífeyris falli niður, þriðja meginbreytingartill. mín við frv., að sjúkrasamlögin skuli niður falla og heilsuverndarkaflinn koma til framkvæmda.

Ég veit ekki betur en að frá öndverðu hafi verið stefnt að því að skapa smám saman skilyrði til þess, að heilsugæzlan yrði möguleg. Það er búið að koma á fót í mörgum kaupstöðum landsins heilsuverndarstöðvum. Hér í Reykjavík er búið að byggja fyrir nokkrar millj. kr. heilsuverndarstöð, og þetta átti að vera hyrningarsteinninn undir því, að hægt væri að taka upp heilsugæzluna sem einn lið í tryggingunum, og ég vil segja: Það var frá mínu sjónarmiði og margra annarra höfuðhugsjónin með tryggingunum að koma á heilsuvernd og heilsugæzlu í staðinn fyrir þennan sífellda eltingarleik lækna við sjúkdómana, eftir að þeir eru komnir í algleyming. Því miður er nú ekki látið við það sitja í þessari endurskoðun að hafa það eins og í tryggingalöggjöfinni hefur verið, alltaf sífelld ákvæði um, að heilsuverndarkaflanum sé frestað, framkvæmd hans sé frestað enn þá. Það var þó við það unandi frá ári til árs, einkanlega meðan gagnger endurskoðun var fram undan. En nú er slegið striki yfir allan kaflann og hann numinn burt úr tryggingalöggjöfinni, svo að hans sér þar ekki stað lengur. Það sem sé virðist vera alveg horfið frá því að hugsa til þess, að tekin verði upp heilsugæzla í landinu og komið upp heilsuverndarstöðvum smám saman um landið, allt til þess að gera þetta framkvæmanlegt, og það er það, sem mér finnst vera stórkostlegasta sporið aftur á bak, stökk aftur á bak, að mþn.

skuli leggja til, að heilsugæzlukaflinn sé felldur niður.

Um þetta atriði er vitnað til þess, að sveitarstjórnirnar hafi verið spurðar og yfirgnæfandi meiri hluti sveitarfélaganna hafi svarað: Við viljum halda í okkar sjúkrasamlög, við viljum ekki fá heilsugæzlukaflann í framkvæmd. — Nú viðurkenndi hv. frsm. meiri hl., hv. þm. A-Sk. (PÞ), það, að það *væri veikur punktur í* tryggingunum, hin litlu og getulitlu sjúkrasamlög, þau þyrftu ekki að verða fyrir meira áfalli en að einn maður væri sjúkur á samlagssvæðinu um lengri tíma og þá væri samlagið í rauninni gjaldþrota. Í þessu er engin trygging, og það var það, sem var fyrir fram séð og vitað. En heldur en að hverfa frá þessu byrja hinir vísu menn í mþn. að leggja höfuðin í bleyti: Hvernig er hægt að lappa við þetta, hvernig er hægt að fyrirbyggja, að þessi örsmáu og getulausu sjúkrasamlög verði eitthvað svolítið getumeiri? Jú, það er gert með því að klúðra saman héraðssjúkrasamlögum. Það má vera, að þau verði *eitthvað getumeiri*, þoli t. d. tvö eða þrjú sjúkratilfelli langvarandi, en það er áreiðanlegt, að það getur líka farið svo, að þeirra fjárhagslega geta rísi ekki undir og þau séu í rauninni gjaldþrota á tiltölulega skömmum tíma. Það er líka ákaflega mikill þyrnir í augum almennings, að sjúkrasamlögin eru sums staðar orðin stórbákn, mannfrek og rándýr, og fólk stendur a. m. k. í þeirri meiningu, að með því að hafa Tryggingastofnunina sér, sjúkrasamlag, eins og t. d. hér í Rvík, sér, þá séu þarna tvö skrifstofubákn orðin til, sem ekki séu fullkomlega nauðsynleg og væri hægt að komast af að mestu leyti með annað þeirra, ef horfið væri að því ráði, sem lofað var, að leggja sjúkrasamlögin niður og taka heilsugæzlustarfsemina upp. Það verður ákaflega erfitt að sannfæra fólk um, að með því að hafa sjúkrasamlögin áfram auk tryggingakerfisins alls sjálfs, verði ekki að heimta hærri iðgjöld af hverjum einstökum tryggðum. Það er því alveg áreiðanlegt, að hvað sem sveitarstjórnunum í einkanlega sveitahreppunum líður, sem ekki vilja missa af sínum litlu sjúkrasamlögum, vilja hafa þau heima hjá sér sem sjálfsagðar stofnanir, þá er það ósk einstaklinganna í landinu, ekkert síður til sveita en í kaupstöðum, að heilsugæzlukaflinn komi til framkvæmda. Ég er því alveg viss um, að þegar ég legg það til, er ég með sennilega langsamlega mikinn meiri hluta þjóðarinnar á bak við mig, hvað sem svörum sveitarstjórnanna í hinum smærri sveitarfélögum líður.

Eins og gefur að skilja, flyt ég engar brtt. við kaflann um *sjúkratryggingarnar*. Ég vil helzt, að sá kafli hverfi allur með samþykkt till. um, að heilsugæzlan sé tekin upp. En verði aðaltill. mín felld, legg ég þó til, að breyt. sé gerð á 52. gr. í þeim kafla, og legg til, að stafliður b í 52. gr. hljóði svo:

„Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun.“ Þetta er svona í greininni, en þarna vil ég að bætist við: „Nemi greiðslur hins tryggða samkvæmt þessu hærri upphæð á ári en nemi iðgjaldi hans, þá endurgreiðir Tryggingastofnunin upphæðina gegn kvittunum frá lækni eða læknum.“

Það hefur verið lögð mikil áherzla á það, að sagt er, fyrst og fremst til þess að firra læknana óþægindum af tilefnislausum vitjunum og viðtölum, að heimila þeim í þessari grein að taka 5 kr. *gjald fyrir* hvert viðtal og 10 kr. gjald fyrir hverja vitjun. Það má vel vera, að það sé réttlætanlegt að gera þetta að fenginni reynslu, að læknarnir séu oft ónáðaðir að tilefnislausu og að hugsunin sé að draga úr þessu kvabbi með þessari greiðslu, 5 kr. og 10 kr. gjaldi, en í mörgum tilfellum getur það verið svo, að þetta sé vegna tíðra sjúkdóma á heimili og að þessi gjöld, 5 og 10 kr. gjöldin, komi til með að verða allhá upphæð hjá fjölskyldu, sem á við mikla vanheilsu að stríða. Þá sé ég ekki nokkra ástæðu til annars en að tryggingarnar standi við sína skyldu gagnvart slíkri fjölskyldu og láti í té alla sína þjónustu án nokkurs aukagjalds og endurgreiði þannig þessa friðunarpeninga til læknanna. Ef til vill hefði verið eðlilegra að fara aðra leið, það játa ég, og það er að neita um þessi gjöld, því að þarna hverfa 5 kr. og 10 kr. ofan í vasa læknis við hvert einasta viðtal eða hverja einustu vitjun, og þetta verða auðvitað peningar, sem ómögulegt er að hafa eftirlit með til skatts og yrðu þá aukatekjur hjá læknum, sem fæstir eru nú alveg blásnauðir menn og ég sé ekki neina ástæðu til, að sé hyglað á þennan hátt, enda er ekki látið í veðri vaka, að sú sé ætlunin. Það hefði mátt velja þarna um þetta tvennt, að leggja til, að þessi nýju gjöld væru ekki heimiluð, greinin felld niður, eða þá láta Tryggingastofnunina, eins og ég legg til, endurgreiða þetta í þeim tilfellum, þegar sýnilega væri um vitjanir og viðtöl að ræða að fullu tilefni vegna sjúkleika. Þetta er vitanlega ekkert stóratriði. Hin stóru atriðin hef ég þegar gert að umtalsefni.

Þá er hér að lokum *13. brtt. mín*. Hún er við 59. gr., um það, að síðasti málsliður þeirrar greinar orðist svo:

Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 20% lágmarksbóta.

Þetta er svo í greininni, að ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, sé Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta. Þessi smágreiðsla er tvöfölduð samkvæmt minni till., og hún er nú ekki nema 66 kr. mánaðarlega á einstakling samkvæmt frv. og yrði þannig 130 kr. rúmar samkvæmt minni till. Þetta er til þess, að þegar bótaþegi dvelst á sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem tryggingarnar eða ríkisframfærslan greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti og bótagreiðslur vegna algers tekjuleysis falla niður, þá er þetta svona til þess að tryggja, að viðkomandi hafi einhverja aura milli handa, t. d. tóbaksmaður geti fengið sér neftóbak eða eitthvað svoleiðis, geti sent frá sér bréf eða eitthvað því um líkt. Útgjaldaatriði fyrir tryggingarnar er þetta ekkert, og þarna er ekki heldur um að ræða nema smáaura til þeirra, sem algerlega tekjulausir eru, og get ég því ekki ímyndað mér

annað en að menn vilji lagfæra það á þann hátt, að þetta nái þeim tilgangi, sem ætlunin er með ákvæðinu.

Nú hef ég gert grein fyrir þeim brtt., sem ég hef séð ástæðu til að flytja við þessa umræðu, en eins og ég gat um áðan, mun ég, svo framarlega sem ekki verður samkomulag um breytingar á 22. gr., ef svo fer, að till. mín um niðurfellingu gr. verði ekki samþykkt, við 3. umr. bera fram nýja till. við 22. gr. og ef til vill við nokkur önnur atriði frv.

Að öðru leyti get ég látið máli mínu lokið og óska þess, að frv. verði samþykkt í þessari hv. deild, eins og ég hef lagt til, og tel þá, að tryggingalöggjöfin hefði orðið fyrir verulegum endurhótum við þá endurskoðun, sem fram hefur farið, og við meðferð Alþingis.

Þær till., sem ég legg höfuðáherzlu á, eru því fyrst og fremst þessar þrjár: að landið verði eitt verðlagssvæði, að skerðing á ellilífeyri verði burt felld og að heilsugæzlukaflinn verði tekinn upp og samþykktur og framkvæmdur eins fljótt og verða má, í stað þess að stíga það stóra skref aftur á bak að nema hann úr gildi út úr tryggingakerfinu og ætla sér að halda áfram með sjúkrasamlögin, sem aðeins voru þó upphaflega hugsuð sem bráðabirgðaatriði.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Áður en ég vík að efni frv. og brtt., sem hér hafa verið ræddar, vildi ég vekja athygli hæstv. forseta á því, að hæstv. félmrh. er fjarstaddur sökum veikinda, og getur hann ekki á þessum fundi gert athugasemdir við málið, þótt hann kynni að hafa hug á því, og yrði því að fresta umr., ef ætti að veita honum tækifæri til þess að gera grein fyrir sínu áliti.

Hv. 3. landsk. hefur nú í alllangri ræðu gert grein fyrir þeim brtt., sem hann flytur á þskj. 269. Ég vil leyfa mér að fara um þær brtt. nokkrum orðum, og mun þá koma í ljós, af hvaða ástæðum meiri hl. heilbr.- og félmn. gat ekki fallizt á að mæla með þessum brtt.

1. brtt. er við 10. gr. frv. og fjallar um það, að ákveðið verði í löggjöfinni, að landið skuli vera eitt verðlagssvæði, og hv. 3. landsk. tók fram, að þetta væri ein af þremur brtt., sem hann legði mesta áherzlu á.

Þegar lögin um almannatryggingar voru sett 1946, var svo ákveðið í 14. gr. þeirra, með leyfi hæstv. forseta:

„Skipta skal landinu í tvö verðlagssvæði. Til fyrsta verðlagssvæðis teljast kaupstaðir og kauptún með 2000 íbúum eða fleiri, til annars verðlagssvæðis allir aðrir staðir á landinu. Þó er heimilt að færa kaupstaði eða kauptún milli verðlagssvæða, ef óskir koma fram um það frá hlutaðeigandi sveitarstjórn og rannsókn á framfærslukostnaði á þeim stað réttlætir tilfærsluna.“

Allt frá því að lögin voru sett 1946, hefur verið í gildi heimild til þess að færa kaupstaði og kauptún á milli verðlagssvæða, en þessi heimild hefur verið lítt eða ekki notuð, vegna þess að umsóknir um þetta frá sveitarstjórnunum hafa ekki legið fyrir.

Mþn., sem hafði þetta mál til athugunar, leitaði einnig álits sveitarstjórnanna um þetta atriði, og svör sveitarstjórnanna í landinu voru þau, að með skiptingunni mæltu um 90 sveitarstjórnir, 45 vildu afnema hana, en 30 svöruðu ekki spurningu nefndarinnar um þetta atriði. Frá þessu atriði er því gengið í frv. að mjög vel athuguðu máli og eftir að hafa leitað álits sveitarstjórnanna í landinu um það, og hefur þótt rétt að þessu athuguðu að haga ákvæðum greinarinnar á svipaðan hátt og gilt hefur s. l. 10 ár, þannig að landinu skuli skipt í tvö verðlagssvæði, en heimilt er áfram að færa sveitarfélag milli verðlagssvæða, ef rökstuddar óskir þess efnis koma frá hlutaðeigandi sveitarstjórn.

2. brtt. hv. 3. landsk. er við 13. gr. frv. Ég gat þess í framsöguræðu minni um þetta mál, að meiri hl. n. legði til, að nokkur hækkun yrði gerð á þeim tölum, sem í frv. eru, í 13. gr. þess, um hæð árlegs ellilífeyris. Sú brtt., sem meiri hl. n. leggur til að verði samþ., er gerð til samræmis við ákvæði hinna nýju launalaga. Nú leggur hv. 3. landsk. til, að þessar tölur verði hækkaðar enn að nokkrum mun frá því, sem meiri hl. n. leggur til. Hv. 3. landsk. gerði ekki grein fyrir því, á hvaða rökum þessi breyting hans er reist, og það hefur ekki komið fram, að það hafi verið athugað, hve mikilli hækkun hún muni valda. Vitanlega má segja, að um þetta gildi þau almennu rök, að það sé bótaþegum til hags að spenna greiðslurnar sem hæst, en það gildir þá jafnt um alla þætti málsins, og ef á að hafa það sjónarmið fyrst og fremst í huga, þá er vissulega þörf í því sambandi að gera sér grein fyrir, hvaða byrðar falla á Tryggingastofnunina í sambandi við það.

3. brtt. hv. 3. landsk. er við 15. gr. frv. Eins og lögin eru nú og gert er ráð fyrir að haldist í frv., er lífeyrir til hjóna, þegar bæði taka lífeyri, nokkru lægri en til tveggja einstaklinga. Nú er 15. gr. frv. þannig, að hún veitir heimild til þess að greiða eiginkonu elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 60% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Hugsunin, sem að baki þessu liggur, er sú, að ástæður hjóna geti verið þannig, að þau hafi þörf á að fá fjárhæð sem svarar hjónalífeyri, þó að konan sé ekki orðin fullra 67 ára, sé nokkru yngri. Greinin, eins og hún er í frv., er miðuð við, að hægt sé að ná þessu marki, að veita öldruðum hjónum þessa aðstoð, þó að konan sé ekki orðin fullra 67 ára. En samkv. till. hv. 3. landsk. mundu hjón, sem svona er ástatt um, fá hærri greiðslu, ef konan væri t. d. 65 ára og maðurinn 67 eða 68 ára, heldur en fullum hjónalífeyri nemur. Af þessu mundi leiða það, að þegar bæði hjónin yrðu komin á lífeyrisaldur, þ. e. a. s. 67 ára eða eldri, mundu greiðslur til þeirra lækka samkv. þessari brtt., þó að ástæður þeirra væru að öðru leyti óbreyttar. Þetta finnst meiri hl. n. óeðlilegt og mælir ekki með, að þessi brtt. verði samþ.

Hv. 3. landsk. fór allmörgum orðum um það ákvæði frv., að gert er ráð fyrir því, að fjölskyldubætur verði felldar niður með öðru barni í fjölskyldu. Ég gat þess í framsöguræðu minni, að við athugun málsins hefði mþn. valið að fara þessa leið, en sú till. mun ekki vera byggð á því,

að ríkisstj. hafi gefið nein fyrirmæli í þessu sambandi, heldur mun mþn. hafa komizt að þessari niðurstöðu eftir nákvæma athugun málsins. Og þess má geta, að ævinlega síðan þetta ákvæði var sett inn í tryggingalögin, hefur það þótt orka tvímælis, hvort eðlilegt væri að halda þessu ákvæði í gildi, m. a. með tilliti til þess, að það nær ekki til verkamanna einna eða þeirra, sem höllustum fæti standa, heldur til allra fjölskyldna í landinu, sem hafa á framfæri sínu tvö börn eða fleiri. Ég gat þess í framsöguræðu minni, að sparnaður, sem af þessu leiddi, næmi 8 millj. kr. Það er þó alls ekki gert ráð fyrir því að skerða fjárhag Tryggingastofnunarinnar sem þessu nemur, heldur er sá kostur valinn samkv. frv. að dreifa þessum 8 millj. á aðra liði, svo að þær komi til nota aðilum í þjóðfélaginu, sem að áliti þeirra, er málið hafa athugað, eru taldir hafa meiri þörf fyrir þessa fjárhæð en fjölskyldur, sem hafa tvö börn á framfæri.

Hv. 3. landsk. fór um það nokkrum orðum, að hann áliti, að með því að gera þessa breytingu væri brugðið loforði, sem verkalýðssamtökunum hefði verið veitt í sambandi við lausn vinnudeilunnar 1952. Það liggur nú í augum uppi, að ríkisstj. getur aldrei bundið hendur löggjafarvaldsins svo til frambúðar, að ekki sé ævinlega opin leið til þess að breyta löggjöf, ef löggjafinn kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé eðlilegt. Og fyrir því eru mörg dæmi í ýmissi löggjöf, sem sett hefur verið, að gerðar séu tilfærslur á hlunnindum eða greiðslu styrkja og annarra hlunninda, sem að áliti þeirra, sem það hafa athugað, koma að betri notum á annan veg en áður hafði verið ákveðið. Ég vil sem dæmi nefna jarðræktarlögin. Þeim hefur oft verið breytt hér á hv. Alþ., og það hefur iðulega komið fyrir, að horfið hefur verið frá að veita styrki eða framlög til ákveðinna þátta, sem gert hefur verið um skeið, en fjárhæðinni varið þá til aukinna framlaga á öðrum sviðum. Hið sama má segja, svo að tekið sé dæmi annars staðar að, um lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingu sveitabýla. Um eitt skeið var það t. d. í lögum, að veita skyldi dálitinn styrk til endurbyggingar íbúðarhúsa í sveitum, óafturkræfan styrk. Þessu breytti löggjafinn að athuguðu máli, ekki til þess að gera hlut aðilanna, sem fyrirgreiðslunnar eiga að njóta, rýrari, heldur til þess að veita þeim ríflegri aðstoð með auknum lánveitingum í þess stað. Fleiri dæmi af þessu tagi mætti vissulega nefna. Ég hygg enn fremur, að samningur sá, sem gerður var 1952 um lausn vinnudeilunnar, sé að miklu eða öllu leyti fallinn úr gildi. Það hafa átt sér stað kauphækkanir síðan, sem verkalýðsfélögin hafa átt frumkvæði að, og ýtir það undir, að ástæður kunna að vera til að athuga þetta atriði einnig.

Hv. 3. landsk. sagði, að sjálfsagt hefði verið að veita aðrar bætur, þó að þetta ákvæði hefði haldizt. M. ö. o.: Hann gerir till. um það, að þessar 8 millj., sem færðar eru til milli einstakra þátta bótakerfisins, renni áfram til fjölskyldubóta, en allar aðrar bætur verði veittar eigi að síður. Af því leiðir 8 millj. kr. hækkun á framlögum til Tryggingastofnunarinnar. Nú kann vel að vera, að ýmsum finnist það rétt og eðlilegt, en það liggur þó fyrir, að þeir aðilar, sem framlögin greiða til Tryggingastofnunarinnar, þeir, sem kostnaðinn bera, vilja stilla starfseminni í hóf. Af þeim ástæðum mun áreiðanlega spretta viðhorf sveitarstjórnanna til þess að hafa verðlagssvæðið ekki eitt, heldur tvö, þar sem þær byrðar, sem lagðar eru á iðgjaldagreiðendur á öðru verðlagssvæði, eru nokkru léttari en á fyrsta verðlagssvæði. Og af sömu ástæðu mun það líka vera sprottið, að mikill meiri hluti sveitarstjórnanna telur eðlilegt, að skerðingarákvæði í einhverri mynd haldist áfram.

Þá gerir hv. 3. landsk. till. um það, að einstæðar mæður fái fjölskyldubætur auk mæðralauna, sem þeim eru ákveðin samkv. frv. Um þetta gildir auðvitað hið sama og um aðra þætti málsins, að öðrum þræði verður alltaf að líta til þess, hvað fært þykir að auka framlög til Tryggingastofnunarinnar. En í því sambandi vil ég ítreka það og leggja á það áherzlu, að með þessu frv. er gengið mjög til móts við það sjónarmið að auka réttindi til einstæðra mæðra, með því að gert er ráð fyrir, að heildarhækkun Tryggingastofnunarinnar til mæðralauna nemi 2 millj. kr. frá því, sem er í gildandi lögum.

8. brtt. hv. 3. landsk. er við 22. gr., þar sem hann leggur til, að greinin um skerðingu lífeyris vegna annarra tekna verði felld úr gildi, og hv. ræðumaður tók fram, að þetta væri ein af þremur brtt., sem hann legði mikla áherzlu á. Ég hef þegar tekið fram í þessum umræðum, að áætlað er, að það mundi kosta Tryggingastofnunina 12—13 millj. kr. að samþykkja þessa till. Þessi fjárhæð yrði þá ný viðbót, sem félli á herðar þeirra aðila, sem iðgjöld greiða og önnur framlög til Tryggingastofnunarinnar, og þessi viðbót færi til þess að greiða þeim fullan ellilífeyri, sem hafa aðrar tekjur allháar, því að skerðingarmarkið er hækkað allverulega samkv. ákvæðum frv. frá því, sem verið hefur. Það hefur einnig verið á það bent, að álit sveitarstjórnanna er, að meiri hluti þeirra mælir með því, að skerðingu sé haldið. Svör sveitarstjórnanna um þetta atriði voru þau, að 85 vilja viðhalda skerðingarákvæðunum, sumar með hækkuðu skerðingarmarki. Tæplega 60 vildu afnám þeirra eða þá verulega hækkun á skerðingarmarkinu, en rúmlega 20 sveitarstjórnir svöruðu ekki þessari spurningu. Eins og tryggingakerfið er byggt upp samkv. gildandi lögum og enn fremur samkv. því frv., sem hér er til umr., hvílir það ekki á hreinum tryggingargrundvelli, þannig að hinir tryggðu beri kostnaðinn einir að öllu leyti. Gert er ráð fyrir því, að iðgjöld hinna tryggðu nemi aðeins 33% af heildarframlögum til Tryggingastofnunarinnar. Hitt ber ríkissjóður, sveitarsjóðir og atvinnurekendur. Af þessu leiðir, að sá grundvöllur, sem Tryggingastofnunin er reist á, er að verulegu leyti framfærslusjónarmið. Og þá kemur það til athugunar, þar sem þetta tryggingakerfi hvílir að verulegu leyti á framfærslusjónarmiði, hvort það sé eðlilegt að afnema með öllu skerðingarákvæðin og láta ríkið, sveitarsjóðina og atvinnurekendur taka ríflegan þátt í því að framfæra menn, sem hafa tekjur af atvinnu eða eignum, hærri en þær, sem frv. gerir ráð fyrir að skerðingarmarkinu nemi.

Það hefur stundum í þessu sambandi verið vitnað til lífeyrissjóða embættismanna. En þetta er ekki að öllu leyti sambærilegt, vegna þess að þeir eru að miklu leyti grundvallaðir á tryggingasjónarmiði. Ríkið greiðir að sönnu hluta af iðgjaldinu, en í því falli má líta á ríkið sem atvinnurekanda. Ríkið greiðir ekki framlag til sjóða einstakra stofnana, sem myndaðir hafa verið, heldur greiða þær stofnanir aðeins vissan hluta af iðgjaldi meðlima sinna, en ríki eða bæjarsjóður greiða ekki aukaframlög til þeirra. Í lífeyrissjóði embættismanna fer hæð lífeyris eftir starfsaldri, þannig að til þess að fá fullan lífeyri hefur maður þurft að greiða iðgjöld í 30 ár. Nú er þannig ástatt um almannatryggingarnar, að enginn borgari í landinu hefur enn þá greitt iðgjald til þeirrar stofnunar lengur en 10 ár og gæti því ekki heldur eftir reglu lífeyrissjóðanna komizt að því að fá fullan lífeyri, eins og málum er háttað nú í dag. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 2. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson) [frh.]: Hv. 3. landsk. (HV) leggur til, að nokkur breyting verði gerð á hlutföllum gagnvart framlögum til Tryggingastofnunar ríkisins, þannig að ríkissjóður verði látinn greiða meira en lagt er til í frv., en að sama skapi létt á öðrum aðilum. Í þessu felst það, að hann leggur til, að tryggingarnar hvíli meira á framfærslusjónarmiði en verið hefur. En jafnframt því að leggja þetta til flytur þessi sami hv. þm. till. um að fella niður 22. gr. frv., eða m. ö. o. að afnema að öllu leyti skerðingarákvæði þau, sem takmarka lífeyrisgreiðslur. Milli þessara till. er ekki samræmi.

Þá leggur hv. 3. landsk. til, að kaflinn um heilzugæzlu verði látinn gilda áfram. Þessi kafli almannatryggingalaganna hefur ekki komið til framkvæmda þau 10 ár, sem lögin að öðru leyti hafa verið í gildi. Allan þann tíma hafa sjúkrasamlög verið látin starfa samkvæmt bráðabirgðaákvæðum, sem sett hafa verið um það efni.

Eitt af því, sem mþn., sem samdi þetta frv., hafði til athugunar, var það, hvort rétt væri að láta heilsugæzlukafla almannatryggingalaganna koma til framkvæmda eða að láta sjúkrasamlögin starfa áfram. Mþn. farast orð um þetta atriði í grg. frv. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjúkrahjálpin hefur verið á vegum sjúkrasamlaga, sem nú starfa í hverjum hreppi í landinu, og sérstök lög um heilsuvernd voru sett á síðasta þingi. Eitt hið þýðingarmesta atriði, sem n. hafði til athugunar, var að gera till. um tilhögun heilsugæzlunnar framvegis. N. átti ýtarlegar viðræður við stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur um málið. Niðurstaða þeirra viðræðna varð sú, að læknarnir tjáðu sig andvíga því, að sjúkrahjálpin yrði skipulögð á þann veg, sem lögin gera ráð fyrir, og töldu heppilegast, að sjúkrasamlögin önnuðust sjúkrahjálpina með svipuðum hætti og verið hefur. N. leitaði álits sveitarstjórnanna um þetta atriði. Svörin voru þannig, að um 30 sveitarstjórnir vildu leggja áherzlu á framkvæmdaákvæði almannatryggingalaganna um heilsugæzlu. Nær 110 sveitarstjórnir voru ákvæðunum andvígar, en 25 svöruðu ekki þessu atriði. Nefndin er þeirrar skoðunar, að mjög yrði torvelt að framkvæma lagafyrirmæli, sem eiga svo litlu fylgi að fagna sem raun virðist vera á um þessi ákvæði og það því fremur sem læknarnir, er þessi ákvæði varða mest, voru þeim einnig gersamlega andvígir og töldu þau jafnvel óframkvæmanleg.“

Lækningastöðvar þær, sem lögin gerðu ráð fyrir að komið yrði upp í kaupstöðum, hafa hvergi verið reistar, og fullkominni heilsuverndarstöð hefur aðeins verið komið á fót í Reykjavík. Án slíkra stöðva er sú skipun, sem lögin gera ráð fyrir á læknishjálp utan sjúkrahúsa og heilsuvernd, ekki framkvæmanleg. Þetta ákvæði frv. er því sett að mjög vel athuguðu máli, og er það álit meiri hl. heilbr.- og félmn., að eðlilegt sé að fylgja þeim ákvæðum frv., sem að þessu lúta.

Hv. 3. landsk. lagði á það nokkra áherzlu undir lok ræðu sinnar, að hv. 4. þm. Reykv. (HG) hefði nokkra fyrirvara í sambandi við þetta frv. og að vegna þess, hve Haraldur Guðmundsson hefði mikla þekkingu og reynslu af tryggingastarfseminni, væri rétt að taka til greina þau atriði, sem hann benti á. Ég er hv. 3. landsk. alveg sammála um það, að hv. 4. þm. Reykv. hefur mikla þekkingu og reynslu í þessu efni. Hann var einn af aðalhöfundum tryggingalaganna, þegar þau voru sett 1946. Hann hefur verið forstjóri Tryggingastofnunarinnar þau ár, sem hún hefur starfað, og hann hefur nú að nýju kynnt sér þessi mál mjög rækilega sem einn af mþn.-mönnunum, sem sömdu það frv., sem hér er til umræðu. En einmitt vegna þess, að ég er hv. 3. landsk. sammála um þetta, vil ég vekja athygli hv. þdm. á því nú að síðustu, að Haraldur Guðmundsson leggur ekki til, að gerð verði breyting á þeim þremur atriðum, sem hv. 3. landsk. þm. telur sig leggja mesta áherzlu á, þ. e. að landið verði eitt verðlagssvæði, að skerðingarmarkið verði með öllu afnumið og að sjúkrasamlögin verði lögð niður. Ekkert af þessu hefur Haraldur Guðmundsson tekið upp í fyrirvara þann, sem hann lætur birta hér í grg. með frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur nú fyrir til breytinga á almannatryggingalögunum, er æði umfangsmikið eða grípur til margra greina. Þetta mál hefur líka legið raunverulega mjög lengi fyrir til athugunar. Það er búið að ræða um það hér á Alþingi í mörg ár, að það sé orðið aðkallandi að gera ýmsar breytingar á tryggingalöggjöfinni. Hér hafa komið fram allmargar till. um breytingar á undanförnum árum, en þeim hefur jafnan verið vísað frá með skírskotun til þess, að allsherjarathugun ætti að fara fram á lögunum, áður en langt um liði, og þá mundi þetta allt verða tekið til nánari athugunar.

Nú hefur þessi athugun farið fram, og breytingarnar liggja nú fyrir í þessu frv. Ég hef ekki haft tíma til þess að kynna mér þetta sem skyldi, en þó nokkuð hef ég litið yfir frv., og vildi ég nú fara um það nokkrum almennum orðum.

Það er þá í fyrsta lagi það atriði, að gengið

er út frá því í þeim till., sem hér liggja fyrir, að skipulagsmál tryggingannа í heild verði í öllum aðalatriðum eins og þau hafa verið. Ég minnist þess, að þegar þessi mál hafa verið rædd hér á Alþingi áður, hef ég m. a. látið koma fram þá skoðun mína, sem ég hef orðið var við hjá allmörgum öðrum úti á landi, að skipulagsmálum tryggingannа væri í verulegum atriðum áfátt og skipulagsmálin væru ekki æskileg, einkum og sérstaklega fyrir staðina úti um land.

Tryggingarnar grípa inn í líf mjög margra manna í landinu, um allt land. Og það eru hin margvíslegustu efni, sem menn þurfa að leita með til Tryggingastofnunar ríkisins í sambandi við þessi almannatryggingalög. Það meginatriði í skipulagsmálum tryggingannа að ganga út frá því, að í Reykjavík skuli vera sú eina stofnun, sem raunverulega hefur með framkvæmd þessa mikla lagabálks að gera, er verulega óhagstætt fyrir byggðarlög úti á landi. Og það vekur sérstaklega athygli mína nú, þegar þessi endurskoðun hefur farið fram, að það litla, sem hreyft er við þessum stóra þætti málsins, er til hins verra. Ég minnist þess, að á sínum tíma var það till. þeirra manna, sem framarlega stóðu við setningu almannatryggingalaganna, að Tryggingastofnunin hér í Reykjavík hefði í rauninni ein algerlega með alla framkvæmd málsins að gera og gæti skipað sér umboðsmenn úti um land, eftir því sem henni þætti þörf á, og sett niður skrifstofur, eftir því sem þessari höfuðskrifstofu hér í Reykjavík bauð svo við að horfa. Það komu þá hér fram raddir um það á Alþingi, sem voru samþykktar, að þetta væri í mesta máta óviðeigandi, það væri full ástæða til þess, a. m. k. í kaupstöðum landsins, að láta þann hluta tryggingannа, sem þar starfar eðlilega, sem eru sjúkrasamlögin, a. m. k. gilda sem umboðsmenn fyrir tryggingarnar á viðkomandi stað, þar sem viðkomandi bæjarstjórnir ættu rétt á því að kjósa í sjúkrasamlagsstjórnir 4 fulltrúa, en Tryggingastofnunin hefði rétt til þess að skipa einn sem formann, og að þessar stofnanir skyldu þó verða milligönguaðilar á milli tryggingastofnunarbáknsins hér í Reykjavík og staðanna úti á landi eða í kaupstöðunum.

Þessi skipan hefur verið á nú í allmörg ár, það hefur verið bundið í lögum, að sjúkrasamlögin skyldu hafa umboðið fyrir tryggingarnar. Þetta hefur þó verið að litlu marki, að nokkru leyti, og mín skoðun er sú, að þarna hefði þurft að ganga miklu lengra til móts við þetta sjónarmið, að þó að farið sé eftir almannatryggingalögunum, þá hefði raunverulega átt að dreifa framkvæmdavaldinu þannig, a. m. k. í öllum kaupstöðum landsins og helzt enn þá víðar, að það hefðu verið til tryggingaráð eða tryggingastofnanir eða sjúkrasamlagsstjórnir eða hvað við viljum kalla það, sem hefðu verið undir beinni stjórn eða undir eftirliti skulum við segja frá yfirtryggingaráðinu hér í Reykjavík, og þessir aðilar hefðu átt að annast framkvæmd laganna hver í sínu umdæmi, og bótaþegar á umdæmissvæðinu hefðu þá getað leitað til þessa sérstaka ráðs með allt það, sem þeir vildu ræða í sambandi við lögin, og þeir áttu þá sambærilega aðstöðu í sínu umdæmi til að koma sínum málum þar fram og ræða þau í einstökum atriðum við þá, sem hefðu með framkvæmd málsins að gera, eins og t. d. þeir hafa nú í Reykjavík, sem millilíðalaust geta gengið til Tryggingastofnunar ríkisins og rætt þar sín vandamál beint og millilíðalaust við þá menn, sem úrskurðina eiga að fella um framkvæmdina. Við þekkjum þetta vel, sem heima eigum úti á landi, að þetta er ekki aðeins í sambandi við Tryggingastofnun ríkisins. Þetta er svona í sambandi við hvert stórkerfið á fætur öðru, að það raunverulega kemur þannig fram, að þetta verkar sem bein réttindaskerðing á fólkið úti á landi að geta ekki náð á sama hátt til þeirra aðila, sem beint fara með framkvæmd málsins. Þetta verður þunglamalegt í framkvæmdinni, eins og það er nú, og ég get ekki séð, að til þess séu neinar ástæður. Hér á að vera starfað eftir lögum, eftir fastmótuðum reglum, og vitanlega er hægt að láta þær reglur vera í höndunum á þeim nefndum úti á landi, sem þar eiga að sjá um framkvæmdina, engu síður en í höndunum á þeirri nefnd, sem kosin er til þess að vera yfir öllu landinu í einu, eins og nú á sér stað.

Ég fyrir mitt leyti tel það illt, að í sambandi við þessa miklu endurskoðun, sem nú hefur farið fram á tryggingalöggjöfinni, skuli þetta sjónarmið ekki hafa verið athugað neitt, engar breytingar gerðar á því, nema í þá átt, sem nú er lagt til í 8. gr. frv., þar sem nú er ákveðið að taka það umboð, sem verið hefur um langan tíma, af sjúkrasamlagsstjórnunum, svipta þau umboðum fyrir Tryggingastofnun ríkisins og mæla fyrir í lögum, að umboðin skuli vera í höndum bæjarfógeta og sýslumanna.

Ég verð að segja það líka, að mér þykja ákvæði 8. gr. um þetta efni vera hin furðulegustu. Það er ekki nóg með það, að þarna er horfið að því að viðurkenna þessa kosnu fulltrúa af bæjarstjórnunum, sem eru í stjórnum sjúkrasamlaga, sem umboðsmenn tryggingannа, eins og þeir hafa verið, og að í staðinn eigi að skipa bæjarfógeta og sýslumenn, heldur sé ég ekki annað betur en að með því að fastbinda þetta í lögunum, eins og gert er hér ráð fyrir í 8. gr., sé búið að loka alveg fyrir þann möguleika, að Tryggingastofnunin geti samið á eðlilegan hátt við félag lögmanna, við bæjarfógeta og sýslumenn, því að þeir segja bara, þegar Tryggingastofnunin ætlar að fara að semja við þá: Við höfum í rauninni ekkert við ykkur að semja, við heimtum bara að fá þessa borgun fyrir það. Þetta er bundið í lögum, að við skulum vera umboðsmenn. — Það er bundið hér í 8. gr. laganna, að utan Reykjavíkur skuli sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, hver í sínu umdæmi. Það er skylda. Það er ekki einu sinni heimilt fyrir tryggingaráð að semja við þessa aðila og notfæra sér á þann hátt rétt til þess að ná þar þó eins brúklegum samningum og hægt er. Mér þykir því, að þetta ákvæði sé allavega, hvernig sem á það er litið, óhyggilegt og það ætti að breyta því. En hitt er þó í mínum augum miklu stærra atriði, að það ætti vitanlega að hafa þetta a. m. k. eins og það hefur verið, að sjúkrasamlögin fari hvert á sínum stað með þetta umboð tryggingannа.

Þá vil ég einnig minna á það, því að sjúkrasamlögin eru vitanlega einn þátturinn í þessu tryggingakerfi, að samstarfið, sem verið hefur á milli Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaganna, hefur komið sér tiltölulega vel gagnkvæmt fyrir báða aðila. Sjúkrasamlögin verða víða að hafa sitt starfslið. Sum meira að segja eru það lítil, að þau geta naumast haldið uppi fulllaunuðum manni. Með því að hafa umboðsstarfið fyrir Tryggingastofnun ríkisins hafa þau þar fengið viðbótargreiðslur og geta á eðlilegri og betri hátt staðið undir sínum óhjákvæmilega rekstri. Nú á að gera þennan möguleika að engu.

Þó að sjúkrasamlögin séu á stærri stöðum, þurfa þau að hafa sínar skrifstofur og jafnvel fleiri starfsmenn en einn, og þetta getur tiltölulega mjög auðveldlega fallið inn í þeirra verkahring, eins og það hefur fallið. En nú á allt í einu að taka þetta af þessum aðilum, sem með þetta umboð hafa farið og þó á þennan hátt bæði eru tengdir tryggingakerfinu og eins eru kjörnir fulltrúar fólksins á viðkomandi stað, og það á að skylda það með lögum, að þetta verði fært yfir til bæjarfógeta og sýslumanna. Ég er vitanlega algerlega andvígur þessu og harma svo hitt, að það skuli ekki hafa komið hér fram till. um verulegar breytingar á kerfi tryggginganna.

Þá eru nokkur efnisatriði.

Það er vitað, að á undanförnum árum hefur einna mest verið fundið að tryggingalögunum að því leyti til, að hinn ákveðni elli- og örorkulífeyrir hefur þótt tiltölulega mjög lágur. Hann mun hafa numið eitthvað rúmlega 6500 kr. fyrir einstakling sem hámark, breytist örlítið eftir vísitölu og getur verið kominn eitthvað aðeins hærra með seinustu vísitölu, en það munar engu teljandi. Það virðist vera mjög einróma álit allra, sem um þessi mál töluðu, að þetta hámark væri orðið úrelt fyrir löngu og að það bæri að vinna að því að hækka nokkuð þennan ellilífeyri. En hverju er svo gert ráð fyrir í þessu frv.? Ég sé ekki, að frv. geri ráð fyrir því, að raunverulega fari fram nein hækkun á elli- og örorkulífeyrinum. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að elli- og örorkulífeyrir verði hækkaður til samræmis við það, sem laun hinna lægst launuðu hafa verið hækkuð á launalögum, en það hefur verið föst venja frá upphafi, að ellilaunin og örorkulaunin breyttust nákvæmlega í hlutfalli við þau laun. Ég tel því þessa breytingu á elli- og örorkulaununum ekki tilheyra neinni endurskoðun á löggjöfinni, heldur hefði þetta að sjálfsögðu eins og hingað til leitt af þeirri breytingu, sem annars staðar hefur orðið. Spurningin var um það: Átti ekki að verða við þeim fjölmörgu óskum, sem fram höfðu komið um að gera bæturnar nokkru meiri?

Þá vil ég einnig benda á, að það hefði t. d. ekki verið ofrausn, sýnist mér, þó að örorku- og ellilífeyririnn hefði verið hækkaður t. d. eins og laun voru hækkuð í þeim launaflokkum, þar sem launahækkunin var meiri en hjá þessum lægst launuðu, t. d. eins og hjá þeim, sem fengu ekki aðeins 9—10% grunnlaunauppbót, heldur voru einnig hækkaðir á milli launaflokka, en það er ekki gert í sambandi við ellilaunin og örorkulaunin.

Þá var annað atriði, sem almennt hafði verið kvartað mikið undan í sambandi við tryggingarnar, en það var skerðingarmarkið á elli- og örorkulífeyrinum. Skerðingarmarkið var í aðalatriðum þannig, að þegar önnur laun bótaþega voru orðin jafnhá og fullur ellilífeyrir, eða sem sagt, ef ellilaunamaður hafði aflað sér tekna upp á 6500 kr. eða þar um bil, auk þess sem hann hafði 6500 fyrir í ellilífeyri, þá mátti strax byrja að skerða ellilaunin. Skerðingin byrjaði strax við þetta mark. Það virtust eiginlega allir vera á því, að hér byrjaði skerðingin allt of neðarlega og kæmi sér mjög illa í mörgum tilfellum. Nokkrar umbætur hafa verið gerðar á þessu í frv. og til bóta, en þær bætur eru mjög litlar. Það er gert ráð fyrir því, að skerðingin byrji strax, þegar aukatekjurnar eru orðnar 1⅓ af fullum ellilaunum, í staðinn fyrir það, að áður var miðað við ein full ellilaun. Mér þykir því, að þetta skerðingarmark sé enn sett allt of lágt, og bezt hefði auðvitað verið, að það hefði verið afnumið með öllu, eins og till. er nú komin hér fram um.

Þá var allmikið rætt um það ákvæði, sem hafði verið í gildi í almannatryggingalögunum, að smávægilegar eftirlaunagreiðslur eða jafnvel varla kallandi eftirlaunagreiðslur í sumum tilfellum, nokkurs konar viðurkenningargreiðslur, sem ýmsir fengu, t. d. á 18. gr. fjárl., voru hreinlega dregnar frá úrskurðuðum ellilaunum, þannig að ef ellilaunamaður hafði fengið full ellilaun, 6500 kr., en hafði svo t. d. fengið viðurkenningargreiðslu á 18. gr. fjárl., 5000 kr., þá voru þær algerlega dregnar frá ellilaunum hans og hann fékk bara 1500 kr. greiddar af ellilaunum og svo þessar 5000 kr. á 18. gr. fjárl., og hann græddi því í rauninni ekki eina einustu krónu á því að fá þá viðurkenningu, sem fjárlagaafgreiðslan hafði raunverulega ætlazt til fyrir hann. Margir kvörtuðu undan þessu ákvæði og þótti þetta mjög óréttlátt, og nú er gert ráð fyrir því í þessu frv. að verða við þessari leiðréttingu að öllu leyti, og það tel ég gott.

Þá var allmikið rætt um það, að þau tiltölulega mjög naumu mæðralaun, sem veitt voru, væru með öllu ófullnægjandi og það væri orðið aðkallandi að setja reglur um miklu fullkomnari og víðtækari mæðralaun en gert hafði verið ráð fyrir. Þetta frv. gerir að vísu ráð fyrir því, að hér verði gerðar á talsverðar bætur. Þó eru á þeim ákvæðum mjög greinilegir annmarkar, þar sem er nú farið að koma við sérstöku skerðingarmarki einnig á þessum mæðralaunum, sem ég tel mjög hæpið og ég hefði talið rétt að yrði athugað nánar við afgreiðslu málsins.

Þá hefur oftsinnis á undanförnum árum verið minnzt á það, að rétt væri, að Tryggingastofnun ríkisins annaðist þá sérstöku hjálp við þá, sem eru eðlilega hjálparþurfi fyrir tryggingarnar, að annast þá innheimtuþjónustu, sem stofnunin hafði um tíma, en hún hefur síðan verið meir og meir að skjóta sér undan, sem er innheimta á barnsmeðlögum. En það hefur greinilega sótt í það horf, að forustumenn tryggginganna hafa reynt að skjóta sér undan þessu starfi með öllum ráðum, og eins og frv. liggur hér fyrir nú og þau fylgifrv., sem hér hafa verið lögð fram með því, hefur sjónarmið starfsmanna Tryggingastofn-

unar ríkisins þar orðið ofan á, en hagsmunir hinna tryggðu í þessu efni verið fyrir borð bornir, þar sem Tryggingastofnunin vill nú skjóta sér að öllu undan því að annast þessa innheimtuþjónustu.

Ég tel alveg nauðsynlegt, að tekin verði hér upp ákvæði í sambandi við þetta frv. eða á annan hátt, sem tryggja það, að Tryggingastofnun ríkisins eða slíkur aðili greiði undanbragðalaust úrskurðuð meðlög með börnum og sé ekki að kveinka sér undan því að þurfa að fara eftir réttum lögum með að innheimta það hjá þeim, sem greiðsluna eiga að borga, jafnvel þó að það kunni að vera nokkuð örðugt. Ég tek það ekki sérstaklega alvarlega, þó að þeir, sem með framkvæmd tryggginganna hafa haft að gera, segi, að nokkuð hafi dagað uppi af þessum innheimtum hjá þeim. Ég sé ekki, að þeim sé vandara um en öðrum að *standa í innheimtu samkvæmt þar til settum* lögum. Ef lögin eru ekki nógu sterk, geta þeir víst ekki síður en aðrir beðið um að gera þau sterkari.

Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því, að heilsugæzlukafli gömlu almannatryggingalaganna verði felldur niður. Það er að vísu rétt, að þessi kafli hefur ekki komið til framkvæmda nema að litlu leyti, og af því mátti kannske draga tvær ályktanir, annaðhvort þá að gefast nú upp að fullu og öllu við að reyna að koma í framkvæmd þessum kafla, sem dregizt hefur aftur úr á undanförnum árum, eða þá hitt að manna sig upp í það að koma honum beint í framkvæmd og laga þá kaflann eitthvað þannig til, að hæft hefði þeim aðstæðum, sem við búum við nú í dag.

Ég tel, að tvímælalaust sé stigið spor aftur á bak að fella heilsugæzlukaflann niður. Öll skilyrði eru að verða miklu betri en áður til þess að framkvæma þennan kafla, og það er áreiðanlegt, að sú framkvæmd á heilsugæzlumálum okkar og sjúkramálum, sem í framkvæmd hefur verið á undanförnum árum, getur ekki verið til frambúðar, hún er ekki æskileg í ýmsum grundvallaratriðum. Þar á að skipta um, og að því leyti til gerði kaflinn um heilsugæzlu ráð fyrir miklu eðlilegra skipulagi, sem ber að stefna að.

Þá er hér eitt mjög mikilvægt atriði enn, sem ég vildi minnast á, en það hefur mikið verið rætt á undanförnum árum, þegar málefni tryggginganna hefur borið á góma, en það er í sambandi við iðgjöld hinna tryggðu. Það hefur komið fram hjá mjög mörgum, að tryggingariðgjöldin væru orðin mjög há og að það bæri að athuga, hvort ekki væri hægt að ganga lengra í þá átt heldur en gert var í upphafi, að hið opinbera tæki að sér nokkuð af þessum persónugjöldum, sem þá voru sett, að hér yrði sem sagt meira um opinberar almennar tryggingar og um minni þátttöku hinna tryggðu með beinum iðgjöldum. Það hefði vitanlega verið eðlileg framþróun í þessum málum. En hitt tel ég í mesta máta óeðlilegt, að nú, þegar endurskoðun fer fram, skuli menn ekki treysta sér til þess að gera hér neina bót á frá því, sem ákveðið var, þegar lögin voru sett 1946.

Það er gert ráð fyrir því sem meginatriði í *sambandi við tryggingarnar, að ríkissjóður greiði* um það bil ⅛ af kostnaði tryggingakerfisins og að hinir tryggðu greiði um það bil annan þriðja hluta. Þegar litið er á einn mjög þýðingarmikinn þátt í tryggingakerfinu, sem er sjúkratryggingarnar, kemur hins vegar í ljós, að þar greiðir *ríkið ekki nema 20% af kostnaði þeirra trygginga*, og þar er ætlazt til, að hinn tryggði greiði sjálfur í beinum persónuiðgjöldum 60% af öllum kostnaðinum. Tel ég þó fráleitast af öllu í sambandi við þessi háu og miklu persónugjöld að ætla sér að halda þessu hlutfalli áfram, og ég tel, að ekki komi til mála að stíga minna skref í þessum efnum en það, að hlutföll ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga verði a. m. k. jafnmikið af heildargjöldum sjúkratrygginganna og þau eru nú eftir öðrum köflum tryggingalaganna. Á þann þátt væri hins vegar hægt að lækka sjúkrasamlagsgjöldin, hina beinu nefskatta, því að vitanlega eru, þar sem um slíkar almannatryggingar *er að ræða eins og þessar, hinir beinu nefskattar*, sem koma jafnþungt niður á hinum bláfátæka og þeim vel efnum búna, mjög vafasamur grundvöllur undir almannatryggingakerfi.

Þá hef ég tekið eftir í sambandi við þetta frv., að ýmis ákvæði eru hér, sem mjög orka tvímælis og ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar um.

Það hefur t. d. verið þannig í framkvæmd, að það hefur ekki verið talið lögum samkvæmt að greiða hvort tveggja í senn, t. d. dagpeninga, slysa- og sjúkradagpeninga, og t. d. barnalífeyri og reyndar ýmislegt annað. Nú er mér það ekki alveg ljóst samkvæmt 59. gr. frv., hvort hér er gerð breyting á, en þó hygg ég eftir mjög takmörkuðum upplýsingum, sem ég gat fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, að þá sé ekki gert ráð fyrir breytingum í þessum efnum. En ég vil spyrja: Hvaða réttlæti er í því, að t. d. kona, sem vinnur almenna vinnu og fær vegna einhverra smáslysa slysabætur, dagpeninga, eða þá að hún fær sjúkradagpeninga sér úrskurðaða í veikindum, — hvaða ástæða er til þess, að ef hún tekur dagpeningana, þá skuli eiga að falla niður lífeyririnn með barni hennar, sem hún á? En þannig er þetta núna í framkvæmd. Barnalífeyririnn er vitanlega hugsaður sem hluti af framfærslukostnaði barnsins, sem þarna er til orðinn vegna útgjalda ákveðins aðila, og það á vitanlega ekki að fara að svipta konuna í þessu tilfelli barnalífeyrinum, þó að hún falli undir þau ákvæði eins og aðrir að geta fengið sína dagpeninga vegna slysa eða veikinda. Ég veit, að þessi ákvæði eru svona nú í framkvæmd, og ég get ekki annað séð en að 59. gr. frumvarpsins geri ráð fyrir að halda þessu. Þó eru öll ákvæði þar um mjög óljós eftir því orðalagi, sem þar er notað.

Ég skal svo taka það fram, að ég hef hugsað mér að flytja hér nokkrar brtt. við frv., sem eru í þá átt, sem ég hef hér lýst minni skoðun. En ég hef ekki þessar till. að öllu leyti tilbúnar nú, en mun leggja þær fram síðar og þá gera viðbótargrein fyrir þeim, eftir því sem mér þykir ástæða vera til.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. frsm. heilbr.- og félmn., þm. A-Sk. (PÞ), gerði *í svarræðu sinni grein fyrir afstöðu sinni til* þeirra brtt., sem ég hef flutt og ég gerði grein

fyrir í minni framsöguræðu á dögunum. Ég vil víkja að þessu aftur á ný nokkru nánar.

Mér heyrðist á hv. frsm., að hann vildi ekki fallast á neina af minum brtt. og mælti eingöngu með því, að frv. yrði samþ. með þeirri bráðabirgðabreytingu, sem felst í nál. meðnm. minna og er í raun og veru staðfesting á bráðabirgðaákvæðunum, sem lögfest voru í kringum áramótin.

Ég skal aðeins drepa á helztu brtt. mínar og árétta nokkuð það, sem ég hef áður sagt um þær.

Það er í fyrsta lagi brtt. mín við 10. gr. Hún er um það, eins og þm. hafa sjálfsagt tekið eftir, að landið verði eitt verðlagssvæði. Þetta lýtur auðvitað að skipulagi tryggínganna í þýðingarmiklu atriði, og ég byggi þessa brtt. mína á því, að þegar tryggingalöggjöfin var sett, var hæst kaupgjald hjá verkalýð höfuðborgarinnar, hæsta kaupgjaldið í Reykjavík. Þá var það algengt, að það væri nokkru lægra kaupgjald í kaupstöðunum úti um land og svo þriðja stig kaupgjaldsins úti um sveitir og í smærri kauptúnum, enn þá mun lægra. Ég hygg, að svæðaskiptingin að hafa tvö verðlagssvæði í tryggingalöggjöfinni hafi byggzt fyrst og fremst á þessari staðreynd og að ef sú stund rynni upp, að kaupgjaldið yrði eitt og hið sama um allt land, væri þar með fallið niður að hafa 25% lægri iðgjöld og lægri bætur á öðru verðlagssvæði tryggínganna, en nú er einmitt svo komið. Þegar þessi endurskoðun fer fram, er þessi breyting á orðin, þessi þýðingarmikla breyting, að nú er sama kaupgjald um allt land, ekki aðeins þessi þrískipting, sem áður var, fallin burt, heldur líka þær leifar, sem eftir voru í formi tviskiptingar, og nú er eitt og sama kaupgjald um allt land.

Þegar svo er komið, finnst mér vera ranglátt að hafa 25% lægri bætur utan kaupstaðanna eða í öllum byggðarlögum, sem eru með færri íbúa en 2000 manns, eins og segir núna í frv., og legg til, að annað verðlagssvæði verði látið niður falla og landið þannig eitt verðlagssvæði. Á móti þessu hefur hv. frsm. ekki komið fram með neitt annað en að þær sveitarstjórnir, sem leitað hafi verið til um þetta og fallast á það, séu í meiri hluta, hinar sveitarstjórnirnar séu í minni hluta. Og þetta á að ráða. Það er vitanlegt, að fámennu sveitarfélögin eru fleiri en kaupstaðirnir í landinu, og ég veit í raun og veru ekki, hvenær leitað var umsagnar um þetta. Endurskoðunin er búin að taka yfir meira en tvö ár, en kaupgjaldsmismunurinn var felldur niður núna á s. l. sumri, svo að ég hef fulla ástæðu til þess að óska þess, að það verði leitað á ný til sveitarstjórnanna, eftir að breytingin á kaupgjaldinu hefur átt sér stað. Nú er eitt og sama kaupgjald um allt land frá því s. l. sumar. En hafi verið leitað til sveitarstjórnanna á hinu fyrra ári, sem endurskoðunin fór fram, þá er þar miðað við allt annað viðhorf.

Það er rétt, sem hv. 11. landsk. sagði hér áðan, að í frv. núna er gert ráð fyrir tiltölulega mjög lítilli hækkun á ellilífeyrisupphæðunum, eiga núna að vera 7200 á fyrsta verðlagssvæði og 5400 á öðru fyrir hjón, þegar þau fá bæði lífeyri, og aðeins 4500 kr. fyrir einstaklinga á fyrsta verðlagssvæði og 3375 kr. á öðru verðlagssvæði. Þetta eru litlar hækkanir og vafasamt, að þær séu hlutfallslegar við þær tekjuhækkanir, sem orðið hafa við nýja kjarasamninga og við endurskoðun launalaganna núna á þessu þingi. Ég hygg, að þessar tölur hafi verið komnar inn hjá mþn., áður en vitað var nokkuð um niðurstöður hjá þeirri mþn., sem hafði launalögin til endurskoðunar, og gæti því trúað, að þessar tölur væru orðnar úreltar, miðað við það, að gamalmennin fengju hlutfallslega hækkun eins og opinberir starfsmenn hafa nú fengið.

Ég hef því farið mjög hóflega í þessar sakir og lagt til, að í staðinn fyrir 7200 á fyrsta verðlagssvæði komi 8000 og í staðinn fyrir 4500 kr. á fyrsta verðlagssvæði fyrir einstaklinga komi 5000 og að tölurnar varðandi annað verðlagssvæði falli niður, sem eru 25% lægri. Ég tel, að það væri sízt of vel gert við gamalmennin fyrir það, þó að þessar tölur kæmu inn og annað verðlagssvæði félli niður. Það er viðurkennt, að Ísland er að dragast aftur úr að því er snertir tryggingamálin. Það er til fleira en eitt land í Evrópu, sem núna ver tvöfalt meira á einstakling en Íslendingar til tryggingarmála, þ. á m. er smáríkið Luxemburg. Ég held, að það sé 100% hærra á einstakling eftir skýrslum frá alþjóðavinnumálastofnuninni. Og það eru sérstaklega ellitryggingarnar, sem eru að dragast aftur úr hjá okkur, miðað við önnur lönd.

Þá gerði ég mjög að umtalsefni í minni framsöguræðu þá breytingu á 16. gr., sem gerð hefur verið samkvæmt frv., að fjölskyldubætur eiga nú ekki að greiðast nema með hverju barni, sem er umfram tvö í fjölskyldu. Ég deildi sérstaklega á að fella þarna annað barnið undan, því að það ákvæði komst inn samkvæmt tilboði frá ríkisstj. fyrir þremur árum, og þá var það þýðingarmikið atriði í lausn vinnudeilu, að fjölskyldubætur skyldu greiddar með hverju barni umfram eitt í fjölskyldu. Ég hef talið það óviðurkvæmilegt að fella þetta í burtu án viðræðna við þann aðila, sem þetta var upphaflega rætt við og tekið inn sem samkomulagsatriði við, en það voru verkalýðssamtökin.

Ég þykist vita, að hæstv. ríkisstj., sem raunar er aldrei við, þegar þessi mál eru rædd, ekki ómerkilegra mál en tryggingalöggjöfin, telji sig skylduga að svara því, á hvaða rökum hún byggir þessar vanefndir sínar, því að það er vitað mál, að þegar riftað er réttindum, sem urðu til þess að leysa viðkvæma deilu, þá getur slík brigðmælgi orðið til þess að skapa deilumálið á ný, vekja það upp aftur. Hins vegar kynni svo að vera, að hæstv. ríkisstj. hefði einhver gild rök fyrir sínu máli, og þá þyrftu þau að koma fram til þess að koma í veg fyrir, að deilur risu af þessu aftur.

Það er ekki því til að dreifa, — það eru 8 millj. kr., sem með þessum vanefndum eru sparaðar, — að þeim sé skilað aftur í frv. á neinn hátt, nema í sambandi við það, að tölur eru hækkaðar vegna aukinnar dýrtíðar, og það eru ekki neinar auknar réttarbætur í frv.

Ég tel það mjög vítavert, að þessi breyting skuli hafa verið gerð, og min brtt. er því um það, að ákvæðið verði nákvæmlega í samræmi við áður gefin loforð hæstv. ríkisstj., og ég treysti

því, að hv. alþingismenn vilji, að ríkisstj. standi við áður gefin loforð og láti ekki bjóða sér það, að þessu sé breytt án samkomulags við verkalýðshreyfinguna.

Ég skal hlaupa yfir margar af mínum brtt., sem voru líka að litlu leyti gerðar að umtalsefni af hv. þm. A-Sk., en ég grip næst niður við till. mína um 22. gr. Það er till., sem er um það, að ellilífeyririnn skuli skerðast, þegar tekjur ellilífeyrisþega eru orðnar 1⅓ af fullum lífeyri. Ég tel alveg óviðunandi að skerða ellilífeyrinn, þó að menn hafi einhverjar smávægilegar hrafltekjur, og þess vegna er mín till. nú um það, að skerðingargreinin, 22. gr., falli alveg niður og að gamalmenni fái enga skerðingu á sinn ellilífeyri, hvað sem tekjum þeirra líður. Og ég segi: M. a. er þetta alveg hliðstæða við það, að að því er snertir fjölskyldubæturnar er núna ekki lagt til, að þar komi nein skerðing til greina. Maður, sem hefur 100 þús. kr. í tekjur og á að fá fjölskyldubætur, fær enga skerðingu á fjölskyldubæturnar eftir neinum hliðstæðum reglum og gamalmennin. Slíkt æpandi ósamræmi tel ég að ekki eigi að eiga sér stað í hinni nýendurskoðuðu löggjöf.

Ég hafði hugsað mér fyrst að bera fram varatill., ef svo ólíklega skyldi fara, að till. mín um að fella skerðingargreinina niður yrði felld, og þá var varatill. mín um það, að í staðinn fyrir, að það ætti að byrja að skerða við 1⅓ hluta lífeyris, yrði það ekki gert fyrr en kominn væri 1½ lífeyrir, miðað við þá upphæð, sem ég hafði lagt til, sem er nokkru hærri en í frv., og að aðrar breytingar í gr. yrðu í samræmi við það skerðingarákvæði. En ég hætti við að flytja þessa till. við þessa umr. og ákvað að gera það þá aðeins við 3. umr., ef brottfall á skerðingargreininni fengist ekki samþ. Og það byggðist á því, að um þær mundir, sem við vorum að ræða um þetta í n., kom fram hugmynd um aðra tilhögun á skerðingu, sem ég hygg að hefði komið öðruvísi út og yrði í raun og veru minni skerðing undir þessum kringumstæðum, sem ég lofaði að taka til athugunar og ætla að láta athuga, áður en 3. umr. fer fram. En þætti ekki ráðlegt að fara inn á þá leið, sem þar var stungið upp á, er ég ákveðinn í að koma með mína varatill. um að hækka skerðingarmörkin þarna nokkuð frá því, sem nú er í 22. gr.

Í till. mínum er ekki komið á móts við þær óskir, sem bárust nefndinni úr mörgum áttum um það, að aftur yrði tekið upp í frv. ákvæði 27. og 28. gr. í núgildandi tryggingalögum, að Tryggingastofnunin annaðist áfram innheimtu á barnsmeðlögum til einstæðra mæðra, en léti ekki þessa innheimtu frá sér og í hendur sveitarstjórnanna eða oddvitanna úti um land, því að sú vanheimta, sem Tryggingastofnunin hefur orðið fyrir á þessari innheimtu, mundi þá lenda þar, sem síður skyldi, á hinum einstæðu mæðrum.

Ég var búinn að móta till. um það, að á eftir 23. gr. kæmi ný grein, og þeirri grein lýsti ég við fyrri umr. málsins. En greinin er um það, að þessi innheimta skuli áfram vera á hendi Tryggingastofnunarinnar. Með leyfi hæstv. forseta, er kannske rétt, að ég lesi hana upp, því að þó að enginn hæstv. ráðh. sé nú viðstaddur, eru þó kannske einhverjir af þm. viðstaddir, sem ekki voru þá hér í deildinni. Greinin er svo hljóðandi:

„Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr., á hún endurkröfurétt á hendur föðurnum.

Verði vanskil af hendi föður, skal innheimta kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar eða þess, er framfærslu barnsins annast í hennar stað, nema Tryggingastofnunin kjósi heldur að innheimta hana beint frá framfærslusveit föðurins, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum.

Um rétt dvalarsveitar á hendur framfærslusveit og framfærslusveitar á hendur barnsföður fer svo samkv. ákvæðum framfærslulaga."

Ég hafði samt í n. fallizt á að flytja ekki þessa brtt. við 2. umr., ákvað þá í framsögu að lýsa þessari grein, og hef ég því nú gert það í annað sinn, til þess að aðrir þm. gætu þá tekið þessa till. mína upp, ef þeim sýndist svo í sambandi við afgreiðslu tryggingalagafrv. Hins vegar sá ég í n., að það mundi vera vonlaust verk að fá þessa till. fram, a. m. k. með meðmælum n., en n. var hins vegar tilleiðanleg til að fallast á breytingu á frv. um greiðslu meðlaga með óskilgetnum börnum, sem hér er til umræðu á eftir þessu frv., en það er breyting, sem leiðir af því, að þessari skyldu sé létt af Tryggingastofnuninni. Þar var gert ráð fyrir því, að barnsmóðir, sem ætti að innheimta meðlag sitt, skyldi snúa sér til oddvita, en ef hún fengi það ekki greitt hjá oddvita, skyldi hún snúa sér til yfirvalds, sem skyldi veita henni aðstoð. Þetta fannst mér ekki næg trygging fyrir því, að barnsmóðirin fengi sitt meðlag greitt viðstöðulaust eða viðstöðulítið, og þá var boðið, að því orðalagi skyldi breytt á þann veg, að þegar barnsmóðir hefði snúið sér til oddvita og ekki fengið greiðslu, bæri henni að snúa sér til yfirvalds, sem skyldi þá sjá um, að hún fengi barnsmeðlagið greitt. Og þannig er búið að flytja nú brtt. við það frv. Með því móti taldi ég, að hennar rétti væri betur borgið en með því einu að hafa borið fram þessa brtt. við tryggingalögin og fá það að mínu áliti vafalaust fellt og þannig ekkert réttaröryggi aukið við það.

Ég væri því fyllilega samþykkur, að einhver hv. þm. tæki upp þessa brtt. eða aðra nú undir afgreiðslu tryggingalagafrv., ef þeir líta svo á, að breytingin á hinu frumv. tryggi ekki örugglega rétt barnsmóður, en ég vil þó gera mér vonir um, að sú breyting tryggi nokkurn veginn hennar rétt, því að það er upplýst af viðkomandi aðilum, að þetta orðalag, að yfirvaldið skuli sjá um, að hún fái barnsmeðlagið greitt, þýði það, að greiðslan skuli fara fram undireins og hún hefur fullnægt því formsatriði að hafa leitað til oddvitans, og þá á meðlagið í öllum tilfellum að skila sér í hennar hendur.

Þá er ein stórbreyting, sem ég legg til enn og ég vil gera að umræðuefni, og það er um, að sjúkratryggingakaflinn falli niður og að inn komi hinn upphaflegi kafli um heilsuvernd, heilsuverndarkaflinn.

Menn segja eins og áður: Það var leitað til

sveitarstjórnanna og þær vildu hafa sjúkrasamlögin sín. Ja, það er mjög eðlilegt. Sveitarstjórnirnar vilja hafa þessa stofnun heima hjá sér, og m. a. byggist það sjálfsagt á því sjónarmiði, sem hv. 11. landsk. túlkaði hér áðan, og það skil ég vel út af fyrir sig. En ókostir hinna mörgu og smáu sjúkrasamlaga hafa sýnt sig þannig, að þau eru ekki örugg til tryggingar þeim, sem veikjast, ef meira en eitt alvarlegt sjúkdómstilfelli á sér stað á félagssvæði hinna litlu sjúkrasamlaga. Þar að auki verð ég að segja það, að heilsugæzlan hefur, hygg ég, verið einn aðalþátturinn, meginþátturinn, glæsilegasti þátturinn í hugsjón tryggingarinnar, og ég vænti þess því fastlega, að heilsugæzlan kæmist nú í framkvæmd samkvæmt sínum upphaflegu ákvæðum í aðalatriðum. En nú er gert meira en áður hefur verið gert. Þessu hefur verið þokað frá sér frá ári til árs, en nú á að taka það út úr tryggingalöggjöfinni.

Ég verð þó að segja, að mér virðist sem ýmislegt hafi nú þokazt í áttina í landinu til þess að gera þetta framkvæmanlegt frá því, sem var, þegar tryggingalögin voru sett. Hér í Reykjavík t. d. er komin upp sérstök heilsuverndarstöð, mannvirki upp á margar millj. kr., og það er byrjað að reka hana. Einmitt núna um þær mundir, sem endurskoðuninni lýkur, er þessi stofnun tekin til starfa. Þar virðast skilyrðin vera sköpuð, sem átti að skapa hér í höfuðborginni fyrir því, að heilsugæzlukaflinn gæti komið til framkvæmda, heilsugæzlan gæti hafizt. Að öðru leyti er svo hér geysilega mikið bákn, sjúkrasamlagsbáknið í Reykjavík, sem átti að hverfa, þegar skilyrði væru fyrir hendi um að framkvæma heilsugæzluna. Hér í Reykjavík virðist því vera alveg komin sú aðstaða, sem þurfti til þess að framkvæma þetta.

Að því er snertir sjúkrahúsakost úti um landið, hefur orðið geysilega mikil breyting, síðan tryggingalöggjöfin var sett. Mjög miklar umbætur hafa orðið á sjúkrahúsakosti, og úti um land hefur það vafalaust verið ætlunin, að heilsuverndarstöðvarnar væru annaðhvort beinn liður í starfi sjúkrahúsanna eða ættu þar sín heimkynni, miklu fremur en að það væru sérstakar stofnanir í smærri kaupstöðum og fámennari byggðarlögum.

Nú er búið að reisa mjög mörg sjúkrahús á seinustu árum og verið að reisa þau á öðrum stöðum. Það er nýtt sjúkrahús núna að taka til starfa í Neskaupstað. Það er komið upp geysivoldugt sjúkrahús á Akureyri, fjórðungssjúkrahús Norðurlands. Það er komið sjúkrahús á Blönduósi. Það er verið að reisa sjúkrahús á Sauðárkróki. Og það er verið sem sé að endurnýja sjúkrahúsakostinn um allt land.

Ég sé því ekki annað en að það hafi miðað mjög vel í áttina til þess að geta tekið heilsuverndarstarfsemina upp og að skilyrðin séu nú allt önnur til þess en áður var. En hér í Reykjavík virðist mér vera komin algerlega aðstaða til þess að sameina sjúkrasamlögin Tryggingastofnuninni og taka upp heilsuverndina í því formi, sem hún átti að vera samkv. heilsugæzlukaflanum.

Hv. frsm., þm. A-Sk., sagði, að Haraldur Guðmundsson, forstjóri tryggingarinnar, hefði ekki lagt til, að þetta væri gert. Það er mikið rétt. En ef það á að skera úr fyrir hv. þm. og meðnm. hans um það að taka þessa till. ekki til greina, þá fyndist mér, að bezt samræmi væri í því, að hann tæki þá til greina allar aðrar till. Haralds Guðmundssonar og byggði á hans miklu reynslu, en það hefur ekki verið gert.

Þá skal ég enn fremur minna á það, að till. mín í sambandi við 38. og 39. gr. er um það, að sé um dauðaslys að ræða, þá er ákvæði um tiltölulega hærri dánarbætur til aðstandenda slíkra lögskráðra sjómanna en að því er snertir aðra. Þetta fékkst inn í sambandi við fiskverðssamninga verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda fyrir milligöngu ríkisvaldsins núna fyrir 3 árum, og þessar bætur til aðstandenda sjómanna eru margfalt hærri en til annarra. En bætur til annarra eru ákveðnar í gr. á undan, 38. gr. Till. mín er um það, að bæturnar verði þær sömu til aðstandenda manna, hvort sem þeir eru lögskráðir sjómenn eða ekki, því að fjölskylduástæður geta allar verið þær sömu í báðum tilfellum, og þá finnst mér uppbæturnar eigi að vera eins hjá öðrum en lögskráðum sjómönnum, og er till. mín um það og að 39. gr. þar af leiðandi falli niður.

Viðvíkjandi því, sem hv. 11. landsk. sagði hér áðan um breytingar á tryggingakerfinu, sem væru æskilegar, aðrar en þær, sem ég hef hér lagt til, en það eru verulegar breytingar á tryggingakerfinu, að verðlagssvæðið verði eitt, að heilsugæzlan komi til framkvæmda í staðinn fyrir sjúkrasamlögin, og fleira flyt ég till. um, sem snertir tryggingakerfið sjálft, þá vil ég að vísu taka undir það með honum, að það væri æskilegast, að hægt væri miklu meira að „decentralisera“ þetta skipulag allt saman, þannig að þýðingarmiklir þættir ættu sínar höfuðbækistöðvar úti um landið, ekki allt saman í Reykjavík. Og að einu leyti er stefnt í þessa áttina með breytingunum núna, þ. e. í sambandi við héraðssjúkrasamlögin, sem má stofna samkv. heimild í þessu frv., og þau eiga að annast sjúkradagpeningagreiðslurnar, en þær greiðslur hafa eingöngu farið fram hér í Reykjavík fram til þessa. En sannarlega er það rétt, að það væri æskilegt, að hægt væri að „decentralisera“ þetta enn betur.

Þá skal ég einnig taka undir það með honum, að ég tel það kannske óþarflega þröngt í 8. gr. að lögbjóða, að sýslumenn og bæjarfógetar skuli annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina. Ég tel ekki nauðsynlegt að hafa þetta lögfest. Það má vel vera, að reynzt hafi vel að hafa sýslumennina og bæjarfógetana sem umboðsmenn tryggingarinnar, því að þeir eru í innheimtu- og umboðsstörfum fyrir ríkisvaldið að öðru leyti, og það falli vel inn í þeirra kerfi, það verði tiltölulega minni kostnaður við það, og þá má búast við því, þó að það væri ekki lögfest, að í mörgum tilfellum yrðu það þeir, sem samið yrði við. En hitt er líka staðreynd, að á ýmsum stöðum á landinu eru ágætir menn í þjónustu sjúkrasamlaganna, sem eru mjög kunnugir allri tryggingalöggjöfinni og hafa framkvæmd hennar með höndum frá degi til dags, og eins og bent var á hér áðan, hafa sjúkrasamlögin varla efni á að hafa slíka sérstaka starfsmenn, nema því aðeins

að þeir gegni einhverjum öðrum störfum með, og þá færi langbezt á því, að það væru umboðin fyrir tryggingarnar.

Mér þætti það betra, ef fram kæmi till. og fengist samþ. um það, að það væri a. m. k. eitthvert svigrúm, að starfsmenn, sem nú gegna þessum störfum, gætu haldið þeim áfram, og það væri ekki endilega lögfest, að sýslumennirnir skyldu annast þessi störf. Þó að þeir séu til þess vel hæfir og líklegt, að kostnaður við innheimtuna í gegnum þeirra hendur sé hagkvæmur Tryggingastofnuninni, þá getur vel verið, að það sé möguleiki til að semja við sjúkrasamlögin um jafnhagkvæma innheimtu á þessu eins og með því að láta sýslumannsembættin annast þetta.

Ég vil vona, að brtt. mínar nái fram að ganga, og hefði ekkert á móti því, að það væri sannprófað, hvort hægt væri að fá samþykkta grein um, að tryggingarnar önnuðust innheimtuna áfram á barnsmeðlögunum, en þá væri hitt frv., sem hér með fylgir, í raun og veru óþarft. En mín skoðun var sú, að þegar vonlaust væri um að fá þetta fram, þá væri þó betra að fá rétt barnsmæðranna tryggðan gegnum breyt. á hinu frv., og menn hafa nú getað athugað þá brtt., því að hún liggur fyrir, að ég held, á prentuðu þskj. hjá þeim.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 6. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 269,1 felld með 14:11 atkv.
— 269,1. varatill. felld með 14:11 atkv.
10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 269,2 felld með 14:11 atkv.
— 270 samþ. með 19 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 269,3 felld með 14:10 atkv.
15. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 269,4 felld með 14:10 atkv.
16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 269,5 samþ. með 14:11 atkv.
17. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 269,6 felld með 14:10 atkv.
19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 269,7 tekin aftur.
21. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 269,8 felld með 14:10 atkv.
22. gr. samþ. með 16:7 atkv.
23. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 269,9 felld með 14:11 atkv.
24. gr. samþ. með 16:2 atkv.
25.—37. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 269,10 felld með 15:11 atkv.
38. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 269,11 tekin aftur.
39.—43. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 269,12 felld með 17:11 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli, og sögðu*
já: EggÞ, EOl, KGunn, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, BergS.
nei: BÓ, EI, EystJ, GíslG, GTh, HelgJ, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, HÁ.
7 þm. (EirÞ, IngJ, JóhH, ÓTh, StgrSt, SB, ÁB) fjarstaddir.
44.—51. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 269,12. varatill. felld með 15:11 atkv.
52. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
53.—58. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 269,13 felld með 15:11 atkv.
59.—89. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 70., 71. og 72. fundi í Nd., 14., 16. og 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 20. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 345, 346, 355, 366, 386).

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég er einn þeirra, sem standa að flutningi þeirra till., sem prentaðar eru á þskj. 346, en þar höfum við gert fjórar till. til breytinga á því lagafrv., sem hér liggur fyrir um almannatryggingar. Aðrir flm. eru hv. 11. landsk. þm., hv. 8. þm. Reykv., hv. 7. landsk. þm. og hv. 4. landsk. þm.

Fyrsta brtt., sem við flytjum á þessu umrædda þskj., er við 8. gr. frv., en í henni er ákveðið um yfirstjórn trygginganna svo og hvernig haga skuli umboði trygginganna utan Reykjavíkur. Í frv. er einfaldlega gert ráð fyrir, að fógetaembætti og sýslumannsembætti hafi þessi umboð, en þar er um að ræða breytingu frá því, sem er í framkvæmd nú, því að í flestum kaupstöðum landsins munu sjúkrasamlög annast umboð trygginganna, og á meðan sjúkrasamlögin haldast á þann hátt, sem þau nú eru, er ekkert eðlilegra en að þau fari með umboð almannatrygginganna að því er varðar greiðslu bóta. Á hinn bóginn hafa fógetaembættin víðast, máske alls staðar, umboð almannatrygginganna til innheimtu, og er það einnig eðlilegt, enda er svo um margt fleira á vegum ríkisins, sem fógetaembættunum er falin innheimta á, að ástæðulaust er að haga þeim innheimtum með öðrum hætti, þar sem það mundi aðeins leiða til þess, að hver rukkarinn mundi ganga í annars fótspor heim til manna til innheimtu, en það virðast vera hagkvæm vinnubrögð, að innheimtan sé í höndum fógetaembættanna. En í þessari till. okkar felst einnig það, að sú breyting sé gerð frá frv., að þau sjúkrasamlög, sem þegar hafa umboð trygginganna, skuli halda þeim áfram og einnig að Tryggingastofnuninni sé heimilt að fela umboðin almennt sjúkrasamlögunum. Við höfum sömuleiðis gert ráð fyrir því, að ákvörðunarréttur sá, sem nú er í Reykjavík hjá tryggingaráði, færist um leið yfir til þessara umboða sjúkrasamlaganna úti í kaupstöðunum og til

þeirra sjúkrasamlaga í sveitum, þar sem hagkvæmt þykir að hafa slík umboð, þannig að sem allra flestir landsmenn geti sjálfir átt þess kost að koma að máli við þá aðila, sem eiga að úrskurða um bótarétt þeirra.

Það leikur ekki neinn vafi á því, að þeir, sem búa úti á landsbyggðinni, hafa örðugri aðstöðu til þess að ná fram sínum rétti gagnvart tryggingunum, þegar mikill hluti af bótaákvörðununum er tekinn hér í Reykjavík. Það er allt annað að geta gengið sig á fund þeirra yfirvalda, sem ákvarðanirnar taka, rætt við þá málin, eða þurfa að senda allar upplýsingar bréflega, og reynslan er sú, að þær skrifstofur, sem hér taka við slíkum bréfum, hafa lengi lag á því að finna á þeim einhvern formgalla, draga afgreiðslu, óska eftir frekari útskýringum, þegar bezt lætur, en oft að leggja slíkar umsóknir beinlínis í glatkistuna, vegna þess að þær hafa ekki verið að öllu leyti eins útfylltar og skýrsluform eða viðkomandi úrskurðaryfirvöld hefðu viljað vera láta. Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að fólk úti á landsbyggðinni glatar nokkrum hluta af réttindum sínum í almannatryggingunum einmitt vegna þess, að þeir aðilar, sem eiga að úrskurða samkvæmt heimildargreinum tryggingganna, eru of fjarri, til þess að viðkomandi menn geti sjálfir gengið á fund þeirra og rakið þar mál sín þannig, að ekkert þurfi að fara á milli mála um form og útfærslu á skjölum. Með því að hafa ákvörðunarréttinn úti í umboðunum mundi að verulegu leyti verða bætt úr þessu. Á hinn bóginn er það greinilegt, að tryggingarnar hljóta að verða að hafa eitthvert eftirlit með því, að lögin séu framkvæmd í sem mestu samræmi um allt land, og gerir till. okkar ráð fyrir því, að slíkt eftirlit hafi Tryggingastofnun ríkisins, en fyrsta till. okkar gerir ráð fyrir því, ð úrskurðunarréttur samkvæmt heimildargreinum laganna færist út í umboðin.

Hv. alþm. geta svo sjálfir metið það, hvort þeir telja þetta sanngjarnt eða ekki. En bágt á ég með að trúa því að óreyndu, að þeir, sem eru hingað á Alþingi kosnir sem fulltrúar utan af landsbyggðinni, telji það eitt vera sanngirni, að úrskurðunarréttur samkvæmt heimildargreinum almannatryggingalaga sé eingöngu í Reykjavík og ekki annars staðar.

Önnur brtt., sem við gerum, er við 13. gr. frv. og er varðandi upphæð ellilífeyrisgreiðslna og örorkulífeyrisgreiðslna. Í frv. er gert ráð fyrir, að grunnlífeyrir til hjóna nemi 1067 kr. samkv. núgildandi vísitölu á mánuði, en við teljum, að þetta sé heldur lág upphæð og hafi ekki hækkað til samræmis við aðrar verðhækkanir í landinu, og leggjum til, að upphæðin verði 8400 kr. á ári í grunn. Það þýðir, að hækkun á þessum lífeyri mundi nema milli 29 og 30% frá því, sem nú er.

Það verður ekki hægt að telja, að það sé nein ofrausn, þótt slík hækkun væri ákveðin, enda væri þá lífeyrir sá, sem hjónum er ætlaður, ekki meiri en svo, að rétt væri fyrir allra brýnustu þörfum. Við höfum ekki gert ráð fyrir því í okkar till., að landið væri nema eitt verðlagssvæði, og því höfum við ekki gert till. um nema eina upphæð, en ef þau ákvæði frv. fara óbreytt í gegnum þingið, að áfram skuli landið vera í tveimur verðlagssvæðum, þá geri ég ráð fyrir, að á einhverjum stigum málsins yrðu að þessari till. samþykktri gerðar ráðstafanir til þess að færa inn aðra tölu til samræmis á öðru verðlagssvæði, en munurinn mun vera sá, að á öðru verðlagssvæði eru bæturnar 25% lægri en á fyrsta verðlagssvæði.

Þriðja brtt. okkar er varðandi greiðslu barnalífeyris samkvæmt úrskurði, en við flm. erum ábyggilega ekki einir um að líta svo á, að þau ákvæði, sem í frv. eru nú um greiðslu þessa lífeyris, séu spor aftur á bak. Í frv. er gert ráð fyrir því, að viðkomandi mæður óskilgetinna barna, sem fengið hafa úrskurð um barnalífeyri með börnum sínum, skuli fyrst snúa sér til sveitarfélags, en ef sú innheimta gangi ekki að óskum, þá geti þær snúið sér til fógeta, sem eigi að sjá um greiðslur til þeirra. Nú eru í gildi um þetta reglur á þá lund, að Tryggingastofnun ríkisins greiði út þennan lífeyri, og það hefur af öllum aðilum verið talin góð málsmeðferð, að öðru leyti en því, að Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki sýnt þann dugnað í innheimtu þessara meðlaga, sem ákjósanlegt væri, og hefur þess vegna myndazt nokkur skuld barnsfeðra. Ekki verður séð, að hin nýja skipun þessara mála, sem frv. gerir ráð fyrir, muni í nokkru draga úr þeim vanskilum. Þvert á móti væri æskilegt, að löggjöfin færði innheimtuna í það horf, sem líklegra væri til þess, að sem bezt skil mættu verða á þessum barnalífeyri, en héldi þeim háttum um greiðslu barnalífeyrisins, sem vel hafa gefizt, en það er, að Tryggingastofnunin eða umboð hennar á hinum einstöku stöðum greiði út þennan lífeyri.

Í okkar till. er lagt til, að Tryggingastofnunin annist útborgun lífeyrisins, eins og nú er í gildi, en frv. gerir ráð fyrir að verði breytt. En till. gerir einnig ráð fyrir því, að öllum afskiptum sveitarfélaganna af þessu verði hætt, þannig að Tryggingastofnunin öðlist endurkröfurétt á viðkomandi barnsföður og innheimti hjá honum, án þess að sveitarfélögunum sé í þetta blandað á nokkurn hátt. Af öðru tilefni hef ég rakið það, hver rök hníga að því, að þessi háttur verði upp tekinn, og sakar ekki, þó að þau séu nú hér endurtekin, þar sem þessi till. er beint til umræðu. Í fyrsta lagi eru það rök fyrir þessu, að bæjarfélögin og sveitarfélögin hafa yfirleitt ekki mikið gjaldþol, og ef eitthvað lendir í vanskilum af þessu, þá eru aðrir aðilar eðlilegri greiðendur þess fjár en bæjar- eða sveitarfélögin. Ég hef bent á dæmi um það, að nú fellur skylda á einn barnsföður til þess að greiða barnalífeyri með barni sínu. Sá barnsfaðir er ekki sá reiðumaður, að hann standi í skilum með þetta. Við getum hugsað okkur, að hann sé búsettur á Akureyri. Það þýðir: Akureyrarbær verður ábyrgur fyrir þessari greiðslu og verður að inna hana af höndum. Barnið elst máske upp í einhverju allt öðru sveitarfélagi, og þegar barnið er orðið uppkomið og orðið skattborgari, eru sáralitlar líkur til þess, að Akureyrarbær, sem orðið hefur að gjalda kostnað af uppeldi þess, njóti í nokkru viðkomandi þjóðfélagsþegns sem skattborgara. Þar á móti er alveg víst, að ríkið tekur skatt af þessum einstaklingi, þegar hann er orðinn skatt-

skyldur, og sömuleiðis mun Tryggingastofnun ríkisins, hvar svo sem viðkomandi einstaklingur verður með búsetu á landinu, leggja á hann iðgjöld vegna almannatrygginganna.

Það er þess vegna eðlilegast, að Tryggingastofnun ríkisins greiði út öll slík barnsmeðlög og innheimti þau, eftir því sem mögulegt er, en að sá aðili, sem endanlega greiðir, ef ómögulegt reynist að innheimta viðkomandi barnalífeyri hjá barnsföður, sé ríkið, sem að lokum greiði Tryggingastofnuninni þann halla, sem hún kann að verða fyrir vegna greiðslu þessa barnalífeyris. Ég hef einnig bent á, að einmitt fyrir þessu eru fordæmi mjög nærtæk, þar sem um er að ræða barnalífeyri barna erlendra manna, en nú er sá háttur hafður á, að Tryggingastofnun ríkisins borgar út slíkan barnalífeyri, en ríkið stendur Tryggingastofnuninni að lokum skil á þeim lífeyri, sem ekki innheimtist hjá viðkomandi barnsfeðrum. Ekki get ég séð, að þessi regla, svo sjálfsögð sem hún er, þegar útlendir feður eiga í hlut, geti ekki einnig verið sanngjörn í þeim tilfellum, þar sem barnsfeðurnir eru innlendir, en óskilamenn, þannig að þeir gjalda ekki sjálfir sinn barnalífeyri.

Enn fremur hef ég bent á, að á núgildandi fjárlögum greiðir ríkið til aðstoðar við innheimtu á slíkum barnalífeyri 630 þús. kr., þ. e. a. s. styrkinn til Kvíabryggjuheimilisins, en sá styrkur kemur eingöngu til góða því sveitarfélaginu á Íslandi, sem stærst er og ríkast, þ. e. Reykjavík. Engin önnur sveitarfélög á Íslandi njóta neinna hliðstæðra styrkja á fjárlögum. Það væri þess vegna ekki nema eðlilegt, að ríkið tæki að sér þessar greiðslur, þær sem ekki er hægt að innheimta hjá viðkomandi barnsfeðrum. Ríkið hefur þegar gert ráðstafanir til þess að greiða sem svarar 150 óskilabarnsmeðlögum fyrir Reykvíkinga. Reykjavíkurbúar eru ekki nema um það bil þriðjungur af landsmönnum, og til þess að samræmis gætti, væri ekki nema eðlilegt, að ríkið tæki á sig þá byrði að greiða sem svarar lífeyri 300 barna, þar sem feðurnir væru búsettir eða ættu heimilisfang utan Reykjavíkur.

Að síðustu hef ég svo einnig getið þess, að varðandi vinnubrögð í þessum efnum er þetta einnig heppilegasta leiðin, að Tryggingastofnun ríkisins greiði út viðkomandi barnalífeyri og innheimti hann, að svo miklu leyti sem mögulegt er. Til þess hefur hún þá möguleika, að í Reykjavík er spjaldskrá yfir alla Íslendinga, sem Tryggingastofnunin er raunar einn kostnaðaraðilinn að, að gerð var. Þessi spjaldskrá verður með *ári hverju fullkomnari, og má reikna með*, að í nánustu framtíð verði hún býsna örugg heimild um búsetu landsmanna. Þess vegna eru hæg heimatökin hjá Tryggingastofnun ríkisins að fletta upp í spjaldskrá yfir alla Íslendinga, hvar viðkomandi barnsfaðir er niður kominn, og ef það verður nú gert að lögum, sem í frv. er lagt til, að fógetar og sýslumenn verði umboðsmenn trygginganna um land allt, þá eru það einnig hæg heimatök hjá Tryggingastofnun ríkisins, eftir að hún hefur haft upp á heimilisfangi viðkomandi barnsföður í spjaldskránni stóru, að fela viðkomandi fógeta innheimtuna, en fógetaembættin, *eins og ég hef áður tekið fram*, eru ein allsherjar innheimtustofnun fyrir ríkið, hver *í sínu héraði*. Þannig má í fyrsta lagi gera ráð fyrir því, að viðkomandi barnalífeyrir mundi betur innheimtast með þessu fyrirkomulagi heldur en ef hvert einstakt sveitarfélag á að annast innheimturnar, og í öðru lagi, ef um vangreiðslur er samt að ræða af óhjákvæmilegum ástæðum, þannig að þrátt fyrir ýtarlega viðleitni til þess að innheimta hjá viðkomandi barnsföður kann það samt ekki að takast, þá er eðlilegast, að ríkið endurgreiði Tryggingastofnuninni þau barnsmeðlög, sem ekki fást greidd með eðlilegum hætti, á sama hátt og gert er, þegar útlendir barnsfeður eiga hlut að máli.

Varðandi aðstöðu mæðra leikur ekki vafi á því, að þessi háttur væri mun hagkvæmari en sá, sem frv. gerir ráð fyrir. En algengasta reglan er sú, að viðkomandi barn fylgi móður sinni, og aðstaða hennar er þess vegna ekki einasta það, sem maður gæti kallað sérmál konunnar, heldur er það fyrst og fremst mál barnsins, sem á uppeldi sitt undir því, að skilvísar greiðslur um þess lífsframfæri dragist ekki úr hófi fram.

Síðasta brtt. eða 4. brtt., sem við höfum gert, er við 58. gr. frv., en hún tekur til iðgjalda í sjúkrasamlögum. Í núgildandi reglum um þetta og í frv. er gert ráð fyrir því, að hinir tryggðu *greiði 60% af kostnaði sjúkrasamlaganna, 20%* á svo ríkið að greiða, og aðra 20 á viðkomandi sveitarfélag að greiða.

Nú hefur því í rauninni verið lofað fyrir allmörgum árum, að sjúkrasamlögin sem slík ættu að leggjast niður og þar með sérstök iðgjöld til þeirra. Þetta hefur ekki orðið í raun, og horfir nú svo, að langur tími muni líða, þar til svo skipast. Það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að af ríkisvaldsins hálfu verði gert eitthvað til þess að koma þó til móts við almenning í þessum efnum, þ. e. a. s. að koma fram iðgjaldalækkun til sjúkrasamlaganna. Og till. okkar, 4. till. á þskj. 346, er um það, að breytt verði þeim hlutföllum, sem hér hafa gilt, þannig að greiðslu þessara aðila, sem nú greiða kostnað sjúkrasamlaganna í svo ójöfnu hlutfalli sem ég þegar hef nefnt, að hinir tryggðu greiða 60%, ríkið 20, bærinn 20, verði jafnað til þriðjunga á þessa aðila. Það mundi lækka iðgjöld í sjúkrasamlögum nærfellt um helming, en það mundi að vísu nokkuð auka útgjöld bæði bæja og ríkis. En það hefur þann kost, að í sjúkrasamlagi verða allir hinir tryggðu að borga jafnhá iðgjöld, hvort þeir eru ríkir eða fátækir eða hver sem aðstaða þeirra kann að vera í þjóðfélaginu að öðru leyti. Aftur *á móti tekur bærinn af þegnum sínum* það, sem hann leggur til sjúkrasamlaga, eftir allt öðrum reglum, hann tekur það yfirleitt í gegnum útsvör, en þau eiga að vera á lögð samkv. efnum og ástæðum, og væri þess vegna eðlilegt að flytja meiri hluta af kostnaði sjúkrasamlaganna yfir í greiðslur, sem teknar eru eftir efnum og ástæðum, heldur en nú er. Að því er viðkemur ríkinu, þá hefur ríkið lagt svo ríflega skatta og tolla á þjóðina nú síðustu daga, að það ætti ekki að vera ofverkið þess að hækka hlut sinn úr 20% í greiðslum til sjúkrasamlaga í 33⅓%, og er ég ekki í neinum vafa um það, að fjárhagur ríkisins, eins og almenningur er skattaður nú, fer

ekki í neitt öngþveiti fyrir það, þótt þessar greiðslur verði hækkaðar eins og lagt er til í 4. till. okkar.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Við umr. um frv. um breyt. á l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna gerði ég það atriði að umtalsefni, sem við hv. þm. Borgf. höfum leyft okkur að flytja um brtt. á þskj. 355, þ. e. um greiðslu barnalífeyris með óskilgetnum börnum og börnum fráskilinna kvenna og ekkna. Við ræddum þá allýtarlega, hvernig þessu væri varið og hver vandkvæði væru á því, ef barnsmæður ættu að þurfa að snúa sér til oddvita þeirrar sveitar, þar sem þær dveljast, og síðan ættu þeir að innheimta gjaldið hjá barnsföður og njóta til þess styrktar yfirvalds um innheimtuna. Við gerðum þá allýtarlega grein fyrir, hver vandkvæði hlytu að verða, fyrst og fremst fyrir barnsmæður, að þurfa að hlíta slíkri meðferð.

Það er ekkert vafamál, að ef þessu verður þannig fyrir komið, mun það verða í framkvæmdinni, að mæðrum mun ganga seint og allerfiðlega að fá þessar greiðslur, enda þótt lagalega eftir þessu frv., ef að lögum verður, eigi þær rétt á því. Og enn torveldara mun þó reynast fyrir oddvita að innheimta þessi gjöld, enda er það viðurkennt af þeim, sem um þetta mál hafa fjallað, að þessi till. um, að oddvitar greiði þessi meðlög, en Tryggingastofnun ríkisins annist það ekki, er beinlínis gerð út frá því sjónarmiði, að innheimtan gangi bæði seint og erfiðlega og að þetta fé muni ekki innheimtast. Ég drap á það einmitt, að það væri dæmi um það, að lítil sveitarfélög hefðu alls ekki getað fengið þetta fé greitt, og getur það numið á ári svo að skiptir mörgum þúsundum króna, og sjá allir, hvernig það muni verka á hag fámennra og efnalítilla sveitarfélaga, fyrir utan hitt atriðið, sem er engan veginn veigalítið, að barnsmæður skuli þurfa að standa í því að fá þetta greitt, sem verður þeim vafalaust torvelt og veldur þeim miklum óþægindum og leiðindum. Og það er þó sannarlega það atriði í þessu, sem gjarnan má taka mikið tillit til, enda hefur sá félagsskapur kvenna, sem hefur látið þetta málefni til sín taka, bæði með samþykktum og skrifum um þetta mál, rækilega á það bent, hvað óheppilegt væri að breyta til frá því, sem áður var. Oddvitar, sem komu hér saman á fund, þegar þetta mál var til undirbúnings, og ræddu einmitt um þetta atriði, greiddu allir atkv. á móti því, að þetta fyrirkomulag yrði tekið upp, hver einn og einasti, og kunnast má þeim vera einmitt um það, hvernig slík innheimta mundi ganga. Það leiðir einnig af þessu fyrirkomulagi, ef það ætti að lögbjóða, að oddvitarnir greiddu þetta og innheimtu svo, þá leiðir af því ógurlega mikla skriffinnsku, sem ekki er vert að innleiða, þegar þá er fyrir fram vitað, að það getur ekki annað en valdið óþægindum og erfiðleikum, sem rétt er að spara sér.

Hv. 9. landsk. þm. var að gera grein fyrir þeim brtt., sem þeir nokkrir flytja, þar sem þetta atriði einnig felst. Á brtt. okkar hv. þm. Borgf. og brtt. þeirra, sem um þetta atriði fjallar, er ekki mikill munur. Hvað greiðslurnar áhrærir og fyrirkomulag á því, er það alveg það sama. Aðeins er okkar till. nokkru fyllri um endurkröfuna á hendur barnsföður, nokkru ýtarlegri um það efni, en annar munur er þar ekki á. En brtt. okkar hv. þm. Borgf. fjallar eingöngu um þetta atriði, ekki um hin önnur, sem hv. 9. landsk. þm. var að gera grein fyrir.

Mér þykir og okkur hv. þm. Borgf. því æskilegra og óskum þess, að hv. d. gæti fallizt á okkar brtt. og samþ. hana. Hún er nokkru ýtarlegri, og ég ætla, að það sé vel fyrir þeim atriðum séð upp á endurgreiðsluna að ræða. Þess vegna teljum við æskilegast, að hún yrði samþykkt. Um hin önnur atriði brtt. þeirra félaga, þá kemur þessi brtt. okkar ekki þeim neitt við, svo að það er hægt að gera samþykkt um það alveg sjálfstætt.

Af því að þetta mál var hér áður ýtarlega rætt, einmitt þessi atriði, bæði af mér og hv. þm. Borgf. nokkuð, og einnig hefur nú hv. 9. landsk. þm. drepið frekar á ýmis atriði, sem þetta snerta, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta atriði meira. Það liggur ljóst fyrir, hvað í þessu felst, og ég vil vona, að hv. d. samþykki þess vegna okkar till. Ég ætla, að það verði farsælasta lausnin á þessu máli.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Nd., 21. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar, frá því að 2. umr. fór fram, og ber fram nú við þessa umr. málsins nokkrar brtt. um viss atriði, sem hún hafði ekki tekið fulla afstöðu til við 2. umr. Eitt af þeim atriðum, sem nokkur ágreiningur hefur verið um, er það, hvernig haga skuli ákvæðum 22. gr. frv. um skerðingu á elli- og örorkulífeyri eftir því, hve aðrar tekjur aðila nema hárri fjárhæð.

Við 2. umr. kom fram till. frá einum nm. í heilbr.- og félmn., hv. 3. landsk. þm. (HV), um að fella niður með öllu ákvæði um skerðingu lífeyris, hve háar sem aðrar tekjur aðila væru. Þessi brtt. var felld. Nú flytur heilbr.- og félmn. á þskj. 366 brtt. við 22. gr. frv., þar sem rýmkað er nokkuð skerðingarmarkið frá því, sem ákveðið er í frumvarpsgreininni. Þessi brtt. hefur verið til athugunar í Tryggingastofnun ríkisins, og form. mþn. þeirrar, sem samdi frv., hefur einnig athugað þessa till., og innan heilbr.- og félmn. hefur náðst fullt samkomulag um orðalag hennar. Vænti ég þess, að hv. þdm. geti fallizt á að afgreiða þetta atriði málsins í þeim búningi, sem n. leggur nú til.

Önnur brtt. heilbr.- og félmn. á þskj. 366 er við 59. gr. frv. og miðar einungis að því að gera skýrara orðalag frvgr., en felur ekki í sér efnisbreytingu.

Gert var ráð fyrir því, þegar frv. var samið, að lögin öðluðust gildi 1. jan. 1956. Þar sem ekki reyndist fært að afgreiða frv. fyrir s. l. áramót, leiðir af því, að þessu ákvæði frv. þarf að breyta. Heilbr.- og félmn. leggur til, að gildistaka laganna verði miðuð við 1. apríl þ. á., en jafnframt þarf að ákveða til bráðabirgða, að allmörg ákvæði

laganna komi ekki til framkvæmda fyrr en um n. k. áramót, og fjallar um það 4. brtt., þar sem lagt er til, að við frv. bætist nokkur ákvæði til bráðabirgða.

Enn fremur flytur heilbr.- og félmn. brtt. á þskj. 386. Þær brtt. eru fram bornar eftir ábendingu og að tilmælum skattstjórans í Rvík og fela í sér orðalagsbreytingar til samræmis við orðalag skattalaga og skattareglugerðar. Þykir það skýrara að orða þau atriði málsins, sem þessar brtt. fjalla um, á þann veg, sem lagt er til á þskj. 386.

Þá hafa verið fluttar við þessa umr. brtt. frá einstökum þm., og hafa flm. þeirra þegar mælt fyrir þessum till.

1. brtt. á þskj. 346 felur í sér þá breytingu á 8. gr. frv., að sjúkrasamlög í kaupstöðum skuli hafa á hendi umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins, í stað þess að gert er ráð fyrir í frvgr., að sýslumenn og bæjarfógetar annist umboðsstörfin fyrir Tryggingastofnunina. Ef þessi till. yrði samþ., yrði gengið lengra í því en verið hefur í framkvæmd að fela sjúkrasamlögum umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina. Heilbr.- og félmn. lítur svo á, að það sé ekki rétt að samþ. þessa till., eins og hún er orðuð, og það sé of langt gengið að gera það að beinni skyldu, að sjúkrasamlög í öllum kaupstöðum landsins skuli hafa þessi umboðsstörf á hendi.

2. brtt. á þessu þskj. er um hækkun á elli- og örorkulífeyri. Við 2. umr. málsins flutti hv. 3. landsk. þm. till. um nokkra hækkun á þessum liðum frv. Till. hans voru felldar. Nú gerist sá óvenjulegi háttur í sambandi við flutning þessarar till., að nú er lagt til að hækka tölurnar frá því, sem fellt var við 2. umr. málsins. Ég tel, að þetta sé fremur óvenjulegt. T. d. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga er það venjulegt, að þegar búið er að fella till. um ákveðna fjárhæð sem aðaltill., þá séu fluttar till. um nokkru lægri fjárhæð, sem koma þá til atkvæða sem varatill. En það er vitanlega á valdi hæstv. forseta að skera úr því, hvort till., sem hljóðar um hærri fjárhæð en þegar er búið að fella í þessari hv. deild, getur komið til atkvæða eða ekki. — En það er ýmislegt fleira, sem er athugavert við þessa till. Að flutningi hennar eins og annarra till. á þskj. 346 standa fimm hv. þm. úr þremur flokkum, en svo virðist, að allir þeir vösku liðsmenn, sem að þessum till. standa, hafi gerzt helzt til hraðvirkir við lagasmíðina, þegar þeir gengu frá þessum till. Ég fæ ekki betur skilið en það sé lagt til, að allar bætur, þ. e. a. s. árlegur ellilífeyrir og örorkulífeyrir, verði jafnar til aðila, hvar sem þeir búa á landinu, að það verði greiddar jafnháar bætur í þessum bótaflokkum, hvort sem aðili býr á fyrsta eða öðru verðlagssvæði.

Nú var það fellt hér við 2. umr. málsins að afnema verðlagssvæðaskiptinguna, svo að það stendur eftir í frv. Það virðist þá eiga að líta þannig út, ef þessi till. yrði samþykkt, að iðgjöld öll og framlög til Tryggingastofnunarinnar ættu að vera lægri af öðru verðlagssvæði, en bæturnar í aðalbótaflokknum ættu að vera jafnháar þar eins og á fyrsta verðlagssvæði.

Það má segja, að í þessu felist raunar hlunnindi fyrir þá, sem búa á öðru verðlagssvæði, en ekki eykur þetta samræmið, og ég held, að samræmið milli ýmissa ákvæða í lögunum mundi verða dálítið einkennilegt, ef þessi till. yrði samþykkt. Skal ég þessu til sönnunar aðeins benda á, að ef þessi till. yrði samþykkt við 13. gr. frv., væri þar með ákveðið, að bæturnar, þ. e. a. s. elli- og örorkulífeyrir, væru jafnháar til aðila, hvort sem hann býr í sveit eða kaupstað, en eftir ætti að standa í 10. gr. frv., þrátt fyrir þetta ákvæði, svo hljóðandi:

„Bætur skulu vera fjórðungi lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði.“

Það virðist ekki aukast samræmið í lagasetningunni við að láta þetta hvort tveggja hafa lagagildi. Enn fremur ætti að standa áfram:

„Iðgjöld skulu vera hlutfallslega lægri á öðru verðlagssvæði en á fyrsta verðlagssvæði, miðað við bótaupphæðir hvors verðlagssvæðis.“

Ég bendi aðeins á þetta hv. þdm. til athugunar, áður en þessar till. koma til atkvæðagreiðslu.

3. brtt. á þskj. 346 fjallar um greiðslu barnalífeyris. Efni þeirrar till. hefur verið rætt hér í þessari hv. deild áður í sambandi við annað frv., sem fjallar um sama efnisatriði. Það hefur verið álit löggjafans alveg ótvírætt, að þó að Tryggingastofnun ríkisins hefði á hendi fyrirgreiðslu um greiðslu barnalífeyris, ætti hún ekki að taka að sér framfærslu, hún ætti alveg óvefengjanlegan endurkröfurétt á hendur öðrum aðilum á því fé, sem hún innti af hendi í þessu skyni. Í fyrsta lagi á Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður, en bregðist hann þeirri skyldu að inna þessa greiðslu af hendi til Tryggingastofnunarinnar, skal innheimta kröfuna hjá sveitarfélagi, framfærslusveit föður. Löggjafinn hefur kveðið svo á, að það skuli innheimta þessar kröfur, af því að það hefur vakað fyrir löggjafanum, að Tryggingastofnunin tæki ekki að sér framfærslu, þó að hún veitti fyrirgreiðslu í þessu efni.

Nú vekur það eftirtekt, að í þeirri till., sem hér liggur fyrir um þetta efni, er horfið frá því, að Tryggingastofnunin eigi endurkröfurétt á hendur sveitarfélagi, heldur einungis á hendur barnsföður, og bregðist það, að barnsfaðir inni meðlagið af hendi, hlýtur sá halli, sem af því leiðir, að lenda á Tryggingastofnun ríkisins. Það kom reyndar fram í ræðu hv. 9. landsk., þegar hann mælti fyrir þessum brtt., að hann teldi eðlilegt, að ríkið bæri ábyrgð á þessum greiðslum og hlypi undir baggann, ef skuldir söfnuðust af þessu tilefni. En ég fæ ekki séð, að í þessum brtt. sé neitt ákvæði, sem leggur ríkissjóði þá skuldbindingu á herðar, og í frv. er það ekki, svo að ef till. yrði samþ. eins og hún liggur fyrir, fæ ég ekki betur séð en Tryggingastofnunin hlyti að standa í ábyrgð fyrir þessum greiðslum og verða að bera þann halla, sem af þessum viðskiptum leiddi.

Till. um sama efni er á þskj. 355 frá hv. 1. þm. Árn. og þm. Borgf. Sú till. er að því leyti frábrugðin till. á þskj. 346, að gert er ráð fyrir, að Tryggingastofnunin geti innheimt kröfuna hjá framfærslusveit barnsföður, verði vanskil af hálfu föðurins. En ég vil vekja athygli á því, að þó að brtt. sé orðuð á þennan hátt, þá á samkv. henni einungis að vera um heimild að ræða til

handa Tryggingastofnuninni að innheimta þessar kröfur, því að orðalagið er þannig: „Verði vanskil af hálfu föðurins, má innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans.“ Það er í heimildarformi.

Í þessu er vikið frá ákvæðum laganna, eins og þau hafa verið, frá því að þau tóku gildi 1946, því að í lögunum er Tryggingastofnuninni lögð bein skylda á herðar að reyna að ná inn þessu fé. Í lögunum segir orðrétt: „Verði vanskil af hálfu föðurins, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit föður.“

Heilbr.- og félmn. hefur tekið þá afstöðu að mæla með ákvæðum frv., sem að þessu lúta, eins og þau eru í frv., en leggur jafnframt til, að samþ. verði sérstakt frv. um breytingar á framfærslulögunum. Hefur það verið rætt áður í þessari hv. d. Heilbr.- og félmn. mun því ekki breyta afstöðu sinni um þetta atriði málsins, þótt þessar brtt. hafi komið fram.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég get nú að ýmsu leyti þakkað hv. þm. A-Sk. fyrir hans ræðu. Hann er yfirleitt maður óspar á ráðleggingar til sinna andstæðinga og bendir gjarnan á það, sem miður kann að fara í þeirra málflutningi, en hitt verð ég að segja, að æskilegt væri, að fulltrúi meiri hl. heilbr.- og félmn., sá sem valinn er til þess að hafa orð fyrir þeim virðulega nefndarmeirihluta hér í þessari hv. d., bæri nokkru næmara skyn á uppeldi barna og vandamál þau, sem í sambandi við það skapast, svo og um þær þarfir, sem öryrkjar og gamalmenni hafa í sinni lífsbaráttu.

Því miður virtist mér, að málflutningur þessa hv. ræðumanns mótaðist fremur af því, að hann teldi það öllu máli skipta, að ekki skyldi nú þurfa að greiða burt úr ríkissjóði einhverjar krónur, sem máske væri hægt að láta aðra aðila greiða. Í sambandi við afstöðu þessa hv. nefndarmeirihluta og hans frsm. til greiðslu barnalífeyris, þá verður hún ekki skilin öðruvísi en svo, að þessi hv. ræðumaður líti svo á, að það sé réttlátara að leggja á herðar einstæðra mæðra innheimtu á barnalífeyri barna sinna heldur en að til þess gæti komið, að slíkur lífeyrir yrði að lokum greiddur úr ríkissjóði, án þess að ríkissjóður gæti innheimt hann annars staðar frá. Ég verð að harma þessa afstöðu, bæði þessa hv. ræðumanns og þeirra, sem standa að málum með honum í þeirri lagasmíð, sem hér er á ferðinni.

Verð ég þá að víkja örfáum orðum að því, sem hann sérstaklega sagði um þær till., sem ég ásamt nokkrum öðrum þm. hef leyft mér að flytja og prentaðar eru á þskj. 346. Meginmál ræðu hans var um það, í hvert óefni væri stefnt þessari löggjöf, ef 2. brtt. okkar yrði samþ., till. um það, að árlegur ellilífeyrir fyrir hjón yrði 8400 kr. í grunn á ári og árlegur einstaklingslífeyrir yrði 5280 kr. á ári. Í fyrsta lagi dró hann í efa, að forseti ætti að bera þessa till. undir atkv., vegna þess að önnur till. frá öðrum aðila um lægri fjárhæð hefði verið felld. Ég ætla ekki að gefa forseta nein ráð í þessu efni. Hins vegar sé ég ekki annað en að þessi till. okkar sé fullkomlega þingræðisleg og að öllu byggð á þingsköpum. Við höfum ekki áður gert till. um lægri upphæð, og þetta er okkar till.

Sú reginfirra, sem hv. þm. A-Sk. þóttist finna í okkar till. um lífeyrinn, er sú, svo að málið sé nokkru nánar rakið, að ef við miðum við einstakling, þá hefur einstaklingur nú í ellilífeyri 581 kr. á mánuði, miðað við vísitöluna 171. Samkv. frv., sem fyrir liggur, mundi hann fá 667 kr. En samkv. þessari till., sem hér liggur fyrir, mundi einstaklingslífeyrir verða 752 kr., og er þá ekki gengið lengra en svo, að um er að ræða hækkun frá því, sem nú gildir, þannig að hækkunin nemur eitthvað á milli 29 og 30% og er hreint ekki meiri en tilsvarandi verðhækkanir hafa orðið á fjölmörgum hlutum frá því, að þessi lífeyrir var ákveðinn. En það, sem hv. þm. A-Sk. virtist bera alveg sérstaklega fyrir brjósti, var það, að ef þessi tillaga yrði samþykkt, mundi öll löggjöfin fara í hreinasta brengl, því að einhvers staðar í annarri gr. væri gert ráð fyrir því, að verðlagssvæðin væru tvö, og með þessu mundi verðlagssvæðið verða eitt að því er varðar útborganir til ellilífeyrisþega, en þeir byggju hins vegar við lægri iðgjöld.

Þegar ég talaði fyrir þessari till. hér, þegar hún var á dagskrá áður, þá virtist mér þessi hv. þm. gera sér far um að reyna að taka eftir því, sem sagt var. En annaðhvort hefur honum ekki tekizt það sem skyldi eða þá að hann hefur fremur haft tilhneigingar til þess að afflytja mál en að skilja það eins og það lá fyrir. Ég tók það sérstaklega fram, að till. væri gerð í samræmi við þá skoðun okkar, að landið ætti að vera eitt verðlagssvæði. Hins vegar tók ég það einnig fram, að að þessari till. samþykktri stæði þeim mönnum, sem hér hafa með meiri hluta ákveðið, að verðlagssvæðin skyldu vera tvö, að sjálfsögðu opin leið til þess í meðferð þingsins að draga af þessu 25% í greiðslum á annað verðlagssvæði, eins og þeir vilja vera láta og eins og framkvæmt verður, ef frv. verður óbreytt samþykkt. Ég sé þess vegna ekki sérstaka ástæðu til þess að elta fremur ólar við þessa aths. hv. þm., enda hygg ég, að þessi hv. þm. hafi staðið að lagasetningu t. d. um áburðarverksmiðjuna, sem hér var á dagskrá í gær, þar sem í einni gr. sagði, að verksmiðjan skyldi vera hlutafélag, og í annarri gr., að hún skyldi vera sjálfseignarstofnun, svo að honum þyrfti ekki svo mjög að blöskra, þótt þessi breyting, sem gert er ráð fyrir í 2. brtt. okkar á þskj. 346, yrði samþykkt. Það yrði ekki meira ósamræmi í lögunum, þó að við engu öðru yrði hróflað, en t. d. í lögunum um áburðarverksmiðjuna, sem ég hygg að þessi hv. þm. hafi staðið að að samþykkja og ekki gert aths. þá um, þótt eitt ræki sig á annars horn. En sem sagt, það hefur rækilega verið á það bent, að þessi till. er gerð í fullu samræmi við þá skoðun okkar flm., að verðlagssvæðið eigi að vera eitt, og við erum þess vegna með flutningi þessarar till. í fullkomnu samræmi við okkar skoðun á málinu. Enda þótt aðrir hafi aðra skoðun og reynist vera hér í meiri hluta, þá hafa þeir alla möguleika til þess að gera ráðstafanir til þess að halda verðlagssvæðunum tveimur, enda þótt þessi till. yrði samþ.

Kem ég þá að því, sem hv. þm. sagði um 3. till. okkar, en hún varðar innheimtu á lífeyri barna, sem úrskurðaður hefur verið lífeyrir með

til handa mæðrum. Þar telur hann vá fyrir dyrum, af því að í till. sé ekki sérstaklega tekið fram, að ríkissjóður eigi að lokum að borga þann halla, sem Tryggingastofnunin kynni að verða fyrir, ef till. yrði samþ.

Nú veit hv. þm. það, að það eru fjölmörg dæmi um það héðan af þingi, að á fjárlög eru teknar greiðslur til handa Tryggingastofnun ríkisins, þegar hún nær ekki saman endum um útgjöld og tekjur. Þess vegna er engin sérstök ástæða til þess að taka það fram í þessari brtt., að ríkið skuli borga hallann. Auðvitað ber ríkið ábyrgð á rekstri Tryggingastofnunarinnar og hlýtur óhjákvæmilega að hlaupa undir baggann, ef Tryggingastofnunin væri nálægt því að komast í greiðsluþrot. Enn fremur hef ég bent á það hér, að ef þessi háttur, sem þessi brtt. gerir ráð fyrir, yrði upp tekinn um greiðslur barnalífeyris, þá ætti Tryggingastofnunin ákaflega hæg heimatök um að koma fram hér á Alþ. þeim breytingum við lög eða tillögum um nýja löggjöf, sem sú stofnun teldi nauðsynlegar til þess, að innheimtan gæti gengið sem snurðulausast. Og ég er ekki í neinum vafa um, að á það mundi verða vel hlustað hér á þingi, hverjar aths. eða hverjar breytingar Tryggingastofnunin kynni að vilja láta gera, til þess að sú einfalda innheimta, sem hér er lagt til, gæti farið fram greiðlega. En sem sagt hv. þm. A-Sk. og þeir, sem honum fylgja að málum í þessu, vilja umfram allt, að ríkið og Tryggingastofnunin skuli vera gersamlega laus við að eiga nokkuð á hættu í þessum efnum, en þeim virðist vera langtum ósárara um það, þótt mæður viðkomandi barna kunni að þurfa að standa í ströngu um innheimturnar.

Ég þykist vita, að þeir muni vilja svara því til, að í lögunum sé mæðrunum gefinn kostur á að leita með sín mál til fógeta, ef aðrar leiðir bregðast. Og það er rétt. En sú leið stendur mæðrum ekki opin, fyrr en þær hafa fengið synjun hjá sveitarstjórn um, að þessi lífeyrir sé greiddur, máske fyrst hjá barnsföður og síðan hjá sveitarstjórn.

Ég get ítrekað það, að það væri vissulega æskilegra fyrir uppeldi viðkomandi barna, að hv. þm. A-Sk. reyndi að setja sig betur inn í það, með hverjum hætti uppeldi slíkra barna getur gengið snurðulausast, jafnvel þó að það kostaði það, að hann sleppti nokkru af sinni nákvæmni um, hvar á að standa „og“ og hvar á að standa „að“ í frumvörpum, eða enn fremur þó að hann yrði að láta niður falla þá aths., sem er nú í meira lagi hjá honum, við brtt. frá sínum hv. flokksbróður, þar sem þessi hv. þm. hefur nú fundið út, að á einhverjum stað, þar sem stendur „má“, ætti fremur að standa „skal“. Það er sem sagt mín skoðun, að jafnvel þó að þessi lofsverða nákvæmni hv. þm. yrði í einhverju að lúta í lægra haldi fyrir almennum skilningi á þörfum fólks í landinu, þá væri það samt vinningur, ef hann mætti nokkuð komast á þeirri braut að tileinka sér þá skoðun, að fólkið í landinu sé meira virði en bókstafur í frv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Svo virðist á ræðu hv. 9. landsk. sem hann telji orðalag frumvarpa ekki miklu máli skipta, en það ætla ég, að dómstólar, sem eiga að dæma eftir lagasetningu af hálfu þingsins, muni telja það nokkru skipta jafnvel, hvort það stendur „má“ eða „skal“ í einni lagagrein, og hygg ég, að það væri hollt fyrir þennan hv. þm. að gera sér grein fyrir þessu á sem flestum sviðum í sambandi við lagasmíðina.

Það hefur verið rætt hér í þessari hv. d., hvernig fyrirhugað er samkv. tillögum heilbr.- og félmn. að sjá borgið hlut barnsmæðranna um meðlagagreiðslur, þannig að verði vanskil af hálfu föður, eigi barnsmóðir rétt á því að snúa sér til dvalarsveitar, og tregðist oddviti dvalarsveitar við að greiða meðlagið, þá á barnsmóðirin að geta snúið sér til sýslumanns, þess manns, sem hefur á hendi umboð fyrir Tryggingastofnunina, og skal þá móðirin fá þar meðlagið greitt. Á þennan hátt er gert ráð fyrir því, að hlutur mæðranna verði tryggður. En í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. 9. landsk. um, að ríkið ætti að hlaupa undir baggann, ef skuldir stofnuðust vegna þessara viðskipta, og að sú regla hefði verið höfð á undanförnum árum að taka inn í fjárlög ýmsar greiðslur til Tryggingastofnunarinnar til þess að jafna halla, þá þykir mér rétt að láta það koma fram við þessa umr., að ein meginbreyting, sem þetta frv. felur í sér, er gagnvart fjárhagsgrundvelli Tryggingastofnunarinnar, þannig að iðgjöldin eða framlögin til Tryggingastofnunarinnar eru ekki ákveðin í krónutölu samkv. þessu frv., heldur á að jafna þeim niður árlega í vissum hlutföllum á þá aðila, sem framlögin greiða, í samræmi við þá áætlun, sem Tryggingastofnunin hefur gert og félmrh. staðfest, áætlun, sem á að sýna, hve mikilla tekna er þörf fyrir Tryggingastofnunina það ár, sem í hönd fer. En um leið og þessi meginbreyting er gerð á tryggingalöggjöfinni, er afnumið það ákvæði, að ríkið beri ábyrgð á rekstri stofnunarinnar. Rekstur stofnunarinnar á að bera uppi með þeim framlögum, sem aðilar inna af hendi hverju sinni, í samræmi við þá áætlun, sem gerð er um þarfir stofnunarinnar, og leggja í varasjóð svo sem tilskilið er í frv., en jafnframt er það fellt niður, að ríkið beri ábyrgð á fjárhag stofnunarinnar. Ég vildi láta þetta koma fram nú við lok þessarar umr. í tilefni af þeim orðum, sem féllu í ræðu hv. 9. landsk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 23. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 346,1 felld með 15:9 atkv.
— 346,2 felld með 17:8 atkv.
— 355 samþ. með 18:7 atkv.
— 346,3 kom ekki til atkv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á það, að þótt till. þeirra hv. 1. þm. Árn. og þm. Borgf. á þskj. 355 sé um ýmsa hluti mjög svipuð þeirri till., sem við fimm þm. höfum gert og er 3. till. á þskj. 346, þá er þar á sá eðlismunur, að í till. þeirri, sem við höfum gert, 3. till. á þskj. 346, er gert ráð fyrir, að sveitarfélögin verði algerlega tekin út úr sem aðili í

barnalífeyrisgreiðslum. Að því leyti gengur sú till. lengra, og þess vegna óskaði ég eftir því, að forseti bæri hana fyrst upp. Það atriði hefur aldrei komið undir atkv., þó að önnur ákvæði, sem í till. felast, séu raunar samþykkt með þeirri samþykkt, sem gerð hefur verið á till. 355, og ég lít svo á, að það sé rétt að bera upp 3. till. á þskj. 346 vegna þessa atriðis. Ég get sem sagt ekki sem tillögumaður fallizt á það, að þessu atriði, sem varðar sveitarfélögin sérstaklega, verði þannig sleppt út úr þessari hv. deild, að það fái ekki að koma til atkvæða.

Forseti (HÁ): Mér virðist þetta ekki veigamikil röksemd hjá hv. 9. landsk. þm., því að einmitt það atriði, sem hann nefndi, er búið að ákveða, að ég ætla, með hinni till., og þrátt fyrir það að ég léti áðan í það skína, að ég gæti gjarnan borið till. upp, þá virðist mér eftir þessa röksemdafærslu og ábendingu hv. 9. landsk. það ekki vera réttmætt og mun því ekki fallast á það. Mér virðist ekki þurfa meira málþóf um þetta atriði. Ég hygg, að þetta muni vera rétt, sem forseti hefur sagt í þessu efni, og að hv. tillögumenn geti unað þeim úrskurði, sem ég hef fellt í þessu efni.

Brtt. 366,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 386,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 346,4 felld með 14:10 atkv.
— 366,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 386,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 386,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 386,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 366,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 366,4 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., 27. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 401).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég tel rétt að láta örfá orð fylgja frv. við 1. umr. hér í Ed. Þetta frv. til l. um almannatryggingar er, eins og hv. dm. vita, búið að ganga í gegnum Nd., taka þar nokkrum breytingum, hefur verið þar til meðferðar mjög lengi, og ég sé ekki ástæðu til þess að fara að flytja hér langa framsöguræðu. Hvort tveggja er, að frv., eins og það var lagt fram í öndverðu, fylgir ýtarleg grg., og svo hefur hv. Ed. náttúrlega fylgzt með meðferð málsins í Nd. Þar voru gerðar nokkrar breytingar á frv., þó ekki nema ein, sem hægt er að segja að sé raunverulega stór efnisbreyting. Inn á það mun ég ekki fara hér að þessu sinni.

Þegar ég lagði málið fyrir Alþingi í fyrstu og flutti framsögu í Nd., benti ég á, að ég teldi ekki óeðlilegt, að heilbrigðis- og félagsmálanefndirnar í báðum deildum störfuðu að einhverju leyti saman að málinu. Þetta mun eitthvað hafa verið gert í upphafi, þegar málið var til meðferðar í Nd., en mér er ekki kunnugt um, hve mikinn árangur það kann að hafa borið um, að það flýtti fyrir afgreiðslu málsins. Ég veit, að hér í þessari hv. deild muni koma fram brtt. við frv. að meira eða minna leyti, eins og eðlilegt er með jafnumfangsmikið mál og hér er um að ræða, og þarf deildin sjálfsagt nokkurn tíma til þess að geta afgreitt frv. Hins vegar vildi ég láta þess getið, að ég fyrir mitt leyti legg nokkra áherzlu á, að þetta Alþingi, sem nú situr, gæti afgreitt þetta frv. frá Alþingi.

Það er kunnugt og hefur verið um mörg ár, að það væri alveg nauðsynlegt að gera vissar breytingar á almannatryggingalögunum, enda alltaf gert ráð fyrir því, að um þetta leyti færi fram gagngerð endurskoðun á þeim eftir þann reynslutíma, sem nú hefur fengizt í kringum 10 ára skeið eða allt að því, og t. d. að afnema það, að á hverju þingi, eins og nú að undanförnu, þurfi ávallt að vera með löggjöf um viss ákvæði í almannatryggingalögunum til framlengingar. Þetta er óeðlilegt með mál eins og hér er um að ræða og getur alls ekki að mínum dómi gengið lengur, að svo sé ástatt um það atriði. Þetta var ekki óeðlilegt í fyrstu, meðan menn voru að átta sig á þessari löggjöf og hvers konar breytingar kynni að þurfa á henni að gera. En eftir svona langan reynslutíma tel ég, að það geti vart komið til mála. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og hefur inni að halda allmiklar breytingar frá fyrri löggjöf um þetta efni, en þó ekki í grundvallaratriðum, — það er mér óhætt að fullyrða, — m. a. fyrirbyggir, að það sé nauðsynlegt að vera með ný frv. og nýja löggjöf á hverju einasta Alþingi til þess að fleyta málinu fram næsta ár.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér þær breytingar, sem frv. sjálft, eins og það í öndverðu var lagt fyrir Nd., gerir á eldri lögum, né heldur að fara að rekja þær breytingar, sem hv. Nd. gerði á frv. og í meginatriðum eru ekki mjög stórfelldar.

Þessu frv. fylgja nokkrir dilkar, ef svo mætti orða það, eins og frv. til laga um breyt. á lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, frv. til laga um breyt. á framfærslulögum og frv. til laga um breyt. á heilsuverndarlögum. Ég vil aðeins nefna það, að þau munu koma hér í kjölfarið til hv. Ed.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða um einstök atriði. Það er þá eðlilegra, að það sé gert við 2. umr. málsins, því að ég vænti þess fastlega, að hv. Ed. vísi þessu máli til nefndar og taki þau störf, sem þar ber að vinna, föstum tökum, eftir því sem tími vinnst til þess. Mér er að vísu ljóst, að af ýmsum ástæðum verður dálítið erfitt um mikinn tíma til meðferðar á þessu frv. og öðrum, sem fyrir hinu háa Alþingi liggja, nú á næstu vikum, en þó vænti ég, að þetta frv. verði hér tekið til meðferðar, og veit enda, að hér í hv. deild eru menn, sem hafa mjög mikinn áhuga fyrir almannatryggingum, hafa starfað að þeim og munu vilja leggja mjög jákvætt til þessara mála.

Ég skal svo láta þessi fáu orð nægja sem framsögu um þetta frv. og leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði satt að segja búizt við því, að hæstv. ráðh. mundi ræða nokkuð ýtarlegar um þetta mál hér í þessari hv. deild, svo mjög sem mér finnst þetta frv. raska grundvallaratriðum laganna, gagnstætt því, sem hann hélt fram í sinni stuttu ræðu. En það kann að stafa af því, að hann hefur haldið sína aðalframsöguræðu um málið í Nd., þar sem það hefur fengið ýtarlega meðferð og verið svo að segja allan þingtímann.

Vart mun nokkurt þingmál snerta jafnmarga aðila og það mál, sem hér er til 1. umr. Hinn smæsti og veikasti þjóðfélagsþegn á ef til vill alla lífsafkomu sína undir því, hversu þessu máli er skipað, og hinum, sem sterkari eru og bera eiga byrðarnar af framkvæmdinni, er ekki alveg sama um, hversu með málið er farið. Það er því engin furða, þó að einmitt um þetta mál verði allmiklar umræður hér á Alþingi og að sitt sýnist hverjum. Er það og vel, að málið sé rætt frá öllum hliðum og sem allra flest sjónarmið komi fram undir umr., ef vera mætti, að það gæti leitt til sem allra réttlátastrar niðurstöðu, þar sem saman gæti farið möguleikinn til þess að mæta sanngjörnum og réttlátum kröfum hinna tryggðu án þess þó að íþyngja um of gjaldþoli þeirra aðila, sem bera eiga uppi kostnaðinn, því að án þess, að þetta tvennt fari saman, ná lögin ekki tilgangi sínum.

Áður en ég sný mér að hinum einstöku greinum frv., vildi ég mega fara hér nokkrum orðum almennt um tryggingamálin og þróun þeirra á undanförnum árum.

Sú skoðun, að allir menn séu bornir til jafnréttis til þess að lifa mannsæmandi lífi, er að festa dýpri og dýpri rætur meðal allra menningarþjóða, en frumskilyrði til þess að tryggja þennan rétt einstaklinganna eru almannatryggingar, og því er það, að því öruggari, traustari og mannúðlegri sem lagafyrirmæli og framkvæmdir almannatrygginganna eru, því betur er þessi réttur tryggður einstaklingunum, hvernig sem heilsu þeirra andlega og líkamlega er farið eða hver sem efnahagur þeirra kann að vera á hverjum tíma. Þetta er kjarni almannatrygginganna, sem við megum aldrei missa sjónir af, þegar lögunum um þær skal breyta til hins betra. Hinu má ekki heldur gleyma, að með því að uppfylla þessar skyldur við þegna þjóðfélagsins er það sjálft sem oftast að bjarga verðmætum, sem annars færu forgörðum, því að í langflestum tilfellum er þjóðfélagið með þessu að hjálpa hinum veika til sjálfsbjargar, er að gera þegnana betri og traustari en ella til þess að vera með í því að halda uppi og auka framleiðslu landsins á ýmsum sviðum og bæta þar með þjóðarhaginn. Þessi þáttur tryggingamálanna er engu minna virði en hinn, en enn sem komið er, hefur honum ekki verið sinnt sem skyldi, og frv. það, sem hér er til umræðu, gerir ekki ráð fyrir því, að á því verði mikil breyting. Er þess þó full þörf, að hér verði gerð miklu stærri átök í framtíðinni en gert hefur verið hingað til.

Íslenzka þjóðin hefur frá öndverðu gert sér ljósar þessar skyldur við þegnana, því að allt frá fornöld var það lögum samkvæmt skylda ættanna að sjá fyrir fjórmenningum, en kæmi á móti réttur til að taka arf eftir þá. Hér var því komið á frá upphafi vissu formi almennra trygginga í samræmi við aldarandann og í samræmi við efnahag þjóðarinnar á hverjum tíma. Þetta form tryggginganna hefur að líkindum aðallega breytzt og brugðizt vegna þess, að fjárhagsgrundvöllurinn hefur ekki verið nógu öruggur, arfalóðið jafnan verið léttara en byrðin af framfærslunni, einkum þó á þrengingartímum, sem gengu á vissum tímabilum yfir þjóðina. Taka því tryggingarnar smátt og smátt á sig annað form. Er þá framfærsluskyldan færð meira og meira yfir á sveitarfélögin, án þess þó að erfðarétturinn sé látinn fylgja með, enda oftast lítið á þeim að græða, sem þannig eru framfærðir.

Reynslan af þessu formi tryggginganna var jafnan hin ömurlegasta, og því er það, að jafnskjótt og þjóðinni vex fiskur um hrygg og saman fer að fara meira frelsi í athöfnum og betri efnahagur, hefst baráttan fyrir nýrra og betra formi tryggginganna með þeim árangri, að sett er hér á Alþingi heilsteypt og að mörgu leyti mjög fullkomin tryggingalöggjöf, sem þjóðin hefur síðan búið við og nú hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hefur. Löngu áður höfðu þó starfsmenn ríkis og ríkisstofnana svo og einstakra annarra atvinnuveitenda fengið með lögum eða með samningum annað og heppilegra tryggingaform, sumpart í formi lögboðinna eftirlauna og sumpart í formi lífeyrissjóða, sem hvort tveggja tryggði sæmileg lífskjör, þegar kraftarnir voru þrotnir, og stundum jafnvel betri lífskjör en á meðan viðkomandi var í starfi fyrir full laun. En þó að þær umbætur snertu jafnan þá, sem bezta höfðu aðstöðu í þjóðfélaginu, verður því ekki neitað, að þær voru undanfari almennra umbóta í tryggingamálunum og þvinguðu beinlínis fram heildarlöggjöfina um almennar tryggingar, eins og þær munu framvegis knýja fram umbætur á lögunum um almennar tryggingar, unz ósamræmið á milli þessara tryggingaforma er að fullu afmáð, og að því ber að stefna, að það verði sem fyrst. En til þess að svo megi verða, verður frv. það, sem hér er til umræðu, að breytast mjög verulega, og er varla að vænta, að slíkt náist í einu átaki. Þær umbætur, sem gerðar hafa verið á tryggingalöggjöfinni á hverjum tíma, hafa að sjálfsögðu mætt margvíslegri andstöðu, en þessi andstaða hefur ávallt markazt af einni og sömu ástæðunni, þ. e., að samfara umbótunum sé ekki séð nægilega fyrir fjárhagslegum þörfum tryggginganna og án þess að saman fari umbætur á löggjöfinni, sem hafi í för með sér meiri eða minni nýjar útgjöld, og öflun nýrra tekna til þess að mæta þeim útgjöldum, verði hin nýju ákvæði tryggingalaganna dauður bókstafur, loforð til fólksins, sem ekki verði uppfyllt. Slík afstaða hefur jafnan verið túlkuð af Alþfl. og einnig af Sameiningarflokki alþýðu, Sósfl., sem hrein andúð gegn umbótum á tryggingalöggjöfinni, en þetta er mjög rangur dómur. Lög nr. 50 1946, um almannatryggingar, sem enn eru í gildi og hafa ekki tekið verulegum breytingum á þessu tímabili, voru samin og undirbúin af mþn. og frv. síðan flutt af heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar á þinginu 1945 samkv. ósk þáverandi félmrh.

Samkomulag var um það á milli þáverandi stjórnarflokka, að frv. skyldi verða að lögum á því þingi, og þingnefndir beggja deilda höfðu samvinnu um að athuga það og gera á því nauðsynlegar breytingar. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar varð þó ekki sammála um afgreiðslu málsins. Lagði meiri hl. n. til, að frv. yrði samþykkt með allmiklum breytingum, en minni hl., hv. þm. Str., Hermann Jónasson, sem þá var í stjórnarandstöðu, lagði til, að frumvarpinu yrði vísað frá með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Deildin telur, að mál þetta þurfi nánari athugunar við og nauðsynlegt sé, að þjóðin kynnist því og ræði það, áður en því er ráðið til lykta, síðan verði það tekið til úrlausnar í sambandi við þær ráðstafanir, er gera þarf til stefnubreytingar í fjárhags- og atvinnumálum til þess að skapa tryggingunum traustan fjárhagslegan grundvöll. Væntir d. þess, að fullkomin tryggingalöggjöf, byggð á öruggum fjárhagsgrundvelli, verði nánar undirbúin svo fljótt sem verða má, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Rökstudda dagskráin var felld gegn atkv. framsóknarmanna, þar sem stjórnarflokkarnir gátu ekki fallizt á, að málið þyrfti frekari undirbúning en það hafði þá þegar fengið, og þar sem sú ríkisstj., sem stóð að samþykkt frv., skuldbatt sig til þess að tryggja nauðsynleg fjárframlög til greiðslu á öllum skuldum til trygginganna og taka upphæðirnar inn á fjárlög, var ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja frv.

Síðan þetta gerðist er liðinn nærri áratugur. Ég hygg, að það sé ekkert ofmælt, að allan þennan tíma hafi efnahagskerfi þjóðarinnar verið sjúkt að áliti hv. þm. Str. og sá sjúkdómur hafi heldur farið vaxandi en hitt með ári hverju. Ef Alþ. hefði því fallizt á það fyrir tíu árum að vísa þessu merka máli frá, byggt á þeim forsendum, að tryggja bæri fyrst og fremst heilbrigt efnahagskerfi þjóðarinnar eftir forskrift formanns Framsfl., og þingið síðan haldið sig við þá ákvörðun í málinu, er hætt við því, að hér hefði engri almannatryggingalöggjöf verið komið á enn þá. Þetta raskar þó á engan hátt þeirri höfuðnauðsyn, að tryggja verður fjárhagsgrundvöll tryggingarma, ef lögin eiga að vera nokkuð annað en pappírsgagn, loforð, sem ekki verður uppfyllt, og frá mínu sjónarmiði er engan veginn gengið svo örugglega enn frá því atriði sem skyldi, engin tilraun gerð til þess í frv. að bæta þar nokkuð um frá því, sem er í gildandi lögum.

Samkv. frv. skal skipta útgjöldunum hlutfallslega á milli þeirra aðila, sem gjöldin eiga að greiða, og er nokkurn veginn haldið sömu hlutföllum og verið hefur, svo að segja má, að hér verði lítil breyting á. Enn fremur er haldið því ákvæði, að ríkissjóður skuli bera ábyrgð á framlagi sveitarfélaganna, svo sem nú er, en hins vegar er fellt niður það ákvæði, að ríkissjóður skuli bera ábyrgð á greiðsluhalla tryggingarma, þegar tryggingasjóðirnir hrökkva ekki lengur til að mæta töpum, og þegar svo er komið, er auðsætt, að áætla verður iðgjöldin svo há, að öruggt sé, að ekki geti verið um töp að ræða og að mögulegt sé að auka verulega tryggingasjóðina. Svo lengi sem iðgjaldagreiðendur hafa fullar hendur fjár, er þetta auðvelt. En jafnskjótt og efnahagsástæður breytast, kann þetta að verða allt erfiðara, og vel gæti það efnahagsástand skapazt, ef illa árar, að skera yrði niður bæði hjá sveitarsjóðum og hjá ríkissjóði margvísleg gjöld, sem almenningur þó teldi nauðsynlegt að inna af höndum. Og hvaða trygging er þá fyrir því, að framlög til tryggingarma yrðu þar undanskilin? Það er því höfuðnauðsyn að skapa tryggingasjóðunum tekjur, sem ekki eru háðar efnahag iðgjaldagreiðenda á hverjum tíma, og að auka svo tryggingasjóðina, að í þeim sé jafnan ekki minni upphæð til vara en eins árs útgjaldaupphæð tryggingarma.

Fyrir þessu var því miður ekki séð í upphafi, og engin tilraun er heldur gerð til þess með frv. þessu að gera hér nokkrar umbætur. Sú stefna, sem tekin var hér upp, að sjá ofsjónum yfir rekstrarafgangi tryggingarma og ganga á sjóðina, svo sem gert hefur verið hin síðari ár, er röng og leiðir ekki til neins góðs, enda er sú stefna ekki í neinu samræmi við þá yfirlýsingu, að það sé höfuðnauðsyn að tryggja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar. Ef horfið yrði nú að því ráði að auka verulega tryggingasjóðina, svo sem ég hef hér minnzt á, og helzt með nýjum tekjustofni, er væri óháður efnahag iðgjaldagreiðenda, mundu tryggingarnar ekki einasta vera öruggar um að geta jafnan staðið við loforð sín til bótaþega, heldur mundu þær og verða efnahagskjölfesta þjóðarinnar, sem megna mundi hvort tveggja í senn að leysa efnahagsvandræði einstaklinganna og þá einkum hinna fátækustu og aðstoða ríkissjóðinn og sveitarfélögin undir fjöldamörgum kringumstæðum til þess að koma áfram nauðsynlegum framkvæmdum, sem annars yrðu að bíða vegna fjárskorts og með því torvelda eðlilega þróun atvinnumálanna.

Mþn. sýnist alveg hafa gengið fram hjá þessu mikilvæga atriði í uppbyggingu tryggingakerfisins, sem framtíðinni er ætlað að búa við, og form. n., sem fór þar með umboð flokks, sem 1946 vildi vísa málinu frá á þeim forsendum, að fjárhagsgrundvöllur tryggingarma væri svo ótraustur samkv. ákvæðum frv., sem þá var hér til umr., að ekki væri formandi að lögfesta það, gerir hér engan ágreining og setur þá heldur engar till. fram í þá átt að skapa traustari efnahagsgrundvöll fyrir tryggingarnar.

Eins og kunnugt er, stóðu hér á landi mjög harðar vinnudeilur í árslok 1952 milli launþega og atvinnurekenda. Slíkt fyrirbrigði var engin nýlunda með þjóð vorri, því að allt síðan árið 1916 hefur þjóðin átt sliku að venjast í minni eða stærri mæli. Þetta hefur jafnan verið einn meginþáttur í hinni pólitísku baráttu vinstri flokkanna í landinu til þess að tryggja sér fylgi alþýðunnar, þótt árangurinn hafi ekki ávallt verið svo sem til var ætlazt. Og jafnan höfðu þó þessar deilur verið leystar að lokum með mismunandi ágóða eða tapi fyrir deiluaðila, eins og gengur og gerist, þegar um vinnudeilur hefur verið að ræða. En í þetta skipti er tekinn upp alveg nýr og áður óþekktur háttur til þess að jafna deiluna. Ráðh. sá, sem fór með félagsmálin og fer með þau enn og hafði það hlutverk

að beita sér fyrir því að koma á sáttum, ef leitað var til ríkisstj. í deilunni, gerir sér lítið fyrir og semur, örþreyttur og uppgefinn, á einni nóttu við Alþýðusambandið um að verja nærri tveimur tugum milljóna króna úr tryggingasjóðunum, sem einnig heyrðu undir hans rn., til þess að koma á samkomulagi og mæta kröfum launþeganna. Og þetta er gert án þess að leita til þingsins, sem þó sat að störfum, eða til þeirra manna, sem mest höfðu barizt fyrir því að koma tryggingamálunum í viðunandi horf. Og allt þetta gerræði er framið skömmu eftir að sami hæstv. ráðh. hefur fengið Alþ. til þess að fallast á að fresta löglegum bótum til gamalmenna á þeim rökum, að stofnunin hafi ekki bolmagn fjárhagslega til þess að inna þær skyldur af hendi, sem kostuðu þó ekki nema sem svarar helmingnum af þeirri upphæð, sem hér var ausið út. Aldrei höfðu almannatryggingarnar fengið slíkt áfall, aldrei höfðu nokkrir menn brugðizt þeirri hugsjón, sem á bak við þær stendur, svo hrapallega sem þeir hæstv. ráðh. og Hannibal Valdimarsson gerðu þá nótt. Þá nótt var það lóðið þyngra á vogarskálinni að tryggja þeim mönnum í fylkingunni, sem sóttu fram og hæst voru launaðir, viðbætur, sem aðeins urðu kjarabætur á yfirborðinu, en ekki raunverulegar, en hitt, að standa við gefin loforð til gamla fólksins. Þá nótt var lambið sannarlega tekið frá þeim fátæka til þess að færa það á borð hins ríkari. Þá nótt var farið inn á þá braut, sem hlaut að lenda í algeru hruni fyrir tryggingarnar fjárhagslega, ef ekki yrði af henni snúið. Og þetta var gert af hæstv. ráðh. þess flokks, sem vildi vísa málinu frá, vegna þess að fjárhagsgrundvöllurinn var ekki nógu tryggur 1945.

Samkv. lögunum frá 1946 skyldi næstu fimm ár, eða til loka ársins 1951, skerða elli- og örorkulífeyri eftir ákveðnum reglum, en að þeim tíma liðnum skyldi skerðingarákvæðið falla niður. Rökin, sem færð voru fyrir því, að rétt væri að skerða ellilífeyrinn svo sem að framan greinir, voru þau, að lífeyrisþegi hefði ekki greitt nema fá ár til tryggginganna og gæti því ekki að tryggingaréttí krafizt fullra bóta, þó svo að hann væri þá kominn yfir aldurstakmarkið. Á þessi rök var þá fallizt. En það var hins vegar aldrei gert ráð fyrir því, að skerðingin yrði ákveðin um aldur og ævi, svo sem nú er gert í þessu frv. Með því ákvæði, ef að lögum verður, er gamla fólkið svipt rétti, sem það hafði fyllstu ástæðu til þess að ætla að það fengi að halda í framtíðinni. Að vísu hefur skerðingarákvæðið verið framlengt frá ári til árs síðan 1951, en því jafnan borið við, að það væri vegna þess, að endurskoðun laganna stæði fyrir dyrum og fyrr en henni væri lokið, þætti ekki rétt að afnema að fullu skerðingarákvæðið, því að þá þyrfti m. a. að sjá tryggingunum fyrir nýjum tekjum og þá jafnframt að athuga gaumgæfilega allan fjárhagsgrundvöll tryggginganna. Og það var einmitt með þetta fyrir augum, að sett var inn í tryggingalöggjöfina ný grein 1948, sem mælir svo fyrir, að heildarendurskoðun laganna skuli hraðað svo, að niðurstöður hennar liggi fyrir Alþ. því, er saman skyldi koma 1949. Var endurskoðunin einmitt gerð með það fyrir augum fyrst og fremst að tryggja svo fjárhagsgrundvöllinn, að ekki þyrfti að framlengja skerðingarákvæðið hvað snertir ellilífeyrinn. Alþfl. fór þá með félagsmálin í ríkisstj. Ef treysta hefði mátt því öllu, er hann hefur sagt um tryggingamálin og baráttu hans fyrir umbótum á þeim, hefði mátt ganga út frá því sem öruggu, að hann léti hraða endurskoðun laganna, m. a. til þess að tryggja, að þetta ákvæði félli ekki niður. En þegar ráðh. flokksins nærri ári síðar fer úr ríkisstj., hefur hann ekkert gert í því að láta endurskoða lögin, svo sem lög mæltu þó fyrir um. Þegar aftur er tekin við ríkisstj., sem þingmeirihluta á á bak við sig, fellur það í hlut Framsfl. að fara með tryggingamálin, og hefur verið svo jafnan síðan.

En þó að ýmsar nýjar leiðir væru farnar í efnahagsmálunum, var ekkert sinnt um að ljúka endurskoðun tryggingalaganna, og það er ekki fyrr en 7. maí 1954, eða fimm árum síðar en endurskoðuninni skyldi lokið samkv. lögum, að hæstv. ráðh. tekur á sig rögg og skipar mþn. til þess að framkvæma endurskoðunina. Er n. sérstaklega falið að athuga gaumgæfilega fjárhagslegan grundvöll tryggginganna, að hafa hliðsjón af samþykktum alþjóðavinnumálastofnunarinnar um lágmarksákvæði almannatrygginga svo og samningum aðildarríkja Evrópuráðsins, að leita umsagna og till. hjá bæjarstjórnum og hreppsnefndum í landinu og öðrum þeim aðilum, sem n. álítur gagnlegt að hafa samráð við um tryggingalöggjöfina og framkvæmd hennar, og semja síðan frv. til heildarlaga um tryggingarnar. Form. nefndarinnar var skipaður skrifstofustjóri félmrn. Verður að líta svo á, að sú stefna, sem nú skal marka með frv., sé a. m. k. engan veginn í andstöðu við Framsfl.

Þegar lögin frá 1946 um almannatryggingar voru sett, urðu að sjálfsögðu allmiklar umræður um þau hér á Alþ. og ágreiningur um mörg atriði þeirra. Innan þáverandi stjórnarflokka, sem komið höfðu sér saman um afgreiðslu málsins, var nokkur ágreiningur og í sumum atriðum allverulegur ágreiningur um málið. Var sá ágreiningur einkum fólginn í því, að báðir samstarfsflokkar Sjálfstfl. vildu ganga miklu lengra í bótagreiðslum en gert var. En Sjálfstfl. leit jafnan svo á, að það væri höfuðverkefni sitt í sambandi við afgreiðslu laganna að tryggja, að bótaþegar fengju örugglega þær bætur, sem ákveðnar yrðu í frv., því að flokknum var ljóst frá upphafi, að án þess voru lögin fólkinu einskis virði, en flestar till. samstarfsflokkanna voru þess eðlis, að þær veiktu fjárhagskerfi tryggginganna, en styrktu það ekki. Aðrar till. þeirra svo og till. stjórnarandstöðunnar, Framsfl., fóru hins vegar í gagnstæða átt, þótt ekki fengist fyrir þeim meiri hluti. Með tilliti til afstöðu hv. formanns Framsfl. í hinni rökstuddu dagskrá var barátta hans fyrir þeim tillögum allt í senn skiljanleg, sanngjörn og réttlát. Það vekur því enn meiri undrun, að flokkurinn skuli nú, þegar hann fer með þessi mál og lætur fara fram heildarendurskoðun laganna, ekki minnast einu orði á þá stefnu, sem hann þá barðist fyrir að tekin væri upp til þess að tryggja efnahagsgrundvöll tryggginganna. Þrátt fyrir þennan ágreining um afgreiðslu málsins, sem ég hef hér lýst, var fullt samkomulag um að sam-

þykkja lögin með þeim breytingum, sem Sjálfstfl. ýmist bar fram eða gat fallizt á. Hefur sá flokkur síðan einn allra flokka í þinginu staðið við þau heit að tryggja það, að löggjöfin væri raunhæf fyrir fólkið í landinu.

Ágreiningur Framsfl. um afgreiðslu málsins var ekki einasta sá, sem fram kom í rökstuddu dagskránni, er ég hef hér áður minnzt á, heldur og í eftirfarandi atriðum:

1) Að landinu væri skipt í tvö verðlagssvæði, en með því væri framið misrétti á mönnum eftir búsetu.

2) Að mismunur væri gerður á því, hvort hinir tryggðu væru launþegar eða atvinnurekendur, og í því fælist óþolandi ranglæti.

3) Að iðgjöldin væru ekki að einhverju leyti tekin með hundraðshlutagjaldi af tekjum manna.

Önnur ágreiningsatriði voru þýðingarminni og skulu ekki rakin hér.

Þegar svo heildarendurskoðunin er loksins framkvæmd undir forustu Framsfl. og ráðherra flokksins leggur að endurskoðuninni lokinni fram stjfrv. um breytingar á löggjöfinni, hlýtur það að vekja allmikla undrun, að það er engin tilraun gerð til þess að koma á þessum umbótum, sem 1946 þóttu svo mikils virði, að rétt þótti að vísa málinu frá vegna þess, að þær till. fengjust ekki samþykktar. Nú er látin niður falla af flokksins hálfu baráttan fyrir því að hafa allt landið eitt verðlagssvæði, baráttan fyrir því, að menn skyldu hafa sama rétt, hvar sem búseta væri. Ranglæti, sem svo mjög var túlkað að verið væri að fremja á fólkinu 1946, er orðið að réttlæti 1956. Sama er að segja um annað ágreiningsatriðið. Það er ekki lengur neitt ranglæti að dómi Framsfl., að atvinnurekendur skuli ekki sitja við sama borð og launþegar hvað snertir tryggingarákvæði laganna. Einnig þetta hefur breytzt á einum áratug.

Hvað er þá eftir af áhuga Framsfl. fyrir umbótum á tryggingalöggjöfinni? Ef dæma skal eftir frv., sem hér er til umr., verður ekki séð, að það sé neitt annað en það að svipta gamla fólkið þeim rétti til ellilífeyris, sem því var tryggður með lögunum frá 1946, ef þeim hefði ekki fyrir aðgerðir Framsfl. verið breytt hvað þetta atriði snertir, og svo hitt, að fella niður heilsugæzlukaflann. Í því sambandi vil ég mega spyrja þá menn, sem að þessari breytingu standa: Er það álit þeirra, að það sé rangt að standa við gefin loforð um greiðslu óskerts ellilífeyris til fólksins, sem greitt hefur árum saman iðgjöld til tryggingana, m. a. í trausti þess að fá að njóta bótanna, þegar ellin færist yfir? Eða er það rangt að vinna að því í sambandi við heilbrigðisstjórnina, að látin verði í té skipuleg heilsugæzla, er nái sem bezt til allra landsmanna? En með því frv., sem hér liggur fyrir, er breytt skyndilega frá þeirri stefnu, sem svo örugglega var mörkuð í þessa átt með lögunum 1946. Og þetta er gert á sama tíma sem Alþ. sendir fulltrúa í Norðurlandaráð til þess að vera þar fremstir í fylkingu með hinum Norðurlandaþjóðunum að koma á skipulegri heilsugæzlu um allan heim til þess á þann hátt að draga úr sjúkdómum, sem þjá mannkynið, og öllu því böli og allri þeirri sorg, sem sjúkdómum er jafnan samfara. Og þetta er ekki gert vegna óbærilegs kostnaðar, því að vitað er, að vel og viturlega skipulögð heilsugæzla kostar þjóðina minna, þegar öllu er á botninn hvolft, en óskipulagt heilsugæzlufúsk, heldur stafar þetta beinlínis af því, að ráðherra, forstjóri Tryggingastofnunarinnar og tryggingaráð hafa allir bognað fyrir stéttarvaldi læknanna og látið þannig hrekja sig nauðuga af réttri leið inn á brautir, sem hvort tveggja eru í senn óskynsamlegri og dýrari, þegar til lengdar lætur, fyrir þjóðfélagið. Það er sannarlega kaldhæðni örlaganna, að sá stjórnmálaflokkurinn, sem árum saman átti allan sinn vöxt og veldi undir stéttvísinni í landinu, skuli nú verða að beygja sig fyrir þessu sama valdi og sætta sig við, að einmitt það skuli þoka einu mesta áhugamáli flokksins af réttri braut.

Af því, sem ég hér hef bent á, er ljóst, að með frv. því, sem hér er til umr., er stigið stórt spor aftur á bak frá því, sem unnizt hefur í tryggingamálunum. Ég mun því undir meðferð málsins í nefnd gera tilraun til þess að koma fram nokkrum breytingum á frv., þótt mér hins vegar sé ljóst, að þar muni verða allmiklir erfiðleikar á, eftir þá meðferð, sem málið hefur þegar fengið, einkum og sér í lagi ef það er rétt, að hæstv. ráðh. leggi á það áherzlu, að sem allra minnst sé hróflað við frv., og að hann muni beita sér fyrir því, að það verði samþ. sem mest óbreytt, eins og það nú liggur fyrir. En auk þeirra atriða, sem ég þegar hef bent á, skal ég geta hér nokkurra annarra, er ég tel að breyta þurfi í frv., áður en það er gert að lögum.

Í I. kafla frv. er svo mælt fyrir, að stofnuninni skuli stjórna fimm manna tryggingaráð, kosið af Alþ., ásamt einum forstjóra, er ráðherra skipar. Samfara þessu skuli svo ráðinn skrifstofustjóri, sérfræðingar og deildarstjórar. Er þetta sama fyrirkomulag og verið hefur, nema hvað við er bætt nauðsynlegum starfsmönnum vegna aukinna starfa. Eins og kunnugt er, ræður þessi stofnun orðið yfir tugmilljóna króna sjóðum, og framkvæmd þessara mála snertir svo að segja hvert einasta mannsbarn í landinu. Ég tel bæði skylt og sjálfsagt, að yfirstjórn stofnunarinnar sé breytt þannig, að tryggingaráð, sem kosið er af Alþ. og ber alla ábyrgð á rekstri stofnunarinnar, skipi forstjóra hennar, einn eða fleiri, eftir því sem þurfa þykir. Þarf þessi skipan ekkert að auka fólkshald stofnunarinnar, þar sem forstjórarnir, ef fleiri væru en einn, tækju að sér að sjálfsögðu störf, sem nú eru ætluð undirmönnum forstjórans. Það yrði t. d. mjög eðlilegt, að tryggingafræðingur væri forstjóri og einnig tryggingalæknir, þannig að sérþekking væri fyrir hendi í sjálfri stjórn stofnunarinnar.

Þá gerir frv. ráð fyrir því að lögbinda sýslumenn og bæjarfógeta sem umboðsmenn trygginganna. Þetta ákvæði tel ég að nái ekki nokkurri átt, því að þótt reynslan hafi sýnt, að þeir hafa að jafnaði verið sæmilegir umboðsmenn og sumir hverjir mjög góðir, þá eru þó dæmi til hins, að þeir hafa reynzt þannig, að óverjandi væri að tryggja svo umboð þeirra, að því verði ekki riftað nema með lagabreytingum. Mér er m. a. kunnugt um, að þau dæmi eru til, að umboðsmaður hefur alveg gagnstætt fyrirmælum laganna haldið bóta-

greiðslum, þar til viðkomandi sveitarfélag hefur gert full skil á sínum gjöldum til tryggginganna, og þetta orsakað það, að bótaþegar hafa ekki fengið á réttum tíma sínar greiðslur, auk ýmissa annarra mistaka í framkvæmd. Má nærri geta, hversu miklu erfiðara þar verður fyrir fólkið að ná rétti sínum gagnvart slíkum mönnum, ef búið er að löggilda þá sem umboðsmenn. Auk þess er það ekkert til að spara útgjöld, nema síður sé, því að svo lengi sem þessum mönnum er ekki ætlað að inna störfin af hendi án aukagjalds, verður ekki hægara að semja um þóknunina, þegar lagabreytingu þarf til þess, að hægt sé að skipta um umboðsmann.

Ákvæði í II. kafla um heimild til þess að mega flytja héruð á milli verðlagssvæða er til bóta, en ég teldi eðlilegast, að sú heimild yrði gerð víðtækari, þannig að héruðin gætu á fjögurra ára fresti ákveðið það sjálf, hvaða verðlagssvæði þau vildu tilheyra.

Í sama kafla er haldið ákvæði um það, að elli- og örorkulífeyrir skuli lúta sömu reglum, bæði hvað snertir skerðingu og viðbæti. Tel ég, að þessu ákvæði þurfi að breyta. Elli- og örorkulífeyrir lúta hvor um sig algerlega óskyldum lögmálum. Þegar bótaþegi hefur t. d. greitt iðgjald til tryggginganna allt sitt líf frá 16 ára aldri til 67 ára, er það ranglæti að skerða ellilífeyri hans, hvernig svo sem efnahag hans eða heilsu hans er farið. Þetta á ekkert skylt við lífeyri öryrkja, sem greiða verður, þótt hann hafi lítið eða ekkert greitt til tryggginganna, hafi hann t. d. verið öryrki frá fæðingu. Það er hins vegar engan veginn nóg að setja sérákvæði um örorkulífeyri, heldur þurfa ákvæðin um örorku að vera miklu víðtækari en þau eru nú í frv., m. a. um skyldu tryggginganna til þess að sjá þeim fyrir skólum og vinnu við þeirra hæfi. Þjóðin glatar hér tugum þúsunda dagsverka á ári hverju með því að vanrækja þessi mál. Með því að koma á fót öryrkjaskólum, þar sem þeim væri kennt að mæta erfiðleikum lífsins með þeim starfskröftum, sem þeir eiga yfir að ráða, og með þeirri aðstoð, sem eðlilegt og sjálfsagt er að láta þeim í té, miðað við orku þeirra á hverjum tíma, og með því enn fremur að koma upp öryrkjaheimilum, þar sem öryrkjunum er skapaður samastaður og starf við þeirra hæfi og þar sem þeir væru jafnframt þjálfaðir til sjálfsbjargar, væri ekki einasta fyrirbyggt, að tugum þúsunda dagsverka væri lengur á glæ kastað á ári hverju, heldur mætti þannig draga mjög úr þeim kostnaði, sem tryggingarnar hljóta jafnan að hafa vegna öryrkjanna. En langmesti vinningurinn yrði þó í því fólginn, að með þessu skapaðist meðal öryrkjanna sjálfra meiri lífsgleði, þeir mundu þannig sætta sig betur við hin hörðu og hrjúfu lífskjör, sem þeir hafa verið dæmdir til, og það eitt út af fyrir sig er svo mikils virði, að torvelt er að meta það til fjár. Fyrir þá litlu og veiku viðleitni, er ég hef reynt að sýna til þess að skilja kjör þessa fólks, hef ég fengið margvíslegar áskoranir um að halda áfram baráttunni fyrir bættum kjörum þess. Þetta fólk myndar ekki með sér stéttarfélag til þess að bæta kjör sín. Þetta fólk notar ekki verkfallsréttinn til að skapa sér betri lífskjör. Eina von þess er, að einhverjir fáist til þess að skilja, að það á líka rétt til þess að lifa og starfa. Og Tryggingastofnunin á fyrst og fremst að hafa á því fullan skilning, en af frv. verður ekki séð, að mþn. hafi þótt þetta atriði nokkurs virði.

Tekið er upp í ákvæði frv. að greiða fullan barnalífeyri til 16 ára aldurs með börnum, þótt móðirin giftist og komist í hátekjur. Hér er ekki verið að skera bæturnar við nögl sér, svo sem gert er víða á öðrum stöðum. Er þetta þveröfugt við það, sem á sér stað um konur, sem taka eftirlaun, en missa þau, ef þær giftast. Hér er farið inn á mjög varhugaverða braut, og er þess vænzt, að þetta verði leiðrétt

Þá er enn haldið þeirri reglu að greiða fullar bætur með börnum til 16 ára, en láta þau þegar á seytjánda ári greiða fullt iðgjald til tryggginganna. Þessu ákvæði þarf að breyta. Gæti komið til greina að draga úr bótunum á aldrinum 14—16 ára, þar sem vitað er, að flestir unglingar afla þó nokkurra tekna á því aldursskeiði, og lækka jafnframt iðgjöld unglinganna til tryggginganna á aldrinum 16—20 ára, eða beinlínis að fara síðari leiðina, ef hin þykir ekki fær. Í hinu er engin sanngirni, að greiða fullar bætur með heilbrigðu barni til 16 ára, en krefja fyrir það fullt gjald þegar á seytjánda ári.

Þá þarf nánar að athuga ákvæðið um það, hverjir skuli undanþegnir iðgjaldagreiðslum. Eftir að skattalögunum var breytt og sparifé undanskilið framtali til tekju- og eignarskatts, er ekki rétt, að framtal tekju og eigna sé viðmiðun á sama hátt og áður var. Eigi maður ekki aðrar eignir en sparifé og hafi ekki aðrar tekjur, á það eitt út af fyrir sig ekki að geta leyst hann undan eðlilegum greiðslum til tryggginganna, ef þær eignir og tekjur eru meiri en hinna, sem verða að gefa þær upp til skatts, af því að fé er ekki ávaxtað á banka. Einnig þarf nánar að athuga ákvæði frv. um vinnumat barna, unglinga og gamalmenna og iðgjaldagreiðslur í sambandi við vinnu þeirra.

Í III. kafla frv. er haldið sömu reglu um skilgreiningu þeirra, sem slysatryggðir eru, eins og nú er í lögunum, en einmitt þetta ákvæði er eitt af þeim, sem valdið hafa miklum ágreiningi öll árin síðan lögin voru sett.

Í IV. kafla er sett inn nýtt ákvæði um, að greiða skuli til lækna sérstakt gjald fyrir sjúkravitjanir og viðtöl. Er furðulegt, að nefndin skuli leggja til að heimila einni stétt að skattleggja þannig almenning, en hér hefur hún einnig sýnilega bognað fyrir stéttarafli læknanna. En það er engum aðila til sóma að lögfesta þetta ákvæði.

Haldið er sömu reglu og í l. um mismunandi greiðslu sjúkradagpeninga til hinna tryggðu eftir því, hvort um er að ræða launþega eða atvinnurekanda. Einnig þetta ákvæði hefur valdið mikilli deilu og megnri óánægju. Og öðru hjóna, hvort heldur það er maðurinn eða konan, eru ekki ætlaðir sjúkradagpeningar, ef hitt getur á einhvern hátt séð fyrir því, að heimilið líði ekki skort. Verður ekki annað sagt en að hér sé viðhaldið úreltu og óvenjulegu tryggingaákvæði, sem þarf að breyta. Eða hvað mundu menn segja um það að greiða út iðgjöld til brunatrygginga og fá því aðeins tryggingafé greitt, ef eignin

ferst í eldi, að sannað sé, að eigandinn komist ekki af nema að fá upphæðina greidda? Og ýmis önnur ákvæði eru í þessum kafla, er frekari athugunar þurfa við.

Í V. kafla er gert ráð fyrir að halda því ákvæði í lögunum að greiða ekki ellilífeyri til bótaþega, ef hann dvelur af öðru en heilsufarsástæðum erlendis í meira en tólf mánuði. Þetta ákvæði þarf að afnema. Í þessum kafla eru auk þess ýmis ákvæði, sem athuga þarf nánar en gert er.

Atriði þau, sem ég hef í ræðu minni bent á, sýna, að mjög flaustурslega hefur verið unnið að heildarendurskoðun laganna og að þar er gengið fram hjá mörgum veigamiklum atriðum, sem taka hefði átt upp í frv., að mörgum ákvæðum er þar haldið, sem umbóta er þörf, og að önnur eru niður felld, sem ekki átti að afnema.

Eins og sést á nál. á þskj. 270, hafði heilbr.- og félmn. beggja deilda samvinnu um athugun á frv. í upphafi, og var sú vinnuaðferð sjálfsögð í svo veigamiklu máli. Lásu nefndirnar saman frv., og gerðu nm. þá þegar sínar aths. við þær greinar, er þeim þótti eitthvað athugavert við og nauðsynlegt að fá breytt til batnaðar. Er mér óhætt að fullyrða, að nm. þessarar hv. d. sinntu þessum yfirlestri og þeirri athugun, sem þar fór fram, engu síður en nm. hv. Nd. En það einkennilega gerist, að þegar þarf að fara að ræða þessi mál og vinna úr athugasemdunum til þess að komast að samkomulagi um breytingar, lýsir hv. formaður neðrideildarnefndarinnar því yfir, að hann vilji ekki hafa frekari samvinnu við heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. um afgreiðslu málsins. Hvað hér hefur legið á bak við, skal ég engum getum að leiða, en þessi málsmeðferð er sanarlega ekki til eftirbreytni.

Ég mun að sjálfsögðu fylgja frv. til 2. umr. og n. og gera þar, eins og ég áður hef sagt, tilraun til þess að koma fram nauðsynlegum umbótum. Verði hins vegar engum breytingum komið þar við, tel ég eðlilegast að vísa málinu frá vegna hins takmarkaða undirbúnings, sem það hefur fengið í mþn., því að að mínu áliti er tryggingalöggjöfin óbreytt betri en hún verður, ef frv. þetta er samþ. án breytinga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 401, n. 579, 436, 576, 580, 581, 582).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. til almannatryggingalaga, sem hér liggur fyrir á þskj. 401, er undirbúið af mþn., sem ríkisstj. skipaði í maí 1954. Hér er um að ræða, eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, heildarendurskoðun laganna frá 1946. Frv. felur að sjálfsögðu í sér ýmsar veigamiklar breytingar á gildandi löggjöf. Efni þess verður ekki rakið í þessari framsögu að nokkru marki. Frv. fylgir ýtarleg grg., sem innibindur m. a. álit og skýringar mþn., og málið hefur legið lengi fyrir þingi og hv. þm. gefizt tóm til að kynna sér það. Ég vil þó leyfa mér að víkja að örfáum breytingum, sem frv. felur í sér, miðað við þá löggjöf, sem gildir.

Ein meginbreytingin er í sambandi við fjárhagsgrundvöllinn, þ. e., hverjir skuli bera útgjöld lífeyristrygginganna. Til þessa hefur framlag ríkissjóðs og þátttaka annarra aðila verið ákveðið með lögum í krónutölu. Eftir frv. er hins vegar slegið fastri hlutfallslegri þátttöku þessara aðila. Fjárhæðin, sem ætlað er, að nota þurfi árlega, er áætluð fyrir fram, og það, sem skakka kann, er síðan ætlazt til að leiðrétt sé við áætlun næsta árs. Þetta er ákaflega stórt atriði, eins og augljóst er. Fram til þessa hefur alltaf verið nokkur óvissa um tekjur stofnunarinnar hverju sinni, sbr. það, að margsinnis hefur þurft að setja lög um þessi atriði, t. d. um framlag ríkissjóðs og einnig þátttöku annarra þeirra aðila, sem kostnaðinn bera. En eftir frv. má segja, að hallarekstur stofnunarinnar sé fyrirbyggður í framtíðinni, að það sé séð fyrir nægum tekjum til að standa straum af þeim gjöldum, sem lögin gera ráð fyrir, og einnig, að tryggt sé, að nokkurt fé leggist fyrir árlega til nauðsynlegra sjóða, er þá tryggi það varanlega, að lögin geti svarað til þess, sem til er ætlazt.

Með frv. er gert ráð fyrir töluverðri tilfærslu á bótum. Fjölskyldubætur með öðru barni eru felldar niður, en þar í móti eru aukin réttindi á ýmsum sviðum. M. a. er leyft að hækka verulega uppbót á lífeyri til þeirra öryrkja og gamalmenna, sem þurfa sérstakrar umönnunar vegna sjúkleika. Áður var heimilt að hækka venjulegan lífeyri um 40% undir þessum kringumstæðum, en þessi heimild er nú hækkuð í allt að 100%. Í sambandi við þetta er einnig sú breyting á gerð, að sveitarsjóðir skulu greiða að ⅔ hlutum þessa hækkun. Eigi að síður er þetta ákvæði til mikilla hagsbóta fyrir sveitarsjóðina, miðað við það, sem nú gildir. Þá er nokkuð rýmkuð skerðing elli- og örorkulífeyris vegna tekna og lífeyrir almennt hækkaður nokkuð til samræmis við launahækkanir, sem orðið hafa í landinu. Þá hækka mæðralaun verulega og barnalífeyrir fellur nú ekki niður, þótt ekkja giftist aftur.

Í stórum dráttum má segja, að frumv. feli í sér auknar bætur og aukin réttindi. Vitanlega verða menn ekki á eitt sáttir, hvar skuli nema staðar í þessu sambandi. Hitt liggur í augum uppi, að auknum bótum og auknum réttindum hljóta að fylgja auknar álögur vegna þessara mála, og verður að sjálfsögðu alltaf matsatriði, hvar numið skuli staðar og hvað hóflegt sé að heimta inn í þessu skyni. Um það bera líka vott ýmsar brtt., sem hér liggja nú fyrir, að mönnum sýnist sitt hverjum um þetta efni.

Þá er það mikil breyting, að heilsugæzlukafli laganna frá 1946 fellur niður, — það er lagt til að fella hann niður. Um þetta eins og raunar fleiri atriði var leitað álits sveitarstjórna og bæjarstjórna um allt land, og það kom alveg óvírætt í ljós, að þessir aðilar vildu halda því fyrirkomulagi, sem nú er á þessum málum, þ. e.

a. s. viðhalda sjúkrasamlögunum. Sama var og skoðun lækna, félagssamtaka þeirra, sem sögðu sitt álit um þetta mál. Hins vegar eru svo gerðar nokkrar breytingar á skipun sjúkrasamlaganna. Þeim hafði einkum verið fundið tvennt til foráttu, það fyrst, að smæstu samlögin væru svo lítil, að þau reyndust ekki fær um að standa undir sínum skyldum, ef um meiri háttar áföll af sjúkdómum væri að ræða, og það annað, að reikningsskilum frá hinum ýmsu sjúkrasamlögum, sem eru yfirleitt innt af höndum sem alger tómstundavinna í öllum hinum smærri samlögum, þótti nokkuð áfátt.

Það varð að ráði í mþn. að leitast við að bæta úr þessum ágöllum með myndun héraðssamlaga. Þeim eru ætluð þessi tvö meginhlutverk, að endurskoða reikninga samlaganna og framkvæma jöfnun milli þeirra eftir reglum, er nánar eru tilgreindar í frv. Í þessu sambandi er einnig tekin upp sú breyting, sem er töluvert þýðingarmikil og til mikilla þæginda fyrir landsbyggðina, að flytja afgreiðslu sjúkradagpeninganna frá aðalskrifstofunni í Reykjavík út til samlaganna. Þetta er rökstutt m. a. með því, að sjúkradagpeningarnir séu einn þáttur sjúkratryggínganna og eigi þess vegna að afgreiðast á sama vettvangi og önnur hliðstæð atriði, þ. e. a. s. hjá sjúkrasamlögunum.

Ég sé ekki ástæðu að tefja tíma og ræða ýtarlega einstök atriði frv. og fer ekki nánar út í þau. En ég hygg, að það megi segja um þetta frv. almennt, að það sé að formi og byggingu töluvert ljósara og einfaldara en þau lög, sem gilt hafa, og er það í rauninni ekki nema eðlilegt, þar sem þetta frv. er samið með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hefur í þessum málum í 10 ára starfi. En lögin 1946 voru að verulegu leyti frumsmíð.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur rætt þetta frv. ýtarlega á mörgum fundum. Hjá nefndinni lágu einnig fyrir erindi frá nokkrum félagssamtökum, sem jafnframt voru tekin til meðferðar. N. var ásátt um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem n. öll flytur og liggja hér fyrir á þskj. 580. En að öðru leyti hafa nefndarmenn þó óbundnar hendur að flytja brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Meginbrtt. í till. n. er við 23. gr. varðandi skerðingu lífeyris vegna tekna. Skerðing lífeyris vegna tekna var sett inn í lögin 1946 sem bráðabirgðaákvæði. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir því, að skerðingin haldist nú um ótiltekinn tíma. N. gat ekki fallizt á þetta, en leggur til, að skerðingin haldizt til ársloka 1960. Og eins og segir í nál., væntir n. þess, að ríkisstj. hafi þá látið fara fram í samráði við Tryggingastofnun ríkisins athugun á því, hvernig tiltækilegast þætti að afnema skerðingarákvæðin og hvaða lagabreytingar þyrfti að gera til þess samhliða að tryggja fjárhagsgrundvöll trygginganna. Þetta er í rauninni meginefnisbreytingin í till. nefndarinnar.

2. till. er nánast orðalagsbreyting, sem ástæðulaust er að ræða og skýrir sig sjálf.

3. till. á þskj. 580 er leiðrétting, hún er við a-lið 39. gr., þ. e., að lífeyrir ekkju eða ekkils, 50 ára eða eldri eða sem hefur tapað 50% af starfsorku sinni eða meira við fráfall maka, hækki til samræmis við almennan ellilífeyri. Þetta mun mega skoðast sem leiðrétting.

4. brtt. n. er í aðalatriðum afleiðing þeirrar breytingar, sem gerð var í hv. Nd., þegar tekið var inn í frv., að Tryggingastofnunin skyldi annast greiðslu meðlaga með óskilgetnum börnum.

N. var ekki sammála um aðrar breytingar en þessar fjórar á þskj. 580.

Till. á þskj. 581 frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. S-Þ. og mér mun að miklu leyti mega skoðast sem afleiðing af þeirri breytingu, sem gerð var í Nd. í sambandi við greiðslu meðlaganna. Er hún nauðsynleg, ef sú breyting annars stendur áfram í frv. og ef ekki verður fallizt á það, sem nú er lagt til í annarri brtt., að gefa Tryggingastofnuninni beinan aðgang að ríkissjóði með endurgreiðslu á þessum hlutum.

Síðasta brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 576 er um það, að við bætist ákvæði til bráðabirgða um, að ríkisstj. láti í samráði við Tryggingastofnun ríkisins og öryrkjafélögin í landinu fara fram athugun á því, á hvern hátt hagkvæmast verði nýtt starfsorka öryrkjanna o. s. frv. Um þessa brtt. vil ég segja, að hún hefur ekki verið verulega rædd í hv. n. Hér er að sjálfsögðu um hið þarfasta mál að ræða, en mér virðist fljótt á litið, að betur færi kannske á því, að þetta atriði væri sett fram í þingsályktunartill. heldur en að skeyta það við almennu tryggingalögin sem bráðabirgðaákvæði.

Önnur atriði í till. einstakra hv. deildarmanna, sem hér liggja nú fyrir, hafa verið rædd allýtarlega í n. og ekki fengizt um þau samkomulag. Ég mun ekki gera þær till. að umtalsefni að sinni. En eins og ég hef þegar tekið fram, leggur heilbr.- og félmn. til, að frv. verði samþ. með tilteknum breytingum, sem ég hef þegar gert grein fyrir, en einstakir nefndarmenn áskildu sér algerlega óbundnar hendur að öðru leyti.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 579, í nál. frá hv. heilbr.- og félmn., og eins og lýst hefur verið í framsögu af hv. frsm. n., hef ég ritað undir nál. með fyrirvara, svo sem um er getið í nál. Þessum atriðum hef ég reynt að fá breytt, en það hefur ekki tekizt. Ég vildi ekki kljúfa n., vegna þess að ég tel, að málið eigi að ná fram að ganga, þó að þessar till. verði felldar, en ég tel hins vegar, að það sé mjög miður, að ekki hefur tekizt samkomulag um sum þau atriði, sem hér um ræðir, og vildi ég nú vænta þess, að hv. þm. vildu fallast á, að þær breytingar sumar hverjar eða helzt allar yrðu gerðar á frv., sem ég skal nú ræða nokkuð um.

Um frv. í heild skal ég ekki ræða að þessu sinni, ég gerði ýtarlega grein fyrir minni afstöðu til þess við 1. umr.

Ég get m. a. ekki fallizt á þá fullyrðingu hjá hv. frsm. n., að hallalaus rekstur stofnunarinnar sé tryggður með því frv., sem hér liggur fyrir, ef að lögum verður. Ég tel, að fjárhagsgrundvöllur stofnunarinnar sé engu tryggari en hann er eftir núgildandi lögum, nema síður sé, en skal hins vegar ekki fara frekar út í það atriði.

Ég tel ekki heldur, að það sé rétt, að frv. feli í sér miklar aukabætur og aukin réttindi. Að sumu leyti dregur það mjög úr þeim réttindum,

sem fyrir eru, og að öðru leyti að vísu bætir það nokkuð önnur, þ. e. a. s. flytur til réttindi frá einum aðila til annars. En í heild tel ég, að það væri betur farið, að lögin raunverulega yrðu samþ. eins og þau áttu að gilda um áramótin síðustu, þ. e., að skerðingarákvæðin hefðu fallið niður og heilsugæzlan hefði verið áfram o. s. frv. Ég skal ekki frekar fara út í þau atriði.

Hvað snertir brtt. n. er ég þó þakklátur n. fyrir að hafa fengizt til þess að taka upp í frv. 1. brtt., við 23. gr. Það er raunverulega eina efnisbreytingin, sem gerð er á frv. af n. Hitt eru allt leiðréttingar, en engin efnisbreyting. Hér er þó gerð sú efnisbreyting, að n. viðurkennir, að það sé ekki rétt að halda í frv. um aldur og ævi skerðingarákvæðinu í sambandi við ellilífeyri. Ég hefði helzt óskað eftir, að tekin hefði verið upp ákveðin regla, og minntist á það í n., hvernig væri hægast að afnema þessa skerðingu, svo að hún kostaði sem minnst fé fyrir tryggingarnar og fyrir viðkomandi aðila, stakk þar upp á ákveðinni aðferð um, að hver aðili, sem hefði greitt a. m. k. 10 ár í tryggingarnar, fengi skerðingarlaust 20% af sínum ellilaunum, ef hann hefði náð 67 ára aldri, og síðan bættust við 2% fyrir hvert ár, sem hann hefði greitt, þannig að skerðingin yrði fullkomlega afnumin, þegar allir aðilar hafa greitt 50—51 ár í ellitryggingarsjóðina. Um þetta varð ekki samkomulag. Þó fannst mér, að sumir af hv. meðnm. mínum vildu athuga þetta mál nánar, en til þess gefst ekki tími á þessu þingi, og það er m. a. með það fyrir augum, að þetta ákvæði er sett nú inn, að athugað skuli af hæstv. ríkisstj. og Tryggingastofnuninni, hvaða leiðir séu heppilegastar til þess að afnema að fullu skerðinguna á elli- og örorkulífeyri.

Ég held því enn fram eins og ég hef haldið fram áður, að það sé óverjandi að láta aðila greiða frá 16 ára aldri og þangað til hann er 67 ára í ellilaunasjóðinn og njóta þá ekki neins af þeim gjöldum, sem hann hefur greitt þannig í meira en hálfa öld, ef aðrar tekjur hans eru meiri en sem svarar því skerðingarmarki, sem ákveðið er í lögunum. Hér býr almenningur við allt önnur og lakari kjör en embættismenn þjóðarinnar og aðrir aðilar í þjóðfélaginu, sem hafa komið sér upp tryggingasjóðum. Ég skal ekki fara frekar út í það atriði, en er þakklátur n. fyrir þó að hafa viljað mæta mér á miðri leið í þessu máli á þann hátt, sem hér er gert, og vænti þess, að hæstv. ríkisstj. og Tryggingastofnunin láti rannsaka þetta mál mjög ýtarlega og að till. liggi fyrir fyrir árslok 1958, til þess að þá gefist tími til þess að taka upp nýja aðferð í þessu máli, ef samkomulag yrði um það.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða að neinu öðru leyti till. n. sjálfrar, því að allt annað í till. er ekkert annað en leiðréttingar, sem engin efnisbreyting er í.

Ég hef borið fram átta brtt. á þskj. 576. Meiri hl. n. vildi ekki taka undir þessar brtt., raunverulega ekki undir neina þeirra, en hv. þm. Hafnf. hefur þó látið í ljós bæði í n. og einnig við mig, síðan till. komu fram, að hann sé mjög fylgjandi 1., 2. og 3. brtt., og gerði raunverulega ítrekaðar tilraunir í n. til þess að reyna að fá samkomulag um þær á einn eða annan hátt, þótt það tækist ekki. Hins vegar er hann ekki flm. að till. hér, vegna þess að hann er ekki jafnákveðinn í að fylgja öðrum þeim brtt., sem eru á þskj. 576. Skal ég nú í stuttu máli gera grein fyrir þessum till.

1. till. er um breytingu á yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar. Ég vil taka það fram strax hér til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að þetta er ekki gert sem neitt vantraust eða árás á núverandi forstjóra Tryggingastofnunarinnar, síður en svo, til þess hef ég enga ástæðu. En ég tel, að hér eigi forstjórar, einn eða fleiri, eftir því sem tímarnir telja nauðsynlegt að hafa, ekki að vera skipaðir af hæstv. ráðh., heldur eigi þeir að vera valdir af tryggingaráði Tryggingastofnunar ríkisins. Tryggingaráðið er kosið eftir fullkomnum lýðræðisreglum. Það er kosið eftir þeim þingmeirihl., sem hver flokkur hefur á þinginu á hverjum tíma, og það eftir hverjar alþingiskosningar, og er það hárrétt stefna frá mínu sjónarmiði, þar sem það veltur á því, hvaða fjárhagslegar byrðar eru lagðar á ríkissjóðinn, og þar af leiðandi snertir það bæði Alþingi og hvern einasta þegn í þjóðfélaginu. Þess vegna tel ég rétt, að þeirri reglu sé haldið áfram, sem þarna er tekin upp, en þá sé jafnsjálfsagt, að það sé tryggingaráðið, sem ræður yfirstjórninna, en ekki hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. gæti vel verið mjög andstæður, t. d. hæstv. fjmrh., og það gæti vel farið svo, að það væri lítil eða engin samvinna um fjárhagsmál tryggginganna á milli þessara tveggja aðila. En nú er það ekki eingöngu það, sem vakir fyrir mér, heldur vakir það fyrir mér, að það sé bein snerting á milli þeirra, sem ráða raunverulega Tryggingastofnuninni, sem er tryggingaráð, og framkvæmdavaldsins á hverjum tíma. Ég vil benda á, að hér hefur þessi regla verið tekin upp í sambandi við bankana í landinu. Þar eru það bankaráðin, sem ráða bankastjórana, og ráðning þeirra er alveg óháð bæði Alþingi og ríkisvaldinu að öðru leyti en því, sem hægt er að hafa áhrif á það í gegnum þau ráð, sem ráða þessa aðila. Þetta þarf ekki að kosta Tryggingastofnunina neitt fé, vegna þess að ég tel, að þó að forstjórum væri fjölgað, sem ég tel alveg nauðsynlegt, þar sem þetta er allt of mikið bákn fyrir einn mann, sérstaklega þegar hann sinnir ýmsum öðrum störfum, ýmist í þingi eða utan þings, svo að maður ræði ekki um þann tíma, sem fer í að reyna að mynda vinstri stjórn og slíkt brölt, þá sé alveg fullkomið verkefni fyrir fleiri en einn forstjóra í stofnun, sem veltir orðið töluvert á annað hundrað millj. kr. á ári, og að það væri hægt á sama tíma að spara skrifstofustjórana og jafnvel eitthvað af sérfræðingunum, til þess að það þurfi raunverulega ekki að kosta neitt fé fyrir Tryggingastofnunina að koma á þessu miklu hagkvæmara fyrirkomulagi. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál að öðru leyti, en vænti þess, að þessi till. verði samþ.

2. brtt. mín er við 8. gr. í frv. Í 8. gr. í frv. segir svo: „Utan Reykjavíkur skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina hver í sínu umdæmi.“ Ég tel, að það sé alveg óverjandi, að það skuli ekki vera

hægt að skipta um umboðsmenn utan Reykjavíkur nema með lagabreytingu. Ég hefði getað fellt mig við, að þetta hefði verið sett í reglugerðarákvæði, en það er það ekki, og tel því, að það sé alveg nauðsynlegt að setja inn hér, eins og ég legg til í minni till.: þó getur tryggingaráð ákveðið, að aðrir aðilar skuli annast umboðsstörfin, ef ástæða þykir til þess. — Þetta tel ég þó það mildasta, sem hægt er að hugsa sér um breytingu á þessari gr., og þykir ákaflega merkilegt, að n. skyldi ekki fást til þess að taka þetta atriði upp, og enn merkilegra, ef hv. d. skyldi nú fella þessa brtt. Ég sé ekki nokkra frambærilega ástæðu til þess að lögbinda einhverja ákveðna stétt sem umboðsmenn tryggjinganna utan Reykjavíkur. Ég fullyrði og viðurkenni fullkomlega, að það fyrirkomulag, sem hér hefur verið tekið upp, að láta sýslumennina annast þessi umboðsstörf, hafi gefizt vel, hef ekkert við það að athuga. En þótt það gefist vel í dag eða á morgun, þá þarf það ekki að gefast bezt um alla framtíð, og þá er óviðeigandi, að það skuli þurfa að breyta lögunum til þess að skipta um þá menn. Ég veit, að á þessu hafa orðið ýmsir vankantar, eins og gengur og gerist og mundu verða hjá hverjum sem væri, — er það ekki nein ásökun á viðkomandi aðila, það hefði sjálfsagt getað orðið, hver sem hefði verið umboðsmaður, — en ég tel alveg óviðeigandi að setja í lög, að það skuli vera ákveðin stétt í þjóðfélaginu, sem eigi að fara með þetta mál, og það sé ekki hægt að víkja frá því. Vænti ég þess því, að þessi brtt. verði samþ.

3. brtt. mín er við 18. gr. Þessari gr. var allverulega breytt í hv. Nd., og ég geri nú till. um, að henni verði aftur breytt hér í þessari hv. d., þannig að í stað orðanna „á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður" í lok 2. málsgr. komi: á hún endurkröfurétt á ríkissjóð, en hann síðan á barnsföður.

Ég fæ ekki skilið, hvers vegna hv. meiri hl. n. fékkst ekki til að fallast raunverulega á þetta sjálfsagða fyrirkomulag og leysa með því þann vanda að vera að útbúa hálfklúðurslega till., eins og hv. meiri hl. gerir hér á þskj. 581 og hv. meiri hl. telur að sé nauðsynlegt að fá samþ., ef mín till. verði ekki samþ. Ef mín till. verður samþ., verður gangur málsins þannig, að mæðurnar geta snúið sér beint til Tryggingastofnunarinnar, á hverjum stað sem er, til þess að fá greitt meðlag samkvæmt úrskurði, sem hefur verið kveðinn upp venjulega af umboðsmönnum tryggjinganna. Ef samþ. er óbreytt 8. gr., eru það venjulega sömu mennirnir, sem eru að úrskurða meðlögin með þessum börnum. Ég sé því ekki, hvers vegna einmitt þessir aðilar skuli ekki vera þeir, sem fyrst og fremst eigi að reka þau mál fyrir þá aðila, sem þeir eru að vernda með sínum úrskurði gegn annaðhvort ófyrirleitni eða rangsleitni þeirra manna, sem úrskurðurinn er á. Ég sé ekki, hvers vegna á að fara að setja þetta alveg sérstaklega á Tryggingastofnunina. Það hafa engir menn betri aðstöðu í landinu en einmitt sýslumennirnir, dómararnir, sem hafa fellt þennan úrskurð, til að sjá um, að úrskurðinum sé fullnægt, þannig að viðkomandi menn, sem þeir úrskurða að skuli greiða gjöldin, greiði þau. Og alveg sérstaklega er þetta sjálfsagður hlutur, eftir að búið er að koma því á, sem vitað er nú að hefur verið komið á, að ríkið sjálft rekur stofnun, sem kostar nærri 800 þús. kr. á ári samkvæmt framlagi á fjárlögum yfirstandandi árs, til þess að geyma þar eða láta þá menn vinna þar af sér framlögin, sem ekki hafa greitt samkvæmt úrskurði, sem sýslumennirnir og dómararnir hafa ákveðið. Þess vegna er mér það gersamlega óskiljanlegt, hvers vegna meiri hl. hv. n. hefur ekki viljað fallast á þessa skipan málanna. Þær konur, sem eiga að fá féð, geta fengið það beint hjá Tryggingastofnuninni, og það tryggir fullkomlega beztu sókn í málinu á hendur þeim mönnum, sem eiga að greiða, og það tryggir fullkomlega endurgreiðsluna frá þeirra hálfu, svo framarlega sem hægt sé að ná henni, og þar af leiðandi tryggir það, að viðkomandi sveitarfélög þurfa ekki að greiða það. Vitanlega verður að síðustu endirinn sá, að ef sveitarfélögin eiga að fara að greiða Tryggingastofnuninni það samkvæmt till. á þskj. 581 og þeir svo að síðustu eiga að ganga að þessu hjá ríkissjóði, þá sýnir sig, að það er ekkert annað en að fara krókaleiðir í staðinn fyrir að fara þá beinu leið, sem ég legg til í minni till. Mér er sagt, að það muni vera nú um 10 millj. kr. útistandandi hjá Tryggingastofnuninni, og hvers vegna á að vera að dreifa vaxtabyrði af því fé eða áhættu um, að eitthvað af því fé tapist, á þá, sem standa undir tryggingunum? Ég sé enga ástæðu til þess, nema síður sé. Hvers vegna á iðgjaldsgreiðandi, sem stendur í skilum með sitt iðgjald, að fara að taka á sig hluta af vangreiðsluskuld einhvers aðila, sem bregzt að greiða með barni, sem hann er skyldugur að greiða með, — eða atvinnurekendur eða óviðkomandi sveitarfélög? Ég sé enga ástæðu til þess. Ef ekki er hægt að ná þessu hjá viðkomandi aðilum, þá er langeðlilegast, að ríkissjóður greiði það, enda mun hann hafa bezt tökin til þess að innheimta það. Þarf svo ekki frekar að ræða um það atriði.

4. brtt. mín er við 24. gr., að 4. mgr. falli niður, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Uppbót þessi greiðist að ⅝ af hlutaðeigandi sveitarsjóðum og ⅜ af Tryggingastofnun ríkisins, og skal stofnuninni heimilt að verja upphæð, sem nemur allt að 7% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris s. l. ár, í þessu skyni." Þetta er sú upphæð, sem ákveðið er í greininni að megi greiða til sérstakra manna vegna umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika, er dvelja á elliheimili, sjúkrahúsi eða öðru slíku hressingar- eða dvalarheimili eða eru einstæðingar. Ég spyr: Hvers vegna eiga sveitarfélögin alveg sérstaklega að greiða þetta í staðinn fyrir að láta tryggingarnar greiða þetta? Þetta er eitt af því, sem við tryggjum fyrir, og þetta kemur beinlínis vegna þess, að enn sem komið er eru ekki bæturnar nægilega háar úr tryggingunum, til þess að þessir menn, sem eiga erfiðast í lífsbaráttunni, geti lifað. Og það mundi auk þess draga úr framkvæmdum eða löngun hjá Tryggingastofnuninni, ef till. er felld, til þess að koma þessum málum í það horf, að þessir sömu menn geti dvalizt á elliheimilum fyrir þann styrk, sem þeir fá, en það er það, sem nauðsynlegt er. Það

hafa þegar verið sett lög um, að allur erfðafjárskatturinn skuli renna til þess að byggja upp elliheimili eða örorkuheimili fyrir þessa menn, og það er fyrst og fremst Tryggingastofnunin, sem á að hafa forustu um það frá mínu sjónarmiði, að þessu sé komið upp og þetta fé sé notað eins hagkvæmt og hægt er, og koma þessum málum í það horf, að þessir aðilar, sem þurfa sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika eða dveljast á elliheimilum eða sjúkrahúsum eða öðrum slíkum hressingar- eða dvalarheimilum eða eru einstæðingar, geti átt aðgang að slíkum stað án þess að þurfa að greiða meira fyrir það en ellistyrkurinn eða örorkustyrkurinn er ákveðinn á hverjum tíma. Það er því tvenns konar vinningur við að samþ. þessa brtt. mína: annar að létta á sveitarfélögunum, sem kvarta undan því árlega, að það séu lagðar á þau nýjar og nýjar byrðar með mörgum þeim lögum, sem samþ. eru á Alþ., og hins vegar enn meiri þvingun á Tryggingastofnunina til þess að vinna að þessum málum, sem ég tel að henni beri að vinna að frekar en nokkrum öðrum aðila í landinu.

5. brtt. mín er um það, að b-liður 53. gr. falli niður. B-liður í 53. gr. mælir svo fyrir, að fyrir almenna læknishjálp utan sjúkrahúss hjá samlagslækni eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins, skuli samlagsmenn á fyrsta verðlagssvæði samkvæmt 10. gr. greiða 5 kr. fyrir hvert viðtal á læknastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun, breytist kauplagsvísitalan um 10% eða meira, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu. Ég tel, að það sé alveg óviðeigandi að taka hér upp nýjan skatt, sem læknum á fyrsta verðlagssvæði er heimilað að taka af hverjum sjúklingi, sem kemur til þeirra eða hann vitjar í heimahúsum. Þegar menn hafa greitt í sjúkrasamlög eða greitt fyrir tryggingar, þá er það ákaflega óviðkunnanlegt, að á sama tíma sé verið að gera þeim að greiða kannske jafnháa upphæð á ári alveg aukalega. Og þetta á að greiða til einna tekjuhæstu manna á landinu annars vegar og auk þess á þann hátt, að útilokað er að geta haft eftirlit með því, að allt þetta fé sé talið fram til skatts. Ég tel því, að það sé alveg óverjandi að samþ. þetta ákvæði 53. gr., og vildi mjög leggja til þess, að mín brtt. yrði samþ.

Ég vil nú spyrja: Hvers vegna var ekki þetta sett um allt land? Var það af því, að fulltrúar sveitanna á öðru verðlagssvæði vildu ekki samþykkja þennan skatt á sína umbjóðendur, en var nokkurn veginn sama um, þó að það væri sett á það fólk, sem býr hér í fjölbýlinu? Ég er einn af þeim, sem eru umboðsmenn fyrir umbjóðendur á öðru verðlagssvæði, en ég tel mér alveg jafnskylt að taka þessa baráttu upp fyrir því, þó að ég eigi ekki neinna sérstakra hagsmuna að gæta hér sem fulltrúi fyrir þá aðila, sem eru á fyrsta verðlagssvæði.

6. brtt. mín er við 55. gr., að tveir síðustu málsl. 2. málsgr. orðist eins og hér segir. Það er í sambandi við gerðardóm í deiluatriðum á milli læknanna og Tryggingastofnunarinnar. Hér segir í 55. gr.: „Náist ekki samkomulag við lækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en hæstiréttur skipar oddamann.“ Svo segir enn fremur: „Verði gerðardómur ekki fullskipaður, fellur niður veiting bóta, eftir því sem við á samkvæmt 53. gr. b og c, en iðgjöld hinna tryggðu lækka að sama skapi.“ Þetta er ákaflega einkennileg braut að fara inn á, að í staðinn fyrir að láta einhvern þriðja oddaaðila, t. d. hæstarétt, útnefna þann mann, sem einn aðilinn vanrækir að útnefna, og láta svo dóm ganga í málinu, skuli allt í einu vera hætt að dæma um málið, en láta þetta ganga út yfir þá aðila, sem greiða í Tryggingastofnunina iðgjöld sín, og þá á að fara að draga af þeim bæturnar. Mér er bókstaflega óskiljanlegt, hvernig milliþn. hefur getað komizt að slíkri niðurstöðu, að það sé nokkurt réttlæti í svona meðferð málanna. Mín till. er þannig, að tilnefni samningsaðili eigi gerðarmann innan 14 daga frá því, að ákveðið hefur verið að skipa gerðardóm, skuli hæstiréttur skipa gerðarmenn, unz gerðardómurinn er fullskipaður, og gildir það að sjálfsögðu, hvort sem um er að ræða Tryggingastofnun eða læknana. Báðir aðilar skulu lúta niðurstöðu gerðardómsins, og verður honum eigi áfrýjað. Þetta er eina eðlilega meðferðin á málinu. Þannig er það venjulega um öll deiluatriði, að ef menn komi sér saman um gerðardóm á annað borð, þá skuli einhver þriðji aðili skipa gerðadómsmennina, ef ekki er skipaður gerðadómsmaður af hvorum aðila um sig.

7. brtt. mín er við 64. gr., að fyrri málsl. falli niður, en þar stendur í lögunum nú: „Ef bótaþegi flyzt til útlanda eða dvelst erlendis, falla bótagreiðslur til hans niður, unz hann kemur aftur til landsins.“ Og svo enn fremur: „Heimilt er þó að greiða elli- og örorkulífeyri til manna, er dveljast í útlöndum allt að 12 mánuði, og lengur, ef lengri dvöl er nauðsynleg vegna lækninga.“ Ég skil ekki, hvers vegna á að fella niður ellilaun til manns, sem flytur til útlanda, bara af því að hann er annaðhvort verkamaður eða lágt launaður maður í þjóðfélaginu, en það er sjálfsagt að láta embættismanninn halda fullum eftirlaunum, þó að hann flytjist alla leið til Ástralíu eða Afríku eða hvert sem hann flæktist. Hvers vegna geta þessir menn ekki fengið sama rétt, þó að annar sé ofur lítið lægri í þjóðfélagsstiganum en hinn? Hér er um að ræða tvo aðila, sem báðir hafa greitt inn í lífeyrissjóðina, annar hefur bara greitt í 30 ár, hinn hefur kannske greitt í 51 ár, en svo á sá, sem hefur greitt lengur, að hafa minni rétt en hinn, sem hefur greitt skemur. Mér er líka alveg óskiljanlegt, að hv. meiri hluti hefur ekki viljað fallast á þessa brtt.

Síðasta brtt. mín er við 7. gr., að aftan við lögin komi bráðabirgðaákvæði, er orðist svo:

„Ríkisstjórnin lætur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins og öryrkjafélögin í landinu fara fram á því athugun, á hvern hátt hagkvæmast verði fyrir komið að nota sem bezt starfsorku öryrkjanna, t. d. með stofnun og rekstri öryrkjaskóla, öryrkjaheimila eða öryrkjavinnustöðva, þar sem öryrkjunum verði sköpuð viðunandi lífsskilyrði á borð við aðra þegna þjóðfélagsins, og skulu niðurstöður þeirra athugana liggja fyrir ásamt till. fyrir lok yfirstandandi árs.“

Í fyrsta lagi er hér ekkert um að ræða annað en að láta rannsaka þessi mál, sem eru mjög aðkallandi mál. Og mér er alveg óskiljanlegt, hvernig bæði hv. meiri hluti vildi ekki gangast inn á þetta, og enn væri mér óskiljanlegra, ef hv. d. vildi fella þessa tillögu. Hv. frsm. sagði, að það hefði lítið verið rætt um þetta mál í n. Ég marghreyfði þessu máli í n. Því var svarað þá, að þetta ætti betur heima annaðhvort sem sérstök þáltill. eða við einhver önnur lög, m. a. lögin um erfðafjárskattinn. En það á hvergi betur heima en einmitt við þessi lög hér og það m. a. vegna þess, að Tryggingastofnunin greiðir stórar fjárfúlgur árlega og vaxandi fjárfúlgur fyrir öryrkja í landinu. Hún ætti, eins og ég hef tekið fram áður, að hafa langmestan áhuga fyrir því að koma upp öryrkjaskólum, öryrkjaheimilum og öryrkjavinnustofum, þótt ekki væri til neins annars en til að draga, ef mögulegt væri, úr þeim kostnaði, sem þeir verða að hafa af öryrkjunum í landinu. Ég veit því ekki, hvar þetta á frekar heima en einmitt við þessa löggjöf.

Í sambandi við þetta vil ég að síðustu benda á, að þó að ég telji það mjög mikils virði að geta dregið úr þeim fjárfúlgum, sem fara til þess að greiða til öryrkjanna, einmitt vegna þess, að þetta mál er ekki nægilega skipulagt, þá lít ég samt svo á, að það sé enn meira virði að geta skapað þessum mönnum störf, þar sem þeir geta notið lífshamingjunnar eins og hverjir aðrir þegnar, með þeirri orku, sem þeir eiga yfir að ráða, og það sé alveg óverjandi og alveg sérstaklega óverjandi af Tryggingastofnun ríkisins að taka ekki upp baráttu til þess að leysa þennan vanda, jafnvel þótt ekki væri nein lagasetning um það. En það hefur ekki tekizt enn, og þess vegna vænti ég, að þessi till. verði samþykkt.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál hér nánar. Ég mun að sjálfsögðu fylgja frv., þó að þessar till. nái ekki fram að ganga, í þeirri fullu vissu og sterku trú, að það komi einhver maður inn á Alþ. við næstu kosningar, sem heldur þeirri baráttu áfram, sem ég hef reynt að halda hér uppi í sambandi við þessi mál þau ár, sem ég hef átt sæti hér, síðan fyrst var farið að ræða um þessi atriði.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hafði ég ekki ástæðu til að vera viðstaddur og gat því ekki tekið þátt í umræðunum þá. Mér þykir því rétt, áður en ég vík að einstökum brtt., að fara nokkrum orðum um það, hverjar eru þær meginbreytingar, sem í þessu frv. felast frá gildandi löggjöf.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að ellilífeyrir hækki um hér um bil 10% frá því, sem hann var á s. l. ári, til samræmis við þá hækkun, sem orðið hefur á launum opinberra starfsmanna, þannig að grunnlaunaupphæðirnar verði nú 30% hærri en þær voru ákveðnar í upphafi.

Einnig er gert ráð fyrir því, að skerðingarákvæðin, ákvæðin um skerðingu lífeyris vegna tekna, séu rýmkuð mjög verulega frá því, sem nú er, og að sú takmörkun, sem var sérstaklega á lífeyrisgreiðslum til þeirra, sem taka lífeyri úr opinberum sjóðum eða samkvæmt fjárl., verði felld niður, en hin almenna skerðing vegna tekna gildi einnig um þessa menn.

Þá er gert ráð fyrir því, að í stað þess að áður var heimilt að hækka lífeyrinn um 40% vegna umönnunarþarfa eða hjúkrunar, sé nú heimilt að hækka lífeyrinn um allt að 100%, þó að því tilsettu, að ⅔ hlutar af hækkuninni séu bornir af hlutaðeigandi sveitarfélagi, og enn fremur sett ákveðin takmörk fyrir því, hve miklu Tryggingastofnunin megi verja af fé sínu í þessu skyni. Ég skal nú ekki fjölyrða um þá breytingu, að sveitarfélögin taki á sig hluta af þessari hækkun, en aðeins vekja athygli á því, að það er gert að ósk ýmissa sveitarfélaga og með samþykki þeirra, sem telja, að með því að hækka lífeyrinn á þennan veg verði unnt að komast hjá, að ýmsir þeir njóti fátækrastyrks, sem nú njóta framfærslustyrks.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í frv., að mæðralaunin séu lagfærð mjög frá því, sem nú er, og hækkuð allverulega, úr 1 milljón upp í hátt á þriðju milljón.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að fæðingarstyrkurinn sé hækkaður frá Tryggingastofnuninni og verði jafn, hvort sem um er að ræða fæðingu utan sjúkrahúsa eða innan, en hins vegar létt af sjúkrasamlögunum þeirri skyldu, sem nú er á þeim, að greiða nokkurn fæðingarstyrk.

Þá er enn fremur aukinn mjög réttur mæðra til barnalífeyris, þannig að sú takmörkun, sem áður var á greiðslum lífeyris til ógiftra mæðra, ekkna og fráskilinna kvenna, ef þær giftust á ný, svokölluð þriggja ára regla, er nú felld niður, og leiðir af því, að lífeyrisgreiðslur til slíkra mæðra, sem giftast á ný, eru teknar upp aftur, og munar það verulegum upphæðum, sem kemur fram sem hækkun á barnalífeyri af þeim sökum.

Einnig er gert ráð fyrir, að slysabætur séu hækkaðar verulega, sérstaklega dagpeningarnir.

Eru þá upptalin höfuðatriði þess, sem lýtur að endurbótum á tryggingunum með tilliti til ákvæðanna um þau réttindi, sem veitt eru, og þeirra bótagreiðslna, sem lögin gera ráð fyrir.

Aðrar breytingar, sem gert er ráð fyrir á l., eins og t. d. að flytja sjúkradagpeningagreiðslur til sjúkrasamlaganna og stofna þar héraðssamlög, eru meira skipulagsatriði, sem ekki snerta beinlínis hag hinna tryggðu.

Þessi atriði, sem ég fyrst nefndi, má án efa telja til bóta á löggjöfinni, þó að í ýmsum atriðum sé þar skemmra gengið en æskilegt væri.

Á móti þessu kemur svo hitt, að niður er fellt samkv. frv. ákvæðið um, að greiða skuli fjölskyldubætur með öðru barni í fjölskyldu, og fjölskyldubætur greiðast samkv. frv. ekki fyrr en með þriðja barni.

Ég var á sínum tíma ekki sérlega ákafur í, að fjölskyldubótagreiðslur yrðu teknar upp með öðru barni, en ég tel, að eftir að einu sinni er búið að taka þetta upp, sé stórt spor aftur á bak að fella þetta niður, sérstaklega með tilliti til þess, þegar iðgjöld hækka samtímis og hlutur þeirra tryggðu í kostnaði við tryggingarnar er heldur aukinn, eins og ég mun sýna fram á.

Einnig munu sumir telja það til galla á frv., að hér er gert ráð fyrir, að heilsugæzlukaflinn

verði felldur niður, sjúkrasamlögin haldi áfram að starfa sérstaklega og að um heilsuverndina fari eftir sérstökum lögum, sem sett voru á síðasta þingi og gert er ráð fyrir að verði breytt og endurbætt síðar.

Um þetta atriði vil ég segja það, að því miður verður að játa, að enn er ekki svo komið, að skilyrði fyrir framkvæmd heilsugæzlukaflans, eins og hann er í gildandi lögum og hefur verið frestað, eru ekki fyrir hendi. Það er ekki til neins að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, maður verður að játa það, og því er eins og sakir standa nú að minni hyggju þýðingarlaust að halda kaflanum í lögunum. Að óbreyttu er sennilega ókleift að framkvæma þennan kafla eins og lögin ætlast til.

Þetta eru í höfuðdráttum þær breytingar, sem gerðar eru á gildandi löggjöf, og ég ætla, að ég megi segja, að það hafi verið samstarf um það hjá meiri hluta n., öllum nm. nema mér, sem unnu að þessu, að fjárhagsgrundvöllur tryggingganna breyttist ekki verulega við samþykkt þessa frv. frá því, sem hann hefur verið samkvæmt gildandi lögum, þ. e. a. s., að sú heildarupphæð, sem rynni til tryggginganna, breyttist ekki verulega, því, sem sparaðist á einu sviðinu með niðurfellingu fjölskyldubóta, skyldi svo varið til annarra breytinga á l. og endurbóta, einmitt þeirra, sem ég nefndi, en heildarupphæðin ekki breytast að ráði. Að vísu er það nú svo, að hækkunin nemur nokkru meiru en því, sem gjöldin lækka við að fella niður fjölskyldubætur með öðru barni, en það eru þó ekki nema tiltölulega lágar upphæðir, sem þar er um að ræða. Hitt atriðið, sem ekki er þýðingarminna varðandi fjárhagsgrundvöll tryggginganna, er það, að allir í mþn. nema ég voru fastákveðnir í því, að skipting kostnaðarins niður á þá aðila, sem bera hann uppi, skyldi haldast nokkurn veginn óbreytt frá því, sem er í gildandi lögum, og við það eru ákvæði frv. miðuð. Ég tel þetta hvort tveggja miður og hef því lagt fram brtt. varðandi þessi tvö atriði og gert nokkuð grein fyrir því í sérálíti, sem fylgir grg. frv. frá hendi hæstv. ríkisstj. og mþn.

Þegar almannatryggingalöggjöfin var sett árið 1946, var sagt og með réttu, að í heild sinni mætti segja, þegar ekki var tekið tillit til atvinnuleysistryggginganna, sem ekki eru í þeirri löggjöf, værum við í fremstu röð hvað tryggingar snerti. Norðurlöndin yfirleitt eru einna fremst í þessum efnum, og við vorum þar fullkomlega í sömu röð og þau, sem lengst voru komin í þessum efnum þá. Síðan eru liðin um 10 ár, og löggjöfinni á Norðurlöndum hefur verið breytt talsvert verulega til hagsbóta fyrir almenning, sem tryggginganna nýtur, sérstaklega að því er snertir það, hverjir aðilar bera uppi þann kostnað, sem tryggingarnar hafa í för með sér. Og mér þykir miður að verða að segja það, að þó að þetta frv. verði samþ., vantar talsvert á, að við höfum fylgt þeim framförum og þeirri framþróun, sem orðið hefur í þessum efnum hjá grannlöndum okkar hér á Norðurlöndum.

Eitt atriði þykir mér rétt að benda hér á enn, sem talsvert miklu máli skiptir í sambandi við þær breytingar, sem gert er ráð fyrir í frv. Samkv. gildandi lögum ber ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum Tryggingastofnunarinnar, og ég minnist þess, að þegar lögin voru samþykkt, var talið, að hér væri efnt til svo mikilla og stórfelldra útgjalda og röskunar á fjárhagskerfi þjóðarinnar, eins og það þá var orðað, að ríkissjóði mundi stafa veruleg hætta af þessari ábyrgð. Nú er svo komið eftir þetta tíu ára starf, að n. er á einu máli um, að óhætt sé að fella niður ríkisábyrgðina fyrir skuldbindingum stofnunarinnar, þannig að telja má víst, að sá grundvöllur, sem nú er starfað á í þessu efni, sem tryggingarnar byggja á, sé orðinn það traustur, að allur almenningur og hv. Alþ. þá um leið viðurkenni, að þær eigi með skynsamlegri löggjöf að geta nokkurn veginn fengið tryggt fjárhagslegt öryggi. Og einmitt sú breyting, sem hv. frsm. drap á í framsöguræðu sinni hér, að framlög og iðgjöld eru ekki framvegis ákveðin í fastri krónutölu, heldur sem hlutfallsskipting á kostnaðinum, veitir það öryggi í þessu efni, sem hægt er að veita með löggjöf.

Ég skal svo láta þennan inngang nægja og víkja að þeim brtt., sem ég ber fram á þskj. 582, en vísa að því er þær aðrar till. snertir, er ég er riðinn við, til þess, sem fram kom í ræðu hv. framsögumanns.

1. brtt. mín á þskj. 582 lýtur að upphæð ellí- og örorkulífeyris. Í frv. er, eins og ég áðan sagði, gert ráð fyrir því, að lífeyrisupphæðin sé 4680 kr. fyrir einstaklinga fyrsta verðlagssvæðis. Það er rétt, að það er sama grunnhækkun á þessari upphæð og talið er að opinberir starfsmenn hafi fengið á laun sín á þessu tímabili, rétt 30%. Ef aftur á móti lífeyrisupphæðin er borin saman við almennar tekjur verkamanna, t. d. Dagsbrúnarmanns hér í Reykjavík, kemur það í ljós, að lífeyrisupphæð, sem einstaklingi er ætluð, 4680 kr. í grunn eða rösklega 8100 kr., eins og nú er, nemur ekki nema tæpum 20% eða fimmta hluta af meðaltekjum Dagbrúnarmanns. Ég verð að telja, að þetta sé ákaflega lágt, og samanborið t. d. við Norðurlöndin er hlutfallið milli lífeyris og almenns kaupgjalds óhagstætt, ef þessi gr. verður samþykkt óbreytt. Ég legg til, að þessi upphæð verði hækkuð fyrir einstakling upp í 5000 kr., eða um hér um bil 8%, og mundi þá láta nærri, þegar sjúkrasamlagsiðgjaldið er talið með, að lífeyrisupphæð einstaklings nálgist allt að fjórða hluta af venjulegu Dagsbrúnarkaupi, en það tel ég að í raun og veru þyrfti að miða við, ef vel ætti að vera.

Aðrar brtt. við 13. gr. eru afleiðingar af b-lið, hækkun á einstaklingslífeyri, og gera ráð fyrir hlutfallslega sömu hækkun. Ég skal geta þess, að ég hef orðað það við hv. meðnm. mína í heilbr.- og félmn., hvort þeir vildu ekki fallast á að hækka, þótt ekki væri nema upp í 4800 kr., lífeyrisupphæðina, en um það hefur ekki getað orðið samkomulag, og held ég því við þessa till. mína um 5000 kr. fyrir einstakling og 8000 kr. fyrir hjón, en 5000 kr. fyrir einstakling þýðir með núverandi vísitölu nálægt 9000 kr. og hjónalífeyririnn á sama hátt milli 14 og 15 þús. kr.

Þá er 2. brtt. mín á sama þskj. Hún er þess efnis, að horfið verði frá því að fella niður fjölskyldubótagreiðslur til annars barns, en það

verði tekið upp í frv. á ný eins og það er í núgildandi lögum.

Ég drap á það áðan, að ég taldi, þegar þetta var lögtekið á sínum tíma, að það hefði legið jafnvel öllu meira á öðrum breytingum á tryggingalögunum en þessari. En þegar þetta einu sinni er komið inn og fólk farið að reikna með þessum tekjum, er ákaflega erfitt, ég vil segja ógerlegt, að taka þær í burtu, nema á móti komi veruleg aukning á öðrum sviðum. Ef t. d. hefði verið um að ræða verulega aukningu á ellilífeyri eða hækkun á fjölskyldubótum til annarra barna en annars barns, t. d. með þriðja barni, gat það litið öðruvísi út, eða í þriðja lagi, ef hægt hefði verið að mæta þessu með því að lækka iðgjöld hinna tryggðu frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., en það er ákaflega örðugt fyrir fjölskyldu með tvö börn eða fleiri, sem missir þær bætur, sem hún hefur reiknað með til þessa, og samtímis tekur þá hækkun á iðgjaldagreiðslum, sem gert er ráð fyrir hér í frv. Ég verð því að leggja til, að inn verði tekin í frumvarpið aftur fjölskyldubótagreiðsla með öðru barni, eins og verið hefur.

3. brtt. er sú, að ellilífeyrisþegi, sem missir maka sinn, skal hljóta dánarbætur, 1200 kr., og sama skal gilda um örorkulífeyrisþega, ef hann er orðinn 67 ára. Nú eru greiddar dánarbætur til ekkna undir 67 ára aldri, þegar maki þeirra deyr, 3 mánuði, ef ekkjan hefur ekki fyrir börnum að sjá, en 12 mánuði, ef hún hefur fyrir börnum að sjá, og greiðist það í viðbót við barnalífeyri, sem hún hlýtur.

Ég tel, að það sé fyllsta nauðsyn að greiða lífeyrisþega — og margir þeirra, kannske flestir, hafa litlar eða engar tekjur aðrar en lífeyrisupphæðina — nokkrar bætur, þegar makinn deyr, þótt ekki væri vegna annars en þess kostnaðar, sem á hann fellur við útför og annað þess háttar. 1200 kr. með núverandi vísitöluuppbót nema 2100—2200 kr., og það er sú upphæð, sem lagt er til að makinn fái, hvort sem er karl eða kona, þegar eiginkona eða eiginmaður fellur frá, og sama skuli örorkulífeyrisþegi, sem orðinn er 67 ára, einnig hljóta. Þetta kostar tiltölulega lítið. Ég ætla, að það sé milli 200 og 250 þús. kr. í hæsta lagi á ári, sem gera mætti ráð fyrir að kostnaður tryggingganna ykist af þessum sökum, en það er töluverður léttir fyrir margt fólk, sem verður fyrir því óláni að missa maka sinn, eftir að þessum aldri er náð.

Þá er 4. brtt. mín, við 24. gr., og er þar gert ráð fyrir, að framlag sveitarsjóðs til uppbótagreiðslna Tryggingastofnunarinnar verði helmingurinn í staðinn fyrir ⅝, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Eins og ég vék að í upphafi máls míns, er sú breyting gerð frá gildandi ákvæðum, að í stað þess, að nú má greiða allt að 40% uppbót á lífeyrinn, þegar um umönnunarþörf eða hjúkrunarþörf er að ræða, á nú samkv. frv. að greiða allt að 100% uppbót eða fast að tvöföldum lífeyri, ekki aðeins þegar um hjúkrunarþörf eða umönnun er að ræða, heldur líka ef um er að ræða einstæðing, sem ekki dvelur í heimili með skyldmennum, kunningjum eða nánum vandamönnum, heldur þarf að sjá sér einn farborða, leigja sér húsnæði, kaupa sér fæði eða allt til sinna þarfa, enda viðurkennt, að einmitt fyrir slíka menn er lífeyririnn alveg ófullnægjandi. Það liggur því í hlutarins eðli, að þar sem svið þeirra, sem uppbæturnar má greiða til, víkkar svo mikið, þarf að vera um verulega upphæð hér að ræða, ef hún á að koma að nokkru verulegu haldi.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að Tryggingastofnunin megi verja sem svarar 7% af upphæð elli- og örorkulífeyris í þessu skyni, eða samkv. þeim áætlunum, sem gerðar eru fyrir árið 1956, rétt í kringum 5 millj. kr. Ef sveitarsjóðirnir leggja fram á móti þessu aðeins ⅝, er heildarupphæðin, sem um er að ræða þarna, ekki nema 8.7 millj. kr. eða eitthvað nálægt því. Ég hygg, að sú upphæð sé varla það há, að hún geti talizt fullnægjandi, ef gert er ráð fyrir, að einstæðingum verði veittur þessi styrkur, eins og gert er ráð fyrir núna í frv. Ég verð því mjög að leggja áherzlu á það, að sveitarfélagið greiði jafnt á móti og Tryggingastofnunin leggur fram til þessara uppbóta. Það hefur komið ósk um það frá sveitarfélögunum, að þau fengju að fylgjast með og hafa nokkuð hönd í bagga með um þessar uppbótagreiðslur, því að það hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á það, hvort þörf er á að veita hlutaðeigandi framfærslustyrk eða ekki. Ég held því, að eigi þetta að koma að verulegu haldi og eigi sveitarstjórnirnar að geta reiknað með, að verulegur hluti af framleiðslunni hverfi af þeim með þessu breytta fyrirkomulagi, sé sjálfsagt að hækka þetta framlag þeirra upp í jafnt og framlag ríkissjóðs.

Enginn vafi er á því, að þrátt fyrir það að þessu sé breytt þannig, mun hlutur sveitarfélaganna, þ. e. a. s. framfærslubyrðin, lækka fullkomlega sem því svarar, sem sveitarfélögunum er ætlað að leggja fram í þessu skyni.

Þá vík ég að þeirri till., sem ég tel í sjálfu sér veigamesta, það er brtt. mín við 25. gr., 5. brtt. á þskj. 582.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að útgjöld tryggginganna séu borin í þeim hlutföllum, sem í 25. gr. segir, þ. e. a. s., að ríkissjóður greiði 33%, tryggðir 33%, sveitarsjóðirnir 19% og atvinnurekendur 15%. Ég legg til, að þetta breytist þannig, að ríkissjóður greiði 40%, þeir tryggðu 30%, sveitarsjóðirnir 15% og atvinnurekendur 15%. Af þessu mundi leiða það, ef till. mín yrði samþykkt, að hlutur ríkissjóðs mundi hækka um 8—9 millj. kr., miðað við þá útreikninga, sem fylgja frv. Hlutur hinna tryggðu mundi lækka um 4—4½ millj., eða rösk 10%, og sveitarsjóða og atvinnurekenda nokkuð, samtals um hér um bil 4 millj. kr.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á það, að samkvæmt þeim yfirlitstöflum, sem fylgja frv., er gert ráð fyrir því, að heildarskipting kostnaðar vegna tryggginganna, þar með talin sjúkratryggingin og slysatryggingin, er gert ráð fyrir að verði sú, að ríkissjóður greiði 28.1%, hinir tryggðu greiði 38.5%, sveitarsjóðir 18.4% og atvinnurekendur 15%. Hér hefur hlutfallið breytzt nokkuð frá því, sem gert var ráð fyrir í upphafi, jafnvel þó að tekið sé tillit til þess, sem tafla 5 á bls. 43 á þskj. 99 sýnir, þegar litið er á það, að ríkisframfærslan hvílir að mestu leyti á ríkissjóði og að nokkru leyti á sveitarfélögun-

um. Eins og ég drap á áðan, hefur þróunin í grannlöndum okkar orðið sú, að hlutur hins opinbera hefur verið aukinn í kostnaði við tryggingarnar, en hlutfallslega minnkaður sá hlutur, sem hinir tryggðu greiða. Við förum í raun og veru öfugt að hér. Það þyngist heldur hlutur hinna tryggðu við þær breytingar, sem hér eru gerðar, þó að ekki muni það miklu, 33.6% á móti 34.4% hjá hinum tryggðu, 33.6% hjá ríkissjóði í staðinn fyrir, að gert var ráð fyrir áður, að það yrði jafnt hjá þessum tveimur aðilum.

Þegar litið er á hlutfallaskiptinguna, ber einnig að líta á, hvað iðgjöld yrðu samkvæmt þessari hlutfallaskiptingu há, sem hinir tryggðu greiða, og er þá ekki nóg að líta eingöngu á lífeyristrygginguna eða Tryggingastofnunina sjálfa.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem fylgja hér með og eru miðaðar við vísitölu 173, sem er sýnilega allt of lágt nú, er gert ráð fyrir því, að iðgjöld fyrir kvæntan karl í Rvík verði um 925 kr. Sjúkrasamlagsiðgjöld í Rvík má reikna með að verði ekki minna en 480 kr. fyrir mann eða um 960 kr. fyrir hjónin. Er þá samanlagt iðgjald kvænts manns á fyrsta verðlagssvæði, t. d. hér í Rvík, 925 + 960 kr., eða rétt í kringum 1885 kr. á ári. Hins vegar nema 4% af 42 þús. kr. tekjum, sem má reikna Dagsbrúnarmönnum nú, ef þeir hafa fullan vinnutíma 300 daga á ári, ekki nema um 1680 kr. Mér finnst ákaflega erfitt að ætla mönnum að greiða í tryggingagjöld meira en sem svarar 4% af launum sínum, þó að inni í þessu séu falin sjúkrasamlagsiðgjöld og annað, sem því fylgir, þegar svo þess er gætt, að ýmis heimili greiða auk útgjalda fyrir hjónin sjálf iðgjöld fyrir unglinga á aldrinum 16—21 árs, sem sumir hafa litla eða enga atvinnu, en þess verður að gæta að spenna ekki bogann svo hátt í þessu efni, að iðgjöldin verði úr hófi fram þungur baggi á þá, sem eiga að bera þau, úr því að sú leið er nú farin, sem hér er, að hafa iðgjöldin ákveðin á einstaklinga, en ekki miðuð við tekjurnar, sem þeir njóta. Yrði mín till. samþ. um að breyta hlutföllunum eins og að framan er gert ráð fyrir í aðaltill., mundu iðgjöldin geta lækkað hér um bil niður í það að verða ekki fram yfir 4% af meðaltekjum Dagsbrúnarmanna hér í Reykjavík, og það álít ég að ætti að miða við.

Ég hef til vara gert þá till., að hlutur sveitarsjóða og atvinnurekenda yrði svo til hinn sami og gert er ráð fyrir í frv., en tilfærslan yrði aðeins gerð á milli ríkissjóðs og hinna tryggðu, þannig að ríkissjóðsframlagið hækkaði upp í 36% og hinna tryggðu niður í 30%. Það mundi hafa sömu áhrif á iðgjöldin og ég gerði ráð fyrir áðan, en ekki breyta framlagi sveitarsjóða eða atvinnurekenda sem neinu næmi, en þetta mundi þýða rösklega 4 millj. kr. á framlagi ríkissjóðsins.

Þá hef ég brtt. við 28. gr., þar sem kveðið er á um iðgjöldin. Hún er þess efnis, að iðgjöld unglinga á aldrinum 16—20 ára, annarra en þeirra, sem vinna fulla vinnu, verði ekki ákveðin nema hálft iðgjald hinna fullorðnu. Það er enginn vafi á því, að fyrir heimili, þar sem börn eða unglingar eru á þessum aldri, sem annaðhvort eru við nám eða af öðrum ástæðum hafa ekki atvinnu nema lítinn hluta af árinu, er þetta býsna þungur baggi á heimilið og hin mesta nauðsyn þess vegna að létta á þessu. Að sjálfsögðu mundi það kosta að öðru óbreyttu í frv., að tilsvarandi hækkun til að mæta þessu þyrfti að koma á iðgjöld hinna fullorðnu.

7. brtt. mín er við 39. gr., þ. e. dánarbætur slysatryggínganna. Á árinu 1953 var lögtekið að greiða viðbótarbætur til eftirlátinna vandamanna þeirra lögskráðra sjómanna, sem fórust af slysum við vinnu sína. Ég benti á það strax, að óstætt væri að minni hyggju á að mismuna aðstandendum þeirra, sem falla frá vegna slysa við vinnu sína, eftir því, hvort maðurinn hefði farizt á sjó eða landi, ef ástæður hinna eftirlifandi, ekkju og barna og annarra vandamanna, væru hinar sömu í báðum tilfellum. Ég er sömu skoðunar enn og legg því til, að þær dánarbætur, sem í lögum eru nú ákveðnar fyrir eftirlátna vandamenn sjómanna, skuli gilda almennt fyrir eftirlifandi vandamenn þeirra, sem látast af slysförum við vinnu sína. Þessi hækkun, þó að hún sýnist nokkur á pappírnum, á dánarbótum iðntryggingarinnar, sem tryggir þá, sem vinna í landi, er ekki mjög kostnaðarsöm, miðað við þá reynslu, sem við höfum af undanförnum árum. Dánarslys við störf í landi eru svo miklu, miklu færri en á sjónum, að tiltölulega lítil hækkun á iðgjöldum iðntryggingarinnar nægir til að standa straum af þessu. Ég ætla, að ekki þyrfti að hækka nema eitthvað milli 7 og 8% iðgjöldin til iðntryggingarinnar til þess að standa undir þessum kostnaði. En ég fæ ekki séð neitt réttlæti í því, að ekkjur og aðrir vandamenn manns, sem ferst af slysförum, nemi ekki nema röskum þriðjungi í öðru tilfellinu á við það, sem ekkja fær, sem býr við alveg nákvæmlega sama efnahag í hinu tilfellinu, þegar um sjómann er að ræða. Það er að sjálfsögðu tryggingin fyrir þá, sem lifa eftir, sem ber að meta í þessu sambandi, og þörfin á bótum, en ekki það, hverjar ástæður voru til þess, að fyrirvinnan féll frá.

8. brtt. er afleiðing af 7. brtt. Ef hún verður samþ., fellur gr. niður. En brtt. verður að sjálfsögðu tekin aftur, ef 7. till. er ekki samþykkt.

9. brtt. mín er þess efnis, að sjúkrasamlögum skuli skylt að endurgreiða hinum tryggðu þá upphæð, sem greiðslur hans til lækna samkvæmt 53. gr. fyrir hann og fjölskyldu hans fara fram úr ársiðgjaldinu. Nefndin tók upp — ég held mér sé óhætt að segja í samráði við eða að tilmælum læknanna — ákvæði um, að á fyrsta verðlagssvæði skyldi greiða 5 kr. fyrir hvert viðtal á stofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun til þess, að því er læknarnir sögðu, að draga úr því, að fólk leitaði að óþörfu til lækna, sem þeir hafa mjög kvartað undan og að einhverju leyti kann kannske að hafa við rök að styðjast, þó að ég haldi, að fullmikið sé úr þessu gert. Ég vildi ekki setja mig á móti, að gengið væri til móts við þessar óskir, í von um, að auðveldara væri að ná samningum við læknana að þessari breytingu gerðri. En það liggur í augum uppi, að slíkar greiðslur mega aldrei verða svo miklar, að þær íþyngi heimilinu verulega, og því er till. mín sú, að ef greiðslur til læknisins á árinu fara fram úr upphæð, sem jafngildir ársiðgjaldi, skuli samlagið endurgreiða gegn kvittun það, sem umfram er. Ég legg á það mikla áherzlu, að þessi endur-

greiðsluskylda sé upp tekin, því að annars getur svo farið, ef um veikindi er að ræða hjá stórri fjölskyldu, að þessi læknakostnaður geti bakað verulega fjárhagslega örðugleika fyrir fjölskylduna, en einmitt slíku er tryggingunum ætlað að afstýra.

Seinasta brtt. er við 84. gr., þess efnis, að síðasti málsliður málsgr. falli niður, en efni þessa málsliðs er það, að hinir opinberu lífeyrissjóðir og aðrir, sem löggildingu fá samkvæmt tryggingalögunum, skuli greiða sjúkrasamlagsiðgjöld meðlima sinna. Í sjálfu sér finnst mér þetta ekki óeðlilegt, að þessir sjóðir greiði sjúkrasamlagsiðgjöldin á sama hátt og almannatryggingarnar greiða sjúkrasamlagsiðgjöldin vegna sinna bótaþega. Hins vegar fæ ég ekki séð, að hægt sé með þessum lögum að breyta lögum t. d. um lífeyrissjóð embættismanna og starfsmanna ríkisins og aðra slíka sjóði, sem þegar hafa fengið viðurkenningu eða sett ákveðið starfssvið með lögum. Þetta hlýtur að hafa áhrif á iðgjaldagreiðslur sjóðanna og annað slíkt, sem þarf þá samtímis að breyta og ekki er fært að gera með þessum lögum. Ég vil því mjög eindregið leggja til, að þessi málsliður verði felldur niður og að það verði látið bíða að taka þessi ákvæði inn, þangað til unnt er að gera breytingar um það efni á sjálfum lífeyrissjóðalögunum, að því er varðar meðlimi lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, barnakennara og aðra slíka sjóði, sem sérstök lög eru um.

Ég hef þá vikið að brtt., sem ég flyt á þskj. 582, og skal aðeins víkja nokkrum orðum að brtt. hv. þm. Barð., sem eru á þskj. 576 og hann hefur þegar gert grein fyrir frá sínu sjónarmiði.

Um 1. brtt., sem er þess efnis, að tryggingaráð, en ekki ráðh., skuli skipa eða ráða forstjóra stofnunarinnar, einn eða fleiri, vil ég segja það, að ég er henni andvígur, og ég fæ ekki séð, að þau rök, sem hv. flm. bar fram, sýni eða sanni, að þörf sé á þessari breytingu. Ég álít þvert á móti, að eins og tryggingaráðið er skipað, kosið eftir pólitískum línum, ef svo mætti segja, af Alþ., sé ekki heppilegt, að forstjóri sé skipaður eða ráðinn af því. Ríkissjóður leggur fram um þriðjunginn af starfsfé tryggginganna. Samkvæmt lögunum lúta þær yfirstjórn félmrh. Tryggingaráðið er kosið allt af Alþ., og ráðh. skipar að vísu formann, en verður að velja einn af þeim, sem Alþ. hefur kosið í ráðið. Með tilliti til alls þessa og sérstaklega þess, að ráðh. á að hafa yfirumsjón tryggginganna og ríkissjóður leggur fram fullan þriðjung af starfsfé þeirra, tel ég alveg eðlilegt og sjálfsagt, að sami háttur sé á um þessa stofnun og aðrar, sem svipað stendur á um, að ráðh. skipi forstjóra. Hitt er ég sammála flm. um, að ástæða gæti verið til að athuga, hvort ekki væri rétt að hafa heimild ráðh. til þess að hafa fleiri en einn forstjóra, ef þörf þætti, og skipta verkum á milli þeirra, en eftir þá breytingu, sem nú er gerð á tilhögun á stjórninni, verð ég að segja, að það er ekki jafnaðkallandi og mér að ýmsu leyti fannst það áður geta verið.

2. brtt. sama hv. þm. er um það, að tryggingaráð geti ákveðið, þó að sýslumenn og héraðsdómarar yfirleitt séu umboðsmenn tryggginganna, að aðrir aðilar skuli annast umboðsstörfin, ef ástæða þyki til. Ég vil nú fyrst segja í þessu sambandi, að reynsla Tryggingastofnunarinnar af sýslumönnum og héraðsdómurum sem umboðsmönnum er yfirleitt góð. Þegar rætt var við þá um, hvort lögbinda skyldi þetta umboð í þeirra hendur, ætla ég, að þeir hafi látið þess getið, að þeim væri það ekki út af fyrir sig áhugamál, en ef á annað borð svo væri gert, þá teldu þeir eðlilegast, að það yrði meginreglan, það gilti alls staðar, en ekki aðeins í nokkrum stöðum og öðrum ekki. Þá afstöðu get ég út af fyrir sig skilið. Ég get þó ekki neitað því, að hugsanlegt er, að svo gæti staðið á, að ástæða þætti til að skipta um umboðsmann í einstöku stað, án þess að þær ástæður væru fyrir hendi, að skipt yrði um dómara eða sýslumann samtímis. En aðeins í því tilfelli einu teldi ég ástæðu til þess, að þessi heimild væri til. Ég veit ekki, hvort hv. flm. till. vildi taka þessa till. aftur til 3. umr., ef hægt væri að athuga breytingu á orðalagi á henni á milli umræðnanna. Eins og hún er núna orðuð, get ég ekki verið með henni og teldi til hins verra, ef hún yrði samþ. En væri þetta bundið við það, sem ég áðan drap á, að Tryggingastofnunin væri ekki ánægð með hlutaðeigandi sýslumann sem sinn umboðsmann, þá væri hægt með samþykki ráðh. að skipta um, en meginreglan héldist sú, sem gert er ráð fyrir í frv.

Þá er 3. brtt. hv. þm. Barð., þess efnis, að ríkissjóður endurgreiði Tryggingastofnuninni allan endurkræfan barnalífeyri, sem Tryggingastofnunin innir af hendi til mæðra óskilgetinna barna, fráskilinna kvenna og annarra þeirra, sem greinin fjallar um. Þá vil ég segja það, að sem starfsmanni Tryggingastofnunarinnar þætti mér að sjálfsögðu talsvert unnið við, að þessi till. yrði samþ. Hins vegar er á það að líta, að Tryggingastofnunin er nú búin að koma á nokkurn veginn skipulegum reglum um innheimtu þessara endurkræfu barnsmeðlaga eða barnalífeyris, sem að sjálfsögðu mundi ekki breytast mikið, þó að ríkissjóður tæki við þessu. Hins vegar hefur meiri hluti heilbr.- og félmn., eins og till. þremenninganna á þskj. 581 ber með sér, fallizt á að rýmka mjög kröfufresti og kveða skýrar á um endurkröfurétt tryggginganna á hendur bæði framfærslusveit og á hendur ríkissjóði, ef framfærslusveit bregzt sem greiðandi. Tel ég, að nú megi, úr því að á annað borð var ekki horfið frá því að láta Tryggingastofnunina greiða þennan barnalífeyri, eftir atvikum við þetta una með með þeim breytingum, sem gert er ráð fyrir á þskj. 581. Ef vanskil verða að lokum hjá framfærslusveit, á Tryggingastofnunin samkvæmt þessari till. skýlausan rétt á hendur ríkissjóði til greiðslu fjárins og hefur allt að tveggja ára tíma til þess að gera tilraunir til innheimtu, áður en þessi leið er farin. Ég get því eftir atvikum fallizt á þá breytingu á 18. gr., sem gert er ráð fyrir á þskj. 581, og verð því á móti till. hv. þm. um, að ríkissjóður sé krafinn strax eftir fyrstu greiðslu af hálfu Tryggingastofnunarinnar.

4. brtt. er við 24. gr., að 4. málsgr. falli niður, en 4. málsgr. ákveður, að uppbótagreiðslur á ellí- og örorkulífeyri allt að 100% greiðist að ¾ af hlutaðeigandi sveitarsjóði og ¼ af Tryggingastofnuninni. Mér skilst, að einnig eigi að falla niður ákvæðin um, að 7% af heildarupphæðinni

skuli varið í þessu skyni. Þá hygg ég, að nauðsynlegt sé, ef þessi till. skyldi verða samþ., sem ég tel fráleitt, satt að segja, að setja eitthvert ákvæði inn í staðinn fyrir þessi 7%, sem þarna er um að ræða, því að varla getur verið um það að ræða, að tryggingaráð hafi alveg óbundnar hendur um að hækka upp í allt að 100% þann lífeyri, sem hægt er að veita eftir þessari grein. Það yrði svo óútreiknanlegur fjárhagslegur baggi fyrir tryggingarnar, að torvelt yrði að gera útreikning um það fyrir fram. Það yrði að sjálfsögðu að setja einhver ákvæði til þess að skapa þann ramma, sem hægt væri að framkvæma þetta innan, ef að lögum verður.

Þá er 5. brtt., um b-liðinn, að hann falli niður. Henni hefur nú verið breytt þannig, að hann á aðeins við 5 og 10 kr. gjaldið, sem hinum tryggðu er ætlað að greiða, og get ég látið nægja út af þeirri till. að vísa til þess, sem ég áðan sagði um brtt. mína í þessu sambandi. Ég álít, að það sé rétt, og hef fallizt á að ganga til móts við læknana í þessu atriði, þó ekki lengra en það, að ef greiðslur hinna tryggðu fara fram úr vissri upphæð, þá endurgreiðist af sjúkrasamlaginu það, sem fram yfir er þá upphæð.

Við 55. gr. flytur hv. þm. brtt. þess efnis, að í gerðardóminn skuli hæstiréttur skipa mann, ef læknasamtökin tilnefna ekki mann í gerðardóm, og taldi fráleitt að halda orðalaginu eins og nú er á þeirri grein. Ég tel, að veruleg bót sé að því, þó að ég ekki sé ánægður með þessa gr. að öllu leyti, að fá inn þau gerðardómsákvæði, sem nú eru í lögunum. Hins vegar liggur fyrir yfirlýsing frá félagsskap lækna um, að þeir muni fyrir sitt leyti nefna mann í gerðardóminn, hvenær sem kæmi til, að til þess yrði stofnað, að hann yrði myndaður. Ef svo skyldi fara síðar, að gerðardómur yrði ekki fullskipaður fyrir það, að læknarnir neituðu að nefna til sinn mann, þá er það augljóst mál að kröfur þeirra eru þannig, að þeir búast ekki við að fá þær viðurkenndar af gerðardómi, og það segir það sama sem að það, sem þeir ætluðust til að fá í greiðslu, yrði það þungur baggi á tryggingunum, að iðgjöld hinna tryggðu yrðu að hækka verulega til að mæta þeim.

Þá er sagt hér, að þá skuli falla niður veiting bóta, eftir því sem við á, samkvæmt b- og c-lið 53. gr., þ. e. a. s., að þá greiði ekki sjúkrasamlögin læknum fyrir læknishjálp, veitta utan sjúkrahúsa, þá læknishjálp, sem veitt er á þeirra eigin lækningastofum. Lengra er nú ekki gengið í því. Öll læknishjálp á sjúkrahúsum er greidd að sjálfsögðu eftir sem áður. Það er aðeins sú læknishjálp, sem greidd er á stofum læknanna og er ekki svo mikilsháttar, að það þurfi að leggja manninn inn á sjúkrahús til þess að fá aðgerðina. Ég skal játa, að þetta er veruleg skerðing á þeim fríðindum, sem menn njóta. Því er gert ráð fyrir því, að ef til þessa kæmi, sé heimilt að verja því fé, sem sparast, ef iðgjöld eru ekki lækkuð tilsvarandi, til þess að hækka greiðslu sjúkradagpeninga, hækka greiðslu fjölskyldubóta til þess fólks, sem við þetta býr, eða greiða ákveðna upphæð upp í læknishjálpina, sem veitt er. Því er ekki að neita, að sjúkrasamlaginu hefur stundum reynzt erfitt að ná að því er það telur viðhlítandi samningum við læknana, og ætlunin er sú, að með þessu verði það greiðara, ef hægt er að sýna þeim fram á, að þeir þurfi framvegis að innheimta sjálfir tekjur sínar hjá sjúklingunum í staðinn fyrir að eiga þær vissar hjá sjúkrasamlaginu. Ég verð að játa, að ýmislegt bendir til, að þetta hafi við rök að styðjast. Loks vil ég benda hv. þm. Barð. á, að með þessu er ekki loku fyrir það skotið, að einstök sjúkrasamlög, eftir því sem við á, geti greitt þetta, þó að ekki sé fullskipaður gerðardómur, sem fellir úrskurð um þetta atriði, því að í 53. gr., seinustu málsgr., er tekið fram, að hverju samlagi sé heimilt í samþykktum sínum að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda en lögskipuð er í þessum kafla. Ég held því, að hættulaust sé, þó að ég játi það, að orðalagið sýnist nokkuð ákveðið þarna, að samþ. gr. eins og hún er, og hún skapar vissulega nokkurt aðhald.

Hv. þm. Barð. spurði, hvers sjúkrasamlagsmeðlimir á fyrsta verðlagssvæði ættu að gjalda, að þessi greiðsla skyldi aðeins ná til þeirra. Því er auðsvarað. Utan fyrsta verðlagssvæðis eiga menn yfirleitt alls staðar kost á því að snúa sér til héraðslækna, sem starfa eftir ákveðnum, lögbundnum taxta, sem er tiltölulega lágur og miklu lægri en greiðslur til lækna í Reykjavík, sem er eðlilegt, vegna þess að héraðslæknar hafa allir föst laun. Þess vegna hafa ekki verið neinir sérstakir örðugleikar á því að ná samningum við þessa lækna, nokkurn veginn viðhlítandi fyrir sjúkrasamlagsmeðlimi, því að þeir mega ekki taka hærra fyrir sína hjálp en taxti ákveður hverju sinni, og nú er fullkomið samkomulag um þann taxta. Það er því ekki af þeim ástæðum, að það sé verið að gera þyngri hlut meðlimanna hér í Reykjavík eða á fyrsta verðlagssvæði en annarra á landinu, umfram það, sem nú er, því að læknakostnaður samlagsmanna hér í Reykjavík hefur alltaf verið stórkostlega miklu hærri en læknakostnaður samlagsmanna úti um land, af þeirri ástæðu, eins og hv. flm. er kunnugt um, að mikill hluti tekna héraðslækna úti um land er greiddur úr ríkissjóði sem föst laun, og þar af leiðandi taka þeir minna gjald fyrir viðtöl og aðgerðir á sjúklingum en þeir læknar hér í Reykjavík, sem eingöngu hafa sínar tekjur frá sjúklingunum og engin laun úr ríkissjóði.

Þá er 7. brtt., að fyrri málsgr. 64. gr. falli niður, ef bótaþegi flyzt til útlanda. Það má segja kannske, að þetta skipti ekki ákaflega miklu máli. Yfirleitt er þeirri reglu fylgt og hefur verið í tryggingalöggjöfinni hjá okkur og eins í tryggingalöggjöfum annarra landa, sem ég þekki, að lífeyrisgreiðslur eru ekki greiddar út úr landinu nema í sérstökum undantekningartilfellum, þegar um skamma dvöl er að ræða eða menn leita til læknis. Nú eru í vændum samningar milli Norðurlandanna um gagnkvæmi í þessu efni, og þarf því ekki ákvæði þeirra vegna, og ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þetta rýmra en nú er í frv. Þar er gert ráð fyrir, að allir geti a. m. k. verið tólf mánuði án þess að missa nokkurt fé af bótum. Sé hins vegar um að ræða, að þeir séu að leita sér lækninga eða annars slíks, má greiða þetta lengur, og er það að sjálfsögðu gert.

Þá er að lokum síðasta till., 8. till. Ég vil taka

undir það með hv. frsm., að ég teldi, að þessi grein ætti frekar heima í sérstakri þál. en beinlínis inni í tryggingalöggjöfinni, ekki sízt með tilliti til þess, sem hv. tillögumaður drap á, þm. Barð., því að það er ráðuneytið, sem ákveður lánveitingar úr erfðafjársjóði, að vísu að fengnum till. tryggingaráðs, en það er félmrn., sem hefur yfirstjórn þess sjóðs og ákveður lánveitingarnar hverju sinni.

Ég skal annars geta þess, að nú er í ráði að sérstakur maður verði ráðinn sameiginlega af ríkisstj., Reykjavíkurbæ og Tryggingastofnuninni til þess að fara með öryrkjamál, bæði með hagsmuni Tryggingastofnunarinnar, öryrkjanna sjálfra og sveitarfélaganna fyrir augum, og að sjálfsögðu verður þessi athugun gerð einn veg eða annan, þó að mér finnist ekki ástæða til að setja grein um þetta inn í tryggingalögin.

Ég skal svo að lokum segja það, að þó að ég telji, því miður, að ekki sé um verulega stórfelldar umbætur á tryggingalöggjöfinni að ræða að því er snertir réttindaaukningu eða friðindi og ekkert bætt um það, sem ég teldi mest þurfa, frá því, sem nú er, þ. e. a. s. ekkert bætt um ákvæðin um það, hvernig skipta skuli kostnaðinum af tryggingunum á þá aðila, sem bera hann, þá tel ég þó, að rétt sé að samþykkja þetta frv. í von um, að síðar verði innan þess ramma, sem þar er skapaður, hægt að koma fram þeim umbótum, sem ég hér hef drepið á að vanti, því að í heild sinni verður ekki annað sagt en að frv. veiti fullkomlega jafnmikil og heldur meiri friðindi en núgildandi löggjöf, og fjárhagur tryggingganna er að því leyti betur tryggður, að ekki þarf að sækja til Alþingis í hvert skipti um breytingu á lögunum til þess að geta undirbyggt áætlun næsta árs, svo að fjárhagsöryggi tryggginganna sé ekki stefnt í voða.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það voru miklar vonir tengdar við endurskoðun tryggingalaganna. Frumvarps mþn., sem að þessum málum starfaði, var beðið með óþreyju. Skylt er að viðurkenna, að í frv. þessu felast nokkrar endurbætur. Veigamestar þeirra tel ég vera endurbæturnar á mæðralaununum, svo að nú fyrst geta þau kallazt mæðralaun meira en aðeins að nafni, og svo rýmkunin á skerðingarákvæðum lífeyrisins. En að því er tekur til ýmissa annarra atriða, álít ég, að það sé um mikla afturför að ræða. Er þá fyrst að nefna, að heilsugæzlukafli laganna er með öllu felldur niður, eftir að honum hafði verið frestað, frá því að hann var tekinn í lög árið 1946. Þetta eru mikil vonbrigði, því að nú höfðu flestir búizt við, að hann mundi að lokum koma til framkvæmda. Þetta er mikið undanhald í tryggingamálum landsins.

Þá er réttur til fjölskyldubóta skertur, þar sem fjölskyldubætur skulu nú fyrst greiddar með þriðja barni. Fjölskyldubæturnar, eins og þær eru nú, voru samkomulagsatriði í samningum við verkalýðsfélögin 1952. Hér er því um hrein brigðmæli að ræða. Það var alltaf gengið út frá því, að þessar réttarbætur yrðu til frambúðar, og skiptir þá engu máli, þó að ýmsir séu þeirrar skoðunar, að aðrar endurbætur á lögunum væru meira aðkallandi. Það hefði t. d. verið til lítils barizt, ef atvinnuleysistryggingarnar yrðu numdar úr lögum, um leið og núverandi samningar ganga úr gildi, en það væri hliðstæða.

Til þess að verkalýðssamtökin geti treyst ríkisvaldinu, þarf það að standa við skuldbindingar sínar í þeim skilningi, sem í þær er lagður, þegar samningar eru gerðir.

Þá var eitt mikilvægt atriði í frv., eins og það var lagt fram, til stórskemmdar á lögunum. Milliganga Tryggingastofnunarinnar um innheimtu barnsmeðlaga skyldi felld úr gildi. Það er til lítils að skírskota til þess, að mæðrunum skyldu tryggð barnsmeðlögin fyrir milligöngu sveitarfélaganna. Lagaákvæðin í því frv., sem lagt var fyrir um það efni af nefndinni, voru nákvæmlega eins og gömlu ákvæðin, frá orði til orðs, að því einu undanskildu, að nú áttu mæðurnar að geta leitað aðstoðar valdsmanns. Maður skyldi nú ætla, að slíkt þyrfti ekki að taka fram í lögum, — eða liggur það ekki í hlutarins eðli, að hverjum manni sé heimilt að snúa sér til valdsmanns, ef hann nær ekki rétti sínum? Mæðurnar hafa langa og sára reynslu af þessu fyrirkomulagi, sem ekki aðeins kostaði þær mikið erfiði og oft ærinn kostnað, heldur gerði þeim í sumum tilfellum ómögulegt að ná rétti sínum. Það þótti því mjög mikilvægur árangur, þegar milliganga Tryggingastofnunarinnar var lögfest, og nú átti að gera þennan mikla árangur í réttindabaráttu þessara kvenna að engu. Sem betur fer, hefur hv. Nd. leiðrétt þetta og horfið að hinu fyrra fyrirkomulagi.

Lífeyrisgreiðslur hafa ekki verið hækkaðar nema til samræmis við almennar launahækkanir opinberra starfsmanna og ekki nema um brot af þeim heildarlaunahækkunum, sem lögfestar hafa verið þeim til handa. Þær haldast ekki einu sinni í hendur við þær kjarabætur, sem verkamenn fengu í verkföllunum í vor. Nú eru gífurlega miklar verðhækkanir að fara fram og fram undan, og því er auðsætt, að kjör lífeyrisþega munu stórlega versna. Ég held, að allir hljóti að viðurkenna, að þeir megi sízt við því af öllum. Lífeyrisgreiðslur tryggginganna eru svo hneykslanlega lágar, að þær nema ekki nema litlu broti af því, sem menn alveg nauðsynlega þurfa til lífsframfæris, þannig að mjög er fjarri því, að tryggingarnar nái tilgangi sínum. Þess vegna höfum við sósíalistar ár eftir ár borið fram till. um hækkun lífeyrisins, og við gerum það enn á þessu þingi.

Árið 1953 bar ég og hv. 6. landsk. fram frv. um, að persónugjöld tryggginganna yrðu afnumin, en hið opinbera aflaði þessa fjár á sama hátt og fjár til annarrar almennrar þjónustu. Frv. þetta var afgreitt með velviljaðri rökstuddri dagskrá og vísað til mþn., sem gert var ráð fyrir að framkvæmdi heildarendurskoðun tryggingalaganna. Þeirri n. var þá beinlínis falið að taka þetta mál til athugunar. Það urðu mér því mikil vonbrigði, að n. minntist ekki á þetta og virðist alls ekki hafa leitt hugann að því. Þó er þetta ekki annað en það fyrirkomulag, sem nú er t. d. í Danmörku, þar sem eru að heita má engin önnur iðgjöld til tryggginganna en sjúkrasamlagsgjöldin, sem eru mjög lág, m. a. vegna þess,

að sjúkrahúsin eru að mestu rekin á kostnað hins opinbera.

Ég hef hér tölur frá 1952 um hlut hinna tryggðu í kostnaði tryggginganna á Norðurlöndum. Þær tölur eru þannig: Í Danmörku greiða hinir tryggðu af heildarupphæð tryggginganna 12.3%, í Finnlandi 6.9%, í Noregi 22.6% og í Svíþjóð 10%, en á Íslandi 24.4%. Á Íslandi er hlutur hinna tryggðu langhæstur. Nú er ætlazt til, að hlutur hinna tryggðu í útgjöldum tryggginganna verði 32.5%. Alls staðar annars staðar á Norðurlöndum er hlutur hinna tryggðu mjög smár, nema helzt í Noregi.

Nú er svo komið, að af tekjum ríkissjóðs eru hinir stighækkandi skattar orðnir aðeins örlítið brot. Á fátæku fólki hvíla nú tryggingagjöldin með miklu meiri þunga en tekjuskatturinn og verða nú tæplega 1840 kr. á ári fyrir hvern kvæntan mann í Rvík samkvæmt áætlun í greinargerð og núverandi sjúkrasamlagsiðgjöldum. Allt stefnir að því, að allar tekjur ríkisins verði lagðar á sem nefskattar og tollar.

Margt er fleira í frv., sem horfir frekar til óþurftar. T. d. tel ég fráleitt, að umboðin séu tekin af sjúkrasamlögunum úti á landi. Það er frámunalega óheppilegt, að ákveðið skuli vera með lögum, að sýslumenn og bæjarfógetar skuli annast umboðsstörf fyrir tryggingarnar. Þeir eru samningsaðili, og ef samningsaðila er fenginn í hendur óskoraður réttur, ef það er lagaskylda, að hann skuli hafa starfið með höndum, þá eru allar aðstæður til samninga orðnar ærið erfiðar. Það stappar nærri, að með þessu sé stjórn Félags héraðsdómara selt sjálfdæmi um þóknun fyrir þessi störf.

Margt fleira, sem aðkallandi hefur verið um mörg ár að leiðrétt yrði og þm. Sósfl. hafa gert tilraun til að fá leiðrétt, situr enn við sama samkvæmt þessu frv. Á ég þar við ýmis atriði varðandi lífeyri, fjölskyldubætur o. fl., og flyt ég till. um það, sem ég tel mestu máli skipta.

Ég vil að lokum minna á það, að á síðari árum hefur þróun tryggginganna hér á landi dregizt allmjög aftur úr þróuninni á Norðurlöndum. 1954 höfðu útgjöld til þjóðfélagstryggginga og framfærslu á hvern íbúa á Norðurlöndum hækkað svo sem hér segir: Í Danmörku um 35%, í Finnlandi um 58%, í Noregi um 47% og í Svíþjóð um 40%, en á Íslandi aðeins um 14%.

1952 höfðu útgjöldin hér minnkað um 6% síðan 1948. Verkfallið 1952 hefur þó rétt þetta ofur lítið við með samningunum, sem gerðir voru um fjölskyldubæturnar. Allar þessar tölur eru leiðréttar vegna verðlagsbreytinga, þ. e. prósenttalan er miðuð við fast verðlag.

Í samræmi við þau sjónarmið, sem ég hef nú rakið, hef ég flutt nokkrar brtt. ásamt hv. 6. landsk. á þskj. 436. Margar þeirra eða svipaðar hafa verið fluttar í Nd., en sumar eru þó nýjar. Ég tek ekki hér upp mínar gömlu till. um breytingar á fjáröflun til tryggginganna. Þetta er þó eitt stærsta og mikilvægasta málið, sem um er deilt í sambandi við almannatryggingarnar. En ég þykist sjá, að á þessu stigi sé tilgangslaust að freista þess að koma fram svo gagngerri breytingu. Í stað þess reyni ég að bera fram minni breytingar, sem flestar eru að mínum dómi mjög aðkallandi og margar áskoranir hafa borizt um, að samþykktar yrðu, og auk þess eina mjög stóra brtt., þá, að heilsugæzlukafli laganna verði tekinn upp í frv.

Brtt. við 8. gr. flyt ég ekki við þessa umr., þar sem ég vil fyrst fá úr því skorið, hvort heilsugæzlukaflinn verður samþykktur. En ef sjúkrasamlögin starfa áfram, mun ég leggja til, að þeim verði fengin í hendur umboð fyrir Tryggingastofnunina, eins og þau hafa haft hingað til. Þetta er mikils virði fyrir þau, og tel ég alveg fráleitt, að það sé lögfest, að sýslumenn og bæjarfógetar skuli hafa þetta umboð. Það er í meira lagi óhyggilegt að lögfesta slíkan rétt fyrir viðsemjanda Tryggingastofnunarinnar.

Enn fremur mun ég leggja til, að samlögin felli úrskurð um bætur og bótagreiðslur. Nú er það svo, að mjög er kvartað undan því, að fólk úti á landi standi miklu verr að vígi en fólk í Reykjavík vegna þess, hve erfitt er fyrir það að sækja mál sín hjá Tryggingastofnuninni í Reykjavík.

Þá legg ég til, að ellilífeyrir og örorkulífeyrir hækki í samræmi við það, sem ég hef áður sagt, og verði hinn sami alls staðar á landinu. Frá fjölmörgum samtökum hafa komið áskoranir um að ganga lengra í þessu efni en ég legg til. Ég tel vonlítið, að það fáist, en vil freista þess að fá Alþ. til að fallast á þessa hækkun. Þetta er um 13% hækkun frá því, sem nú er í frv.

Í öðru lagi legg ég til, að heimilt sé að greiða eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að óskertum lífeyri, þegar um er að ræða sérstakar kringumstæður, í stað 60%, eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að þessi heimild sé ekki þrengri, og munu flestir vera sammála um það, sem nokkuð hafa fengizt við framkvæmd þessara mála.

Í þriðja lagi legg ég til, að fjölskyldubætur verði greiddar með öðru barni, eins og samið var um við verkalýðssamtökin 1952. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um það, að sjálfsagt sé að standa við þá skuldbindingu. En auk þess legg ég til, að börn ógiftra mæðra skuli fá fjölskyldubætur sem önnur börn, sömuleiðis þau börn í fjölskyldu, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar. Það hafa komið kröfur um þetta frá kvennasamtökunum, og í erindi frá Mæðrafélaginu til Alþingis segir svo um þetta efni:

„Sagt er, að barnalífeyrir og fjölskyldubætur fari ekki saman. Fullnægjandi rök fyrir þessu hafa ekki verið færð. Barnalífeyrir eða meðlagsgreiðsla barnsföður er endurkræf og á í sjálfu sér ekkert skylt við bótakerfi tryggginganna, því að þær annast aðeins milligöngu.“

Ég held, að það verði erfitt að mótmæla þessum rökum.

Auk þess flyt ég brtt. við 17. gr., að barnalífeyrir hækki nokkuð og verði hinn sami alls staðar á landinu. Þetta er annars til samræmis við till. mína um hækkun á elli- og örorkulífeyri. — Sömuleiðis legg ég til, að tvöfaldur barnalífeyrir verði greiddur vegna munaðarlausra barna, og mér virðist allt annað vera rökleysa.

Þá legg ég til, að skerðingarmark barnalífeyr-

isins verði miðað við það, að lífeyrir og aðrar tekjur nái almennu verkamannakaupi, miðað við dagvinnu. Kaupgjald er nú svipað í almennri vinnu um land allt og því eðlilegt, að miðað sé við Reykjavík. Þessi krafa hefur einnig komið frá kvennasamtökunum og er rökstudd þannig í þessu erindi Mæðrafélagsins, sem ég gat um áðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er álit okkar, að ef haldið er skerðingu á lágmarkslífeyri, eins og á sér stað um fyrrgreinda aðila, beri að hækka markið verulega, og skerðingar á barnsmeðlagi nefndra mæðra teljum við mjög óréttlátar. Það getur þó varla verið stór tekjulind að hafa föðurmeðlagið með barni sínu óáreitt af því opinbera. Við teljum þetta í fyllsta máta varhugaverða tekjuöflun fyrir það opinbera, og sama máli gegnir um öryrkja.“

Þá kem ég að stærstu till., þeirri að taka heilsugæzlukaflann upp í frv. Ég hef áður rætt um það mál, hversu ósæmilegt undanhald það er í tryggingamálum þjóðarinnar að falla frá honum, gefast beinlínis upp við það, sem talið var stærsta og merkasta nýmælið í lögunum 1946. Tillaga þess efnis hefur að vísu verið felld af stjórnarflokkunum í Nd., en hér í þessari hv. d. hefur einn þm. Sjálfstfl., hv. þm. Barð., haldið langa ræðu og ágæta um það, hversu fráleitt það er að hverfa inn á slíka undanhaldsbraut nú, og hefur hinum sterku rökum hans um þetta efni ekki verið mótmælt. Aftur á móti var þessi ræða hans birt á áberandi stað í flokksblaði hans sem mikilvægt framlag án allra athugasemda. Það mætti því heita furðulegur tviskinnungur, ef flokksbræður hans snerust öndverðir gegn honum hér í deildinni, enda þótt afstaða þeirra í n. boði ekki gott. Ég taldi því alveg sjálfsagt að bera fram þessa till. í þeirri von, að hún ætti fylgi að fagna, og meira að segja ættu vonir að standa til, að meiri hluti væri fyrir henni í deildinni.

Því hefur verið haldið fram, að skilyrði fyrir framkvæmd heilsugæzlukaflans séu ekki fyrir hendi. Það er hart að þurfa að játa það, eftir að heill áratugur er liðinn síðan heilsugæzlukaflinn var tekinn í lög, enda þótt framkvæmd hans væri þá frestað. Þó er nú í því efni stiginn einn stærsti áfanginn, þar sem er heilsugæzlustöðin í Reykjavík. Og nú þegar eru til nokkur ný sjúkrahús, sem eiga að geta tekið að sér það hlutverk, sem heilsugæzlustöðvum og lækningastöðvum eru ætluð í þessum kafla, eins og landlæknir mun hafa bent á. En hér er um að ræða miklu meira en að játað sé, að skilyrði fyrir framkvæmd heilsugæzlukaflans séu ekki að fullu fyrir hendi. Hér er lagt til, að horfið verði frá þessari stórmerku löggjöf fyrir fullt og allt. Það er hið mikla undanhald. Mín till. er sú, að heilsugæzlukaflinn verði lögfestur og þegar í stað verði hafizt handa um þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru til þess, að hann geti komið til fullra framkvæmda, eins og hann er hugsaður. Ef þessi till. mín yrði samþ., væri líka hægt að setja bráðabirgðaákvæði, sem kveður á um það, hvaða háttur skuli á hafður, þar til heilsugæzlukaflinn kæmi til fullra framkvæmda, ef menn telja, að svo mikið skorti á skilyrðin til framkvæmda hans, að það sé nauðsynlegt.

Þá flyt ég till. um, að greiðsla fyrir læknishjálp utan sjúkrahúsa falli niður. Annar hv. þingmaður, hv. þm. Barð., flytur einnig sams konar till. Þetta er varatill., ef till. um heilsugæzlukaflann nær ekki samþykki.

Mér virðist, að frekar eigi að stefna að því að endurbæta sjúkratryggingarnar en að draga úr réttindunum, eins og gert er í þessu frv. Hér er aðeins lagt til, að ekki verði stigið skref aftur á bak í þessu efni. Það hefur verið sagt, að þetta gæti sparað sjúkrasamlögunum fé, sem hægt væri að nota til annars, en eftir undirtektum læknanna, sem mér er nokkuð kunnugt um, tel ég mjög vafasamt, að þetta hafi nokkur áhrif á það, að hægt verði að komast að betri samningum við þá, svo að ég er hræddur um, að þetta verði eingöngu til tjóns fyrir hina tryggðu, án þess að það hafi nokkur áhrif á samningana við læknana og þá ekki heldur á iðgjöld sjúkrasamlaganna.

Þá legg ég til, og það er líka varatillaga, að ríkissjóður og sveitarsjóðir skuli hvor um sig greiða jafnháa upphæð og persónuiðgjöldin nema til sjúkrasamlaganna. Ég tel, að hin almenna tryggingaskylda sé nú beinlínis í hættu vegna þess, hve iðgjöld sjúkrasamlaganna eru há. Þess vegna er nauðsynlegt, að miklu meiri styrkur af hálfu hins opinbera komi til. Þess er líka að gæta, að iðgjöldin hafa áhrif á vísitöluna, þannig að ríkið mundi fá talsvert aftur af þessu fé í lækkuðum útgjöldum. Ef þessi till. mín yrði samþ., ættu iðgjöld samlaganna að geta lækkað um að allt að helming.

Loks legg ég til, að fjölskyldubætur og barnalífeyrir megi fara saman. Nú fá allir fjölskyldubætur án tillits til tekna, ríkir sem fátækir. Þeir einu, sem eru útilokaðir, eru þeir, sem njóta barnalífeyris með börnum sínum, þ. e. a. s. oftast nær allra fátækasta fólkið og þeir, sem erfiðast eiga. Slíkt tel ég svo fráleitt, að það verði varla lengur staðið á móti því, að þetta verði lagfært. En því betra, því fyrr sem það er gert. Ég vona því, að hv. deildarmenn sjái sóma sinn í að samþykkja þessa till. mína.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég skal reyna að vera ekki langorður og tefja þetta mál ekki meir en nauðsyn krefur, en tel þó rétt að segja hér fáein orð í sambandi við þær brtt., sem nú hefur verið talað fyrir.

Brtt. hv. 2. landsk. þm. (BrB) og hv. 6. landsk. (FRV) á þskj. 436 má í rauninni skipta í tvo flokka. Annars vegar er till. um að taka upp heilsugæzlukaflann úr lögunum, taka hann inn í frv.

Eins og ég gat um í minni framsöguræðu, var niðurfelling þessa kafla úr l. gerð í samráði við bæði sveitarstjórnir eða meiri hluta sveitarstjórna víðs vegar um land og læknana eða félög þeirra. Tryggingalögin hafa nú staðið í 10 ár. Það er komin nokkur reynsla á skipun þessara mála, og þeir, sem þar standa næst, þ. e. læknarnir og sveitarfélögin sem fulltrúar fólksins í landinu, hafa þessar till. fram að leggja. Eftir þeim hefur mþn. farið og lagt til þessa breytingu.

Það má að sjálfsögðu rökræða þessi mál aftur

á bak og áfram lengi. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í slíkar umr. hér að þessu sinni, en bendi aðeins á þetta.

Hinn þátturinn í brtt. þessara hv. þm., fyrri tillögurnar fimm, gengur í þá átt að hækka bæturnar, auka réttindin. Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið, að menn hefðu gert sér miklar vonir um þetta frv. og um endurskoðun laganna yfirleitt, og mér skildist, að þær vonir hefðu allar verið í þá átt að væntа mikilla hækkana á réttindum, mikilla hækkana á bótum og jafnframt lækkana á þátttöku hinna tryggðu í kostnaði við tryggingarnar.

Þetta er sú saga, sem er ákaflega venjulegt að heyra hér á þingi frá flokksbræðrum þessa hv. þm. Það er svo enginn vandi að finna botninn í þetta, hækkanirnar eiga að verða, þær eiga ekki að greiðast af þeim tryggðu, heldur af ríkissjóði.

Nú mætti að sjálfsögðu eftir þessu að dæma gera ráð fyrir því, ef menn hefðu ekki neina aðra reynslu, að hv. flm. þessara brtt. yrðu manna fúsastir til að standa að tekjuöflun ríkissjóðs til að mæta þessum auknu útgjöldum. En reynslan hefur ekki verið sú undanfarið, að þeir væru tilkippilegir í þeim efnum, og er hætt við, að það yrði eitthvað svipað, þegar afla skyldi tekna vegna þess arna. Þessar till. og fagurt tal um þessa hluti verður því ekki þýðingarmikið, ef það er skoðað í ljósi þessarar reynslu.

Hitt er auðvitað, eins og ég gat um í framsöguræðu, ákaflega umdeilanlegt atriði, hvað á að fara langt í þessum efnum, og mér dettur ekki í hug að slá því föstu, að það, sem hér liggur fyrir í frv.-formi, hitti alveg nákvæmlega á réttu leiðina. Um þetta má alltaf deila, en þó hygg ég, að þar sé nokkuð í hóf stillt.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HG). Þó vil ég aðeins víkja að einu atriði eða svo í því sambandi.

Í 10. till. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 582 er lagt til að fella niður síðasta málsl. 1. málsgr. í 84. gr. frv. Það er um greiðslur lífeyrissjóða á sjúkrasamlagsiðgjöldum meðlima sinna. Hv. þm. dregur í efa, að ákvæði frv. standist lögfræðilega, og telur, að til þess að ná því, sem þarna er keppt að, þurfi að breyta lögum lífeyrissjóðanna.

Ég er ekki bær að dæma um þetta lögfræðilega atriði, en bendi á það, að mþn. eða meiri hl. hennar hefur talið, að þetta stæðist, og ég tel þess vegna rétt að samþykkja þetta ákvæði. Það verður þá að sýna sig, hvort breyta þurfi fleiri lögum til þess að ná þessu marki. Ég álít, að það verði þá að gera það, ef til kæmi, því að ég tel alveg sjálfsagt, að lífeyrissjóðirnir greiði sjúkrasamlagsiðgjöld sinna manna á sama hátt og tryggingarnar greiða fyrir sína lífeyrisþega.

Hv. þm. Barð. (GíslJ) vildi ekki á það fallast, sem ég vék að í framsöguræðu, að frv. tryggði betur en áður fjárhagsgrundvöll tryggginganna. Hv. 4. þm. Reykv. upplýsti áðan, að öll mþn. hefði verið sammála um, að óhætt væri að fella niður ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum stofnunarinnar, en sú ábyrgð hefur verið í lögum til þessa. Mþn. var sammála um, að óhætt væri að fella þessa ábyrgð niður, þar sem hlutfallsskiptingin samkvæmt frv. veitti fullnægjandi öryggi, eða a. m. k. það öryggi, sem yfirleitt er hægt að veita með löggjöf. Ég vil ekki fara í pex um þetta atriði og mun ekki leiða fleiri vitni í þessu máli, enda ætti þetta að nægja.

Ég vil þá aðeins fara nokkrum orðum um einstakar brtt. hv. þm. Barð., sem fluttar eru á þskj. 576.

1. till. er við 3. gr. og er um yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar. Ég hjó eftir því, að hv. þm. sagði í ræðu sinni um þetta atriði, að tryggingaráð væri hálýðræðisleg stofnun eða kosið á hálýðræðislegan hátt og m. a. þess vegna væri heppilegra, að það réði forstjórann, heldur en að ráðh. skipaði hann. Mér kemur það dálítið kynduglega fyrir sjónir, ef hv. þm. vill með þessu gefa í skyn, að ráðh. sé ekki til embættis kominn á lýðræðislegan hátt hverju sinni í þessu landi. Ég er þeirrar skoðunar, að hér á landi sé skipting löggjafarvalds og framkvæmdavalds yfirleitt ekki nógu glögg, og till. hv. þm. um það, að tryggingaráð skipi forstjóra stofnunarinnar, bætir áreiðanlega síður en svo úr þessu. Tryggingaráð á samkvæmt lögunum og samkvæmt eðli málsins að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar í stórum dráttum, en ég álít, að hlutverk þess eigi ekki að vera að fylgjast með daglegum störfum, enda mun það ekki hafa starfað þannig.

Ég tel ákaflega eðlilegt og sjálfsagt, að forstjóri Tryggingastofnunarinnar sé skipaður af ráðh., líkt og forstöðumenn annarra ríkisstofnana yfirleitt, og að hann beri persónulega ábyrgð gagnvart ráðherra.

Það var minnzt á banka í þessu sambandi og Tryggingastofnuninni líkt við bankana að því leyti, að hún hefur mikil fjárráð og veitir lán. Þetta er satt, Tryggingastofnunin hefur mikil fjárráð. En það má ekki gleyma því, að höfuðviðfangsefni Tryggingastofnunarinnar er ekki bankastarfsemi, heldur alveg óskyld efni, og það er þess vegna ekki hægt að bera hana saman við banka að því leyti. Það eru ýmsar aðrar stofnanir í landinu, sem hafa mikil fjárráð og veita stór lán, m. a. aðrar tryggingastofnanir, sem að verulegu leyti eru opinberar stofnanir, eins og t. d. Brunabótafélag Íslands og Samábyrgð fiskiskipa. Forstöðumenn þeirra eru skipaðir af ríkisstjórn eða viðkomandi ráðherrum, og hefur ekki verið að fundið. Ég hlýt því að leggja til, að þessi till. verði felld.

2. till. hv. þm. varðar umboðsmenn Tryggingastofnunarinnar utan Reykjavíkur. Það var eðlilegt, þegar lögin um almannatryggingar voru sett í upphafi, að ýmis ákvæði þar bæru þess vott, að þetta var fyrsta smíð, og að menn leituðu fyrir sér um heppilegasta fyrirkomulag. Þess vegna var eðlilegt, að þá væri þetta um umboðsmenn utan Reykjavíkur ekki alveg fastákveðið. Það mun hafa verið þannig undanfarin ár, að það er ýmist, að sýslumenn og fógetar hafa haft þessi umboðsstörf með höndum, eða sjúkrasamlögin á stöku stöðum, og það var vitanlega samið við þessa aðila um umboðslaun og annað þetta varðandi. Nú, þegar mþn. tekur þetta mál til athugunar, virðist það liggja fyrir, að umboðsstörf sýslumanna og fógeta hafi gefizt

ágætlega yfirleitt og fullt svo vel og sjúkrasamlaganna. Þess vegna taldi mþn. eðlilegt að lögbjóða þessa aðila sem umboðsmenn stofnunarinnar. Ég get ekki séð, að það að lögbinda þessa aðila í málið hafi veruleg áhrif á umboðslaun eða samninga Tryggingastofnunarinnar við þá. Það er gert ráð fyrir í frv., að þóknun fyrir þessi störf verði ákveðin í reglugerð og að þátttaka Tryggingastofnunarinnar í embættiskostnaði vegna þessara starfa að öðru leyti sé einnig undir úrskurði ráðh. komin. Hv. þm. Barð. taldi það alveg óverjandi að ákveða það með löggjöf, að ákveðin stétt manna fari með tiltekin umboð. En ég verð að segja, að ég sé ekkert við það að athuga og allra sízt þegar í hlut eiga opinberir starfsmenn, sem vissulega hafa sitt starfssvið ákveðið í lögum.

Þá er 3. brtt. hv. þm., sem vissulega er veigamikil, þótt það fari ekki mikið fyrir henni á pappírnum, þ. e. till. um það, að Tryggingastofnunin skuli krefja ríkissjóð beint um barnsmeðlög, er hún hefur svarað út. Ég verð að segja, að ef ætti að taka þann sið upp, þá get ég ekki séð, að það sé réttlætanlegt að fela Tryggingastofnuninni nokkur störf í þessu sambandi. Það virðist þá liggja í hlutarins eðli, ef Tryggingastofnunin á ekkert að gera nema annast útborgun, að hún falli alveg út úr þessu máli og að umboðsmenn ríkisins, sýslumenn og þeirra lið, annist þessar útborganir. En ég get ekki fallizt á, að þetta sé heppilegt. Það er í rauninni svo, að hér er ekki um tryggingamál að ræða í eðli sínu, heldur framfærslumál, og ég hygg, að það hefði í rauninni aldrei átt að flytja þessar greiðslur yfir til Tryggingastofnunarinnar. En eigi hún að annast þetta áfram, eins og var samþ. inn í frv. með yfirgnæfandi meiri hl. í Nd., þá tel ég, að það eigi að skipa þeim málum á þann hátt, sem við hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. S-Þ. leggjum til í brtt. okkar, en að þeirri till. hef ég áður vikið.

Það hefur til þessa þótt hagfellt að hafa framfærslumálin í höndum sveitarfélaganna víðs vegar um land og fela þau ekki ríkisvaldinu, og vitanlega hníga að því ýmis rök, sem ástæðulaust er að fara að telja upp hér, enda öllum hv. þm. vafalaust ljós. Og ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki sérstök ástæða til þess að taka þennan þátt framfærslumála svo mjög yfir á ríkið eins og hér er lagt til í till. hv. þm. Barð. Ég tel, að það bresti alveg rök fyrir því.

Þá er 4. till., við 24. gr. frv., um þátttöku sveitarsjóða í þeirri hækkun lífeyris, sem heimil er vegna lasleika og sérstakrar umönnunar. Hv. þm. sagði, að þátttaka sveitarsjóðs í þessu máli mundi draga úr löngun Tryggingastofnunarinnar til að koma málum öryrkja í viðunandi horf. Mér finnst nú sú röksemd anzi langt sótt. En hann sem sagt leggur til, að Tryggingastofnunin greiði þessa hækkun að fullu, og bendir m. a. á, að fyrr en það sé gert, fullnægi tryggingin ekki þörfum þessa fólks. Það er vitanlega alveg rétt út af fyrir sig. En það er ekkert sérstakt um þetta atriði. Því miður hefur ekki enn þá talizt fært að útfæra svo tryggingakerfið, að það fullnægði algerlega þörfum manna, svo að önnur aðstoð þurfi ekki að koma til. En það er til þess ætlazt og að því stefnt með þátttöku sveitarsjóðs í þessum kostnaði og frumkvæði sveitarsjóðs um hækkun lífeyris í þessum tilfellum, að þeir kunnugustu dæmi um málið í hverju tilfelli, þ. e. sveitarstjórnirnar, aðilar heima á stöðunum, og þá einnig hinu, að heimildin verði síður misnotuð.

Hv. 4. þm. Reykv. vill hækka hlut sveitarsjóða í helming í stað ⅝, sem er í frv., en hv. þm. Barð. hins vegar fella þátttöku sveitarsjóðanna niður. Ég held nú, að mjög sé í hóf stillt þessum greiðslum, eins og þær eru í frv., og vil leggja til, að ákvæði þess verði látin standa óbreytt um þetta efni. Þau ákvæði, ef að lögum verða, koma áreiðanlega til með að létta verulega undir með sveitarsjóðunum, þótt þau verði ekki færð þeim meir í hag en þar er.

Þá vil ég aðeins minnast á aukagjaldið til læknanna. Það er lagt til í till. hv. þm. Barð. að fella það alveg niður. Hann lét í það skína, þegar hann talaði fyrir þessum till., að þetta gjald rynni til tekjuhæstu manna í landinu og yrði til þess að auka þeirra laun. En vitanlega er ráð fyrir því gert að taka tillit til þessa gjalds í samningum við læknana.

Hv. 4. þm. Reykv. leggur til, að endurgreiddur verði að nokkrum hluta þessi kostnaður, þegar hann fer yfir visst mark hjá einstaklingi. Ég held, að sú endurgreiðsla yrði miklum erfiðleikum bundin á margan hátt, og ég treysti mér ekki til að mæla með henni. Það er vitað mál, að þetta ákvæði er tekið inn í frv. vegna þess, að margir læknar telja, að menn hafi misnotað þá aðstöðu sína að eiga rétt til læknishjálpar alveg endurgjaldslaust, þannig að menn hafi verið tíðari gestir á biðstofum læknanna en eðlilegt geti talizt og íþyngt þeim langt fram yfir þarfir. Ég er því miður hræddur um, að í þessu sé allt of mikið satt.

Ég tel, að þetta ákvæði um sérstaka greiðslu til lækna af hálfu samlagsmanna sé hliðstætt því, sem nú viðgengst um lyfjagreiðslur og hefur þótt alveg óhjákvæmilegt að hafa í löggjöf um þetta efni. Og meira að segja varð sú raun á nú fyrir stuttu, að það var talið alveg óhjákvæmilegt að hækka þátttöku hinna tryggðu í lyfjakostnaðinum. Það er erfitt að gera sér alveg nákvæma grein fyrir því, en mér finnst allar líkur benda til, að þátttaka manna í læknisvitjanakostnaði með þessu móti verði minni en verið hefur í lyfjakostnaðinum. Þarna kostar eitt viðtal á stofu 5 kr. og í heimahúsum 10, en það er vitanlegt, að einstök lyfjakaup fara stundum upp á marga tugi króna, svo að ég get ekki séð, að þetta ákvæði sé svo mjög skelfilegt sem hv. þm. Barð. vill vera láta. Hitt verður náttúrlega að viðurkenna, að það er ekki skemmtilegt að þurfa að grípa til þess arna. Þarna er verið að taka af mönnum rétt, sem þeir hafa haft. Ég álít, að það verði bara að viðurkenna reynsluna í þessum efnum.

Um till. sama hv. þm. varðandi gerðardóm um mál læknanna vil ég láta nægja að vísa til ræðu hv. 4. þm. Reykv. Hann gerði grein fyrir sinni afstöðu í því máli, og ég get alveg tekið undir það.

Sama er raunar að segja um 7. till., við 64. gr.,

að niður falli bætur til manna, sem flytjast úr landi. Það munu vera hliðstæð ákvæði í sambærilegri tryggingalöggjöf nálægra þjóða, og mér finnst það í alla staði eðlilegt, að við fylgjum þeirri sömu venju.

Ég mun þá ekki ræða frekar einstök atriði að sinni. Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að hv. þm. skýri þetta mál hver frá sínu sjónarmiði, en ég fæ ekki séð, að kappræður um málið á þessu stigi hafi neina verulega þýðingu fyrir framgang þess.

Brynjólfur Bjarnason: Hv. frsm. afsakaði niðurfellingu heilsugæzlukaflans með því, að sveitarstjórnir og læknar hefðu yfirleitt lagt til, að hann yrði felldur niður. Ég held nú, að sveitarstjórnir séu ekki réttir fulltrúar fyrir skoðanir almennings í þessu efni og því síður læknar. Sjónarmið sveitarstjórnanna er oftast nær þöngt fjárhagssjónarmið, og hvað læknana snertir, þá hygg ég, að þar komi líka þröngt stéttarsjónarmið til greina, enda veit ég, að margir þeir læknar, sem láta sig almenn umbótamál mestu skipta, hafa barizt fyrir þessu fyrirkomulagi árum saman og fært mjög þung rök fyrir kostum þess, sem ekki hefur verið mótmælt. Ég fer ekki nánar út í það í þetta skipti, en það væri efni í heila bók.

Undanhaldið, sem felst í því að fella heilsugæzlukaflann niður, er ekki hægt að réttlæta með því að skírskota til lækna og sveitarstjórna.

Þá taldi hv. þm., að ekki væri hægt að gera hvort tveggja, að gera endurbætur á tryggingunum og lækka hlut hinna tryggðu í kostnaðinum við þær. Raunar telur hann, að hvorugt sé hægt, af fjárhagsástæðum, að mér skilst. Hvað fjáröflunina snertir hef ég oft lýst því yfir, að ég mundi frekar kjósa hverja aðra leið til tekjuöflunar en nefskatta, eins og tryggingagjöldin og sjúkrasamlagsiðgjöldin eru, því að þeir eru ranglátastir af öllum sköttum.

Ekki hafði það nein áhrif á hv. þm., að í samanburðinum við nágrannaþjóðirnar greiða hinir tryggðu langsamlega hæst gjöld hér á landi. Hér greiða þeir þriðjung, en í Danmörku aðeins örlítið brot. Þetta er alls ekki spurning um fjárhagsgetu, heldur um hitt, hvernig sköttunum er jafnað niður á þegnana. Hér er fyrirkomulagið ólýðræðislegast og óréttlátast af öllum Norðurlöndum, svo að þar þolir Ísland engan samanburð. Ég legg aðeins til, að þetta óréttlæti verði að litlu leyti leiðrétt. En eins og nú standa sakir, þarf enga nýja tekjustofna til þess að framkvæma till. mínar. Ég hygg, að það sé alveg óhætt að fullyrða, að tekjuafgangur ríkisins verði á þessu fjárhagsári ekki minni en eitthvað á milli 50 og 100 millj. kr., svo að nú er tækifærið til þess að gera þessar endurbætur á lögunum.

Hv. þm. fór ekki inn á nein einstök atriði í till. mínum. Hann minntist þó aðeins á tvö atriði, sem eru sameiginleg með mínum till. og till. annars þm., hv. þm. Barð. Það er í fyrsta lagi um umboð tryggínganna. Ég held, að það sé með engum rétti hægt að halda því fram, að það sé ekki með öllu fráleitt, að ákveðið sé í lögum, að þeir, sem Tryggingastofnunin á að semja við, skuli fá það lögfest, að þeir skuli hafa starfið með höndum, því að það fara fram samningar milli Tryggingastofnunarinnar og þessara aðila. Og ef það er lögfest, að þeir eigi að hafa starfið með höndum, þá stappar nærri, að þeim sé selt sjálfdæmi. Það skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli, hvort staðfesting ráðh. kemur til eða ekki, því að það er fyrst og fremst formsatriði. Hér er um samninga milli aðila að ræða.

Hvað snertir þátttöku hinna tryggðu í greiðslum til læknanna, þá held ég, að það sé alveg óhætt að fullyrða í fyrsta lagi, að í samningum við læknana verður ekki tekið nema mjög lítið tillit til þessa ákvæðis. Þeir telja það mjög lítils virði. Mér er vel kunnugt um það. Það er langt síðan þetta frv. kom fram, og það hafa farið fram samningar og umræður við læknana síðan, og í þeim umr. kom það fram, að þeir mátu þetta mjög lítils, þannig að ég efast stórlega um, að það hafi hin minnstu áhrif á samningana við læknana. Fjárhagsatriði fyrir tryggingarnar er þetta því ekki. En hv. þm. minntist á önnur rök, sem eru miklu frambærilegri, nefnilega að þetta mundi draga eitthvað úr aðsókn til læknanna. Það er náttúrlega ágætt, ef hægt er að finna ráð til þess að draga úr óþarfaaðsókn til læknanna, jafnmikið og þeir hafa nú að gera, sem raunar stafar mest af því, hversu læknaþjónustan er illa skipulögð. Og ein af stærstu rökunum fyrir nauðsyn þess að samþykkja heilsugæzlukaflann er einmitt það, hvílík nauðsyn það er að breyta um skipulag þessarar þjónustu. En ég tel með öllu fráleitt að ætla að leiðrétta þetta með því að gera tryggingarnar lakari, með því að draga úr hlunnindum trygginganna fyrir alla, láta allan almenning gjalda þeirrar misnotkunar, sem kann að vera hjá einstöku mönnum að því er snertir að ónáða læknana að óþörfu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 97. og 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 576,1 felld með 10:7 atkv.

3.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 576,2 felld með 9:8 atkv.

8.—9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 436,1 felld með 12:3 atkv.
— 582,1 felld með 11:5 atkv.

13.—14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 436,2 felld með 11:3 atkv.

15. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 436,3 felld með 12:2 atkv.
— 582,2 felld með 12:5 atkv.

16. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 436,4 felld með 12:3 atkv.

17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 576,3 felld með 9:6 atkv.
— 581 (ný gr. í stað 18. gr., verður 83. gr.) samþ. með 9:5 atkv.

19.—20. gr. (verða 18.—19. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 582,3 felld með 10:7 atkv.
21. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
22. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 580,1.a samþ. með 16 shlj. atkv.
— 436,5 felld með 14:2 atkv.
— 580,1.b samþ. með 13 shlj. atkv.
23. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 576,4 felld með 10:7 atkv.
— 582,4 felld með 11:4 atkv.
24. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 582,5 felld með 13:4 atkv.
— 582,5 varatill. felld með 11:5 atkv.
25.—27. gr. (verða 24.—26. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 582,6 felld með 11:4 atkv.
28. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 580,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, og 30. gr. (verða 28.—29. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
31.—38. gr. (verða 30.—37. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 582,7.a—c felldar með 11:5 atkv.
— 580,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 582,7.d felld með 11:6 atkv.
39. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 582,8 tekin aftur.
40.—43. gr. (verða 39.—42. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
44. gr. (verður 43. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 436,6 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, FRV, GíslJ.
nei: HermJ, IngF, JJós, JK, KK, LJóh, SÓÓ, VH, AE, BSt, BBen.
GÍG, HG, PZ greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ég tel, að það sé skemmd á lögunum að fella úr þeim heilsugæzlukaflann, það sé að fara aftur á bak í tryggingalöggjöfinni, og segi því já.

45.—52. gr. (verða 44.—51. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 576,5 felld með 10:7 atkv.
— 436.6. varatill. 1 felld með 9:5 atkv.
— 582,9 felld með 11:4 atkv.
53.—54. gr. (verða 52.—53. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 576,6 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, SÓÓ, BBen, FRV, IngF, JJós, JK, GíslJ.
nei: KK, PZ, VH, AE, BSt, GÍG, HG, HermJ.
BrB greiddi ekki atkv.
55.—57. gr. (verða 54.—56. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
58. gr. (verður 57. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 436,6. varatill. 2 felld með 11:2 atkv.
59. gr. (verður 58. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 436,7 felld með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, FRV.
nei: KK, LJóh, PZ, SÓÓ, VH, AE, BSt, BBen, GÍG, HG, HermJ, IngF, JJós, JK, GíslJ.
60.—63. gr. (verða 59.—62. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 576,7 samþ. með 9:7 atkv.
64. gr. (verður 63. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
65.—72. gr. (verða 64.—71. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
73.—80. gr. (verða 72.—79. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
81.—82. gr. (verða 80.—81. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
83. gr. (verður 82. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 580,4 (ný gr., verður 84. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 582,10 felld með 12:3 atkv.
84.—89. gr. (verða 85.—90. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 576,8 samþ. með 9:8 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 619, 620).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 620 felld með 9:4 atkv.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 97. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 98. og 99. fundi í Nd., 27. og 28. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 100. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 672).

---

40. Almannatryggingar (frv. heilbr.- og félmn. Nd.).

Á 32. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1954, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau [122. mál] (þmfrv., A. 193).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, liggur fyrir þessu þingi frv. til breytinga á gildandi lögum um almanna-

tryggingar. Þetta frv. er til athugunar í heilbr.- og félmn. neðri deildar, og hefur n. ekki tekizt að skila áliti um málið. Nú er komið svo nærri jólahátíðinni, að sýnt þykir, að það stóra frv. verði ekki lögfest, áður en jólafri er gefið. En svo er háttað um löggjöfina um almannatryggingar, að allmörg ákvæði þeirra laga eru bundin við áramót, þannig að sum ákvæði löggjafarinnar, sem eru allveigamikil, mundu falla úr gildi um n. k. áramót, ef ekkert væri að gert til þess að framlengja þau.

Það frv., sem hér er fram borið af heilbr.- og félmn. og nefndin flytur að beiðni félmrh., er um það, að þau ákvæði almannatryggingalaganna, sem bundin eru við áramót, skuli framlengjast þar til önnur og meiri breyting kann að verða gerð á lögunum síðar á þessu þingi. Um þetta fjallar 3. töluliður 1. gr. frumvarpsins.

Það hefur ætíð verið venja að láta greiðslu ellilífeyris og örorkulífeyris haldast í sömu hlutföllum og launagreiðslur til embættismanna, þannig að þegar ákveðið hefur verið af þinginu með lagabreytingum eða þáltill. að greiða uppbætur á laun embættismanna, hafa hliðstæðar uppbætur verið greiddar á ellilífeyri og örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. 1. töluliður 1. gr. þessa frv. fjallar um það, að þeirri sömu reglu skuli fylgt nú á næsta ári og venja hefur verið að undanförnu að þessu leyti.

Í lögum um sjúkrasamlög er sett ákveðið hámark þess, hvað ríkissjóður greiði hátt framlag á móti iðgjöldum hinna sjúkratryggðu. Nú þykir það sýnt, að kostnaður sjúkrasamlaganna fari vaxandi af ýmsum ástæðum, m. a. vegna hækkandi daggjalda á sjúkrahúsum, og þykir því óhjákvæmilegt að hækka nokkuð það hámark, sem ríkissjóður greiðir á móti iðgjöldum hinna sjúkratryggðu. Í 2. tölulið 1. gr. frv. er svo kveðið á, að grunnupphæð hámarksframlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs skuli vera 90 kr. á ári í stað þess — að ég ætla — að þetta hámark er nú 78 kr.

Af þessu leiðir óhjákvæmilega dálitla útgjaldaaukningu fyrir Tryggingastofnun ríkisins, og er gerð grein fyrir því í grg. þessa frv., hvernig sú útgjaldaupphæð er áætluð, og sé ég ekki þörf á að fara að lesa það upp, þar sem þetta liggur fyrir öllum hv. þingmönnum. — Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að eftir að þessari umr. er lokið, verði frv. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er raunverulega ekki gott að ætla að taka sérstaka afstöðu um mál eins og þetta. Það, að þetta mál skuli vera fram komið á þann hátt, sem það er fram komið, er auðsjáanlega af því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki lengur neitt vald á gangi málanna í þinginu, frekar en hún hefur vald á gangi málanna með þjóðinni. Það, að það skuli hafa verið lagt fyrir stjfrv. um þessi mál í upphafi þings, þingið vera búið að sitja nú á þriðja mánuð og það stjfrv. skuli enn ekki vera afgreitt og svo skuli verða að afgreiða svona eins konar bráðabirgðalög á síðustu dögunum fyrir jól, það sýnir, að hæstv. ríkisstj. er að missa öll tök á því að stjórna landinu. Það á kannske eftir að koma betur í ljós á öðrum sviðum. En eitt finnst mér þó a. m. k., að hv. stjórnarsinnar ættu að geta gert svona undir það síðasta, jafnvel þótt þeirra stjórn kunni að vera í pólitískum andarslitrum, og það er að sitja þannig hér í þingsalnum, að þeir komi tekjumálum stjórnarinnar í gegn, svo að stjórnarandstaðan þurfi ekki að hjálpa stjórninni til þess að tóra þessa dagana, sem eftir eru, með því að greiða atkvæði á móti þeim.

Forseti (SB): Ég vil nú biðja hv. þm. að halda kyrru fyrir í þingsalnum, meðan atkvgr. fara fram um þessi mál. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. segir. Það er hart, þegar verið er að halda fundi um mál hæstv. ríkisstj., að hæstv. ráðherrar haldist ekki einu sinni við í sætum sínum, sitji jafnvel á fundum í hliðarherbergjum. Ég sé mér ekki fært annað en að kvarta undan því, að bæði hæstv. ráðherrar og hv. þm. ríkisstj. skuli ekki sýna meiri áhuga fyrir framgangi sinna eigin mála en svo, að forseti sé í vandræðum með að ljúka atkvgr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í fyrsta lagi vil ég segja, að mér þykir einkennilegt hjá hv. 2. þm. Reykv., ef hann telur sig gera það fyrir ríkisstj. að greiða atkvæði á móti söluskattinum. Það er alveg nýr skilningur á því máli hjá honum. Það er æskilegt að fá það bókað í þingtíðindin, að þetta sé þannig. Hann sagði, að það yrðu að vera hér björgunarsveitir til að greiða atkvæði á móti málum ríkisstj., þar með söluskattinum. — Hæstv. forseta vil ég segja, að ef hann vill ávíta einhvern, þá ætti hann að snúa sér til þeirra, sem eru fjarverandi og vanrækja skyldur sínar, en ekki til þeirra, sem viðstaddir eru, og gleyma ekki að áminna þá seku, næst þegar þeir koma í deildina.

Forseti (SB): Ég vil af þessu tilefni frá hæstv. fjmrh. aðeins geta þess, að ég nefndi engin nöfn. Þeir geta tekið til sín, sem eiga, þau áminningarorð, sem ég hef mælt hér, og ég held fast við þau.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það, sem ég sagði, sagði ég vegna þess, að ég sá ekki betur en hæstv. forseti talaði ávítunarorð sín ofan í höfuð mér og hæstv. viðskmrh., Ingólfi Jónssyni. Það var þess vegna, sem ég sagði þetta. Mér sýndist hann beina máli sínu alveg að okkur og tala þetta ofan í okkar höfuð, eins og ég segi.

Forseti (SB): Ég vænti, að hæstv. fjmrh. geti borið þeim, sem fjarstaddir eru, skilaboð út af þeim ummælum, sem hér hafa verið mælt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 15. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 204).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. *Eins og hv. dm. er kunnugt, hefur mþn.* starfað að endurskoðun almannatryggingalaganna og lagt frv. til nýrra laga fyrir það þing, er nú situr. Því miður hefur ekki unnizt tími til að afgreiða það mál nú fyrir áramótin. Frv. það um breytingu á nefndum lögum, sem hér liggur fyrir, flutti heilbr.- og félmn. hv. Nd. að beiðni félmrh., og hefur Nd. afgreitt frv. óbreytt. Frv. felur í sér þær breytingar einar, sem óhjákvæmilegt var að gera fyrir áramótin. Þess er að vænta, að hv. dm. fallist á nauðsyn þeirra og láti þetta frv. fram ganga. Ég sé ekki ástæðu til að ræða frv. efnislega, það liggur hér fyrir á þskj. 193 með ýtarlegri greinargerð. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar hefur haft frv. til meðferðar og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 224).

---

41. Sala jarðeigna í opinberri eigu (frv. JörB).

Á 8. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Breiðumýrarholt í Árnessýslu [57. mál] (þmfrv., A. 63).

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. *Ég get látið mér nægja að vísa til þeirrar grg.*, er fylgir þessu frv., um efni þess og tilgang og nauðsyn, að málið verði samþykkt hér á þinginu. Skjöl þau eða álit, er vitnað er til, eru í mínum fórum, ef hv. nefnd vildi líta á þau, áður en hún afgreiðir það.
Ég vil leyfa mér að óska, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 148).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er að heimila ríkisstj. að selja eyðijörðina Breiðumýrarholt ábúendum í Holti í Árnessýslu, Sigurgrími Jónssyni og sonum hans, fyrir matsverð.
Landbn. hefur athugað þetta frv. og leitað um það umsagnar landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins. Báðir þessir aðilar mæla með heimildinni, landnámsstjóri þó, eins og í bréfi hans stendur, í því trausti, að unnið verði að býlafjölgun í Holti. Það er og upplýst í þessu máli, að hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, sem þarna á hlut að máli, er meðmælt sölunni.
Að þessu athuguðu leggur n. til, að frv. verði samþ., þó með þeirri viðbót, sem ég nú skal gera grein fyrir.
N. hefur borizt bréf frá landbrn. og skógrækt ríkisins, þar sem þess er óskað, að heimild verði veitt í lögum til makaskipta á hluta af landi, sem skógrækt ríkisins á í Hafnarfjarðarhrauni, og landi, sem Hafnarfjarðarbær á í svonefndum Undirhlíðum, en þessara makaskipta er óskað af hálfu skógræktarinnar og ráðuneytisins að ég hygg vegna þess, að landið í Undirhlíðum sé talið hentugra til skógræktar en það land, sem skógræktin nú á. Það hefur verið rætt við Hafnarfjarðarbæ um þetta mál, og hefur n. verið tjáð af hans hálfu, að hann sé samþykkur þessum makaskiptum. Það hefur því orðið að ráði, að n. leggi til, að flutt verði viðaukatill. við frv. það, sem hér liggur fyrir, varðandi heimild til þessara makaskipta, sem ég nú hef nefnt.
Samkvæmt því, sem ég nú hef sagt, leggur n. til, að frv. verði samþ. með lítils háttar breytingu og þeim viðauka, að heimilað verði að hafa

makaskipti á landi skógræktarinnar í Hafnarfjarðarhrauni og landi Hafnarfjarðarbæjar í Undirhlíðum.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu á þessu máli, frv. um sölu Breiðumýrarholts, og get fallizt á þá breytingu, sem hún gerir um orðalag 1. gr. frv. — 2. brtt. lýtur að öðru efni, og sjáanlegt er, að hvað áhrærir skoðun þeirra aðila, er það mál snertir fyrst og fremst, þá eru þeir sammála um, að slík breyting nái fram að ganga, þessi landaskipti, og ég hef þess vegna ekkert við það að athuga, því að mér sýnist, að það muni á engan hátt geta torveldað afgreiðslu þess máls, sem ég upphaflega flutti og óska eftir að nái fram að ganga. Ég vil vona, að hv. d. ljái því máli eindreginn stuðning.

ATKVGR.
Brtt. 148,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 148,2 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Breiðumýrarholt í Árnessýslu og um makaskipti á löndum.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 156).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 27. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 156, n. 202).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Nd., var flutt þar af hv. 1. þm. Árn. og var um heimild fyrir ríkisstj. að mega selja eyðijörðina Breiðumýrarholt ábúendum Holts í Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu, en þessi jörð, Breiðumýrarholt, hefur um nokkurt árabil verið í eyði, en verið nytjuð frá Holti af ábúanda þeirrar jarðar. Í Holti er rekið stórt bú, jörðin vel hýst og þar eru 3 uppkomnir synir bóndans, sem stunda þar búskapinn ásamt föður sínum. Við þessa aukningu á búskapnum í Holti hefur jarðnæði orðið of lítið, og hafa þeir þess vegna haft Breiðumýrarholtið til nytja ásamt sinni jörð. Þeir sóttu um að fá ábúð á þessu eyðibýli, en þar sem engin hús eru á jörðinni, hefðu þeir orðið að nytja hana frá sinni eigin jörð, en með því gátu þeir ekki fengið byggingu fyrir jörðinni. Þess vegna hafa þeir óskað eftir því að fá jörðina keypta með það fyrir augum að fjölga býlum þarna og auka búskap, annaðhvort að byggja upp á þessari jörð eða auka byggingar á sinni eigin jörð.

Þetta frv. var samþ. í hv. Nd., en frv. sjálft tók þeim breytingum þar, að bætt var við það nýrri grein, sem fjallar um makaskipti á löndum milli skógræktar ríkisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar, og er frv. þannig hingað komið til þessarar hv. deildar. Í þessum 2. lið frv., um makaskiptin á þessum löndum, er þannig að orði komizt í greininni, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái hluta af landi skógræktar ríkisins í Hafnarfjarðarhrauni, en samkv. ábendingu skógræktarstjóra átti að standa þarna í stað „Hafnarfjarðarhrauni“: landi Þorbjarnarstaða og Straums í Garðahreppi. Landið, sem þarna var talað um að skipta á, var í landi þessara jarða, en ekki í Hafnarfjarðarhrauni, eins og stendur í frv. á þskj. 156, eins og það kom hingað til þessarar hv. deildar og eins og það lá fyrir landbn. hér. Landbn. hefur tekið þessa ábendingu til greina og flytur brtt. þessu til leiðréttingar. Má segja, að hér sé um leiðréttingu, en ekki efnisbreytingu að ræða.

Þá lá fyrir landbn. þessarar hv. deildar bréf frá 3 *bændum í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu*, þar sem þeir fara fram á að fá keypta eyðijörðina Smjördalakot í sama hreppi. Þetta er eyðijörð, sem ekki hefur verið byggð nú í tugi ára, landlítil og illa sett til þess að vera sérstakt býli, vegna þess að við skiptingu á þessari torfu, sem þarna er um að ræða, voru löndin nokkuð slitin í sundur, þannig að áveitulönd þessarar jarðar er ekki áfast við það tún og beitiland, sem jörðin á. En þarna eru aðrar þrjár jarðir, sem eru í byggð, frekar landlitlar, og bændur þeir, sem þarna búa og eiga jarðirnar, fara nú fram á að fá keypta þessa eyðijörð og hafa komið sér saman um að skipta landinu upp á milli sín þannig, að tvær jarðirnar fá áveitulandið, en ein jörðin fær lítið tún, sem fylgir þessu eyðibýli, og beitiland. Lýsing á þessu fylgir í bréfi, sem þessir þrír bændur hafa skrifað landbrn., og þetta bréf er prentað sem fskj. með nál. á þskj. 202. Nefndin athugaði þetta og átti einnig tal um þetta við landnámsstjóra, og hafði hann ekkert við það að athuga, þó að þessi sala færi fram.

Nefndin leggur því til, að frv., eins og það kemur frá hv. Nd., sé samþ. með þeim breytingum, sem segir á þskj. 202. Fyrri breytingin er sú við 1. gr., að á eftir 1. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:

„Að selja eigendum og ábúendum jarðanna Smjördala, Nýjabæjar og Ljónsstaða í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu, þeim Jóni Þorkelssyni, Þorsteini Brynjólfssyni og Leó Viggó Johnsen, hverjum um sig hluta úr þjóðjörðinni Smjördala-Norðurkoti í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta hvern hluta, enda

falli ábúendur, hver um sig, frá forkaupsrétti að áveitulöndum þeim (svonefndri Hrísmýri), sem þeir hafa áður afsalað ríkissjóði til greiðslu á áveituskatti.“

Þetta er breytingin, sem við kemur þessari jörð í Sandvíkurhreppi. Og þá kemur breytingin í b-lið, sem ég gat um áðan, leiðréttingin, að í staðinn fyrir „Hafnarfjarðarhrauni“ í 2. tölul. komi: „landi Þorbjarnarstaða og Straums í Garðahreppi“.

Þá leggur nefndin til, að fyrirsögn frv. verði breytt á þann hátt, að í stað þess, sem er núna, komi: „Frv. til l. um sölu tveggja jarða í opinberri eigu og um makaskipti á löndum.“

Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta. Nefndin er á einu máli um að leggja til við hv. d., að málið verði samþ. eins og það liggur nú fyrir hér.

ATKVGR.
Brtt. 202,1.a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 202,1.b samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 202,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um sölu tveggja jarða í opinberri eigu og um makaskipti á löndum.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 220).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 39. fundi í Nd., 6. jan., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 234).

---

42. Kirkjuítök.

Á 21. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um kirkjuítök og sölu þeirra [107. mál] (þmfrv., A. 128).

Á 22. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. flytur þetta frv. um kirkjuítök og sölu þeirra eftir beiðni biskupsins og kirkjumrn.

Þegar sett voru lög um lausn ítaka af jörðum, var mörkuð sú stefna að veita heimild til þess og ýta undir það, að ítök yrðu seld, og nær það jafnt til kirkjuítaka og þeirra ítaka, sem fylgja jörðum einstaklinga. Þetta frv. er því aðeins viðauki við lögin um lausn ítaka af jörðum. Með því er kveðið nánara á um, hvernig fara skuli að í framkvæmdinni, þegar um sölu kirkjuítaka er að ræða. Í frv. segir, að um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur. Og í 3. gr. frv. er svo kveðið á, að andvirði kirkjuítaks og landssvæða, sem kirkjur eiga, skuli renna til kirkna þess prestakalls, þar sem presti ber afnotaréttur ítaksins, og skiptist fjárhæðin jafnt á milli kirknanna.

Þegar lögin um lausn ítaka af jörðum voru sett, þótti nokkrum vandkvæðum bundið að skilgreina hugtakið ítak. Það var því mjög vandað til þess frv., sem endanlega var gert að lögum um þessi efni. Í 1. gr. þessa frv. er skilgreint orðið eða hugtakið kirkjuítak, og mun n. athuga á milli umræðna, hvort fullkomið samræmi er á milli orðalags þessa frv. og laganna um lausn ítaka af jörðum, og ef henni virðist ástæða til að athuguðu máli, mun hún bera fram brtt. við þetta frv., svo að tryggt sé, að fullt samræmi verði þarna á milli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 24. og 25. fundi í Nd., 25. og 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 5. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 128, 144).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls tók ég það fram, að menntmn., sem flytur frv., mundi taka til athugunar á milli umr., hvort orðalag 1. gr. frv. væri í fullu samræmi við lögin um lausn ítaka af jörðum.

N. hefur komizt að þeirri niðurstöðu við að athuga málið, að ástæða væri til að breyta orðalagi 1. gr., og flytur n. um það brtt. á þskj. 144. Í l. um lausn ítaka af jörðum er skilgreint hugtakið „ítak“, og nær sú skilgreining jafnt til ítaka, sem kirkjur eiga, og ítaka, sem aðrir eru eigendur að.

Þess skal getið, að um þetta mál hefur verið rætt af hálfu n. við Ólaf Lárusson prófessor, og sú brtt., sem n. flytur, er borin fram í samráði við hann.

ATKVGR.
Brtt. 144 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan, áður en þetta mál fer til nefndar, segja nokkur orð um málið, sem ég vildi biðja n. að hafa í huga, þegar hún fer að ræða það.

Það er þá fyrst það, að þessi kirkjuítök eru ákaflega misjöfn og liggja mörg þannig lagað, að það er með öllu útilokað, að sú kirkja, sem á ítakið, geti notað það. Mér finnst þess vegna, að það sé beint ástæða til að láta ekki alveg sama ganga yfir öll kirkjuítök.

Það er dálítið annað, svo að ég taki nærtækt dæmi, um ítak sem heyrir undir Bergþórshvolskirkju, t. d. reka á söndunum, að lofa henni að halda því, þar sem maður þaðan getur notað það og athugað, eða láta t. d. kirkju ofan úr Fljótshlíð, sem á reka alveg við hliðina, eiga að stunda hann og nota, að ég ekki tali um, þegar er komið með reka norðan af Ströndum, sem kirkjur uppi í Borgarfirði eiga, eða reka norður á Ströndum, sem kirkjur suður í Gullbringusýslu eiga. Það er töluvert annað, hvort þessi ítök eru seld, sem bókstaflega er útilokað að viðkomandi kirkja eða kirkjubóndi geti notað sér nema láta aðra gera það í sínu umboði. Mér finnst vera dálítið vafasamt, hvort eigi að gilda sama um þessi tvenns konar ítök.

Í öðru lagi tel ég, að allir, sem óska eftir að fá ítak, sem liggur þannig við, að það sé hagkvæmara fyrir heildina, að það sé nytjað frá þeim stað, sem ítakið er næst, þeirri jörð, sem ítakið liggur undir, heldur en frá kirkjunni, sem ítakið á, eigi skilyrðislaust að fá það og það eigi ekki að þurfa að sækja eða biðja neinn um leyfi eða neitt, til þess að hann fái það, hann á bara alveg skilyrðislaust að fá það, þegar ítakið er alveg fyrir framan bæjardyrnar hjá honum. Hvers eðlis sem ítakið er, þá á sá, sem getur nýtt sér það daglega, að hafa það, en ekki kirkja, sem liggur fleiri tuga km og stundum hundraða km vegalengd í burtu. Það á að vera svo sjálfsagður hlutur, að það á hvorki að þurfa að bera það undir prest né neinn, að hann fái það. Ef hann bara óskar eftir að fá það, þá á hann að fá það keypt, og hann á að fá það keypt með fasteignamatsverði; það á ekkert okurmat að fara fram á því, þegar hann fær það keypt. Og þar sem tekjur prestanna, sem hafa notað þessi ítök, hafa ekki verið metnar síðan árið 1918, og þeir búa enn við sömu leigu á sínum jörðum, þá er það svo lágt metið þeim til tekna, þetta ítak, að það er alveg ástæðulaust annað en að selja mönnunum það með fasteignamatsverði og lækka heimatekjur prestsins sem nemur því, sem þetta ítak var metið honum 1918, þegar heimatekjur prestanna voru síðast metnar. Að láta fara fram nýjar virðingar á því og annað þess háttar, það er bara kostnaður og aukin fyrirhöfn, og ég sé enga ástæðu til þess, ekki neina.

Það, sem ég vildi þá beina til n. að athuga, var þetta í fyrsta lagi, hvort það er ekki ástæða til að láta dálítið annað gilda um þau ítök, sem liggja þannig við, að kirkjubóndinn, hvort sem það er prestur eða ekki prestur, geti notað það frá sinni heimajörð, en hin, sem liggja þannig við, að það er útilokað með öllu, að bóndinn á kirkjujörðinni, sem á að nota ítakið, geti notað það og verði þá að láta annan hagnýta það í sínu umboði, ef hann yfirleitt á að nota það nokkurn hlut, sem ekki er nú gert um mörg af þessum ítökum þar að auki. Og svo er að hinu leytinu, hvort það sé ekki rétt með ítök, sem liggja lengra frá jörðunum, sem eiga þau, en það, að bændur geti notað þau með sínum eðlilega búrekstri, að selja þau alltaf fortakslaust, ef óskað er eftir kaupum á þeim, með því verði, sem á þeim er, ef það er til fasteignamatsverð á þeim, eins og er t. d. á rekaítökunum flestum og hinum reyndar líka, en þá inni í fasteignamati viðkomandi preststsetursjarða, — hvort það er þá ekki rétt að selja þau fortakslaust með því verði, án þess að láta fara fram nýjan kostnað og nýjar virðingar, og lækka að sama skapi heimatekjur prestsins. Ég held, að það eigi að gera mönnum sem allra greiðast fyrir að geta eignazt þessi ítök, þau eru hvort sem er, eins og nú er komið, ósköp lítils virði fyrir kirkjurnar, sem eiga þau langt frá sér, og notast miklu betur fyrir heildina að vera nytjuð af þeim manni, sem býr alveg við þau og getur notað þau án verulegrar fyrirhafnar.

Þetta tvennt vildi ég biðja n. að athuga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 281).

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Frv. um kirkjuítök, sem hér liggur fyrir, fjallar um sölu ítaka þeirra, er kirkjur eiga, og ráðstöfun á söluverði ítakanna. Ítaksrétturinn er ævagamall og ýmislega til kominn. Margt af þeim ítökum er eflaust einskis virði, en önnur munu auðseljanleg fyrir eitthvert verð. Ítaksréttur er oft í mikilli fjarlægð þeirrar kirkju, er ítak á, og því illt eða ekki hægt að nytja það fyrir eigandann. Er því eðlilegast, að sá, sem er eigandi eða ábúandi þeirrar jarðar, er ítakið hvílir á, muni verða líklegur kaupandi að ítaksréttinum, og gæti stundum verið til nokkurra hagsbóta fyrir jarðeiganda. Auk þess mælir allt með, að ítök gangi aftur til þeirra jarða, er þau hvíla á, og segja má, að hin mesta hreinsun fari fram með þeim hætti, sem lagt er til í frv. á þskj. 157. Þegar sala ítaks hefur farið fram, skiptist verðmæti þess milli sóknarkirkna í viðkomandi prestakalli, og virðist eðlilegt, að sóknarkirkjur njóti jafnra styrkja í sama prestakalli, og ef kirkja er bændakirkja, ræður jarðareigandi að sjálfsögðu sjálfur, hvernig með ítakið fer. Aðalmarkmið frv. er að losa ítökin, sem seljanleg eru, og aflýsa rétti til þeirra, sem einskis virði eru.

Presturinn nýtur nú tekna af ítökum kirkna í sínu prestakalli, og er því sanngjarnt og heppilegt á hinn veg, að sóknarkirkjur skipti jafnt með sér slíkum tekjum og hjálpi á þann hátt til þess að viðhalda og bæta kirkjuhús sín í prestakallinu. Er ekki hægt annað að segja en að vel fari á slíku samstarfi innan kirkjunnar.

Hv. menntmn. hefur verið sammála um álitið, sem er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur haldið tvo fundi um málið og auk þess haft samband við biskup til glöggvunar á málinu. Niðurstaða er sú, að nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá neðri deild. Einn nefndarmanna (BSt) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.“

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þó að ég gleðjist yfir því, að losa eigi þau ítök, sem kirkjurnar á ýmsum tíma hafa sölsað undir sig og við erum nú að prísa og lofa með því að minnast hátíðlega þess mikla dags, sem Skálholtsbiskupsstóll t. d. hefur gert með því að koma nógu miklu undir prestana o. fl., o. fl., þá er ég ekki alls kostar ánægður með þetta frv. Það, sem mér finnst sérstaklega athugavert við það, er það, að gert er ráð fyrir því í frv., að þegar ítak er selt undan einni kirkju, skiptist andvirði ítaksins jafnt á milli allra kirkna prestakallsins. Þetta finnst mér ekki rétt.

Ég viðurkenni þó þá röksemd, sem færð er fyrir þessu í grg. frv. eins og það kom fyrst til Nd. Þar er gerð sú grein fyrir þessu, að það séu sum ítök, sem hafi legið upprunalega undir kirkju, sem búið sé að leggja niður; sé búið að leggja þessa kirkju niður og færa ítakið undir aðra kirkju í prestakallinu, þá sé eðlilegt, að andvirði ítaksins, sem þarna var og ekki getur lengur fallið til þeirrar kirkju, sem upprunalega átti það, skiptist á milli allra kirkna prestakallsins.

Ég er nú ekki einu sinni viss um, að þessi röksemd haldi. En þegar ekki er því til að skipta, þegar það er ítak, sem kirkjan hefur átt frá alda öðli, við skulum segja t. d. Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíð hefur frá alda öðli átt ítök niður á söndum, og ef þau ítök eru seld undan kirkjunni, hvers vegna á þá að fara að gefa öðrum kirkjum prestakallsins þátttöku í andvirði þeirra? Það er Breiðabólstaðarkirkja, sem alltaf hefur átt þau, alltaf nytjað þau og alltaf haft þar gagn. Hvers vegna á þá, þó að þau séu seld, að fara að láta það renna til annarra kirkna við hliðina á? Aftur á móti viðurkenni ég t. d. um Víðvíkurkirkju, sem átti ítak og á ítak, sem heitir Elínarhólmi, varphólma, hann lá upprunalega undir kirkju, sem hét Miklabæjarkirkja og er búið að leggja niður, og þegar hún var lögð niður, var Miklabæjarkirkjusókn að öllu leyti sameinuð Víðvíkursókn, og þá eignaðist Víðvíkursókn hólmann. Eðlilegast væri þá líka, að Víðvíkurkirkja fengi andvirði hans, ef hann væri seldur. Það væri eðlilegast, en ekki að hann skiptist á milli Hólakirkju og Hofstaðakirkju og annarra kirkna prestakallsins, sem aldrei hafa neitt haft með hann að gera að neinu leyti. Svona dæmi mætti taka ákaflega mörg. Það er t. d. ekkert eðlilegt, þó að ítak Hvanneyrarkirkju í afréttarlandi, sem heitir Kirkjutungur, uppi í Skarðsheiði, væri selt, ef viðkomandi hreppur vildi fá Kirkjutungurnar keyptar og fengi fyrir upprekstrarland fyrir sig, að Bæjarkirkja færi að fá hluta af því verðmæti, sem Kirkjutungurnar seldust fyrir, ef ítakið væri selt undan, eða Lundskirkja eða Fitjakirkja. Það væri ekkert réttlæti í því. Þær hafa aldrei komið þar neitt nálægt. Þetta hefur alltaf verið óskert eign Hvanneyrarkirkju og nytjað af henni alla tíð og tíma.

Svona dæmi gæti ég tekið nærri því úr hverri sýslu, þar sem kirkjur hafa átt ítak um áratugi og árhundruð og alltaf notið þess, og ef það ítak er selt, þá finnst mér ekki nein ástæða til þess að fara að skipta verðmæti þess milli annarra kirkna, sem aldrei hafa neitt notið þess. Ef þetta ætti að styðjast við það, að þessi ítök á sínum tíma hefðu orðið eign kirknanna til þess að launa prestana eða til að létta launagreiðslur prestsins, ef það ætti að styðjast við það, og það mætti hugsa sér, að það styddist við það kannske, þá er það ekki heldur rétt, því að laun prestanna eru núna að langsamlega mestu leyti greidd beint úr ríkissjóði og koma ekki að neinu leyti kirkjunum og fjárhag þeirra við. Þess vegna er þetta alveg óháð þeim. Ég skal viðurkenna, að það eru til einstök ítök, sem er líkt ástatt með og með prestmötuna, sem var alveg tilbúin á sínum tíma af bændunum með frjálsum vilja í viðkomandi söfnuði til þess að standa undir launum prestanna. Það hafa ítökin yfirleitt ekki verið. Þau hafa yfirleitt komið fram til þess að viðhalda kirkjunum og létta starf safnaðanna hvað það snertir, en ekki sem uppbót á laun prestanna, og þess vegna eru þau annars eðlis en prestmatan, sem þó er gerð hliðstæð í grg. fyrir frv. upprunalega.

Ég vil þess vegna mjög biðja nefndina á milli 2. og 3. umr. að athuga, hvort hún getur ekki lagað þetta og látið andvirði ítakanna renna til þeirra kirkna, sem raunverulega hafa átt þau, en ekki vera að skipta andvirði þeirra. Ef henni finnst, að það þurfi endilega að skipta þessu verðmæti þeirra ítaka, sem hafa áður tilheyrt kirkjum, sem búið er að leggja niður, þá má hafa tvö ákvæði um þetta, annað fyrir þau ítök, sem hafa heyrt til kirkjum, sem búið er að leggja niður, og hitt fyrir hin ítökin, sem alltaf hafa heyrt undir sömu kirkjuna. Annars hygg ég, að meginið af þessum kirkjuítökum, ekki kannske alveg öll, sé af sjálfu sér nú úr gildi numið. Ég hygg, að þeir, sem hafa átt að sjá um eign kirknanna, vafalaust prestarnir, hafi mjög fáir lýst ítökunum eins og þeim bar skylda til að gera eftir 4. gr. laga nr. 113 29. des. 1952, og hafi þeir ekki lýst ítökunum þá, eru þau dottin niður. Þess vegna hygg ég, að það sé meira form en að það komi að verulegu leyti til framkvæmda gagnvart mörgum af þessum kirkjuítökum. Þá átti að lýsa ítökum, hver, sem átti ítök í annarra manna jarðeign, átti að lýsa þeim þá, og þá var þeim, sem bjó þar, sem ítakið lá, gefin heimild til þess að geta keypt það. En ef lýsing yrði ekki gerð, féll ítakið sjálfkrafa undir þá jörð, þar sem ítakið var, og það hygg ég að sé orðið núna með meginið af þessum kirkju-

ítökum, þannig að þau séu í raun og veru ekki lengur til.

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Það má eflaust eitthvað deila um það, hvert réttlæti sé í því að skipta ítökum á milli ýmissa kirkna í sama prestakalli, eins og hér er lagt til. En það verður að gá að því, að fyrr meir, þegar margt var af prestum og kirkjur færri, var það iðulega, að einn prestur þjónaði aðeins einni kirkju. Síðan með prestafækkuninni dróst það þannig saman, að prestinum var fengin þjónusta fyrir fleiri kirkjur, tvær, þrjár, fjórar og jafnvel fimm. Eins og ég tók fram áðan, finnst mér ekkert eðlilegra en að kirkjurnar hver í sinni sókn sameinist um að reyna að viðhalda byggingunni og umbæta, því að til þess er þetta ákvæði fram sett.

Um það, sem hv. 1. þm. N-M. tók fram, að vafasamt væri, hvort ítökum hefði verið lýst, þá átti ég tal við biskupsskrifstofuna um þetta, og ég hygg, að það hafi verið lýst öllu, sem fundizt hafi, og það var ógrynni, því að þeim var ljóst, að það var nauðsyn vegna laganna frá 1952 að festa ítökin, þannig að rétturinn til þeirra tapaðist ekki og að eignarrétti skyldi haldið í gildi með því að lýsa ítakinu. Ég býst því ekki við, að þetta verði til þess, að niður falli neitt, sem gildi hefur. Hins vegar er mikið af ítökum, sem ég tel að hafi ekki einu sinni verið átt við að lýsa, af því að þau eru lítilfjörleg eða einskis virði.

Annars er alveg sjálfsagt að athuga þetta enn betur fyrir 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 31. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég lét í ljós hér við fyrri umr. þessa máls, að ég teldi, að það væri ekki hægt, ekki réttmætt a. m. k., að hafa frv. óbreytt eins og hér er. Ég benti þá á, að það, sem mér þætti athugavert við það, væri það ákvæði í 3. gr. frv., að verðmæti ítaka, sem seld eru, skyldu renna til þess prestakalls, þar sem presti ber afnotaréttur af ítakinu, og skiptast síðan milli allra kirkna prestakallsins. Ég benti á það þá, að þetta væri alrangt. Í fyrsta lagi segir það ekkert um, hvert eigi að renna ítök þeirra kirkna, sem prestur hefur aldrei haft afnot af, eins og allra kirkna, sem eru annexíur. Í öðru lagi tel ég ekki réttlátt að taka löglega eign af kirkju og skipta henni á milli annarra. Ég er einu sinni ekki viss um, hvort það er hægt eftir stjórnarskrá landsins að gera það. Nú kann að eiga að réttlæta það eitthvað með því, að þessi ítök hafi verið illa fengin á sínum tíma. Það getur vel verið, einhvern tíma í grárri forneskju. En það kemur nú ekki hér til mála, og við getum ekki tekið tillit til þess. Þess vegna verðum við að taka staðreyndina eins og hún er, og hún er sú, að lagalega séð á þessi kirkja þessa eign. Og þá er mér spurn: Er þá hægt að taka það frá henni með einföldum lögum og skipta andvirðinu milli annarra. Ég held, að það sé ekki hægt. Ég held þess vegna, að hvernig sem á málið er litið, eigi að breyta þessu, og með tilliti til þess hef ég leyft mér að koma hér með skrifl. brtt. og hún er við 3. gr., og með leyfi forseta hljóðar hún þannig, að í stað orðanna „rennur til kirkna þess prestakalls, þar sem presti ber afnotaréttur ítaksins, og skiptist jafnt á milli þeirra“ komi: rennur til þeirrar kirkju, sem ítakið á. — Við tökum það af henni og látum hana hafa andvirði fyrir það, breytum því bara í peninga, ef við látum hana halda sinni eign óskertri, en skiptum því ekki milli annarra kirkna, sem aldrei hafa neitt í því átt og aldrei hafa neitt komið ítakinu við. Það var allt annað með prestmötuna, sem lögð var á bara í þeim tilgangi að létta söfnuðunum öllum að greiða prestinum laun eða láta prestinum líða betur. Það er allt annars eðlis, hún átti náttúrlega skilyrðislaust að renna annaðhvort beint í ríkissjóð, sem launar prestana, ellegar til prestsembættisins, sem um er að ræða hverju sinni. Þess vegna er það hjá upprunalegu nefndinni, sem hefur haft með málið að gera, algerlega skökk samlíking að jafna þessu tvennu saman, því að það hefur í eðli sínu aldrei átt neitt skylt hvað við annað, ítökin annars vegar og prestmatan hins vegar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 331) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Ég hafði nú haldið því fram hér við 2. umr., að það færi vel á því, að sóknarkirkjurnar skiptu jafnt á milli sín slíkum tekjum og þeim af sölu ítaka og hjálpa á þann hátt til þess að viðhalda og bæta kirkjuhús í prestakallinu. Ég heyrði strax á hv. 1. þm. N-M., að hann var þessu ekki meðmæltur og hafði aths. að gera og óskaði eftir, að n. tæki þetta betur til athugunar. Það var og gert, og ég aflaði mér nokkurra upplýsinga hjá lögfræðingum um þetta, því að flytjandi að brtt. þessari hélt því fram, að þetta væri ekki hægt, slíkt væri stjórnarskrárbrot að taka eigur annarra, án þess að fullt gjald komi fyrir o. s. frv. Eins og áður er sagt, átti ég tal við lögfræðing um þetta atriði mér til styrktar, og taldi hann, að þetta mundi ekki löglegt vera; jafnvel þó að menn vildu virða bróðurkærleikann og fórnfýsina að einhverju, þá væru þó lögin, sem mundu ganga á móti (sbr. stjórnarskrána), ef aðilar mótmæltu ítaksrétti, sem tekinn væri frá einni kirkju og afhentur öðrum. Ég hef síðan minnzt á þetta við meðnm. mína, og mér skilst, að þeir séu sammála því, að þessi brtt. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 331 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Sþ., 1. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 332).

Á 61. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr sem lög frá Alþingi (A. 340).

43. Ný orkuver og orkuveitur.

Á 20. fundi í Sþ., 7. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og l. nr. 55 20. apríl 1954, um breyt. á þeim lögum [118. mál] (þmfrv., A. 165).

Á 28. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. flytur þetta frv. eftir beiðni hæstv. ríkisstj., en það er um breyt. á l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins. Efni frv. er það að veita heimildir til nýrra framkvæmda á því sviði, eins og segir í fimm fyrstu greinum frv., og 6. gr. er um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 130 millj. kr., til greiðslu kostnaðar við þessar framkvæmdir.

Það er stefnt að því og hefur verið unnið að því undanfarið að stækka rafmagnsveitukerfi landsins og orkuveitusvæðin, og eftir að síðast voru sett lög um slíkar framkvæmdir, hefur komið í ljós við athuganir á þessum málum, að þörf sé fyrir nýjar heimildir samkv. því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg orð, en vil vísa til grg., sem frv. fylgir, og vil leggja til, að því verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að ræða efnið í þessu frv., a. m. k. ekki að svo stöddu, en ég vildi gjarnan mega ræða ofur lítið fráganginn á því. Ég held, að við eigum ekki að afgreiða frumvörp í þessu formi, sem hérna er lagt fyrir, heldur að bæta ofur lítið þetta form, og ég sé, að það er nú ekki fjhn. sjálf, sem hefur útbúið þetta frv., heldur eitt ráðuneytið.

Þetta er um breytingu á tvennum lögum, frv., sem breytir sem sé tvennum lögum, og í staðinn fyrir að taka þessi gömlu lög, og seinni lögin, lögin frá 1954 eru breyting á þeim fyrri, og steypa þessu um og orða þetta um, þannig að út úr komi eitt frv. í heild, þá er nú bætt hér einu nýju lagafrumvarpi við, svo að nú eru það orðin þrenn lög, sem menn verða að leita í frá mismunandi árum til þess að hafa hugmynd um, hvað sé gildandi um raforkulögin á landinu og þessi stórmál, sem eru nú eitt höfuðmál ríkisstjórnarinnar.

Okkur hefur alltaf verið illa við bandorma hér á Alþingi, ekki bara vegna þess, að venjulega hafa þeir haft slæmt innihald, heldur líka vegna hins, að þetta er sú ólýðræðislegasta aðferð, sem hægt er að hugsa sér gagnvart alþýðu manna, ef hún á yfirleitt að skilja þau lög, sem koma frá Alþingi. Þess vegna eru þessi lög um að breyta einstökum greinum í tvennum lögum og því ruglað hvað innan um annað. Og svo að síðustu 7. gr.: Með lögum þessum er numin úr gildi 2. gr. laga nr. 55 1954. — Það er að vísu skárra en eins og það hefur verið í sumum öðrum lögum, sem ég hef verið að átelja, að efnisinnihaldið eða vissir hlutar úr vissum greinum væru numdir úr gildi.

Ég álít, að fjhn. ætti á milli þessara umræðna að útbúa þetta frv. þannig, að lögin frá 1952 yrðu endurnýjuð og það lægi fyrir okkur við 2. umr. hér alveg í heild eins og þau lög eru með breyt., sem á urðu 1954 og nú er lagt til að verði þarna á, þannig að almenningur hafi, þegar hann vill fara að ræða þetta mál, fyrir sér lagafrumvarp um, hvernig þessar veitur eiga að verða. Ég verð að segja, að ég er satt að segja hissa á ráðuneytunum að ganga svona frá þessum málum, og það nær ekki nokkurri átt, að við látum þetta fara svona frá okkur. — Innihaldið ætla ég sem sé ekki á þessu stigi að ræða.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þar sem rafmagnsmálin eru á dagskrá, vil ég beina nokkrum fsp. til hv. fjhn., sem hún mundi ef til vill geta aflað upplýsinga um á milli umræðna.

Það er nú einu sinni þannig, að þeim, sem eru afskiptir í raforkumálum, er ekki nákvæmlega sama, hvort þeir eiga í vændum að fá rafmagn frá samveitum eða ekki, og þá einnig hitt, hvenær þeir mundu eiga kost á að fá rafmagnið. Þau mestu þægindi, sem heimili getur veitt sér, eru rafmagnið og öll sú tækni, sem hægt er að notfæra sér út frá því.

Það var um það rætt á sínum tíma, þegar þessi hæstv. ríkisstj. var mynduð, sem nú situr, að gera tíu ára áætlun í raforkumálum landsins. Síðan eru liðin rúm tvö ár, og væri ekki ólíklegt, að þegar væri búið að gera einhverja áætlun í þessum málum, þannig að hægt væri að gefa hana út, svo að hin einstöku héruð, sem raforkunnar kunna að njóta í framtíðinni, viti nokkurn veginn, hvenær hennar er að vænta. Og ég vil mjög mælast til þess, ef einhver slík áætlun liggur fyrir, að hún yrði gefin út, áður en langir tímar líða, því að hvað sem því líður, hvort rafmagnið kemur á næstunni eða ekki, þá er það á margan hátt skemmtilegra og öruggara fyrir það fólk, sem gerir sér vonir um að fá rafmagn, að vita, hvenær það getur fengið þessi þægindi, því að það er á margan hátt hægt að undirbúa sig undir það.

Ég sé líka, að samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, er verið að breyta til um orkuver fyrir einstaka staði frá því, sem áður var fyrirhugað, og það er ekki ósennilegt, að þó að það liggi ekki fyrir hér í þessu frv., að um slíkar breytingar sé að ræða víðar, þá geti það verið einnig í

vændum, og væri gott að fá upplýsingar um það. Ég fyrir mitt leyti er ekki ánægður með, að það skuli ekkert vera út um það gefið af raforkumálastjórninni, hvenær rafmagns er að vænta í Dalasýslu. Það er ekki vegna þess, að það sé ekki orkuver innan héraðs til þess að virkja, heldur hygg ég, að spurningin sé um hitt, hvort hentara sé að virkja eitthvert vatnsfall innan héraðs eða leiða orkuna til héraðsins. Og einmitt í þessu frv. er talað um að leiða rafmagn eða rafmagnslínu frá Þverá í Steingrímsfirði yfir í Króksfjarðarnes, og ég hef heyrt, að það væri ekki óhugsandi, að rafmagnið yrði tekið frá þeirri línu í Dalasýslu. Mér er mikið kappsmál að vita, hvort svo er eða þá hvaða leiðir yrðu farnar í þeim málum, þegar þar að kæmi, og hvenær mundi vera að vænta rafmagns í Dalasýslu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég veitti því athygli, að það var ekki lagt til af frsm., að þessu frv. yrði vísað til n., og mun það vera vegna þess, að málið er flutt af n. Það er ekki venja, að þeim málum sé vísað til nefnda, sem flutt eru af nefndum, þó að það hins vegar þurfi ekki að fara í bága við ákvæði þingskapa að gera svo. Nú er það ekki ætlun mín að gera um það till. sérstaklega, að málinu verði vísað til n., en ég hef leyft mér að flytja þegar á þessu stigi málsins brtt. við frv., sem nú er í prentun og ekki fram komin hér á fundi. Ég mun því ekki lýsa henni nánar nú, en ég vil mælast til þess við hv. n., sem flutt hefur frv., að um leið og hún að sjálfsögðu tekur frv. til áframhaldandi athugunar, þó að því sé ekki vísað til hennar, taki hún einnig til athugunar þessa brtt. mína, sem væntanlega verður útbýtt hér síðar á þessum fundi, því að ég legg áherzlu á það fyrir mitt leyti, að hún komi til meðferðar í n. fyrir 2. umr. Þess vegna hef ég nú mælt þessi orð hér og vil beina þessari ósk til hv. fjhn., sem flutti málið.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjhn. fyrir flutning þessa frv. Ég þjóst jafnvel tæplega við að taka til máls nú við þessa 1. umr., en tel þó rétt út af þeim atriðum, sem hér hafa komið fram frá nokkrum hv. þm., að gera það, þó að einstök efnisatriði verði að sjálfsögðu rædd aftur frekar við 2. umr. frv.

Ég vil taka það fram út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. tók fram um form frv., að ég get að mörgu leyti fallizt á það, sem hann sagði, að það væri heppilegra að steypa þessu saman við þau lög, sem gilda um þetta efni. Við vitum, að það er mjög títt, að það sé gert og breytingar á lögum teknar inn í frumvörp, sem fyrir liggja við lokaafgreiðslu þeirra á Alþingi. Hins vegar tel ég, að í sjálfu sér sé kannske að sumu leyti alveg eins glöggt að leggja frv. á þennan hátt fyrir Alþ. eins og að fella það fyrir fram alveg inn í stóra lagabálka, sem áður eru í gildi. Efnisatriðin eru þá gleggri og ákveðnari í frv. eins og það nú liggur fyrir. En það er síður en svo, að ég hafi á móti því, ef hv. n. vill á það fallast, að steypa þessu saman. Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. tók fram, að það er yfirleitt til hægðarauka, og nóg höfum við af lögum, nógu mörg eru þau, þó að ekki sé verið að gera þau miklu fleiri en þörf er á.

Þetta vildi ég taka fram um þetta atriði, en rn. leit svo á, að það væri engu síður verk Alþ. að gera þetta og til glöggvunar fyrir alþm. í upphafi væri ekkert á móti því, að frv. kæmi fram í þessu formi fyrst.

Ég vil svo aðeins minna á það, að þegar raforkulögin voru sett í upphafi, þ. e. a. s. þessi stóra áætlun, þessi svokallaða 250 millj. kr. áætlun, eins og hún var nú áætluð í upphafi, var það vitanlegt, að þar gat ekki verið um fastmótaða áætlun að ræða, sem ekki yrði að taka einhverjum breytingum. Hvort tveggja var, að undirbúningsrannsóknir höfðu alls ekki verið svipað því nægilegar til þess, að nægar rannsóknir gætu legið fyrir um allt land, og í öðru lagi eru svo alltaf að koma fram nýjungar á þessu sviði, tæknilegar nýjungar, sem gera það að verkum, að það virðist oft vera sjálfsagt að breyta um frá því, sem hinir tæknifróðu menn höfðu álitið rétt að gera fyrir örfáum árum.

Allt þetta hlýtur að verða tekið til meðferðar, á meðan á þessari áætlun stendur og reynt er að framkvæma hana, og því var það í raun og veru ekkert nema hlutur, sem hlaut að koma, að það yrði að bæta við áætlunina, breyta henni að einhverju leyti og fullkomna hana. Og það skal fram tekið, að það er þegar nú verið að vinna að, jafnvel búið að fullgera hér vissa hluti, sem leitað er nú heimilda fyrir, en ekki var í sjálfu sér heimild fyrir í gömlu lögunum. Ég vil t. d. taka það fram, að í raun og veru er nú verið að enda við, ef það er ekki búið að leggja línu frá Gönguskarðsárvirkjun og vestur í Húnavatnssýslu, Laxárvirkjunina, sem er eitt af því, sem hér er farið fram á að heimild fáist fyrir. Og það er byrjað á orkuverum bæði austanlands og vestan, sem hér er óskað eftir að fá fullnaðarheimild fyrir, ef þetta frv. verður að lögum. Og fleira slíkt má telja, að það er verið að vinna að ýmsum framkvæmdum einmitt á sviði þessa frv. Það er því enginn vafi á því, að hverjir sem með þessi mál fara í framtíðinni á næstu þingum, verður náttúrlega að koma til þingsins aftur með nýjar breytingar og nýja viðauka í þessu efni.

Það hafa tveir hv. þm. gert hér að umtalsefni raforkumál varðandi sín kjördæmi, og kemur mér það ekkert ókunnuglega fyrir, þó að um slíkt sé spurt. Það var hv. þm. Dal., sem virtist óánægður yfir því, að enn lægi ekki neitt fyrir um það, á hvern hátt raforka fengist um þær sveitir Dalasýslu, sem þó koma til mála um samveitur. Er alveg rétt, að þetta er ekki enn tekið inn í frv., og það er af því, að það hefur verið nokkur óvissa um það, hvernig þetta skyldi tekið. Í fyrstu virtist það vera skoðun sérfræðinga á þessu sviði, að komið gæti til greina með sérvirkjun innan sýslunnar, sem er þó að mörgu leyti erfið. En það mun nú vera miklu meir farið að hallast að því að taka þetta með línu vestan yfir Gilsfjörð og leiða það þann veg um sýsluna, en þetta var ekki komið á það stig, að rétt þætti að taka það inn í frv., sem hér liggur

fyrir. Ég er náttúrlega síður en svo á móti því og þykir ágætt, að sú n., sem hefur með þetta mál að gera hér á hinu háa Alþ., yfirheyri raforkumálastjóra og Eirík Briem, sem fer með héraðsrafveiturnar aðallega, og aðra þá menn, sem hún hefur hug á, um þessi og önnur atriði. Ef samkomulag gæti orðið um það milli þeirra og Alþ., að eitthvað meira yrði sett inn í þetta frv. en hér er, mundi sízt standa á mér að vera með því. En hitt vil ég taka fram, að ég hef ekki viljað hvetja þá sérfræðinga, sem með þessi mál fara, til þess að koma með ákveðnar till. um ákveðna lausn í ákveðnum héruðum, áður en talið er, að málið sé það vel undirbúið, að rétt sé að setja það fram.

Hv. þm. N-Þ. minntist á þetta á nokkuð svipaðan hátt, þó ekki að öllu leyti, en minntist á raforkumál í Norður-Þingeyjarsýslu, og boðaði hv. þm. brtt., sem hann hefði þegar lagt fram í málinu. Ég hef ekki séð þá brtt., en veit þó nokkurn veginn, um hvaða efni hún muni vera. Það er nokkuð svipað um þetta að segja og Dalasýslu, að þetta er ein af þeim sýslum, sem einna örðugast er að eiga við um samveitur vegna strjálbýlis *í mörgum sveitum, þótt þar séu einnig* sveitir, sem eru vel fallnar til þess, að koma megi samveitukerfi um þær, og auk þess eru auðvitað þarna kauptún, sem bráðnauðsynlegt er að fái örugga raforku, eins og við vitum. En þegar upphaflega áætlunin var gerð, var raunverulega reiknað með virkjun innan Norður-Þingeyjarsýslu, í Sandá í Þistilfirði, og út frá því orkuveri, sem yrði alltaf mjög lítið, yrði svo að leiða raforku eitthvað um sýsluna. Ég held, að það sé ekkert of mikið, þó að ég segi það, að raforkumálaeftirlitið er a. m. k. að mjög miklu leyti fallið frá þessari hugmynd og telur, að það sé miklu líklegra, að tekin verði lína t. d. frá Laxá og farið með hana þarna norður og sé þá hægt t. d. að taka Kelduhverfið, sem er eitt af þeim sveitum, sem bezt eru fallnar í Norður-Þingeyjarsýslu til þess að koma samveitu um í sambandi við það. En það var eins með þetta og með Dalasýslu, að þeim þótti ekki rétt og ég vildi ekki hvetja þá til þess um skör fram að koma með ákveðnar till. um þetta enn þá.

Þetta vildi ég taka fram til þess að segja þessum hv. þm. og öðrum, sem svipað stendur á um, þó að þeir hafi ekki talað hér, að þetta kemur ekki allt í einu. Menn verða að hafa dálitla biðlund um það, hvernig í einstökum atriðum verði farið með það og þá einmitt þá staðina, sem að vissu leyti eru erfiðastir viðfangs í þessu efni. Mér virtist, að hv. þm. Dal. þætti seinagangur á þessu, það *væru nú liðin, eins og* hann sagði, rúm tvö ár. Það eru raunar ekki nema rétt tvö ár, held ég, frá því að lögin náðu staðfestingu á Alþ., það var ekki fyrr en eftir áramót, svo að það eru eiginlega ekki tvö ár einu sinni síðan fastur fótur var undir þessum ráðstöfunum. En þetta er nú ekki mál, sem bara er sirklað út á pappír með sirkli og reglustiku og dregin svo bein strik á milli, það er miklu meira vandamál, það verður að segjast, því miður, enda veit ég, að hv. þm. meinti það ekki beinlínis, en það er mjög eðlilegt, að þingmenn minni á sína afstöðu í þessu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að tala hér að öðru leyti um þetta mál á þessu stigi. Það er mjög sennilegt, að við 2. umr. málsins liggi kannske fyrir eitthvað fleira af brtt. en sú, sem þegar hefur verið boðuð, og að þá verði ástæða til að ræða ýmis atriði varðandi þetta frv. og kannske þá líka eitthvað í þeirri löggjöf, sem nú er gildandi um þessi efni.

Ég fyrir mitt leyti vildi vonast eftir, að þessu frv. yrði nokkuð hraðað í gegnum þingið. Það þarf að ganga fram á þessu þingi, en það er nú náttúrlega vitað, að það verður framhaldsþing eftir áramót, þannig að það er ekki um neitt að ræða, sem krefst þess endilega, að þetta sé afgreitt nú fyrir jólafrí. En ég vildi þó óska eftir, að reynt yrði að vinna að þessu máli eins og unnt væri, og ég vil leyfa mér að leggja áherzlu á, að hv. fjhn., sem hefur þetta mál til meðferðar, — hliðstæð frumv. hafa verið hér í þessari d. alltaf hjá hv. fjhn., — hafi samráð og tali við æðstu menn raforkumálanna í raforkueftirlitinu og kynni sér þeirra sjónarmið og þá náttúrlega sérstaklega gagnvart þeim till., sem fram kynnu að koma um verulegar efnisbreytingar á frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 23. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 165, 171, 249, 252).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn., sem flutti þetta frv. eftir tilmælum hæstv. ráðh., hefur tekið það til nánari athugunar milli umræðna. N. flytur brtt. við frv. á tveim þskj., en brtt. raska ekki efni frv. nema að litlu leyti, *og eru þær gerðar í samráði* við raforkumálastjóra og með hans samþykki.

Skýringar á einstökum greinum frv. eru í grg., sem því fylgir, og get ég látið nægja að vísa til þeirra viðkomandi efni frv., en ég vil gera hér grein fyrir brtt. nefndarinnar.

Á þskj. 249 er brtt. við 2. gr. frv., en sú grein er um orkuveitu til Raufarhafnar og Þórshafnar. Í lögum nr. 22 frá 1952 er heimild til að virkja Sandá í Þistilfirði og leggja aðalorkuveitur þaðan til Þórshafnar og Raufarhafnar. Í 2. gr. frv. er lagt til, að heimilað verði að leggja aðalorkuveitu til þessara kauptúna frá Laxárvirkjuninni í Suður-Þingeyjarsýslu í stað þess að virkja Sandá, ef það telst hagkvæmara.

Fjhn. leggur til í 1. till. á þskj. 249, að orðalagsbreyting verði gerð á 2. gr. frv., sem um þetta fjallar. Og verði brtt. n. samþ., væntir hún þess, að hv. þm. N-Þ. geti fallizt á að taka aftur brtt. *sína* á þskj. 171.

Næsta brtt. n. á þskj. 249 er viðkomandi fyrirhugaðri orkuveitu til Vestmannaeyja. Í lögunum frá 1952 er veitt heimild til að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja. Raforkumálastjóri telur, að Vestmannaeyjalínan muni verða lögð frá Hvolsvelli, og er brtt. n. við það miðuð.

Næst vil ég nefna brtt. við 4. gr. frv. á þskj.

252. Með lögum nr. 55 frá 1954 var veitt heimild til að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum. Í 4. gr. þessa frv. er lagt til, að við þann lið í lagagreininni frá 1954 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness. — Fjhn. leggur til, að hér við bætist til nánari skýringar orðin: til þess að veita þaðan raforku um þá hreppa og suður um Dalasýslu. — Ef frvgr. og brtt. n. verða samþ., verður þessi heimild í lagagreininni í heild svo hljóðandi:

Að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness til þess að veita þaðan raforku um þá hreppa og suður um Dalasýslu.

Ég skal geta þess, að það þarf að leiðrétta, þegar frv. verður prentað aftur, að till. á þskj. 252 er um viðbót við málslið í tillgr., og á því ekki að vera þar upphafsstafur.

Við 1. umr. frv. komu fram athugasemdir frá hv. 2. þm. Reykv. viðkomandi formi frv. Það er rétt, að sé lögunum oft breytt á þennan hátt, verða þau ekki aðgengileg fyrir þá, sem vilja kynna sér efni þeirra. Til þess að ráða bót á þessu flytur fjhn. 3. brtt. á þskj. 249, en sú till. er um það, að þegar lög þessi hafi hlotið staðfestingu, skuli fella meginmál þeirra ásamt meginmáli l. nr. 55 frá 1954 inn í l. nr. 22 frá 1952 og gefa þau út svo breytt.

Hv. þm. Dal. (ÁB) flutti ræðu við 1. umr. þessa frv. hér í deildinni. Hann gat um áhuga manna fyrir því að fá vitneskju um fyrirhugaðar framkvæmdir í raforkumálum samkv. þeim áætlunum, sem raforkumálastjórnin hefur unnið að. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að fyrir þessu er mikill og almennur áhugi um land allt, og er það eðlilegt. En eins og fram kom í ræðu hæstv. landbrh., er hann flutti við 1. umr. þessa frv., var mjög langt frá því, að lokið hefði verið fullnaðaráætlunum um þessar framkvæmdir, þegar lög voru sett nú fyrir tæpum tveimur árum um, að verja skyldi a. m. k. 250 millj. kr. til raforkuframkvæmda á árunum 1954—63. Síðan hefur verið unnið áfram að rannsóknum og áætlunum viðkomandi þessum framkvæmdum, og er því undirbúningsstarfi enn ekki lokið. Rannsóknirnar hafa stundum leitt í ljós, að hagfelldara væri að haga rafvæðingu einstakra landssvæða öðruvísi en upphaflega var gert ráð fyrir, og hefur þá þurft að fá breytingar á lagaheimildum, eins og það frv., sem hér er til umr., ber vott um. Af þeirri ástæðu, að ekki er að fullu lokið rannsóknum og útreikningum um þessi efni, hefur ekki verið unnt að taka fullnaðarákvarðanir enn sem komið er um það, með hverju móti framkvæmdum verði hagað í ýmsum héruðum landsins. Eitt af þeim héruðum er Dalasýsla. Með lögum nr. 55 frá 1954 var veitt heimild til að virkja Haukadalsá í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa 5 syðstu hreppum Dalasýslu. En í því frv., sem hér liggur fyrir, er farið fram á heimild til þess að leggja aðalorkuveitu frá Þverárvirkjun í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness, og verði sú lína lögð, er gert ráð fyrir, að þaðan verði veitt raforku um hluta af Austur-Barðastrandarsýslu og suður um Dalasýslu. Verði þetta frv. samþykkt, verður því um tvær leiðir að velja í rafmagnsmálum Dalasýslu, annaðhvort að virkja Haukadalsá samkv. lagaheimildinni frá 1954 eða leggja héraðsrafmagnsveitu suður í Dalasýslu frá Króksfjarðarnesi, ef að því ráði verður horfið að leggja þangað aðallínu frá Þverárvirkjuninni. Að svo stöddu er ekki hægt að fullyrða, hvor leiðin verður valin, þar sem rannsóknum er ekki að fullu lokið. En rafmagnsstjóri telur þó, að athuganir þær, sem gerðar hafa verið, bendi ákveðið til þess, að sú leið verði fremur farin að leggja aðalorkuveitu vestur frá Þverárvirkjuninni og línur frá Króksfjarðarnesi suður um Dalasýslu heldur en að byggja sérstakt orkuver innan sýslunnar.

Þetta vildi ég láta koma hér fram út af fyrirspurnum hv. þm. Dal., sem hann bar fram við 1. umr. frv. Væntanlega verður, áður en langt líður, úr því skorið, hvor leiðin verður farin í þessum framkvæmdum.

Ég vil geta þess, að í fjhn. var nokkuð rætt um að flytja till. um að taka inn í frv. aðalorkuveitu frá Eyjafirði til Skagafjarðarhéraðs, en raforkumálastjóri hefur áður látið uppi þá skoðun, að rétt væri að tengja orkuveitusvæði Laxárvirkjunar í Þingeyjarsýslu á þann hátt við orkuveitusvæði Skagafjarðar- og Húnavatnssýslna. En vegna þess að raforkumálaskrifstofan hefur enn ekki lokið áætlunum sínum um þessa fyrirhuguðu samtengingarveitu, var horfið frá því að flytja till. um þetta nú, í trausti þess, að það verði auðsótt mál að fá lagaheimild til framkvæmdarinnar, þegar áætlanir eru fullgerðar og þörf verður fyrir heimildina.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. form. fjhn. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf varðandi Dalasýslu, og ég vænti þess, að hæstv. raforkumálaráðherra láti sem fljótast úr því skera, hver háttur verði á hafður í þessum málum. En ég vil undirstrika það, sem ég kom með fsp. um hér við 1. umr. þessa máls, að það væri mjög æskilegt fyrir þjóðina og fyrir landsbúa alla sem slíka að vita nokkurn veginn, hvenær þeir ættu að vænta raforku til sín, hver og einn, og mér fyndist það mjög vel við eiga, að hæstv. ríkisstj. léti gefa út sérstaka bók um þá áætlun, sem hún hefur gert, þegar sú áætlun er fullgerð, svo að menn séu ekki að vaða neinn reyk í þessum efnum, og ég vil við þessa umr. undirstrika það við hæstv. raforkumálaráðherra, að þetta verk verði unnið á þann hátt, að það verði öllum landslýð kunnugt, áður en langt um líður. Hitt er svo annað mál, hvenær raforkan kemur til hvers og eins, en ég vænti þess, að framkvæmdum verði hraðað sem mest. Ég álít það afar þýðingarmikið atriði, að fólk viti nokkurn veginn, hvar það er í röðinni, sem kallað er, og geti á einhvern hátt undirbúið sig undir að taka á móti þeim þægindum, sem raforkunni fylgja.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég sé, að hv. fjhn. hefur lagt til í brtt. sínum á þskj. 249, að 2. gr. orðist svo,

að þar sé heimilað að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu. Ég þakka n. fyrir þessa till. og vil þá jafnframt lýsa yfir því, að ég tek aftur brtt. mína á þskj. 171.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu frv., sem hún hefur afgreitt frá sér í meginatriðum óbreytt eins og hún var beðin að flytja það, en frv. var í sjálfu sér stjórnarfrv., sem ríkisstj. öll stóð að, þó að sá háttur væri á hafður að óska eftir, að það yrði flutt af nefnd í þinginu.

Það urðu nokkrar umræður um málið við 1. umr., og komu þá fram fyrirspurnir frá nokkrum hv. þm. fyrir sérstök kjördæmi um, hvað fyrirhugað væri í þeim héruðum hvað snerti rafvæðingu. Fjhn. hefur nú rannsakað þetta gaumgæfilega, að því er mér virðist, og haft samráð við raforkumálaskrifstofuna og orðið ásátt um að bera hér fram brtt. varðandi viss héruð um útfærslu á þeim megintill., sem eru í frv. sjálfu. Og eins og ég lýsti við 1. umr. málsins, að mér yrði það mikið gleðiefni, ef hægt væri að taka meira inn í frv. að fengnum nýjum athugunum og till. frá raforkumálaskrifstofunni, þá vil ég enn lýsa því yfir, að það gleður mig mjög, að orðið hefur samkomulag milli hv. fjhn. og raforkumálastjóra um þær till., sem hér liggja fyrir. Það hefur komið alveg það sama fram hér hjá hv. frsm. fjhn. og ég tók fram við 1. umr., að viss atriði í þessu rafvæðingarkerfi væru enn of lítið rannsökuð til þess, að hægt væri að ákveða alveg upp á víst, hvernig framkvæmdum skyldi hagað, og það sama hefur komið hér fram í ummælum hv. frsm. n., að varðandi þessi nýju atriði, sem hér eru tekin inn, a. m. k. annað þeirra, er dálitið óvíst, hvernig framkvæmdin kann að verða, en er þó svo langt komið hvað rannsókn snertir, að raforkumálastjóri hefur treyst sér til að leggja til, að það yrði tekið inn í frv. á þann hátt, sem hér er gert. Þar sem það er viðurkennt, að raforkumálastjóri er einn með allra varfærnustu embættismönnum okkar um að segja ekki meira en hann telur, að hægt verði að standa við, þá tel ég það nokkuð öruggt frá hendi raforkumálaskrifstofunnar, að þessi leið verði farin um rafvæðingu héraðanna í Dalasýslu, eins og þar er lagt til.

Ég get því lýst ánægju minni yfir þeirri meðferð, sem hv. fjhn. hefur veitt þessu frv., og bendir það ótvírætt til þess, að hið háa Alþ. er enn á þeirri sömu skoðun og kom í ljós, þegar þessi 10 ára rafvæðingaráætlun var lögð fyrir Alþ., að það er mjög almennur vilji fyrir því að reyna að koma þessari áætlun út í lífið, ef við megum orða það svo, þ. e. a. s. reyna að framkvæma hana á þeim tíma, sem fyrirhugað var, eða a. m. k. eins fljótt og mögulegt er. Hinu er ekki að leyna, eins og ég held að ég hafi tekið fram við 1. umr. málsins, að þetta hefur nokkuð þanizt út við frekari rannsóknir og athuganir, eins og vitanlega hlaut að verða, og vitanlega hefur það í för með sér, að meiri fjárhæð þarf í þetta að lokum en í fyrstu var áætlað, vegna þess að 10 ára „planið" hefur verið stækkað, auk þess sem þar koma önnur atriði til greina, eins og öllum er kunnugt, þ. e. a. s. aukin verðþensla, og á þann hátt, að það þurfi þá hærri upphæðir þess vegna. En mér þykir sérstaklega vænt um það, ef nokkurn veginn einhuga samkomulag eða kannske algert samkomulag er um það í Alþ. að fylgja þessu áfram á þann hátt, sem mér virðist nál. hv. fjhn. og þær brtt., sem því fylgja, benda til.

Ég skal aðeins taka það fram hér út af því, sem hv. þm. Dal. sagði hér áðan, að hann teldi gott að gefa út sérstaka bók um rafvæðingaráætlunina, að ég man ekki, hvort þetta kom til umr. við 1. umr., þó finnst mér það nú hafa verið. Þetta er í sjálfu sér ágæt till., en það kann að vera, að eftir að þetta frv. og jafnvel svolitið meira sé orðið að lögum, þá sé tími til þess kominn að gefa opinbera skýrslu um málið á prenti, svo að það liggi fyrir allri þjóðinni með upplýsingum um áætlun um rafvæðingu í hverju héraði. En það hefur áreiðanlega ekki verið tími til þess fyrr en nú, vegna þess að viðbótarrannsóknum hefur ekki verið lokið og er naumast lokið enn, eins og fram hefur verið tekið og mjög eðlilegt er. En þetta mun verða tekið mjög til athugunar af raforkumálaráðuneytinu. — Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram að svo stöddu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tek ekki til máls til að gagnrýna till. fjhn. við þetta frv., mér sýnist þær stefna í rétta átt og hef ekki neina athugasemd við það að gera. En ég var á ferð í Dalasýslu í sumar og varð þess þá var, strax og ég kom þar í héraðið, að það var mikil óró meðal manna um það, hvort Dalasýslu væri enginn staður ætlaður í þeirri 10 ára áætlun, sem þá hafði fyrir nokkuð löngu verið birt um raforkuframkvæmdir í landinu, og skildi ég þá óró mjög vel. Mér skilst, að það hafi verið fyrir löngu augljóst mál, að ekki væri um nema tvennt að ræða til þess að útvega raforku um Miðvesturland, það væri annaðhvort að leggja meginlínu frá Andakílsárvirkjun að sunnan og hins vegar frá Þverárvirkjun eða Þiðriksvallavatnsvirkjun í Strandasýslu að norðan og tengja þær línur saman og sjá byggðunum á Miðvesturlandi þannig fyrir raforku eða að virkja vatnsföll í Dalasýslu. Nú er langt síðan lagaheimild var fengin fyrir því að virkja Haukadalsá og ekki komin til framkvæmda og einnig í lögum ákvæði um, að virkja mætti Múlaá í Gilsfirði. En enn þá er sagt af raforkumálastjóranum, að það sé óákveðið, hvor þessara möguleika verði notaður. Sú óvissa verður viðvarandi, áframhaldandi, ef ekki er fyrir nokkuð löngu byrjað að mæla þessar ár, Múlaá og Haukadalsá, og ég þykist vita, að hæstv. raforkumálarh. geti upplýst það, hvort mælingar hafa um lengri tíma verið framkvæmdar í þessum tveimur ám og hvort þær eru í gangi nú og framvegis, því að ef svo er ekki, þá verður þessi óvissa um, hvor leiðin sé heppilegri, áframhaldandi og ekki hægt að taka neina ákvörðun um það af raforkumálastjórninni, hvora leiðina skuli velja, virkjanir þessara vatnsfalla eða lagningu lína að norðan og sunnan.

Ég undrast það í raun og veru, að raforku-

málastjóri skuli vera svona seinn á ferðinni með ákvarðanir um það, hvora þessara tveggja leiða skuli fara um rafvæðingu Miðvesturlandsins, því að það hlýtur að vera reikningsdæmi fyrir honum og hans sérfræðingum, hvort skuli gert, ef mælingarnar liggja fyrir hendi um þessar tvær ár, sem helzt er horft á annars vegar, eða hvort nota skuli þegar beizlaða orku eða orku, sem fljótlega er hægt að ná til með því að setja upp aðrar vélasamstæður í Þverárvirkjun og Andakílsárvirkjun; en val er ekki hægt að gera milli þessa, nema því aðeins að mælingarnar hafi verið framkvæmdar eða séu enn þá í gangi. Ég tel, að séu mælingarnar í gangi, hljóti að verða óskað eftir því af íbúum Miðvesturlands, að þeim útreikningum verði hraðað og ákvarðanir fljótlega teknar um það, hvort eigi að leggja línur að norðan og sunnan eða hvort það eigi að fara í sérvirkjanir á þessu svæði. — Ég óska sem sagt eftir því, að hæstv. raforkumrh. gefi upplýsingar um það, hvort mælingar eru í áframhaldandi framkvæmd að því er snertir orku Múlaár og Haukadalsár.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Út af þessari fyrirspurn hv. 3. landsk. (HV) skal ég taka það fram, að ég hef ekki hér við höndina lista yfir allar þær ár, sem vatnsmælingar fara fram í nú sífellt undir stjórn raforkumálaskrifstofunnar, en ég efast alls ekki um það, þar sem einmitt Haukadalsá hefur um mörg ár verið hugsuð sem raforkuver fyrir Dalasýslu, að þá sé búið að framkvæma þar vatnsmælingar um lengri tíma. Ég þekki svo vel vinnubrögð raforkumálaskrifstofunnar, að það tel ég að liggi alveg opið fyrir, og ég hygg, að það í raun og veru standi ekki í vegi fyrir, að raforkumálaskrifstofan hafi til þessa ekki viljað algerlega slá föstu, hvor leiðin væri farin, heldur er það ýmislegt annað, það eru ýmis ný tækniatriði í sambandi við þetta.

Fyrir tiltölulega fáum árum var yfirleitt reiknað með því, að hvert hérað yrði nokkuð sjálfstætt fyrir sig með sínu orkuveri, en nú hin síðustu ár virðast allar till. þessara tæknifróðu manna vera í þá átt, að það eigi að tengja orkuverin sem allra mest saman, hafa orkuverin sem fæst að unnt er og tengja þetta saman með háspennulínum og á þann hátt að gera landið eins fljótt og unnt er raunverulega að einu orkusvæði. Ég hef sannfærzt af fortölum þeirra sem algerlega ófróður maður í öllum tækniatriðum hvað þetta snertir, að þetta hljóti að vera rétta leiðin í raforkumálunum, eins og tæknin virðist nú vera komin langt áfram, og ég hygg, að það sé þetta, sem hafi haft meiri áhrif á það, hvað þetta hefur dregizt, heldur en að það hafi verið vanrækt að gera nauðsynlegar mælingar í þeim ám, sem gátu komið til greina í þessu sambandi. Þessi leið, sem nú er hugsuð og gerð er till. um hér í frv., að leggja línu frá Þverárvirkjun og til Reykhólasveitar, Króksfjarðarness og yfir Gilsfjörð um sveitirnar í Dalasýslu, er ekki beint greiðfær. M. a. verður þar að koma sæstrengur, og hann er geysidýr til raforkuflutnings, eins og við vitum, og allt þetta hefur náttúrlega sín miklu áhrif á það, hvernig þessi mál eru tekin. Ég veit ósköp vel, alveg eins og hv. 3. landsk., hve mikill órói er í þeim héruðum, sem ekki hafa fengið annaðhvort nokkra fyrirgreiðslu um rafvæðingu eða ákveðnar áætlanir um það, á hvern hátt þetta skuli gert á tiltölulega mjög fáum árum. En mér finnst samt, að við verðum að taka það með í reikninginn, að við höfum ekki stórum flokk tæknifróðra manna á að skipa í þessu efni og þeir hljóta að þurfa nokkurn tíma til þess að átta sig á hverju einstöku atriði, þannig að ekki verði um mjög mikil mistök að ræða, því að þau geta orðið dýrari en þó að rafmagn kæmi á eitthvert svæði einu eða tveimur árum fyrr, ef það svo sýndi sig, að um alvarlegt víxlspor hefði verið að ræða. — Ég get ekki gefið upplýsingar um þetta á þessu stigi, en ég get lofað hv. 3. landsk. þm. því, að hann getur fengið allar upplýsingar, annaðhvort frá mér eða á raforkuskrifstofunni, um vatnsmælingar í mörgum ám hér á landi; ég veit, að þær eru fjölmargar, og tel alveg öruggt, að Haukadalsá hljóti að vera þar á meðal.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 249,1 (ný 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 249,2 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 252 samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 171 tekin aftur.
5.—8. gr. (verða 6.—9. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 249,3 (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 275).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 275, n. 333, 334).

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og þetta frv. ber með sér, er það frv. til l. um breyt. á eldri l. um sama efni. Þessar breyt., sem hér eru fram bornar, eru í samræmi við þær

tæknilegu rannsóknir, sem gerðar hafa verið síðan fyrri lögin voru samþ. N. hefur borið brtt., sem felast í þessu frv., saman við eldri lög um þetta efni og orðið ásátt um að mæla með því, að frv. verði samþ. En n. hefur jafnframt orðið sammála um að bera fram tvær brtt. á þskj. 333, og eru það smávægilegar orðabreytingar, sem n. virtust vera eðlilegra orðalag en er á frv. eins og það lá fyrir. Þó vil ég geta þess, að ég tel rétt, að fyrri brtt. af þessum tveimur verði dregin til baka þangað til við 3. umr. málsins, að tækifæri gefst til þess að bera hana nánar saman við frv., af ástæðum, sem ég hef fengið upplýstar síðan brtt. kom fram.

Ég hef enn fremur leyft mér að bera hér fram brtt. við 5. gr. Það má e. t. v. segja, að sú brtt. sé ekki nauðsynleg. Eins og hún ber með sér, er hún þess efnis, að tryggt verði eftir sem áður, að nægileg raforka verði fyrir orkusvæði Þverár í Strandasýslu, þó að háspennulína verði lögð frá Þverá suður í hreppana í Barðastrandarsýslu. Ég segi, að það kann að vera, að hún megi skoðast sem óþörf, vegna þess að það komi ekki til mála, að slíkt verði gert, að leitt verði rafmagn frá þessu orkuveri til annarra staða, án þess að séð sé fyrir því, að nægileg orka sé til fyrir sjálft orkusvæðið, sem er nálægast þessu orkuveri. En það a. m. k. sakar ekki, þó að þessi brtt. sé samþ., og eðlilegt, ef hún er sjálfsögð, eins og ég tel að hún sé og eins og ég tel að málið sé hugsað, jafnvel þó að hún lægi ekki fyrir.

Ég hef svo ekki frekar um þetta mál að segja. N. var og er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með þessum tveimur breytingum, sem ég hef fyrr minnzt á. Óska ég eftir, að atkvgr. um aðra þeirra verði frestað til 3. umr. Svo hef ég leyft mér að bera fram þessa brtt., sem ég hef áður minnzt á.

ATKVGR.
Brtt. 333,1 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 333,2 tekin aftur til 3. umr.
— 334 tekin aftur til 3. umr.
5.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. N. hefur athugað þessar brtt. að nýju og tekur aftur brtt. á þskj. 333, fyrri brtt. við 2. gr., en mælir hins vegar eins og áður með brtt. á sama þskj. við 5. gr. Enn fremur er n. sammála um að mæla með brtt. á þskj. 334 við 5. gr. Frekar hef ég svo ekki um þetta mál að segja.

ATKVGR.
Brtt. 333,1 tekin aftur.
— 333,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 334 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 63. fundi í Nd., 6. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 341).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 348).

---

44. Happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna [137. mál] (þmfrv., A. 273).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Allshn. flytur frv. þetta að beiðni hæstv. sjútvmrh. Hér er um lítils háttar breytingu að ræða á lögum um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sem gengur í þá átt að gera fjölbreyttara það úrval muna, sem happdrættið hefur með höndum. Nefndin hefur út af fyrir sig ekkert við frv. þetta að athuga, en nm. eru eins og venjulega óbundnir með atkv. sitt, ef þeim sýnist svo.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 2. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 273, n. 354).

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að sú breyting verði gerð á lögunum um happdrætti fyrir dvalarheimili aldraðra sjómanna, að happdrættinu verði leyft að hafa fleiri tegundir vinninga en nú er samkvæmt gildandi lögum. Er sérstaklega farið fram á það, að leyft verði að hafa húsgögn og annað slíkt á meðal vinninga í happdrættinu. Það er nú farið að tíðkast mjög í seinni tíð að færa vinningana í happdrættunum út á dálítið breiðara svið en verið hefur, og hvað sem um þá hluti má segja yfirleitt og allt þetta happdrættafargan, sem hér gengur, þá virðist ekki vera ástæða til að amast við því, að þetta happdrætti fái að hafa á meðal sinna vinninga svipaða muni og önnur happdrætti, sem hér starfa, fá að hafa. Út frá því sjónarmiði hefur allshn. orðið ásátt um að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 362).

---

45. Skipun prestakalla (frv. menntmn. Ed.).

Á 13. fundi í Ed., 4. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla [81. mál] (þmfrv., A. 88).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram að ósk hæstv. kirkjumálaráðherra og er um breyting á lögum nr. 31 frá 1952, um skipun prestakalla.

Þetta er ekki nýtt mál, því að það var samþykkt við 3. umr. hér í þessari hv. deild hinn 5. maí s. l., en þar sem skammt var til þingslita, dagaði málið uppi í Nd.

Ekki þarf að hafa mörg orð um að lýsa frv., því að það er samhljóða því frv., er fram var borið á síðasta þingi, að öðru en því, að þjónusta um stundarsakir mun eðlilega hafa breytzt milli prestakalla frá því, sem áður var, en upplýsingar um það geta komið fram við 2. umr. málsins.

Efni frv. er að heimila biskupi að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í prestaköllum þeim, þar sem prestur er veikur eða kallið prestslaust af öðrum ástæðum.

Eins og tekið er fram í grg., eru taldir erfiðleikar á því að fá aldraða presta til þess að taka að sér þjónustu í fjarlægum prestaköllum um stuttan tíma. Þess vegna er frv. þetta fram komið. Er nauðsynlegt að ráða prestvígðan mann til þessara starfa og hafa þá ráðningartímann allt að 3 árum, því að ekki þykir viðkunnanlegt að vígja unga kandidata til nokkurra mánaða þjónustu. Launakjör skulu vera þau sömu og sóknarprestar hafa, og ferðakostnaður skal greiddur sérstaklega samkvæmt reikningi, er ráðuneytið úrskurðar, svo og húsaleiga, ef með þarf.

Þar sem prestaköllin eru nú 116 að tölu samkv. lögum nr. 31 frá 1952, er ekki að undra, þó að einn prestvígðan mann þurfi til þess að vera tiltækan til þjónustu, þegar svo ber undir, að forföll verða hjá þjónandi prestum.

Að lokinni þessari umr. óskast málinu vísað til 2. umr. og að sjálfsögðu aftur til menntmn., sem falinn var flutningur málsins.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég hef engu að bæta við framsögu hv. þm. Hafnf., en ég vildi aðeins taka það fram, að ég hef komizt að þeirri niðurstöðu eftir að athuga þetta mál allvandlega með biskupi og hans starfsmönnum, að raunverulega hlyti þetta að verða fremur hagnaður fyrir ríkið en aukinn kostnaður. Það hefur a. m. k. verið svo þessi síðustu ár, að raunverulega er greitt meira til þessarar aukaþjónustu í ýmsum prestaköllum en nemur launum eins prests. Það getur náttúrlega komið fyrir, að ekki geti hann alltaf annað öllu. Það kann satt að vera. En ég hef þó sannfærzt um, að þetta væri raunverulega rétt, með þeirri skipan, sem nú er um þessi mál, og hef því leyft mér að mæla með því, að frv. fengi afgreiðslu Alþingis. — Það var ekkert annað, sem ég ætlaði að segja.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég heyrði, að frsm. þessa máls, hv. þm. Hafnf., lagði til, að málið færi aftur til nefndarinnar, og það gefur mér tilefni til að benda á þrjú atriði, sem ég vildi óska að n. athugaði.

Í fyrsta lagi liggur hér fyrir annað frv. um breyt. á sömu lögum. Ég hef bent á það áður, að ég tel ákaflega illa farið, þegar sama Alþ. semur fleiri en eina breytingu, sem koma fram í lögum viðvíkjandi breytingu á einu og sömu lögunum. Ef það er meining nefndarinnar þess vegna að gera þá breytingu, sem felst í frv. á þskj. 79, þá er rétt að setja það inn í þetta frv., svo að það komi ekki frá þessu þingi nema ein lög um breytingu á prestakallalögunum. (Gripið

fram í: Eða að setja þetta inn í hitt frumvarpið.) Já, eða það, skeyta þau saman, svo að það komi aðeins eitt frv., sem breyti prestakallalögunum, en ekki tvö, samþ. á Alþingi með tveggja eða þriggja daga millibili. Það er til að gera glundroða fyrir öllum mönnum, sem þurfa að nota lög, að gera slíkt. Þetta er fyrsta atriðið, sem ég vildi beina til nefndarinnar.

Önnur athugasemdin er svo bundin við frv. þetta, sem nú liggur fyrir til umr. Þar er ætlazt til þess, að þessum presti sé greiddur ferðakostnaður úr ríkissjóði. Hann á að hafa sömu laun og aðrir prestar. Hann er settur prestur einhvers staðar í einhverju prestakalli, og svo þarf hann að fara á bæ til að jarða. Á hann að fá ferðakostnað fyrir það? Það hefur enginn annar prestur ferðakostnað frá ríkinu fyrir að gera þetta embættisverk, en það liggur í orðanna hljóðan, eins og frv. er núna. Sé hins vegar ætlazt til, að hann fái aðeins ferðakostnað til að komast í þetta nýja kall og úr því aftur, þá er það annað mál og þá þarf það að takast fram. En ferðakostnað á hann ekki að mínum dómi að hafa sem prestur frekar en aðrir sóknarprestar. Ég tel, að það þurfi að breyta þessu.

Það er enn fremur talað um það hér, að borguð skuli fyrir hann húsaleiga. Hvaða ástæða er til þess, ef það veikist prestur einhvers staðar, t. d. norður á Melstað, og það á að setja prest fyrir hann árið, og húsið stendur þar, ríkissjóður á það, presturinn, sem hefur verið þar og er þar, er veikur, og hann fer burt, og það er settur nýr prestur að þjóna? **(Gripið fram í:** En ef hann og hans fjölskylda er kyrr í húsnæðinu?) Það er sama, húsaleigan er reiknuð þeim presti sama sem ekki neitt, og öll prestsseturshús hér á landi eru þannig sett, að það er lafhægt að bæta í þau a. m. k. einhleypum manni. Þess vegna tel ég það mjög vafasamt, hvort á að fara svona að. **(Gripið fram í:** En ef húsið er nú í sóttkví?) Ja, þá þarf hann að vera annars staðar. Það mundi náttúrlega einhvern veginn rætast fram úr því í þeim málum. En ég tel ekki rétt, almennt séð, að ákveða það, að þessir prestar eigi að fá húsaleigu fram yfir aðra presta, því að þeir setjast yfirleitt að í prestsseturshúsunum, og eftir lögum er prestunum reiknað það að vísu til ósköp lítilla tekna, en þeir sitja nærri því afgjaldslaust í húsunum, og það er ekkert á móti því, en þá eiga þessir varaprestar, sem á að grípa til í prestsleysi, ekki að vera það rétthærri en hinir prestarnir, að fyrir þá sé borguð einhver húsaleiga eftir einhverjum reikningi, sem fram kemur. Þeir eiga að hafa afnot af því húsnæði, sem fylgir því prestsembætti, sem þeir eru settir til að þjóna í forföllum annars prests, og ekki sérstaklega að greiða þeim húsaleigu að mínum dómi. Þetta vildi ég nú biðja n. að athuga.

Ég er ekkert á móti því, að ráðningartíminn skuli vera allt að þremur árum, en það finnst mér nú samt nokkuð langur tími til að ákveða prest í forföllum annars prests, — að maður sjái það fyrir, að það séu a. m. k. þrjú ár, þangað til þessi prestur, sem þarf að gera eitthvað eða fara eitthvað eða er lasinn og þarf að fá heilsubót, geti komið aftur, svo að það sé ástæða til að ráða hinn svo lengi. Það finnst mér mjög vafasamt. Þó er það ekkert aðalatriði hjá mér. En hitt finnst mér hvorugt ná neinni átt að láta hann fá rétt til alls ferðakostnaðar, sem fylgir embættinu, sem engir aðrir prestar hafa, þegar hann hefur sömu laun og þeir, og líka að borga fyrir hann húsaleigu, þar sem í ég held öllum prestsembættum landsins fylgir bústaður fyrir prestinn. Ég er ekki alveg viss um það samt, ekki kannske alveg öllum hérna í Reykjavík, þó held ég það nú líka, eða þá að þeir fái húsaleigustyrk, annað hvort af tvennu.

Þetta vildi ég biðja nefndina að athuga.

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Út af athugasemdum hv. 1. þm. N-M. vildi ég segja það, þar sem hann minnist á ferðakostnað prestsins, að þegar þetta var til umræðu á s. l. vori, síðasta þingi, þá kom það fram í umr. og var fram tekið, að þar væri eingöngu um að ræða ferðakostnað að prestakallinu og frá því, þegar prestur kæmi að til að þjóna, svo að á þessu leikur nú ekki vafi.

Í öðru lagi var einnig minnzt á húsaleiguna, að í flestum tilfellum mundi presturinn geta gengið inn í húsnæði hjá þeim presti, sem yrði forfallaður, en væri það ekki og hann þyrfti að leigja sér húsnæði, því að stundum gæti staðið svo á, sérstaklega í kaupstöðum og þorpum, að hann yrði að fá annað húsnæði, þá yrði að sjálfsögðu að greiða það, því að það stafar eingöngu af því starfi, sem hann væri fenginn til og ætti ekki að greiða sérstaklega frekar en aðrir prestar.

Í frv. segir um prestsráðninguna, að ráðningartími sé t. d. til þriggja ára. Það er ekki ákveðnara til orða tekið en það, það gæti verið eftir samningum, það gæti þá t. d. verið alveg eins tvö ár, það er ekki aðalatriði, en að það sé vígður og ráðinn prestur til nokkurra mánaða, virðist vera gagnslítið og ekki viðkunnanlegt.

Það er annað frv. um sama efni hér, þ. e. skipun prestakalla, og er um það að segja, að einmitt á síðasta þingi var þessum frv. steypt saman, en það er frv. um Vestmannaeyjaprestinn, því var breytt nokkuð og fellt inn í þetta frv., en vel getur verið, að það horfi öðruvísi við nú, og kemur til athugunar hjá nefndinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 106).

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Fyrir menntmn. hafa legið tvö frv. um skipun prestakalla, hið fyrra á þskj. 79 um skipun á nýjum sóknarpresti í Vestmannaeyjum og var borið fram af þm. kjördæmisins, þannig að framvegis skuli sitja tveir sóknarprestar þar. Með því að íbúar í Vestmannaeyjum eru nú orðnir nokkuð á fimmta þúsund og auk þess dvelja þar aðkomumenn, er atvinnu stunda á vetrarvertíð 4—5 mánuði, og er tala þeirra 1000—1500 manns, má telja, að Vestmannaeyjasókn sé sú langstærsta, sem einn prestur þjónar utan

Reykjavíkur, og of mikið starf fyrir einn mann. Af þessum rökum er sú ósk fram borin af sóknarfólki í Vestmannaeyjum, að einum presti sé bætt við, svo að sóknarprestar verði tveir þar, en eins og kunnugt er, var slík áskorun undirrituð af 1237 mönnum í Vestmannaeyjum. Einnig er sýnilegt, að íbúum Vestmannaeyja mun stöðugt fjölga á næstu árum.

Í umræðum um skipun prestakalla á þinginu 1951 kom það glögglega í ljós, að margir voru fastheldnir við það að breyta prestaköllum sem minnst, og voru menn lítið fyrir fækkun presta, svo að sóknarbörn skipta sums staðar örfáum hundruðum. Því virðist ekki vanþörf á tveimur sóknarprestum í Vestmannaeyjum, þar sem sóknarfólk skiptir þúsundum.

Um hitt frv., á þskj. 88, sem flutt er af menntmn. þessarar hv. d. að beiðni kirkjumálaráðherra, þarf ekki að fara mörgum orðum. Grg. þá, er frv. fylgir, og framsögu við 1. umr. málsins er engu við að bæta öðru en því, sem fram kemur í brtt. nefndarinnar.

Nefndarmönnum fannst réttara að fella þessi tvö frv. saman í eitt, um leið og gerðar væru á þeim smábreytingar, því að bæði frumvörpin eru um breytingar á lögum um skipun prestakalla, nr. 31 1952.

Eins og nál. á þskj. 106 ber með sér, eru allir nm. sammála, er mættir voru á fundinum, en einn nm., hv. 4. þm. Reykv., var ekki viðstaddur og ekki vitað um afstöðu hans til málsins.

Um fyrri breytinguna er það að segja, að aðeins tölusetningin breytist úr 40. prestakalli í 40.—41 við það, að þau verða tvö. Í síðari brtt. er tekið upp greinilegra orðalag um kaup og kjör til handa presti þeim, er biskupi er heimilt að ráða.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir þá afgreiðslu, sem hv. frsm. lýsti á því frv., sem ég flutti á þskj. 79 um breytingu á lögum um skipun prestakalla. Mér skilst, að hv. n. í tillögum sínum hafi lagt til, að frv. mitt um, að tveir sóknarprestar yrðu framvegis látnir þjóna í Vestmannaeyjum, sé með því efnislega samþykkt, og út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því, þó að hv. n. afgreiði það í einu lagi ásamt því frv., er seinna kom, um aukaprest eða ferðaprest, sem svo er nefndur. Að fenginni þessari umsögn hv. n. vonast ég til, að málið geti fengið afgreiðslu út úr þessari d. á þann hátt, sem hv. n. hefur frá því gengið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil þakka n. bæði fyrir það, að hún hefur sameinað þessi tvö frv., sem ég taldi rétt og sjálfsagt, og eins fyrir það, að hún hefur tekið til greina þær athugasemdir, sem ég var að gera við frv., sem nú liggur fyrir, viðvíkjandi bæði ferðakostnaði og húsaleigu þessa umferðarprests, sem hugsað er að setja eftir lögunum. Ég tel það hvort tveggja til stórra bóta og vil láta í ljós þakklæti til nefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 106,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: JJós, JK, KK, LJóh, SÓÓ, BSt, IngF, GíslJ. PZ, VH, BrB, FRV, HG greiddu ekki atkv.

4 þm. (AE, BBen, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 106,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 109, 113).

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Við 2. umr. málsins um skipun prestakalla voru samþ. tvær brtt. Nú flytur menntmn. nýja brtt., þar sem heppilegar og ákveðnar er til orða tekið. Er hún á þá leið, að síðasta mgr. 2. gr. orðist svo:

„Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans milli prestakalla skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga, þar sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.“

Þetta er skrifleg brtt., og leyfi ég mér að afhenda hana hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 113, sem var of seint fram komin, og skrifl. brtt. (sjá þskj. 116) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram á þskj. 113 brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu. Áður en ég ræði brtt. sjálfa, vildi ég fara nokkrum orðum um málið almennt.

Ég hef tilkynnt hæstv. kirkjumálaráðherra, að þetta mál væri sérstaklega til umræðu, og hefði mér þótt betra, að hann hefði verið við hér. En nú sé ég, að hann hefur ekki haft ástæður til þess, og þykir þó eigi rétt að fresta málinu af þeim ástæðum.

Þegar séra Guðmundur Einarsson sálugi sagði lausu Þingvallaprestakalli og fluttist að Mosfelli í Grímsnesi fyrir rúmum 25 árum, var honum jafnframt falið að þjóna Úlfljótsvatnssókn, er hann hafði áður verið kjörinn til og þjónað. Jafnframt var séra Hálfdáni sáluga á Mosfelli í Mosfellssveit falið að þjóna Þingvallaprestakalli. Mun þá almennt hafa verið litið svo á, að hér væri um bráðabirgðaskipun að ræða, sem venja er, þegar prestakall losnar, að viðhafa, þar til nýr prestur er löglega kosinn.

Hitt mun svo vera einsdæmi, að prestakall, sem svo stendur á um sem hér, hafi ekki verið auglýst til umsóknar í meira en aldarfjórðung, og einkum þegar vitað er, að fjöldamargir prestar mundu vilja eiga þess kost að þjóna prestakallinu. Mun hér í fyrstu nokkuð hafa ráðið, að séra Guðmundi mun ekki hafa verið ljúft að standa upp frá Þingvöllum og það því átt að vera einhver sárabót að láta hann þjóna Úlfljótsvatnssókn fyrir ¼ af prestslaunum í viðbót við aðal-

launin, í stað þess að uppfylla réttmætar og sanngjarnar kröfur um viðunandi aðbúnað á Þingvöllum, og síðan hafi hitt komið til viðbótar, að til þess að þjóna Þingvallasókn var settur ágætur kennimaður, sem sóknarbörnunum þótti vænt um alla tíð og þau báru mikla virðingu fyrir. En hvorugt þetta gat þó réttlætt það lögbrot að leggja niður prestssetur á Þingvöllum og neita söfnuðinum um rétt til þess að hafa þar sinn eigin prest, svo sem lög mæla fyrir, en þetta hefur þó kirkjumálastjórnin látið sér sæma að gera um meira en aldarfjórðungsskeið. — Ég sé, að hæstv. kirkjumálaráðherra er kominn hér. — Í áframhaldi af þessu og í fullu samræmi er sjálf kirkjan látin grotna niður, svo að hún getur tæplega talizt messufær nema í blíðskaparveðri, ef hún þá ekki einhvern góðan veðurdag er fokin af grunninum og stæði þannig sem hrópandi rödd um kirkjumenningu þjóðarinnar. Allt þetta er látið viðgangast á þeim stað, þar sem kristnin var lögtekin og menn guma svo mjög af við innlenda og erlenda menn, að sé helgasti staður landsins.

Ríkið er einn eigandi staðarins, ríkið er einn eigandi kirkjunnar, ríkisstjórnin er alls ráðandi þessara mála. Alþingi á hér enga sök. Það hefur fyrirskipað svo með lögum, að Þingvellir skuli vera prestssetur og Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir skuli hafa rétt til þess að kjósa sér prest. Kirkjumálastjórnin hefur tekið sér það vald að þverskallast árum saman við óvefengjanlegum lagafyrirmælum hér að lútandi og það án þess að gefa Alþingi nokkra ástæðu fyrir svo óskiljanlegri meðferð á þessu máli, svo að unnt væri fyrir Alþingi að ræða það mál og bæta úr því, sem sýnist standa í vegi fyrir því, að lögunum sé framfylgt, en enginn veit þó, hvað er. Þessi óskiljanlega framkvæmd gegn ákveðnum söfnuði í landinu sýnist vera að fá á sig hefð, þar sem hún hefur verið þoluð í meira en aldarfjórðung, manni verður á að spyrja: Er hér verið að stíga nýtt spor í þá átt að afnema prestana í þeim héruðum landsins, sem kirkjumálastjórninni kann að þykja eðlilegast að engir prestar séu staðsettir í, alveg burt séð frá því, hvað lög mæla fyrir. Ef svo er, þá er svo sannarlega ekki byrjað þar, sem minnst ætti að vera fyrirstaðan, með því að velja þann staðinn, sem þjóðin telur helgastan og þar sem grundvöllurinn var lagður að hinni íslenzku kirkju. Þá verður og torskilinn sá áhugi, sem fram kemur í frv., sem er hér til umræðu, að fjölga prestum í Vestmannaeyjum og ráða umferðarprest í hin prestslausu héruð, nema framtíðin eigi að verða sú, að allir prestar landsins skuli búsettir í fjölbýlinu og þjóta síðan um landið í jeppabílum til að þjóna hinum ýmsu prestslausu héruðum, eftir því sem þeim eða kirkjuyfirvöldunum kann að þóknast hverju sinni. Teldi ég þá stefnu á engan hátt til bóta fyrir kirkjumál eða kristindóm í landinu.

Prestar hafa um aldaraðir verið stoð og stytta sinna sveitarfélaga og oft verið forvígismenn margra framfaramála, ekki einasta hinna kirkjulegu, heldur og félagslegu, menningarlegu og fjárhagslegu. Og það mun fljótt koma í ljós, að verði farið lengra og lengra inn á þá stefnu að hafa héruðin prestslaus og láta þjóna þeim af ferðaprestum, þá verður það ekki til þess að skapa meiri festu í þessi mál en nú er, og mun þó ekki af veita, að hér yrði á nokkur bót. Hér verður því að spyrna við fæti og krefjast þess fyrst og fremst, að prestar séu skipaðir í hin löglegu prestaköll, og sé eitthvað því til fyrirstöðu, að þangað fáist prestar, verður að bæta úr þeim ágöllum, sem því eru valdandi. Hitt er engin framtíðarlausn, að búa svo að málum þessum, að enginn fáist til þess að þjóna ákveðnum prestaköllum, oftast vegna aðbúnaðar þar, en senda þangað síðan prest við og við til þess að framkvæma nauðsynlegustu prestsverk, svo sem skírnir, hjónavígslur og greftranir, og því síður skyldi hitt þolað, að prestaköll, sem fjöldi manna vildi þjóna, skuli ekki veitt árum saman, svo sem átt hefur sér stað um Þingvallaprestakall. Annars er mönnum alveg óskiljanlegt, hvað það er, sem veldur því, að prestakallið er ekki veitt, því að í sparnaðarskyni er það ekki gert fyrir ríkissjóðinn, þar sem verður nú og hefur orðið að greiða allan þennan tíma fulla launaupphæð, sem hefur runnið til annarra aðila.

Þegar núgildandi lög um prestaköll voru til umræðu hér í þessari hv. deild, bar ég fram brtt. við frv., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Ráðherra skipar prest að Þingvöllum að fengnum tillögum biskups og guðfræðideildar Háskóla Íslands. Er Þingvallapresti skylt án sérstakrar greiðslu að leiðbeina gestum, sem heimsækja staðinn og þess óska, um allt það, er lýtur að örnefnum, helgi hans og sögu. Aldurstakmark í embættisþjónustu gildir ekki hvað viðvíkur þessu prestakalli. — Prestssetur: Þingvellir."

Ég reyndi þá að fá upplýst, hver væri meginástæðan fyrir því, að Þingvallaprestakall hafði ekki verið veitt árum saman, en það tókst ekki þá frekar en nú. En ef til vill getur hæstv. kirkjumrh. upplýst þetta hér í þessari hv. deild undir umræðunum um þetta mál. Ein líklegasta tilgátan var, að þar fyrirfinnst enginn prestsbústaður. En kirkjumálastjórnin getur ekki ætlazt til þess, að sú ástæða verði tekin gild, því að ætti að taka upp þá stefnu að skipa hvergi presta nema þar, sem fyrir er viðhlítandi bústaður, þá yrði líklega um helmingur allra safnaða á landinu prestslaus og þ. á m. sumir hér í höfuðborg landsins. Þá ætti ekki heldur að fjölga prestum í Vestmannaeyjum, nema áður hefði verið byggður upp þar prestsbústaður. Það hljóta því að liggja aðrar orsakir til þess, að Þingvallaprestakall er enn óskipað. Ef prestakallið hefði hins vegar þótt of lítið, svo að telja mætti, að embættið eitt gæfi ekki nægilegt starf fyrir mann, hefði átt að afnema prestakallið sem sérstakt prestakall og leggja það undir þau prestaköll, sem því hefur verið þjónað frá um langt árabil. En þetta var ekki heldur gert.

Prestakallinu er haldið sem sérstöku prestakalli í lögunum frá 1952 með prestssetri á Þingvöllum, en það aldrei síðan auglýst, en launin greidd öðrum aðilum. Það er þess vegna ljóst, að Alþingi ætlast til þess, að Þingvallaprestakall eigi ekki að vera nein hornreka og að því sé ekki þjónað svo sem um útkirkju frá aðalprestakalli

væri að ræða, heldur að því yrði sýnd full virðing, svo sem vera ber um slíkan stað. Að till. sú, sem ég las upp hér áðan, var ekki samþykkt, hygg ég, eftir þeim umræðum, sem fram fóru um hana á þeim tíma, að hafi stafað af tvennu: í fyrsta lagi vegna þess, að ekki hefur þótt eðlilegt og embættinu samboðið að ætla prestinum að leiðbeina hverjum þeim, er heimsæktu staðinn og þess óskuðu, og skýra þeim frá sögu hans og örnefnum, svo og hitt, að með till. var tekinn réttur af söfnuðinum til þess að kjósa sér prest. Um fyrra atriðið er það að segja, að ég var að sjálfsögðu tilbúinn til þess að semja um annað orðalag þar að lútandi, og um hið síðara, að þessi réttur hefur þegar verið tekinn af sóknninni. Þegar núverandi prestar, sem þjóna prestakallinu, voru kosnir, fengu kjósendur í Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknum engu að ráða um þær kosningar og engan atkvæðisrétt að hafa um val prestanna. Hvorugt þetta var því veigamikið og ekki frambærilegt að fella tillöguna af þeim ástæðum. Þó hefur mér þótt rétt að taka nokkurt tillit til þess, er ég á ný geri tilraun til þess að fá þessu máli komið í viðhlítandi horf.

Af því, sem ég hef tekið fram hér, þótti mér rétt að bera fram brtt. við frv. það, sem hér er til umræðu, og er brtt. á þskj. 113, en hún er svo hljóðandi:

„Við 1. gr. Framan við gr. bætist:

30. tölul. í 1. gr. laganna orðist svo:

Þingvellir. Ráðherra skipar prest í Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir eftir meirihlutatillögum biskups, prófasts og Þingvallanefndar, sem jafnframt ákveða starfssvið hans. Aldurstakmark embættisþjónustu gildir ekki um þetta embætti. — Prestssetur: Þingvellir.“

Þegar lögin um friðun Þingvalla eru samþykkt og umsjónarmannsstarfið þar tekið upp, samfara því sem prestssetrið Þingvellir er afhent þjóðgarðinum til eignar og umráða, er presturinn hrakinn þaðan, án þess þó að fyrir því hafi verið nokkur lagabókstafur.

Starf umjónarmannsins er tvíþætt. Annars vegar á hann að hafa á hendi alla umsjón með þjóðgarðinum og þeim verðmætum, sem þar eru, hvort sem um er að ræða söguleg verðmæti eða efnisleg verðmæti, svo sem trjágróður og byggingar, jafnframt því sem hann skyldi hafa umsjón með allri umgengni um staðinn, prýða hann eftir föngum, hlúa að jörðinni og gæta þess, að fylgt yrði settum reglum, er veiði og umferð varðar. Hins vegar skyldi hann einnig taka á móti þeim tignargestum, er vísað var til dvalar í Þingvallabæ eða voru á vegum hins opinbera og óskað var eftir að hann aðstoðaði og upplýsti um sögu staðarins og helgi.

Í fyrstu tvö skiptin, sem valið er í umsjónarmannsstarfið, sýnist hafa verið lögð megináherzla á, að mennirnir væru færir um að inna af hendi fyrst og fremst hin efnislegu verkefni. En þegar núverandi umsjónarmaður er valinn, virðist þetta hafa snúizt við og réttara hafi þótt þá að taka meira tillit til menntunar og andlegs atgervis umsækjanda, því að af þeim rúmlega 20 mönnum, sem um starfið sóttu, komu aðeins tveir til greina hjá nefndinni, þ. e. séra Jóhann Hannesson, sem starfann hlaut, og Jón Helgason rithöfundur og blaðamaður, og voru þó sumir hverjir í þessum hóp, sem höfðu mikla og góða þekkingu á gróðri jarðar og öllu því, sem að þeim málum lýtur. Er sýnilegt af þessu, að nefndin hefur ekki lagt lítið upp úr því, að maðurinn hefði til að bera einhverja menntun og andlega hæfileika, svo sem ritsnilli, málakunnáttu og þekkingu á umgengni við tignargesti. Mér dylst það ekki heldur, að háttvísi, menntun og fróðleikur slíks manns er mikils virði bæði fyrir þjóðina og staðinn, þegar hann á að koma þar fram sem fulltrúi staðarins, er erlenda menn ber að garði. Hitt er svo annað mál, að þeir hæfileikar fyrirfinnast ekki ávallt hjá einum og sama manni ásamt þeirri þekkingu, sem nauðsynleg er umsjónarmanninum á öðrum sviðum. Og það er einmitt þess vegna, sem nauðsynlegt er, að þessu starfi sé skipt á milli tveggja góðra manna. Það getur fullkomlega samrýmzt almennum prestsverkum á Þingvöllum, að sami maður sé fulltrúi staðarins og þjóðarinnar, er erlendir gestir heimsækja staðinn, og einkum þegar þessir menn eru gestir ríkisstjórnarinnar eða ríkisstofnana, og því á að leggja þann þátt starfsins á hendur prestinum samfara hinum almennu prestsverkum. Því hef ég lagt til í till., að starfssvið prestsins sé ákveðið með sérstöku skipunarbréfi, er þeir aðilar, sem velja hann, gefa honum, og með því að þetta starf eins og allt annað getur verið breytingum háð, er rétt að ákveða það ekki í smáatriðum í lögum, heldur á þann hátt, sem lagt er til í till. Að þessu leyti þótti mér rétt að breyta orðalagi till. frá því, sem hún var fram borin 1952.

Þá er einnig gerð nokkur breyting á till. um það, á hvern hátt presturinn skuli valinn. Er till. að þessu leyti samin í samræmi við óskir biskups, og mætti ef til vill vera hér um að ræða framtíðarstefnu um val presta yfirleitt, því að vitað er, að sú stefna, sem farin hefur verið í þeim málum um langt skeið, er brátt að renna skeið sitt á enda, og að það verði tekin upp fyrr eða síðar önnur hollari.

Það er að vísu ekkert aðalatriði að binda val prestsins við þá aðila, sem taldir eru upp í till. Mætti t. d. bæta þar við sóknarnefndinni, og er ég til viðtals um slíkar breytingar, enda hverja aðra, sem heppileg þætti. En að ég legg til, að þessi prestur sé ekki kjörinn almennri kosningu, kemur til af því, er nú skal greina:

Prestastéttin hefur á öllum tímum átt menn, er borið hafa höfuð og herðar yfir fjöldann á sviði menningar og lista. Með hverri kynslóð hafa slíkir menn jafnan verið og verða væntanlega um alla framtíð. Þjóðin hefur hins vegar ekki ávallt búið að þessum mönnum sem skyldi og þeir því ekki getað verið jafnafkastamiklir og efni stóðu til. En einmitt hér er tilvalið tækifæri til þess að hlúa að slíkum gróðri í framtíðinni. Til Þingvalla á að velja prest, sem líklegur er til þess að skapa varanleg andleg verðmæti, svo sem margir prestar hafa gert fyrr og síðar. Kjör hans þurfa að vera slík, að hann geti gefið sig að hugðarmálunum samfara prestsstarfinu, og aðbúnaður allur í samræmi við það, m. a. bókakostur, sem þjóðgarðurinn væri einn eigandi að og geymdur væri á Þingvöllum. Slíkur maður

yrði þjóðinni og Þingvöllum til sóma og gagns út á við og inn á við, en til þess að tryggja slíkan mann verður að vera hægt að velja hann á líkan hátt og lagt er til í till. minni á þskj. 113. Á þennan hátt er jafnframt hægt að gera umsjónarstarf á Þingvöllum margfalt árangursríkara án þess að veita til þess meira fé en gert er í dag, og Þingvellir eiga sannarlega þá kröfu, að svolítið sé gert fyrir þá, þegar það kostar engin útgjöld fyrir ríkissjóðinn.

Ég vildi mega mælast til þess, að hv. menntmn. vildi athuga tillögu mína og fá þessari umr. frestað, þar til henni hefur gefizt tækifæri til þess að taka afstöðu til málsins, eins og ég einnig vænti þess, að hæstv. kirkjumrh., sem hér er staddur, svari því, sem hér er vikið að, og vildi mega heyra hug hans til þessa máls.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru bara örfá orð, sem ég þarf að segja.

Það eina, sem mér virtist koma fram í þessari ræðu hv. þm. Barð., sem jafnframt mun vera formaður í Þingvallanefnd, ef ég man rétt, var fyrirspurn um það, hvers vegna ekki hefði verið settur prestur í Þingvallaprestakall. Ég get svarað þessu mjög fljótlega að því er mig snertir þau tvö ár, sem ég hef farið með kirkjumálin. Ég hef yfirleitt haft þá afstöðu að fara eftir till. biskups um þau mál, sem snerta kirkjuna, að því leyti sem það hefur samrýmzt mínum eigin till., og því flutt fram hér á Alþingi nokkrar till., sem frá honum hafa komið varðandi þessi mál, og þ. á m. það frv., er snertir aukaprest til þess að gegna í forföllum reglulegra presta, sem forfallast, og það held ég, að sé mjög mikill misskilningur hjá hv. þm. Barð., að með því sé verið að stefna að því, að allir prestar eigi að vera búsettir hér í Reykjavík og eigi svo að þjóta á bílum eða flugvélum út um land og rétt drepa sér niður á kirkjustöðum og gegna þar störfum. Við hv. þm. Barð. erum báðir það rosknir menn og þekkjum svo mikið til og vitum það, að prestar forfallast frá störfum eins og aðrir, og það er ekki alltaf þægilegt að láta gegna því á annan hátt en til sé maður, sem geti hlaupið í skörðin. Hlutverk þessa varaprests, eða hvað á að kalla hann, er ekkert annað en það, og hitt dettur vitanlega engum í hug, og því er ég nú undrandi á jafnþingvönum manni og hv. þm. Barð., að koma með aðra eins firru og þetta og það í skrifaðri ræðu, sem hann hefur undirbúið. Þetta dettur vitanlega engum í hug. Þetta er mál, sem biskup hefur sérstaklega borið fyrir brjósti, sérstaklega beðið fyrir, og ég sannfærðist um, að þetta væri rétt mál, mundi ekki hafa aukin útgjöld í för með sér og það væri því rétt að gera þetta. Hins vegar hafa engar tillögur komið fram frá biskupi um Þingvelli til mín þessi meira en tvö ár, sem ég hef verið í þessu starfi sem kirkjumálaráðherra, og það er ástæðan til þess, að ég hef ekkert gert í málinu. Ég skal viðurkenna, að ég hef treyst bæði þeim biskupi, sem fyrir var hér, herra Sigurgeir Sigurðssyni, og eins þeim, sem nú situr, herra Ásmundi Guðmundssyni, til þess að koma til mín, sem er leikmaður og hef aldrei sett mig neitt verulega inn í kirkjuleg málefni, með það varðandi kirkjuna, sem þeir sem yfirmenn hennar með þeim réttindum, sem kirkjan hefur hér og þeir sem yfirmenn hennar, um það, sem þeir teldu mestu varða í þessum efnum, og það er þetta, sem hefur gerzt, ég skal alveg viðurkenna það.

Ég hef í raun og veru ekkert annað um þetta að segja. Satt að segja hef ég yfirleitt ekki mjög mikinn áhuga á fjölgun presta yfirleitt í landinu, þó að ég hafi stutt að því, að þessi aukaprestur yrði settur til þess að hlaupa í skörð, þar sem þörf væri, og ég get meira að segja bætt því við, að ég hef álitið það og áleit, þegar síðast voru samþ. lög um prestakallaskipunina, að þá hefði verið hægt að breyta töluvert meiru en gert var í þeim efnum. Ég ligg ekkert á því, þótt ég sé kirkjumálaráðherra, og álít, að það hefði að sumu leyti kannske verið betra fyrir þrif kirkjunnar hjá okkur, að þá hefði prestum verið nokkuð fækkað. En það var enginn vilji til þess hjá hinu háa Alþingi, og við, sem þar sátum, eigum auðvitað allir okkar hlut í því. Ég er ekkert að undandraga mig frá því út af fyrir sig. En ég hef ekki séð ástæðu til þess að taka þetta mál upp, fyrr en það á einhvern hátt kæmi fram frá æðsta manni íslenzku kirkjunnar, herra biskupnum.

Nú virtist mér á niðurlagi ræðu hv. þm. Barð., að hann hefði átt tal við biskup um þetta mál að einhverju leyti, því að hv. þm. vitnaði að einhverju leyti í ummæli biskups. Þetta getur vel verið, og ég mun að sjálfsögðu í þessu máli eins og öðrum taka mjög mikið tillit til þess, sem biskupinn flytur, og þeirra raka, sem hann kemur með varðandi mál eins og þetta. En núna vildi ég leyfa mér að segja það, að ég vildi óska eftir, að menntmn. þessarar hv. deildar, sem mun hafa með þetta mál að gera, ræði við biskupinn um málið. Ég veit það að vísu ekki með vissu, en ég hygg þó, að n. hafi ekki rætt þetta mál við biskup, eða ég hef skilið það þannig. Ef það er misskilningur, þá biðst ég afsökunar á því. En það finnst mér alveg sjálfsagt, áður en lengra er gengið um þetta atriði. Um mína afstöðu til málsins að öðru leyti mun ég ekki ræða neitt hér, fyrr en ég hef fengið umsögn biskups og rök hans fyrir því, að sjálfsagt sé að gera þetta, og þá einnig þann hátt, sem hv. þm. Barð. leggur til í sinni till., sem er nokkuð sérstæður og samrýmist alls ekki því, á hvern hátt prestar eru nú kallaðir til embætta hér í þessu landi, eins og við vitum, þar sem um kosningar safnaðanna er að ræða. En ég segi það alls ekki af því, að ég gæti ekki hugsað mér breytingu í þeim efnum. Ég get mjög efazt um, að það skipulag, sem nú ríkir, sé rétt í þessum efnum, og það gæti verið full ástæða til að taka það út af fyrir sig til meðferðar, þó að það yrði alls ekki gert í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, hvort ekki væri rétt að breyta til að meira eða minna leyti í þeim efnum. En það er allt annað mál.

En það, sem ég vil aðeins endurtaka, er þetta, að hv. menntmn., hafi hún ekki rætt við biskup um þetta mál, geri það, áður en hún tekur ákvörðun um afstöðu til málsins, og að sjálfsögðu mun ég líka kynna mér skoðanir hans um þetta.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki alveg fylgzt með umræðunum, en mér skilst, að fyrir okkur þm. í þessari d. sé nauðsynlegt, að við vitum það, áður en við greiðum atkv. um þá brtt., sem hér liggur fyrir, hvort til standi að ráðstafa prestsembættinu á Þingvöllum lögum samkvæmt eða ekki. Ég hef að vísu ekki athugað nýlega lagaboðið, en hv. þm. Barð. *fullyrti, og mig minnir,* að það sé rétt, að lögboðið sé sérstakt prestakall á Þingvöllum. Og án þess að ég vilji deila við minn góða starfsbróður, hæstv. kirkjumrh., skilst mér, að það þurfi ekki neina tillögu frá biskupi um að framfylgja landsins lögum. Það er eðlilegt, að biskup eigi tillögurétt um framkvæmd á landsins lögum, ef þar er um vafaatriði að ræða og fleiri en einn möguleiki og valfrelsi hjá stjórnvöldunum. En ef það er rétt, sem mig minnir og hér hefur verið fullyrt í umræðunum, að það sé lögboðið að hafa prestakall á Þingvöllum, þá vantar mig skýringu á því, eins og hv. þm. Barð., af *hverju þeim lögum hefur ekki* verið fullnægt. Það er eðlilegt, að þeirri spurningu sé nú beint til hæstv. kirkjumrh., þó að þar sé auðvitað engan veginn hann um að saka á neinn veg, sérstaklega þar sem vitað er, að þeim sama hætti hefur verið haldið í 25 ár og menn af mörgum stjórnmálaflokkum og mismunandi viðhorfum í þessum málum haft æðstu stjórn þessara mála. En áður en við eigum að fara að taka ákvörðun um það, hvort við viljum láta sérreglur gilda um þetta prestakall, er eðlilegt, að við fáum alveg upplýst, hvernig stendur á því, að núgildandi reglum er ekki fullnægt. Og það *flýgur í hug minn,* að nær *væri* að samþykkja lagaákvæði um, að núgildandi lögum skyldi fullnægt, heldur en að samþykkja þá brtt., sem hv. þm. Barð. ber hér fram, sem mér finnst að sumu leyti óeðlileg.

Ég verð að játa, að mér finnst langeðlilegasta lausn þessa máls vera sú, að söfnuðum í Þingvalla- og Úlfljótsvatnsprestaköllum verði gefinn kostur á að kjósa sér prest eins og hverjum öðrum prestaköllum og síðan semji Þingvallanefnd við hinn kjörna prest, ef hann er til þess hæfur, um að vera umsjónarmaður á Þingvöllum. Og tel ég sannast sagt ákaflega ólíklegt annað en að þessar *sóknir mundu velja mann,* sem hægt væri að trúa fyrir ekki meira vandastarfi en það þó er að vera umsjónarmaður á Þingvöllum, og geri ég ekkert lítið úr því. En auðvitað vitum við það, að núverandi fyrirkomulag, þar sem prestlærður maður og einn af mestu lærdómsmönnum íslenzku kirkjunnar situr sem umsjónarmaður á Þingvöllum, og svo eru prestar fengnir frá Mosfellunum báðum til þess að koma í þessar kirkjur, sem frá fornu fari hafa legið undir Þingvelli, í mesta máta óeðlilegt og vekur mann til umhugsunar um það, að miklu eðlilegra væri að gefa kjósendum þarna kost á því að greiða atkv. um það, hvort þeir vildu hafa þennan mann eða einhvern annan, sem býður sig fram til þess að vera prestur á staðnum, og síðan væri leitað til þess manns, sem kosinn er, ef hann er hæfur til þess að gegna því starfi að vera umsjónarmaður. Ég get ekki skilið, hvaða rök hníga gegn því að hafa þessa aðferð. Ég verð að segja, að mér finnst till. hv. þm. Barð. vera mun óeðlilegri en að hafa þann hátt á, sem ég hér hreyfi.

Mér skildist hæstv. kirkjumrh. beina því til hv. menntmn., að hún kynnti sér skoðanir biskups á þessu efni. Ég hef sízt á móti því, en þar af mundi þá leiða, að málinu yrði frestað hér og 3. umr. haldið fram síðar, þar sem þetta er síðasta umr., ef ekki verður frestun. En ef slík frestun á sér stað, þá vildi ég mjög eindregið óska, að það lægi alveg ljóst fyrir, hvaða rök eru til þess, að ekki má framfylgja landsins lögum í þessum efnum eins og öðrum.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hef nú, herra forseti, raunar engu við það að bæta, sem ég var búinn að segja áður, út af ræðu hæstv. dómsmrh., annað en að endurtaka það, hve nauðsynlegt er, að sú n., sem hefur með þetta mál að gera, kynni sér skoðanir biskups í því. Sú hefur verið venja þau ár, sem ég hef *farið með embætti kirkjumálaráðherra, og svo* mun hafa verið um langan tíma, að það hefur verið í valdi biskups, hvenær laus prestaköll hafa verið auglýst. Ég hef aldrei haft nokkur áhrif á það þessi ár, hvað auglýst væri í þessum efnum, heldur hef ég algerlega lagt í hendur biskups að ákveða um það. Hann hefur stundum, herra biskupinn, spurt mig að því, hvort ekki væri sjálfsagt að auglýsa þetta og hitt prestakall, og hef ég alltaf sagt, að ég teldi sjálfsagt að gera það, ef hann teldi það hæfa. Eins og hæstv. dómsmrh. nefndi, hefur þetta verið svo um aldarfjórðungsskeið með Þingvelli, og hvort það *er orðið eins og einhver hefð,* sem ekki einu sinni herra biskupinn hefur viljað brjóta, að gera ekki neitt í þessum efnum, það skal ég á þessu stigi málsins ekki segja neitt um. En það er síður en svo, og átti ekki heldur að skilja orð mín þannig áðan, að ég væri með nokkra óánægju yfir því, að þessu máli væri hreyft hér. Ég tel meira að segja, að það geti verið ágætt að gera það, og mun að sjálfsögðu ræða við biskup um það, eins og ég hef tekið fram.

Ég tel alveg sjálfgefið, að þessari umr. verði frestað nú hér í deildinni og það gefist kostur til þess, að þessi till. verði tekin til meðferðar sérstaklega, þar sem hún er borin fram sem brtt. við frv. um hinar breytingarnar á prestakallaskipaninni, og mun ég að sjálfsögðu ekki skorast undan, ef óskað er eftir, að mæta þá á fundi nefndarinnar um þetta mál, ef svo vildi verða.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Ed., 24. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 109, 113, 116).

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Þegar breyting á lögum um skipun prestakalla var til 3. umr. 15. þ. m., lágu fyrir tvær brtt., og voru um þær nokkrar umræður. Brtt. á þskj. 116 er við brtt., er fylgdi nál. frá menntmn. á þskj. 106. Hin brtt. er á þskj. 113 og borin fram af hv. þm. Barð. Atkvgr. um báðar þessar till. var frestað. Viðvíkjandi till. á þskj. 113 mun hv. þm. Barð. lýsa því yfir, að hann dragi till. til

baka, en efni hennar í breyttu formi kemur væntanlega fram síðar, og hefur hæstv. kirkjumálaráðherra heitið að gangast fyrir því í samráði við flm., biskup og Þingvallanefnd.

Þar sem hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur, mun hv. 1. þm. Eyf. staðfesta ummæli hans.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég hef ekki annað að segja en það, að ég staðfesti, að það er rétt, sem hv. frsm. sagði viðvíkjandi afstöðu hæstv. kirkjumrh. Hann viðhafði mjög svipuð orð við mig og hv. þm. Mýr. og þarna er lýst.

ATKVGR.
Brtt. 113 tekin aftur.
— 116 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 134).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, n. 351).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var borið fram í hv. Ed., og flutti menntmn. þeirrar deildar það að beiðni kirkjumálaráðherra.

Frv. fjallaði þá um að heimila biskupi að ráða prestvígðan mann til að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið prestslaust af öðrum ástæðum.

Fyrir Ed. lá einnig annað frv. um fjölgun presta í Vestmannaeyjum úr einum í tvo.

Þessum frv. var steypt saman í Ed. og kom þannig hingað til Nd., en menntmn. þessarar deildar hefur rætt málið á tveim fundum og meðal annars fengið biskupinn yfir Íslandi á fund til viðræðna. Nefndin hefur sannfærzt um, að með frv. væri rétt stefnt.

Varðandi fjölgun presta í Vestmannaeyjum er það að segja, að í Vestmannaeyjum eru nú 4000 manns búsettir, en á vetrarvertíð munu vera þar um 6000 manns, og Vestmannaeyjar hafa í rauninni algera sérstöðu meðal prestakalla landsins vegna legu sinnar. Það er talið mjög erfitt, að þar sé aðeins einn prestur, m. a. ef sá prestur þarf frá að fara, hvort sem það er á prestastefnu, vegna hvíldar, orlofs eða af öðrum ástæðum, og biskup telur, að ekki sé vel séð fyrir prestsþjónustu í Eyjum, nema tveir séu prestar, og minnir á, að áður fyrr voru Vestmannaeyjar tvö prestaköll.

Varðandi hitt atriðið hefur reynslan sýnt, að það er hin mesta nauðsyn að hafa prest, sem geti hlaupið í skarðið, gegnt í forföllum og fjarveru presta viðs vegar, og er það hald manna, að sú ráðstöfun mundi sízt verða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, það mundi jafnvel geta í mörgum tilfellum fremur orðið til sparnaðar en að nágrannaprestur þjóni og fái þá eftir venjulegum reglum hálf önnur laun.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en menntmn. mælir með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 363).

---

46. Eftirlit með skipum (frv. sjútvn. Nd.).

Á 54. fundi í Nd., 28. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum [143. mál] (þmfrv., A. 294).

Á 61. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Að tilhlutan hins háa atvmrn. hefur sjútvn. þessarar hv. d. flutt frv. það á þskj. 294, sem hér er tekið til meðferðar.

Frv. fjallar um breyt. á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum. Eins og segir í grg., sem fylgdi frv. frá hv. ráðun. og prentuð er með frv. á þskj. 294, er talið, að komið hafi í ljós í ýmsum verstöðvum, að nokkrir fiskibátar væru svo illa hirtir og útbúnir, að nýr fiskur skemmdist í þeim og það jafnvel eftir eins dags útivist. Hafa borizt kvartanir erlendis frá um skemmdir á frystum fiski, sem sendur hefur verið á erlendan markað, og telja fiskmatsmenn og trúnaðarmenn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sig geta rakið þessar skemmdir í fiskinum til vanhirðu í þeim bátum, sem notaðir hafa verið til veiðanna. Mun hér aðallega vera um að ræða slagvatnslykt, sem fiskurinn mengast af og hverfur ekki, þó að fiskurinn sé soðinn eða steiktur.

Atvmrh. og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafa gert ráðstafanir til að fyrirbyggja, að skemmdir komi fram í fiski af þessum sökum. Einn liður í þeim ráðstöfunum er, að skipaeftirlitið líti eftir hreinlæti í lestum fiskiskipa, um leið og skipaskoðun fer fram. Fram til þessa

hafa skipaskoðunarmenn einungis talið sér skylt að líta eftir hreinlæti í vistarverum og forðageymslum skipa. Í þessu frv. er einnig gert skylt að líta eftir því, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

Ég hef fyrir hönd sjútvn. rætt þetta nýja ákvæði við yfirfiskmatið, og telur það þá breytingu, sem hér um ræðir, heppilega og til bóta. Frv. er flutt af nefnd. Vil ég því mælast til við hæstv. forseta, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 9. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 294, n. 382).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál er upphaflega borið fram í hv. Nd., og má segja, að það sé sízt að ófyrirsynju fram borið. Það heitir svo í grg. eða hét svo, að það væri fram borið af hálfu atvmrn., sem er skyldast að láta þessi mál til sín taka, og er vonandi, að samþykkt þess, sem fer nú fram á Alþingi, megi verða til þess, að breyting verði á umhirðu í bátum, bæði hvað vistarverur snertir og geymslupláss eða lestirnar fyrir fiskinn.

Það hefur orðið sú öra þróun á fiskibátum síðasta tuginn og síðustu tugina raunar, að vistarverur skipa hafa miklu meiri þýðingu fyrir daglegt líf skipverja en þær hafa áður haft, vegna þess að víða er það, að menn eiga sitt annað heimili svo að segja í skipunum á vertíðum, og er þess vegna mjög mikils vert, að þær séu þokkalega útbúnar, og þá ekki síður, að umgengni sé góð.

Ég veit nú ekki, hvort skipaeftirlitið er þannig framkvæmt, að það hafi meira en eins árs eftirlit með skipunum að öllu og einu leyti, — ég veit, að það hefur ekki daglegt eftirlit, — en það væri mikil þörf, að þessu væri kippt í lag og að skipaeftirlitið yrði meira raunhæft og athugalt en það hefur verið fram að þessu.

Hreinlæti í vistarverum, forðageymslum og lestum er brýn nauðsyn af mörgum ástæðum. Það er t. d. víða tekið upp að hafa olíukyndingu í stað kolakyndingar. Færist það mjög í vöxt, að olíukynding sé höfð á skipunum, en henni fylgir miklu meiri eldhætta en t. d. kolakyndingu, eins og reynslan hefur raunar leitt í ljós. Að því er lestirnar snertir, hef ég heyrt því haldið fram, að sá þurrafúi, sem talað er um að hafi komið hér og vissulega hefur fest rætur í byrðingum margra báta, muni ef til vill stafa af slæmri loftræstingu í skipunum. Ég fullyrði ekkert í þessu efni, en ég bendi aðeins á, að þessi möguleiki hefur verið talinn vera fyrir hendi og það af gagnkunnugum mönnum, sem hafa daglega umgengni í fiskibátum og skipum, sem m. a. hafa fengið þennan svokallaða þurrafúa í sig, en hann hefur kostað útgerðarmenn stórfé, og hið opinbera hefur orðið að hlaupa undir bagga til þess að hjálpa mönnum í þessu efni til að lagfæra bátana aftur.

Það er þess vegna góðra gjalda vert, að hæstv. atvmrn. kemur með þetta frv. núna, og sjálfsagt að samþykkja það, enda leggur hv. sjútvn. þessarar deildar til á þskj. 294, að það sé samþykkt óbreytt. En ég vil benda hæstv. stjórn á það, að hið svokallaða skipaeftirlit þarf sjálfsagt sjálft mikilla endurbóta við og verksvið þess þarf að ákveða með reglugerð nánar en nú er og svo náið, að trúverðugir skipaeftirlitsmenn með fullkomnu valdi hafi eftirlit með skipunum, ekki einasta þann daginn, sem lögskráð er á skipin, heldur líka á vertíðinni, hafi leyfi til þess að skoða umgengnina og hafi leyfi til þess að gera athugasemdir við aðbúnaðinn og vald til þess að láta framfylgja sínum till.

Þessi orð vildi ég leyfa mér að láta fylgja samþykktartill. hv. sjútvn. um þetta mál, sem er í raun og veru miklu mikilsverðara og mikilvægara en manni mundi kannske virðast við fljótt yfirlit.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 391).

47. Mannfræði- og ættfræðirannsóknir.

Á 28. fundi í Sþ., 11. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um skrásetningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum [130. mál] (þmfrv., A. 235).

Á 41. fundi í Nd, 12. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þegar ég á að mæla fyrir þessu frv., koma mér í hug orð eða klausa, sem stendur í einu af handritum *Landnámu og er þar niðurlagsorð.* Þau eru á þessa leið: „Það er margra manna mál, að það sé óskyldur fróðleikur að rita landnám, en vér þykjumst heldur svara kunna útlendum mönnum, þá er þeir bregða oss því, að vér séum komnir af þrælum eða illmennum, ef vér vitum víst vorar kynferðir sannar, svo og þeim mönnum, er vita vilja forn fræði eða rekja ættartölur, að taka heldur að upphafi til en höggvast í mitt mál, enda eru svo allar vitrar þjóðir, að vita vilja upphaf sinna landsbyggða."

Það munu vera sjö til átta hundruð ár síðan þetta var ritað eða fyrst skráð. Andinn, sem kemur fram í þessum fornu orðum, hefur legið hér í landi frá upphafi Íslandsbyggðar, og það er engum vafa bundið, að við eigum honum að þakka okkar fornbókmenntir, því að að uppistöðu til eru þær fyrst og fremst byggðar á ættartölum og mannfræði þeirra tíma. Það er líka að þakka þessum skilningi forfeðra okkar, að enn í dag getum við rakið ættir fjölmargra Íslendinga, sem nú eru uppi, og það manna úr öllum stéttum þjóðfélagsins, til manna, sem uppi voru á níundu öld. Ég býst við, að þetta sé ef til vill einsdæmi. Í öðrum löndum munu það aðallega vera stórhöfðingjar og fornar aðalsættir, sem geta rakið nokkuð ættir sínar, en þó tæplega öllu lengra en til elleftu og tólftu aldar. Aðrir vita tiltölulega lítið um ættir sínar, gagnstætt því sem hér er.

Ég ætla mér ekki í þeim orðum, sem ég segi hér, að fara að víkja að eða ræða um, hvert gildi ættfræði hefur og mannfræði í því sambandi, en vil þó vekja athygli manna á, að hér er áreiðanlega eitt af framtíðarmálum, ekki aðeins okkar, heldur mannkynsins, því að vafalaust verða látnar fara fram merkilegar rannsóknir, þótt síðar verði, á því, enda væri undarlegt, ef mannkynið væri það eina, sem ekki væri ástæða til að rannsaka þannig, þegar við lítum til þeirra rannsókna, sem eiga sér stað á öðrum sviðum, t. d. á okkar búfé og mörgu öðru. Ég get þess vegna búizt við, að síðar meir fái slíkar rannsóknir einmitt merkilegt gildi, og vegna þess að íslenzka þjóðin hefur verið mjög einangruð, munu þær heimildir, sem þá væru tiltækar, þykja þá merkilegar. Þar fyrir utan er það, að ættfræði og mannfræði hafa verið áhugamál og dægradvöl fjölda manna frá landnámstíð og eru það enn í dag. Þessar fræðigreinar með þeim rannsóknum og heimildum, sem við höfum um þetta, gera það að verkum, að við höfum betri aðstöðu en líklega nokkur önnur þjóð til að gera merkilega hluti í þessu efni. Á ég þar við að gera skrá yfir alla íbúa þessa lands frá fyrstu tíð. Fámenni okkar ásamt ættfræðifróðleik og mannfræðiheimildum okkar gerir að verkum, að það ætti að vera kleift með ekki mjög miklum kostnaði að gera spjaldskrá yfir hlutfallslega miklu fleiri menn hjá þessari þjóð en hjá nokkrum öðrum þjóðum, auk þess sem þessi skrá mundi ná alla leið til landnámsaldar eða þess tíma, sem landnám hófst hér á landi, en það mun vera einstakt um þjóð, sem byggt hefur land sitt í meira en þúsund ár.

Ég vék að því áðan, að þetta væri einstakt með okkur Íslendinga, og við erum af ýmsum útlendingum taldir ættfróðasta þjóðin, sem þeir hafi komizt í kynni við. Þrátt fyrir það hefur verið tiltölulega lítið stutt að því og þeim mönnum, sem þessi fræði hafa stundað, verið lítið liðsinnt og þeir lítils stuðnings notið af opinberri hálfu eða fyrirgreiðslu. Þetta er þó áreiðanlega elzta merkileg fræðigrein, sem stunduð hefur verið hér á landi frá upphafi.

Ég hygg, og það munu allir, sem þessum fræðum eru kunnugir, telja, að þessum fræðigreinum verði ekki betur liðsinnt á annan hátt en með því að gera slíka spjaldskrá sem gert er ráð fyrir í frv.

Það er enn eitt, sem ástæða er til að vekja athygli á og styður að því, að það sé réttmætt að hefjast handa einmitt nú og draga það ekki öllu lengur, og það er það, að Hagstofa Íslands hefur þegar komið á fót hjá sér nokkurs konar spjaldskrárstofnun, þar sem eru skráðir allir Íslendingar, sem uppi voru 16. okt. 1952, og þeirri spjaldskrá er haldið áfram, þannig að hún tekur til hvers Íslendings, sem hér fæðist og elst upp. Í þessari spjaldskrá verða öll helztu atriði úr lífi mannsins svo að segja frá vöggu til grafar, og þetta verður varðveitt í skjölum hagstofunnar. Því miður er sá galli á þessari spjaldskrá eða þeim blöðum, að þau eru mjög óaðgengileg fyrir almenning. Þetta eru punktar og annað þess háttar, sem þarf helzt sérstakan lykil við, og er þess vegna ekki á almenningsfæri að notfæra sér það. Þess vegna er gert ráð fyrir í frv., að hagstofan sendi við lát hvers spjaldskrárhafa afrit af skrá hans og upplýsingar til þjóðskjalasafnsins, þar sem skrásetjari geti svo fært þetta inn á sín spjöld í samræmi við skrásetningu annarra íslenzkra borgara. Þannig heldur þetta áfram af sjálfu sér með örlitilli viðbót frá þjóðskjalasafni eða skrásetjara þess, og þannig er komin merkileg heildarskrá yfir alla Íslendinga, sem hafa fæðzt frá 1952.

Augljóst virðist mér og ég held flestum, sem um þetta vilja hugsa, að næsta skrefið hlýtur að verða að tengja þessa spjaldskrá við fortíðina. Með því móti vinnst það, að þessi spjaldskrá kemur að ýmsu leyti að miklu betri notum en ella yrði, og ég trúi því ekki, að menn, þegar frá líði, yndu því að hafa slíka eyðu eða nokkurs konar tómarúm, þegar þessi spjaldskrá hagstofunnar væri á annað borð farin að fá verulegt gildi. Hitt er svo líka jafnaugljóst, að það er miklu heppilegra að vinna að þessum málum nú þegar, einmitt taka spjaldskrárblöð hagstofunnar og færa þau inn í rétt form, heldur en að láta það bíða í mörg ár, því að þá fer verkið að verða miklu torveldara. Ég hugsaði mér, að þetta

verk væri unnið þannig, að það væri byrjað á þeim mönnum, sem uppi voru næstu áratugina fram að 1952, og þannig unnið smám saman aftur á bak. Við höfum geysimiklar heimildir til um þetta, fyrst og fremst um allt það, sem af er helmingi 20. aldarinnar, og enn fremur höfum við ýtarlegar heimildir um alla 19. öldina. Úr því fara að vísu heimildir að verða slitróttari, en þó eru til manntöl bæði 1703, bændatal 1735 og manntal 1762, þó að það sé allófullkomið. Enn fremur fara þá úr því að koma ýmsar aðrar mikils verðar heimildir til að styðjast við. Þegar lengra dregur aftur, fer vitanlega þetta að verða gloppóttara, en þó er engum vafa bundið, að mikið mundi koma upp, og ég er alveg sannfærður um það og hef fyrir mér í því orð manna, sem þarna eru kunnugir, að við slíka skrásetningu og rannsóknir mundi margt koma í ljós, ekki aðeins ættfræðilega, heldur sögulega, sem núna er í fullkominni þoku fyrir mönnum.

Það kann vel að vera, að sumum kunni að vaxa þetta verk í augum og telja, að þetta sé svo mikið verk, að það sé óframkvæmanlegt eða illframkvæmanlegt. Það hefur verið gizkað á sem hámark, að alls mundi þurfa, ef þetta væri tekið fyrir, að skrásetja í kringum 2 millj. manna. Þetta er að vísu há tala. En þó verður að hafa það í huga, að sumar þjóðir verða árlega að skrásetja hjá sér þessa tölu, og til samanburðar má geta þess, að það er talið, að Þjóðverjar, sem skrásettir voru ættfræðilega á dögum Hitlers, hafi verið um eða yfir 200 milljónir.

Hér er ekki heldur gert ráð fyrir, að að þessu verði unnið í skyndi. Þetta er vitanlega verk, sem verður að vinnast á löngum tíma, og í raun og veru er ekki hægt að segja, að það kalli neitt sérstakt að um þetta, aðeins er áríðandi, að það sé hafizt handa og hafizt handa sem fyrst. Með frv. hef ég reynt að koma þessu í það horf, að þetta yrði framkvæmt án tilfinnanlegs árlegs kostnaðar fyrir ríkissjóð. M. a. hef ég gert ráð fyrir, að skrásetjari, sem yrði sá maður, sem hefur aðalforgöngu þessara mála, leiti samvinnu bæði við einstaklinga úti um héruðin og sömuleiðis við sögufélög og byggðafélög um samstarf í þessum efnum.

Í mínu héraði er þó nokkuð af mönnum, aðallega eldri mönnum, sem hafa lagt þetta fyrir sig, og ég veit, að þeir mundu með ánægju leggja þarna drjúgan skerf til. Þetta er þeim ánægja, þeir eru ekki að vinna fyrir peningum. Þeir eru að vinna fyrir málefni, sem þeir hafa áhuga á og vilja gjarnan koma áleiðis, og það er einmitt það, sem ég ætlast til að þessi maður, skrásetjari þjóðskjalasafnsins, notfæri sér, hann setji sig í samband við menn, sem hafa áhuga á þessum málum og eru fúsir til að leggja fram vinnu sína. Það er þeim nokkurs konar dægradvöl og ánægja að vinna að þessu og geta þannig orðið að ómetanlegu gagni.

Í þessu sambandi tel ég rétt að benda á, að það er annað starf, sem hefur verið unnið hér á landi og ekki ómerkilegt, sem var að mjög miklu leyti unnið á þennan hátt, og það er örnefnasöfnun hér á landi. Ég veit t. d., að örnefnum í Skagafirði var safnað af einum eða tveimur mönnum, áhugamönnum, fyrir sama sem ekki neitt. Þessir menn víðs vegar á landinu hafa unnið stórkostleg gagn, og þjóðin mun síðar meir koma til með að standa í mikilli þakkarskuld við þessa menn. Ég hugsa, að líkt muni farið um þá menn, sem ynnu í samstarfi við skrásetjara þjóðskjalasafnsins.

Ég hef gert ráð fyrir, að fyrst um sinn mundi nægja einn maður eða skrásetjari með duglegri vélritunarstúlku, og ef til vill þyrfti einhverja smáupphæð, sem hann mætti verja til þess að þægja mönnum, sem væru alveg sérstaklega duglegir við slíka söfnun úti um land. Að öðru leyti álít ég, að þetta geti komizt áfram, og ég vil jafnframt mælast til, ef einhverjum kynni að ofbjóða kostnaðurinn við þetta, að þeir hinir sömu líti t. d. yfir 15. gr. fjárlaganna og sjái þær upphæðir, sem þar er varið til ýmiss konar málefna, — málefna, sem í sjálfu sér eru vafalaust mikilsverð og góð út af fyrir sig, en standa þó okkur áreiðanlega miklu fjær en þetta málefni, sem hér er fram borið. En þessi söfnun og skrásetning, sem hér er farið fram á, mundi aðeins kosta brothluta af því, sem varið er til ýmissa slíkra málefna.

Það hefur verið bent á, að í sambandi við skrásetninguna væri rétt að tengja ýmislegt fleira. T. d. hefur verið vikið að því að safna ljósmyndum og taka upp raddir manna á hljómplötur. Ég vil upplýsa það, að þjóðminjasafnið hefur haft myndasöfnun á hendi nú um langt skeið, og þjóðminjavörður skýrði mér frá, að hann gerði ráð fyrir, að myndir á þjóðminjasafninu mundu vera komnar nokkuð á annað hundrað þúsund, sem allar eru skrásettar og varðveittar á þjóðminjasafninu. Sömuleiðis hefur þjóðminjasafnið nú undanfarið verið að fá teknar upp raddir manna og hefur verið um það í sambandi við útvarpið. Þetta er að vísu skemmra á veg komið, en það er unnið að því. Af þessum ástæðum, að þarna eru opinberir aðilar, sem vinna að þessum málum, og aðilar, sem ég tel að við megum treysta, hef ég ekki séð ástæðu til að taka nein ákvæði um þetta upp í frv., meðfram fyrir það, að ég lít svo á, að skrásetningin ein út af fyrir sig sé nægilegt verkefni og því ekki ástæða að svo stöddu, ef ekki ber brýna nauðsyn til, að fjölga verkefnum fyrir þann mann. Hef ég þá haft í huga þetta gamla, að það er alltaf nokkur hætta, ef mörg járn eru í eldi, að þá vilji eitthvert brenna. Þess vegna hef ég, eins og ég sagði, ekki tekið þetta upp, enda lít ég svo á, að það sé auðgert að bæta því við síðar, ef þá þykir ástæða til.

Loks vil ég minna á það, að þessi hugmynd um að spjaldskrá alla Íslendinga er allgömul. Sá maður, sem ég heyrði fyrst ræða um þetta, var Bjarni heitinn Jónsson frá Vogi. Það getur vel verið, að einhverjir hafi hreyft þessu á undan honum. Síðan hefur þetta alloft borið á góma í hópi fræðimanna og ættfræðinga, og mér er vel kunnugt um það, að ættfræðingar munu ekki eiga annað meira áhugamál, að ég hygg, en að þetta kæmist á.

Þessu máli hefur verið hreyft öðru hverju, og síðast nú á þinginu í haust. Þá var flutt brtt. við fjárlögin um að verja 150 þús. kr. til þess að skrásetja Íslendinga o. fl. Eins og ég get um í grg.,

greiddi ég atkvæði gegn þessari till. ásamt meiri hluta þingmanna, og þetta gerði ég eingöngu vegna þess, að ég taldi, að mál þetta væri þannig vaxið, að það væri ekki verulegur ávinningur fyrir það að fá því komið fram í þál., um það þyrfti að setja nokkuð fastákveðnar reglur strax í upphafi og þá með lagafyrirmælum. Annars væri efasamt, að æskilegur árangur næðist. Ég taldi líka, að það gæti orðið erfiðara að fá mann, sem væri þessu starfi vaxinn, til þess að takast þetta á hendur, ef hann ætti undir högg að sækja um að fá laun sín greidd eða m. ö. o. yrði að fá samþykki Alþingis í hvert skipti fyrir launum sínum og starfsfé. En mér hefur fundizt það vera vaxandi áhugi hjá mönnum og vaxandi skilningur, ekki aðeins á þessu atriði, heldur á ýmsu öðru, sem þjóðlegt er, nú með þjóð okkar og þá væntanlega einnig meðal þingmanna. Þess vegna hef ég ráðizt í að færa þetta mál í þann búning, sem hér liggur fyrir, í von um, að það mætti verða til þess, að þingmenn vildu veita því brautargengi og málið kæmist í örugga höfn.

Ég skal að lokum geta þess, að ég hef um þetta mál borið mig saman við bæði forstöðumann þjóðskjalasafnsins og enn fremur við þá þjóðskjalaverðina séra Jón Guðnason og Kjartan Sveinsson. Enn fremur hef ég borið það atriði, sem snertir hagstofuna, undir hagstofustjóra. Allir þessir menn hafa tjáð mér, að þeir séu þessu algerlega fylgjandi og hafi ekkert við það að athuga og raunar meira en það. Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en vænti þess, að málinu verði vel tekið. Að umr. lokinni óska ég eftir, að málinu verði vísað til menntmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar með örfáum orðum til þess að lýsa mjög eindregnum stuðningi mínum við þetta frv. Ég tel, að hér sé um stórmál að ræða, sem eigi það skilið að hljóta hinar beztu undirtektir hjá hv. þingdeild. Ég hef tvívegis áður á hv. Alþingi flutt till. við afgreiðslu fjárlaga um að ætla nokkurt fé til þeirra þarfa, nákvæmlega til þeirra þarfa, sem um er rætt í þessu frv. Ég treysti mér ekki til að mæla betur með þessu frv. en að endurtaka, með leyfi hæstv. forseta, fáein orð, sem ég sagði um þetta mál, þegar ég flutti málið fyrst á hv. Alþingi, á árinu 1954, en á þeim ummælum sést, að sjónarmið okkar hv. flm. um þetta efni falla algerlega saman, því að alveg sömu sjónarmiðin er einmitt að finna í grg. fyrir þessu frv. og einnig í ræðu hv. flm. fyrir frv. nú áðan, — en ég sagði þá meðal annars:

„Ein till. er um nokkra fjárveitingu, 100 þús. kr., til þess að koma á fót mannfræðideild við þjóðskjalasafnið, og hafi sú deild m. a. það hlutverk að vinna að því að koma upp spjaldskrá yfir Íslendinga, þar sem getið væri helztu æviatriða þeirra og jafnframt varðveitt mynd af þeim, ef kostur væri á. Ég hygg, að óhætt sé að segja, að engin þjóð hafi önnur eins skilyrði til þess og Íslendingar að varðveita persónusögu sína til þess að fá þar með öruggan og vísindalegan grundvöll undir sagnfræðirannsóknir nútíðar og framtíðar og jafnframt undir rannsóknir í ættfræði og mannfræði. Mér skilst, að þeir Íslendingar, sem lifað hafa á Íslandi, séu ekki nema 1—2 millj. að tölu, og þar af munu vera þekkt nöfn á nokkur hundruð þúsundum manna. Það er engan veginn óvinnandi verk að gera skrá yfir alla þessa menn, sem nöfn eru þekkt á og þegar er fyrir hendi nokkur vitneskja um. Um meginhluta þeirra manna, sem lifað hafa í landinu frá landnámstíð og til 1703, er fyrsta manntal var tekið hér á landi, er auðvitað ekki vitað, hvorki um nöfn né æviatriði, en síðan 1703 má fullyrða að vitað sé um nöfn og jafnvel um æviatriði mikils þorra þeirra manna, sem lifað hafa í landinu.

Það væri einstakt í veröldinni, ef þjóð tækist að koma upp æviatriðaskrá yfir þá, sem lifað hafa með þjóðinni um nokkrar aldir, og fjöldi Íslendinga er ekki meiri en svo, að það er vel vinnandi verk í framtíðinni að halda við spjaldskrá um Íslendinga alla og helztu æviatriði þeirra. Yrði slíkt gert, mundi sú heimild áreiðanlega vera einsdæmi og óþrjótandi fróðleiksuppspretta fyrir sagnfræðinga, ættfræðinga og mannfræðinga. Með fáum þjóðum mun vera jafnmikill áhugi á ættfræði eins og með Íslendingum. Er það eðlilegt, og ber því að fagna. En störf hinna fjölmörgu manna, bæði sérfræðinga og alþýðu manna, sem við ættfræði fást, eru oft og einatt unnin á sama vettvanginum. Margir menn eru hver í sínu horni að vinna að sömu verkefnunum, og fer þarna oft mikil starfsorka til lítils. Ef komið væri upp mannfræðadeild í þjóðskjalasafninu, þá gæti hún orðið miðstöð og leiðbeiningarstöð fyrir alla þá mjög svo fróðu menn, sem nú fást við þessi störf, og mundi vafalaust verða til þess að auka mjög afköst þeirra og þá um leið gildi athugana þeirra."

Ég hef undanfarin tvö ár öðru hverju hugleitt það, hvort réttara væri að flytja frv. um þetta efni, eins og hv. 2. þm. Skagf. hefur gert, eða flytja till. um fjárveitingu til þess að koma þessari starfsemi á laggirnar. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að skynsamlegra mundi vera að láta fjárveitingu til þessarar starfsemi nægja, og komst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa átt allýtarlegar viðræður á sínum tíma um málið bæði við þjóðskjalavörð og þjóðminjavörð og nokkra menn aðra. Hv. 2. þm. Skagf. hefur komizt að annarri niðurstöðu. Ég geri ráð fyrir, að báðar skoðanirnar hafi nokkuð til síns máls. Hann telur, að nauðsynlegt sé, að til séu um þetta í upphafi fastákveðnar reglur. Um það er ég ekki alveg sannfærður. Ég gæti þvert á móti trúað, að það gæti orðið starfinu til nokkurs trafala, að því yrðu settar í upphafi mjög fastákveðnar reglur, og það er ástæðan til þess, að ég hef sjálfur ekki haft frumkvæði að því að flytja frv. eins og þetta. Mín hugsun var þvert á móti sú, að eðlilegt væri, að sá sérfræðingur, sem til starfsins yrði ráðinn, hefði alveg óbundnar hendur um það, hvernig hann skipulegði þetta starf sitt, og taldi meiri líkur á, að með því fengist góður árangur, ef hendur hans væru frjálsar og óbundnar í málinu. Ég komst m. a. að þessari niðurstöðu við það að ræða við þjóðskjalavörð og þjóðminjavörð um málið og komst að raun um, að skoðanir þeirra voru ekki alveg á eina lund um það, hvernig heppilegast væri að haga þessu starfi.

Hér í frv. er til dæmis — ég nefndi það aðeins

sem dæmi — tiltekinn sá aldur, sem þeir eiga að hafa, sem spjaldskráin nær yfir. Ég er ekki að bera brigður á, að sá aldur sé sá, sem reynslan mundi sýna að væri æskilegastur, en ég tek þetta aðeins sem dæmi um það, að það kann að orka nokkurs tvímælis, hvort æskilegt sé að kveða á um öll framkvæmdaratriði í lagasetningunni sjálfri. Sá aldur, sem a. m. k. þjóðskjalavörður nefndi við mig á sínum tíma, var, að því er mig minnir, annar en þessi. En þetta er auðvitað aukaatriði í málinu.

Ég hefði talið, að reynsla skrásetjara sjálfs mundi verða bezti mælikvarðinn á það, hvernig haga ætti framkvæmdum í þessum efnum. Ég vil í því sambandi til dæmis geta þess um önnur hliðstæð störf þessu, mjög mikilvæg, svo sem orðabókarstarfið, sem ég tel tvímælalaust vera eitt merkasta menningarstarf, sem nú er unnið á landi hér, að um það voru ekki sett á sínum tíma sérstök lög, heldur framkvæmdir hafnar þannig, að ráðnir voru til starfans menn og þeir látnir skipuleggja verk sitt sjálfir. Það var einmitt gert með fjárveitingu annars vegar frá Alþ. og hins vegar úr sáttmálasjóði. Mér vitanlega hafa aldrei verið settar fastar reglur um starfshætti þeirra manna, sem að orðabókinni vinna, ekki einu sinni reglugerð, heldur treyst þar á dómgreind þeirra sjálfra, enda mun reynsla á því sviði hafa sýnt, að hugmyndir manna um það, hvernig æskilegast væri að haga verkinu, hafa breytzt nokkuð frá því, að verkið var hafið. Ég gæti vel hugsað, að þannig færi einnig hér. En ég bið menn að skoða þetta ekki sem andmæli gegn frv., heldur aðeins á þann veg, að það kynni að koma í ljós, að nauðsyn yrði að breyta frv. síðar, að fenginni reynslu.

Hitt skal ég játa, að það eru rétt rök með því að fara frekar þá leið að setja um málið lög en að láta fjárveitingu á fjárlögum duga, að auðveldara yrði að fá mann til starfans, ef um hann giltu föst lög, en ef um væri að ræða fjárveitingu eina saman í fjárlögum. Þó tel ég mega nefna það í því sambandi, að hér er ekki um það að ræða, ekki heldur samkv. frv., að koma á fót algerlega nýrri stofnun, heldur gerir flm. frv. einmitt ráð fyrir því sama og ég hef gert í mínum till., að þessi starfsemi yrði í stofnun, sem þegar er lögfest, þ. e. a. s. þjóðskjalasafninu. Það er nokkurt álitamál, hvort starfsemin ætti að vera í þjóðminja- eða þjóðskjalasafninu. Um það voru líka nokkuð skiptar skoðanir meðal þeirra manna, sem ég ræddi við um málið á sínum tíma. Niðurstaða mín varð þó sú, að starfsemin ætti frekar heima í þjóðskjalasafninu, þó að ýmsir væru á öðru máli, eins og raunar sú starfsemi, sem skyld er þessu, mannamyndasöfnunin, ber vott um, að hún er í þjóðminjasafninu. En við flm. og ég erum sammála um eftir þessu frv. að dæma, að starfsemin eigi heima í þjóðskjalasafninu.

Ég vil að síðustu aðeins endurtaka meðmæli mín með því, að frv. nái fram að ganga, og vona, að það, að till. mín hefur í tvö skipti ekki hlotið nægilegar undirtektir hv. þingmanna, tákni ekki það, að þeir séu þessari hugmynd andvígir, heldur hljóti þetta frv. stuðning nú, enda má í því sambandi geta þess, að með þessu frv. einu yrði í sjálfu sér ekki efnt til neinna útgjalda, því að það er gert ráð fyrir því, að það komi ekki til framkvæmda fyrr en fé sé veitt á fjárlögum til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Eftir sem áður yrði væntanlega nauðsyn á því, að till. yrði flutt við afgreiðslu fjárlaga um að veita fé til þessa máls, og vona ég þá fastlega, að hv. 2. þm. Skagf. greiði slíkri till. atkv. og nægilega margir til þess, að hún nái fram að ganga.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir framkomu þessa frv. og lýsa eindregnu fylgi mínu við þá hugmynd, sem liggur því til grundvallar, get jafnframt tekið það fram, að í meginatriðum er ég sammála hv. flm. um þann ramma, sem hann hefur valið málinu.

Það er enginn efi á því, að hér er hreyft merkilegu máli á marga lund. Ættfræði og mannfræði hefur verið mikið áhuga- og ánægjuefni margra Íslendinga á öllum öldum. En auk þess sem hún hefur verið mörgum til ánægju, þá er hún einnig til tvímælalausra nytja á ýmsa lund. Það er viðurkennt af öllum sagnfræðingum, að ættfræðirannsóknir séu merkilegar fyrir alla sögu landsins og þjóðarinnar. Þá mun það einnig vera nokkuð almenn skoðun, að ættfræðirannsóknir séu ekki lítils virði í sambandi við erfðarannsóknir og ýmiss konar mannfræði.

Ég hygg, að það sé rétt athugað hjá hv. 1. landsk. þm., sem tók hér til máls um þetta mál áðan og lýsti yfir fylgi sínu við hugmyndina, að það eigi ekki í upphafi að setja of þröngar reglur um það, hvernig þessu starfi verði hagað. Ef til vill þarf í einstökum atriðum að endurskoða þau ákvæði, sem frv. geymir. En ég vil leggja aðaláherzluna á hitt, að reynt sé nú að koma til framkvæmda meginefni þessa frv. og þannig lagður grunnur að því starfi, sem þarna er ætlunin að vinna og að mínum dómi er mjög mikilsvert að unnið verði.

Það hefur verið bent á það, að margir áhugamenn víðs vegar um land vinna nú, eins og löngum hefur verið, að ættfræðiathugunum og ættfræðirannsóknum, en sú vinna er mjög óskipulögð, og þess hefur a. m. k. stundum gætt, að tveir eða jafnvel fleiri menn eru að vinna að allmiklu leyti sömu verkin. Er að sjálfsögðu óheppilegt, að vinnukraftur áhugamanna skuli ekki nýtast betur en svo. Það ætti tvímælalaust að vera í verkahring manns, sem sérstaklega hefði með spjaldskrárgerð þessa að gera, að koma nokkurri skipan á vinnu áhugamannanna og fá þá til þess að vinna að tilteknum verkefnum, sem þeir hafa öðrum fremur áhuga eða aðstöðu til.

Ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, var sú, auk þess að mæla almennt með frv., að ég tel, að í sambandi við þetta mál ætti að athuga, hvort ekki þurfi jafnframt að hugsa nokkuð fyrir útgáfustarfsemi í sambandi við ættfræðirannsóknir og ættfræði. Það kann að vera, að slíkt megi leysa án þess að tengja það við þetta mál, en þó hygg ég, að ekki fari illa á því, að það sé jafnframt athugað.

Ég hygg, að til þess að vel notist starfskraftar

þeirra manna víðs vegar um land, sem áhuga hafa á ættfræðirannsóknum, sé nauðsynlegt að vinna nokkru betur en nú er gert að því að gefa út í fyrsta lagi heimildarrit, sem ættfræðirannsóknir byggjast mjög á, og í öðru lagi að menn eigi þess kost að koma á framfæri, t. d. í sérstöku ættfræðitímariti, einstökum athugunum sínum, ef þeir hafa t. d. komizt að athyglisverðum eða merkilegum niðurstöðum varðandi einhverja þætti ættfræðivísinda. Ég vil aðeins geta þess, bæði til nokkurs fróðleiks, að eitt af merkilegri tímaritum á síðustu öld, tímarit Jóns Péturssonar, fjallaði að langmestu leyti um ættfræði, og það er nú eitt með fágætustu ritum frá síðari hluta 19. aldar, og þykir öllum ættfræðingum það allmikils virði. Ég vil aðeins skjóta því fram, ef farið yrði að vinna dálítið skipulega að þessum málum, sem ég tel mjög æskilegt að verði, hvort ekki væri þá jafnframt nokkur ástæða til þess að athuga möguleika á því að fá árlega dálitla fjárveitingu til þess að koma á framfæri ættfræðifróðleik, bæði heimildarritum, sem ættfræðirannsóknir gætu byggzt á, og svo einstökum ritgerðum ættfræðinga, þar sem þeir hefðu unnið úr sínum heimildum og hefðu merkileg atriði fram að færa, sem sérstök ástæða væri til að koma þannig á framfæri.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins fá orð, sem ég þarf að segja í sambandi við þetta mál. Ég vil þakka þeim tveim ræðumönnum, sem talað hafa, góðar undirtektir og hlýleg orð í garð frv.

Út af því, sem hv. 1. landsk. minntist á, þar sem hann lét orð liggja að því, að í frv. væri málefninu of þröngur stakkur skorinn og að betra hefði verið, þegar farið hefði verið að vinna að þessu máli, að þá hefði slíkt frv. komið fram, vil ég í fyrsta lagi benda á það, að ég bar þetta mál, eins og ég sagði áðan, undir þá í þjóðskjalasafninu, og þeir töldu það einn höfuðkost frv., að frv. væri rúmt og að síðar meir mætti koma að breytingum eða færa þetta út og setja nánari ákvæði með reglugerð.

Í öðru lagi má benda á það, að t. d. séra Jón Guðnason, svo að ég nefni ákveðið nafn, mun vera manna fróðastur um þessa hluti og hefur gert sér allglögga grein fyrir einmitt slíkri spjaldskrá, og eftir að hann hafði farið yfir þetta frv., taldi hann, að í því væri í raun og veru ekki annars krafizt en þess, sem alveg nauðsynlega þyrfti að vera á spjaldskránni, til þess að hún kæmi að gagni.

Ég hygg þess vegna, að þessi ótti sé ástæðulaus, eða ég veit ekki annað.

Um hitt atriðið, sem hann minntist á að hefði verið nokkur ágreiningur um, að mér skildist, þ. e. a. s. þegar hann ræddi málið, hvort það ætti heldur að falla undir þjóðminjasafnið eða þjóðskjalasafnið, þá vil ég benda mönnum á það, að mér finnst tæplega, að það geti verið neitt ágreiningsmál, vegna þess að sá maður, sem vinnur í þjóðskjalasafninu að þessu, hefur við hliðina á sér hér um bil allar þær heimildir, sem hann þarf að nota, en vinni hann að málinu uppi í þjóðminjasafni, verður hann að fá annaðhvort að vera niðri í þjóðskjalasafni eða fá bækurnar lánaðar, svo að í eðli sínu er það í alla staði sjálfsagt, að viðkomandi maður sé í þjóðskjalasafninu og vinni þar, sem heimildirnar allar eru við höndina og handbærar.

Varðandi það, að það verði að taka upp fjárveitingu til þessara hluta, til þess að launa manninn og starfslið, þá er því til að svara, að ég geri fastlega ráð fyrir, að verði þetta frv. samþ. nú á þessu þingi, mundi fjmrh., hver sem hann verður, telja sjálfsagðan hlut að taka fjárveitingu upp í sínar till. í þessu skyni, enda þótt það sé ekki bindandi, því að þingið er þá búið að lýsa fullkomlega vilja sínum yfir í þessu efni og ekki ástæða til að þverskallast við því. Liggur þá beint við að taka upp nauðsynlega fjárveitingu í því skyni, enda veit ég, að það mundu koma fram í till. þjóðskjalavarðar tillögur um, að slík fjárveiting yrði tekin upp, þegar fjárlög yrðu undirbúin næst.

Ég hef raunar ekkert frekar um þetta að segja. Ég endurtek það, að ég er þeim mönnum þakklátur, sem hafa mælt með þessu, og ég tel sjálfsagt, að n. sendi málið til umsagnar bæði þjóðskjalavarðar og hagstofustjóra, þeirra aðila, sem þetta mál snertir sérstaklega, svo að það fáist alveg skorið úr um þeirra álit.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 16. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 24. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 235, n. 392).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta, sem er flutt af hv. 2. þm. Skagf. (JS), fjallar um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi. Aðalefni þess er það, að gera skuli spjaldskrá um alla Íslendinga, sem vitað er um frá landnámstíð.

Menntmn. hefur rætt þetta mál við flm. og við þjóðskjalavörð og fengið enn fremur skriflegar umsagnir frá hagstofustjóra og þjóðskjalaverði, sem prentaðar eru með nál. Nm. eru á einu máli um, að hér sé um merkilegt mál að ræða, og mælir nefndin eindregið með samþykkt þess. Hún flytur nokkrar brtt., sumpart til þess að gera ákvæði skýrari, og m. a. er gert ráð fyrir, að sá starfsmaður, sem til þessa verks verði ráðinn, beri heitið æviskrárritari í stað skrásetjara, eins og gert var ráð fyrir í frv. Er það gert eftir till. þjóðskjalavarðar.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir, að menntmrh. skipi mann til að veita skrásetningunni forstöðu og hann teljist með starfsmönnum þjóðskjalasafnsins. N. leggur til, að orðalagi þessarar greinar sé breytt, þannig að skýrt sé fram tekið, að þjóðskjalasafnið hafi þessa skráningu með

höndum og æviskrárritari, sem sé starfsmaður þar, annist þetta starf.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að frv. verði samþykkt með þessum breytingum, sem greinir á þskj. 392.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu málsins og skal lýsa því yfir, að ég er í öllu samþykkur þeim brtt., sem hún hefur gert, og tel þær yfirleitt til bóta.

ATKVGR.
Brtt. 392,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 392,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 392,3 (ný 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 392,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 392,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 392,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 392,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 402).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 402, n. 462).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég hugsa, að slíkt mál sem hér er tekið til umr. hefði hvergi getað verið borið fram á neinu þjóðþingi nema hér á Alþingi Íslendinga. Ég segi þetta ekki sökum þess, að mér finnist frv., sem fyrir liggur, nein fjarstæða, heldur sökum hins, að það mundi vera óhugsandi að framkvæma það, sem frv. ætlast til, meðal nokkurrar annarrar þjóðar en Íslendinga.

Aðalefni frv. er það, að gera skuli spjaldskrá yfir alla Íslendinga, sem vitað er um frá landnámstíð og ekki hafa verið færðir á spjaldskrá Hagstofu Íslands, sem hófst 16. okt. 1952.

Í 2. gr. frv. er ákvæði um það, að á þessari spjaldskrá skuli vera þær upplýsingar um hvern mann, sem hægt er að afla.

Í 3. gr. er ákveðið, að þjóðskjalasafnið skuli annast þetta stóra verk og þar verði ráðinn sérstakur maður, sem nefnist æviskrárritari, til þess að annast verkið.

Svo eru í frv., eins og hv. þm. hafa auðvitað kynnt sér, ýmis nánari ákvæði um framkvæmd þessa stóra máls.

Menntmn. deildarinnar hefur haft þetta mál til athugunar, og hún lítur svo á, að hér sé um mjög merkilegt mál að ræða og einstætt. Hér eftir mun hver maður verða skráður á spjaldskrá, sem hagstofan sér um, og því munu fylgja nokkrar upplýsingar um hvern mann. En frv. er ætlað til þess, að sams konar skrá verði samin um þá menn, sem lifað hafa hér í landi frá upphafi vega, eftir því sem til vinnst og heimildir eru til um, fram að þeim tíma, þegar spjaldskrá hagstofunnar tekur við, og síðan sé samvinna á milli æviskrárritara í þjóðskjalasafninu og hagstofunnar, þannig að að þessu leyti verði fortíð og framtíð tengdar saman.

Að sjálfsögðu er hér mikið verk, sem um er að ræða, og hægt er að efast um, að einn maður, sem þarna er gert ráð fyrir að skipa, komist mikið áleiðis í þessu verki. En þessu verki er þannig háttað, að það getur haldið áfram óhindrað, þó að það standi lengi yfir. Það, sem æviskrárritarinn á fyrst og fremst að gera, er að vinna úr þeirri almennu skráningu og árlegu og halda þannig þessu verki við. Ég skal ekki beint fullyrða, hvort þetta er svo mikið verk, að það taki upp mestan tíma þessa eina manns. Það kann að vera, að þetta verði allmikið verk. En að því er snertir fortíðina, að semja spjaldskrá um alla þá Íslendinga, sem hér hafa verið frá upphafi og eitthvað verður um vitað, þá er það að segja, að heimildirnar, sem fyrir hendi eru, eru til og eru geymdar, þær týnast ekki. Þess vegna er það, að það verk má vinna smám saman, og ríður meira að segja ekkert á því að ljúka slíku verki á nokkrum árum. Þess vegna telur menntmn., að einmitt í frv., eins og það var sent hingað frá hv. Nd., sé á allan hátt hóflega í sakirnar farið. Það er ekki gert hér ráð fyrir nema einum starfsmanni. Auðvitað kostar það fé, en ætti ekki að vera mjög mikið. Sjálfsagt þarf hann einhverja aðstoð, og gerði hv. flm. þessa frv., hv. 2. þm. Skagf., ráð fyrir því, að hann mundi þurfa að hafa vélritunarstúlku a. m. k. sér til aðstoðar. Þetta er að vísu kostnaður, en ekki stórvægilegur.

Hér er um svo merkilegt starf að ræða og svo einstætt, sennilega í öllum heiminum, að n. lítur svo á, að það sé ekki í það horfandi, þótt af því leiði einhvern kostnað, og ég vona, að hv. d. verði sammála um það.

Ég sagði, að þetta mundi vera einstætt í öllum heiminum, að svona mál sé borið fram og tekið alvarlega. Við vitum það, að um Norðurálfuþjóðirnar er það að segja í þessu efni, að þær vita auðvitað ekkert um sitt upphaf, flestar, nema þá það, sem ráðið verður af fornminjum, nema Íslendingar einir. Frumbyggjar annarra heimsálfna geta auðvitað ekki rakið til síns upphafs,

en það kynni að vera, að innflytjendur í öðrum heimsálfum gætu að einhverju leyti rakið upp til landnemanna, forfeðra sinna, eins og t. d. Kanadamenn eða Ástralíubúar. En ég hef ekki trú á því, að þeir geti gert jafnnána grein fyrir landnámi forfeðra sinna og Landnáma okkar gerir, og jafnvel þótt svo væri, þá fór það landnám fram svo miklu síðar en landnám Íslands, að ég hygg, að megi alveg fullyrða, að það sé engin þjóð í heiminum, sem getur rakið og vitað um upphaf sitt eins greinilega, þjóð, sem varð til fyrir um það bil 1100 árum.

Menntmn. leggur eindregið til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt eins og það er nú. Það tók nokkrum breytingum í hv. Nd. frá því, sem flm. lagði það fyrir. Telur n., að þær breytingar hafi yfirleitt verið til bóta, — þær eru ekki stórvægilegar. Einn nm., hv. 4. þm. Reykv., var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi þetta mál. Get ég þar af leiðandi ekki sagt um hans afstöðu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 473).

---

48. Bifreiðalög (frv. samgmn. Ed.).

Á 42. fundi í Sþ., 29. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941 [169. mál] (þmfrv., A. 421).

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu litla frv. Í 32. gr. bifreiðalaga er ráðherra heimilað að setja gjaldskrá og ákveða gjaldmæla í leigubifreiðar til mannflutninga. Breytingin, sem farið er fram á að gerð verði samkv. þessu litla frv., er sú, að hér verði bætt við að heimila ráðherra einnig að setja gjaldskrá og ákveða að hafa gjaldmæla í sendiferðabifreiðum.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk félags sendibifreiðarstjóra hér í bænum, Trausta. Samgmrn. hefur fengið það til athugunar og taldi heppilegt, að þetta yrði sett inn í lög, og mælti með því fyrir sitt leyti, að þetta frv. næði fram að ganga. Ég hef svo ekki meira um þetta að segja og óska, að hv. d. taki þessu máli vel.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 85. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 421, n. 495).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Meginbreytingin, sem frv. felur í sér á 32. gr. bifreiðalaganna, er sú, að samgmrh. geti sett gjaldskrá um flutningsgjöld með sendibifreiðum og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum. Ósk hefur komið fram um það frá samtökum sendibílstjóra, að slík breyting verði gerð, og hefur bæði hæstv. ríkisstj. og hv. Ed. og nú samgmn. þessarar hv. d. talið rétt að mæla með því, að sú breyting verði gerð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 533).

49. Vátryggingarsamningar.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 8. marz 1954, um vátryggingarsamninga [155. mál] (þmfrv., A. 375).

Á 72. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem fyrir liggur, er flutt af sjútvn. eftir beiðni Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og í samráði við atvmrn. Því miður varð ekki af því við 1. umr., að gerð væri grein fyrir efni frv., sem þó hafði verið ætlunin, og vil ég þess vegna nú við þessa umr. fara um það nokkrum orðum.

Árið 1954 voru sett lög um vátryggingarsamninga, nr. 20 það ár, sem er almenn löggjöf um það efni. Í þessum lögum frá 1954 er m. a. kveðið á um það, að niður falli tiltekin ákvæði úr lögum frá 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip, þ. e. a. s. samábyrgðina, og lögum frá 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, sömuleiðis lög frá 1952 um sama efni.

Með lögunum um vátryggingarsamninga er því svo komið, að lögin um vélbátatryggingar eru niður felld að nokkru leyti, eftir því sem nánar er tiltekið í þessum nýju lögum, og gilda því aðeins að því leyti, sem þau hafa ekki verið niður felld. En um þau atriði, sem hafa verið felld niður úr hinum eldri lögum um vélbátatryggingar, gilda ný ákvæði í hinum nýju lögum um vátryggingarsamninga.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að þau ákvæði úr l. um vélbátatryggingar, sem felld voru niður 1954, komi aftur í gildi, og hefur verið gert ráð fyrir því, að þau verði í gildi, þangað til tími hefur unnizt til þess að endurskoða lögin um vélbátatryggingar í heild.

Í grg. frv. á þskj. 375 er birt bréf til sjútvn. frá forstjóra samábyrgðarinnar. Í þessu bréfi er sérstaklega gerð grein fyrir einni breytingu, sem hin nýju lög um vátryggingarsamninga hafa haft í för með sér og forstjórinn telur að muni verða mjög afdrifarík fyrir starfsemi samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir.

Í lögum um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip stóð í 22. gr. m. a. það, sem nú skal lesið, með leyfi hæstv. forseta:

„Öll þau skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, þegar bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella stjórn samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, þó með þeim takmörkunum, er segir í 3. mgr. 13. gr., og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði“ o. s. frv.

Svipuð ákvæði eru í lögunum um samábyrgðina frá 1921.

Nú er það svo, að með lögunum um vátryggingarsamninga er m. a. einmitt þessi gr., sem ég nú las, numin úr lögum, þannig að um greiðslu fyrir björgun á skipum, sem tryggð eru samkv. lögunum, fer nú eftir allt öðrum reglum, að því er talið er, og þessa breytingu hafa menn, eins og ég gerði áður grein fyrir, talið það alvarlegs eðlis fyrir tryggingastarfsemina, að ekki verði við unað.

Niðurfelling þessarar gr. mun vera aðalástæðan til þess, að málið er flutt fram, en eins og ég sagði, er frv. um að láta þau ákvæði í lögunum um samábyrgðina og vélbátatryggingarnar, sem felld voru niður með nýju lögunum frá 1954, taka gildi á ný.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 78. fundi í Nd., 28. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Fyrir hönd sjútvn., sem hefur flutt þetta frv., vil ég aðeins geta þess nú, áður en málið fer út úr deildinni, að n. lítur á þetta frv. sem bráðabirgðalöggjöf, ef samþykkt verður. Það er vilji n. og tilmæli til hæstv. ríkisstj., að látin verði fara fram endurskoðun á lögunum frá 1921 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og á lögunum frá 1947 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip og að sú endurskoðun verði látin fara fram sem allra fyrst. — Þessa vildi ég aðeins geta f. h. nefndarinnar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 375, n. 511).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga hefur borizt Alþingi fyrir milligöngu Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og hefur þegar fengið afgreiðslu í Nd. óbreytt eins og það barst hinu háa Alþingi.

Við höfum hér í þessari deild talsvert kynnt okkur þetta frv. og rætt það. Með hinu upphaflega frv. á þskj. 375 er ýtarleg grg. fyrir þessum breytingum, sem ætlazt er til að fá lögfestar nú, og ef hv. þm. hafa kynnt sér þá grg., er kannske lítil þörf á fyrir mig að hafa sérstaklega ýtarlega framsögu um þetta mál.

Ég vil þó benda á það, að í grg. er tekið fram, að með lögunum, sem ætlazt er til að breyta, nr. 20 8. marz 1954, um vátryggingarsamninga, voru lögin um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, sem kölluð eru vélbátatryggingarlögin, að verulegu leyti felld úr gildi. Stendur lítið annað eftir af þeim en ákvæðin um skyldutryggingar. En þessi lög, sem talið er að hafi verið felld úr gildi, fólu í sér sérstaka tilhliðrun hvað snertir greiðslu á björgunarlaunum fyrir fiskiskipin eða vélbátaflotann sérstaklega. Nú er því flotinn að því leyti til berskjalda, að síðan felld voru úr gildi þessi sérstöku honum hliðhollu lög, getur hver, sem bjargar vélbát, krafizt fullra björgunarlauna samkvæmt almennum lögum þar að lútandi, og verður það, ef svo fer fram, óhjákvæmilega til þess að áliti þeirra, sem þessa löggjöf vilja fá núna setta, að hækka þarf tryggingariðgjöld af bátunum að miklum mun. Til þess að forðast, að það verði, vill því hv. Nd. og þeir, sem að þessu máli standa, lögleiða aftur ákvæði vélbátatryggingarlaganna, m. ö. o. lögleiða aftur þau fríðindi, sem bátarnir sérstaklega njóta að því er snertir greiðslu á björgunarlaunum.

Að öðru leyti er því lýst í grg., sem um ræðir, að verið sé að vinna að endursamningu bátaábyrgðarlaganna og samræma þau, eftir því sem unnt er, lögunum um vátryggingarsamninga. Það frv. er þó ekki svo langt á leið komið, að hægt hafi verið talið að fá það samþykkt á þessu þingi, og er því ætlazt til, að sú breyting, sem liggur fyrir nú í frv. á þskj. 375, verði til bráðabirgða, þangað til hinn endurskoðaði lagabálkur verður tilbúinn fyrir bátaábyrgðarfélögin og þá samræmdur, að svo miklu leyti sem það er unnt, ákvæðunum í lögunum um vátryggingarsamninga.

Ég held, að þó að það kunni að vera annmarkar á því að takmarka björgunarlaun fyrir fiskibáta, þá verði að fallast á, að það væri óhagstætt ekki síður nú, og kannske frekar nú en oft endranær, að vátryggingariðgjöld bátanna þyrftu enn að hækka. Það eru margir, sem stynja mjög undir þeim gjöldum, og rétt er að benda á það í þessu sambandi til þess að undirstrika það, hve þýðingarmikill liður þau eru í kostnaði útgerðarinnar, að í nýafstöðnum aðgerðum Alþingis varðandi aðstoð til bátaflotans er séð fyrir því að létta undir með bátaflotanum frá ríkisins hálfu einmitt á þessu sviði, tryggingarsviðinu. Með hliðsjón af því, þó að það kunni ekki að vera nema þetta ár eða til bráðabirgða líka, finnst mér, að það væri að leggja öfugt á að stofna til þess með því að synja um staðfestingu á þessu frv., að bátaábyrgðariðgjöldin yrðu að hækka af öðrum ástæðum.

Þessi sjónarmið hefur sjútvn. rætt og komst að þeirri niðurstöðu, að hún, eins og hv. Nd. hefur lagt til, leggur til, að frv. sé samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 538).

---

50. Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Á 21. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [105. mál] (þmfrv., A. 126).

Á 22. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt af meiri hluta landbn. eftir beiðni hæstv. landbrh., en einn nm., hv. 6. þm. Reykv., hefur ekki tekið þátt í flutningi þessa frv. Eins og hv. þm. er kunnugt, var frv. um svipað efni og breyting á framleiðsluráðslögunum flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Nú er frv. um breytingu á framleiðsluráðslögunum flutt á ný í dálítið breyttu formi, þ. e. a. s. meiri hl. nefndarinnar hefur tekið upp þær till., sem meiri hl. landbn. lagði til að yrðu samþykktar á s. l. þingi.

1. gr. þessa frv. fjallar um það að fela mönnum frá Landssambandi eggjaframleiðenda og Sölufélagi garðyrkjumanna að sitja fundi framleiðsluráðsins, þegar rædd eru málefni, sem varða þeirra atvinnugreinar, og virðist slíkt vera mjög eðlilegt, þar sem þeir eru sínum málefnum að öllu jöfnu kunnugastir.

2. gr. frv. felur í sér ákvæði, sem varðar inn- og útflutning landbúnaðarvara. Okkar landbúnaðarframleiðsla hefur ávallt verið og er mjög háð veðurfarinu, svo að búast má við, að þó að meira en nægjanlegt sé til af einni framleiðslugreininni í ár, t. d. mjólk eða slíku, þá muni kannske verða skortur á henni eitthvert annað

ár. Það er því mjög áríðandi, að framleiðsluráð landbúnaðarins, sem hefur með sölu og verðlagningu á þessum vörum að gera, fái að segja álit sitt um, hvort eigi að vera innflutningur á viðkomandi vörum eða ekki. Og þessi grein fjallar um það, að ávallt skuli leita samþykkis framleiðsluráðsins, þegar um innflutning á landbúnaðarframleiðslu er að ræða.

3. gr. er um verðskráningu á garðávöxtum og gróðurhúsaframleiðslu. Það er ekki um neina efnisbreytingu að ræða hér, heldur aðeins orðalagsbreytingar.

4. gr. frv. fjallar um ný verkefni framleiðsluráðs, þar sem gert er ráð fyrir, að bætt verði inn í lögin nýjum kafla um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu. Í mörg undanfarin ár hafa verið á meðal gróðurhúsa- og garðræktarmanna háværar raddir um það að fá breytingar á fyrirkomulagi á sölu garðávaxta. Nefndir hafa verið skipaðar, sem hafa ekki orðið á eitt sáttar, eins og við mátti búast. Fundasamþykktir hafa verið gerðar á stéttarsambandsfundum bænda, þar sem bent hefur verið á, að nauðsynlegt væri að breyta um skipulag í þessum efnum. Hitt er svo annað mál, á hvern hátt heppilegast er að breyta til, og er mikið um það búið að ræða, og tel ég, að þær breytingar, sem hér um ræðir, séu þess eðlis, að þeir, sem þar eiga hlut að máli, muni eftir atvikum sætta sig við þær eða telja, að þær séu til bóta, því að þróunin í sölumálum landbúnaðarframleiðslunnar hefur verið sú á undanförnum árum og eftir því sem framleiðslan hefur farið vaxandi í landinu, að þá hefur viðkomandi stétt eða framleiðendur fengið meir og meir í sínar hendur sölu og fyrirkomulag á viðkomandi framleiðslu. Þessar breytingar koma því engum á óvart og ekki heldur óeðlilegt, þegar litið er á þróun þessara mála, þótt það fari á sömu leið með garðræktina sem aðra landbúnaðarframleiðslu, því að þeir framleiðendur, sem eiga allt undir sól og regni, eiga það sannarlega skilið, að fyrir þá sé gert það, sem þeir telja að sé sínu starfi til bóta. Það er líka meginskilyrði fyrir því, að gróðurmold og ylur jarðar notist og verði leystur úr læðingi í framtíðinni, að þeir, sem að því vinna, séu ánægðir með sitt hlutskipti, því að eitthvert mesta vandamál nútímans er að stöðva flótta fólksins úr dreifðum byggðum til fjölmennari staða í landinu. Okkur ber því nú sem fyrr skylda til að hlusta á þær raddir, sem til okkar berast, og búa þannig í haginn fyrir uppvaxandi kynslóðir, að það þyki ekki girnilegra að standa hér í búðarholu eða innilokaður á skrifstofu.

Það þarf að veita straumnum frá fjölbýlinu og meira út í hinar dreifðu byggðir, þar sem verkefnin verða ótæmandi um ófyrirsjáanlegan tíma.

5. og 6. gr. þessa frv. eru um verðmiðlun. Þær breytingar, sem hér um ræðir, eru hvort tveggja í senn afleiðingar af öðrum breytingum á þessum lögum og einnig breytingar, sem gerðar eru út frá þeirri reynslu, sem skapazt hefur á undanförnum árum, frá því að framleiðsluráðslögin gengu í gildi árið 1947.

Að lokinni þessari umr. óska ég þess, að frv. þetta verði látið ganga til 2. umr. og að hv. þm. mæti því af skilningi og styðji það eftir beztu getu.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Eins og frsm. hv. landbn., hv. þm. Dal., tók fram, var ég ekki meðflm. að þessu frv. Þó að það væri talið, að ég gæti verið meðflm., en áskildi mér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja þeim, vildi ég það ekki, af því að ég var og er á móti frv.

Hv. frsm. gerði dálítið úr þessum breytingum, sem hafa orðið á frv. síðan í fyrra. Ég var ekki á þingi, þegar þær umr. fóru fram, og veit því ekki, hvað þar hefur komið fram. En ef maður lítur á frv. eins og það var í fyrra og undirbúning þess, þá er það Stéttarsambandið, sem hefur ákveðið að breyta þessum lögum, og þeir hafa verið svo sannfærðir, þegar þeir voru að breyta þeim, og enginn annar komið þar að, og nefndinni hefur ekki virzt, að það væri neitt, sem þyrfti að breyta, til þess að það næði fullkomnun eins og þeir vildu hafa það, annað en það, að framleiðsluráð ætti að fá einkainnflutning á jarðarávöxtum, og þá sé öllu náð. En þeim er svo vel ljóst, að það sé ekkert annað, að þeir nefna hvergi nokkurs staðar í lögunum grænmetisverzlun ríkisins, eignirnar eða það allt, sem þar er, það sé eins og hver annar sjálfsagður hlutur, að þeir geti bara gengið þar inn, þegar þeir eru búnir að fá einkasölu á innflutningi grænmetis, þá geti þeir bara labbað inn í þessa ríkisstofnun, og ekki er gert ráð fyrir, að þeir verði að kaupa hana. Þegar þessir menn koma svo aftur til annarra manna, sem ekki hafa eingöngu stéttarsjónarmið eða félagssjónarmið, eins og t. d. hjá mönnum, sem eru að gera kröfur til kaups eða einhvers svoleiðis, þá kemur það, að það sé nú athugandi, að það sé eign þarna, sem þeir verði að fá, og þá breyta þeir því. Fyrsta aðalbreytingin er sú, að ríkisstj. sé heimilt að selja grænmetisverzlunina Stéttarsambandinu eða þessari nýju stofnun. Og þá kemur annað, sem þeim þykir dálítið erfitt við að eiga og sé ekki alveg ugglaust, að þeir skuli fá innflutningsleyfi, og þá kemur í frv., sem núna er, í breytingum, sem eru komnar fram, að ríkinu sé heimilt að selja grænmetisverzlun landbúnaðarins fasteignir grænmetisverzlunar ríkisins og þá verði þeir að kaupa það. En það eru svolitlir aurar, sem það kostar, sem þeir hafa ekki gætt að. Og það er tekinn af þeim einkarétturinn á innflutningnum. Nú er það landbúnaðarráðherra, sem má flytja inn, ekkert nefnt, hver á að selja. Svo getur landbrh. sagt: Ja, látið Sambandið eða kaupmenn flytja inn. — Þá eru þeir búnir að eignast grænmetisverzlun ríkisins, húsin og alla verzlunina, en búið að sleppa eftirlitinu með innflutningnum. Það er ekki einn stafur um það, hver á að verzla með þetta, það er ekki stafur um það í lögunum. Og mér finnst nú ekki undarlegt það, sem nefndin segir hérna í þessari mjög svo stóru grg., eins og þið sjáið fyrir þessu frv. núna, sem sýnir, að það hefur komið einhver deyfð fyrir áhugann um málið, að grg. skyldi ekki vera eitthvað svolítið ýtarlegri, en það segir hérna, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillögur þessar hafa verið bornar undir nefnd þá, er samdi frv., og í bréfi til ráðuneytisins,

dags. 28. f. m., segir meiri hluti hennar, þeir Sverrir Gíslason, Jón Sigurðsson, Unnsteinn Ólafsson og Helgi Pétursson, að þrátt fyrir það, að þeir telji ákjósanlegast, að frv. þeirra yrði samþ. óbreytt, þá geti þeir eftir atvikum fallizt á breytingar meiri hl. landbn., þar eð þeir telji þær til bóta frá því, sem nú er.“

Mig skal nú ekkert undra, þó að þeir séu nú ekki alveg ginnkeyptir fyrir þessari breytingu, þar sem þeir verða að kaupa grænmetisverzlunina og í öðru lagi innflutningurinn á grænmeti er tekinn úr höndum þeirra um leið. Mér finnst ekki undarlegt, þó að þeir séu óánægðir yfir því.

Svo er nú eitt í þessu máli. Ég veit ekki um það. Ég hef bara lesið þessi plögg, sem hafa komið hérna fram. Ég held og ég veit ekki annað en að framleiðsluráð verðleggi allt grænmeti og að bændum og þeim, sem hafa framleitt kartöflur og grænmeti öll undanfarin ár, að einu ári undanteknu, hafi grænmetisverzlunin borgað alveg þetta ákveðna verð að fullu nema 1953, en framleiðslan var þá svo mikil, að hún var ekki seljanleg.

Það er einn maður þarna með, Björn Jóhannesson, sem hefur verið á öðrum meiði og hefur ekki átt neinna beinna hagsmuna að gæta í þessu máli. Hvað hefur hann sagt um þessar breytingar núna, eða var þetta aldrei borið undir hann? Var það aldrei borið undir alla nefndina, eða sagði hann ekkert um þetta? Eins og ég tók fram í byrjun, finnst mér þetta allt vera ákaflega hættuleg leið, sem farið er inn á.

Það er hægt að segja, að það sé sérstakt með garðávexti og annað, sem flutt er inn. Hv. frsm. tók fram, að bændurnir hefðu sölu á kjöti, mjólk og öllu því, og hefur það aldrei verið öðruvísi. En það er bara dálítið annað, þegar hér um bil alltaf á hverju ári er töluvert stórt magn, stundum tveir þriðju og helmingur og minnst einn fjórði, sem þarf að flytja inn frá útlandinu. Þá fer dálítið að vandast málið. Það eru þó nokkrir aðilar hér á landi, sem framleiða úr íslenzku efni. Við getum hugsað okkur einhvern góðan veðurdag, að mönnunum, sem framleiða tau úr íslenzku efni, væri veittur svona réttur eins og þessum mönnum, líka mönnum, sem búa til skó, og það er ekki háð því, hvort það væri rétt eða ekki rétt, það er háð því, hvort mennirnir hafa pólitiskt vald til að koma því fram, og þá mega mennirnir bara gæta að sér að gera ekki svona firru og mynda svona fordæmi. Út frá þessum forsendum er ég algerlega á móti þessu. Hv. frsm. sagði, að hann óskaði eftir, að málið færi til 2. umr. og svo áfram, en ég óska eftir, að n. taki það aftur og ég fái rétt til þess a. m. k. að vita, hvað menn hafa lagt til málanna, t. d. minni hluti nefndarinnar, sem þarna er, og í öðru lagi, hvað þeir menn leggja til málanna, sem eftir mánuð eiga að skila af sér milljónafyrirtæki eins og grænmetisverzlun ríkisins er. Mér fyndist, að það væri ekki undarlegt, að þeir fengju eitthvað um það að segja, og á þessum forsendum mun ég greiða atkvæði á móti þessu máli.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við höfum undanfarið á þessu þingi og á síðasta þingi séð framan í frumvörp, sem Sjálfstfl. hefur flutt um að leggja niður bæði ferðaskrifstofuna og skipaútgerð ríkisins, og þetta hvort tveggja, ferðaskrifstofan og skipaútgerð ríkisins, eru stofnanir, sem voru settar á stofn, þegar stjórn Frams.- og Alþfl. var hér á árunum 1934—37. Framsfl. hefur rekið upp mikið óp, þegar þessar till. hafa komið fram, og meira að segja í sambandi við aðra till. brugðið svo hart við, að hann hefur gert það, sem hann sjaldan hefur annars gert hér, að hindra, að samstarfsflokkur hans í ríkisstjórn fengi slíkt mál í nefnd. Framsfl. hefur þótt, að þarna væri verið að ráðast á það, sem væri einn af þeim minnisvörðum um samstarfið 1934—37, sem ekki mætti falla. Það er vitanlegt, að tillögurnar um skipaútgerð ríkisins og um ferðaskrifstofuna og um grænmetisverzlun ríkisins voru gerðar af skipulagsnefnd atvinnumála eða Rauðku, eins og hún venjulega var kölluð, og þóttu vera allmikil framför í skipulagsmálum í þjóðfélaginu frá því, sem áður hafði verið.

Nú bregður svo við, að Framsfl. sýnir alveg sérstakan áhuga um að leggja niður eitt ríkisfyrirtæki, sem líka var stofnað fyrir 20 árum, grænmetisverzlun ríkisins, afnema þá einkasölu, sem líka var einn árangurinn af þeirri samvinnu Alþfl. og Framsóknar, einn árangurinn af starfi skipulagsnefndar atvinnumála eða Rauðku á þessum árum.

Ég held, að það sé ekki að tilefnislausu, að maður þess vegna spyrji: Hver er stefna Framsóknar um þessi mál? Hvað er það, sem veldur því, að það á að fara að afnema og svipta ríkið upphaflegum eignum skaðabótalaust, eins og hv. 6. þm. Reykv. hefur sýnt fram á, hvað er það, sem veldur þessu? Manni liggur nærri að láta sér detta í hug, að þegar um ferðaskrifstofuna eða skipaútgerðina sé að ræða, fyndist Framsfl. sem hann væri að missa einhverja aðstöðu með því, að það væri tekið frá ríkinu. En finnst honum þá rétt að svipta ríkið og þá, sem það á að hugsa um hagsmuni fyrir með grænmetisverzlun ríkisins, þeirri aðstöðu, jafnvel þótt Framsfl. kynni að hugsa sér, að hann fengi einhverja betri aðstöðu með því að gera þetta að einkafyrirtæki? Hingað til höfum við þó gengið út frá því í orði kveðnu a. m. k., að þegar ríkið hefði þarna einkasölu, væri tekið tillit bæði til hagsmuna neytenda og framleiðenda, og það er ekki ósanngjarnt, að þeirri stefnu, sem upphaflega var mörkuð í þeim efnum, sé haldið, og engin ástæða til þess, að annar aðilinn, sem þarna á hlut að máli, sem sé hluti af framleiðendunum, gæti ákveðið sjálfur allt um þetta verk.

Mér finnst það satt að segja koma úr hörðustu átt, þegar ráðuneyti hæstv. landbrh., sem var, ef ég man rétt, einn af þeim mönnum, sem voru í skipulagnefnd atvinnumála fyrir 20 árum, og einn af aðalstarfsmönnum Rauðku þá, var þess vegna einn af aðalfrumkvöðlum grænmetisverzlunar ríkisins, skuli nú leggja til að afnema þessa verzlun ríkisins. Ég sé að vísu, eins og hv. 6. þm. Reykv. sýndi hér fram á, að það er heldur kurteislegar í þetta farið en á síðasta þingi, enda var það þá gert með slíkum endemum, að ekki var haldið áfram með það. En þessar aðferðir minna mig dálítið á það, sem hefur verið að

gerast á undanförnum árum og ég hef nokkrum sinnum komið inn á, áburðarverksmiðjumálið, hvernig reynt er að svipta ríkið eign og valdi, sem það hefur, til þess að leggja það öðrum einstökum aðilum í hendur. Ég hef flutt frv. um það mál hér á þinginu ár eftir ár. Það frv. hefur aldrei enn þá verið afgreitt frá fjhn. og liggur nú hjá henni, þrátt fyrir það að ég hafi fulla ástæðu til að halda, að meiri hluti þings sé mér sammála í því máli. Og ég vil leyfa mér að spyrja: Er það Framsfl., sem hefur formennskuna í fjhn., sem liggur á því, að svona frv. fáist afgreitt úr nefnd, þannig að það fái að koma í ljós, hver afstaða þingmanna er með þessu máli? Er þetta ef til vill vinstri samvinnan, þessi lýðræðislega samvinna, að afgreiða engin mál úr nefnd, að stöðva mál með eins konar valdboði í nefndunum og láta þau aldrei sjá dagsins ljós, eftir að þau hafa lent inn í nefndagreninu einu sinni, jafnvel þótt meiri hluti þingmanna sé kannske með þeim? Mér dettur þetta nú sérstaklega í hug vegna þess, að ég tók eftir, að hv. frummælandi þessa máls lagði ekki til, að málið færi til nefndar. Og ég vil leyfa mér að taka undir þá till., sem hv. 6. þm. Reykv. kom hér með, sem sjálfur á sæti í landbn., að þessu máli sé vísað til landbn. Það er engin ástæða til þess, þegar meiri hl. einnar n., sem er bara einir fjórir þm., en ekki nefnd, flytur eitt mál, að því máli sé ekki vísað til n. á venjulegan hátt. Hvað þýðir það, að máli er vísað til nefndar? Það þýðir það, að í n. er tækifæri fyrir alla aðila nefndarinnar til að leita álits sérfróðra manna um það mál, sem fyrir liggur, og fá það upplýst og geta birt þingheimi þau álit, þannig að þingheimur hafi möguleika til þess að dæma um þessi mál að fengnum upplýsingum frá báðum hliðum. Ég vil minna á, að það er ekki höfuðtilgangur nefndanna samkv. stjórnarskrá og þingsköpum að svæfa mál, þó að hv. stjórnarliðar séu kannske farnir að gera sér það í hugarlund út af þeim aðferðum, sem þeir hafa haft undanfarið við bæði mál stjórnarandstöðunnar og sum af málum stjórnarsinna. Það er tilgangur nefndanna að rannsaka mál og útvega þingheimi upplýsingar um þau, og þegar landbn. á að fá svona mál aftur til athugunar, þá er það til þess að leggja fyrir okkur þingmennina almennt upplýsingarnar í þessum málum.

Ég vil taka undir það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það væri mjög fróðlegt að heyra álit m. a. þeirra starfsmanna ríkisins, sem nú stjórna grænmetisverzlun ríkisins, — heyra álit þeirra á þessum málum. Ég veit ekki til þess, þegar málin um skipaútgerðina hafa verið hér til umr. á Alþingi, að forstjóra skipaútgerðarinnar hafi verið meinað að birta sitt álit um það mál. Ég veit ekki betur en að öllum þingheimi og það jafnvel Sjálfstfl. líka hafi þótt sjálfsagt, að þessir starfsmenn ríkisins kæmust að með að birta sitt álit um, hvort ætti að afnema skipaútgerð ríkisins eða ekki. Ég veit ekki betur, þegar málin um ferðaskrifstofuna eru rædd hér, en það sé leitað álits forstjórans fyrir ferðaskrifstofunni til þess að heyra, hvað hann hafi að segja um þessi mál. Og ég sé ekki, af hverju Framsfl. ætti ekki að geta verið með því, að þessir menn, sem meira að segja þar að auki munu almennt vera framsóknarmenn, fái að láta í ljós sitt álit á þessum málum og það álit fái að birtast þingheimi.

Ég álít, að það sé þess vegna sjálfsagður hlutur, að þessu máli sé vísað til landbn. og landbúnaðarnefnd, heil eða óklofin, að fengnu áliti þeirra manna, sem hún kallar til til þess að heyra um þetta mál, skili þessu aftur til hv. d. við 2. umr. Ég sé hvort sem er, að það þarf ekki að óttast, að málið komi ekki úr n. aftur. Það er auðsjáanlega það mikill áhugi í nefndarmönnum, að þó að ég leggi til eða taki undir þá tillögu hv. 6. þm. Reykv., að málið fari aftur til landbn., er ekki þar með verið að leggja til að svæfa málið, eins og virðist vera aðaltilgangur sumra nefnda hér í þinginu. Þvert á móti, það er til þess að fá upplýsingar frá öllum hliðum í málinu.

Ég vil þess vegna leyfa mér að óska þess, að hv. frsm. fallist á þá till., að þetta mál fari til landbn., og ég man ekki betur en að við höfum áður rætt það mál þó nokkuð hér í deildinni, þegar mál eru flutt af meiri hluta nefndar, hvort það sé ekki rétt, að þau fari til nefndar aftur, og komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri sjálfsagt, einmitt vegna þess, að ef sá háttur væri tekinn upp, þegar meirihlutamenn úr einni n. flytja mál, að senda það ekki til n., þá mundi það þýða, að minni hlutinn í einni n. væri sviptur þeirri aðstöðu, sem honum ber samkv. stjórnarskrá og þingsköpum, að gefa út nál. með þeim skýrslum, sem þar til heyra, fylgiskjölum um þetta mál, sviptur þeirri aðstöðu, sem við vitum að er ákaflega mikilvæg aðstaða, ein af mikilvægustu aðstöðunum hér á þingi. Ég vil þess vegna eindregið leyfa mér að vona, að hv. frsm. málsins fallist á það, að málið fari til n. aftur, það sé hægt að athuga það vel í þeirri n. og það geti legið alveg fyrir okkur þm., þegar málið kemur aftur frá n., hver afstaða þeirra manna er, sem ríkið nú undanfarið hefur falið að stjórna þessum málum fyrir sína hönd, hvort þeir eru samþykkir eða ekki þeim till., sem hér eru í frammi. Það er það minnsta, sem við þm. getum búizt við að gert sé, að tryggja okkur að fá álit þeirra manna, sem um þessi mál fjalla.

Hv. 6. þm. Reykv. sýndi líka fram á, að í grg. væri bara talað um meiri hluta þeirrar n., sem hafði flutt frv. upphaflega og undirbúið það. Og ég vil taka undir það með honum að biðja um upplýsingar um það, hvernig er með minni hluta þeirrar nefndar. Af hverju er þess ekki getið, hvað hann segir? Og ég vil minna á um leið, sérstaklega þá, sem mikið tala um lýðræði, að það, sem þykir einkenni á lýðræði, sé, að minni hlutinn fái að komast að með sínar skoðanir, og þess vegna væri mjög æskilegt, að við fengjum líka að heyra, hvað minni hluti þeirrar nefndar, sem upphaflega hefur þó verið stjórnskipaður, segir um þetta. Það má vel vera, að þær upplýsingar liggi ekki fyrir sem stendur, en þá er það eitt af þeim tilvöldu verkefnum hv. landbn., þegar hún fengi þetta mál aftur til umr., að útvega sér þessar upplýsingar og láta þær liggja fyrir deildinni í rökstuddu áliti með fylgiskjölum þessara manna, þegar málið kemur aftur til 2. umr. frá hv. landbn.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. talaði hér áðan og einnig hv. 2. þm. Reykv. og báðum fannst ekki viðeigandi, að þetta mál fari ekki til n. Ég hélt nú satt að segja um mál, sem væru flutt af n., að það væri ekki þörf að óska þess, að þau færu til n. (Gripið fram í.) Málið er flutt af nefnd. (**EOl:** Nei, það er ekki flutt af nefnd.) Jú. (**EOl:** Það er flutt af meiri hluta nefndar, en ekki af nefnd.) Nefndin hefur þá á valdi sínu að breyta frv., eftir því sem henni þóknast, án þess að því væri vísað til hennar. En hins vegar þegar þess er sérstaklega óskað, að því sé vísað til n., þá hef ég ekkert á móti því.

Hv. 6. þm. Reykv. gat þess, að grg. fyrir frv. væri stutt. Það er alveg satt, hún er það. Út af fyrir sig var það ekki nefndarinnar að semja grg. fyrir frv., sem henni er sent. En ég vil benda á það, að í grg. fyrir frv. er vísað til þess frv., sem lá fyrir hv. Alþ. í fyrra, og þeirrar grg., sem því fylgdi, ásamt þeim nál., sem fram komu varðandi málið á síðasta Alþingi. Og ég hygg, að ef þingmenn vildu kynna sér þau nál., komi greinilega í ljós, hver afstaða einstakra þingflokka og einstakra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, er til þessa frv. En hvort sú afstaða hefur gerbreytzt á þessu eina ári, það skal ég ekkert um segja, en það má vel vera, að svo sé, og færi kannske betur.

Um það, hvers vegna minni hluta n., sem samdi frv. upphaflega, var ekki sent frv., get ég ekkert sagt, og það má vel vera, að svo hafi verið, þó að það sé ekki tekið fram í grg. En ég vil bara benda á, að einmitt í því frv., sem hér liggur fyrir, er tekinn upp meginþáttur í þeim till., sem minni hl. n., sem samdi frv. upphaflega, lagði til, það eru till. Björns Jóhannessonar. Hann benti m. a. á, að það væri ekki æskilegt að gerbreyta til um umboðsmenn, og nefndin, sem vann að þessu frumvarpi hér í þinginu í fyrra, tók mikið tillit til þessa, og frv. var breytt í þá átt, að þeir umboðsmenn, sem áður hafa verið, eru látnir vera áfram. En ég er nú þeirrar skoðunar, að það gegni öðru máli með grænmetisverzlun ríkisins sem einkasölu en ýmsar aðrar ríkisstofnanir, m. a. vegna þess, að það líða aldrei mörg ár, þar til við Íslendingar getum fullnægt okkar eigin þörfum í ræktun með grænmeti, og þá höfum við í raun og veru ekkert með grænmetisverzlun ríkisins að gera. Og svo vil ég benda á það í sambandi við það, að fela eigi framleiðsluráði landbúnaðarins einkainnflutning á garðmeti, ef til kemur, að það sé reginmisskilningur, vegna þess að það er ríkisstj., sem hefur einkainnflutninginn með höndum og getur falið hvaða aðila sem henni svo sýnist að annast þann innflutning.

Þess er skemmst að minnast, að fyrir nokkru var hörgull á kjöti í landinu, svo að það þurfti að grípa til innflutnings, og það var engin einkastofnun í landinu, sem hafði með slíkt að gera, þegar til þess þurfti að grípa. Þess vegna varð ríkisstjórnin að ráðstafa því. Hvers vegna getur hún þá ekki eins ráðstafað innflutningi, ef um kartöflur eða annað grænmeti er að ræða? Ég sé ekki neinn reginmismun á þessu, enda álít ég líka, að framleiðsluráð landbúnaðarins og starfsemi þess á undanförnum árum hafi sýnt og sannað, að þeir hafa ekki á nokkurn hátt misnotað það vald, sem þeim er falið lögum samkvæmt. Og því er ekki ástæða til, að þeir muni misbeita valdi sínu, þó að þeir fái eitthvað meira vald í því að annast um sölu á garðmeti, frekar en öðrum landbúnaðarafurðum. Það er beinlínis sannað mál, að framleiðslan í landinu hefur dafnað og vaxið, eftir því sem sölufyrirkomulagið hefur flutzt meira í hendur framleiðendanna sjálfra. Það þótti á sínum tíma ekki neitt girnilegt fyrir bændur landsins að koma með fé austan úr sveitum hingað til Reykjavíkur og bíða viku, hálfan mánuð og kannske meira og verða svo að selja það fyrir lítið verð. Og það er einmitt fyrir skipulagningu í þessum málum, sem það hefur áunnizt, að bændurnir hafa fengið hlut sinn réttan. Hvers vegna er þá ástæða til að óttast um það, ef þeir eiga sjálfir að fara með sölufyrirkomulag á garðávöxtum, að það fari frekar út um þúfur en annað, sem þeim hefur verið falið? Ég sé ekki nein rök fyrir þessu máli, nema síður sé, því að þróunin í þessum málum hefur sýnt okkur allt annað en hér er haldið fram. Og jafnvel þó að það hafi verið mjög æskilegt og ekkert annað skárra fyrir 20 árum en að koma á einkasölu í þessum efnum, þá er þar með ekki sagt, að tímarnir hafi leitt í ljós, að það sé æskilegasta fyrirkomulagið nú. Það er öðru nær.

Ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að málinu sé vísað til n. og það krufið þar, þótt ég hins vegar líti þannig á, að tillögur flestra þeirra aðila, sem að þessu máli snúa, liggi þegar fyrir hv. Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 254 og 255).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það er nokkuð langt um liðið síðan þetta mál var hér til 1. umr., og gerði ég þá allglögga grein fyrir frv. Frv. er nú að heita má í nákvæmlega sama formi og þegar það var lagt hér fyrir Alþingi í vetur, og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um það, en vil þó að nokkru geta þeirra umsagna, sem borizt hafa, því að á tímabilinu, sem n. hafði frv., sendi hún það til umsagnar nokkurra aðila, sem hafa síðan sent svör.

Framleiðsluráð landbúnaðarins var einn aðilinn, sem frv. var sent til umsagnar, og mælti það eindregið með framgangi þessa máls, og sömuleiðis var frv. sent til umsagnar Stéttarsambands bænda, sem mælir sömuleiðis eindregið með framgangi þess, og vil ég, með leyfi forseta, lesa hér upp till., sem samþykkt var á aðalfundi Stéttarsambands bænda nú á s. l. ári:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1955 þakkar stjórn sambandsins ötula baráttu fyrir bættri

skipan matjurtasölunnar. Jafnframt ályktar fundurinn, að bændastéttin geti ekki lengur unað drætti á nauðsynlegri löggjöf um matjurtasöluna, og vísar um það til fyrri samþykkta. Fundurinn heitir á framhaldandi stuðning landbrh. og væntir jafnframt skilnings alþingismanna á þessu nauðsynjamáli og felur stjórn *Stéttarsambandsins að vinna einarðlega að því*, að samþykkt verði löggjöf um matjurtasöluna á Alþingi í haust í samræmi við samþykktir fyrri aðalfunda."

Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa majurtasölumálin verið eitt af aðalmálum Stéttarsambands bænda allt frá stofnun þess, og það má segja, að þetta frv. sé ekki nýtt mál á döfinni, þar sem það hefur verið í gerjun um það bil 7—8 ár, þótt það hafi ekki verið lagt fram á hv. Alþingi í því formi, sem nú er, fyrr en á s. l. ári.

Þá sendum við frv. til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, og mælir stjórn þess eindregið með því, að það verði samþykkt.

Við sendum frv. sömuleiðis til umsagnar Sambands smásöluverzlana, sem óskaði eftir einni smávægilegri breytingu á frv., og hún er þess efnis, að fulltrúi frá Sambandi smásöluverzlana fái að vera viðstaddur, þegar rædd eru sérstaklega þau mál, sem Samband smásöluverzlana varða, og höfum við orðið við ósk Sambands smásöluverzlana og flytjum hér eina brtt. til samræmis við það.

Vegna þess að það tímatakmark, sem áður var ákveðið í frv., hvenær lögin ættu að öðlast gildi, er þegar úr sögunni, er því breytt þannig, að lögin öðlist gildi 1. sept. á þessu ári.

Að svo stöddu hef ég ekki meira að segja um þetta mál. *Ég get að vísu getið þess*, að frv. var að sjálfsögðu sent til umsagnar grænmetisverzlunar ríkisins, og hefur hv. minni hluti, 6. þm. Reykv., birt álitsgerð grænmetisverzlunarinnar í málinu. Ég get tekið það fram nú, eins og ég tók fram þegar við 1. umr. þessa máls, að það er út af fyrir sig ekki nema eðlilegt, að þeir starfsmenn, sem eru við stofnun sem grænmetisverzlunina, séu undir þessum kringumstæðum mótfallnir því, að stofnunin sé lögð niður. Slíkt mundu allir gert hafa, svo að út af fyrir sig sé ég ekki, að það sé nein brýn ástæða til að taka tillit til þess, þar sem það væri hins vegar óeðlilegt, ef starfsmenn við stofnunina æsktu þess, að hún væri lögð niður. Finnst mér því, þar sem allir aðilar, sem leitað var umsagnar til, hafa svarað þessu jákvætt nema starfsmenn stofnunarinnar, að þá sé það þyngra á metunum. *Ég vil geta* þess, eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, að þetta er málefni bændastéttarinnar og Stéttarsambands bænda, sem þeir hafa verið að berjast fyrir á undanförnum árum og vænta eindregið eftir, að þeim verði mætt með skilningi og þetta mál nái fram að ganga nú á þessu þingi.

Frsm. minni hl. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. tók fram, fannst honum hann ekki þurfa mikið að skýra málið, vegna þess að hann hefði gert það við framsögu þessa máls, sem var nú fyrir jólin, og mér finnst það dálítið rétt. Ég held, að í þessu máli sé það yfirleitt svo, að fá orð beri minnsta ábyrgð.

Þegar litið er yfir þetta mál og t. d. núna frágang hv. meiri hl. n., sést, að hann hefur ekki einu sinni látið prenta með þessu meirihlutaáliti umsagnir þeirra manna, sem mæla með frv., en ákaflega er óvanalegt, að það sé ekki gert, að umsagnir, sem koma frá mönnum, séu ekki látnar fylgja nál., þegar frv. er sent til þeirra. Ég get vel ímyndað mér, að sé full ástæða fyrir þessu. Ekki þar fyrir: Stéttarsambandið, Búnaðarfélagið og framleiðsluráðið mæla með þessu frv., það er þeirra mál. En allir hinir, sem bæði var bætt inn nú og aftur núna með brtt., svo sem Samband smásöluverzlana hér í Rvík, hafa sett skilyrði fyrir meðmælum með frv., og þessi skilyrði eru, að þeir fái fulltrúa við verðlagningu og þegar talað er um þeirra mál; m. ö. o., öll þeirra meðmæli eru keypt fyrir það, að þeir sjái sínum hagsmunum sem seljanda borgið. En hvað er svo um þá, sem eiga að kaupa? Það er ekki neitt. Um það, sem frsm. sagði, að það væri eðlilegt, að menn, sem störfuðu við fyrirtæki, sem ætti að leggja niður, væru á móti því, þá getur það vel verið. En hvers vegna? Af því að þeir álíta, að þetta mál sé ekki eingöngu fyrir mennina, sem *selja vöruna. Engir af þessum mönnum, hvorki* eggjaframleiðendur, sölusamband gróðurhúsa né smásöluverzlanir hér í Rvík, þorðu að leggja með, að málið yrði samþykkt, nema því aðeins að þeir fengju íhlutunarrétt í því, og þeir eru sammála um, að það sé skilyrði fyrir því, að þeir mæli með málinu. En viðvíkjandi því, sem hann sagði um mennina, sem hefðu mælt gegn því frá grænmetisverzluninni, og það væru þeir, sem hefðu atvinnu þar að gæta, þá finnst mér nú vera dálítið langt farið, þar sem umsagnir frá mörgum mönnum, sem hafa skipt við grænmetisverzlunina, eru prentaðar með till. minni hlutans; álit frá þó nokkrum mönnum, sem hafa haft með þessa framleiðslu að gera og verzlað við grænmetisverzlunina. Með leyfi hæstv. forseta, langar mig nú til þess að lesa upp hérna nokkra kafla úr því, sem þessir menn segja um það.

Jakob Frímannsson frá Akureyri skrifar 6. apríl þ. á.:

„Eftir nána athugun og viðtöl við ýmsa grænmetisframleiðendur og í samráði við deildarstjóra vorn, sem hefur haft á hendi móttöku grænmetis og sölu, höfum vér ákveðið að svara fyrirspurn yðar þannig:

Vér teljum, að hag framleiðenda grænmetis verði á engan hátt betur borgið en að þeir feli þeim samtökum sínum, sem þegar eru fyrir hendi, þ. e. kaupfélögunum og S. Í. S., að annast sölu á þessari framleiðsluvöru sinni."

Ekki er nú hægt að telja ummæli þessara manna undir það, að mennirnir, sem eru í grænmetisverzluninni og hafa þar atvinnu við, séu að leggja á móti því. Þetta eru mennirnir, sem hafa haft með þetta að gera á *undanförnum árum, og ég* skil ekki í hv. Framsfl. að telja, að það sé illa séð fyrir málunum, þar sem séu kaupfélögin og S. Í. S., sem eigi að sjá um það. Það er þá orðið eitthvað öðruvísi en almenningur veit, að það sé það hættulegasta fyrir þjóðfélagið, að þessir aðilar annist þessa verzlun.

Svo koma umsagnir frá mönnum utan af landi, sem hafa haft viðskipti við verzlunina, ýmsum

kaupfélögum, og það er allt á eina leið, enda sér líka hver maður, sem hugsar um þetta mál, að mönnunum, sem framleiða kartöflur, er hagur í því að geta farið með þær á einn stað, og þeir treysta áreiðanlega betur grænmetisverzlun ríkisins, með allri virðingu fyrir Stéttarsambandi bænda og framleiðsluráði, til að fara með þessi mál. Manni, sem framleiðir miklar kartöflur, er náttúrlega umhugað, að það séu ekki fluttar inn kartöflur og hann komi sinni vöru á markaðinn. Aftur manninum, sem verzlar og hugsar eingöngu um sinn verzlunarhag, er oft og tíðum betra að selja aðrar vörur. En það, sem grænmetisverzlun ríkisins hefur gert á undanförnum árum, er að hafa hemil á þessum tveimur sjónarmiðum, að gæta þess, að það verði ekki vöntun á kartöflum fyrir neytendur og að það verði ekki flutt inn meira en sem svarar því, sem þörf er á, svo að hin innlenda framleiðsla nýtist. En þarna koma ákaflega sérstakir hagsmunir, og einkanlega þegar Stéttarsambandið hefur verzlunina, þá verður það eins og aðrir kaupmenn, að þeir fara að líta á það, hvað sé þeirra hagur, enda líka kemur fram í umsögn Jóns Ívarssonar, með leyfi hæstv. forseta, að það hefur komið fram, að viðvíkjandi innflutningnum á kartöflum hafa sumir framleiðendur ekkert verið á móti því, að það yrði heldur þurrð á vörunni, til þess að eftirspurnin yrði meiri og hægara að selja. Og svo eitt enn. Ég ætla nú að biðja um að fá að lesa eftir Jóni Ívarssyni, forstjóra grænmetisverzlunarinnar:

„Eins og málum er nú skipað, er mikið vald í höndum framleiðsluráðs landbúnaðarins, þ. e. fulltrúa bænda, að því er tekur til verzlunar með kartöflur. Þannig er á valdi þess að ákvarða verð kartaflnanna á hverjum tíma. Það er einnig á valdi ráðsins að skipa matsmenn á kartöflum. Hvort tveggja þetta, verðlagið og vörugæðin, skiptir höfuðmáli bæði fyrir framleiðendur og neytendur, hvort sem er um þessa vöru eða aðrar."

Nú er það ákaflega hættuleg leið og ekki fremur í þessu sérstaklega, að maðurinn, sem verzlar með hlutinn, framleiðir hann, metur hann, verðleggur hann og selur hann. Þetta eru hlutir, sem ekki eru samrýmanlegir gagnvart neytendunum. Það þykir mjög hæpið, að matsmaður sé háður framleiðandanum. En það er meira þarna en það; hann er meira en háður framleiðendum. Það er sami framleiðandi, matsmaður og seljandi, og það hefði einhvern tíma þótt heldur skrýtin útkoma á verzlun yfirleitt. Það mundi a. m. k. þykja vafasamt, að einn maður, sem framleiðir fisk, sé matsmaður og seljandi, m. ö. o., að sami aðilinn framleiði, meti og selji og verðleggi. Og ég gæti hugsað, að það yrði litið einhvers staðar í kring í þjóðfélaginu, ef þetta ætti að verða fast form. Og það þarf enginn að láta sér detta í hug, að það mundu ekki margir, sem hugsa eingöngu um verzlun, vilja fá þessi réttindi.

Allar breytingar á þessu eru eingöngu frá verzlunarlegu sjónarmiði, gefa mönnunum, sem kalla sig framleiða, en framleiða ekki, rétt til þess að verðleggja vöruna svona, því að það er nú eitt, sem þarna kemur, að þetta eru menn, sem framleiða ekki vöruna, því að samkv. skýrslu frá grænmetisverzlun ríkisins er nú orðið helmingur af framleiðslu kartaflna framleiddur í kaupstöðum og kauptúnum. Og svo er Stéttarsambandið látið ráða yfir þessu öllu, þótt það sé alveg sýnilegt, að þar séu hagsmunir, sem fara í alveg þveröfuga átt, þó að því sé nú sleppt, að með þessu verður ríkið í algerðum vandræðum með stofnun, sem það hefur, eins og áburðareinkasöluna, sem er þannig, að þeim hefur ekki dottið í hug að leggja hana niður enn, því að það hefur enginn fengizt til að taka við henni, því að það er ekki gróðaleið. Bændunum verður séð fyrir því, að það er ekki hægt að græða á áburðinum til þeirra, þeim, sem fluttur er inn. En réttur neytendanna í landinu, sem eiga að nota framleiðslu jarðarávaxtarins, er ákaflega mikið fyrir borð borinn, svo að eftir þessari brtt. eru neytendurnir í kaupstöðunum eins og nokkurs konar akur, sem þeir mega fara með rányrkju á eins og þeir vilja. Og þá er eitt, sem bendir til þess, að þeir hafi ofboðið hv. meiri hl. landbn., þegar það er komið svo, að Stéttarsamband bænda á að verðleggja alla gróðurhúsaframleiðslu, ekki blóm einu sinni undanskilin. Við höfum lifað við það hér í Reykjavík, að eitt árið, þegar kartöflur voru ekki fluttar inn og þegar mest var af þeim og lítt seljanlegar, þá vildu þeir láta neytendurna hér í Reykjavík éta tómata og gúrkur. Mér finnst það ekkert óeðlilegt, að þeir gæti þess að flytja ekki inn kartöflur, til þess að menn neyðist til þess, — en ég geri þó kannske ekki ráð fyrir því, að þeir ætlist til þess, að neytendurnir hér í Reykjavík fari að éta túlípana, þó að þeir hafi verðlagt þá líka. Allt þetta mál er svo fráleitt frá upphafi, að það er eins og mennirnir hafi ekki hugsað nokkurn skapaðan hlut um annað en að það gæti verið gróði fyrir bændurna og þeir hefðu rétt á því að græða á þessu, án þess að greina nokkurn hlut um það, hvernig hagur neytendanna væri. Ég trúi því ekki fyrr en ég sé það, að hv. alþm. samþykki þetta frv., eins og allur undirbúningur hefur verið og eins og það leiðir til þess, að réttur þeirra, sem kaupa, er algerlega fyrir borð borinn og réttur þeirra, sem verzla, er orðinn það mikill, að þeir hafa bæði verðlagsákvæði, matsréttindi á því, að þeir selja sjálfir, og ákveða vörugæðin, og enginn hefur þar eftirlit með. Neytendurnir verða bara að gera svo vel: Þetta eigið þið að kaupa í dag, þið fáið ekki annað, og þetta á morgun. — Og ef það færu ekki fleiri inn á þessa braut, þegar þeir hafa vald til, þá er ég illa svikinn, og það er verra að byrja á því að fara inn á þessa braut, þó að það sé þannig ástatt í þjóðfélaginu, að menn hafi vald til þess. Þess vegna legg ég til, að málinu sé vísað frá með rökstuddri dagskrá, og vísa til þeirra raka, sem tekin eru fram í grg. fyrir þeirri dagskrá, og einnig til þess, sem ég hef sagt um þetta mál. Vona ég, að hv. Alþingi taki það til greina og fari ekki út á þessa óheillabraut.

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Mér finnst rétt, að ég segi nokkur orð um þetta mál nú. Ég hef ekki gert það fyrr í þinginu. En svo miklu moldviðri, útúrsnúningum og rangfærslum hefur verið þyrlað upp í kringum

þetta tiltölulega einfalda og ég vel segja sjálfsagða mál, að það er a. m. k. nauðsynlegt að halda öðruvísi ræðu í því en hv. frsm. minni hl. gerði, því að ég var í raun og veru algerlega undrandi á þeirri ræðu, sérstaklega af því að ég þekki hv. 6. þm. Reykv., þekki góðvild hans og veit, að hann þekkir mikið til búskapar, auk þess er hann mjög mikið inni í stéttarfélögum og öðru slíku og virðist vinna þar vel. En svo þegar heil stétt, bændastétt landsins, einhuga kemur með mál, þá er þessi maður með rangfærslur og útúrsnúninga, og það kemur ekki eitt einasta orð, sem kemur við málinu sjálfu og kjarna þess, fram í ræðu hans. Ég vil bara leyfa mér að benda á eitt atriði. Hann er að burðast við að lesa upp ummæli eftir eitthvað tvo eða þrjá kaupfélagsstjóra, sem hann segir að séu á móti málinu, og nefnir þar sérstaklega einn mætan kaupfélagsstjóra, kaupfélagsstjóra Kaupfélags Eyfirðinga. Í raun og veru kemur hvergi fram í ummælum hans, að hann sé á móti málinu. En við skulum segja, að það væri. Má ég þá spyrja hv. 6. þm. Reykv.: Ef það væri ályktun frá Dagsbrún eða ef það væri ályktun frá Alþýðusambandi Íslands, einhuga ályktun frá heilli stétt þjóðarinnar, mundi hann þá taka meira tillit til þess, þó að einhver ágætur maður úr stétt verkamanna, eins og t. d. formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, andmælti þessu? Mundi hann lesa það upp og telja, að það ætti að taka meira tillit til þess en þess, sem fulltrúar 6000 bænda landsins óska eftir einhuga. Ég spyr hv. þm. að þessu, því að allt þetta vitlausa — ég leyfi mér að hafa það orð — skraf hans um, að menn hafi verið keyptir í þessu máli, er svo barnalegt, að eins vitur maður og hv. 6. þm. Reykv. ætti að leggja þetta niður. Hér hafa engir verið keyptir. Þetta mál hefur eingöngu verið tekið upp í stéttarsamtökum bændanna sjálfra, það hefur ekki verið ýtt undir þá, það hefur meira að segja verið heldur reynt að leggja á móti því.

Ég tel mig fulltrúa landbúnaðarins. Ég tel mig fulltrúa bændanna, og þegar þeir standa saman um mál eins og þetta, þá tel ég mér skylt og mun berjast fyrir því, því að ég mun einnig sýna fram á það síðar, að þetta er sjálfsagt mál, þetta er réttlætismál, og það er ekki hægt að finna neitt að því, að þetta sé sett fram, vegna þess, hvernig málið er vaxið. Þetta vil ég biðja hv. 6. þm. Reykv., vin minn, að athuga vel, áður en hann heldur sína næstu ræðu í sama dúr og hann gerði áðan, því að þannig er ekki hægt að halda framsöguræðu um mál eins og þetta, sem hér er um að ræða, koma ekki nærri kjarna málsins, heldur vera bara með útskit í allar áttir um það, að menn hafi verið keyptir til einhvers og einhvers. Hverjir hafa keypt þá? Hverjir hafa keypt bændurna, fulltrúa þeirra í Búnaðarfélagi Íslands, í Stéttarsambandi bænda og fleiri samtökum, til þess að óska eftir þessu máli? Má ég spyrja hv. 6. þm. Reykv. að því, og geri hann svo vel og segi það, það er skylda hans, ef hann vill ekki heita ósannindamaður. — Þetta vildi ég nú aðeins leyfa mér að segja almennt um þessa dæmalausu framsöguræðu hv. 6. þm. Reykv. Ég hef aldrei heyrt jafnauma framsöguræðu um nokkurt mál hér á hinu háa Alþingi. Að öðru leyti tel ég ástæðu til þess að fara svolítið út í forsögu þessa máls, en mun gera það þó mjög stutt.

Það skolaði hér inn á hið háa Alþingi á síðustu dögum þess í fyrra upphótarþingmanni, sem ég man nú hvorki nafn né númer á, en sá hv. þm. reyndi sérstaklega að slá sig til riddara á því frv., sem þá lá hér fyrir um þetta. Og aðeins til þess að benda á, hvílíku moldviðri og vitleysum er hampað í sambandi við þetta frv. frá upphafi, vil ég geta þess, að hann hélt því þar ákveðið fram, að það mundi vera búið að verja um það bil Nóbelsverðlaunum til þess að rannsaka þetta mál nú á síðustu árum. Nóbelsverðlaun eru mjög umhugsaður hlutur hér hjá okkur, við gleðjumst yfir þeim, og við vitum kannske betur nú en áður, hvílík upphæð það er, sem þar er um að ræða, ef um heil Nóbelsverðlaun er að ræða. Þetta var meginuppistaða í ræðu þessa hv. þm., sem ég að vísu gat hlustað á, en það var á síðasta degi þingsins, og ég hafði enga aðstöðu til að taka þetta til meðferðar. En í sambandi við þetta datt mér í hug, að það væri alls ekki úr vegi a. m. k. að gefa hinu háa Alþingi svolitla skýrslu um forsögu þessa máls.

Ég ætla ekkert að fara inn á forsögu eða störf grænmetisverzlunar ríkisins. Þetta er stofnun, sem frá upphafi hefur verið rekin vel að mínum dómi og hefur gert mikið gagn, og ekkert, sem ég segi hér, er sagt til þess að níðra þeirri starfsemi á einn eða neinn hátt, síður en svo. Hún var sett upp á sínum tíma fyrir frumkvæði Framsfl. og fékk misjafnar undirtektir. En reynslan hefur sýnt, að þessi skipulagning var nauðsynleg, og engum hefur dottið í hug nú upp á síðkastið, að hún skyldi afnumin, heldur yrði að hafa eitthvert vald á þessu, og það er sérstaklega bundið við það, að hér er um vöru að ræða, sem er svo mjög breytilega mikil á markaði, þetta er engin venjuleg einkasala, og það var það, sem ég vildi leyfa mér að skjóta til þeirra manna og þeirra flokka hér í þinginu, sem sérstaklega hafa trú á því, að ríkisverzlun, einkasala með vörur, kannske með allar vörur, sé rétt og sjálfsögð. Það er skoðun út af fyrir sig, sem ég ætla ekki að fara að fordæma neitt. Það verður hver að gera það upp við sig, hvað hann vill í þeim efnum, en þetta er ekkert hliðstætt að mínum dómi. Við trúum því enn, að við getum ræktað nægilegar kartöflur hér á Íslandi innanlands fyrir alla íbúa landsins í flestum árum. Hins vegar vitum við vel, að eins og tíðarfari er enn háttað og meðan ekki eru meiri vísindi og tækni, en fá kartöfluafbrigði, sem þola meira frost en algengt er hér og kulda, má búast við, að eitt ár af tíu eða kannske annaðhvort svolítið meira eða minna verði allmikil vöntun á kartöflum. Hitt vitum við vel, að í öllum venjulegum árum getum við ræktað alveg nægilega mikið af kartöflum. Og við urðum fyrir því, ég veit ekki, hvort það á að segja láni eða óláni, fyrir örfáum árum að vera að kafna í kartöflum hér innanlands. Uppskeran varð svo mikil þá allt í einu, að við réðum ekkert við þetta. Það, sem veldur þessu, er náttúrlega að einhverju leyti reynsluskortur. Við höfum ekki það vald á þessu, sem við gætum haft, ef við hefðum meiri þekkingu, og við höfum ekki almennilega vald á að laga

okkur eftir tíðarfarinu, eins og kannske er hægt að gera að ýmsu leyti, en vitanlega hlýtur okkar takmark í þessum efnum að vera að rækta nægilegar kartöflur fyrir okkur, eftir því sem mögulegt er, og taka svo skellina stöku sinnum, og þá verðum við vitanlega að flytja inn kartöflur. Út frá þessu sjónarmiði virðist mér það sjálfgefið, að það sé eðlilegt, að sömu samtökin sem hafa yfirumsjón og verðlagningu landbúnaðarvara yfirleitt fari einmitt samhliða með þetta mál og það séu engir aðrir aðilar, sem séu betur færir til þess heldur en þessi samtök að samræma innanlandsræktunina og notfæra sér hana út í æsar og geta svo sjálf undir yfirstjórn ráðuneytisins — þetta á auðvitað allt að vera undir því — gripið til innflutnings, þegar þörfin er fyrir.

Ég vil í þessu sambandi aðeins benda á það, að í lögum um grænmetisverzlun ríkisins er gert ráð fyrir, að grænmetisverzlunin gangist fyrir stofnræktun á kartöflum, en stofnræktun þýðir, að það séu vissir stofnar, úrvalsstofnar, ræktaðir við góð skilyrði og á þann hátt reynt að fá fram betra útsæði og auka kartöfluræktina á þennan hátt. Þetta hefur grænmetisverzlunin ekki gert, og það er engan í sjálfu sér um það að saka út af fyrir sig. Það hafa ekki verið fjárráð og möguleikar til þess, auk þess ekki verið tæknilega fróðir menn þar um þessa hluti. Þetta er að mínum dómi sjálfsagt hlutverk Stéttarsambandsins eða framleiðsluráðs landbúnaðarins að taka í sínar hendur. Og ég get vel sagt ykkur það, að eitt af því, sem hefur gert að verkum, að ég hef ákveðið að berjast fyrir því, að þessi löggjöf gangi í gildi í samræmi við margyfirlýstan vilja bændastéttar landsins, er það, að ég ætla þessum samtökum að taka þetta verkefni upp og ég ætla þeim að geta sýnt, að það sé hægt að rækta hér meira af kartöflum. Við getum haft nógar kartöflur hér í flestum árum, þurfum ekkert að flytja inn, en verðum einstöku sinnum að grípa til þess, og þá er jafnsjálfsagt, að það sé sama yfirstjórn, sem hefur heimild til þess — með leyfi ráðuneytisins — að flytja inn kartöflur eins og á vantar.

Ég veit, að þarna er verið að leggja á herðar þessara félagssamtaka geysilega erfitt verkefni, og ég játa, að ég öfunda þau ekkert af að taka við því. Síður en svo. Ég þekki það til möguleika til ræktunar kartaflna hér á landi og annarra slíkra hluta, að það er ekkert öfundsvert hlutverk, sem við erum að afhenda þessum samtökum til að reyna að inna þetta verkefni af hendi. Þið megið vera vissir um það. Ef þeir geta leyst það, þá verður það til stórmikils ágóða, fyrst fyrir þá sjálfa í meðvitund alls almennings, og sömuleiðis til ágóða fyrir landið. Við losnum við mikinn hluta af þeim innflutningi, sem við höfum orðið að hafa áður, og þeir hafa gagnrýnt grænmetisverzlunina fyrir að hafa sýnt tómlæti í þessum efnum og það stundum dálítið harkalega. Ég hef verið að færa fram afsakanir um þá hluti, en nú segi ég: Nú er bezt, að þessir aðilar, sem trúa og telja, að þeir geti leyst þetta erfiða verkefni, fái að spreyta sig á því, en þá er eðlilegt, að þeir fái um leið yfirráðin yfir innflutningnum. Því er ekki að neita, að það hafa stundum orðið dálitlir árekstrar, eins og eðlilegt er, um það, hvað mikið þurfi að flytja inn á hverjum tíma, og annað slíkt. Ég held, að ótti hv. 6. þm. Reykv. um, að þetta gæti orðið til þess, að kartöflulaust yrði hér langa tíma ársins, sé algerlega ástæðulaus. Þungi þess fólks, sem býr í þéttbýli hér, þó að við sleppum nú hinu, er orðinn svo mikill, að það væri óhugsandi, að það væri látið líðast, að það væri kartöflulaust nokkurn tíma í landinu. Þetta er orðin ein aðalneyzluvaran. Og ég trúi líka Stéttarsambandi bænda og framleiðsluráðinu til þess, að því detti ekki í hug að viðhafa slíka þröngsýni, að slíkt gæti komið fyrir, enda mundi það þá hefna sín strax á eftir, það megum við vera alveg sannfærðir um.

Það er af þessum ástæðum, sem ég nú hef reynt að skýra frá mínu sjónarmiði, sem ég hef tekið þessar till. upp fyrir mitt leyti og tel rétt að fylgja þeim fram. Ég skal að vísu viðurkenna, að það litast nokkuð af því, að ég tel mér alltaf skylt að líta með velvild á tillögur, sem koma frá samtökum landbúnaðarins, og athuga allt, sem mér finnst vera lífrænt og rétt í þeim, og það hygg ég að við hv. 6. þm. Reykv. getum kannske sameinazt um, að hann muni sennilega reyna að líta á svipaðan hátt á þær till., sem koma frá hans ágæta félagi, Dagsbrún, eða jafnvel öðrum stærri samtökum innan verkalýðssamtakanna, svo að það er nú í sjálfu sér ekkert undarlegt.

Þetta mál hefur verið tekið upp á hverjum fundinum eftir annan, á aðalfundi stéttarsamtaka bænda, og annaðhvort verið samþykkt þar algerlega einróma eða svo að segja, ég held upp á síðkastið algerlega einróma. Ég veit ekki, hver telur sig þess umkominn að telja, þar sem jafnviðtæk samtök eru með fulltrúum úr hverri sýslu landsins, að það hljóti að vera helber vitleysa og meira að segja, eins og hv. 6. þm. Reykv. tók fram, til bölvunar fyrir bændastéttina, ef ætti að fara að gera skipulagsbreytingu eins og þá, sem hér er farið fram á. Það mega a. m. k. vera meiri mennirnir, sem setja sig á það háan hest, að þeir telji, að þeir geti betur um þetta dæmt en það fólk, sem sjálft stendur í þeirri baráttu, sem hér er um að ræða, ræktuninni. Það er hampað hér með tölum frá grænmetisverzlun ríkisins, sem m. a. eiga að sýna, að raunverulega sé það orðið lítið, sem ræktað sé í sveitum af kartöflum, og það sé mikið af þessu fært yfir í borgir og þorp. Þetta er alveg rétt, og ég gleðst yfir því, hve almennt menn í bæjum og kauptúnum eru farnir að rækta kartöflur. Það má vissulega vaxa enn meir og er öllum til góðs og ekki síst því fólki, sem hefur haft skynsemi og þrótt í sér til þess að koma þessu á. Ég vil ekkert fara inn á þessar tölur hér og hef ekkert látið endurskoða, hvort þær eru réttar eða ekki, en það skiptir í raun og veru litlu máli. Hitt vitum við, að það eru heil byggðarlög hér í þessu landi og heilar sveitir, sem hafa svo mikla kartöfluræktun, að það gerir mikinn hluta af framleiðslumagni þeirra sveita. Við getum bara nefnt héruð eins og Hornafjörðinn, eins og Þykkvabæinn, eins og Svalbarðsströndina og fleiri sveitir í Eyjafirði, og við getum nefnt miklu fleiri sveitir hér á

landi hvað þetta snertir, svo að það er náttúrlega hin mesta firra eins og flest, sem er verið að ausa upp í kringum þetta frv., að þetta snertir ekki bændastéttina neitt verulega sem slíka. Ef á, eins og meiningin er með þessari skipulagsbreytingu, að gera nýtt áhlaup um að rækta kartöflur, rækta betri kartöflur og betri stofna, hefja stofnræktun til þess að fá betra útsæði og reyna svo í öllum meðalárum og betri og jafnvel lökum meðalárum að geta haft nægilega miklar kartöflur, þá er áreiðanlegt, að það verður ekki gert öðruvísi en það verði miklu fleiri sveitir, sem taka þetta upp í stórum stíl, heldur en enn er komið. Það megum við vera alveg vissir um. Þess vegna vil ég algerlega mótmæla því, að hér sé ekki um neitt verulegt mál fyrir landbúnaðinn sem slíkan að ræða. Auk þess er í þessum samtökum félag garðyrkjueigenda, — ég man nú ekki, hvað það heitir, því að það eru svo mörg þessi sambönd, — sem einmitt fer þá með afurðir þeirra, sem í þéttbýlinu búa. Þeir leggja engu síður til en Stéttarsamband bænda, að þessu skipulagi verði breytt svona. Þeir eru að ganga inn í þau samtök landbúnaðarins, framleiðsluráð landbúnaðarins, um verðlagningu á sínum vörum.

Mér skildist, að hv. 6. þm. Reykv. væri að gera hálfgert gys að því, að jafnvel blómaframleiðendur ætluðu sér að fara í þessi samtök. Ég sé nú ekki, að það sé hægt að gera neitt gys að slíku út af fyrir sig. Framleiðsla blóma er eitt af því, sem hvert menntað nútímaþjóðfélag krefst að hafa, og okkur þætti heldur dauft hér umhorfs, ef ekki væri um blómarækt að ræða, að miklu leyti náttúrlega í gróðurhúsum, en þó töluvert mikið einnig á bersvæði. Og ég sé ekkert athugavert við það, ef þeir menn, sem hafa félagsskap um þetta, vilja ganga undir þau skilyrði, er gilda um verðlagningu landbúnaðarvara hjá framleiðsluráði landbúnaðarins, að þeir fái að vera með í þessu. Ég segi það alveg eins og er. Og allra sízt bjóst ég við því að heyra það frá fulltrúum stéttarfélaga verkamanna, að þeim þætti það óeðlilegt, því að ég hef alltaf skilið þeirra afstöðu svo, að þeir teldu sjálfsagt, að allir, sem væru í stéttinni, væru reyrðir saman og gætu ekki einn fyrir sig eða smáflokkar tekið ákvarðanir um kaup sitt og kjör, heldur yrði það að vera heildin, og þá verða þeir vitanlega að vera við því búnir, að það séu fleiri stéttir, sem hafi nákvæmlega sömu afstöðu hvað þessi atriði snertir, svo að mér finnst mjög einkennilegt, ef það ætti nú að vera einn ásteytingarsteinn í þessu efni.

Ég vil taka það fram, að þegar ég kom að landbrn., það er bráðum hálft þriðja ár síðan, það var víst snemma í september 1953, þá var þetta mál í meðferð þar. Fyrrverandi landbrh., hv. þm. Str., hafði þá skipað mann fyrir nokkru í þetta starf, Jóhannes Helgason, og starf hans átti að vera að leitast eftir að ná samkomulagi milli þeirra aðila, sem sérstaklega hefðu með þessi mál að gera. Á undan hafði verið starfandi n., skipuð af hæstv. landbrh., sem náði ekki samkomulagi. Sú n. var skipuð með einum manni af hæstv. ráðh. og að öðru leyti af grænmetisverzluninni, framleiðsluráðinu og fleiri aðilum. Þessi n. starfaði upp undir ár, og ekkert samkomulag náðist. Þegar það náðist ekki, en sami óróinn var um þessi mál, þá skipaði hæstv. ráðh. Jóhannes Helgason til þess að leita eftir möguleikum um það, á hvern hátt væri hægt að ná samkomulagi meðal þessara aðila. Hann hafði starfað um eitthvað hálfs árs skeið, held ég, þegar ég kom þarna, og að sjálfsögðu fékk hann að ljúka sínu verki, sem hann skilaði svo vorið 1954 og hefur verið töluvert umtalað, og eitt, sem hefur verið reynt að gera mjög mikið gys að, að sú bók væri svo stór, að mér virðist jafnvel hæpið, að nokkrir þm. treysti sér til að lofta henni, hvað þá að fletta henni spjaldanna á milli, eftir því sem mér hefur virzt af umtali. En hvað sem því nú líður, þá er áreiðanlega mikill fróðleikur í þeirri bók um þessi mál. Þegar þessi mikla biblía kom nú í mínar hendur eins og annarra, og kannske sennilega fyrst til mín, og ég sá, hvernig þetta mál horfði, og sá þar mjög miklar upplýsingar um ýmislegt varðandi þessi mál, og ég varð fyrir sífelldum áróðri frá stéttarsamtökum landbúnaðarins, sérstaklega Stéttarsambandi bænda, um að gera eitthvað í þessu máli, þá tók ég þá leið að skipa enn eina nefndina. En ég gerði það á þann hátt, að enginn maður var frá minni hálfu skipaður í hana, enginn maður frá ráðuneytinu, það voru bara samtökin sjálf, sem skipuðu menn í n. Og ég gerði þetta algerlega af ráðnum huga. Það var búið að reyna hina leiðina, og nú sagði ég: Nú er bezt, að þeir sjálfir, sjálf samtökin, athugi. Getið þið komizt að samkomulagi um eitthvert skipulag í þessum málum, sem þið sættið ykkur við? Og svo er sjálfsagt að athuga, hvort rn. fyrst og Alþ. á eftir geti fallizt á það eða eitthvað svipað þessu.

Tilraunin heppnaðist að því leyti, að n. skilaði að vísu ekki samhljóða áliti. Fulltrúi grænmetisverzlunarinnar var með nokkuð mikla fyrirvara. En að öðru leyti stóðu nm. saman um sitt álit og frv. Og það var á þeim grundvelli, sem ég lagði þetta frv. fyrir Alþingi. Það var hér í förum mikið í fyrra, og það fékk að ýmsu leyti töluvert óblíðar viðtökur, ekki einungis frá hv. stjórnarandstæðingum, það voru ýmsar meiningar, ég veit það, innan Framsfl. um mörg atriði í frv. Mér er engin launung á því. Og þetta hefur aldrei verið neitt, sem sjálfsagt hefur verið talið að taka ómelt, þó að það kæmi frá þessum samtökum, heldur yrði að athuga það vandlega. Niðurstaðan af því varð sú, að landbn. Nd. í fyrra gerði allmiklar brtt. við frv., og lengra komst það svo ekki þá. Að loknu Alþ. í fyrra afhenti ég svo frv. enn á ný og óskaði eftir, að sú n., sem fjallaði um það áður, tæki það á ný til meðferðar með þeim brtt., sem fyrir lágu þá frá hv. landbn. Þetta afhenti ég strax í vor, og ég fékk svo umsögn um það ekki fyrr en í haust, um það bil sem þingið var að byrja, að n. — ég reikna með að frátöldum auðvitað þeim manni, sem raunverulega var á móti frv., fulltrúa grænmetisverzlunarinnar — féllist á þessar till. landbn. eftir atvikum, eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði eftir a. m. k. einum manninum. Ég afhenti þetta formanni fyrri n. og óskaði eftir, að hann gæfi umsögn nefndarinnar um það, og ég óskaði sér-

staklega eftir því, að þeir endurskoðuðu frv. rækilega og tækju um leið til meðferðar þær brtt., sem landbn. hefði gert, og gæfu mér síðan umsögn um það, svo að ég gæti tekið það til meðferðar á *næsta Alþingi. Ég hafði ekki á neinn* hátt afskipti af málinu að öðru leyti. Hvað mikil athugun hefur farið fram og á hvern hátt, því get ég ekki svarað, en það var mjög hreinlega gengið frá þessu frá hálfu ráðuneytisins, og þegar þessi umsögn kom um, að meiri hl. n., sá sem að upphaflega frv. stóð, féllist á frv. með þeim brtt., sem landbn. hafði gert á því, þá lét ég fella þær algerlega óbreyttar inn í frv. og sendi svo landbn. Nd. það aftur, og á þeim grundvelli er frv. flutt hér nú.

Ég taldi alveg rétt að gefa þessa skýrslu um það, á hvern hátt þetta mál hefur gengið fyrir sig til þessa, til þess að ekki þurfi neitt að vera að deila um það eða vera með einhverjar rangfærslur um framgang þessa máls. Það finnst mér eiginlega alls ekki viðeigandi. Þetta mál er tekið upp af hreinum stéttarsamtökum landbúnaðarins, og til fylgis við sig hafa þau síðan fengið önnur samtök, eins og gróðurhúsaframleiðendur, sem ekki er hægt að segja að séu hreinir landbúnaðarframleiðendur, eru það þó sumir, og fleiri aðila, sem í þessu hafa starfað, t. d. hefur í þessari nefnd alltaf starfað fulltrúi frá Sambandi ísl. samvinnufélaga og fleiri aðilar.

Ég vildi nú vænta þess, að umr. um þetta frv. þyrftu ekki beint að snúast um þessa hluti meir, því að þetta liggur allt skjallega fyrir og er tiltölulega auðvelt að leggja það fram, ef hv. alþm. óskuðu sérstaklega eftir því, en því virðist mér nú ekki þörf á. Hinu reyndi ég að gera hér grein fyrir áðan frá mínu sjónarmiði, hvers vegna þessi ráðstöfun um að leggja innflutning á kartöflum og grænmeti undir framleiðsluráð landbúnaðarins sem yfirstjórn þess væri mjög annars eðlis en að leggja niður almennar einkasölur og ætla að fara að afhenda þær einhverjum og einhverjum. Ég vil aðeins endurtaka það aftur, því að mér finnst það vera mergur málsins: Það er aðeins til þess að reyna að koma undir eina yfirstjórn ræktun kartaflnanna, afsetningu þeirra, eftir því sem unnt er, og það geti þá um leið gripið til þess innflutnings, sem nauðsynlegur er. Ég vil ekki neita því og skal viðurkenna, að það er mjög áfátt í kartöfluræktokkar Íslendinga, sérstaklega er áfátt í gæðum kartaflnanna. Það vitum við ósköp vel, og það stafar af ýmsu. Það stafar náttúrlega mikið af því, að við grípum til fljótvaxinna afbrigða, sem þurfa stuttan vaxtartíma, þau eru alltaf lausari í sér og lélegri, og þetta er sjálfsagt að gera með þær kartöflur, sem við ætlum að fá fyrst á sumrin til átu, og alveg réttmætt. En hitt er náttúrlega jafnrangt að rækta þannig kartöflur, sem við ætlum að geyma fram á vetur og fram á næsta sumar. Ef við ætlum að verða sjálfstæðir um framleiðslu, verðum við að fara í önnur fastari, þéttari afbrigði, sem þurfa þá lengri vaxtartíma, og það er þetta, sem stofnræktunin átti að gera hér, að skapa á þennan hátt betri kartöflustofna, sem þó væru að sjálfsögðu miðaðir við það, að þeir hentuðu í okkar erfiða veðurfari.

Ég get ósköp vel skilið það, að mönnum virðist yfirleitt, að það geti dregið slóða á eftir sér og verið mjög hættulegt, ef ætti að fara að afhenda sérstökum stéttarsamtökum vissa þætti innflutningsverzlunarinnar, eins og einhverjar *aðrar einkasölur eða eitthvað slíkt*, það skil ég mætavel, enda gæti mér alls ekki dottið það í hug. En ég man ekki eftir, að það sé neitt til hliðstætt þessu hér hjá okkur, svo að hægt sé að segja, að hér sé verið að skapa eitthvert hættulegt fordæmi. Ég a. m. k. kem því ekki almennilega fyrir mig, og það er af þeirri ástæðu einni, sem ég hef getað fallizt á, að þessi leið væri farin hvað þetta atriði snertir, og þá einnig af því, að ég vil ekki losa stéttarsamtök bændanna við það, úr því að þau óska eftir því, að taka á sig þann vanda, sem þau gera með því skipulagi, sem hér er gert. Ég vona, að þau leysi það vel af hendi. En eins og ég tók fram áðan, tel ég, að þeir séu ekkert of sælir af því að ljúka því á þann hátt, sem vel verður við unað. Þeir verða undir harðri gagnrýni, og það er nú gott og blessað, en verkið er í sjálfu sér mikið og erfitt, því miður.

Ég er nú kannske búinn að tala allt of lengi, en ég hef ekki talað fyrr í þessu máli, hvorki í fyrra né nú, en fannst ófært annað en að ég gæfi nokkra skýrslu um, hvernig þetta hefði gengið fyrir sig, og þá til þess, að umr. um það að *mínum dómi* gætu komizt inn á eitthvað raunhæfari grundvöll. Ég get vel skilið, að það komi fram sterkar mótbárur gegn því, að þetta sé hægt með einhverja þætti af utanríkisverzlun landsins, og annað slíkt, það er mál, sem má alltaf deila um, og það skil ég vel. En hér er að *mínum dómi um algerlega sérstætt tilfelli* að ræða í þessu efni.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það gerðist í gær hér í umr. um þetta mál, sem annars er til allrar hamingju sjaldgæft hér í þingsölunum, að hæstv. landbrh. lét sér sæma að ráðast með furðulegri ósvífni og dólgshætti að hv. 6. þm. Reykv. (SG), sem hafði skilað hér nál. minni hl. í landbn. Það var slitið fundi, þegar hann var búinn að tala í gær, þó að ég hefði kvatt mér hljóðs og fleiri, og ég vildi mega óska eftir því, að hann sé hér viðstaddur, þegar þetta mál nú er tekið fyrir. Það getur ekki gengið að slengja hér fram á þinginu ósvífnum aðdróttunum að mönnum og árásum og hlaupa svo í burtu. Það er ekki alveg ósvipað, þar sem hv. þm. Dal., frsm. meiri hl. landbn., hafði í frammi í gær ærumeiðingar í sinni framsöguræðu, en er stokkinn burt til útlanda í dag, en ég vil leyfa mér að vona, að það verði þá einhverjir aðrir til að taka upp hanzkann fyrir þessa menn. Ég sé, að hæstv. landbrh. er enn þá ekki kominn. (**Forsrh.:** Er þá ekki nauðsynlegt að skamma hann duglega, meðan hann er í burtu?) Ég held, að ég neyðist næstum því til þess, ef ómögulegt er að ná í hann, í trausti á, að hæstv. forsrh. taki þá upp málstað hans. Þeir hafa áður verið dálítið skyldir. Það lenti nú hvort sem er á hæstv. félmrh.,

þegar ég var að skamma hann út af Kópavogsmálinu. Þá var hæstv. forsrh. hvergi nærri, og þá varð félmrh. að taka á sig alla skömmina af því, en nú er hæstv. forsrh. við, svo að nú gæti hann kannske gengið í ábyrgð fyrir sinn samráðherra. Það er víst hvort sem er ekki svo lengi, sem þeir lafa saman enn þá, og það er ekki seinna vænna, að þeir sýni sína samábyrgð.

Ég vil leyfa mér að mótmæla algerlega þeim aðferðum, sem hér eru hafðar í frammi af hálfu hæstv. landbrh. Hann rýkur hér upp og sakar þingmenn hér um allar vammir og skammir, en hefur sjálfur í frammi slíka dólgslega framkomu og ofstopa, að með eindæmum er, og svo þegar hann á hér að standa fyrir sínu máli og hann veit, að þetta mál er til umræðu, þá er hann hér hvergi nærri. Það er ákaflega hart, að þá sjaldan sem við þingmenn höfum tækifæri til þess að tala við ráðherra og þeir láta yfirleitt hafa sig til þess að fara að taka hér þátt í umræðunum, þá skuli þeir stökkva burt og ekki geta staðið fyrir sínu máli, þegar þeir vita þó, að það er á dagskrá. Meira að segja hafði hæstv. landbrh. gengið svo langt í gær, að um tölur, sem farið er með í nál. minni hl., tölur, sem teknar eru frá hagstofunni og þar er beinlínis vitnað í í sambandi við bréf frá einum af starfsmönnum ríkisins og það einum af miðstjórnarmeðlimum Framsfl., þá segist hann efast um, að það séu réttar tölur. Ef það passar ekki fyrir þennan ráðherra, þá hikar hann ekki við að lýsa allt vitlaust, hvað vel sem hagstofan, starfsmenn ríkisins, sem sérstaklega hafa með þessi mál að gera, eða aðrir slíkir hafa undirbúið það og lagt fram.

Ég skal taka nokkuð fyrir það annað, sem ráðh. kom með í sinni ræðu. Hann byrjaði hér að tala um rangfærslur og útúrsnúninga og annað slíkt, þóttist tala hér fyrir munn bænda og stéttarsamtaka þeirra og var eiginlega að ögra þingmönnum til þess, hvort þeir dirfðust að ætla að fara að vera á móti þessu frv., þar sem hann talaði hér fyrir hönd allrar bændastéttarinnar og heil stétt stæði með þessu frv. Hann talar síðan um, að það séu 6000 bændur á bak við þetta, án þess að hafa tilfært svo mikið sem eina einustu ályktun frá einum einasta bændafundi eða neina samþykkt, sem gerð hafi verið um þetta, nema þá ef til vill þá undarlega tilkomnu samþykkt, sem þau pólitísku samtök á þessu sviði sérstaklega hafa beitt sér fyrir. Nú vil ég í fyrsta lagi hvað þetta snertir svara hæstv. landbrh. því, að þetta mál, sem hér er um að ræða, kartöfluframleiðslan, er ekkert sérmál bænda, og hann hefur engan rétt til þess að koma hér fram og þykjast tala hér f. h. bændastéttarinnar um þetta mál sérstaklega, því að þetta er mál, sem varðar miklu fleiri. Ég vil segja honum, ef við eigum að fara að fara í hart út af slíku, að við aðrir þingmenn getum þá talað hér í nafni þeirra um 150 þús. Íslendinga, sem borða kartöflur og neyta kartaflna, og sagt, að það séu þeir, sem eigi að fá einhverju að ráða um þetta mál, og að við hefðum gengið út frá því, að til þess væri verið að koma á sérstöku skipulagi í þessum málum, að það væri til gagns fyrir neytendur, að það væri til gagns fyrir alla þjóðina, þess vegna hafi því skipulagi verið komið á, að það hafi verið sett upp grænmetisverzlun ríkisins upphaflega með þetta. Ég vil því algerlega frábiðja mér það hér, að landbrh. hafi nokkurn rétt í sambandi við þetta mál til þess að ætla að fara að reyna að beygja okkur þingmenn með því að skírskota til bændasamtakanna í þessu sambandi. Í fyrsta lagi hefur hann þau ekki á bak við sig í þessu, og í öðru lagi er þetta ekki þeirra sérmál, heldur mál allrar þjóðarinnar, fyrst og fremst mál allra neytenda, en þar að auki er það sannað mál og liggur fyrir skýrsla um það, sem hæstv. ráðherra auðsjáanlega treystir sér ekki til að ræða hér, að meiri hlutinn af þeim mönnum, sem nú sem stendur framleiða kartöflur í landinu, eru menn, sem búa í bæjunum og í kauptúnunum, þannig að framleiðendurnir meira að segja í þessu efni eru skiptir á milli sveita og kauptúna og kaupstaða. Nú síðustu árin, sem skýrslur liggja fyrir um, er meiri hluti þeirra meira að segja í kauptúnum og kaupstöðum, þannig að meira að segja sem framleiðendur hafa samtök bænda þarna engin sérréttindi og enga sérstaka kröfu að gera. Þegar hæstv. ráðh. þess vegna talar um, hvaða stétt það sé, sem eigi að ráða þessu, þá vil ég bara segja honum það, að það er engin stétt, sem á að ráða þessu. Það er þjóðin í heild, sem þarna á hlut að máli. Og það er ákaflega hart, ef slengt er fram slíkum fullyrðingum eins og ráðh. hefur hérna gert, að hann skuli ekki síðan fást til þess að reyna að standa fyrir sínu máli.

Það eru neytendur í landinu, sem hafa fyrsta réttinn í sambandi við þetta mál, og sú fyrsta krafa, sem við þm. hljótum að gera í sambandi við, hvaða tillit skuli taka í sambandi við, hvernig ráðstafa skuli einkasölu á kartöflum og öðru slíku, er, að tillit sé tekið til neytendanna. Og ég vil leyfa mér að spyrja t. d. Framsóknarflokkinn, þegar hann álítur, að ríkið eigi að reka skipaútgerð eins og skipaútgerð ríkisins: Á að reka þessa skipaútgerð með tilliti til þeirra manna, sem eiga skip í landinu, eða á að reka hana sem þjónustustarf fyrir þá menn, sem þurfa á skipaferðunum að halda? Ég leyfi mér að spyrja Framsfl., hver sé meiningin. Er það sú nýja regla, sem á að taka upp, að ef t. d. einhver aðili eins og ríkið á skipafélag og rekur skipaútgerð, þá eigi nú að hætta að reka það með það sjónarmið fyrir augum að þjóna þeim, sem þurfa á skipaferðunum að halda, heldur eigi að fara að reka það með það fyrir augum, að þeir menn, sem eiga önnur skip, hafa hagsmuni af því, hvernig önnur skip séu rekin, og þess vegna eigi nú að fara að reka skipaútgerð ríkisins með það fyrir augum, hvernig skipaeigendur líti á hlutina. Slík mundi vera röksemdafærslan, sem hæstv. landbrh. var hérna með, ef hann er nokkurs staðar svo nærri, að hann megi orð mín heyra, ef maður yfirfærir hans röksemdir af kartöflunum yfir á skipaferðirnar. Ég held þess vegna, að fyrirmanni eins og hæstv. landbrh., sem leyfir sér að koma hér upp og fara að tala um rangfærslur og útúrsnúninga, sé skammar nær að reyna að standa fyrir sínu máli hér og taka þátt í að ræða þetta mál og stökkva ekki af hólmi undireins.

Hæstv. ráðh. leyfði sér að fullyrða hér í gær,

að þetta sé svo sjálfsagt mál, að það sé raunverulega ósvífni næstum því af þingmönnum, að þeir skuli ætla að fara að ræða það. Og hvað gerir hann svo sjálfur í þessum umræðum í gær? Jú, hann kemur hér með staðhæfingar, sem hann ber fram fyrir okkur þingmenn sem landbúnaðarráðherra, og eftir því sem hans stjórnarblað, Morgunblaðið, hefur eftir honum í morgun, þá hefur hann sagt í þeirri ræðu, að grænmetisverzlun ríkisins hafi brugðizt skyldu sinni um að stuðla að stofnræktun kartaflna. Hann ber hér á borð fyrir okkur þingmenn, að sú stofnun ríkisins, sem starfað hefur í þessum málum undanfarið, hafi brugðizt sinni skyldu, og við eigum að taka þetta trúanlegt, og þess vegna vill hann fá okkur til þess að greiða atkv. með því að leggja hana niður.

Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um þetta mál, sem landbrh. var hérna með í gær, og leyfi mér hér með að lesa upp athugasemd, undirskrifaða af Jóni Ívarssyni, sem ég býst við að landbrh. eigi bágt með að neita að taka gildan sem mann, sem hafi vit á þessum málum, sem sjálfur hefur veitt grænmetisverzlun ríkisins forstöðu og ætti að þekkja inn á þau. Með leyfi hæstv. forseta, er þessi aths. svo hljóðandi:

„Athugasemd um stofnræktun útsæðis.

Morgunblaðið ber landbrh. Steingrím Steinþórsson fyrir því í dag, að grænmetisverzlun ríkisins hafi „brugðizt skyldu sinni um að stuðla að stofnræktun kartaflna.“ Hér er rangt með farið. Grænmetisverzlun ríkisins hefur á árunum 1941—1955, að báðum árunum meðtöldum, lagt beinlínis fram sem næst 600 þús. kr. til stofnræktunarinnar. Stofnræktun hefur verið og er framkvæmd í samráði við og eftir tillögum tilraunaráðs jarðræktar, og hafa tilraunastöðvarnar á Akureyri, Reykhólum, Skriðuklaustri og Sámsstöðum annazt hana. Jafnframt hefur á þessu tímabili verið samið við einstaka kartöfluframleiðendur að fara með framhaldsræktun útsæðis. Eins og sjá má af þessu og kunnugt er fjölda manna, hefur grænmetisverzlun ríkisins innt þetta hlutverk af hendi. Ummæli blaðsins eru því fjarri hinu rétta. Hins skal svo jafnframt getið, að fjárráð grænmetisverzlunar ríkisins hafa verið og eru takmörkuð. Verzlun með kartöflur hefur reynzt lítil tekjulind.

Reykjavík, 24. janúar 1956.

Jón Ívarsson.“

Svona hljóðar þetta. Sem sé, einu rökin, sem landbrh. bar hér fram í gær og ætlaðist til að við þm., sem hann bjóst við að mundum þekkja frekar lítið til þessa máls, tækjum gild, eru hrakin, — það eina, sem hann virtist ætla að reyna að fleyta þessu máli sínu á. Og nú tekur hann þann kostinn í dag, þegar hann á að svara til saka í þessum málum, að vera hvergi nærri.

Um hvað er þá raunverulega verið að ræða í sambandi við þetta mál, sem hérna liggur fyrir? Hvað er „prinsip“-málið, sem hérna er deilt um? Það er deilt um það, hvort eigi að taka úr höndum ríkisins starfsemi, sem varðar alla þegna ríkisins, og fá þessa starfsemi í hendur einkaaðilum, fá hana í hendur einstökum hagsmunahópum. Það er þetta, sem spurningin stendur um. Og það er þetta, sem tveir þm. Framsfl. hér hafa nú lýst sig fylgjandi, hæstv. landbrh. og hv. þm. Dal., að taka þessa stofnun úr höndum ríkisins og fá hana í hendur nokkurra einkaaðila, manna, sem hafa takmarkaðra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta, manna, sem ekki eru þeir einu, sem hafa hagsmuna að gæta sem framleiðendur, og manna, sem hafa engra hagsmuna að gæta sem neytendur, m. ö. o. að taka hana úr höndum ríkisins og fá í hendur einstakra aðila og það undir lognu yfirskini, yfirskini, sem nú þegar er búið að hrekja.

Ég skal taka það fram, að ég er fyllilega sammála því, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur sagt um þetta mál. Það nær ekki nokkurri átt að gera þennan hlut. Og ég vil alveg sérstaklega fyrir hönd bæjarbúa leyfa mér að mótmæla þessum tillögum, í fyrsta lagi í nafni þeirra sem neytenda á þessu sviði og í öðru lagi í nafni þeirra sem framleiðenda að helmingnum af öllum kartöflunum, sem framleiddar eru í landinu.

Þá skal ég koma með nokkrum orðum að því, sem hv. þm. Dal., frsm. meiri hl., sagði hér í gær. Hann sagði, að þetta væri málefni Stéttarsambands bænda. Það er ekki rétt. Þetta er ekki málefni þeirra einna. Þetta er málefni allra bæjarbúa, bæði sem neytenda og framleiðenda um leið. Og það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar að ætla að skírskota eitthvað sérstaklega til einhvers sérréttar, sem Stéttarsamband bænda eða framleiðsluráð landbúnaðarins eigi að hafa í þessu sambandi. Það fær ekki staðizt. Það stangast við allar þær staðreyndir, sem fyrir liggja í þessu máli.

Hins vegar vil ég taka það fram, að ég álít það síður en svo eftirsóknarvert fyrir bændasamtökin að fara að fá þetta mál í sínar hendur. Þetta er erfitt mál, og það er mjög erfitt að reka þetta mál þannig, að það sæti ekki ýmiss konar gagnrýni. Ég efast ekki um, að þeir menn, sem stjórna grænmetisverzluninni, hafi reynt að reka hana eins vel og hægt hefur verið, og ég álít, að yfirleitt hafi þeim tekizt þetta vel, og þó efast ég ekki um, að það sé gagnrýnt. En ég vil bara benda þeim mönnum, sem skoða sig sem sérstaka fulltrúa bænda, í sambandi við þetta mál á það, að eftir að framleiðsluráð landbúnaðarins væri búið að taka svona mál í sínar hendur með offorsi hér á Alþingi, þá yrði e. t. v. gagnrýnin á þetta mál öllu hættulegri en ef það væri í höndum ríkisins. Það er ekki eftirsóknarvert fyrir bændasamtökin að hafa þetta mál í sínum höndum og hafa þá annars vegar yfir sér þá gagnrýni, sem upp mundi koma frá öllum neytendum, og í öðru lagi gagnrýnina frá þeim helmingi framleiðenda, sem hefur verið ofurliði borinn, ef þetta frv. er samþ., framleiðendunum í bæjunum. Ég held það sé þess vegna alveg misskilin sú þjónusta, sem þeir menn, sem hér vilja kalla sig fulltrúa bænda, eru að reyna að vinna fyrir bændasamtökin í sambandi við þetta verk, enda hefur ekki sézt, að bændur sjálfir eða fjöldinn í samtökum þeirra hafi farið fram á að fá þetta í sínar hendur. Það virðast vera einhverjar einkennilegar pólitískar bollaleggingar að baki þessu, og offorsið, sem þetta er flutt með hér, virðist benda til þess, að það sé ekki fyrst og fremst hagsmunamál bænda, sem þarna er um að ræða,

eða þeirra óskir almennt, og skal ég koma seinna meir nánar að því. Ég vil þess vegna leyfa mér að mótmæla því, að þetta mál sé mál, sem bændurnir og bændasamtökin sérstaklega óski eftir eða ættu að beita sér fyrir eða hafa hag af.

Þá kom hv. þm. Dal., frsm. meiri hl. landbn., með svo ósvífna aðdróttun í sambandi við ræðu sína um þetta mál, að sjaldgæf er hér á þingi, og ég ætla að leyfa mér að mótmæla. Hann sagði, þegar hann fór inn á rök minni hl. í þessum efnum, að sú höfuðgreinargerð, sem hér kæmi fram á móti málinu, væri frá starfsmönnum grænmetisverzlunar ríkisins; og starfsmenn grænmetisverzlunar ríkisins, sagði hann, þeir vilja auðvitað viðhalda grænmetisverzluninni, og þar með afgreiddi hann málið. Ég vil lýsa því yfir, að ef hv. þm. Dal. væri hér, þá mundi ég skora á hann að koma upp og biðja afsökunar á svona framferði og svona röksemdaleiðslu, því að hún er til skammar fyrir hann. Ég ætla að leyfa mér að spyrja flokksbræður hans hér í þinginu, framsóknarmenn, að því, hvað þeir mundu segja við okkur eða t. d. við Sjálfstæðisflokkinn, ef Sjálfstfl., þegar hér er lögð fyrir í sambandi við umræður um skipaútgerð ríkisins mjög nákvæm greinargerð frá forstjóra skipaútgerðarinnar, segði: Ja, þetta er frá forstjóra skipaútgerðarinnar. Hann vill bara viðhalda starfinu, maðurinn. Hvað þurfum við að tala meira um það? — Ég vil bara spyrja: Hvað segði Framsfl. við Sjálfstfl., ef hann afgreiddi málið svona? Það voru harðar umræður og hafa verið hér stundum um skipaútgerð ríkisins. Ég hef aldrei heyrt slíkt frá hálfu Sjálfstfl. og þeirra manna, sem hafa viljað leggja hana niður. Þeir hafa farið nákvæmlega út í umræðurnar um þessi mál, deilt um þetta. Það er vani okkar hér á Alþingi, þegar við ræðum um þessi mál, að spyrja alveg sérstaklega þá menn, sem hafa með mál ríkisins að gera og ríkið hefur falið að stjórna þessum málum og það kannske áratugum saman sem embættismenn. Þegar forstjóri skipaútgerðar ríkisins leggur hér fyrir okkur greinargerð um sín mál, þá segi ég fyrir mitt leyti: Við tökum alveg sérstakt tillit til þess. Við álítum: Þarna er maður að ræða um málið, sem hefur mikla þekkingu á málinu. Þarna er starfsmaður ríkisins, fulltrúi ríkisins, að athuga starfssvið, sem ríkið hefur falið honum að stjórna og hann ætti þess vegna að vera allra manna kunnugastur. Við leggjum þess vegna alveg sérstaklega mikið upp úr vitnisburði slíkra manna. Okkur dettur ekki í hug að væna þá um það, að þeir séu bara að hugsa um, að þeir séu í þessari stöðu og því skuli vera til áfram slík stofnun. Eða ég vil spyrja menn viðvíkjandi ferðaskrifstofu ríkisins, sem líka hefur verið deilt um hérna. Það hefur komið fram álit frá forstjóra ferðaskrifstofunnar. Auðvitað hefur okkur öllum fundizt sjálfsagt að taka tillit til þess álits, því að þar talar maður, sem hefur þekkingu á þessum málum, þegar verið er að ræða um, hvort eigi að leggja hana niður. Nú ætlar þessi þm. Framsfl. í Dölum, þm. Dal., að leyfa sér að fara að strika yfir það, að starfsmenn ríkisins, sem hefur verið falið að stjórna ákveðnum stofnunum áratugum saman, hafi nokkurt vit á slíku, að það sé nokkurt tillit takandi til þeirra. Hvers konar ósvífni er það í röksemdaleiðslum, sem þeir menn, sem hafa mælt fyrir þessu frv., leyfa sér að hafa í frammi á Alþingi? Það er langt síðan ég man eftir öðru eins og þessu. Þegar svona röksemdaleiðslur eru hafðar í frammi, þá er það fyrsta, sem manni dettur í hug: Það er eitthvað óhreint mjöl í pokanum, þegar menn eru að fylgja þessu máli fram, sem ekki þora að koma með rök, heldur koma með aðdróttanir. Þetta er ósvífni, sem ekki á að eiga sér stað. Þvert á móti, þegar fluttar eru fram nákvæmar röksemdafærslur, hógvært og trúlega, eins og gert er í þessu máli, þá á að taka þær fyrir lið fyrir lið og sýna þá fram á, að þær séu rangar, ef menn álíta það. En það á ekki að afgreiða málin svona. Þess vegna verð ég að segja það, að ég varð bókstaflega alveg hissa, þegar ég heyrði, að þessir tveir menn, sem hér töluðu í gær, hv. þm. Dal. og hæstv. landbrh., ætluðu að afgreiða þessi mál á þennan hátt.

Ég skal nú fara nokkrum orðum um þetta frv., eftir að ég hef nú látið í ljós mína skoðun á þeim röksemdaleiðslum, sem hér komu fram í gær af hálfu þessara tveggja manna, sem töluðu svona undarlega um þetta mál.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að framleiðsluráð landbúnaðarins, sem á að hafa einkaréttindin og yfirstjórnina á þessum málum héðan í frá, megi veita leyfi til eins árs í senn að verzla með kartöflur og aðra slíka hluti. Það virðist sem sé eiga að taka yfirleitt upp þann hátt í þessu sambandi að selja þessi leyfi á leigu til ákveðins árabils í senn, og er það einn af þeim mörgu nýju háttum, sem hafðir eru á í sambandi við þetta frv.

Þá er í 4. gr., c-liðnum, sagt, að ríkisstj. sé heimilt að selja grænmetisverzlun landbúnaðarins fasteignir grænmetisverzlunar ríkisins eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda.

Fyrir nokkru lágu hér frammi tillögur um að selja skip skipaútgerðar ríkisins, og mér fannst Framsfl. vera frekar á móti því að selja skip skipaútgerðarinnar. Nú vil ég leyfa mér að bera það saman við þetta. Skipaútgerðin hefur nokkur skip í förum, og það eru fleiri aðilar í landinu, sem líka hafa skip í förum. Skipaeigendur eru sem sé dálítill hagsmunahópur hér á Íslandi. Og það hafa komið fram hér á Alþ. tillögur um það frá hálfu Sjálfstfl., að þessi hagsmunahópur, skipaeigendur, t. d. Eimskipafélag Íslands o. fl., fengju þessi skip skipaútgerðar ríkisins, og þetta er alveg sams konar till. og sú, að það eigi að fara að afhenda nokkrum af framleiðendum kartaflna þann einkarétt, sem þarna getur um viðvíkjandi kartöflunum. Annað dæmi hefur líka gerzt. Það eru ýmsir menn hér, sem vilja halda upp ferðaskrifstofum og segjast geta gert það mjög vel. Þeir hafa farið fram á það, að sá réttur, sem ferðaskrifstofa ríkisins nú hefur, væri afnumin, og ákveðnir menn hafa flutt till. um slíkt hér á Alþingi. En Framsfl. hefur staðið mjög eindregið á móti henni. Hann hefur haldið því fram, að þetta væri alls konar þjónusta við bæði landsmenn og þá, sem ferðaskrifstofunnar eiga að njóta, sem hún ræki, og ekki viljað afhenda þetta í hendur þeirra hagsmunahópa, sem hafa hagsmuni af þessum rekstri. M. ö. o.:

Framsfl. hefur þarna tekið alveg þveröfuga afstöðu við það, sem þessir tveir þm. hans tóku hér í gær. Má ég nú spyrja: Hverju sætir? Það væri gaman að fá skýringu á því. Það væri gaman að fá skýringu á því í sambandi við þetta mál, hvort Framsfl. sé búinn að breyta um stefnu, líka viðvíkjandi ferðaskrifstofunni og skipaútgerðinni. Manni fer a. m. k. að detta það í hug.

Það er talað um að selja fasteignirnar, og svo virðist heldur ógreinilegt, eins og hv. minni hl. landbn. hefur þegar bent á, hver skuli vera eigandi stofnunarinnar, sem við tekur, og hver skuli bera ábyrgð á henni, það er ekki ábyrgð ríkisins lengur. Ég veit ekki til þess, að grænmetisverzlun ríkisins hafi fengið neinn styrk frá þinginu eða ríkinu hingað til. Á máske eftir nokkurn tíma að fara að koma fram með till. um það, að þessi verzlun, þessir framleiðendur, þegar þeir væru búnir að taka þetta, ákveðnir hagsmunahópar, ættu að fá einhverja sérstaka styrki í sambandi við þetta. Mig minnir, að slíkt hafi komið fram í sambandi við ferðaskrifstofuna, þegar Sjálfstfl. var að leggja til að afnema hana, og kannske það eigi að fara að fara í sömu götuna hvað þetta snertir.

Þá er vert að benda á það, að þessi einkasöluleyfi, sem farið er fram á með þessari löggjöf að látin séu í hendur einstaklingum eða félagsskap, eru einmitt sú braut, sem menn hafa oft deilt á að farið væri inn á og ekki sízt af hálfu Framsfl., t. d. í sambandi við Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem hefur þó þá aðstöðu, að innan þess er þó meginið af saltfiskframleiðslu landsins, en þessi framleiðendahagsmunahópur, sem hér er verið að ræða um að gefa einkasölu, er ekki nema helmingurinn af framleiðendunum í landinu.

Það er þess vegna alveg sama, hvar gripið er niður í þessu máli. Það er sama hringavitleysan og stangast alls staðar jafnt á við allt, sem t. d. Framsfl. hefur haldið fram í svipuðum málum og þessu á undanförnum árum.

Hæstv. landbrh. talaði hér um það í gær, að bændasamtökin stæðu að baki þessu. En fyrir liggja yfirlýsingar frá umboðsmönnum úr öllum aðalkartöfluframleiðsluhéruðum landsins um að mótmæla þessu frv., eins og það lá fyrir í fyrra og eins og það liggur að mestu leyti fyrir nú.

Það er enn fremur tilgangurinn með þessu frv. að gefa þessu einkafélagi, sem þarna á hlut að máli, einkarétt til að flytja kartöflur til landsins. Í staðinn fyrir að hafa það í höndum ríkisins sem þjónustu við neytendur, á það nú að vera sérréttindi eins hóps af framleiðendum. Ég skal ekki segja kannske, að það yrði misnotað, en hvernig halda menn, að það yrði lagt út, ef það yrðu einhver afglöp í þessu? Vilja menn óska endilega eftir því, að það yrði allt saman lagt út á versta veg, þegar það væru þeir menn, sem um leið hafa hagsmuna að gæta í kartöflueinkasölunni, sem þarna réðu? Sjá menn ekki, hvað þeir eru að gera bændasamtökunum með því að vera að slást fyrir því með þessu offorsi að svæla þetta undir þau?

Löggjöfin, sem nú er til um grænmetisverzlun ríkisins og nú á að afnema, gengur út frá því, að stofnunin eigi að vinna jafnt fyrir framleiðendur og neytendur, m. ö. o., að hún eigi að taka tillit til hagsmuna beggja, og þeim, sem vilja láta ríkið gjarnan koma fram eins og sáttasemjara í slíkum málum, ætti að finnast eðlilegt að hafa þennan hátt á. Með þessu frv. er aftur á móti lagt til að taka þetta úr höndum ríkisins og setja það í hendur eins hluta af framleiðendunum. Það duga þar engar yfirlýsingar um frá hálfu hæstv. landbrh., að vonandi fari þessi hagsmunahópur, sem fengi þetta í hendur, vel með það. Það dugir ekkert slíkt. Við, sem vanir erum að ræða um hagsmunamál hér á Alþingi, erum vanir að gera það alveg kalt og blátt áfram. Ef tekin er úr höndum ríkisins stofnun, sem samkv. lögum á að vinna bæði fyrir framleiðendur og neytendur, og lögð í hendur eins hóps af framleiðendum, þá göngum við þannig út frá því, að það sé verið að berjast fyrir því, að sá framleiðendahópur fái sérstaka aðstöðu til þess að nota sitt vald.

Svo skal ég, af því að hæstv. landbrh. er ekki kominn enn þá, leyfa mér að lesa upp úr fylgiskjalinu með þessu frv., hvernig kartöflueinkasölulan skiptist samkv. skýrslum Hagstofu Íslands á árinu 1953, síðasta árinu, sem við höfum enn skýrslur frá. Þá var framleiðslan í sveitum 49.1%, framleiðslan í kaupstöðum og kauptúnum 50.9%, þannig að það ár var meiri hluti framleiðslunnar í kaupstöðum og kauptúnum. Hluti þeirra hefur á undanförnum árum alltaf verið að aukast, og þetta er fyrsta árið, þar sem er beinlínis meiri hluti framleiddur í kaupstöðum og kauptúnum.

Á síðasta þingi lá þetta frv. fyrir við litinn orðstír, en sú nefnd, sem hafði það til meðferðar, hafði þó tíma til þess að setja sig í samband m. a. við flestalla kaupfélagsstjóra, sem búsettir eru í kartöfluræktarhéruðum landsins, og fá þá til að láta álit sitt í ljós, og þeir létu það álit í ljós, að það væri ekki ávinningur að þeirri breytingu, sem ráðgerð væri, og enginn þeirra taldi sig hafa orðið þess varan, að nokkur áhugi væri fyrir málinu, að undanteknu því, að tveir eða þrír þeirra höfðu fundið einn eða tvo menn, sem töldu sig vilja breytingu, en þeir voru ekkert frekar úr hópi kartöflueinkasölunnar en annarra. Þá lá fyrir heilmikið af yfirlýsingum frá þessum mönnum alls staðar af landinu um þeirra skoðun á þessu máli. Hv. 6. þm. Reykv. las hér í ræðu sinni í gær álit eins þeirra, framkvæmdastjóra Kaupfélags Eyfirðinga, og hæstv. landbrh., sem talaði hér á eftir honum, var uppi með þjósti og spurði eiginlega, hvaða mark menn vildu fara að taka á því, þegar einn kaupfélagsstjóri, þó að það væri fyrir stóru kaupfélagi og ágætur maður, gæfi slíka yfirlýsingu. Hæstv. landbrh. virðist yfirleitt ekki hafa lesið fskj. með þessu máli og nál. minni hl. Það er þess vegna rétt að lofa honum eða stólnum hans að heyra, að það eru fleiri, sem eru alveg sömu skoðunar. Kaupfélagsstjóri á Svalbarðseyri, Skúli Jónasson, skrifaði 3. apríl þ. á. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Að fenginni reynslu kaupfélagsins í samskiptum við grænmetisverzlun ríkisins teljum vér engar líkur til, að nýr aðili, er annist sölu

og innkaup á þeim vörum, er grænmetisverzlun ríkisins hefur annazt, mundi leysa það hlutverk betur af hendi.

Vér getum ekki séð, að það yrði kartöfluframleiðendum til nokkurra hagsbóta að stofnsetja aðra stofnun til þess að annast þau mál, sem grænmetisverzlun ríkisins annast nú, þar sem sýnilegt er, að það gæti ekki minnkað dreifingarkostnaðinn.

Vér fáum engan veginn séð, að frv. það, sem hér er fram komið, sé það af sýnilegri nauðsyn."

Þetta voru orð þessa kaupfélagsstjóra.

Þá skulum við taka annan kaupfélagsstjóra og þá líklega framsóknarmann líka, hérna á Suðurlandinu, það er Oddur Sigurbergsson, Vík í Mýrdal. Hann skrifar 9. apríl:

„Ekki tel ég miklar líkur til þess, að það yrði til hagsbóta fyrir framleiðendur og enn síður fyrir kaupfélagið, að þetta nýja skipulag verði tekið upp óbreytt."

Magnús Kristjánsson kaupfélagsstjóri á Hvolsvelli skrifar 12. apríl þ. á., með leyfi hæstv. forseta:

„Vér lítum svo á, að grænmetisverzlun ríkisins hafi með starfi sínu allt frá stofnun unnið mikið og gott starf í þágu framleiðenda og neytenda. Afgreiðsla öll við stofnunina hefur verið traust og örugg og viðskipti Kaupfélags Rangæinga við hana hin beztu í hvívetna."

Svo að maður taki frá bæjunum líka, skrifar Sveinn Guðmundsson, Akranesi, 5. apríl eftirfarandi:

„Ég get ekki séð, að það sé á neinn hátt hagkvæmt framleiðendum, að grænmetisverzlun ríkisins sé lögð niður og sölunefnd stofnsett í hennar stað. Ég hef aldrei heyrt neinn framleiðanda tala um slíkt."

Ég veit ekki, hvort ég ætti að halda áfram. Ég held a. m. k., að ég verði að bíða, þangað til hæstv. landbrh. er búinn að koma með einhverjar yfirlýsingar frá einhverjum bændafundum, sem hafa sérstaklega óskað eftir þessu.

Það getur vel verið, að einhverjir ákveðnir hagsmunahópar, pólitískar hagsmunaklíkur innan Framsfl., skjóti fram einhverri till. eins og þessari á fundi Stéttarsambands bænda og fái það samþykkt. En því fer alls fjarri, að vilji almennings sé þarna á bak við.

Það er þess vegna sama, hvar drepið er niður viðvíkjandi þessu máli, hvort það er heldur að athuga þær umsagnir, sem um það hafa borizt frá mönnum víðs vegar af landinu, eða athuga rökin, sem fyrir því eru flutt. Það verður sama endemis hneykslið. Það er tilraun til þess að ræna úr höndum ríkisins í hendur sérstaks takmarkaðs hagsmunahóps valdi, sem ríkið hefur farið með fram að þessu, og afnema löggjöf, sem mælir svo fyrir, að það eigi að reka ákveðið fyrirtæki með hagsmuni jafnt framleiðenda sem neytenda fyrir augum, og gefa meðferð þessara mála algerlega undir vald eins hluta af framleiðendunum.

Vegna þess að þetta mál er svona til komið, hlýtur það að verða harðvítugt deilumál hér, og þess vegna er ekki nema eðlilegt, að um þetta verði hér þó nokkrar umræður. Mér þykir hart, ef það á að hafa þann hátt á að reyna að pískа þetta mál í gegnum þingið án umræðna. A. m. k. held ég, að hæstv. landbrh. ætti áður að standa við þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér í gær, að segja okkur, hvað undirbúningurinn að þessu máli hefur kostað. Hann sveikst um það. Ég ætla að leyfa mér að biðja hann um að leggja fram reikningana yfir þann undirbúning og hvað hann hefur kostað og sundurliða það. Það getur svo farið, að ella verði að fara að ræða þau mál alveg sérstaklega, og það er þá kannske hægt að koma fram hér með ýmsar upplýsingar í því efni, sem kynnu að varpa nýju ljósi á, hvað hér er á ferðinni. Ég vil sem sé leyfa mér að vona, að næst þegar annaðhvort hæstv. landbrh. eða þm. Dal. tekur til máls um þetta mál, ræði þeir þessi mál og reyni að finna einhver rök fyrir sínum málstað, en komi ekki með staðhæfingar, staðlausar aðdróttanir og ósvífni eins og þeir gerðu í sínum síðustu ræðum. Ef þeir taka upp slíkan alvarlegan málflutning, verður miklu frekar hægt að ræða þetta mál án þess hita, sem eðlilega kemur í það, þegar þannig er bolazt eins og gert var af hálfu þessara tveggja ræðumanna hér í ræðustólnum í gær.

Frsm. minni hl. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Mér hefði nú þótt viðkunnanlegt, að hæstv. landbrh. hefði verið við. Eftir því sem hann slóst um hér í ræðustólnum í byrjun ræðu sinnar, hefði mér ekki fundizt, að það væri til of mikils mælzt, þó að hann væri hér við, og ég vil endilega skora á forseta að vita, hvort hann er ekki viðstaddur. Mér finnst, að það sé ekki sæmandi, að hann sé ekki við, eftir þær orðræður, sem hann fór með í gær í ræðu sinni, og mig langaði til að ræða við hann, þegar hann komst niður á jörðina og var vel viðmælandi um þær hugmyndir, sem hann kom fram með um þetta mál. Ég vildi endilega fara fram á það. (**Forseti:** Ég get skýrt frá því, að það hefur verið athugað, að hæstv. ráðh. er ekki staddur hér í húsinu og er í öðrum störfum. — **EOl:** Þá óskum við eftir, að fundi sé frestað.) Ég hefði helzt viljað, að fundi yrði frestað, því að ég vil endilega, að ráðh. sé við. (**EOl:** Það er óskað eftir því, að málinu sé frestað.) Mér finnst a. m. k., að ég ætti þó að lesa yfir honum það, sem var í frv., sem hann talaði um hér. (Gripið fram í. — **Forseti:** Meðan hv. ræðumaður er í ræðustól, sé ég ekki ástæðu til að víkja honum þaðan, þótt aðrir þm. óski. — **EOl:** Ef ræðumaður óskar eftir því.) Ef ég geng úr ræðustólnum, verður þá gengið til atkvæða, og er þá talið, að þetta sé ræða, sem ég hef flutt síðan ég kom hingað upp? (**Forseti:** Ég hef heyrt aðra hv. þm. óska eftir, að fundi væri frestað vegna þessara hluta, en ekki heyrt ræðumann tala um það eða bera fram ósk um það.) Ég óskaði eftir því. (**Forseti:** Þá er að athuga það.) Þangað til ráðherrann væri við. (**Forseti:** Má ég spyrja ræðumann: Er það ætlun hans, ef ráðherra forfallast áfram, að falla frá orðinu?) Nei, ekki ef hann forfallast áfram. (**Forseti:** Ég get orðið við þessum tilmælum að þessu sinni og get þá geymt orðið fyrir hv. ræðumann til næsta fundar, en þá vænti ég þess að hann ljúki ræðu sinni, hvernig sem á stendur.) Ég mun gera það. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 2. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Sigurður Guðnason) [frh.]: Herra forseti. Á síðasta þingfundi, er þetta mál var til umræðu, hafði ég óskað eftir, að hæstv. landbrh. væri viðstaddur, og þá var það tekið út af dagskrá eftir minni beiðni, og hv. forseti ákvað, að það yrði tekið til umræðu næst, hvort sem ráðh. væri við eða ekki. Nú í byrjun fundarins lýsti hv. forseti yfir, að hæstv. landbrh. hefði fjarvistarleyfi, svo kom hann nú samt rétt á eftir, en var svo farinn aftur. (**Forseti:** Má ég upplýsa hv. ræðumann. Hæstv. ráðh. kom hér við. Það var rétt, að hann hafði fjarvistarleyfi, kom hér við, en fór til jarðarfarar.) Já, ég mun því halda áfram minni ræðu, en mér fannst rétt, að þetta kæmi fram.

Eftir ræðu hæstv. landbrh. tók hv. 2. þm. Reykv. (EOl) fram ýmislegt viðvíkjandi framferði hæstv. ráðh., þar sem hann hefði borið á mig, að ég sýndi bæði dólgslega framkomu og óþinglegt orðbragð. En mér finnst, að hæstv. ráðh. hafi eitthvað dálítið skriplað á siðferðinu yfirleitt hérna í Alþ., þar sem hann tók fram um hv. 1. varaþm. Sósfl., Gunnar M. Magnúss, að hann hefði alls ekki munað, hvað maðurinn héti, sem kom inn í Alþ. í veikindum mínum, og hann lét sér sæma að ávarpa ekki þann þm. eins og venja er, honum fannst það vera fyrir neðan það, að það væri honum samboðið að tala við hann sem þm. Og það álít ég vera dálítið langt gengið gagnvart mönnum, sem hér mæta á Alþ., og er yfirleitt erfitt að sætta sig við það, að maður, sem er það háttsettur í Alþ., að hann geti gengið inn í umræður fram fyrir alla alþm., sýni svona óviðurkvæmilega framkomu.

Í öðru lagi sagði hann, að ég hefði haldið því fram, sem væri fyrir neðan allar hellur að geta haldið fram, að þegar þetta mál kom fyrst til umr. hér í Alþ., hefði framleiðsluráð sem slíkt átt að fá alveg óskorað vald á þessu, en breytingarnar, sem hafa orðið síðan, eru þær, að þar fá menn frá eggjaframleiðendum, frá ylræktarbændum og Sambandi smásöluverzlana allir tillögurétt, og ég sagði, að þeir hefðu fengið það til þess að mæla með málinu. Það stendur svart á hvítu, að þessir menn hafa fengið rétt til þess að gæta sinna hagsmuna gagnvart þessu máli, og það er enginn vafi, að þeir eru ekki ánægðari með þessa breytingu en var áður, úr því að þeir settu það skilyrði, til þess að þeir fylgdu málinu.

Í þriðja lagi sagði hæstv. ráðh., að ég hefði verið að myndast við að lesa upp tölur, sem sýndu, að framleiðslan á jarðarávöxtum væri orðin eins mikil eða meiri í kaupstöðunum en hjá bændunum, og efaðist hann um, að þetta væri rétt, og vefengdi skýrslur frá hagstofunni um þetta. Og svo kemur í Tímanum í morgun grein frá Sveini Tryggvasyni framkvæmdastjóra verðlagsráðs, sem kemur inn á þetta sama, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp það, sem segir um þetta mál:

„Því er að vísu haldið fram nú, að minni hluti framleiðslunnar sé framleiddur af bændum og hafi sá hluti framleiðslunnar farið ört minnkandi hin síðustu ár. Er í þessu efni vitnað í skýrslu frá Hagstofu Íslands. Sízt vil ég bera brigður á tölur þeirra mætu starfsmanna hagstofunnar, en grunur minn er sá, að grundvöllur þeirra talna sé í hæsta máta óábyggilegur, og er það ekki sök hagstofunnar. Hitt er svo lærdómsríkt fyrir bændur að heyra það, að með hverju ári fer meira af tekjum þeim, er þeir hafa haft af garðrækt, til annarra stétta. Þrátt fyrir þetta er enginn vafi á því, að bændur rækta enn þá meiri hlutann af þeim kartöflum, sem til sölu eru boðnar árlega, og er sú staðreynd vitanlega það, sem skiptir máli í þessu sambandi.

Þá er því fram haldið, að bændur hafi engan áhuga á breytingu þeirri, er frv. gerir ráð fyrir, og margir helztu forustumenn þeirra hafi lýst sig andvíga."

Hvað er nú verið að segja þarna? Það getur ekki verið nema eitt, sem kemur fram bæði hjá hæstv. landbrh. og starfsmanni framleiðsluráðs, að þeir bera það á bændastéttina, að hún telji rangar fram sína framleiðslu en kaupstaðabúar, og það hefði einhvern tíma verið talið, að það væri heldur fjandskapur við bændurna að bera það fram alveg blákalt, að þeir telji rangar fram sína framleiðslu en kaupstaðabúar, og það er frá mönnum, sem ættu að vita þetta. Það er langt fyrir neðan að vera sæmandi fyrir menn að bera þetta fram. Ég held satt að segja, að þetta sé líkt. Ég er ekkert að bera það fram, að kaupstaðamenn telji hetur fram en bændurnir yfirleitt, en ég vil ekki slá því föstu, að bændurnir telji rangar fram.

Svo kom nú þungamiðjan, þegar hæstv. landbrh. kom fram og fór að tala um, hvað þetta væri mikið vandamál um kartöflufranleiðsluna. Þá segir hann, að þeir hafi haft svo litlar tekjur og ekki getað haft peninga til stofnræktunar. Nú var það sannað skriflega frá þeim, að þeir höfðu lagt til stofnræktunar í kringum 600 þús. kr. þessi ár. Hann var að tala um þessi vandræði, og það er meira, sem kemur fram. Það upplýstist líka, að a. m. k. núna fjögur undanfarandi ár hafi verið meira til af útsæðiskartöflum, sem hefur verið stofnræktað, heldur en hefur gengið út. Núna undanfarin ár hefur alltaf verið meira til af þessum kartöflum, sem hafa verið ræktaðar í stofnræktun, útsæðiskartöflum, heldur en hafa verið notaðar, svo að það hlýtur eitthvað að vera annað, sem liggur við að leggja niður þessa stofnun ríkisins og afhenda stéttarfélaginu það eða verðlagsráði. Hæstv. landbrh. hefur sagt, að þetta væri erfitt mál. En allir, bæði verðlagsráð, Búnaðarfélagið og stéttarsamtökin, hafa verið sammála um þetta. En þegar farið er að athuga, eru þetta allt sömu mennirnir, sem koma með þessar till., og allt, sem við kemur þessu máli, er þannig, að það virðist ekkert vera, sem þeir sækjast eftir, annað en að fá þetta keypt. Ég fyrir mitt leyti er algerlega á móti því. Hæstv. ráðherra hefur líka skyldu gagnvart heildinni, þeim mönnum, sem trúa honum fyrir að gæta hagsmuna ríkisins. Þeir eru líka menn. Og ég er algerlega á móti því, að einhver maður,

jafnvel þó að hann hafi löngun og vald til þess, láti fólk selja hópi manna eða einu stéttarfélagi hluti, sem honum sjálfum er trúað fyrir, og ég vona, að meiri hluti hv. þm. sé sammála mér í þessu og samþykki því till. mína um að vísa málinu frá.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir heldur miður, að hæstv. landbrh. skuli vera forfallaður og þar af leiðandi ekki geta verið við umr. um þetta áhugamál sitt. Ég hefði einnig gjarnan viljað sjá hæstv. fjmrh. hér og taka aðeins upp þráðinn frá því í gærkvöld, þegar við minntumst á þessa stofnun í útvarpsumræðunum. Þá kom það fram hjá hæstv. fjmrh., að hann kvaðst líta svo á, að það ætti alls ekki að leggja grænmetisstofnun ríkisins niður. Fullyrti hann í áheyrn alþjóðar, að ekkert slíkt stæði til. En svo kemur blað hæstv. fjmrh., Tíminn, í dag og segir skýrum orðum það, sem raunar allir vita og hæstv. fjmrh. manna bezt, að með frv. því, sem hér um ræðir, eigi að leggja grænmetisverzlun ríkisins niður og stofna aðra grænmetisverzlun á annarra vegum. Ég hélt, að það þyrfti ekki að deila um svo augljósan hlut, og veit, að hæstv. fjmrh. er þetta fullkunnugt, þó að hann teldi heppilegra að halda öðru fram í gærkvöld.

Ég hefði einnig viljað ræða lítið eitt við sama hæstv. ráðh. um skilning hans á því, hvað sé opinbert fyrirtæki og hvað einkafyrirtæki. Hann virtist, í gærkvöld að minnsta kosti, rugla þessum hugtökum nokkuð mikið saman, en vonandi hefur hann nú leiðrétt sig í því efni.

Ég ætla með nokkrum orðum að gera grein fyrir afstöðu okkar þjóðvarnarmanna til þessa frv. Málið hefur verið rætt allmikið, bæði á Alþ. í fyrra og eins nú á þessu þingi. Eftir þær umr. svo og með tilliti til allra þeirra fylgiskjala, sem fram hafa verið lögð í málinu, þótt kartöflubiblían fræga hafi að vísu ekki verið lögð fram enn þá, virðist mér, að málið liggi tiltölulega ljóst fyrir og þess vegna sé ekki ástæða til að lengja umr. úr hófi fram. Ég get samt ekki látið hjá líða að minnast á nokkur atriði málsins.

Meginefni frv. er óumdeilanlega það, að grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður, en stofnuð verði í hennar stað grænmetisverzlun landbúnaðarins undir stjórn framleiðsluráðs landbúnaðarins. Mér skilst, að svo sé til ætlazt, að í höndum þessa nýja aðila eigi að vera ekki aðeins yfirstjórn allrar sölu á kartöflum, sem framleiddar eru hér á landi, svo og öðru grænmeti, en auk þess sala á öllum innfluttum kartöflum og allur innflutningur þeirra svo og sala á innfluttu grænmeti. Ýmislegt er þó næsta óljóst í frv., eins og þegar hefur verið bent mjög ljóslega á, einkum af forstjóra grænmetisverzlunar ríkisins í álitsgerð hans, sem prentuð er hér með áliti minni hl. hv. landbn. Sömuleiðis hefur hv. frsm. minni hl. n., hv. 6. þm. Reykv. (SG), bent á ýmis atriði, sem eru næsta óljós í frv. Svo er til dæmis um það, hver skuli vera hinn raunverulegi eigandi grænmetisverzlunar landbúnaðarins, sem ætlazt er til að fái keyptar eignir grænmetisverzlunar ríkisins með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður.

Sitthvað er það fleira, sem ekki liggur algerlega ljóst fyrir, hvernig skilja beri í þessu frv.

Grænmetisverzlun ríkisins var stofnuð fyrir 20 árum. Framsóknarmenn stóðu að stofnun hennar, og þeir gerðu það í því skyni að gera umbætur á sölu og meðferð garðávaxta og annast hóflegan innflutning, svo sem þörf krefði hverju sinni. Áður hafði þetta verið skipulagslítið, og skipulagsleysið í þeim efnum hafði ekki gefizt vel. Hér var að því stefnt að tryggja hvort tveggja, hagsmuni framleiðenda og neytenda. Skipulagsleysið hafði, eins og ég áður sagði, valdið margvíslegum óþægindum fyrir báða þessa aðila. Afleiðingin varð of mikill innflutningur á kartöflum í góðum sprettuárum og of lítill innflutningur og þá kartöfluskortur, þegar illa spruttu kartöflur í landinu.

Hvernig hefur nú þetta skipulag gefizt, sem hér hefur ríkt í þessum efnum nú um 20 ára skeið? Hefur það gefizt svo ákaflega illa, að sérstök ástæða sé til að gera þar á verulega breytingu? Ég efast ekki um það, að grænmetisverzlun ríkisins hefur sætt gagnrýni á þessum árum, eins og mörg opinber fyrirtæki. Það má segja, að slíkt sé algengt. Jafnvel þó að opinberum fyrirtækjum sé vel stjórnað, liggja þau jafnan undir opinberri gagnrýni, og við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Ef hún er á rökum reist, þá er hún nauðsynleg. En ég held, að sú gagnrýni, sem einkum hefur komið fram á grænmetisverzlun ríkisins og starfshætti hennar, hafi verið langsamlega mest á fyrri árum hennar, en hún hafi minnkað og jafnvel að miklu leyti þorrið síðari árin, og það er nú viðurkennt af flestum, sem eitthvað þekkja til, að þessi ríkisstofnun er á margan hátt myndarlegt og vel rekið fyrirtæki. Um rekstrarkostnað hygg ég, að þessi stofnun sé mjög til fyrirmyndar. Það munu ekki starfa á skrifstofu þessa stóra fyrirtækis nema 5 menn, að forstjóra meðtöldum, en þetta er fyrirtæki, sem mun árlega velta 40—50 millj. kr. Er það ekki ýkja algengt, að svo vel sé á málum haldið að því er sjálfan reksturinn snertir.

Vitnisburðir um gagnsemi þá, sem orðið hefur af störfum grænmetisverzlunar ríkisins, eru hér ýmsir prentaðir sem fylgiskjöl með nál. minni hl. hv. landbn. Og hver er vitnisburður hæstv. landbrh. sjálfs? Samkvæmt frásögn í dagblaðinu Tímanum frá 26. jan. hefur hæstv. ráðh. látið svo ummælt um þessa stofnun, sem hann vill nú láta leggja niður, með leyfi hæstv. forseta. Það, sem ég nú les, er endursögn á ræðu hæstv. landbrh., endursögn fréttamanns Tímans. Þar segir:

„Hann (þ. e. hæstv. ráðh.) kvaðst ekki ætla að ræða um forsögu málsins eða störf grænmetisverzlunar ríkisins, það væri stofnun, sem frá upphafi hefði verið rekin mjög vel að sínum dómi og gert mikið gagn, og ekkert, sem hann segði hér um þetta mál, væri sagt til þess að niðra þeirri starfsemi á einn eða neinn hátt, síður en svo. Hún hefði á sínum tíma verið stofnsett að frumkvæði Framsfl. og fengið misjafnar viðtökur, en reynslan hefði sýnt, að

þessi skipulagning var nauðsynleg, og engum hefði dottið í hug nú upp á síðkastið, að hún yrði afnumin.“

Þetta er frásögn dagblaðsins Tímans af kafla úr ræðu hæstv. landbrh. um þetta mál.

Ég hlýddi á þessa ræðu og hygg, að hér sé í öllum atriðum rétt með farið kjarna þess, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta efni. Í hinni sömu ræðu lagði hæstv. ráðh. áherzlu á það, að með þeirri lagabreytingu, sem hér um ræðir, væri verið að leggja á herðar Stéttarsambands bænda og framleiðsluráðs landbúnaðarins geysilega erfitt verkefni, og ráðh. kvaðst síður en svo öfunda þessa aðila af því að eiga að leysa það af hendi. Ég man ekki betur en að hann kæmist að orði eitthvað á þá leið, að reynt hefði verið að sporna við því, að framleiðsluráðið tæki á sig ábyrgð á rekstri slíkrar stofnunar. Mér skildist, að hæstv. ráðh. sjálfur hefði reynt að sporna við því, að þessir aðilar færu inn á þá braut, sem nú er fyrirhugað með þessu frv. En hann bætti því við, að þeir hefðu sótt málið fast og gert um það ítrekaðar samþykktir á fundum Stéttarsambands bænda. Þess vegna kvaðst ráðh. hafa talið sér það skylt að veita þessu máli liðsinni sitt til þess að verða við óskum bænda, þótt það kostaði þá fórn að leggja í rúst ríkisstofnun, sem Framsfl. hafði komið á fót á sínum tíma og ráðh. sjálfur viðurkennir að gert hefur stórmikið gagn og engum hefði fram að þessu dottið í hug að ætti að leggja niður.

Ég skal á engan hátt draga úr því, að tillit sé tekið til óska og vilja bændastéttarinnar í þeim málum, sem hana varða miklu. En þrátt fyrir það að einhverjar samþykktir Stéttarsambands bænda séu til í þessu efni, þá dreg ég í efa, að hér sé um að ræða mjög almennan vilja bændastéttarinnar í heild.

Það er líka hárrétt, sem bæði hv. 6. þm. Reykv. og sömuleiðis hv. 2. þm. Reykv. hafa glögglega bent á í þessum umr., að margir menn, sem eru í snertingu við bændastéttina og mega á vissan hátt teljast fulltrúar bænda, eru síður en svo fylgjandi því, að grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður.

Þá er það mikilvægt atriði í þessu máli, að hér er ekki aðeins um að ræða fyrirkomulag á sölu og dreifingu íslenzkrar framleiðsluvöru, heldur er einnig um innflutning og sölu að ræða á kartöflum, sem keyptar eru frá öðrum löndum. Mismunandi mikið magn er flutt inn af kartöflum á ári hverju eftir því, hvernig sprettan er innanlands. Reynsla margra undanfarinna ára sýnir, að innflutningur er sjaldan minni en fjórðungur allrar neyzlunnar og hefur stundum komizt upp í helming allrar neyzlu. Og nú á að taka upp þá nýstárlegu aðferð að leggja niður vel rekið ríkisfyrirtæki, sem hefur haft það með höndum að selja kartöflur fyrir innlenda aðila og sjá um innflutning og sölu á kartöflum frá útlöndum, og fela þetta hvort tveggja einkaaðila, sem hlýtur fyrst og fremst að hafa hagsmuni kartöflframleiðenda fyrir augum. Það getur ekki hjá því farið, að sá aðili, sem á að taka við, líti fyrst og fremst á málið frá sjónarmiði þeirra aðila.

Hvað mundu menn nú segja, ef haldið væri áfram á þeirri braut á þann veg að afhenda einkaaðilum, sem framleiða t. d. helming einhverrar nauðsynlegrar vöru, einkaleyfi til alls innflutnings á sömu vörutegund og að þeir mættu haga sér í því efni algerlega eftir eigin geðþótta, flytja inn svo mikið eða svo lítið sem þeir sjálfir vilja? Mig minnir, að það væri hv. 6. þm. Reykv., sem benti á það alveg réttilega, hvort mönnum þætti t. d. viðeigandi að láta íslenzkar skóverksmiðjur fá einkarétt til þess að kaupa allan skófatnað frá útlöndum eða t. d. íslenzkar klæðaverksmiðjur fá einkarétt til þess að flytja inn vefnaðarvöru. Hæstv. landbrh. taldi að vísu í ræðu, sem hann hélt hér við umr., að þetta væri alls ekki sambærilegt, en ég get ekki séð, að neinn eðlismunur sé á þessu tvennu.

Þeir menn, sem berjast fyrir framgangi þessa frv., leggja ríka áherzlu á, að bændastéttin standi einhuga um málið, og vitna þá eingöngu, að ég hygg, í samþykkt frá Stéttarsambandi bænda. Ég held þó, með allri virðingu fyrir því sambandi, að hér sé gert of mikið úr því, að það túlki í einu og öllu vilja bændastéttarinnar almennt. Samkvæmt fskj., sem birt er með nál. hv. minni hl. landbn., er allt annað upp á teningnum hjá ýmsum kaupfélagsstjórum og það kaupfélagsstjórum mjög stórra kaupfélaga, en kaupfélög landsins annast, eins og kunnugt er, meginhluta afurðasölunnar fyrir bændur, og kaupfélagsstjórarnir eru því þessum hlutum manna kunnugastir. Eitthvað mun hafa verið lesið úr þessu áliti hér áður, en ég get þó ekki stillt mig um, með leyfi hæstv. forseta, að benda á örfáar umsagnir:

Jakob Frímannsson kaupfélagsstjóri á Akureyri segir:

„Eftir nána athugun, viðtöl við ýmsa grænmetisframleiðendur og samráð við deildarstjóra vorn, sem hefur haft á hendi móttöku grænmetis og sölu, höfum vér ákveðið að svara fyrirspurn yðar þannig:

Vér teljum, að hag framleiðenda grænmetis verði á engan betri hátt borgið en að þeir feli þeim samtökum sínum, sem þegar eru fyrir hendi, þ. e. kaupfélögunum og S. Í. S., að annast sölu á þessari framleiðsluvöru sinni.“ Enn fremur: „Fari svo, að grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður, virðist augljóst, að mikinn undirbúning þarf til nýrrar skipulagningar. Teljum vér því sjálfsagt, að varazt sé að leggja út í nokkrar grundvallarbreytingar á sölufyrirkomulaginu nema að mjög vel athuguðu máli.“

Skúli Jónasson á Svalbarðseyri segir:

„Að fenginni reynslu kaupfélagsins í samskiptum við grænmetisverzlun ríkisins teljum við engar líkur til, að nýr aðili, er annist sölu og innkaup á þeim vörum, er grænmetisverzlun ríkisins hefur annazt, mundi leysa það hlutverk betur af hendi.“

Og Oddur Sigurbergsson kaupfélagsstjóri í Vík í Mýrdal segir:

„Ekki tel ég miklar líkur til þess, að það yrði til hagsbóta fyrir framleiðendur og enn síður fyrir kaupfélagið, að þetta nýja skipulag verði

tekið upp óbreytt. Verði sú vitleysa gerð að leggja grænmetisverzlun ríkisins niður, þá er það mitt álit, að ekki skipti svo miklu máli, hvort sú vitleysa er gerð nokkrum mánuðum fyrr eða síðar.“

Magnús Kristjánsson kaupfélagsstjóri á Hvolsvelli segir:

„Vér lítum svo á, að grænmetisverzlun ríkisins hafi með starfi sínu allt frá stofnun unnið mikið og gott starf í þágu framleiðenda og neytenda. Afgreiðsla öll við stofnunina hefur verið traust og örugg og viðskipti Kaupfélags Rangæinga við hana hin beztu í hvívetna.“

Loks ætla ég að lesa það, sem Sveinn Guðmundsson kaupfélagsstjóri á Akranesi segir:

„Ég get ekki séð, að það sé á neinn hátt hagkvæmt framleiðendum, að grænmetisverzlun ríkisins sé lögð niður og sölunefnd stofnsett í hennar stað. Ég hef aldrei heyrt neinn framleiðanda tala um slíkt.“

Þetta er úr álitsgerðum kaupfélagsstjóranna um málið.

Eins og þessi tilvitnuðu ummæli bera greinilega með sér, er það mjög orðum aukið, að kartöfluframleiðendur almennt hafi slíkan brennandi áhuga á því, að grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður og þeirri skipulagsbreytingu komið á, sem frv. þetta stefnir að, eins og flm. vilja vera láta. Sumir þeir menn, sem hvað bezta aðstöðu hafa til þess að dæma um málið og verða raunar, eins og ég sagði fyrr, að teljast eins konar fulltrúar framleiðenda eða eru a. m. k. nákunnugir vilja margra þeirra og óskum, hafa mjög sterk orð um stefnu þessa frv. Segja jafnvel sumir, að hún sé vitleysa, og einn kaupfélagsstjóri við kaupfélag í héraði, þar sem framleitt er mikið af kartöflum, tekur það beinlínis fram, að hann hafi aldrei heyrt neinn framleiðanda impra á því, að hagkvæmt gæti verið að leggja grænmetisverzlun ríkisins niður og stofnsetja nýtt fyrirtæki í hennar stað.

Samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessa frv. skal landbrn. hafa einkarétt til að flytja inn kartöflur og nýtt grænmeti. Ekki kemur beint fram í frv., hvort svo sé til ætlazt, að ráðuneytið verzli með þessar vörur, en telja má víst, að ætlunin sé, að ráðuneytið framselji hinni fyrirhuguðu grænmetisverzlun landbúnaðarins þessi réttindi.

Í 2. gr. frv. er ákvæði þess efnis, að þrátt fyrir einkarétt sinn til innflutnings kartaflna megi rn. þó ekki flytja þær inn, fyrr en það hefur leitað samþykkis framleiðsluráðs. Það er ekki sagt með berum orðum, en liggur þó nærri að skilja þetta ákvæði svo, að ráðuneytinu sé alls ekki heimilt að flytja inn kartöflur, hve mikla þörf sem það teldi á því, fyrr en framleiðsluráð landbúnaðarins hefði samþykkt innflutninginn. Sé þessi skilningur réttur, virðist mér eiga að leiða í lög, að enda þótt innflutningseinkarétturinn sé að nafninu til í höndum rn., eigi hann raunverulega að vera í höndum framleiðsluráðs. Hér er vissulega nokkuð langt gengið, að fela þeim aðila, sem eingöngu hlýtur að telja sig umboðsmann framleiðenda, meira vald en sjálfu rn. yfir því, hvort lífsnauðsynleg fæða eins og kartöflur er flutt til landsins, eftir því sem þörf er á, eða ekki. Mér dettur ekki í hug að fara að væna framleiðsluráðið um það að óreyndu, að það muni beita þessum miklu réttindum gálauslega á þann hátt, að það valdi kartöfluskorti í landinu, og reyna á þann algerlega óviðurkvæmilega hátt að halda íslenzkum kartöflum í sem allra hæstu verði í skjóli vöruskorts. En á þessum miklu kröfutímum, þar sem stéttir og hagsmunahópar líta oft heldur einsýnum augum á eigin hag, stundum jafnvel aðeins ímyndaða stundarhagsmuni, þá er það vissulega nokkuð mikil bjartsýni að fela framleiðendum ákveðinnar vörutegundar að annast ekki aðeins eigin hag, heldur einnig hag neytenda. Ég tel hiklaust, að líkurnar séu a. m. k. meiri á því, að gætt sé hagsmuna beggja, bæði framleiðenda og neytenda, ef innflutningur og sala vörunnar er í höndum ríkisfyrirtækis, ekki sízt þegar um er að ræða ríkisstofnun, sem fyllilega hefur sannað tilverurétt sinn með 20 ára starfi og er að dómi kunnugra vel rekin stofnun.

Ég er satt að segja töluvert hissa á því, að hæstv. landbrh. skuli sækja það svo fast sem raun ber vitni að leggja grænmetisverzlun ríkisins að velli, þessa ríkisstofnun, sem byggð var upp af Framsfl. og hefur að allra sanngjarnra manna dómi, þ. á m. hæstv. ráðh. sjálfs, leyst af hendi gott starf og unnið þjóðfélaginu gagn. Ég hefði í sjálfu sér ekkert verið hissa á því, þótt einhverjir þingmenn eða ráðherrar Sjálfstfl. hefðu komið fram með frv. um að leggja þessa stofnun niður. Það hefði ég talið í raun og veru eðlilegt og búizt við því, að það kæmi fram. En ég er hissa á þeim ágætu framsóknarmönnum, sem virðast nú vinna að því með oddi og egg að leggja niður þessa ríkisstofnun. Þeir hafa tekið það heldur óstinnt upp, þegar sjálfstæðismenn hafa sótt að skipaútgerð ríkisins, og ég lái þeim það engan veginn. En það er þeim mun einkennilegra, þegar framsóknarmenn sjálfir leggja nú allt kapp á að koma á kné eigin afkvæmi, einu af þeim ekki allt of mörgu afkvæmum flokksins, sem telja verður að hafi dafnað vel og orðið foreldri sínu heldur til sóma heldur en hitt. Það kapp er mér satt að segja nokkurt undrunarefni. Ég fæ ekki betur séð en hér sé á ferðinni enn ein sönnun þess, að langvarandi og heldur giftu- og gleðisnauð sambúð Framsóknar við Sjálfstfl. hafi reynzt Framsfl. næsta óhollur skóli.

Eins og að líkum lætur af því, sem ég hef nú sagt, mun ég greiða atkv. gegn þessu frv., en með hinni rökstuddu dagskrá hv. 6. þm. Reykvíkinga.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hafði gert mér vonir um, að þetta mál yrði látið hvíla sig hér í hv. þingdeild, meðan hv. frsm. landbn., þm. Dal., væri erlendis, og hafði beinlínis gilda ástæðu til þess að ætla, að þau vinnubrögð yrðu viðhöfð. En það virðist nú vera eitthvað annað, því að daginn eftir að hann fór úr landi var málið tekið á dagskrá, og hv. 6. þm. Reykv. (SG) flutti mjög prúðmannlega framsöguræðu um málið og gerði grein fyrir

þeirri afstöðu sinni, að hann væri andvígur þessu máli, andvígur því sökum þess, að í því væri ekki gætt hagsmuna neytendanna á þann veg, er hann teldi æskilegt. Ég taldi, að það væri á engan hátt hægt að sakfella hann fyrir slíka afstöðu. En þrátt fyrir það gerðist sá atburður, sem mér verður nokkuð lengi í minni, að hæstv. landbrh., Steingrímur Steinþórsson, fór í ræðustólinn á eftir og viðhafði mjög stór og að sumu leyti óþingleg orð um hv. 6. þm. Reykv. og málfærslu hans í sambandi við þetta mál. Ég man, að ég ritaði hér niður hjá mér þá úr ræðu ráðh. um moldviðri. Hann kallar sem sé, að hv. 6. þm. Reykv. hefði verið að þyrla upp moldviðri um þetta mál og rangfærslum og hefði það komið úr hörðustu átt, þar sem hér væri um mjög sjálfsagt mál að ræða frá hans sjónarmiði.

Hv. 6. þm. Reykv. hafði leyft sér að lesa upp kafla úr nokkrum umsögnum mætra manna um frv., þ. á m. umsögn Jakobs Frímannssonar kaupfélagsstjóra á Akureyri, og þetta var eitt af því, sem hæstv. landbrh. vítti. Hann spurði: Mundi hv. þm. lesa það upp, ef fyrir lægi umsögn um eitthvert mál Alþýðusambandsins frá t. d. Garðari Jónssyni form. Sjómannafélags Reykjavíkur? — Ég er alveg viss um, að hv. þm. mundi einmitt hafa gert slíkt hið sama, ef einhver mál Alþýðusambandsins hefðu legið fyrir og umsagnir ýmissa forustumanna verkalýðsfélaga hefðu verið sem fylgiskjal. Þá hefði hann vitanlega til stuðnings sinni afstöðu vitnað í slík ummæli. Var því ekkert eðlilegra en hv. þm. gerði þetta.

Ég hef ástæðu til þess að gera þetta mál dálítið að umræðuefni, sökum þess að þegar þetta mál skaut fyrst upp kollinum, bar það að nefnd, sem ég þá átti sæti í, en það var landbn. í fyrravetur. Við vorum í landbn. þá beðnir að gerast flm. frv. fyrir ráðuneytið, og við urðum við þeirri ósk, eins og nefndir gera að jafnaði, og tókum síðan að kynna okkur málið. Þá kom fljótt í ljós, að okkur ýmsum nefndarmönnum fannst frv. hvorki vel samið né þess eðlis að efni, að álitlegt væri að fylgja því í heild. Það var þá upplýst eins og nú, að Stéttarsamband bænda hefði hreyft þessu máli á sínum þingum að undanförnu og gert um það samþykktir að fá efni þess lögfest. Síðan var enn fremur upplýst, að ungur menntamaður hefði verið fenginn til þess að semja frv., nýkominn úr mikilli reisu á kostnað þess opinbera, og í því sambandi var fengin hjá ráðuneytinu mikil bók, sem m. a. hafði að geyma drögin að þessu frv. Ég heyrði hv. 8. þm. Reykv. kalla þessa merku bók „Kartöflubiblíuna“ hérna áðan, og það er sennilega ágætt heiti á doðrantinum. Þegar var farið að lesa hér í fyrra í þinginu kafla úr þessari bók, hló þingheimur svo hjartanlega, að ég hef aldrei heyrt þm. skemmta sér eins vel, svo að eiginlega hefði maður átt að útvega sér „Kartöflubiblíuna“ aftur og lesa skemmtilestur fyrir þm., einkanlega hefði það verið vel til fallið, ef hér hefðu verið betur setnir þingbekkirnir en þeir eru nú. Það má vel vera, að það gefist tækifæri til þess að koma með hana síðar, t. d. við næstu umr., og finnst mér það vel ómaksins vert eftir undirtektunum, sem lestur úr þeirri góðu bók fékk í fyrra.

Ég get af störfum n. í fyrra sagt það, að ég kann þá ekki satt orð að segja, ef það er ekki rétt, að málið fékk ákaflega daufar undirtektir í landbn., þegar nm. höfðu athugað það. Ég gat ekki betur heyrt en hv. þm. Dal., form. n., tæki á þessu máli með fullu ógeði. Það var einn maður í n., hv. 2. þm. Skagf., sem virtist vera ákveðinn fylgismaður málsins. En þriðji bændafulltrúinn í n., hv. þm. A-Húnv. (JPálm), vildi á allan hátt tefja málið, af því að hann áleit þetta ekki vera gott mál, sízt af öllu nauðsynjamál fyrir bændastéttina.

Framhaldið af þessu var svo það, að málið fór út úr n. í deildina og var hér rætt allrækilega. Það var sýnt, að Framsfl. vildi þá eins og nú leggja nokkurt kapp á framgang málsins, og hluti af Sjálfstfl. virtist vera áhugasamur um þetta líka, en nokkur hluti sjálfstæðismanna og þ. á m. fulltrúi bændanna, hv. þm. A-Húnv., taldi málið ekki vera neitt nytjamál fyrir bændastéttina. Og málið fór þannig, að það veslaðist hér upp í deildinni eftir alllangar umr., og menn héldu, að það mundi aldrei skjóta upp kolli síðar. En nú er það komið aftur og byrjað á sinni göngu á ný, búið að fara aftur í gegnum landbn. Nd. En nú hefur því vegnað það verr en í fyrrahaust, að nú fékkst einn nm. ekki, af því að hann hafði kynnzt því í fyrra, til þess að taka að sér flutning þess. Um afstöðu hinna mannanna er það eitt vitað, að þeir skrifa undir nál., form. n., hv. þm. Dal., hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. N-Þ. En nafn hv. þm. A-Húnv. sést hvergi. Það er alveg ótrúlegt, að hans nafn væri ekki þarna, ef honum væri mikið í mun, að þetta mál fengi skjóta og góða afgreiðslu. Og ég veit alveg fyrir víst, að hann mundi ekki láta nafn sitt vanta undir nál., ef hann teldi þetta vera mikið þurftarmál bændastéttarinnar.

Þegar frv hefur verið endursamið, sé ég í lokagrein þess, að menn hafa gert sér vonir um, að það sigldi svo hratt í gegnum þingið, að lög þessi gætu öðlazt gildi 1. jan. 1956. Nú er sá tími liðinn, og það er hér til 2. umr. í byrjun febrúar, og það ber öllum saman um, að þetta mál sé þess eðlis, að það sé ekki hægt að framkvæma stórkostlega skipulagsbreytingu, eins og hér er ætlazt til, nema með mjög löngum fyrirvara. Það er alveg auðséð mál, að ný stofnun, sem ætti að rísa af rústum grænmetisverzlunar ríkisins, þyrfti áreiðanlega nokkra mánuði til þess að komast á laggir og hefja sín störf. Það var í fyrra einmitt talin ástæða til þess að hætta við að knýja málið fram, af því að þá var orðið það áliðið vetrar, að hin nýja stofnun mundi ekki vera komin á laggirnar að fullu og tekin til starfa svo snemma vors sem þarf mjög á starfi þessarar stofnunar að halda.

Ég gæti trúað, þar sem málinu hefur seinkað svo enn, að það sé full ástæða til þess að lofa því nú að hvíla sig þetta árið og reyna heldur í þriðja sinn að hausti, alveg í þingbyrjun þá, og reyna þá að koma því það fljótt í gegnum þingið, að það gæti tekið gildi á haust-

mánuðunum. Það er alveg auðséð, að það veitir ekki af að hafa allan tímann fyrir sér, a. m. k. alveg frá áramótum, til þess að stofnunin sé komin í fullan gang fyrir vordaga.

Af þessu, sem ég nú hef sagt, er það ljóst, að hv. landbn. er nú eins og í fyrra ósammála um málið. Þá voru tveir af fimm nm. andvígir því og skiluðu sérstöku nál. um það, nú eru heimturnar þannig, að einn hefur neitað að taka þátt í flutningi þess, en þrír virðast hafa undirgengizt það fyrir sína ríkisstj., en einn af stjórnarfylgismönnunum týnist, þegar kemur til nál., og vill hvergi láta nafns síns getið í sambandi við þetta mál. Þætti mér þó ekki ólíklegt, að hann ætti eftir í umr. að segja til sín um það, að hann teldi þetta ekki vera eitt af þrifamálum landbúnaðarins, því að það var hann fyllilega búinn að láta í ljós með afstöðu sinni í landbn. í fyrra, þegar hann starfaði þar ásamt mér.

Ágreiningur er því um málið strax í landbn. Ég hef það fyrir satt, að það sé líka mjög mikill ágreiningur um þetta mál í þingflokki framsóknarmanna. En hitt má vel vera, að það sé nú búið að kveða þann ágreining niður með meirihlutasamþykkt í þingflokknum og að það sé þannig orðið flokksmál og að hendurnar komi þannig allar á loft, ef þetta mál fer til umr. Í Alþfl. er þetta ekki flokksmál, en við höfðum alveg frjálsar hendur um það í fyrra og fullt flokkssamráð að taka afstöðu móti þessu máli í fyrra, hvað sem nú er orðið. Og kynnu þá einhverjar aðgerðir að hafa komið til frá öðrum aðila, utan flokks, ef breyting hefur orðið á því síðan. Má vera, að hv. þm. N-Þ. þykist vita eitthvað um tilraunir í þá átt. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 3. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson [frh.]: Herra forseti. Ég hafði í gær rætt nokkuð um það, hvernig þetta mál bar að á síðasta þingi og hvernig það kom aftur núna frá landbn. Ég skal nú ræða nokkuð um málið sjálft og búnað þess og ræða um þýðingu þess gagnvart neytendunum og sérstaklega skoða málið frá sjónarmiði verkalýðssamtakanna, sem hljóta að láta mál eins og þetta til sín taka. Alveg eins og það er sjálfsagt og skiljanlega mikið kappsmál bændasamtökunum að ráða algerlega og ein með einkasöluaðstöðu yfir innflutningi og verðlagningu og verzlun með grænmeti, eins er það að sjálfsögðu mikið hagsmunamál neytendanna í kaupstöðunum, að þeirra hagsmuna sé gætt, bæði að því er snertir innflutning á þessari nauðsynjavöru, sem er á borði hvers einasta manns á hverjum einasta degi, og einnig að því er snertir verzlunarfyrirkomulagið og verðlagningu og flokkun þessara vörutegunda. Og eins og það kann að vera mikið kappsmál bændasamtökunum, að öll þessi atriði um innflutninginn, verzlunina og dreifingarskipulagið séu eingöngu í höndum bændastéttarinnar, eins mikið hagsmunamál neytendanna og verkalýðssamtakanna er það, að sjónarmiða neytendanna sé fyllilega gætt í allri meðferð þessara mála. En í öllum undirbúningi málsins er mér ekki kunnugt um, að neitt hafi verið gert til þess að hafa um þetta mál samráð hins aðilans. Hér er meginefni málsins það, að ríkiseinkasala, sem á sínum tíma var talið nauðsynlegt að koma á fót til þess að sjá um þessi mál, á að leggjast niður og í staðinn á að koma upp verzlun með þessar vörur, að því er manni skilst undir stjórn framleiðsluráðs, en sú verzlun á að byggja á einkasöluréttindum, sem landbúnaðarráðuneytinu séu heimiluð í lögum.

Ég held, að það sé erfitt að hugsa sér, að þessi tvö sjónarmið, sem í þessu máli á tvímælalaust að fullnægja, sjónarmið neytendanna og framleiðendanna, verði betur tryggð með öðru móti en að hlutlaus stofnun undir æðstu stjórn ríkisvaldsins sjálfs fari með þessi mál. Og þar sem nú er ekki um það deilt, að þessi stofnun hafi rækt vel sínar skyldur, — engin skjöl eru hér lögð fram, sem gagnrýni starfsemi grænmetisverzlunar ríkisins, — þá virðist mér, að það þurfi að koma fram mjög sterk rök fyrir því, að annað skipulag henti betur og fullnægi betur þörfum hvors tveggja aðilanna, sem tillit ber að taka til. En slík gögn hafa ekki legið frammi í sambandi við þetta mál enn þá. Það liggja hér aðeins fyrir gögn frá mörgum aðilum um það, að ríkiseinkasalan, þ. e. a. s. grænmetisverzlun ríkisins, hafi unnið sín störf vel, og fjöldamargir aðilar votta það, að þeim hafi í hvívetna líkað vel öll þau viðskipti, sem þeir hafa átt við þetta fyrirtæki.

Í þessi ummæli hefur verið vitnað. Það eru hér í fylgiskjölum umsagnir frá ég held einum 5 eða 6 kaupfélagsstjórum og einum kaupmanni, held ég, sem segist hafa 37 ára reynslu í verzlun með kartöflur og grænmeti, og öllum ber saman um það, að grænmetisverzlun ríkisins hafi verið góð viðskiptis og hafi rækt störf sín vel, ekki aðeins gagnvart framleiðendunum, heldur einnig gagnvart neytendunum og sömuleiðis að því er snertir viðskipti við þau kaupsýslufyrirtæki, sem hafa annazt sölu afurðanna, þ. e. bæði kaupfélög og kaupmenn. Ég fæ því ekki betur séð en að fyrirtækið sjálft fái hin beztu meðmæli úr öllum áttum og það stuðli að því, að niðurstaðan ætti að vera slík, að framtíð þessa fyrirtækis væri tryggð og ekki vikið frá þessu fyrirkomulagi. Ef það væri undirstaða málsins, að það þyrfti að kippa þessari starfsemi, þessari þjónustu við landslýðinn, úr höndum þeirra manna, sem stjórna grænmetisverzlun ríkisins, þá væri miklu auðveldara að láta skipulagið halda sér, en víkja þeim mönnum burt, sem hefðu gefizt illa, ef það er. Ég er alveg viss um, að þeir menn, sem starfa hjá grænmetisverzlun ríkisins og hafa látið hér frá sér fara umsagnir, gera það ekki vegna sjálfra sín. Þeir líta á málið ekki sem sitt einkamál eða sitt hagsmunamál. Ég hygg, að þeir gætu allir saman fengið störf og stöður við aðra starfsemi hjá þjóðfélaginu og gætu séð sér sjálfum borgið fyrir það, þó að grænmetisverzlun ríkisins væri lögð niður. En það er greinilegt, að þeir hafa öðrum mönnum fremur þekkingu á þessum málum, reynslu af þeim, og þeir

leggja fram sjónarmið almennings, skoða sjónarmið framleiðendanna, sem ég hygg að þeir hafi sízt tilhneigingu til að bera fyrir borð eða sniðganga eða leggja til, að neitt það skipulag sé upp tekið á þessum málum, sem henti framleiðendunum illa. Ég er alveg viss um, að Jón Ívarsson og Björn Guðmundsson og slíkir menn létu aldrei hafa sig til þess að mæla með fyrirkomulagi, sem hentaði framleiðendunum illa. Og þeir hafa áreiðanlega vitneskju um það, hvernig framleiðendunum sjálfum líki það fyrirkomulag, sem nú hefur verið á þessum málum. Og þeir eru það miklir og góðir drengir, báðir tveir, að þeir mundu ekki bera vitnisburð með fyrirkomulagi grænmetisverzlunar ríkisins, ef það væri óhentugt og óþénanlegt hagsmunum bændanna.

En ef þessum mönnum væri ekki treystandi, orðum þeirra ekki treystandi eða þeim ekki treystandi í störfum, þá ætti vitanlega að láta þá víkja, en halda góðu skipulagi eftir sem áður og skipta þar aðeins um menn.

Jón Ívarsson, sem landbn. bæði í fyrra og núna sneri sér til og virtist þannig vilja leggja nokkuð upp úr, hvað segði um málið, bendir í fyrsta lagi á, að frv. sé illa samið, illa frá því gengið, bæði um efni og orðfæri. Og það dylst heldur engum, sem athugar frv. Það er hrákasmíð hin mesta og alveg furðulegt, að þetta skuli í fyrsta lagi vera samið af sigldum menntamanni, sem sérstaklega hafði átt að undirbúa sig undir þau störf, kynna sér þessi mál öll, og í annan stað að vera búið að ganga í gegnum hreinsunareld framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem leggur mikið kapp á þetta mál og hefði því átt að hugsa um, að það væri ekki búið eintómum druslum, þegar það væri lagt fram fyrir Alþingi, heldur væri í sómasamlegum klæðum. En það er það ekki. Og í annan stað er það búið að vera tvívegis í landbn. Alþingis og kemur þaðan lítið sem ekkert breytt, annað en það, að meiri hl. n. leggur á það nokkurt kapp, að smásölukaupmenn fái að fjalla um þá hlið málanna, sem snúi að sölu grænmetis. Það er breytingin, sem landbn. er núna með, þ. e. a. s. þeir af landbn.-mönnum, sem hafa viljað leggja nafn sitt við þetta mál. En ég gat um það áðan, að einn hefði verið svo vandur að virðingu sinni, þ. e. hv. þm. A-Húnv., að hann hefði hvorki í fyrra né nú viljað láta leggja nafn sitt við þetta mál, og tel ég það sönnun þess, að hann telji þetta mál ekkert þurftarmál íslenzkrar bændastéttar. Annars hefði hann mælt með þessu máli og mælt fast fram með því.

Til sönnunar því, að frv. sé illa samið, þarf ekki annað en að nefna nokkur dæmi. Það er tekið fram í frv., að grænmetisverzlun ríkisins eigi að leggjast niður. Hún mun eiga eignir, sem ekki er ólíklegt að mundu seljast á frjálsum markaði fyrir svona 2—3 millj. kr. Í frv. er enginn stafur um það, að fara eigi fram mat á þessum eignum. Það á að selja þær, segir í frv., enginn stafur um það, fyrir hvað eigi að selja þær, ekki um, að það eigi að fara fram mat á því. Það mundi þykja fullnægjandi samkvæmt lögfestingunni, heimildinni um sölu, að þetta væri selt á eina krónu. Ekkert er til fyrirstöðu því í frv. Þetta er vitanlega strax óviðunandi gat í frv. Það nær ekki nokkurri átt, að Alþingi heimili sölu á milljónaverðmætum, sem ríkið á, án þess að nein ákvæði séu um það, með hverjum hætti sú sala skuli fara fram. Vitanlega er svo þar af leiðandi enginn stafur eða stafkrókur um það í frv., hverjum eigi að selja eignir grænmetisverzlunar ríkisins, engar heimildir um að selja ákveðnum aðila. Í frv. er gert ráð fyrir því, að landbrn. fái einkasölurétt á þessum vörum. Landbrn. hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti, stendur í b-lið 4. gr. Það er enginn stafur um það, að landbrn. eigi að fara að setja upp verzlun. Það virðist ekki vera það, sem á að kaupa eignirnar og fara að verzla. Hvort tveggja er líka furðulegt, að ætla einu ráðuneyti eins og landbrn. að fara að verzla. Aðilinn, sem á að fá einkasöluréttinn, á því áreiðanlega að vera laus við verzlunina, og það á að selja einhverjum öðrum eignir grænmetisverzlunar ríkisins. En sá aðili, sem á að verða kaupandinn, er ekki nefndur nokkurs staðar. Það er annað gatið í frv., annaðhvort vísvitandi eða fyrir vankunnáttu sakir hjá þeim, sem hafa samið þetta frv., sjálfsagt fyrir borgun.

Málfarið á frv., mér dettur það í hug einmitt núna, þegar ég staldra við þessar línur: Ríkisstjórn, innan sviga landbrn., hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Svo kemur: Bann þetta nær þó ekki til skipa. — Hvaða déskotans bann? Það var ekki verið að tala um neitt bann þarna á undan, það var verið að tala um einkasöluréttindi. Og svo segir: Bann þetta — kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Höfundurinn hefur ekki einu sinni yfirsýn yfir næstu setningu á undan, og þannig er þetta frv. hnoðað saman. Það er skrípi, bæði að því er snertir efni og orðfæri, enda var það svo, þegar verið var að lesa upp úr þessu nál., þessari bók, kartöflubiblíunni svokölluðu, í fyrra hér á Alþingi, að þm. hlógu mest að orðskrípunum og ambögunum. Þeir menn, sem höfðu kynnt sér það rit, hefðu því átt alveg af sérstakri varfærni að taka gilt frv. frá þessum höfundi. Það var vitað mál, að það mundi ekki vera á betra máli en bókin, og þurfti því að umsemja þetta allt saman. Þessi umsamning er enn þá eftir ógerð, og það er skömm fyrir Alþingi, ef það lætur ekki semja þetta frv. upp, áður en því er hnoðað inn í löggjöf landsins.

Sízt af öllu trúi ég Framsfl. til þess að gera þetta mál í þessum búningi að sínu máli. Ef Stéttarsambandi bænda er þetta annað eins kappsmál og látið er í veðri vaka, þá ætti stjórn Stéttarsambands bænda að unna sér einnar dagstundar til þess að lagfæra þótt ekki væri annað en málfærið á frumvarpsómyndinni.

Það er hægt að finna í hverri einustu grein frv. ambögur eins og þetta, að það er talað um einkasöluréttindi og svo segir: Bann þetta nær þó ekki til skipa.

Ef einhver skyldi vefengja, að það sé rétt hjá mér, að í frv. sé enginn stafur um, hver eigi að vera kaupandi að eignum grænmetisverzlunar ríkisins og hver eigi að annast verzlunina, þá er ég ákaflega þakklátur þeim þm., sem gæti leiðrétt þetta fyrir mér og bent á, að það sé nokkurs staðar að því vikið, hver eigi að verða eig-

andinn eða með hvaða hætti hann eigi að verða það og fyrir hvaða verð. Allt þetta vantar í frv. Um forstöðu hennar veit maður ekkert annað en það, að framleiðsluráði landbúnaðarins er ætlað að ráða henni framkvæmdastjóra. Það er það eina, sem stendur um það, hvaða forstöðu þessi mál eigi að lúta, þegar búið væri að leggja grænmetisverzlunina niður. Landbrn. á að ráða henni forstjóra.

Nú er ekki nema tvennt til, einhvers staðar lendir þetta. En annaðhvort verður tap eða gróði á slíkri verzlun sem þessari. Það er nú kunnugt, að verzlun með grænmeti og kartöflur er nokkuð áhættusöm verzlun. Gætu því komið fyrir töp. Það er líka hugsanlegt, að framleiðsluráð landbúnaðarins hefði vaðið fyrir neðan sig og ákveði verðið ríflegt og hátt og að það skapaðist gróði. Í frv. er ekkert að því vikið, hver eigi að bera hugsanleg töp af þessari verzlun eða hver eigi að njóta og vera eigandi að hugsanlegum gróða. Það veit enginn, hvar skellirnir eiga að lenda, enginn, hverjir eiga að njóta gróðans, ef hann yrði. Þetta er ein botnleysa frv. Ef gera má ráð fyrir töpum þarna, þá er vitanlega alveg sjálfsagt að taka fram í frv., hver eigi að vera ábyrgur bak við þessa stofnun.

Það er látið að því liggja, að þetta fyrirkomulag á sölu kartaflna og grænmetis sé hliðstætt því, sem nú er um sölu mjólkur og mjólkurafurða og kjöts, en þetta er alrangt. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur þau ein afskipti af sölu mjólkur og mjólkurafurða, að það ákvarðar um verðið. Það hefur það líka lagalegan rétt til að gera að því er snertir kartöflur og grænmeti. En framleiðsluráð landbúnaðarins verzlar ekki með mjólk, það verzlar ekki með kjöt, og það væri þess vegna algert nýmæli í lögum, ef landbrn. ætti að hafa einkasöluréttindi að því er snertir sölumeðferð þessara vara og framleiðsluráðið ætti síðan að annast verzlunina. Og ef það er nú ætlunin, þá er að athuga, hversu heppilegt slíkt fyrirkomulag mundi vera.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefði þá algert einræði um það, hvort flutt væri til landsins grænmeti og kartöflur frá útlöndum eða með hverjum hætti innflutningi væri hagað. Það hefði vald til þess, þegar einkasöluréttindin væru fengin, að stöðva allan innflutning á grænmeti og kartöflum til landsins, þangað til öruggt væri, að síðasta kartafla af innlendri framleiðslu væri seld. Og það gæti leitt til þess, að landið væri kartöflu- og grænmetislaust vikum eða mánuðum saman. Hefði þetta nokkra þýðingu fyrir neytendurna í kaupstöðum og kauptúnum? Þetta er stórkostlegt hagsmunamál þessa fólks, og það er þess vegna, sem ég geri það að umræðuefni. Það er þess vegna, sem ég skírskota til þm. Reykjavíkur, hvort þeir vilji stuðla að því, að neytendurnir í kaupstöðunum hafi ekkert með innflutning eða verzlun á þessari vöru að segja og að það sé eingöngu látið í hendur einnar stéttar. Ég er alveg sannfærður um það, að fulltrúar bændastéttarinnar hér á þingi mundu ekki láta taka slíkt hagsmunamál bændastéttarinnar úr höndum sinnar stéttar, ef þeir ættu þar um að fjalla, eins og við getum ekki annað en verndað hag neytendanna að því er snertir afgreiðslu þessa máls. Það er algerlega óverjandi af þm. kaupstaða og kauptúna að greiða atkvæði með þessu máli, því að þar er í raun og veru fengin einni stétt í hendur öll meðferð þessa þýðingarmikla máls.

Ef þetta væri lögfest, ein stétt fengi þarna einkasöluaðstöðu og einkarétt til þess að ráða allri dreifingu og sölumeðferð svona þýðingarmikillar neyzluvöru, þá er alveg ljóst, að önnur landssambönd annarra stétta heimtuðu að fá sams konar fríðindi og réttindi. Það er alveg víst, að Alþýðusamband Íslands mundi þá heimta í sínar hendur einkarétt á hagsmunamálum, sem annars kæmu bæði við fólkinu innan samtakanna og í bændastéttinni. Það má búast við, að Landssamband iðnaðarmanna heimtaði líka til sín einkaréttaraðstöðu um mál, sem væru þó ekki aðeins hagsmunamál þeirrar stéttar einnar, heldur gripu inn í hagsmuni annarra stétta. Ég held, að stefnt væri í mikið óefni, ef farið væri inn á þá braut, þó að það væri gert út frá því, að þetta væri mikilsverður réttur fyrir bændastéttina. Það mundi draga slíkan dilk á eftir sér í stéttareiptogi um stórkostleg hagsmunamál, sem eru ekki bundin við eina stétt, því að fá hagsmunamál eru þess eðlis, þau grípa inn í hag annarra stétta, það yrði af því áreiðanlega aukið stéttastríð. Það væri ekki aðeins verið að deila um kaupgjald eða krónutölu, þarna væri verið að deila um réttindi, sem eru eftirsótt og mjög svo eftirsótt, þ. e. a. s. aðstöðu til verzlunar og meira að segja einkasöluréttinda um verzlun og dreifingu ákveðinnar vöru. Það er enginn efi á því, að þetta mál mundi vekja upp marga drauga, hvort sem það er ætlunin eða ekki. Það er alveg gersamlega óstætt á því fyrir ríkisvaldið að lögleiða einni stétt til handa einkasöluréttindi og neita öðrum stéttum um sams konar réttindi. Það væri búið að opna leiðina fyrir margvíslegum sams konar einkasöluréttindum til handa öðrum stéttum, ef þetta verður gert, eða að öðrum kosti að fremja stórkostlegt ranglæti.

Jón Ívarsson segir í allri hógværð hér, með leyfi hæstv. forseta, í sinni umsögn: „Hversu góð sem einstök stéttarsambönd eða stéttarfélög eru og stjórnendur þeirra nú réttsýnir á hag allra landsmanna, er lagt á fulltæpt vað að veita þeim slík völd, að ríkisvaldið sjálft verði að lúta.“ En hér eru réttindin til handa framleiðsluráði svo óskoruð, að landbrn., sem á að hafa einkasöluinnflutninginn með höndum, má ekki flytja inn eina einustu kartöflu, fyrr en búið er að spyrja framleiðsluráðið um leyfi til þess, og þar með er ríkisvaldið látið lúta fyrir samtökum einnar stéttar. Ja, hvað skyldi hann Bjarni Benediktsson, hæstv. dómsmrh., segja um ríkisvaldið, hið sterka ríkisvald, sem hann þráir, sem hann dreymir um á hverri nóttu, bæði úti í Kaupmannahöfn og heima í Reykjavík, ef svona á að búa að ríkisvaldinu, að það á að lúta þarna í þessu efni ákvörðun framleiðsluráðsins og sá réttur að takmarka vald landbrn., sem þó á að fá þarna einkasöluréttindi, sem verða ekki nema nafnið tómt vegna takmarkana, sem síðar koma í frv.? Ég er hræddur um, að hann fari að dreyma illa. Ég er hræddur um, að hæstv. dómsmrh. fari bara að dreyma illa, ef hans flokkur,

Sjálfstfl., ætlar að stuðla að því, að ríkisvaldið verði þarna valdalaust gagnvart framleiðsluráðinu. Það stefnir ekki í þá áttina, sem hann hefur verið að prédika fyrir okkur að væri nauðsynlegt. Hins vegar getur það leitt til þess, að réttmætar kröfur hvers stéttarsambandsins á fætur öðru komi um að fá eitt að ráða yfir sölu og allri viðskiptameðferð þýðingarmikilla vara, sem viðkomandi stétt vill ráða ein yfir. Þetta væri í raun og veru að tætla ríkisvaldið, að því er þessa yfirstjórn viðskiptamálanna snertir, niður í smátætlur. Og þó að ég sé andvígur því, að hæstv. dómsmrh. fái það vald, sem hann þráir, að hægt sé að vopna einhvern óaldarlýð hér í Reykjavík til þess að lemja á verkalýðnum, þá er ég honum sammála um það, að svona má ekki leika ríkisvaldið, svona má ekki tætla það niður í ekki neitt, svona má ekki efla stéttaaðstöðuna, að hún verði yfirgnæfandi og ríkisvaldið fái enga rönd við reist á neinu sviði. En það verður nú gaman að sjá, hvaða afstöðu sjálfstæðismenn taka til þessa máls, þetta er algerlega í mótsögn við stefnu hæstv. dómsmrh., auk þess sem þeir verða að ganga í berhögg við hagsmuni allra umbjóðenda sinna hér í Reykjavík og í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Það þyrfti kannske ekki merkilegra atriði en það, að kaupstaðabúar allir í landinu væru kartöflulausir í einn mánuð, eftir að þetta hlífðarskipulag væri komið á, til þess að það fækkaði eitthvað atkvæðum þess flokks, sem hefði staðið að slíkri lausn málanna. Það þarf nú stundum ekki meira til.

Enn ranglátara er að koma á því skipulagi um sölu kartaflna og grænmetis, sem leggur allan rétt og öll völd í hendur framleiðslustéttarinnar einnar og umboðsmanna hennar, hversu réttsýnir sem eru, — enn furðulegra og enn ranglátara verður það, þegar þess er gætt, að hagstofan upplýsir, að nú seinustu árin sé meiri hluti allra kartaflna ekki framleiddur í sveitum landsins, heldur í kaupstöðum og kauptúnum. Það virðist hafa orðið stórkostleg breyting á þessu síðan 1950. Þá voru framleiddar í sveitunum 52603 tunnur, en í kaupstöðunum 33430 tunnur. 1951 er þetta farið að jafnast nokkuð. Þá eru í sveitunum framleiddar 45679 tunnur og í kaupstöðum og kauptúnum 39866 tunnur. 1952 er framleidd í sveitunum 39421 tunna, en í kaupstöðum og kauptúnum 31272. En 1953 eru framleiddar í sveitum 77830 tunnur, en í kaupstöðum og kauptúnum 80528. Breytingin er söm og jöfn og sígandi, þangað til 1953, að orðinn er verulegur meiri hluti af öllum kartöflum framleiddur í kaupstöðum og kauptúnum og sveitirnar komnar í minni hluta. Skýrslur hagstofunnar liggja ekki fyrir fyrir árin 1954 og 1955, en eftir þessari jöfnu þróun að dæma gæti maður hugsað sér, að þróunin væri orðin sú, að nú væru nálægt ⅔ af öllum kartöflunum, sem framleiddar eru hér á landi, ræktaðir í kaupstöðum og kauptúnum, og þá á einmitt að taka allan rétt af kaupstaðabúum og kauptúnabúum og fela landbrn. einkasöluréttindi til að flytja allar þessar vörur inn og framleiðsluráði landbúnaðarins réttinn til þess að framselja einhverjum óþekktum aðila verzlunina og framleiðsluráðinu allan rétt til verðákvörðunarinnar. Ég er alveg viss um, að það verður mikill kurr í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins, ef þetta frv. verður lamið hér í gegn, þó að það séu nú bara kartöflur, sem er um að ræða.

Þetta mál virðist vera í þeim flokki mála, sem Sjálfstfl. hefur yfirleitt haft mestan áhuga á á undanförnum árum. Það hefur á undanförnum árum skotið hér upp frv. um að leggja ríkiseinkasölur niður. Sérstaklega hafa tveir þm. úr Sjálfstfl. verið iðnir við kolann um að reyna að fá skipaútgerð ríkisins lagða niður, og hafa um það verið miklar umr. hér á Alþ. Skipaútgerð ríkisins er álíka gömul og grænmetisverzlun ríkisins og var sett á laggir til þess að inna af hendi sameiginlega þjónustu, nauðsynjaþjónustu fyrir fólkið í hinum fjarlægu byggðum landsins, og hvort tveggja fyrirtækið hefur þótt inna sitt hlutverk vel af hendi. Mótmæli hafa dunið á Alþ. utan af landsbyggðinni um að leggja ekki skipaútgerð ríkisins niður þrátt fyrir vaxandi töp á rekstri hennar, og landslýðurinn hefur gert sér það ljóst, að töpin voru afleiðing af því, að það var verið að inna af hendi fyrir fólkið þjónustu, sem er dýr í framkvæmd, og það mátti ekki missa þessa þjónustu. Hin vaxandi töp eru ekki afleiðing af vondri stjórn þessa fyrirtækis, það hafa menn líka gert sér ljóst, heldur af því, að nú dreifist flutningurinn á vörum á bifreiðar að mjög miklu leyti, á flugvélar og á skip og að með vaxandi útgerðarkostnaði skipanna dugir ekki það magn, sem kemur til flutnings með skipum, til þess að standa undir útgerðarkostnaði, og meðan þessi mál eru ekki skipulögð á ný út frá þeim nýju sjónarmiðum, fellst landslýðurinn ekki á það, að skipaútgerð ríkisins sé lögð niður, þó að áhrifamiklir þm. klifi á því þing eftir þing. Það fær engan hljómgrunn, og mótmælin verða því háværari og sterkari sem þessir þm. klifa oftar á þessu, enda er nú komið svo, að þeir hafa engar umr. í frammi sjálfir fyrir sínu máli, en af þrjózku og þrákelkni virðast þeir flytja málið samt áfram þing eftir þing.

Annað eftirlætismálið er svo þetta, að fá grænmetisverzlun ríkisins lagða niður. Þetta mál hefur ekki fengið neinn hljómgrunn hjá bændastéttinni, engar áskoranir koma til þingsins um það, að þetta frv. verði samþ., en mótmæli drífur að frá kaupfélagsstjórum og kaupmönnum og yfirleitt öllum þeim, sem hafa komizt í snertingu við fyrirtækið. Það var hamrað mjög á því um daginn, að þessa breytingu þyrfti aðallega að gera af því, að grænmetisverzlun ríkisins hefði vanrækt það hlutverk að sjá um stofnræktun kartaflna, en þetta reyndust bara helber ósannindi. Það er búið að upplýsa með vottorðum, að grænmetisverzlun ríkisins hefur varið allstórri fúlgu einmitt til stofnræktunar á kartöflum og falið þeim vísindastofnunum, sem ríkið rekur með ærnum kostnaði, tilraunastöðvunum úti um landið, að annast þessa ræktun, og það er ekki hægt að hugsa sér, að sölunefnd eða hvaða aðili sem það nú yrði, sem ætti að taka við þessari verzlun, kæmi því á aðrar eða öruggari hendur.

Og þriðji óskadraumurinn um að koma ríkisfyrirtæki fyrir kattarnef er svo að leggja ferðaskrifstofu ríkisins niður, svo að einstaklingum

gefist þar betra tækifæri til að okra á ferðamönnum.

Enginn af þessum draumum mun rætast. Sem betur fer, hefur Framsfl. ekki léð máls á því að leggja skipaútgerð ríkisins niður og ekki heldur tekið undir frv. sjálfstæðismanna um að leggja niður ferðaskrifstofu ríkisins, sem hefur innt mjög þarft og gott hlutverk af hendi. En þessa stofnun virðist því miður vera samkomulag milli stjórnarflokkanna um að leggja niður og ganga þar með í berhögg við hagsmuni allra neytenda í landinu og án þess, að séð verði, að þeir tryggi á nokkurn hátt betri þjónustu við framleiðendurna í sveitum og við sjó, sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Ég legg þessi mál öll saman í eina visk, þau eru öll af sömu rótum runnin, þau eru sprottin eingöngu af því, að Sjálfstfl. hefur á stefnuskrá sinni að þola engin ríkisfyrirtæki. En ég trúi því ekki enn, að Framsfl. knýi á um það að leggja neitt þessara fyrirtækja niður, sízt af öllu það, sem hér um ræðir og er undir stjórn góðra og gegnra framsóknarmanna, þar að auki hinna mætustu manna, sem hafa rækt sín störf þarna af mikilli prýði og mæla með því, að grænmetiseinkaverzlun ríkisins haldi áfram störfum, áreiðanlega ekki út frá eigin hagsmunum, heldur studdir af áliti þeirra manna, sem hafa átt viðskipti við fyrirtækið, og studdir af grundvallaðri þekkingu sinni á hagsmunum bændastéttarinnar, sem þeir áreiðanlega framar öðrum bera fyrir brjósti. Ég er alveg sannfærður um, að mennirnir, sem starfa við grænmetisverzlunina, cru fyrst og fremst menn, sem eru þannig mótaðir og gerðir, að þeir bera hagsmuni bændastéttarinnar fyrir brjósti, fremur en hagsmuni annarra stétta.

Það er engin leið að mæla gegn því, að eins og það er vitanlega hagsmunamál framleiðenda, að gott söluskipulag sé á grænmeti, kartöflum, eins er það mikið hagsmunamál neytendanna, að það sé í senn gott skipulag á sölu og dreifingu innlendra kartaflna og grænmetis, en jafnframt séð svo um innflutning á kartöflum og grænmeti, að aldrei sé skortur á þessari vöru og aldrei skapist í skjóli þess, að skortur sé yfirvofandi, möguleikar til þess að hækka verðið á innlendu framleiðslunni úr hófi fram. Þess vegna er málið þannig vaxið óneitanlega, að það má ekki afgr. það eingöngu út frá sjónarmiðum þeim, sem ráðið hafa hjá stjórn Stéttarsambands bænda. Málið er í eðli sínu þannig, að það er ekki síður hagsmunamál verkalýðssamtakanna. Og ég fer eindregið fram á það við þá aðila, sem að frv. þessu standa, að knýja ekki málið fram án þess, að leitað sé þá samráðs a. m. k. við Alþýðusamband Íslands um lausn þess, um lausn, sem tryggi jafnt hagsmuni kartöflframleiðenda í sveitunum, kartöflframleiðenda í kaupstöðum og sjóþorpum og neytendanna í bæjum og kauptúnum.

Ég skal fullyrða það, að ef farið verður inn á þá leið að fresta afgreiðslu þessa máls, þangað til slíkar viðræður hafa getað átt sér stað og leið fundizt til þess að leysa þetta, svo að hvorir tveggja hagsmunaaðilanna megi vel við una, þá er farin skynsamlegri leið í þessu máli en að knýja það fram með offorsi á þann hátt, að allir neytendurnir rísi gegn þeirri lausn og lagasetningu, því að það er ekki skynsamleg leið í málinu.

Ég held, að það sé rétt, að ég láti þessi eindregnu tilmæli mín í nafni hagsmunasamtaka verkalýðsstéttanna vera mitt síðasta orð um þetta mál. En annars er kannske þyngst á metunum, að kaupfélagsstjórar eins og Jakob Frímannsson, Skúli Jónasson á Svalbarðseyri, Oddur Sigurbergsson í Vík í Mýrdal, Magnús Kristjánsson á Hvolsvelli, Sveinn Guðmundsson á Akranesi hafa allir mælt fast með því, að ekki sé gerð sú fyrirhugaða skipulagsbreyting og sízt af öllu án verulegs fyrirvara, af því að það þurfi mikinn undirbúning til þess að koma vel á fót öðru fyrirtæki, sem fylli upp hlutverk grænmetisverzlunarinnar; enn fremur vottorð frá verzlun Guðlaugs Pálssonar á Eyrarbakka, sem vitnar til sinnar 37 ára reynslu og góðu samskipta við grænmetisverzlunina og telur það vitleysu að leggja hana niður og segist alls ekki hafa trú á, að hagsmunum bænda sé betur borgið með því, að einhver sölunefnd með landbrn. að bakhjarli og framleiðsluráð landbúnaðarins sem yfirdrottnara taki þar við og komi í staðinn.

Ef til vill eru þetta rök, sem hv. fylgjendur frv. taka meira tillit til en þó að ég í nafni Alþýðusambandsins vari við þessari lausn og fari eindregið fram á, að ekki sé farið að heimila einstökum stéttarsamböndum allsherjaryfirráð yfir þýðingarmiklum hagsmunamálum, sem grípa mjög inn á hagsmunasvið annarra stétta, sem óneitanlega, eins og ég hef þegar rætt um, hlýtur að verða til þess að hleypa af stað skriðu, þar sem önnur stéttarsamtök heimta sama rétt í sínar hendur viðvíkjandi verðákvörðun á vörum og verzlunaraðstöðu og jafnvel einkaréttaraðstöðu til þess að ákveða tekjur hins vinnandi manns. Verkalýðssamtökin leysa þó slík mál yfir samningaborð við gagnaðilann, en hafa aldrei heimtað einkaréttaraðstöðu til þess að ákveða kaupið. Með þessu er verið að gera það og það í fyrsta sinn. Að öðru leyti er það bókstaflega brot á þeim heppilega grundvelli, sem skapaður hefur verið um verðákvörðun á kaupi bóndans og hins starfandi fólks í sveitunum. Nú er það svo, að verðið á landbúnaðarafurðum á, þegar kaup hefur verið ákveðið við sjávarsíðuna, að reiknast út hækkandi eða lækkandi eftir því, hvort kaup hefur lækkað eða hækkað, á þann veg, að bóndinn fái hlutfallslega hækkun fyrir sína vinnu, að fólkið, sem hann hefur keypt í þjónustu sína, fái hlutfallslega hækkun á sínu kaupi, án þess að það gerist á kostnað bóndans, og þetta er heppilegt fyrirkomulag, sem verkalýðssamtökin viðurkenna að eigi að vera. Þannig er ákveðið verð á kjöti og öðrum landbúnaðarafurðum. En hér er farið út af þessari braut, sem virðist benda í þá átt, að það eigi að byrja að rjúfa þetta heppilega skipulag, þetta samstarfsskipulag um ákvörðun á landbúnaðarafurðum og kaupgjaldi. Þarna á að heimila einni stétt og stéttarsamtökum bændanna að sjá algerlega um innflutning og verzlun með þessa vöru landbúnaðarins og ákveða frá einni hlið verðlagið líka. Ef það bættist nú ofan á, að þetta samstarfskerfi, sem hefur reynzt vel á undanförnum árum um ákvörðun landbúnaðarvara, yrði nú brotið niður,

eftir að þetta væri orðið lögfest, sem vel má búast við, þá væri enn stærra óheillaspor stigið en ég get séð fyrir endann á.

Ég endurtek að lokum tilmæli mín til flytjenda og stuðningsmanna þessa frv. og bið hæstv. forseta að koma þeim tilmælum mínum á framfæri, því að ráðherrastólar mega heita auðir eins og fyrri daginn og þingbekkir fáskipaðir, að þessu máli verði frestað og samráðs leitað við stéttarsamtökin í landinu um lausn þess á þeim grundvelli, að hag framleiðenda og neytenda verði borgið á fullum jafnréttisgrundvelli og engin einkasöluréttindi heimiluð landbrn., sem geti leitt til þess, að önnur rn. færu að ásælast einkasöluréttindi á einstökum vörum og sízt af öllu meðan enginn veit, hver á að taka við, hver á að verða kaupandinn að eignum grænmetisverzlunar ríkisins eða fyrir hvaða verð, og að því leyti algerlega óforsvaranlega gengið frá málinu að því er formshliðina snertir.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir áskorun forseta Alþýðusambandsins, hv. 3. landsk. (HV), um það, að þetta mál verði ekki afgr. eins og það liggur hér fyrir, a. m. k. ekki fyrr en fram hafa farið viðræður um málið við stjórnendur Alþýðusambands Íslands og fyrir liggur álit þess á frumvarpinu. Það er vitað mál, að hér er á ferðinni mál, sem snertir ekki síður neytendur þessa lands en framleiðendur, enda gera lögin um grænmetisverzlun ríkisins ráð fyrir því og þau lög voru upphaflega byggð þannig, að tillit átti að taka til beggja aðila að jöfnu. Ég vil sem sagt alveg sérstaklega undirstrika það, að þessu máli verði ekki hraðað svo hér í gegnum hv. d., að ekki gefist kostur á því fyrir stjórnendur verkalýðssamtakanna og þá fyrst og fremst Alþýðusambands Íslands, sem hefur hér mikilla hagsmuna að gæta fyrir hönd hinna fjölmörgu neytenda í landinu, að ræða þetta mál og gera sínar breytingar á frv., ef ekki tekst að fá þá afgreiðslu á málinu, að því verði vísað frá. Ég fyrir mitt leyti teldi, að það væri sú eina eðlilega afgreiðsla á þessu máli, að því væri vísað frá.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um breytingar á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Þetta mál hefur vakið, svo sem er ekki óeðlilegt, allmiklar deilur hér í hv. d. Mál þetta var flutt af meiri hl. landbn. eftir ósk hæstv. landbrh. í fyrra, og það er enn fremur nú flutt af sömu n., þ. e. a. s. meiri hl. sömu n., landbn. Nd., og enn fremur eftir ósk hæstv. landbrh. Það fékkst ekki afgr. hér í d. í fyrra og dagaði uppi.

Aðalefni frv. er að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins. Í þessu sambandi er það mjög eftirtektarvert, að í þeim eldhúsdagsumr., sem hér fóru fram nú fyrir skemmstu, lýsti hæstv. fjmrh. yfir í ræðu, að það væri mesti misskilningur, að leggja ætti niður grænmetisverzlun ríkisins. Mér kom það ákaflega einkennilega fyrir, að hæstv. fjmrh. skyldi gefa slíka yfirlýsingu, því að í lagafrv. því, sem hér liggur fyrir, stendur í 4. gr., e-lið: „Ríkisstj. er heimilt að selja grænmetisverzlun landbúnaðarins fasteignir grænmetisverzlunar ríkisins eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda."

Ég verð að segja, að ég veit þá ekki, hvað er ákveðið, ef það er ekki ákveðið í þessum lögum, að leggja skuli niður grænmetisverzlun ríkisins. Og mig furðar á þeim málflutningi hjá hæstv. fjmrh., að hann skuli leyfa sér að viðhafa slíkt og beinlínis að hörfa frá raunveruleikanum í þessu efni og fara með það, sem ekki er rétt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins á að hafa yfirstjórn á sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu landsmanna. Í 4. gr. frv. segir, að enginn megi verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi framleiðsluráðs. Hér er ekkert undanskilið. Hér er alveg gengið hreint til verks. Það virðist sem framleiðsluráð eigi að fá hér alger yfirtök í þessu máli, sem staðfestir enn betur, að leggja skal niður þá stofnun, sem hefur haft með að gera sölu á þessum vörutegundum. Reyndar er bætt þarna fleiru inn í, eins og t. d. gróðurhúsaframleiðslu. Mér er það nú ekki vel ljóst, hverra hagsmuna er þarna verið að gæta með því að taka svo djúpt í árinni, að leggja skuli alla framleiðslu gróðurhúsa undir væntanlega stofnun. Ég held, að það sé út af fyrir sig ekki neitt sérstakt hagsmunamál fyrir þá, sem t. d. rækta þar blóm og verzla með þau, að það sé sett undir einn og sama hatt, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Leyfi skal veitt til eins árs í senn.

Hin nýja stofnun, sem hér eftir skal annast verzlun með garðávexti í umboði framleiðsluráðs, skal heita grænmetisverzlun landbúnaðarins. Það er ein undirstrikunin enn á því, að hér er um allt aðra stofnun að ræða en áður hefur verið, og undirstrikun á því, að hæstv. fjmrh. gaf landsmönnum rangar upplýsingar, þegar hann fullyrti hér fyrir framan hljóðnemann, að það væri rangur skilningur hjá þeim, sem héldu því fram, að leggja ætti niður grænmetisverzlun ríkisins.

Þá skal ríkisstj. heimilt, eins og segir í lögum þessum, að selja grænmetisverzlun landbúnaðarins fasteignir grænmetisverzlunar ríkisins eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda. Í sambandi við þessa gr. er ekkert um það, hver á að verðleggja t. d. þessar eignir eða hvað á að leggja til grundvallar því verði, sem eignirnar á að selja fyrir. Það hefði mátt ætla, að einhver ákvæði hefðu verið þar um í frv., t. d. ákvæði um það, að sérstök nefnd manna eða sérstakir aðilar þar til kjörnir skyldu meta eignir þessa ríkisfyrirtækis, en á ekkert slíkt er minnzt í frv.

Í nál. frá meiri hl. landbn. segir m. a., að málið hafi verið rætt á nokkrum fundum og leitað umsagna. Samkv. till. Stéttarsambands bænda, framleiðsluráðs landbúnaðarins, Búnaðarfélags Íslands og Sölufélags garðyrkjumanna leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. með nokkrum smærri breytingum. Hér hefur sjáanlega verið leitað mjög einhliða eftir umsögnum um þetta mál. Hér er t. d. alveg gengið fram hjá öðrum stærsta aðilanum í þessu máli, sem sé neytendunum í landinu. Það er ekki leitað umsagnar einna einustu félagssamtaka, sem neytendur hafa sín á milli, heldur aðeins leitað til þeirra aðila, sem eru framleiðendur þessara vörutegunda. Ég tel,

að svo framarlega sem þeir, sem að þessu máli standa, hefðu verið sjálfum sér samkvæmir, þá hefði að sjálfsögðu átt að leita til beggja þessara aðila, bæði til neytenda og framleiðenda um málið. En það hefur alls ekki verið gert. A. m. k. kemur það hvergi fram, hvorki í nál. né í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál hér á hv. Alþingi.

Minni hl. landbn., hv. 6. þm. Reykv. (SG), tók ekki þátt í flutningi þessa frv., en lýsti sig strax andvígan frv. og lagði til, að það yrði fellt. Í nál. minni hl. eru færð fram mjög skýr og glögg rök á móti málinu. Bent er á, að frv. feli í sér ákvæði um veigamiklar skipulagsbreytingar um sölufyrirkomulag landbúnaðarafurða að því er snertir garðávexti og einnig um innflutning og verzlun með kartöflur og annað grænmeti, ekki verði séð af frv., hver skuli verða eigandi slíkrar stofnunar. Það er út af fyrir sig allmerkilegt og nýtt fyrirbæri, að það er ekki hægt að sjá það af frv., hver á að verða eigandi þessa nýja fyrirtækis. Í áliti minni hl. er enn fremur bent á, að með frv. þessu sé farið fram á einstæða breytingu, þar sem gert er ráð fyrir, að einstökum félögum eða einstakri nefnd skuli veitt einkasala á öllum vörutegundum þar að lútandi. Bent er réttilega á, að hér sé farið inn á varhugaverða leið, sem geti skapað slæmt fordæmi. Í framsöguræðu sinni benti hv. 6. þm. Reykv. á dæmi, t. d. að ef réttlætanlegt væri að veita einum aðila þannig lagaða sérstöðu, þá væri ekkert ótrúlegt, að aðrir aðilar, sem líkt stæði á um, færu einmitt fram á slík sérréttindi sér til handa. Ég tel, að með þessu, ef að lögum verður, sé farið inn á mjög varhugaverða braut, braut, sem er óhægra að snúa til baka á, ef á annað borð er farið inn á slíkar leiðir sem frv. gerir ráð fyrir.

Í umr. um málið hefur ekkert komið fram, sem mælir með því, að breyting sú, sem frv. gerir ráð fyrir, verði samþ. Hæstv. landbrh., sem tók til máls um þetta mál hér í hv. d., þegar það kom fyrir til 2. umr., gerði lítið annað í sinni ræðu um málið en að veitast að minni hl. landbn., hv. 6. þm. Reykv., fyrir afstöðu hans til frv. Svigurmæli hæstv. ráðh. í garð 6. þm. Reykv. eru tæplega svaraverð, enda hafa þau verið afgreidd á viðeigandi hátt af hv. 2. þm. Reykv. (EOl), frsm. minni hl. og nú síðast af hv. 3. landsk. Ég held, að í ræðu hæstv. landbrh. hafi gætt of mikils kapps um það að fá málið afgr. og að hæstv. ráðh. hafi ekki gætt þess að rökræða um málið, heldur látið skapið hlaupa allmikið með sig í gönur. Hann er náttúrlega ekki við frekar en vant er hjá hæstv. ráðh., þegar mál eru rædd, sem þeir kæra sig ekkert um að ræða við alþm. um. Við erum orðnir svo vanir því hér í hv. d. að sjá stóla þeirra auða, að við kippum okkur ekkert upp við slíkt. Það væri út af fyrir sig kannske nauðsynlegt að taka upp þá nýbreytni hér í hv. d. að fá myndasmiði hingað niður eftir annað veifið til að mynda ráðherrastólana hér, þannig að almenningi gæfist kostur á að sjá, hvað vel þeir standa á verði í d., þegar um er að ræða mál, sem þá varða sérstaklega. En það er, eins og allir vita, mjög algengt, að þm. verði að ræða um mál hér, án þess að hæstv. ráðh. láti svo lítið sem að vera við, því síður að taka þátt í umr., nema þá helzt með því að svara skætingi einum til, þegar þau mál eru rædd, sem þeir vilja koma fram. Ef þm. eru á öðru máli, þá er það yfirleitt viðtekin regla að svara þar eingöngu skætingi og öðru ekki.

Hv. frsm. meiri hl. og hæstv. landbrh. vildu halda því fram, að hér væri um að ræða sérmál bændastéttarinnar. Þessari skoðun leyfi ég mér að mótmæla. Í fyrsta lagi er ræktun kartaflna í kaupstöðum og kauptúnum orðin yfir 50%, eða nánar tiltekið 50.9% 1953, en það er síðasta árið, sem skýrslur ná yfir eða a. m. k. hafa verið birtar. Það er því alveg sjáanlegt, að þetta mál snertir ekki eingöngu bændastéttina, heldur alla þá mörgu, sem búa í kauptúnum og kaupstöðum og rækta kartöflur, og þeir eru komnir það langt í þessari ræktun að vera meira en hálfdrættingar, rækta sem sagt helminginn af þessari vörutegund. Manni virðist, að það væri þá ekki óeðlilegt, þó að eitthvað hefði verið rætt við þessa framleiðendur í kauptúnunum og kaupstöðunum um málið, en það mun ekki hafa verið gert. Í öðru lagi er það staðreynd, að það er ekki nema tiltölulega fámennur hópur af bændastéttinni, sem framleiðir kartöflur til sölu. Heil stór héruð eru ekki komin lengra í því að rækta þennan nytsama jarðarávöxt en það, að bændur í þessum héruðum er stórkaupendur að garðávöxtum í staðinn fyrir að vera seljendur. Það er því mesti misskilningur og rangfærslur að tala um þetta frv. sem eitthvert stórhagsmunamál allrar bændastéttarinnar á Íslandi. Það er vitanlega alveg rétt, að það eru til héruð, þar sem ræktað er mikið af jarðávöxtum, kartöflur o. fl., þar sem bændur hafa mjög miklar tekjur af slíkri ræktun. En það er líka staðreynd, að það eru heilar sýslur hér á landi, þar sem mjög lítið er ræktað af þessari vöru, og því eru það alger öfugmæli að tala um það, að hér sé um að ræða málefni bændastéttarinnar allrar sem slíkrar. Það er mesti misskilningur og rangfærslur að tala um, að þetta frv. sé eitthvert stórhagsmunamál fyrir bændastéttina á Íslandi. Því er haldið fram í umr., að Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands hafi beitt sér fyrir flutningi á þessu frv. Það má vel vera, að svo sé. En flutningur frv. er ekki eftir ósk meiri hl. kartöflframleiðenda, enda hefur ekki verið leitað eftir áliti þeirra, sem framleiða kartöflur í bæjum og kauptúnum, eins og ég hef áður bent á, og er mér nær að halda, að flestir bændur landsins, ef þeir væru spurðir, hvort þeir óska eftir breytingum á þessum málum, muni svara neitandi.

Þá kem ég að stærsta atriðinu í sambandi við þetta mál, og það er grænmetisverzlun ríkisins sjálfs. Árið 1936 var grænmetisverzlun ríkisins stofnuð samkv. lögum frá Alþ. sama ár. Í lögum um grænmetisverzlun ríkisins er það undirstrikað og mjög skýrt fram tekið, að grænmetisverzlunin skuli hafa þann tvenns konar tilgang að gæta jöfnum höndum hagsmuna þeirra, sem framleiða kartöflur, og hinna, sem kaupa, sem sagt seljenda og neytenda. Ríkisfyrirtæki þetta er nú búið að starfa hart nær í 20 ár. Á þessu tímabili ætti að vera búið að fá næga og haldgóða reynslu á þessu fyrirkomulagi, og það ætti ekki að þurfa að vera neitt deilumál á milli

manna um það, hvort þessi stofnun, grænmetisverzlun ríkisins, hefur uppfyllt þær kröfur, sem til hennar hafa verið gerðar. Það hlýtur að vera komin á þetta sú reynsla, að ekki þurfi að vera neitt deilumál.

Með stofnun grænmetisverzlunar ríkisins var gert ráð fyrir og til þess ætlazt, eins og ég hef reyndar áður bent á og margir af þeim, sem talað hafa hér um þetta frv., að stofnunin ynni jöfnum höndum og hefði í huga í starfrækslu sinni hagsmuni framleiðenda og neytenda. Álit margra er og ég held flestra, að stofnuninni hafi í flestum tilfellum tekizt að fylgja þeirri stefnu, sem mótuð er mjög glöggt í lögunum. Það má vel vera, að í einstaka tilfelli hefði mátt og megi deila um ýmsar ráðstafanir, sem forstöðumenn þessa ágæta fyrirtækis hafa gert. Þannig er það alltaf, að það er ekki hægt að gera svo að öllum líki, og á 20 ára tímabili, sem nú er liðið, frá því að þetta fyrirtæki var stofnað, væri það ekkert ótrúlegt, þó að einhvern tíma hefðu komið upp deilur um eitthvað, sem sumir hefðu álitið að hefði betur mátt fara hjá fyrirtækinu, en ekki minnist ég þess, að um þetta hafi staðið neinn sérstakur styrr.

Verðlagið á þessum vörum hefur verið í höndum fulltrúa bænda á sama hátt og verðlag á flestum öðrum landbúnaðarafurðum. Ég get því ekki séð, að bændur, sem framleiða kartöflur, hafi yfir neinu sérstöku að kvarta hvað þetta áhrærir, og hlutur þeirra virðist ekki hafa þar verið fyrir borð borinn, enda eru bændurnir, sem framleiða kartöflur, alls góðs maklegir sem og aðrir bændur og sjálfsagt að taka að fullu tillit til hagsmuna þeirra, enda tel ég, að grænmetisverzlunin hafi gert það fyllilega, jafnhliða því sem hún hefur líka, eins og henni bar og forstjórum þessa fyrirtækis, tekið tillit til neytendanna. Ég tel sem sagt, að forustumönnum þessa fyrirtækis hafi ótrúlega vel einmitt tekizt að samræma þessi sjónarmið, þ. e. a. s. að taka tillit til hagsmuna seljendanna og neytendanna, þannig að hvorugur aðilinn hafi yfir neinu sérstöku að kvarta.

Menn hafa verið að velta því fyrir sér, hvað valdi því, að t. d. Framsóknarflokksmenn hér á Alþingi skuli hafa gerzt forsvarsmenn þess að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins. Ég vil nú leyfa mér að spyrja: Ber að skoða þetta frv. um að leggja grænmetisverzlun ríkisins niður einstætt fyrirbæri, eða er það upphaf þess, að Framsfl. ætli sér að taka höndum saman við Sjálfstfl. á Alþ. um að leggja niður fleiri ríkisfyrirtæki? Það er t. d. vitað, að þm. Sjálfstfl. vilja láta leggja niður skipaútgerð ríkisins, ferðaskrifstofu ríkisins, jafnvel landssmiðjuna og fleiri ríkisfyrirtæki. Hingað til hafa þm. Framsfl. beitt sér á móti því, að ríkisfyrirtæki væru lögð niður og afhent einstaklingum, félögum eða stofnunum. Máske hafa tekizt samningar á milli stjórnarflokkanna um t. d. að leggja niður skipaútgerð ríkisins og afhenda skip og aðrar eignir útgerðarinnar Eimskipafélagi Íslands eftir till. hv. þm. Barð. Mér finnst alveg fyllsta ástæða til, að um þetta sé nú spurt í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir um að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins. Ég held, að það geti engin tilviljun verið, að Framsfl., sem til skamms tíma a. m. k. hefur verið einn af forsvarsflokkum í þessu landi fyrir vissum ríkisrekstri, skuli allt í einu þjóta upp til handa og fóta og leggja til, að eitt af þeim fyrirtækjum, sem hans flokksmenn hafa stjórnað frá upphafi og að margra dómi farið vel úr hendi, sé lagt niður. Ég held, að það hljóti eitthvað meira að liggja þarna á bak við. Ég hef ekki fyllilega gert mér grein fyrir, hvað það getur verið, nema þá það sé þannig, eins og ég hef bent á eða réttara sagt spurt um, að einhverjir samningar hafi þegar verið gerðir á milli Framsfl. og Sjálfstfl. hér á Alþ. um að ganga frekar fram í því en hingað til að leggja niður viss ríkisfyrirtæki. M. a. gæti manni dottið í hug, að hv. framsóknarmönnum hefði snúizt hugur og þeir væru nú til viðræðna við Sjálfstfl. um að leggja niður skipaútgerð ríkisins.

Landbrh. gaf í skyn í ræðu sinni um þetta mál, að grænmetissala ríkisins hefði brugðizt skyldu sinni um að stuðla að stofnræktun kartaflna, eins og hann orðaði það. Þessi aðdróttun hæstv. landbrh. hefur verið hrakin mjög ákveðið í greinargóðri skýrslu frá framkvæmdastjóra grænmetissölunnar, Jóni Ívarssyni. Á árunum 1941—55, að báðum meðtöldum, var varið til stofnræktunar 600 þús. kr. Það er þó vitað, að grænmetisverzlun ríkisins hefur haft yfir mjög takmörkuðu fjármagni að ráða, og eins og forstjórinn benti á í sinni greinargóðu skýrslu, hefðu forustumenn þessa fyrirtækis gjarnan viljað leggja meira fé af mörkum til stofnræktunar kartaflna, en fjárhagurinn var mjög takmarkaður, og þar af leiðandi hefur minna fé verið varið en ella til slíks. Nú vildi hæstv. landbrh. halda því fram í sinni ræðu, að þarna mundi verða á einhver stórkostleg breyting, ef breytt væri fyrirkomulagi og fyrirtækið selt og afhent öðrum aðila. Ég fyrir mitt leyti hef ákaflega litla trú á slíku? Ég held, að reynslan hafi einmitt sýnt það, að ekki sé að vænta neinna stórra stökka í þeim efnum. Og ef viðkomandi fyrirtæki, sem maður raunverulega veit nú ekki almennilega um, hvað verður, hvað heitir, fær ekki til þess sérstakan styrk frá ríkissjóði, þá held ég sé að mestu leyti hægt að strika yfir þessar fullyrðingar hæstv. landbrh.

Auk þess sem varið hefur verið 600 þús. kr. til slíkra rannsókna og slíkrar ræktunar sem stofnræktunar á kartöflum, hafa verið gerðar í samráði við og eftir tillögum tilraunaráðs jarðræktar og fleiri miklar rannsóknir á þessu. Þær rannsóknir hafa farið fram m. a. á Akureyri, Reykhólum, Skriðuklaustri, Sámsstöðum og annars staðar. Þar að auki hafa svo margir einstakir framleiðendur haft með höndum framhaldsræktun á útsæði eftir ósk grænmetisverzlunar ríkisins. Það er því alveg sýnt, að þarna hefur verið gerð mjög virðingarverð tilraun til þess að útvega landsmönnum gott útsæði. Hitt má svo deila um, hvað langt er komin slík rannsókn, og vitanlega stendur það til bóta og vonandi, að slíkt takist, hver svo sem annars verður eigandi að þessari verzlun.

Það er ákaflega lítil trygging fyrir því, eins og ég hef áður bent á, að hin nýja stofnun, grænmetisverzlun landbúnaðarins, vinni betur og

markvísara að þessu máli en gert hefur verið, nema síður sé. Það er mikil hætta á því, að eftir að framleiðsluráð landbúnaðarins væri búið að fá einokunaraðstöðu með verzlun garðávaxta, væru það stundarhagsmunirnir, sem yrðu látnir sitja í fyrirrúmi, en minna hugsað um þá hliðina, sem að rannsóknum snýr, svo sem stofnræktun úrvalskartaflna og afbrigða til útsæðis.

Ég held, að ef einhvers megi vænta í slíku, verði að fara aðrar leiðir, og ég held, að það sé enginn aðili, sem frekar beri skylda til slíks en einmitt ríkinu, og þá m. a. ætti slík rannsókn og slík ræktun að fara fram í stærri stíl en verið hefur og þá á vegum þeirrar stofnunar, sem haft hefur með þetta mál að gera frá upphafi vega, sem sé grænmetisverzlunar ríkisins. Ég trúi einmitt slíkri stofnun miklu betur til slíks en ef málið verður afhent hér einkafyrirtæki, eins og er gert ráð fyrir í frv., sem fyrir liggur.

Ég hef nú nokkuð rætt um galla þessa frv. og þá hættu, sem því geti verið samfara að breyta til um fyrirkomulag og sérstaklega þó fyrir neytendurna í landinu. Ég tel það beinlínis vítavert að hafa gengið eins gersamlega fram hjá neytendunum og gert hefur verið í þessu máli.

Ég er ekki einn um þessa skoðun. Í *áliti minni* hlutans eru birt ummæli nokkurra aðila, m. a. nokkurra kaupfélagsstjóra á landinu, sem hafa verzlað með þessar afurðir í fjöldamörg ár frá fyrstu hendi, þar sem þeir mæla alveg eindregið á móti allri slíkri breytingu sem hér er farið fram á. Og ég er viss um það, að ef farið væri að leita umsagna fleiri aðila, mundi það sama verða upp á teningnum, að almenningur í landinu óskar ekki eftir neinni breytingu á þessu fyrirkomulagi. Þetta fyrirkomulag er þegar búið að vinna sér hefð, og því hefur tekizt að skapa sér traust, bæði hjá þeim, sem eru framleiðendur, og hinum, sem eru neytendur. Ég verð að segja, að það er jafnvel meira en hægt er að segja um mörg önnur fyrirtæki.

Grænmetisverzlun ríkisins er búin að starfa í tæp 20 ár, eins og áður er búið að taka fram. Það virðist ekkert mæla með því, að hún sé lögð niður og verzlun með garðávexti afhent framleiðsluráði landbúnaðarins.

Svona til gamans er vert að minna hér örlítið á blaðagrein, sem birtist í Tímanum, aðalmálgagni Framsfl. Greinin birtist 27. nóv. s. l. Eiginlega er það viðtal við forstjóra grænmetisverzlunarinnar, Jón Ívarsson, en blaðamaðurinn segir, með leyfi hæstv. forseta, áður en viðtalið hefst: „Grænmetisverzlun ríkisins er, eins og kunnugt er, eitt allra bezt rekna ríkisfyrirtæki á landinu og frægt fyrir traustleika, nákvæmni og heiðarleik, enda þannig haldið um stjórnartaumana í smáu sem stóru.“

Hér er ekki verið að draga úr hlutunum, og hér er mjög sterkt að orði kveðið. Ég hef í sjálfu sér ekki nægilega þekkingu á því, hvort þessi ummæli stjórnarblaðsins Tímans eru of sterk eða ekki, hvort t. d. grænmetisverzlun ríkisins sé „eitt allra bezt rekna ríkisfyrirtæki á landinu, frægt fyrir traustleika, nákvæmni og heiðarleik.“ Margt bendir til þess, að þetta sé rétt, og ég þykist hafa einmitt bent á það í minni ræðu. Margir af þeim, sem áður hafa talað, hafa einmitt komizt að líkri niðurstöðu og þetta ágæta blað. En þá vil ég leyfa mér að spyrja hv. framsóknarmenn: Hvernig má það nú ske, að sjálfur landbrh. flokksins, sem á vitanlega að gæta að öllu leyti hagsmuna landbúnaðarins og ekki eingöngu þeirra, heldur líka neytendanna við framleiðslu landbúnaðarafurðanna, sölu þeirra o. s. frv., — hvernig má það nú ske, að þessi hæstv. ráðh. skuli nú vera einn aðalhvatamaður þess, að þetta ríkisfyrirtæki, sem að dómi Tímans er „eitt allra bezt rekna ríkisfyrirtæki landsins, frægt fyrir traustleika, nákvæmni og heiðarleik“, skuli eiga að leggjast niður? Ja, ég verð að segja það, með fullri virðingu fyrir hæstv. landbrh., að mér er alveg ómögulegt að skilja svona starfsaðferðir. Mér er allsendis ómögulegt að finna nokkur rök fyrir því að leggja niður fyrirtæki eða leggja til að leggja niður fyrirtæki, sem fær slíkt lof í aðalmálgagni þessa hæstv. ráðh., jafnvel þótt Stéttarsamband bænda, sem er að mörgu leyti sjálfsagt ágætur félagsskapur, hafi með fundarsamþykkt krafizt þess, að grænmetisverzlun ríkisins yrði lögð niður og framleiðsluráði landbúnaðarins veitt einkasöluheimild til að verzla með framleiðslu garðávaxta. Þetta nægir engan veginn til þess að verja gerðir hæstv. landbrh. í þessu máli. Og ég verð að segja það, að hér er, eins og reyndar er margbúið að taka fram, farið inn á mjög hæpna braut, að veita einum aðila, jafnvel þó að landbúnaðurinn eigi í hlut, einkasöluheimild til innflutnings á ákveðnum vörutegundum.

Ég skal taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að ég ber mikinn hlýhug til bændastéttarinnar á Íslandi. Ég er nátengdari bændastéttinni en svo, að mér færist að rýra á neinn hátt möguleika bænda, gera hann að neinu leyti rýrari en nú er, en ég sé ekki heldur, að þeirra hagur verði að neinu leyti betri, þrátt fyrir það að breytt yrði um fyrirkomulag með verzlun á þessari vörutegund, síður en svo, og ég tala nú ekki um, eins og margbúið er að benda á og þó sérstaklega af hv. 3. landsk., að þá er algerlega gengið fram hjá öðrum aðalaðila í málinu, sem er neytendasamtökin í landinu, neytendurnir í landinu. Sá ágæti félagsskapur, Stéttarsamband bænda, sem mér er sagt að hafi beitt sér mjög ákveðið í þessu máli og gert um það ákveðnar fundarsamþykktir, er alls góðs maklegur. En þegar farið er fram á, að gerðir séu hlutir, sem eru skaðlegir, þá ber að athuga vel, áður en farið er inn á slíka braut. En hér tel ég, að einmitt sé verið að fara inn á mjög varhugaverðar leiðir og hættulegar jafnvel, sem geta verið skaðlegar, með því að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins og afhenda hana í hendur einstökum félagsskap, sem á svo að hafa líka einkasöluheimild, í fyrsta lagi til að verzla með þessa vöru og líka til þess að flytja inn þessa vöru. Ég ætla ekki að fara að vera með neinar getsakir í sambandi við þetta mál, en hugsanlegt væri það samt sem áður, að freisting yrði til þess hjá forustumönnum, hverjir sem það annars verða, að draga frekar úr innflutningi á garðávöxtum og öðru þess háttar til þess m. a. að tryggja, að verðlagið á þessum afurðum félli ekki í verði, þótt ekki sé

meira sagt. Jafnvel gæti þannig farið, að það yrði dregið svo mikið úr innflutningi á þessari vörutegund á vissum tíma, að það yrði þurrð á henni í landinu. Ef slíkt kæmi fyrir, þá væri verr farið en heima setið og þá væri þessi breyting stórhættuleg og mundi þá ekki verða þeim til neins sóma, sem harðast hafa beitt sér fyrir því að fá breytingar á lögunum.

Þessi ágæti félagsskapur og jafnvel Búnaðarfélag Íslands og hvað þau nú heita þessi félög, sem leitað hefur verið álits hjá um málið, geta ekki með neinum rétti komið fram sem aðili fyrir hönd kartöfluframleiðenda í landinu, m. a. vegna þess, sem áður hefur verið bent á, að bændur framleiða ekki nema tæpan helming af þeim kartöflum, sem framleiddar eru. Auk þess liggur ekkert ljóst fyrir um það, hvort bændur landsins almennt óska eftir breytingu á þessum málum. Ýmislegt bendir til þess, að svo sé ekki.

Ef þetta væri eitthvert sérstakt áhugamál bændastéttarinnar í landinu, hvernig stendur þá á því, að ein aðalsamtök bændastéttarinnar á Íslandi, kaupfélögin, hafa ekki látið fara frá sér svo að segja neinar samþykktir, sem mæla með því frv., sem hér liggur fyrir? Það er vitað, að í samvinnufélögum landsins, í kaupfélögunum, er svo að segja allur þorri bændastéttarinnar á Íslandi. Hvernig stendur á því, að þessi samtök, kaupfélögin, hafa ekki gert einhverjar sérstakar samþykktir um þetta mál? Hafi slíkar samþykktir verið gerðar, af hverju koma þær þá ekki fram í grg. fyrir frv., sem hér hefur verið lagt fram? Nei, þær liggja ekki fyrir. Aftur á móti liggja fyrir umsagnir allmargra kaupfélagsstjóra og annarra slíkra aðila, sem mæla alveg eindregið á móti því, að breytt sé um fyrirkomulag.

Ég held sem sagt, og allt bendir til þess, að þetta mál sé rekið hér af mjög miklu offorsi af þeim, sem eru flutningsmenn að þessu máli. Ég vil ekki hér nú, af því að hv. frsm. meiri hl. hefur ekki aðstöðu til þess að mæta hér á þingfundi, þar sem hann er erlendis, fara inn á þá mjög svo sérkennilegu ræðu, sem hann hélt hér við framsögu á þessu máli, en sú ræða var vægast sagt þannig, að hún hefði ekki átt að haldast hér í sölum Alþ., þar sem voru dregnir fram menn, sem ekki höfðu tækifæri til þess að svara fyrir sig, og þeim gerðar upp heldur leiðinlegar getsakir.

Ég vil vænta þess, að alþm. hugsi sig vel um, áður en þeir greiða atkvæði með þessu frv. Með því væru þeir að ganga freklega á rétt neytenda og veita öðrum aðila einskorað vald yfir þeirri framleiðslu landsmanna, sem er ein mesta neyzluvara alls almennings í landinu. Svo að segja á hverju matborði á Íslandi eru borðaðar tvisvar á dag kartöflur. Það er því ekki neitt smámál, sem hér er á ferðinni, það skulu menn athuga. Ég efast um, að af nokkurri annarri vörutegund, framleiddri hérlendis, sé neytt meira en einmitt af kartöflum. Það er því full ástæða til þess, að neytendurnir í landinu láti sig þetta mál skipta og haldi fast á sínum rétti um það, að þeirra hagsmunir séu ekki fyrir borð bornir.

Það er sannarlega engin ástæða til þess, að því fyrirkomulagi, sem hefur gilt í 20 ár og gefizt vel, verði breytt og annað nýtt sett í staðinn, sem maður hefur ekki neina sérstaka tryggingu fyrir að betur fari úr hendi að stjórna þessum málum en því fyrirtæki, sem hefur haft það í nær 20 ár og ég fullyrði að hafi gætt hagsmuna beggja þeirra aðila, sem þetta mál tilheyrir. Fyrir því vildi ég mega vænta þess, að þessu máli verði frestað; helzt óska ég eftir, að því verði vísað frá, en ef það fæst ekki, þá verði málinu frestað og viðræður teknar upp við heildarsamtök fólksins í landinu, Alþýðusamband Íslands, sem þetta mál er mjög skylt, og reynt að fá aðra og betri afgreiðslu á málinu en það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en sem sagt beini þeirri eindregnu ósk til hæstv. forseta, að hann fresti þessu máli, þannig að þeim aðilanum, sem þetta mál kemur mjög mikið við, sem sagt neytendunum í landinu, gefist kostur á því að láta til sín heyra um málið og þá að gera sínar ákveðnu breytingar við frv. frá því, sem nú er. Ég tel, að annað væri óforsvaranlegt, og ég trúi ekki öðru en að hv. alþm. geti verið okkur, sem þessa kröfu höfum fram borið, sammála um, að það sé rétt, að þessi leið verði farin.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins virðist ætla að verða meira hitamál hér í deildinni en ég tel að efni standi til.

Ég tel mig fylgjandi frv. eins og það er lagt fram af meiri hl. landbn. og get ekki séð þau miklu vandkvæði, sem ýmsir hv. alþm. reyna að þyrla upp, þá hættu, sem ætti að geta stafað af því, ef sú skipan yrði tekin, sem gert er ráð fyrir með frv. í sambandi við sölu á grænmetisvörum.

Ég segi fyrir mitt leyti: Ég ber traust til grænmetisverzlunarinnar, eins og hún hefur verið rekin, og það er trú mín, að þó að þessi breyting verði gerð, sem frv. gerir ráð fyrir, þá verði sala þeirra tegunda landbúnaðarafurða framkvæmd með líkum hætti og nú á sér stað. Ég tel alveg óþarft að vera með aðdróttanir í garð bændastéttarinnar eða framleiðsluráðs um það, eins og kom fram hjá hv. 4. landsk. þm. (GJóh), að það mætti jafnvel gera ráð fyrir, að það yrði minnkaður innflutningur á jafnþarfri og nauðsynlegri vöru og kartöflur eru fyrir neytendur til þess á þann hátt að hækka verð á hinni innlendu framleiðslu. Ég vil segja, að slíkar getsakir ættu ekki að vera bornar fram hér í þingsölum, og hv. 4. landsk. þm. á ekki að víta hv. þm. Dal. (ÁB) fyrir þau orð, sem hann lét falla í þessari deild, er hann flutti framsöguræðu sína með þessu frv. Þau voru sízt stærri eða meiri en hann lætur hér falla í garð bændastéttarinnar með þessum ummælum.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, fara hér dálítið inn á annað mál, þó að það snerti ekki beinlínis það mál, sem hér er á dagskrá, en hv. 3. landsk. þm. (HV) gaf ríkt tilefni til þess í þessum umræðum. Hann þurfti endilega í sambandi við afgreiðslu þessa máls að koma inn á skipaútgerð ríkisins, sem hv. þm. Barð. (GíslJ) og ég höfum borið fram þáltill. um. Við bárum

fram fyrir tveim þingum og aftur í fyrra þáltill. um það, að teknir væru upp samningar við Samband ísl. samvinnufélaga og Eimskipafélagið um það, hvort þessir aðilar, annar hvor þeirra eða báðir, mundu vilja gefa kost á því að taka að sér það starf, sem Ríkisskip hefur annazt á undanförnum árum, þannig að það kæmi til með að kosta ríkið minna fé en það kostar nú með rekstri ríkisskipa. Það er algerlega rangt hjá hv. 3. landsk. þm. að halda því fram, að við hv. þm. Barð. og ég höfum viljað á þennan hátt svipta strjálbýlið þeirri þjónustu, sem Ríkisskip hefur haft með höndum. Ég tel, að það sé ósæmilegt að bera slíkt á þm., að þeir vilji hafa í frammi hér á Alþingi aðgerðir, sem eigi að svipta ekki einungis þeirra kjördæmi, heldur og önnur strjálbýliskjördæmi þeirri þjónustu, sem Ríkisskip hefur látið í té á undanförnum árum. Við höfum ekki óskað eftir neinu öðru en að sú þjónusta yrði rækt með öðrum hætti og minni kostnaði fyrir ríkið.

Ég tel, að eins og nú er komið, þar sem gert er ráð fyrir, að Ríkisskip fari með 10—12 millj. kr. á ári af ríkisfé til þess að geta haft þessar strandferðir á hendi, að hér sé um svo mikið fé að ræða, að ekki sé ástæðulaust, að þingmenn geri sér grein fyrir, hvort ekki sé hægt að koma þessum málum fyrir á annan hátt, sem sé að láta strjálbýlisfólkinu í té betri þjónustu og það fyrir minna fé úr ríkissjóði. Af þeirri ástæðu höfum við hv. þm. Barð. og ég flutt till. til þál. á þskj. 78, sem hv. 3. landsk. þm. vildi segja að væri þess eðlis, að það ætti að svipta strjálbýlið þeim samgöngum, sem Ríkisskip veitir. Sú þáltill. er aðeins um breytta skipun strandferða og að þessi mál séu rækilega athuguð af þingskipaðri fimm manna nefnd. Ég tel það ekki vera þá goðgá hjá hv. þm. Barð. og mér að flytja þessa till. til þál. um breytta skipun strandferða á þskj. 78, að það sé ástæða til fyrir hv. 3. landsk. þm. að hafa mörg og stór orð um hana. Hann gat þess sérstaklega, að hann ræddi þessi mál sem forseti Alþýðusambands Íslands.

Yfirleitt er það skoðun mín, að það fari mjög illa á því fyrir hv. alþm. að vera að reyna að koma fram með blekkingar og staðlausa stafi; þó að þeir vilji reyna að vinna sínu máli gagn, þá sé sú aðferð ekki sigurvænleg til langframa. — Hv. 3. landsk. þm. virðist oft í málflutningi sínum grípa til þessara vopna.

Ég mun geta upplýst hv. 4. landsk. um það, að engir samningar eru uppi milli stjórnarflokkanna um að leggja Ríkisskip niður. Ég veit ekki einu sinni, hvort maður má vænta þess, að endurskoðun sú fari fram, sem till. til þál. á þskj. 78 fjallar um, hvað þá heldur annað meira.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir mjög miður, að hæstv. landbrh. (StgrSt) hefur ekki enn þá séð ástæðu til þess að koma hér til okkar í deildina til þess að gefa okkur kost á að ræða við hann eftir þá síðustu ræðu, sem hann hélt.

Það var vitanlegt, að hæstv. ráðh. gáði ekki betur að, hvað hann sagði í þeirri ræðu, en að meira að segja aðalstjórnarblaðið, sjálft Morgunblaðið, hafði eftir honum hluti um þetta mál, sem ég varð að reka ofan í hann með yfirlýsingu hér og hans eigið flokksblað, Tíminn, síðan varð að segja að hefði verið rangt haft eftir í Morgunblaðinu. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. ekki enn þá fengizt til þess að ræða þetta mál við okkur, þannig að við gætum fengið að vita, hvað hann álítur í þessum málum, því að það virtist vera nokkuð óljóst hjá hæstv. landbrh. síðast.

Það er enn fremur mjög óþægilegt, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, að hv. frsm. landbn., hv. þm. Dal. (ÁB), skuli ekki heldur vera hér viðstaddur, og hefði hans brottför af landinu raunverulega ein saman verið næg ástæða til þess að bíða til þess að gefa honum tækifæri til að standa hér fyrir sínu máli, því að ég deildi mjög skarplega á hann í ræðu, sem ég hélt hér fyrir nokkrum dögum við þessa umr. þessa máls. Mér þykir það satt að segja leitt, að hann skuli ekki eiga kost á því bæði að vita, hvað ég sagði, og að bera hönd fyrir höfuð sér.

Ég sagði, að hann hefði haft í frammi ósvífnar aðdróttanir í garð starfsmanna ríkisins, og bar það saman við, hvernig við þm. annars tækjum skýrslum og áliti frá starfsmönnum ríkisins í svipuðum málum og þessu. Mér þykir það þess vegna mjög leitt, að hann skuli ekki vera kominn hér enn þá, því að það þýðir náttúrlega, að það, sem maður segir, án þess að einn þingmaður sé viðstaddur, neyðist maður venjulega til að segja aftur, þegar hann er kominn, til þess að viðkomandi þingmanni, ekki sízt þegar það er frsm. þeirrar n., sem um málið fjallar, meiri hl. hennar, gefist tækifæri til þess að bera hönd fyrir höfuð sér og vita, hvað um hann hefur verið sagt. Það er þess vegna mjög leitt, að þessir tveir hv. þm., sem áður hafa talað í þessu máli, tveir af þm. Framsfl., skuli ekki vera viðstaddir nú við áframhald umræðu málsins, því frekar sem mann hlýtur raunverulega að undra, hvort þessi stefna, sem hér kemur allt í einu fram hjá Framsfl., sé hin raunverulega stefna hans eða hvort hér sé bara um einhvern alvarlegan misskilning að ræða hjá tveim þm. Mér þykir það satt að segja ákaflega undarlegt, ef þessi stefna Framsóknar, sem fram kemur í þessu máli, að fara að leggja niður fyrirtæki ríkisins, fara að leggja niður ríkiseinkasölur til þess að afhenda einstökum aðilum, einstökum hagsmunahópum einkasölu gagnvart almenningi í staðinn, — mér þykir það ákaflega einkennilegt, ef þetta er sú vinstri stefna, sem Framsfl. núna hefur við orð að fara inn á, og ef t. d. þessi stefna að fara að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins er árangur af margra vikna eða margra mánaða viðræðum milli miðstjórnar Alþfl. og miðstjórnar Framsfl. um að finna út nýja stefnu, sem öll vinstri öfl í landinu ættu að geta sætt sig við. Það er þess vegna ekki undarlegt, þó að okkur langi ýmsa til að fá upplýsingar um, hvort þetta sé sú vinstri stefna, sem Framsfl. þarna hefur komið sér niður á. Ég hef aðeins í einu atriði áður rekið mig á svipaðar tilhneigingar þessum hjá Framsfl., og það er í sambandi við áburðarverksmiðjumálið. Í

sambandi við áburðarverksmiðju ríkisins kom sem sé upp þessi undarlega tilhneiging hjá ráðherrum Framsfl. að vilja allt í einu svipta ríkið eignarrétti á ákaflega mikilvægu fyrirtæki, sem það hafði.

Framsfl. hafði alltaf frá upphafi lagt til, að áburðarverksmiðjan væri eign ríkisins, og það stendur meira að segja enn þá í lögunum. Hins vegar gerðist það, þegar það mál, flutt af ráðherrum Framsfl. sem stjórnarfrv., var til síðustu umr. í Ed., eftir að það hafði verið samþykkt í Nd., að einmitt einn af helztu forvígismönnum heildsalanna í Sjálfstfl. fékk fram breytingu á þessu máli á síðustu dögum þingsins í Ed., og frv. þannig breytt, samt þannig, að það var fullt af mótsögnum, var samþykkt og þá gegn mótmælum bæði Sósfl. og Alþfl., sem þá meira að segja átti forsrh., og Alþfl. hefur alltaf síðan í því máli staðið við hlið Sósfl. um að berjast fyrir því, að það væri skýrt og skorinort ákveðið, að áburðarverksmiðjan skyldi vera eign ríkisins, eins og 3. gr. laganna um hana heimilar. Hins vegar virðist Framsfl. enn sem komið er halda nokkuð fast í að reyna að gera áburðarverksmiðjuna að eign eins hlutafélags. Og mér sýnist, að sú stefna, sem hérna liggur fyrir viðvíkjandi grænmetisverzluninni, sé raunverulega af sama toga spunnin, meiningin sé að taka úr höndum ríkisins fyrirtæki, sem ríkið á og hefur mikla þýðingu almennt fyrir fólk, og reyna að setja slíkt fyrirtæki í hendurnar á ákveðnum, takmörkuðum hagsmunahóp, sem hefur aðeins sérstakra hagsmuna að gæta. Mér finnst þetta því undarlegra sem það hefur greinilega komið í ljós á ýmsum öðrum sviðum, að þar er Framsfl. ekki þessarar skoðunar. Við höfum hér í þinginu bæði nú í ár og eins í fyrra rætt um skipaútgerð ríkisins, og hvað snertir skipaútgerðina virðist Framsfl. vera á þeirri skoðun, að hún eigi að vera rekin af ríkinu, og meira að segja á þeirri skoðun, að skipaútgerðina eigi að reka fyrir neytendur, þ. e. fyrir þá, sem njóta þeirra ferðalaga, fyrir þá, sem þurfa á ferðum þeirra skipa, sem skipaútgerðin hefur, að halda, þannig að við að halda skipaútgerð ríkisins í eigu ríkisins eigi að taka tillit til landsfólksins, þeirra, sem eigi að hafa not af þessari útgerð. Hins vegar hafa komið fram tilhneigingar frá Sjálfstfl. til þess að breyta þarna um. M. ö. o.: Af því að það eru einstakir menn hér á landi, sem reka skip og jafnvel þykja græða á því, þá hafa þessir hagsmunahópar, sem eiga skip sem einkaeign, sýnt áhuga fyrir því að ná úr eigu ríkisins þeim skipum, sem skipaútgerðin rekur, og þessir hagsmunahópar hafa átt fulltrúa hér á Alþingi, sem hafa lagt til, að skipaútgerðin væri lögð niður. Framsfl. hefur hins vegar staðið á móti þessu. En hvernig samrýmist nú þessi afstaða því að vilja leggja grænmetisverzlun ríkisins niður, verzlun, sem ríkið á og er sett á stofn til þess að vinna fyrir neytendur og fyrir framleiðendur? Hvernig samrýmist það að vilja nú leggja þá stofnun niður, sem á að vera rekin með hag þjóðfélagsins í heild fyrir augum, og afhenda hana í hendur eins hluta af þeim mönnum, sem framleiða kartöflur og annað grænmeti á Íslandi? Það er nákvæmlega sama stefnan, sem kemur fram í slíku og í till. um að leggja niður skipaútgerð ríkisins og skipta t. d. skipastólnum upp á milli Eimskipafélags Íslands og annarra skipafélaga í landinu, m. ö. o. að taka bara tillit til þeirra hagsmunahópa, sem eiga skip, en ekki taka tillit til þeirra manna, sem þurfa á skipaferðum að halda. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 6. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson [frh.]: Mér þykir mjög fyrir því, að hæstv. landbrh. skuli ekki vera mættur í deildinni, og ég vil yfirleitt leyfa mér að víta þá aðferð, sem hæstv. ráðherrar hafa, að þeir skuli ekki mæta í deildinni til þess að ræða þau mál, sem þeim virðist vera að einhverju leyti áhugamál að nái fram að ganga. Afleiðingin af því, ef hæstv. ráðherrar halda uppi slíkum hætti, verður óhjákvæmilega sú, að þegar það kemur fyrir, að kría sezt á sker eða ráðherra í sinn ráðherrastól, þá neyðast þm. til þess að grípa tækifærið og fara að ræða við þessa ráðherra um mál, sem þeir eru máske margbúnir að ræða í deildinni. Og ég vil segja það, að það fer alveg sérstaklega illa á því, að ráðherrar, sem annars geta varla opnað sinn munn án þess að vera að tala um þingræði og jafnvel lýðræði, skuli leyfa sér að sýna þá ósvinnu, sem þeir sýna í sambandi við sína framkomu hér á Alþingi, að þeir skuli yfirleitt ekki mæta á þingfundum til þess að standa þar fyrir sínu máli. Og ég vil leyfa mér að segja það sama viðvíkjandi starfsemi nefndanna hér í þessari hv. deild. Ég sé, að hv. þm. Dal., sem er frsm. landbn. í þessu máli, er enn ekki mættur, og mun þó flugvélin vera komin til landsins, — eða a. m. k. ef svo væri, að hún væri ekki nema rétt lent, þá hefði það verið athugandi fyrir hæstv. forseta að gefa þessum frsm. hv. landbn., sem nú er búinn að vera fjarverandi allan þann tíma, sem þessi umr. hefur staðið, tækifæri til þess að vera hér viðstaddur og svara til saka. Hann leyfði sér að hafa slík ummæli hér í sambandi við sína framsögu í þessu máli, að það væri viðkunnanlegast, að hann stæði fyrir þeim, því að það er næstum einsdæmi, að þess háttar ummæli hafi verið höfð um starfsmann ríkisins, þegar verið er að ræða um að leggja ákveðna ríkisstofnun niður, svo að ég tali ekki um, hvers konar ósvinna það er þar að auki af honum að hafa þessi ummæli um einn af sínum fremstu flokksbræðrum, enda hef ég tekið eftir því hér í þessari hv. deild, að það hefur ekki einn einasti þm. Framsfl. treyst sér til þess að standa hér upp til þess að verja framkomu þeirra tveggja þm. Framsfl., sem hér hafa talað, hæstv. landbrh. og hv. þm. Dal. Þingmönnum Framsfl. í þessari hv. deild hefur þótt framkoma þessara manna slík, að hún væri gersamlega óverjandi. Þótt skorað hafi verið á þingmenn Framsfl. í þessari d. að tala í þessu máli og reyna að verja þessa flokksbræður sína, sem ekki hafa þorað að sýna sig, þá hafa þeir ekki orðið við slíkum áskorunum, og það er alveg greinilegt, hvað því veldur. Það er ekki annað en það, að þeim finnst, að flokksbræður þeirra

hafi orðið sér til skammar, og finnst, að það sé rétt fyrir þá sjálfa að verja sig, en ekki treysta á neina aðra í slíkum efnum.

Þá vil ég enn fremur leyfa mér að taka það fram, að ég hef enn þá ekki fengið skýringu á þeirri stefnu Framsfl., sem virðist koma fram í þessu máli. Framsfl. hefur jafnvel allra flokka ákveðnast tekið hér afstöðu, þegar lagt hefur verið til að leggja niður fyrirtæki eins og skipaútgerð ríkisins. Og ég vil leyfa mér að spyrja hv. framsóknarmenn í þessari deild og þó alveg sérstaklega hæstvirta ráðh., hvaða munur sé á því að leggja niður skipaútgerð ríkisins og að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins, vegna þess að hv. þm. Framsfl. vita, að það er nokkur áhugi hjá þeirra ágæta samstarfsflokki, Sjálfstfl., fyrir því að leggja niður skipaútgerð ríkisins. Ég get ekki skilið það, ef Framsfl. fellst á að samþ. að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins, öðruvísi en sem áskorun til þeirra flokka, sem fram að þessu hafa staðið á móti því, að skipaútgerð ríkisins væri lögð niður, að hún eigi að fara sömu leiðina. Og ég vil fá það fram alveg skýrt og ótvírætt, hvort það sé tilgangur Framsfl., að skipaútgerð ríkisins sé lögð niður, og hvort frv. þetta, sem hér er lagt til að samþ., eigi að vera fyrirheit um það og áskorun til Alþfl., Sósfl. og Þjóðvfl. um að leggja niður skipaútgerð ríkisins, og ég vil fá svör við þessu.

Það er vitanlegt, að hvað grænmeti snertir er um það að ræða, hvort eigi að taka tillit til annars vegar neytenda og hins vegar framleiðenda almennt. Það er gert með núverandi grænmetisverzlun ríkisins. Hún er sköpuð til þess að taka tillit annars vegar til neytenda og hins vegar til framleiðenda. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er ákveðið í fyrsta lagi að taka grænmetisverzlun ríkisins úr eign ríkisins og fá hana í hendur eins hluta af framleiðendum, nokkurra ákveðinna aðila innan þess hóps, sem eru framleiðendur, ganga þar með í fyrsta lagi á móti hagsmunum allra neytenda í landinu og svipta þá allri aðstöðu til þess að hafa þarna áhrif, ganga í öðru lagi fram hjá hagsmunum helmingsins af öllum framleiðendum í landinu, öllum þeim framleiðendum, sem eru í bæjum og kauptúnum, og það er meira en helmingur af öllum framleiðendum, sem þar er.

Hvernig háttar svo til um skipaútgerð ríkisins. Skipaútgerð ríkisins, eins og við höfum skilið hana sósíalistar og ég býst við Alþýðuflokksmenn líka, hefur verið stofnuð til þess að tryggja hagsmuni neytenda, þeirra sem nota þessi skip, alveg sérstaklega mannanna í dreifbýlinu úti um land, sem þurfa á því að halda að hafa skipasamgöngur og fá ekki almennilegar skipasamgöngur, nema því aðeins að það sé ríkið, sem sjái um þær fyrir þá, vegna þess að þeim félögum, sem fyrst og fremst eru rekin með gróða fyrir augum, hefur ekki þótt borga sig sérstaklega vel að sleikja uppi smáhafnirnar. M. ö. o.: Skipaútgerð ríkisins var sköpuð til þess að þjóna almenningi, þjóna notendum þessara skipa, og þess vegna er það ríkið, sem rekur hana.

Nú eru hins vegar til önnur skipafélög í landinu, það eru til einkaskipaeigendur, alveg eins og það eru til menn, sem framleiða grænmeti og hafa hag af að selja það. Og nú hafa þessir einkaskipaeigendur í landinu farið fram á það og þeirra fulltrúar hér á Alþingi, að skipaútgerð ríkisins væri lögð niður og hennar skipum væri skipt upp á milli þeirra einkaskipafélaga, sem fyrir eru. Framsfl. hefur fram að þessu staðið á móti þessu, og Alþfl. og Sósfl. hafa gert það líka. En þarna hins vegar er um alveg sambærilegt að ræða. Ef það er annars vegar einn lítill hópur af framleiðendum eða einn lítill hópur af eigendum, sem á að fá að ráða hér á Alþingi og fyrirskipa sína hagsmuni í þessum efnum, þá er mjög eðlilegt, að það fari saman, að slíkt gerist á sviði skipaútgerðarinnar eins og á sviði t. d. grænmetisframleiðslunnar, ef það á að fara að verða stefna hér á Alþingi, að einhver eiginhagsmunasamtök nokkurra framleiðenda eða nokkurra eigenda að ákveðnum tækjum eigi að setjast hærra en hagsmunir ríkisins, hagsmunir almennings. Mér þætti þess vegna vænt um að heyra skoðun Framsfl. í þessu efni. Ég býst við, að það væri mikill uppörvun fyrir Sjálfstfl. hér í þinginu, sem fram að þessu hefur barizt mjög skarplega fyrir því að fá skipaútgerðina afnumda, að Framsfl. féllist nú á þetta frv. og gæfi þar með grænt ljós fyrir því að afnema skipaútgerðina líka.

Og ég vil minna á, að eitt af því, sem olli því seinast, að við stóðum skarplega með því að halda skipaútgerð ríkisins, var, að við trúðum þeirri greinargóðu skýrslu, sem kom frá forstjóra skipaútgerðarinnar um, að þetta væri gott fyrirtæki, og studdumst að nokkru leyti þar við okkar eigin reynslu. Nú lýsir Framsfl. því yfir, að ef einn forstjóri eins ríkisfyrirtækis gefi einhverjar slíkar yfirlýsingar og slíkar skýrslur, þá sé það bara ekkert að marka. Ef einhver forstjóri einhvers ríkisfyrirtækis segir, að þetta fyrirtæki sé gott, og segir, að það sé vel rekið, þá er það, eftir því sem hv. þm. Dal. segir, ekkert að marka, því að maðurinn hefur bara hagsmuni af því að viðhalda þessu fyrirtæki og talar þess vegna út frá því, og það nær ekki nokkurri átt að taka neitt mark á því. Þetta voru þau orð, sem hv. þm. Dal. viðhafði um þá skýrslu, sem liggur fyrir frá forstjóra grænmetisverzlunarinnar. Nú hafði ég áður aldrei munað eftir því, að Sjálfstfl. í sinni harðvítugu baráttu fyrir að leggja niður bæði skipaútgerðina og ferðaskrifstofuna hefði nokkurn tíma reynt að gera lítið úr áliti þeirra manna, sem stjórna þessum fyrirtækjum. Þvert á móti, hann hafði eins og við þm. aðrir tekið tillit til þeirra. En fulltrúi Framsfl. í þessum umr., hv. þm. Dal., reynir allt í einu að gera öll slík plögg að engu. Ég vil aðvara Framsfl. um þau vinnubrögð, sem hann hefur í þessu máli, alvarlega. Honum er bezt að sýna ekki neinn ofstopa í sambandi við þessi mál. Það getur þá komið niður á fyrirtækjum, sem hann þykist hafa borið fyrir brjósti fram að þessu. Ég vil minna á, að það liggur hérna fyrir í Alþingi nú í þessari hv. deild frv. viðvíkjandi ferðaskrifstofu ríkisins. Það liggur þar fyrir álit frá forstjóra þeirrar ferðaskrifstofu, og við, sem höfum staðið með ferðaskrifstofunni fram að þessu, höfum álitið það mjög þýðingarmikið atriði, að maður, sem er nákunnugur þess-

um málum og er búinn að stjórna þessu lengi og vel að okkar áliti, gæfi þarna skýrslu og legði sannanir á borðið, sem við höfum tekið gildar, fyrir því, að þetta væri gott fyrirtæki og vel rekið. Nú lýsir hv. þm. Dal., fulltrúi Framsfl. við þessar umr., því yfir, að ef einhver starfsmaður ríkisins komi með svona yfirlýsingar eins og forstjóri ferðaskrifstofunnar hefur komið með, þá sé það ekkert að marka, maðurinn sé bara að hugsa um að fá að sitja í sínu embætti. Þetta eru þær aðdróttanir, sem hv. þm. Dal. leyfir sér að hafa hér í frammi sem frsm. meiri hl. landbn., og svo skreppur hann af landi burt og stendur ekki enn þá fyrir sínu máli hér í þessari hv. deild. Ég er hræddur um, að það verði að fara að endurskoða alvarlega, hvers konar hvatir það eru eiginlega, sem ráða yfirlýsingum manna, þegar þessi hv. þm. Dal. leyfir sér að koma fram með svona yfirlýsingar. Sjálfstfl. hefur vissulega sótt það af kappi að leggja niður skipaútgerð ríkisins eða leggja niður ferðaskrifstofuna. Þing eftir þing er búið að berjast hérna fyrir þessu. En í öllu sínu kappi hefur Sjálfstfl. aldrei sýnt svona ósvinnu, að leyfa sér að draga í efa svo að segja heiðarleik þeirra starfsmanna, forstöðumanna ríkisfyrirtækja, sem þeir hafa kannske stjórnað í 10—20 ár og alltaf þótt stjórna þeim vel. Þeir hafa aldrei leyft sér að draga slíkt í efa. Ég hef aldrei heyrt frá einum einasta þm. Sjálfstfl. eina einustu aðdróttun, sem eitthvað svipar til þessa, sem hv. þm. Dal. leyfði sér hér að hafa í frammi. Og ég vil nú alvarlega leyfa mér að vona það, fyrst þetta mál er nú tekið á dagskrá hvað eftir annað, meðan frsm. meiri hl. landbn., hv. þm. Dal., er fjarverandi, að mér gefist tækifæri til þess, þegar hann er kominn, að endurtaka allt það, sem ég hef sagt um hann og alla hans framkomu í þessu máli, þó að ég sé búinn að tala nú með þessari ræðu tvisvar í þessu máli hér, og ég vil vonast til þess, að hæstv. forseti láti mig fá ríflegan athugasemdatíma, þegar þar að kemur, þannig að það verði ekki sagt, að ég hafi verið að segja þessi orð hér að hv. þm. Dal. fjarverandi og ekki viljað endurtaka þau í hans nærveru. Þvert á móti væri mér ánægja að því, og ég skyldi ekki draga úr því, sem ég nú hef sagt, þegar hann væri við og hefði möguleika til að bera hönd fyrir höfuð sér.

Ég hef áður tekið það fram, að það er ekki í einu einasta máli, sem Framsfl. hér á Alþingi hefur sýnt einhverjar svipaðar leiðinlegar tilhneigingar eins og í sambandi við þetta mál. Hann hefur sem sé staðið sig vel hvað snertir skipaútgerðina og ferðaskrifstofuna, hvort sem hann ætlar nú að fara að snúast gersamlega í því máli og drepa það hvort tveggja. Í einu einasta máli hefur hann verið eitthvað svipaður því, sem hann er í þessu máli hér, og það er nú satt að segja mál, sem er enn þá alvarlegra, það er í stærsta þjófnaðarmáli, sem komið hefur fyrir á Íslandi í seinni tíð, í sambandi við það, þegar tilraun hefur verið gerð til þess að stela af ríkinu áburðarverksmiðju ríkisins, áburðarverksmiðjunni, stærsta fyrirtækinu, sem ríkið á, fyrirtæki, sem kostaði 130 millj. kr. og samkv. 3. gr. laga um áburðarverksmiðju ríkisins er sjálfseignarstofnun og þar með eign ríkisins. Það hefur verið gerð tilraun til þess alveg sérstaklega af hálfu ráðherra Framsfl. að gera þetta fyrirtæki að eign eins hlutafélags með nokkrum yfirlýsingum úr ráðherrastóli, sem hafa enga stoð í lögum og þar að auki stangast algerlega á við yfirlýsingu, sem hefur verið gefin úr forsetastóli af hæstv. forseta sameinaðs Alþingis í sambandi við kosningu í stjórn þeirrar verksmiðju, að þetta fyrirtæki væri fyrirtæki ríkisins, væri eign ríkisins.

Það liggur nú fyrir þessari hv. deild frv. frá mér, sem flutt hefur verið á nokkrum þingum, um að leiðrétta þennan hlut og gera það ótvírætt, að áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins, og ég vonast til þess, að þess verði ekki langt að bíða, að það frv. komi úr þeirri nefnd, sem það er í, og þá gefst okkur tækifæri til að sjá, hvort ekki sé mögulegt að bjarga því við og tryggja það, að ríkið eigi áburðarverksmiðjuna áfram. Og ef það yrði nú samþykkt hér á þessu þingi að gera það alveg ótvírætt, þá held ég, að það væri mjög í mótsetningu við allt, sem meiri hl. hér á þingi hefur viljað fram að þessu, að fara nú að taka grænmetisverzlun ríkisins úr eign ríkisins og selja hana einhverjum mönnum eða gefa, sem enn þá er ekki einu sinni alveg ljóst, hvernig megi eiga hana, eftir þessu frv., sem hér liggur fyrir. Jafnframt vil ég benda á það í sambandi við þessi mál, að það hefur komið fyrir, að flokkar, sem nú ráða, hafa stundum minnzt á dálítið, sem þeir að vísu öðru hverju eru feimnir við, en heitir frjáls verzlun. Þeir hafa minnzt á, að það eigi helzt að vera frjáls verzlun í ríkinu, og hafa hins vegar, ef það hefur verið óhjákvæmilegt að hafa einkasölu á einhverjum hlut, álitið, að það væri þá rétt, að það væri ríkið, sem hefði slíkt, en ekki einstakir aðilar.

Hver er nú sú braut, sem hins vegar er farið inn á með því að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins og fela ákveðnum hagsmunasamtökum eins hluta af framleiðendum að eiga að fara með hana? Jú, það væri nokkurn veginn samsvarandi, ef bændurnir og þeirra samtök, framleiðsluráð landbúnaðarins, fulltrúar tæps helmings af kartöfluframleiðendum í landinu, aðilar, sem hafa vissa hagsmuni jafnvel á móti neytendunum í landinu, ættu samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, að fá einkarétt á að flytja inn kartöflur til landsins, eða væri kannske rétt að orða það þannig: einkarétt á því að hindra, að það yrðu fluttar inn kartöflur til landsins, eins og að Álafossi og Gefjuni eða einhverjum þeim, sem framleiða föt í landinu, væri gefinn einkaréttur á því að flytja inn öll föt til landsins. Og mér fyndist það ákaflega eðlilegt, að framleiðendur fata hér á Íslandi, Álafoss og Gefjun, færu fram á það þá næst, að það væri ekki lengur látin haldast uppi önnur eins ósvinna og það, að verið væri að flytja hér inn föt, sem jafnvel kepptu við þessi innlendu föt, heldur að þessar verksmiðjur fengju þá einkaleyfi á því að flytja inn föt og flyttu inn föt, þegar þeim þætti það eðlilegt. Þetta væri nákvæmlega samsvarandi, þ. e. að gefa einstökum aðilum, nokkrum hluta af framleiðendum, rétt á því að hafa einkasölu á

þessum hlutum. Þessu væri þá í fyrsta lagi beint gegn neytendum í landinu. Þó væri þetta ekki eiginlega að öllu leyti alveg samsvarandi, því að ef Álafoss og Gefjun og aðrar klæðaverksmiðjur hérna — þær munu nú vera einhverjar fleiri — fengju þessa einokun á innflutningi klæðnaðar, þá væri það nokkuð samsvarandi því og að bæði framleiðsluráð landbúnaðarins og samtök kartöflufframleiðenda í kaupstöðunum fengju einkasölu. En nú er tilgangurinn með þessum till. hér, að það sé aðeins tæpur helmingurinn af framleiðendum, sem fengi slík einkaréttindi. Það samsvaraði kannske því, að t. d. Álafoss fengi slík einkaréttindi, en Gefjun og einhverjir fleiri væru þar algerlega skildir út undan, og ég veit ekki, hvernig Framsfl. litist á það. Hann er kannske farinn að hafa svo mikinn áhuga fyrir einkasölum handa einstökum framleiðendum, að honum litist vel á slíkt. En það er brautin, sem farið er inn á með þessu frv., að gefa einstökum hagsmunahópum einkasöluaðstöðu í landinu, í fyrsta lagi gagnvart notendum í landinu, í öðru lagi til þess að flytja inn, þegar þess þarf með.

Það var einu sinni um það talað, að það væri eitthvað til, sem héti samvinnuhreyfing á Íslandi, og að þessi samvinnuhreyfing ætti að vera hreyfing neytenda, hún ætti að vera hreyfing þeirra, sem gjarnan vildu kaupa vörur ódýrt og hafa frelsi til að kaupa vörur. Mér er spurn: Var ekki Framsfl. einhvern tíma í fyrndinni eitthvað riðinn við samvinnuhreyfinguna? Það er kannske orðið mjög langt síðan. En ég hélt hálfpartinn, að hann hefði einu sinni haft það á stefnuskrá sinni, að neytendur ættu að hafa vissan rétt í sambandi við að fá að kaupa vörur. Ég veit ekki, hvort hann er búinn að strika þetta út. Hann er kannske ekki búinn að strika það út af stefnuskránni, en hann er e. t. v. að strika það út í reyndinni og þykir núna réttara að fara að gefa sig að því, að ákveðnir hagsmunahópar framleiðenda skuli hafa allt vald neytenda í sínum höndum. Ef svo kynni að hafa farið á einhverjum sviðum, að meira að segja ríkið ætti að reyna að jafna þar metin á milli notenda og framleiðenda og taka tillit til beggja, þá ætti meira að segja að afnema slíkar ríkiseinkasölur og gefa ákveðnum hagsmunahópum einkaréttinn á slíku. Ég skal viðurkenna það, að svona framkvæmd hefur viðgengizt á vissum sviðum undanfarið, t. d. hvað útflutninginn snertir. Það er vitanlegt, að fyrir 20 árum höfðu Kveldúlfur og Alliance alveg sérstakan áhuga á því að fá einkasölu á öllum útflutningi á íslenzkum saltfiski. Og Ólafur Thors, sem fyrir 23 árum varð ráðherra í fyrsta skipti, veitti þeim með stjórnarráðstöfun slíka einokun. Mér hefur hins vegar fundizt Framsfl. alltaf vera frekar andvígur þessari einokun, og það hefur ekki vantað, að hann hafi hvað eftir annað ýmist flutt tillögur eða talað á móti þeim hér í þinginu. En nú virðist sem hann sé að verða slíkum einokunum hlynntur. Ég held, að það væri gott, að hann upplýsti okkur um sína stefnu í þessu, og alveg sérstaklega vildi ég í því sambandi leyfa mér að spyrja hann að því, af því að hann hefur stundum verið að heimta frelsi á þessu sviði viðvíkjandi útflutningnum, hvort þetta frv., sem hérna liggur fyrir, sé eitt af því, sem eigi að marka hans stefnu hvað frelsi snertir.

Ef til vill er þessi till. um að leggja niður grænmetiseinkasöluna og fá hana í hendur ákveðnum einstökum hagsmunahópi líka ein af þessum yfirlýsingum Framsfl. um, að hann hafi svo mikla ást á lýðræði og á umbótum. Hann hefur talað nokkuð mikið um það, a. m. k. ef hann kemst í útvarp, að hann vilji reka hér lýðræðissinnaða endurbótastarfsemi, og mér þætti ákaflega gaman að heyra, ekki sízt frá þeim mönnum af hálfu Alþfl., sem hafa verið að tala við hann undanfarið, hvort það sé einn þátturinn í hinni lýðræðissinnuðu endurbótasamvinnu, sem þessir flokkar hafi hugsað sér, að það eigi að leggja niður stofnanir ríkisins, byrja á grænmetisverzlun ríkisins, taka svo skipaútgerð ríkisins, taka svo ferðaskrifstofu ríkisins og vafalaust halda svona áfram með tóbakseinkasöluna og líklega brennivínseinkasöluna líka og fá þetta í hendur ákveðnum hagsmunahópum. Það væri fróðlegt að vita, hvort þetta væri lýðræðið, sem Framsfl. stefnir að í þessum efnum, að það ætti sem sé að svipta Alþingi og ríkið möguleikanum til þess að gera ráðstafanir neytendum almennt í hag með sinni starfsemi, og hvort ætti að ofurselja neytendur einstökum einokunarhringum, hvort það sé lýðræðið, sem Framsfl. hugsar sér, og hvort það séu svo hins vegar endurbæturnar, að ríkisfyrirtæki, sem búið sé að reka í 20 ár, ríkisfyrirtæki, sem sett hafa verið á í harðvítugri baráttu við íhaldið, ríkisfyrirtæki, sem mönnum hafi þótt vera rekin vel, skuli lögð niður og einstökum hagsmunahópum, sem þá íhaldið mundi líklega leggja sína blessun yfir, væri fengin sú valdaaðstaða í hendur, sem ríkið hefur haft fram að þessu. Það væri fróðlegt að fá að vita um þessa stefnu.

Það hefur orðið lítið um varnir af hálfu ráðherra Framsfl. í þessum efnum. Einn ráðherra, hæstv. landbrh., talaði hér einu sinni í þessu máli. Hann kom með nokkur fúkyrði, hafði alls konar ósvífni hér í frammi. Og hann hefur ekki sýnt sig í þinginu síðan, þegar þetta mál hefur verið rætt. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur skammazt sín. Ef svo væri, þá væri það mikil framför. Þá virtist það benda til þess, að hæstv. ráðherrar Framsfl. væru ofur lítið að byrja að átta sig á því, hvers konar hneykslismál þetta er, sem þeir leggja hérna fyrir, og hve hneykslanleg þeirra framkoma er í þessu sambandi. Og mér finnst nú orðin nokkuð aum aðstaðan hjá hv. Framsfl., ef hann ætlar alveg að gefast upp við að reyna að færa rök fyrir þessu máli sínu, reyna að verja þetta, ef það er sem sé orðið svo, að í sambandi við þetta mál er ekki um neitt annað að ræða en baktjaldamakk, sem ákveðið hefur verið, eins konar samsæri, sem gert hefur verið, í fyrsta lagi gegn öllum neytendum í landinu, í öðru lagi gagnvart helmingnum af framleiðendunum í landinu, þeim framleiðendum, sem búa í kaupstöðunum, og menn treysti sér ekki til þess að verja þetta hér á Alþingi. Það, að menn koma hér upp einu sinni, beita fúkyrðum og flýja svo af hólmi, bendir helzt til þess, að

menn hafi ekki rétt góða trú á sínum málstað, menn treysti sér ekki til þess að standa frammi fyrir Alþingi og verja hann.

Hvað er svo um undirbúning þessa máls? Þegar hæstv. landbrh. kom hér í stólinn í það eina skipti, sem hann hefur hætt sér upp í hann í sambandi við þetta mál, sagðist hann ætla að tala um undirbúning þessa máls. Hann hætti hins vegar við í sinni ræðu að tala um undirbúning þessa máls. Hann kom ekki með kartöflubiblíuna hérna, hann kom ekki með doðrantinn, því síður að hann segði okkur, hvað hann hefði kostað. Hann skýrði ekki frá, hvernig þessi undirbúningur hefði farið fram, því síður að hann léti prenta upp allan þennan að hans áliti vafalaust stórmerkilega undirbúning og útbýta sem þingskjali á meðal þingmanna til þess að reyna að sannfæra þá um með röksemdunum úr þeim stóra doðranti, hvernig unnið hefði verið að þessu máli. Mér er spurn: Af hverju hefur hæstv. ráðh. ekki lagt fram þessar undirbúningsrannsóknir? Af hverju hefur hann ekki einu sinni látið hv. landbn. í té þessa rannsókn og undirbúning? Af hverju er farið með það eins og eitthvert leyniplagg, sem á að vera aðalröksemd fyrir þessu máli? Af hverju fá menn helzt ekki að sjá það? Er hæstv. ráðh. svona hræddur um það sjálfur, að undirbúningurinn sé ekki eins góður og eðlilegur og hann vill láta þingmenn halda? Er hann hræddur um, ef allur undirbúningurinn yrði tekinn í gegn, að það kæmi í ljós í fyrsta lagi, að þarna væri nokkuð mikið um mjög vafasama röksemdafærslu að ræða, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið, en þó hins vegar alveg sérstaklega, að það kæmi greinilega fram, að allur undirbúningurinn væri gerður frá einu sjónarmiði, því sjónarmiði að þjóna ákveðnum hóp af framleiðendum, ákveðnum hagsmunasamtökum framleiðenda? Er hann hræddur um, að það kæmi fram í þessari bók, að það væri yfirleitt ekki minnzt á neytendur og þeirra hagsmuni, að notendur kartaflna og annars grænmetis á Íslandi væru ekki til í hugarheimi þeirra manna, sem hafa hugsað um þetta, og því síður tekið tillit til þess hluta framleiðendanna, sem samkv. síðustu skýrslum frá hagstofunni er meiri hluti framleiðendanna, kartöfluframleiðendanna í kaupstöðunum? Það getur nú verið, þó að hæstv. ráðh. hafi ekki séð ástæðu til þess að leggja þetta plagg fram hér í þinginu, að þetta plagg komi hér fram engu að síður og þingmenn verði nokkuð um það upplýstir, hvernig það plagg er.

Ég er hræddur um, að það hafi verið unnið þannig í þessu máli, að það hafi verið hafður í frammi áróður af hálfu ákveðinna aðila, sem hér hafa sérstakra hagsmuna að gæta, áróður í framleiðsluráði landbúnaðarins og í Stéttarsambandi bænda eða á þess þingum til þess að smeygja þar í gegn þeim samþykktum, sem hæstv. ráðh. nú svo vitnar í, að bændur hafi svo mikinn áhuga fyrir að fá þetta í sínar hendur. Þetta hefur aldrei komið fram hjá bændum sjálfum. Og allir þeir kaupfélagsstjórar víðs vegar að af landinu, úr öllum fjórðungum landsins, sem við erum búnir að lesa upp vitnisburði frá hér, hafa aldrei orðið varir við neinn áhuga hjá bændum fyrir þessari sér-einkasölu, þessari grænmetisverzlun landbúnaðarins. Það skyldi þó aldrei vera, að ákveðinn hagsmunahópur hér úr Reykjavík hafi unnið að því að fá í gegn samþykktir hjá framleiðsluráði landbúnaðarins og Stéttarsambandi bænda á þess þingum um að krefjast þessara hluta, og svo sé þessum samþykktum veifað hér framan í okkur, án þess að nokkur áhugi sé fyrir þessum málum hjá bændum? Ég er hræddur um það, ef það yrði farið að taka stóra plaggið hérna fyrir, að það komi nokkuð víða í ljós í því, að þeir, sem hafa aðaláhugann í þessu máli, séu að kvarta yfir því, að framleiðendur hafi alls ekki bundizt samtökum, kartöflframleiðendur og slíkir hafi því miður ekki bundizt samtökum og látið til sín heyra, m. ö. o., það, sem á bak við þetta liggur, sé það, að ákveðnir menn, sem hér hafa sérstakra hagsmuna að gæta, hafi farið að beita sér fyrir því að reyna að fá samtök bænda út í að heimta þessa einkasölu til handa framleiðsluráði landbúnaðarins, þannig að það sé sprottið upp af sérstökum hagsmunahópum að reyna þannig að skapa þessa einkasölu handa Stéttarsambandinu og framleiðsluráðinu, þvert ofan í hagsmuni allra þeirra manna um allt land, sem annars vegar neyta kartaflnanna, og hins vegar allra þeirra í kaupstöðum og kauptúnum, sem framleiða kartöflur og eiga að vera útilokaðir frá öllum áhrifum með samþykkt þessa frv. Og kannske ég megi þá bregða upp áframhaldsmyndinni, sem þessir menn máske mundu reyna að knýja fram, ef svo færi sem farið hefur á sumum öðrum sviðum?

Við skulum hugsa okkur, að nú verði grænmetisverzlun landbúnaðarins sett á stofn, sérréttindi fyrir Stéttarsamband bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins, að þeir svo að segja skuli framleiða og ráða sölu og verði á kartöflum og öðrum slíkum afurðum, þó að þeir séu minni hluti þeirra manna, sem framleiða kartöflur á Íslandi. Ég gæti trúað, að næsta ákvörðunin yrði sú, að Stéttarsamband bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins, sem sæju fram á, að meiri hluti kartöflframleiðenda væri í kaupstöðum, færu að segja: Ja, þessi ósvífna samkeppni, sem ákveðnir menn, sem eru að rækta kartöflur í kaupstöðum, hafa í frammi og selja jafnvel utan við grænmetisverzlun ríkisins kartöflur, getur bara ekki gengið. — Mönnum finnst kannske hjákátlegt að láta sér detta slíkt í hug. En má ég spyrja: Var ekki einu sinni mjólkurframleiðsla hérna í nágrenni Reykjavíkur, sem viss samtök fóru að líta illu auga? Og skyldi það nú ekki eins geta komið fyrir, að það yrði farið að gera ráðstafanir til þess að leggja niður kartöfluframleiðslu í sambandi við kaupstaðina, m. a. vegna þess, að í sumum árum, eins og 1953, hafi það sýnt sig, að kartöflframleiðslan í landinu hafi verið allt of mikil, skapa síðan fyrir þessa einkasölu, sem þarna er verið að koma upp, sérréttindi til þess að rækta kartöflur á Íslandi? Og svo þegar væri búið að skapa sérréttindi til þess að rækta kartöflur á Íslandi,

hvað væri þá næsta stigið? Það væri líklega, að þessi sama einkasala heimtaði að flytja kartöflur út og af því að þær kartöflur gætu ekki keppt við kartöflur erlendis, þá yrði auðvitað að styrkja þennan útflutning. Það var verið að samþykkja 15 millj. í slíka styrki núna nýlega viðvíkjandi landbúnaðarvörum, og það gæti orðið eitthvað meira, þegar kartöflurnar væru komnar inn í þetta.

M. ö. o.: Ef farið er út á þessa braut, sem hér er lagt til að fara út á, þá er ómögulegt að sjá, hvar það endar. Sá yfirgangur og sú frekja, sem kemur fram í þessu frumvarpi, er slík, að þetta frv. á að stöðva nú þegar. Þetta frv. er ósvífni, í fyrsta lagi gagnvart öllum neytendum í landinu, í öðru lagi gagnvart meiri hluta framleiðenda á kartöflum í landinu, og meiri hluti þeirra framleiðenda er í kaupstöðunum. Um það liggur skýrsla fyrir, prentuð með nál. minni hl. landbn., fylgiskjal I, skýrsla Hagstofu Íslands. Og hvað sagði hæstv. landbrh., þegar hann talaði um þessa skýrslu? Ja, hann bara dró í efa, að hún væri rétt. Hann leyfði sér að efast um það, að Hagstofa Íslands byggi yfirleitt til réttar skýrslur um svona hlut. Ef óvefengjanlegar hagskýrslur passa ekki í kram þessa landbrh. Framsfl., þá segir hann bara: Hagskýrslur eru vitlausar.

Ég vil þess vegna eindregið leyfa mér að vonast til þess, að hv. þingdeild verði sammála um að víkja þessu máli frá, og jafnframt vil ég leyfa mér að vona, að það gefist tækifæri til þess að tala betur við þá einu menn, sem reynt hafa að halda uppi einhverri málsvörn fyrir þessu hneykslismáli, hæstv. landbrh. og hv. þm. Dal., frsm. meiri hl. landbn., þegar þeir á annað borð sýna sig hér í deildinni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er ekki hæstv. ríkisstj. og ekki hæstv. forsetum deildarinnar að þakka, að hægt hefur verið að halda uppi umræðum um þetta mál, þangað til frsm. landbn. kæmi til landsins aftur. En það var auðvitað óviðeigandi að afgreiða málið út úr d., meðan hann var erlendis. En nú lagðist þetta allt saman saman, og er það í raun og veru atriði, sem ber að þakka hv. stjórnarandstöðu. Ég játa, að það er óviðkunnanlegt að hafa þurft að ræða þetta mál að formanni landbn. fjarverandi, en eina leiðin til þess að bæta úr því er það, að einhver hluti umr. geti farið fram, eftir að frsm. kemur heim, en hann hefur sennilega komið til landsins núna í dag.

Ég skal ekki svo mjög ræða efnishlið málsins núna. Ég gerði það nokkuð rækilega seinast þegar ég talaði um það við þessa umr., en þó er óhjákvæmilegt, af því að nokkuð líður nú á milli þess, að málið komi fyrir, að rifja upp helztu atriðin. Núna er skipulagið á þessum málum þannig, að ríkisstofnun fer með innflutning grænmetis og sölu á innlendum garðafurðum, að svo miklu leyti sem bændur vilja fela þessari stofnun þá sölumeðferð. Þeir hafa nú að lögum alveg fullt frelsi til að annast sjálfir sölu á öllum sínum kartöflum og öllu sínu grænmeti. En þeir eiga aðeins leið í grænmetisverzlun ríkisins með sína framleiðslu, af því að með því að láta hana fara þangað núna geta þeir fengið fúlgu úr ríkissjóði til niðurgreiðslu á kartöflum, og það er ekkert lítið fé, enda hefur svo farið, að þó að það sé alls ekki skipað með lögum, hafa bændurnir látið sína grænmetissölu fara í gegnum grænmetissöluna m. a. af þessum ástæðum.

Eftir lögunum um grænmetisverzlun ríkisins á verzlunin að sjá borgið hag bæði framleiðenda og neytenda. Meðal annars á grænmetisverzlunin að sjá um það, að nægilega sé flutt inn af grænmeti á hverjum tíma og kartöflum, þannig að landið standi ekki uppi kartöflulaust og grænmetislaust löngum og löngum. Hins vegar hefur grænmetisverzlunin ekki með mat á íslenzkum kartöflum að gera. Um þá hliðina sér framleiðsluráð landbúnaðarins nú. Þó er það upplýst hér í skýrslu frá forstjóra grænmetisverzlunarinnar, að komið hefur það fyrir, að verzlunin hefur orðið að sjá hag neytendanna betur borgið en hið lögskipaða mat hefur gert, því að stundum hefur orðið að framkvæma endurmat og flokka á ný það, sem hafði sloppið í gegnum matið, en þótti ekki vera gæðavara. Og grænmetisverzlunin hefur haft þann háttinn á að hafa tiltölulega mjög hátt verð fyrir úrvalskartöflur og nokkurn verðmun síðan á flokkunum niður eftir til þess að ýta undir framleiðendurna með að vanda sem allra bezt sína framleiðslu. Og hygg ég, að grænmetisverzlun ríkisins sé ekki ámælisverð fyrir þessa afstöðu sína og þessi vinnubrögð.

Nú hef ég viljað halda því fram, að þetta fyrirkomulag, að hafa ríkisstofnun, sem ætti að gæta hvorra tveggja hagsmunanna, framleiðendanna og neytendanna, væri sanngjarnt fyrirkomulag og að það væri að öllu leyti gott, ef forstaðan væri í höndum góðra og samvizkusamra manna. Nú er það nokkuð viðurkennt í þessum umr., að það sé ekki hægt að saka þá menn, sem grænmetisverzlun ríkisins hafa stjórnað og hjá henni unnið, um vanrækslu í störfum eða hlutdrægni, sem hafi bitnað á framleiðendunum, enda hygg ég, að slíkar ásakanir, þó að fram kæmu, fengju lítinn hljómgrunn. Hversu auðsætt mál það er, að neytendurnir telji það æríð hagsmunamál fyrir sig, að alltaf sé til nægilegt af kartöflum og grænmeti í landinu og á sómasamlegu verði og að þetta sé vönduð vara, kemur berlega fram í nál., sem ég er hérna með. Það hafa kannske einhverjir haldið, að þetta væri heilög ritning, sem ég væri kominn hérna með upp í ræðustólinn, en það er alls ekki heilög ritning, þetta eru drög að till. um skipan matjurtasölunnar, og mun vera kostað til þessarar bókar af hendi landbrn. til þess að afla upplýsinga um þetta þýðingarmikla mál.

Á bls. 5 í þessari ritningu segir, með leyfi hæstv. forseta: „Matjurtaræktun er þriðja þýðingarmesta búgreinin í landbúnaðinum, kemur næst á eftir mjólk og kjöti, og er kartaflan þýðingarmesta matjurtin. Fleiri framleiða kartöflur en nokkra aðra framleiðslu. Kartöflurækt er aðalatvinnuvegur í nokkrum landshlutum, en í fleiri aukagrein og í kaupstöðum mest tóm-

stundavinna til heimilisnota. Þjóðin borðar meira af kartöflum en af nokkurri annarri fæðutegund, að mjólk undanskilinni. Kartöflur eru daglega á borði flestra heimila í landinu tvisvar sinnum á dag alla daga ársins.“ Þetta sýnir, að höfundur þessa nál. viðurkennir, að neytendurnir hafi allmikilla hagsmuna að gæta í sambandi við meðferð þessara mála. Um það verður ekki villzt. En þetta frv. allt fer þó fram á það, að sá réttur, sem nokkurn veginn er nú samkvæmt lögum jafnt til verndar framleiðendum og neytendum, á nú að skerðast, í raun og veru að afnemast að því er snertir rétt neytendanna, og síðan á að færa allan réttinn og yfirráðin yfir þessum málum í hendur framleiðendum einum. Það virðist ekki vera jafnvægisráðstöfun.

Með nál. um þetta frv. eru, eins og margvitnað hefur verið til, birtar umsagnir frá ýmsum kaupfélagsstjórum, 6 eða 7 talsins, og einum kaupmanni. Nú skyldi maður kannske halda, að þessir kaupfélagsstjórar væru þaðan af landinu, sem lítið væri ræktað af kartöflum, og það væri þannig lítið leggjandi upp úr þeirra umsögnum. En þetta eru einmitt kaupfélagsstjóri í Akureyrarkaupstað, kaupfélagsstjóri á Akranesi, kaupfélagsstjóri á Hvolsvelli og kaupfélagsstjóri í Vík í Mýrdal og á Svalbarðseyri. Nú stendur hér í kartöflubiblíunni, sem við leyfum okkur að kalla svo, að það sé mjög misjafnt, hvar kartöflur séu ræktaðar, en svo vel vill til, að þar sem hann víkur að því, hvar mest sé ræktað af kartöflum, þá er það nákvæmlega einmitt á sölusvæðum eða kaupsvæðum þessara kaupfélaga, sem þarna hefur verið leitað umsagna hjá. Með leyfi hæstv. forseta, segir höfundur nál.: „Mest er framleitt í nágrenni Reykjavíkur, í Þykkvabæ, Eyrarbakka, Stokkseyri og Akranesi. Kartöflurækt hefur lengi verið mikil í Austur-Skaftafellssýslu og á Akureyri og báðum megin Eyjafjarðar, einkum á Svalbarðsströnd.“ Þ. e. a. s., leitað hefur verið af grænmetisverzlun ríkisins umsagna kaupfélagsstjóranna í öllum mestu kartöfluræktarhéruðum landsins, þær eru allar á þá lund, að mælt er á móti því, að núverandi skipulagi þessara sölumála verði breytt, og sérstaklega mælt á móti þeirri skipan, sem hið nýja frv. gerir ráð fyrir.

Skýrsla, sem greinir frá framleiðslumagninu á kartöflum innanlands, miðað við það, hvort þær séu framleiddar í sveitum eða kaupstöðum og kauptúnum, greinir hér frá því hjá forstjóra grænmetisverzlunarinnar, að á þremur árum, 1950—1953, hafi framleiðslan í kauptúnum og kaupstöðum hækkað um 38.9%, nærri 40%, og sé árið 1953 orðin 50.9%, meira en helmingurinn er nú ræktaður í kaupstöðum og kauptúnum, en innan við helming í sveitum. Þessar tölur eru þó sízt af öllu kaupstöðum og kauptúnum í vil, því að með kaupstöðum og kauptúnum eru hér einungis taldir hreinir kauptúnahreppar, en kauptún, sem eru hluti af hreppi, eru öll talin með sveitunum. Samt verða kauptún og kaupstaðir með meiri hluta af framleiðslumagninu af kartöflum samkvæmt þessari skrá. Ef menn treysta ekki þessum upplýsingum, og þær voru eitthvað vefengdar, það var verið að tala mjög mikið um það, að upplýsingar hagstofunnar um þessi mál væru ekki áreiðanlegar, þá er þar með verið að vefengja einmitt framtalsskýrslur bænda, því að hagstofan byggir á þeim, og hygg ég, að menn vilji ekki halda því til streitu eða vekja neinar grunsemdir um það, að framtalsskýrslur bænda séu þó ekki plögg, sem séu nokkuð áreiðanleg. Eins gott er a. m. k. að hafa það ekki í hámæli við bændurna sjálfa, því að það yrði ekki vinsælt kosningamál.

En höfundur kartöflubiblíunnar segir á bls. 32, með leyfi hæstv. forseta: „Kartöfluuppskeran virðist hafa aukizt tiltölulega lítið að magni til í sveitum, en mikið í kaupstöðunum á undanförnum árum. Hlutur kaupstaðanna í heildaruppskerunni hefur vaxið verulega, bæði að magni og hlutfallslega, en hlutur sveitanna minnkað verulega hlutfallslega, en aukizt lítillega að magni til.“ Þetta er þróunin óumdeilanlega, að kartöfluræktun fer minnkandi hlutfallslega í sveitum, en vex stórkostlega á seinustu árum í kaupstöðum og kauptúnum.

Á öðrum stað hér einhvers staðar getur höfundur kartöflubókar þess til skýringar sínum niðurstöðum, að kaupstaðir eins og Sauðárkrókur og Akranes og fleiri kaupstaðir, sem orðið hafa til á seinni árum, séu taldir með sveitunum í þessum töflum, af því að þeir voru hluti af sveitarfélögum fyrir nokkrum árum, og þá kom samræmið betur út í skýrslunum. En þetta gerir það að verkum, að við komumst að þeirri niðurstöðu, að kartöfluframleiðslan í kauptúnum og bæjum sé raunverulega miklu meira en helmingurinn af allri framleiðslunni, þegar búið væri að flokka upp á nýtt bæjarfélögin, sem hafa orðið til á síðustu árum, og telja þau auðvitað, eins og vera ber nú í opinberum skýrslum, með kaupstöðum landsins. Allt þetta bendir til þess, að þá ætti miklu fremur að taka meira tillit til kaupstaðabúanna sem neytenda og framleiðenda í senn en gert er í núgildandi löggjöf. En þá er farið alveg hina leiðina, að það er gengið á rétt kaupstaðabúanna, eftir því sem framleiðslumagn þeirra hefur vaxið og margfaldazt, og hagur neytendanna í raun og veru fyrir borð borinn þar að auki.

Í minni fyrri ræðu vék ég að því, hversu óeðlilegt það væri og óviðunandi í sambandi við smíði frv. sjálfs efnislega, að þar væri gert ráð fyrir, að landbrn. ætti að fá einkasölurétt til að flytja inn allar kartöflur og grænmeti, en svo virðist ekki vera neitt ráð fyrir því gert, hvaða aðili eigi að annast verzlunina sjálfa. Líklegast á ekki að vera grænmetisverzlun í landbrn.? Ég geri ekki ráð fyrir því, og þá dettur manni helzt í hug, að landbrn. eigi að framselja einhverjum aðila verzlunarréttinn. En sá aðili er hvergi tilgreindur í frv. Hins vegar er fastlega gert ráð fyrir því, að núverandi eignir grænmetisverzlunar ríkisins skuli seldar, en í frv. er ekki stafur eða stafkrókur um það, hverjum skuli selja. Því síður er nokkur stafur um það í frv., fyrir hvað eigi að selja eignirnar, og er þó vafalaust þarna um milljóna-

fúlgur að ræða, ekkert um sölumeðferðina, hvort það eigi að vera á uppboði selt eða á frjálsum sölumarkaði eða samkv. mati, — ekkert um það, bara nóg, ef það gæti heitið sala. Þetta finnst mér efnislega vera svo mikil gloppa í frv., að það sé gersamlega ómögulegt fyrir hv. landbn. að leggja til, að frv. með svona gati sé samþ., og því síður fyrir Alþ. að fara ekki fram á það við n., að upp í þetta gat sé fyllt á einhvern hátt.

Það er aðeins hægt að renna grun í það samkv. frv., að framleiðsluráð landbúnaðarins muni eiga að taka við framkvæmdinni á einkasöluréttindum landbrn. og annaðhvort verzla sjálft með þessar vörur eða fela einhverjum verzlunarréttinn. Það örlar á þessum yfirráðum framleiðsluráðsins á þessari nýju stofnun gegnum það orðalag, að framleiðsluráðið á að skipa eða ráða hinni nýju grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

Þeim, sem líta á málið frá sjónarmiði neytendanna, finnst sá réttur, sem nú er í lögum, að framleiðsluráð landbúnaðarins á að sjá um verðlagningu á þessum vörum og sjá um flokkun þeirra, vera ærinn réttur í höndum framleiðendanna, og til þess þarf ekki að breyta einum einasta lagastaf. En að framleiðendur sveitanna og umboðsmenn þeirra, sem nú er upplýst að framleiða minni hluta an af kartöflum, sem ræktaðar eru hér á landi, eigi líka að sjá um og fara með verzlun á allri þessari vöru, ákveða, hvort eða hvenær skuli fluttar inn kartöflur og grænmeti, og geta þannig ráðið því til þess að halda uppi verðlagi, að kartöflulaust væri í landinu tímunum saman, finnst okkur vera of mikið vald á hendi einnar stéttar og stéttarsamtaka, enda er það þetta tvennt, sem forstöðumaður núverandi grænmetisverzlunar ríkisins minntist á og segir alveg réttilega að sé ekki meðmælavert fyrirkomulag.

Um fyrra atriðið segir hann, með leyfi forseta:

„Löggjafinn getur trauðla veitt einum þau fríðindi, sem hann mundi synja öðrum um. En þá vandast málið, ef hver stétt fær einkarétt á innflutningi þeirra vörutegunda, sem hún framleiðir eða vinnur að, og verður að teljast miður hyggilegt eða heppilegt að fara inn á slíka braut.“

Um seinna atriðið segir hann:

„Er landbúnaðarráðuneytinu samkvæmt þessu ætlaður sýnu minni réttur en framleiðsluráðinu. Hversu góð sem einstök stéttarsambönd eða stéttarfélög eru og stjórnendur þeirra nú réttsýnir á hag allra landsmanna, er lagt á fulltæpt vað að veita þeim slík völd, að ríkisvaldið sjálft verði að lúta.“

Ég held, að flestir muni undirstrika það, að þetta séu réttmætar aðvaranir hjá forstjóra grænmetisverzlunar ríkisins, og held ég, að þetta hljóti fyrst og fremst að verka sem aðvörunarskot á hv. sjálfstæðismenn, í fyrsta lagi út frá því, að ríkisvaldið á þarna að vera máttarminna en framleiðsluráð landbúnaðarins. Hvað ætli hæstv. dómsmrh. segi um þann skorna rétt ríkisvaldsins? Og í annan stað hafa sjálfstæðismenn þótzt vera á móti einkasölum, og það þætti mér undarlegt, ef þeir nú allt í einu gætu verið með einkasölu einstakra stétta og stéttarsamtaka, yrðu kannske með því innan stundar, að Alþýðusamband Íslands sem stéttarsamband verkalýðsins fengi einkasöluréttindi á ýmsum vörutegundum, sem verkalýðinn varðaði miklu að væru í höndum hófsamra og hlynntra aðila. En því aðeins hefur þetta mál möguleika til þess að fara í gegnum þingið, að hv. sjálfstæðismenn ætli að greiða þessum atriðum hvoru tveggja atkvæði sitt, sem væri þá á móti þeirra yfirlýstu stefnu að því er bæði atriðin snertir.

Ég skal þá þessu næst leyfa mér að víkja nokkrum orðum að búnaði frv. Um efnislegu götin á því er ég búinn að ræða, og því verður ekki á móti mælt, að það vantar inn í frv. ákvæði um svo þýðingarmikil atriði, eins og yfirtöku eigna núverandi grænmetisverzlunar ríkisins og ákvæði um sölu á þeim og meðferð alla, að það eitt út af fyrir sig er óviðunandi. En svo kemur bara að hinni hliðinni, sem Alþ. má nú ekki láta sér alveg á sama standa um og sízt af öllu þetta Alþ., sem ræðir af miklum móði um málspillandi áhrif ættarnafna. Þó að það kunni að vera, að mannanöfn geti verkað í þá átt að spilla móðurmálinu, þá er enginn vafi á því, að almennt málfar á frumvörpum og lögum er ekki síður háskalegt til áhrifa á tungu okkar. Einstök orð gera það miklu síður en samfellt mál, og þeir, sem hæst tala um nauðsyn á því að afnema ættarnöfn, af því að af þeim séu málspjöll, ættu að lesa yfir sér til sálubótar frv. eins og þetta og segja til um það, hversu ánægðir þeir séu eftir lesturinn að því er þá hlið málsins snertir. Þetta er þó búið að vera í höndum ýmissa manna. Það er búið að vera í höndum þess sérfræðings, sem samdi kartöflubiblíuna, og hann er sennilega frumhöfundurinn. Það er búið að vera í höndum stjórnar Stéttarsambands bænda ein tvö eða þrjú skipti, og þau samtök hafa gert þetta mál að sínu hjartans máli, að því er manni skilst, því að bændastéttin almennt hefur ekki gert það. Frá henni hefur ekki heyrzt nokkurt kvak um, að hún hafi áhuga á þessu máli. Og svo er þetta búið að vera í höndum landbn. í tvö ár. Nefndin í fyrra gerði athugasemdir við málfarið á frv., benti á, að það væri alveg óviðunandi. En samt var ekki hróflað við því. Og nú er það flutt enn og þá með nokkrum efnislegum breytingum. Það voru nefnilega fleiri göt á frv. áður, þó að stærstu götin séu ófyllt enn. En málfarið er eftir sem áður eins, og við því var alltaf að búast, því að það virðist ekki vera fyrir slys eintóm. Þessi bók hérna, sem ríkið hefur borgað fyrir dýrum dómum, er öll með þessu markinu brennd. Hérna á 1. bls. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Söluskipulagið er þýðingarmikill hlekkur í keðju vandamála garðræktarinnar.“ — Það er anzi gott mál þetta! — „Það hefur verið leitazt við,“ segir höfundurinn, „að gera yfirlit yfir þróun garðyrkjunnar, einkum kartöfluræktina.“ „Rækt“ og „ræktun“ á að þýða hvort tveggja það sama og er notað til skiptis, án þess að nokkur regla sé í því. — Þessi bók, „hún er samin í því skyni að fá yfirsýn yfir samhengi þeirra og til að draga af ályktanir í stað þeirra upplýsinga, sem skortur er á.“ Þetta er alveg metfésetning:

til þess að fá yfirlit yfir samhengi þeirra og til þess að draga af ályktanir í stað þeirra upplýsinga, sem skortur var á.

Um búnaðarskýrslur hagstofunnar, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, segir, að þær séu „ekki nákvæmar varðandi einstök ár, en gefi að líkindum gagnlegri mynd af þróuninni yfir lengri tíma“. Og í framhaldi af þessu segir: „Þær,“ þ. e. skýrslur hagstofunnar, „eru byggðar á framtölum framleiðenda, sem hreppstjórar safna og hagstofan fær.“ Hvað ætli hún hafi fengið marga hreppstjóra eftir þessu? (Forseti: Ég vil leyfa mér að benda hv. ræðumanni á, að við erum að ræða um frv., en ekki efni eða málfar þessarar bókar.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir ábendingar hans, en ég er hér ekki óafvitandi með neinn útúrdúr. Ég er hér með álit um matjurtaræktina og drög að tillögum um skipan matjurtasölunnar, og þetta er aðdragandinn að samningu þess frv., sem við erum að ræða hér. Og í sambandi við það, sem ég ætla nú innan örlítillar stundar að víkja að, þ. e. málfarið á frv., er ég að víkja að nokkrum málsatriðum viðvíkjandi málfari á opinberu skjali, sem ríkissjóður hefur borgað.

Á bls. 5 segir: „Þýðing kartöfluræktar og kartöfluvandamálið sýnist vera sögulegt vandamál.“ Ja, það fer núna að verða sögulegt vandamál!

Í upphafi 2. kaflans segir: „Frosthætta er minni á Suðurlandi og fer eftir legu landshluta.“ — Á bls. 10 stendur þetta: „Frosthættan er öðruvísi viðfangs en ofviðrin, en á það er bent, að aðrar þjóðir vinna gegn þeim vanda.“ — Orðið „ávaxtaekrur“ kemur oft fyrir hér í bókinni. — Á bls. 13 segir, „að garðræktin geti fullnægt þörfum þjórðarinnar fyrir kartöflur í venjulegu árferði“. — Á bls. 14 segir höfundurinn: „Vöntunarsjúkdómar t. d. verða bættir með því að bæta í jarðveginn efnum, sem hann skortir.“ Um að bæta sjúkdóma hefur maður nú heyrt hingað til lítið talað. — Á bls. 15 segir höfundurinn: „Landbúnaðurinn verður að styðjast við handverkfæri. — Útsæði var handahófsval einstakra framleiðenda.“

Ég skal nú ekki þreyta hæstv. forseta með sýnishornum af þessu tagi miklu lengur, en þó kemst ég ekki hjá að nefna þá að síðustu, að — ég veit ekki, hvað ég á að nota að síðustu, því að það er svo margt, sem um er að ræða. Orðið afurð er notað mjög í eintölu. Það hef ég nú venjulega heyrt notað í fleirtölu. Svo er alveg ruglað saman eignarfallinu á „vegur“ í orðinu „braut“, þ. e. „vegs“, en svo aftur öfugt „vegar“ notað í þeirri mynd orðsins, þegar eignarfallið á að vera „vegs“, og hefur alveg snúizt við, og er ekki í eitt skipti, sem það kemur fyrir, ég hef séð, að þetta kemur fyrir hvað eftir annað í nál.

Þá ætla ég, af því að annars hefði þetta komið eins og skollinn úr sauðarleggnum, að sýna fram á, hvernig málfarið er á frv., næst að víkja að því. Og það má nú segja, eins og hæstv. forseti hefur verið að minna mig á, að það komi deildinni bókstaflega við.

Í 2. gr. frv. er talað um „gróðurhúsaframleiðslu“, og gróðurhúsaframleiðsla er annaðhvort grænmeti eða blóm eða hvort tveggja. Hliðstæða við þetta ætti náttúrlega að vera fiskibátaframleiðsla, það gæti komið í staðinn fyrir afli eða eitthvað því líkt. Eitt og annað er til nota fyrir þennan og þennan. „Innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend framleiðsla fullnægi ekki notkunarþörfinni.“ Þetta er allt saman í þessari sömu grein.

Í niðurlagi 3. gr. stendur: „Á öðrum tímum árs skal ákveða verðið með tilliti til geymslukostnaðar og vaxtarauka.“ Hvað er vaxtarauki? Ég fyrir mitt leyti hef verið að brjóta heilann um það. Ég kemst að engri niðurstöðu.

„Gróðurhúsaframleiðslan“ gengur aftur í 4. gr. og í gegnum allt frv. Í þeirri sömu gr. segir um framleiðsluráðið: „Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta.“ Í lagamáli virðist nú vera aðeins tvennt til, annaðhvort er um heimildir að ræða eða að aðili skuli gera eitthvað. Hvað hann geti gert, er lítið talað um í lögum og lítið gagn að í lagasetningu. Framleiðsluráðið getur haft eftirlit með meðferð matjurta, getur líka látið það vera að hafa nokkurt eftirlit með matjurtum. Og það væri dálaglegt fyrirkomulag. Eða hér í sömu grein: „Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu.“ Það má enginn verzla með hvers konar gróðurhúsaframleiðslu. Þarna á auðvitað að vera: neins konar gróðurhúsaframleiðslu. „Hvers konar“ er þarna ambaga, sem gerir alla setninguna óskiljanlega.

Af því að þessu máli hafði seinkað mjög, var flutt seinna brtt. um gildistökuna. Það var upphaflega ætlunin, að frv. tæki gildi 1. jan 1956, og var svo flutt brtt. um það. En í 4. gr. er aftur talað um, að undir starfssvið framleiðsluráðs falli frá 1. jan. 1956 öll sú starfsemi, sem grænmetisverzlun ríkisins hafi haft með höndum varðandi ræktun og sölu íslenzkra matjurta. Þetta stendur enn þá í frv., eftir því sem ég bezt veit. Það er nú samt ekki á kostnað höfundarins að því er málfarið snertir.

Ég held ég hafi vikið að því um daginn, að illa væri hægt að koma þessu saman, sem er upphaf d-liðar í 4. gr.: „Ríkisstj. hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti.“ Svo kemur: „Bann þetta nær þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur.“ Þegar í upphafi setningar er talað um einkarétt og svo vitnað til þess sem banns, þá kem ég ekki málfarinu saman og hvaða þörf er á því að tala um, að skip hafi þetta eða hitt innanborðs, það sem þau flytja, utanborðs flytja þau það nú varla. — Í næsta málslið stendur: „Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum, og skulu samvinnufélög og aðrar verzlanir, sem umboð hafa nú fyrir grænmetisverzlun ríkisins, sitja fyrir sem umboðsmenn.“ Ég læt nú vera orðalagið „að sitja fyrir“. Það er kannske hægt að láta það slarka þarna, en þýðir þó fyrst og fremst annað. En „samvinnufélög og aðrar verzlanir“ — samvinnufélag þarf nefnilega alls ekki að vera nein verzlun. Nær hefði verið, ef það hefði verið: kaupfélög og aðrar verzlanir, en samvinnufélag getur verið allt annars eðlis en verzlun.

Í 5. gr. frv. er í a-lið sagt á þessa leið: „Greiða

skal sérstakt verðmiðlunargjald af öllu kindakjöti, sem nota skal til verðmiðlunar.“ Það skal greiða sérstakt verðmiðlunargjald af öllu kindakjöti, sem nota skal til verðmiðlunar. Hvernig hægt er að nota kindakjöt til verðmiðlunar, — því er dálítið erfitt að koma heim og saman.

Ég held, að þessi dæmi nægi til þess að sýna það, að svo illa sem vandað er til efnis frv. og vantar veigamikil atriði í, þá er þó enn verr og háðulegar vandað til þess málbúnings, sem frv. hefur fengið, og fer þá allt saman í sambandi við málið. Þetta allt virðist mér benda til þess, að það sé engum til óþurftar eða vansæmdar, þó að sú yrði nú niðurstaðan, að fallizt væri á, að málinu yrði frestað, bæði til þess að athuga betur um efni þess og innihald og þann réttlætisgrundvöll, sem hinu nýja skipulagi væri ætlað að hvíla á, og einnig til þess að endurskoða málfarið á frv., en fyrst og síðast til þess, að leitað yrði samkomulags milli Stéttarsambands bænda og Alþýðusambands Íslands um að finna, svo framarlega sem ástæða þykir til að breyta frá núverandi skipulagi, nýja lausn á málinu, sem gæti fullnægt hagsmunum neytenda og framleiðenda í senn. Það er alveg áreiðanlegt, að það verður aldrei friður um það, að þetta mál sé eingöngu leyst út frá sjónarmiðum framleiðandans eingöngu, þegar í hópi neytendanna eru þá einnig framleiðendur meiri hlutans af allri kartöfluframleiðslu landsins. Þeirra réttur þarf því að tryggjast, bæði sem neytenda og framleiðenda, og frá þeirra hlið virðist svo sem um sinn hefði verið unað fyllilega við það skipulag, sem nú er í lögum.

Ég skal svo með þessu láta staðar numið við þessa umræðu málsins, en vænti þess, að þó ég hafi nú talað tvisvar sinnum, gefist mér kostur á, ef mér sýnist ástæða til, að taka þátt í umr., eftir að hv. frsm. landbn. hefur komið til landsins og tekið hér sæti á ný, því að það sýnist eiginlega vera sjálfsagður hlutur, að einhver hluti umr. fari fram þannig, að hann geti verið þátttakandi í henni.

En vænst þætti mér um, að tilmælum mínum um, að málinu verði frestað á þessu þingi, yrði komið til réttra aðila og þau helzt tekin til greina.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég verð að segja það eins og er, að mér er lítt skiljanlegt það mikla kapp, sem lagt er á þetta mál og umr. um það hér í þessari hv. d. Það hefur nú verið svo að undanförnu, að þegar fundur hefur verið boðaður hér í d., hefur þetta mál að jafnaði verið á dagskrá og tekið til umr. og það meira að segja gengið svo langt, að ástæða hefur verið talin til að halda um það fund eftir venjulegan fundartíma þingsins.

Nú er mér ekki fyllilega ljóst, af hverju þessi mikli áhugi stafar, sérstaklega ekki þegar tillit er tekið til þess, að þeir, sem hafa barizt helzt fyrir þessu frv. hér, þ. e. a. s. hv. þm. Dal. og hæstv. landbrh., hafa ekki séð ástæðu til að mæta á þessum fundum, flestum þeirra, og rökræða þetta mál við þingheim, og hefur það þó ekki farið fram hjá neinum, að það er áhugi fyrir þessu máli hér hjá stjórnarandstöðunni og vilji til að rökræða það. Og ég verð eins og aðrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa talað í þessu máli, að lýsa mikilli óánægju minni yfir því, að hæstv. landbrh. skuli ekki hafa haft tækifæri eða ástæðu til að mæta á þessum fundum. Hitt er að sjálfsögðu ljóst og skiljanlegt, að hv. þm. Dal. hefur ekki haft tilefni til að mæta hér um hríð, þar sem hann hefur verið erlendis. En engu að síður verð ég að taka undir þau ummæli, sem ýmsir hv. þm. hafa hér haft, að það sé allóviðkunnanlegt að taka þetta mál jafnoft til meðferðar og ætla því jafnmikinn tíma af fundartíma þessarar hv. d. og gert hefur verið, þar sem það var vitað, að frsm. meiri hl. landbn. gat ekki verið hér til að rökræða málið eins og vera ber og svara þeim athugasemdum, sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa hér borið fram og rökstutt, og þeim ádeilum, sem þessi hv. þm. hefur orðið fyrir vegna þeirra ummæla, sem hann hafði hér um hönd, þegar hann flutti sína stuttu framsöguræðu fyrir þessu máli.

Enda þótt málið horfi nú þannig við, að hvorugur þeirra, sem fyrir því hafa talað, sé viðstaddur, þá get ég ekki látið hjá líða að gera nokkrar athugasemdir við það, sem kom fram í ræðu hæstv. landbrh., þegar hann talaði hér fyrir þessu máli. Ég hef ekki til þessa kvatt mér hljóðs í þessu máli, fyrst og fremst vegna þess, að ég þóttist þurfa að ræða nokkur atriði við hæstv. landbrh., en hann hefur ekki verið við á fundum, og það hefur ekki verið tækifæri til þess að ræða málið við hann, og verður það eiginlega að teljast furðulegt, þar sem meiri hl. hv. landbn. flytur þetta mál að hans beiðni.

Hæstv. landbrh. sagði hér í ræðu sinni um þetta mál, m. a., að frv. þetta hefði hann beðið hv. landbn. að flytja vegna þess, að óskir um það hefðu borizt frá Stéttarsambandi bænda. Nú er að sjálfsögðu ekkert nema gott um það að segja, þegar ráðh. taka sig fram um það að fá mál flutt hér á þingi, sem áhugi er fyrir að nái fram að ganga meðal landsmanna. En svo sérstaklega stóð á um þetta mál, að þó að hæstv. landbrh. yrði var við áhuga og þrálátar óskir frá Stéttarsambandi bænda um að flytja málið, þá var honum jafnframt ljóst, að óskirnar voru ekki jafnmiklar né háværar úr ýmsum öðrum áttum. Þar á meðal var hæstv. ráðh. það að sjálfsögðu ljóst, sem hefur verið margbent á í þessum umr., að ýmsir kaupfélagsstjórar, sem hafa mjög mikið með þessi mál að gera og hafa mikla þekkingu á þeim, þar sem þeir fást við verzlun á aðalkartöfluframleiðslusvæðum landsins, voru þessu máli síður en svo hlynntir eða meðmæltir. Þetta var hæstv. landbrh. að sjálfsögðu ljóst, þegar málið var lagt fyrir þing að þessu sinni. Honum var það sömuleiðis ljóst, að þessir sömu kaupfélagsstjórar höfðu látið í það skína eða beinlínis tekið það fram, að þeir þekktu ekki til þess í sínu nágrenni og sínu umhverfi, að neinn áhugi væri fyrir því að gera skipulagsbreytingu á sölu með kartöflur.

Það verður því ekki hjá því komizt að spyrja hæstv. landbrh., hvort það sé svo, að Framsfl. taki ekkert tillit til þess, sem kaupfélagsstjórar segja, sérstaklega ekki ef þeir hafa allmikla þekkingu á því, sem þeir eru að ræða um. Það

hlyti sjálfsagt mörgum að bregða einkennilega í brún, ef það kæmi nú allt í einu upp á teningnum, að Framsfl. teldi það engu varða um viðskipti og verzlun almennings og teldi, að ekki bæri að hafa að neinu eða fara eftir því, sem kaupfélagsstjórar landsins segja í þeim efnum.

Hingað til hafa menn litið svo á, að Framsfl. gerði nokkuð með álit kaupfélagsstjóranna á þessum málum og teldi nokkru máli skipta, hvað þeir legðu til málanna í þessu sambandi. Menn hafa haft þá skoðun, að Framsfl. hefði mjög ríka tilhneigingu meira að segja til þess að telja kaupfélagsstjórana öðrum mönnum betur til þess fallna að gefa leiðbeiningar í þeim málum, er snerta verzlun almennings í landinu, og maður hefur haft tilhneigingu til þess að álíta, að Framsfl. teldi, að honum sem flokki bæri og væri hagkvæmt að beita einmitt því fyrir sig í málflutningi góðum málum til stuðnings, sem kaupfélagsstjórar segðu í því sambandi. Og ég skal játa, að ég hef verið Framsfl. að miklu leyti sammála um þessi mál að mjög verulegu leyti. Ég hef litið svo á, að góðum kaupfélagsstjórum, sem ræktu verk sitt af trúmennsku og skyldurækni og í anda samvinnustefnunnar, kaupfélagsstjórum, sem hefðu það áhugamál efst á sinni stefnuskrá að gera verzlun fólksins í landinu sem hagkvæmasta fyrir það, mætti nokkuð treysta, þeirra orðum um það, á hvern hátt og með hverju móti þetta mætti takast. Því verð ég að lýsa því yfir hér, að ég stórfurða mig á því, ef ástandið í Framsfl. er nú orðið á þann veg, að þeir vilji ekki neitt með það gera, sem kaupfélagsstjórarnir segja um verzlunarmál almennings í þessu landi, og ég verð að lýsa því einnig yfir, að mér þykir það miklu verr farið, og ég verð þá að líta svo á eða ég kemst ekki hjá því persónulega að líta svo á, að Framsfl. sé þá miklu verr staddur, miklu verr kominn, miklu lengra leiddur í íhaldsherleiðingunni en ég hafði búizt við, ef hann er nú algerlega hættur að taka nokkurt mark á orðum kaupfélagsstjóranna og treysta þeim nokkuð í sambandi við verzlunarmál almennings. Og ef þetta er svo, sem maður neyðist til að álíta með tilliti til þess, hvernig Framsfl. tekur ráðleggingum kaupfélagsstjóranna í þessum málum, þá held ég, að það sé tími til kominn að gera þessa hluti rækilega upp og leiða landsfólkinu það fyrir sjónir, á hvaða braut Framsfl. sé eiginlega og hve langt hann sé kominn á þessari braut, þegar svo sé nú komið, að hann taki meira mark á því, sem menn, ágætir menn að vísu, sem ráða yfir einu stéttarsambandi, segja um verzlunarmál almennings, menn, sem ekkert hafa þó fengizt við verzlun. Ef Framsfl. tekur meira mark á þeim en ummælum sjálfra kaupfélagsstjóranna, því, sem þeir segja um málið, þá held ég, að það sé fullkomin ástæða til þess að taka þessi mál miklu fastari tökum og gera landsmönnum grein fyrir þessu, því að það getur naumast verið, ef maður les ummæli Tímans um kaupfélögin og kaupfélagsstjóra hér á undanförnum árum og ber saman við þetta álit nú, að kaupfélagsstjórunum hafi hrakað svona mikið á þessum stutta tíma og þeir hafi orðið svo miklir fjandmenn eða andstæðingar almennings og svo umsnúnir í verzlunarmálum alþýðustéttanna, að þetta sé rétt mat hjá Framsfl. Ég get ekki búizt við því, og ég held, að það geti ekki verið. Ég held, að kaupfélagsstjórar séu þvert á móti jafnáhugasamir í dag og þeir hafa verið að undanförnu um hag almennings. Og ég held, að þeim sé jafnannt um það nú og áður fyrr að reka heilbrigða samvinnuverzlun og hugsa um kjör fólksins. Að vísu skal játað, að það hefur núna á þessum síðustu og verstu tímum margt slæðzt inn í þessa hreyfingu, sem alls ekki hefði átt að komast þangað. Og það er nú alltaf þannig, að þegar hálfgert upplausnar- og öngþveitisástand er í þjóðfélaginu, þá kemur það sjálfsögðu víða við og víðar en æskilegt er og menn höfðu búizt við. En jafnvel þó að tillit sé nú tekið til þess, að innan samvinnuhreyfingarinnar hafi gerzt ýmsir hlutir miður æskilegir, þá held ég, að það megi þó engan veginn leggja það út á þann veg, að samvinnufélögin hafi snúizt alveg öndverð gegn hag almennings í landinu. Ég held, að það sé engan veginn rétt mat né sanngjarnt.

En ef komizt er að þeirri niðurstöðu, að kaupfélagsstjórarnir séu enn þá sömu áhugamennirnir um hag og hagkvæm viðskipti almennings og verið hefur í verzlunarmálum, þá hlýtur maður óhjákvæmilega að draga þá ályktun af ummælum þeirra í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, að því sé bezt komið á þann veg, sem þess skipan er nú, og að öll skipulagsbreyting, þ. e. a. s. breyting, sem gerbreytti því skipulagi, sem nú ríkir, sé almenningi óhagkvæm og til tjóns. Þá hlýtur maður líka að velta því fyrir sér, hvernig á því skuli standa, að einn af ráðherrum Framsfl. berst hér um á hæl og hnakka til þess að fá fram þá breytingu á þessari verzlun, sem mönnum hlýtur að vera nokkurn veginn ljóst að yrði almenningi til óhagræðis og mundi, eins og kaupfélagsstjórarnir segja, sízt bæta það ástand, sem nú er og nú ríkir og að undanförnu hefur ríkt um þessi mál. Og það hlýtur þá að verða mönnum mikil ráðgáta, hvernig á því geti staðið, að einn af ráðh. Framsfl. skuli leggja sig fram í baráttu fyrir slíku máli. Menn hljóta að velta fyrir sér þeirri gátu, hvaða orsakir geti til þessa legið.

Hér við bætist svo það, að hæstv. landbrh. sagði í ræðu sinni um þetta mál hér um daginn, að hann væri sjálfur ekki alls kostar öruggur um, að það yrði mikil ánægja í landinu hjá almenningi, þó að málunum yrði skipað á þann veg, sem hann berst nú fyrir. Hann beinlínis sagði í ræðu sinni, að það mundi verða erfitt verk hjá framleiðsluráði landbúnaðarins að taka þessa starfsgrein að sér, og ráðherrann sagði enn fremur, að framleiðsluráðið væri ekki of sælt af því að eiga að hafa þetta hlutverk með höndum. Samt sem áður berst hann hér um með þvílíkum endemum, að hann hefur skapað sér algera sérstöðu hér í þinginu einmitt út af þessu máli. Að vísu hefur nokkuð svipað komið fram í öðru hliðstæðu máli, þ. e. a. s. Kópavogsmálinu á þinginu í fyrra, en í þessum tveimur málum, þessum tveimur óþarfamálum, hefur þessum hæstv. ráðh. tekizt að skapa sér algera sérstöðu. Slíkt offors og ofurkapp hefur hann lagt á þessi mál, að hann hefur ekki haft taumhald á skapi sínu hér í umr. Og manni hlýtur að verða það

umhugsunarefni, hvernig getur á þessu staðið, þegar það er í sambandi við þetta mál í fyrsta lagi viðurkennt og hlýtur að vera augljóst, að þetta er almenningi til óhagræðis, og í öðru lagi segir ráðherrann sjálfur: Ja, þeir, sem eiga að taka þetta að sér, verða sannarlega ekki of sælir af því. Það verður erfitt verk fyrir þá, það verður óánægja með störf þeirra. — Hvað getur þá legið til grundvallar því, að ráðh. berst svona um á hæl og hnakka til að koma þessu áfram? Vill hann framleiðsluráðinu svo illt að leggja á það mál, sem hann veit að verður óvinsælt og það verður ekki of sælt af að hafa? Er hann með þessu að fá framleiðsluráðinu í hendur eitthvert það verk, sem gæti bakað því slíkar óvinsældir, að það yrði neytt til að gefast upp og hætta starfsemi sinni? [Frh.]

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 9. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Bergur Sigurbjörnsson [frh.]: Herra forseti. Ég get ekki komizt hjá því að vekja athygli á því enn á ný, að þegar þetta mál kemur nú hér til umr., enn þá einu sinni, þá er hæstv. landbrh. fjarverandi eins og oftast nær áður. (**Fjmrh.**: Hann liggur á spítala.) Nú, það er gott að vita það. Ég þakka fyrir þær upplýsingar. Það var ekki tilkynnt hér í fundarbyrjun, svo að ég heyrði, og er þá fjarvera hans skiljanleg í þetta skipti. Hins vegar hefur mér ekki enn þá verið tilkynnt, að hann hafi legið á spítala þau önnur skipti, sem þetta mál hefur verið hér á dagskrá.

Ég skal þá taka það einnig fram, að það gleður mig að sjá, að hv. þm. Dal. er nú viðstaddur þessa umr., og vænti ég þess, að fleirum en mér gefist nú kostur á því að ræða þetta mál við hann, þar sem hann virðist vera hér einn til andsvara fyrir þá, sem tekið hafa þetta mál á sína arma og borið það hér fram og ýtt svo á eftir því, að það hefur nú um langt skeið verið á dagskrá á hverjum einasta fundi í þessari d. svo að segja, ein eða tvær undantekningar, og alltaf rætt meira eða minna.

Ég hafði um daginn, rétt áður en fundi var slitið, rætt nokkuð um, að það kæmi mér einkennilega fyrir sjónir, að þeir einu þm., sem virðast hafa áhuga fyrir þessu máli í þessari hv. deild, eru frá Framsfl. Frá öðrum þm. hafa ekki heyrzt nein meðmæli fyrir þessu frv. Ég sagði, að þetta vekti furðu mína, að Framsfl. skyldi berjast fyrir skipulagsbreytingu á sölu kartaflna og grænmetis, þar sem Framsfl. hefði, eins og allir vita, átt drýgstan þátt í því að koma á því skipulagi, sem nú gildir og hefur verið hér í tvo áratugi um þessi mál. Og ég tók það fram, að ekki sízt vekti þetta furðu mína vegna þess, að þeir kaupfélagsstjórar, sem mesta þekkingu hafa á þessum málum, kaupfélagsstjórar, sem verzla á þeim svæðum, þar sem kartöflur eru mest framleiddar, hafa eindregið mælt gegn þessari skipulagsbreytingu, Ég hafði alltaf staðið í þeirri meiningu, að Framsfl. vildi taka nokkurt tillit til þess og gera nokkuð með það, sem kaupfélagsstjórar segðu um verzlunarmál og hag almennings í sambandi við verzlunarmál, og þá hafði ég allra helzt búizt við því, að Framsfl. vildi taka nokkurt tillit til umsagna kaupfélagsstjóra í þessum málum, þegar það væri vitað, að þeir kaupfélagsstjórar, sem álit sitt létu í ljós um þau, hefðu alveg sérstaklega mikla þekkingu á málunum.

Það var nú hvort tveggja, að ég bjóst við, að Framsfl. mundi af pólitiskum ástæðum líta þannig á málið, og svo að hinu leytinu bjóst ég við því og hef til þessa gert fastlega ráð fyrir því, að Framsfl. meinti eitthvað með því, sem hann hefur sagt, þegar hann hefur marglýst því yfir, að hann vildi efla heilbrigða samvinnuverzlun í þessu landi og teldi þá stefnu og það, sem forvígismenn samvinnustefnunnar segja um verzlunarmál almennings, rök og rétt mál.

Mér er því óskiljanlegt nú, hvernig á því getur staðið, að Framsfl. eða nokkrir af hv. þm. Framsfl. skuli berjast fyrir því að fá þessum málum breytt þvert ofan í umsagnir þeirra kaupfélagsstjóra, sem hér hefur oft verið vitnað í og prentaðar eru í nál. minni hl. landbn. á þskj. 255.

En það er líka ýmislegt annað en þetta, sem kemur manni á óvart í sambandi við þetta mál. Hæstv. landbrh. sagði í ræðu þeirri, sem hann flutti hér um þetta mál og mun verða hv. þm. mjög minnisstæð um langan tíma af ýmsum sökum, að það væri erfitt verk að taka að sér sölu og skipulag á sölu kartaflna og annars grænmetis og Stéttarsamband bænda, sem lagt er til að fái þetta í sínar hendur, væri alls ekki of sælt af þessu erfiða verki og mundi verða fyrir ýmsu misjöfnu í sambandi við það að fá þessi mál í sínar hendur. Ég lít svo á, að þessi ummæli hæstv. landbrh. séu fyllilega réttmæt, en þá finnst mér þau líka vera mjög þung og mikilvæg rök gegn því að afhenda Stéttarsambandinu þessi mál.

Það er vitað og ljóst, að það er rétt, sem hæstv. landbrh. sagði. Stéttarsambandið verður ekki of sælt af þessu verkefni. Það er nú einu sinni svo, að um þá hluti, sem snerta nauðsynjar almennings, er fólk viðkvæmt fyrir, og það er full ástæða til að ætla, að ef t. d. hér yrði einhvern tíma skortur á kartöflum og grænmeti, sem hægt væri með réttu eða röngu að kenna þeim aðila, sem hefði með innflutning og skipulag á þessum málum að gera, og þá Stéttarsambandi bænda, eftir að það hefði fengið þessi mál í sínar hendur, þá mundi þessi óánægja bitna á Stéttarsambandinu. Og hún mundi raunverulega gera meira en að bitna á Stéttarsambandinu. Það mundi vafalaust af ýmsum aðilum verða ýtt undir þessa óánægju og henni haldið á lofti, og hún mundi færast frá Stéttarsambandinu og yfir á bændastéttina í heild. Henni mundi verða kennt um. Hún mundi verða sökuð um það, að vegna þess að Stéttarsambandið hefði fyrst og fremst í huga hagsmuni framleiðenda í þessu sambandi, þá hefði það ekki séð um að tryggja nægilegan innflutning á kartöflum, og þannig mundi það tjón hljótast af þessu, að það yrði espað til óvildar og tortryggni og misklíðar milli neytenda í bæjunum og bændastéttarinnar í heild, og held ég, að það væri mjög illa farið að gera nokkuð, sem

stuðlaði að því. Við vitum það ósköp vel, að það er fátt eins nauðsynlegt í þessu landi og að bændur og verkamenn í bæjunum læri að skilja sjónarmið hvorir annars og skilji það, að hagur þeirra og afkoma er samtvinnuð og þeim ber að standa saman, og þeir geta aldrei tryggt velgengni sína og hag, nema því aðeins að þeir standi saman. Þess vegna ber öllum mönnum, sem bera skyn á pólitíska nauðsyn þessa þjóðfélags, að vinna að því af öllu afli, að þessar tvær stéttir taki höndum saman og eyði sundrung og misklíð sín á milli og breiði yfir það, sem miður hefur farið að undanförnu í þeim málum, en leggja ekki út á þá braut að stofna til hluta, sem gætu aukið á þessa misklíð og tortryggni, sérstaklega ef óhlutvandir menn hefðu möguleika á því að ýta undir þessa tortryggni og misklíð með ýmsu móti.

Það er í annan stað rétt hjá hæstv. landbrh., að þessi ráðstöfun mundi verða óþægileg og erfið fyrir Stéttarsambandið, ef það hefði með skipulag, dreifingu og innflutning á grænmeti að gera, vegna þess að ef svo skyldi hittast á, að einhvern tíma yrði flutt inn dálítið meira en þörf væri á, en það er ákaflega erfitt að meta og gera upp hverju sinni, hversu mikið skal flytja inn af þessum vörum, — en ef nú svo skyldi til takast, að meira yrði flutt inn en nauðsyn krefði, þannig að framleiðendur innanlands ættu erfitt með að koma út sínum vörum, þá mundi skapast óánægja í garð Stéttarsambandsins af hálfu framleiðenda. Þeir mundu telja, að Stéttarsambandið bæri ekki nægilegt skyn á þessi mál og hefði ekki nægilega árvekni í starfi sínu, og frá þeirra hálfu mundi þá koma fram óánægja og tortryggni. Þannig gæti svo farið, að Stéttarsambandið yrði fyrir óánægju, ásökunum, tortryggni og alls konar aðkasti úr tveimur áttum, þ. e. a. s. bæði frá neytendum og framleiðendum. Ég álít, að þetta eitt sé eiginlega nægilegt til þess að vera ekki að fela Stéttarsambandi bænda þessi mál, sérstaklega þar sem ekki hefur enn verið sýnt fram á það, að nokkur knýjandi nauðsyn sé til þess.

Hæstv. landbrh. mælti hér nokkur orð um einmitt þetta atriði. Það var ljóst af ræðu hans, að þetta atriði hafði sérstaklega stungið í augu. Hann hafði orðið var við þetta og veitt þessu athygli. Hann sagði um þetta nokkuð svipað og ég hef sagt hér, en hans niðurstaða var þessi: Ja, þeir um það. Stéttarsambandið um það. Fulltrúarnir í Stéttarsambandi bænda um það, hvort þeir vilja taka þessa óánægju og allt, sem henni fylgir, á sínar herðar eða ekki. — En þannig má Alþingi ekki hugsa, á slíkar röksemdir má Alþingi ekki fallast, því að þetta eru engar röksemdir. Þetta er það, sem kallað er falsröksemdir.

Að sjálfsögðu er engin ástæða til að stofna til þess, að Stéttarsamband bænda verði fyrir óþarfri og ástæðulausri tortryggni og óánægju. Ég segi: Það er engin ástæða til þess fyrir Alþingi að stofna til þess, þvert á móti. Það hefur ekki komið neitt það fram í sambandi við núverandi fyrirkomulag á sölu og dreifingu á kartöflum og grænmeti, sem gerir það óumflýjanlega nauðsyn að gera skipulagsbreytingu á þessum málum. Það hafa engin rök verið flutt hér á Alþingi fyrir því, að þetta sé algerlega óumflýjanleg nauðsyn, þvert á móti. Þeir, sem hafa reynt að rökstyðja þá breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði, hafa borið fram rök gegn máli sínu, en ekki með því. En ef svo væri, sem ekki er, að hér væru uppi einhverjar þær raddir og einhver þau rök, sem gætu sannfært menn um, að það væri óhjákvæmilegt að gera skipulagsbreytingu í þessum efnum, að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins, sem hefur ein haft þessi mál til meðferðar, þá ætti að sjálfsögðu að vega og meta það, hvers konar breytingar kæmu þá til greina. Það er ljóst, og það hljóta allir að skilja, að það gætu að sjálfsögðu komið fleiri möguleikar til greina í þeim efnum en hér er um að ræða.

Lítum fyrst á þann möguleika, sem margir mundu vafalaust koma fyrst auga á, en það er að gefa þessa verzlun algerlega frjálsa, hætta að skipta sér af henni, láta hana lönd og leið, láta það ráðast, hverjir flyttu inn kartöflur og hvað mikið, hvort of mikið eða of lítið væri flutt inn af þeim á hverjum tíma, segjum bara sem svo: Ja, markaðurinn hlýtur að afmarka það með þessa vöru og hann hlýtur að geta stjórnað henni eins og hveiti, rúgmjöli og öðrum matvörum. — Ég efast ekki um, að innan Sjálfstfl. væri hljómgrunnur fyrir þessari leið. Ekki ætla ég að mæla með henni.

Næst hlyti svo að koma til umtals sú leið að fela þeim, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi, þessa verzlun, skipulag þessarar verzlunar um sölu og dreifingu og innflutning á kartöflum. En þeir, sem mestra hagsmuna hafa hér að gæta, stærsti hópurinn, eru neytendur í landinu. Og ég er raunar hissa á því, að framsóknarmenn, sem berjast fyrir þessu máli, skyldu ekki fara inn á þá leið og leggja til, að hún yrði farin í gegnum kaupfélögin. Það hefði mér fundizt eðlilegast. Við vitum, að hér er um tvo hópa að ræða, sem hafa hagsmuna að gæta.

Annar hópurinn er neytendur. Það er stærsti hópurinn, og hagsmunir neytenda í þessu sambandi eru langsamlega yfirgripsmestir og mikilvægastir. Það var því eðlilegast, ef átti að fara að gera skipulagsbreytingu á þessum málum, að þessum hóp væru fengin þessi mál í hendur í gegnum samtök sín, kaupfélög og pöntunarfélög. Hvers vegna leggur Framsfl., sem alltaf þykist hafa barizt fyrir kaupfélögunum og treyst þeim og trúað og alltaf hefur haldið því fram, að kaupfélögin mundu tryggja bezt hag neytenda, — hvers vegna leggur hann ekki til, að kaupfélögunum verði fengin þessi mál í hendur, skipulag þeirra og eftirlit með þeim? Hvers vegna berst hann ekki fyrir því, að kaupfélögin fái að tryggja það og sjá til þess, að hagur neytenda sé ekki fyrir borð borinn, þegar það er jafnframt vitað, að kaupfélögin líta á það sem aðra æðstu skyldu sína að tryggja hag framleiðenda engu síður en neytenda? Var þessum málum þá ekki bezt borgið í höndum kaupfélaganna, ef átti á annað borð að fara að gera skipulagsbreytingu á þeim?

En svo er hinn hópurinn, sem auðvitað verður að viðurkenna og sjálfsagt er að viðurkenna að hefur hagsmuna að gæta í þessu sambandi, og það eru framleiðendur. En sá hópur er bara klofinn í tvo allóskylda aðila. Og ef menn nú komast að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að gera skipulagsbreytingu á þessum málum, en þó væri ekki unnt að gefa verzlun með þessa vöru frjálsa og ekki heldur mögulegt að afhenda kaupfélögunum eftirlit með þessu og umsjón, þá hlytu þó leiðir enn að greinast um tvo möguleika, vegna þess að framleiðendur eru skiptir í tvo hópa. Ef menn vildu láta sanngirni ráða og réttsýni, þá hlytu menn að leggja til, að stærri hópnum af þessum tveimur yrðu fengin þessi mál í hendur. En hver er stærri hópurinn? Leggja þeir menn, sem nú berjast fyrir þessu máli, það til, að stærri hópnum verði falin þessi mál? Eru þeir þeim megin, sem réttlæti og sanngirni er? Nei, ekki aldeilis. Stærri hópurinn er hópur framleiðenda í kaupstöðum og kauptúnum. Það er sannað mál og hefur verið margsannað hér í þessum umr. En þessir herrar, sem berjast nú fyrir skipulagsbreytingu á þessum málum, leggja ekki til, að þessu fólki eða samtökum þess verði falið að sjá um þessi mál. Þeir munu svara því til, að þetta fólk sé samtakalaust og skipulagslaust. Það má vel vera. En það var a. m. k. innan handar að gefa þessu fólki kost á að mynda sín samtök um þetta mesta hagsmunamál sitt, en það hefur ekki verið gert.

Nei, þeir framsóknarmenn, sem fyrir þessu máli berjast, velja síðustu leiðina, þá leið, sem engin rök mæla með að sé farin, þá leið, sem ég vil segja að a. m. k. fremur lítil sanngirni og fremur lítið réttlæti mæli með að sé farin, þá leið að afhenda minnsta hagsmunahópnum, sem um er að ræða í þessu sambandi, algert einræði yfir þessu, yfir meðferð um sölu og dreifingu þessara vara. Þannig stendur Framsfl. uppi. Þannig berst hann, þannig er hans réttlæti, þannig er hans sanngirni. Það má ekki afhenda neytendum, sem eru stærsti hópurinn og hefur mestra hagsmuna að gæta, þessi mál í gegnum kaupfélögin, þó að vitað sé, að kaupfélögin telja sér jafnskylt að tryggja hag framleiðenda og neytenda í þessu sambandi. Maður skyldi þó ætla, að Framsfl. hefði einhvern tíma talið sér standa það næst að koma með slíka till. Hefur það allt verið hræsni og beinn uppspuni, sem Framsfl. hefur sagt um afstöðu sína til samvinnustefnu og samvinnufélaga að undanförnu? Maður hlýtur að fara að spyrja slíkra spurninga.

En þegar maður hugleiðir þessi mál og sér, hve Framsfl. hefur slæman málstað í þessu efni, hve algerlega rök hans eru í andstöðu við heilbrigða skynsemi, réttlæti og sanngirni, þá hlýtur maður að fara að velta því fyrir sér, hvort það geti aðeins verið í þessu eina máli, sem þannig er ástatt. Er það eiginlega hugsanlegt? Er ekki miklu sennilegra, að þannig gæti ástandið verið hjá Framsfl. í miklu fleiri málum en þessu og þá alveg sérstaklega í skyldum málum þessu? Það stendur nefnilega svo á, að hér inn á þing hafa verið flutt mál, sem eru alger hliðstæða þessa máls, sem hér liggur fyrir. Hér hafa verið fluttar till. um að leggja niður ríkisfyrirtæki, ríkisstofnanir, sem við höfum hingað til talið að hefðu verið settar á stofn í þágu almennings og með heill almennings fyrir augum, ríkisfyrirtæki, sem Framsfl. barðist fyrir að koma á fót, alveg á sama hátt og grænmetisverzluninni og í sama tilgangi, að því er þá var sagt.

Framsfl. hefur talið okkur trú um og rökstutt það hér á undanförnum þingum, að þessar stofnanir, sem eru alveg hliðstæðar grænmetisverzluninni, eins og skipaútgerðin og ferðaskrifstofan, væru góðar stofnanir og það væri illt verk að leggja þessar stofnanir niður. En þegar við sjáum rök framsóknarmanna og hvernig þeir berjast fyrir því að leggja niður grænmetisverzlunina, þá hljótum við að fara að hugsa sem svo: Ja, fyrst Framsfl. getur borið á borð fyrir okkur svona rangt mál snertandi grænmetisverzlunina, er hann þá ekki með jafnröng rök í vörn sinni fyrir skipaútgerð og ferðaskrifstofu? Er það nú ekki alveg ljóst orðið, að það, sem tryggir bezt hag almennings, sé að halda grænmetisverzluninni, en leggja niður skipaútgerð og ferðaskrifstofuna? Þannig hlýtur maður að álykta „analógískt“ a. m. k., og ég held, að það sé kominn tími til þess, sé full ástæða fyrir stjórnarandstöðuna að taka þessi mál til alvarlegrar og rækilegrar athugunar. Ég held, að stjórnarandstaðan verði að fara að gera það upp við sig í eitt skipti fyrir öll, ef það á að fara að ganga hér til verks og skera niður fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið með almenningsheill fyrir augum í þessu landi, að láta þá allt draslið „rúlla“, taka það allt á einu bretti, hætta að veita Framsókn aðstoð gegn íhaldinu í því að vernda skipaútgerðina og ferðaskrifstofuna. Og það væri hægt að ganga lengra. Sjálfstfl. væri vafalaust til með að afnema áfengisverzlun ríkisins og selja áfengi í hvaða verzlun sem er um allan bæ og láta kaupmenn og einstaklinga hirða gróðann. Það er vel til athugunar líka. Ef á annað borð á að fara að gera þetta þjóðfélag vitlaust, þá er bezt að það sé gert rækilega. Það þýðir ekkert að vera að gera þetta í smápörtum. Ég held, að Framsfl. ætti að gera sér fulla grein fyrir því, að menn hljóta að fara að beita hér öðrum aðferðum en þeir hafa gert að undanförnu, ef hann ætlar að haga sér eins og þetta mál ber vitni um.

En það er nú ekki aðeins það, að öll rök þessara tveggja framsóknarmanna, sem hér hafa talað fyrir þessu máli, séu jafnendemisleg og ég hef hér rakið stuttlega, heldur er allur málflutningur þeirra í þessu sambandi á einn veg.

Það var bent á það hér af öðrum en mér í upphafi þessarar umræðu, að hér væri verið að gefa hættulegt fordæmi með því að afhenda þeim hluta framleiðenda, sem framleiðir minni hlutann af kartöflum landsmanna, alger yfirráð yfir allri kartöflframleiðslunni, einnig meiri hlutans, sem þeir framleiða ekki, og það var bent á það með mjög skýrum rökum, að þetta gæti dregið dilk á eftir sér og haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, þetta væri sem sagt mjög hættulegt fordæmi. Þá kom hæstv.

landbrh. hér upp í ræðustólinn og sagðist ekki skilja, að þetta gæti verið neitt hættulegt fordæmi. Hann sagði þau spaklegu orð, að sér væri ekki kunnugt um, að þessi háttur væri neins staðar hafður á í þjóðfélaginu um nokkurn hlut og þess vegna gæti þetta ekki verið hættulegt fordæmi. Nú skildi að sjálfsögðu enginn hið rökræna samhengi í þessum orðum ráðherrans, en það hefur síðar komið í ljós, að það var ekki við betra að búast. Skynsemin var ekki meiri, það var ekki af meiru að taka. Svona hlaut málflutningurinn að vera eftir málefninu. Þegar verið er að skapa fordæmi, þá skilja þessir menn ekki, að það sé fordæmi, sem þeir eru að skapa, og halda, að það sé ekki fordæmi, af því að ekkert annað hliðstætt sé til.

Margt fleira þessu líkt mætti að sjálfsögðu tilfæra hér. Ég nenni ekki að elta ólar við það. En fyrir utan málflutninginn er líka handbragðið á þessu öllu saman, frv. sjálft og frágangur þess, alveg nákvæmlega í sama dúr, nákvæmlega sama endileysan. Þetta hefur nú verið rakið hér allýtarlega og sérstaklega af hv. 3. landsk. þm., og skal ég ekki fara neitt út í það. Hann hefur sýnt fram á það, hvernig frv. er, hvernig orðalagið er á því, hvernig gengið er frá því, t. d. þar sem talað er um að selja hér stórar eignir, sem grænmetisverzlun ríkisins á. Það er ekki talað um, hverjum á að selja né fyrir hvað. Það má alveg eins selja þetta fyrir eina krónu eins og tvær krónur eða þrjár milljónir. Það er alls ekki gert ráð fyrir því, að Stéttarsamband bænda, sem hefur ekkert rúman fjárhag, þar sem því er ekki lagt neitt fé nema það, sem það hefur af afurðum bænda ofur lítið til starfsemi sinnar, — það er alls ekki gert ráð fyrir því, að það geti keypt þessar eignir, sem grænmetisverzlunin á, á því verði, sem þær yrðu metnar í dag. Þess vegna mætti raunverulega hugsa sér, að það ætti bara að afhenda þessar eignir fyrir einhvern smápening.

En þá hlytu menn nú að fara a. m. k. að fá ástæðu til að líta ýmsum augum á þá ráðstöfun. Þessar eignir grænmetisverzlunar ríkisins eru byggðar upp fyrir almannafé, og það virðist nokkuð einkennilegt, ef það á að fara að afhenda samtökum, þó að það séu samtök nokkurra manna, þessar eignir fyrir sama og ekki neitt, gefa þeim þær kannske. Og allt er frv. á þessa bók lært og eiginlega sýnilegt, að nefndarmenn, sem hafa dregizt út í að flytja þetta fyrir tilmæli hæstv. landbrh., hafa haft einhverja óbeit á málinu. Það hlýtur að vera. Annars hefðu þeir ekki getað gengið svona frá því.

Ég hef nú rakið það í örfáum orðum, hvernig öll rök mæla gegn samþykkt þessa frv., líka það, sem þeir hafa sagt, sem hafa verið að berjast fyrir því, það hefur allt mælt gegn því einnig. Og þá hljóta menn að spyrja: Hvernig stendur þá á því, að verið er að ýta þessu máli hér fram og það með slíku ofurkappi, að maður hefur ekki stundlegan frið fyrir því? Það er tekið fyrir á hverjum fundi, og það eru tveggja og þriggja tíma umr. um málið af hálfu stjórnarandstöðunnar, en flm. láta ekki sjá sig, þeir fást ekki til að rökræða málið. Hvernig stendur nú á öllu þessu ofurkappi? Ég skal játa, að um það veit ég ekkert. Ég get að sjálfsögðu eins og allir aðrir reynt að mynda mér einhverjar skoðanir á því. Það hljóta að liggja einhverjar ástæður til þess arna. Það hefur enginn fundið upp á þessu aðeins að gamni sínu. Varla held ég, að mönnum hafi dottið þetta í hug af þeirri ástæðu einni, að það hefur verið skrifuð heilmikil biblía, anzi skemmtileg, um þessi mál, af manni með ákaflega fínan embættistitil, M. B. A. eða eitthvað svoleiðis, gott ef það eru ekki fleiri stafir í titlinum. Ég held, að það geti varla verið ástæða til þess, að menn fari að þuma þessu máli hér áleiðis þing eftir þing og fund eftir fund. Það hljóta að vera einhverjar veigameiri ástæður fyrir hendi. Það er alveg áreiðanlegt, að ef tekið er tillit til þess, hve málið er veikt frá rökrænu sjónarmiði og frá sjónarmiði heilbrigðrar skynsemi, þá getur ekki annað verið en að eitthvað búi á bak við og það eitthvað meira en lítið.

Mér verður það á að hugsa sem svo, hvort það geti nú ekki verið, að aldarandinn sé hér að verki. Ég skal játa, að mér er vel kunnugt um það, að þeir menn, sem nú ráða málefnum Stéttarsambands bænda, eru miklir ágætismenn, grandvarir og réttsýnir menn. En illur aldarandi getur spillt hinum beztu mönnum, og við vitum, hvernig umhorfs er hér í viðskiptalífi Reykjavíkur. Menn, sem eru hér langdvölum í Rvík, eins og þeir, sem ráða í Stéttarsambandi bænda, eiga það á hættu, hvort sem þeir vilja eða vilja ekki, að sýkjast af þessum anda, að sýkjast af þeirri spillingu, sem hér ræður ríkjum í dag. Það er enginn efi á því, að þeir eru svo skarpskyggnir, þeir menn, sem ráða málefnum í Stéttarsambandi bænda, að þeir hafa komið auga á það, hvernig þeir menn í ýmsum öðrum atvinnugreinum, t. d. fiskeinokuninni, hafa komið ár sinni fyrir borð, sem hafa smeygt puttunum inn í hringrás þeirrar framleiðslu og hafa valdhafana að baki sér. Þeir hafa séð, að þar velta stórar fúlgur, og þar er ekki mikið eftirlit með, hvort allt er heiðarlega fengið eða ekki, og þetta hefur áhrif. Það er ekkert eins smitandi eins og svona hlutir. Það er enginn sjúkdómur jafnhættulegur einu þjóðfélagi eins og þetta. Þarna liggur hættan, sem getur tortímt heilum þjóðum, en ekki í einhverjum pestum. Við erum alveg öruggir fyrir þeim, en hér er mikil og geigvænleg hætta, og hún er þeim mun meiri sem fleiri heiðarlegir og grandvarir menn sýkjast, því að það verður til þess, að almenningur fer að líta svo á, að hið spillta viðskiptasiðferði sé hið eðlilega og sjálfsagða, alveg sérstaklega þegar heiðarlegir menn, sem allir vissu að voru svo, eru komnir út í það. Ég óttast, að þannig sé þessum málum háttað. Ég játa, að ég veit það ekki, en ég óttast það. Og eitthvað er það áreiðanlega, þegar jafnmikið er þrýst á um þessi mál og raun ber vitni. En ef svo væri, ef ótti minn hefði við rök að styðjast, þá hefði Alþingi sannarlega ástæðu til að koma í veg fyrir, að þetta mál næði fram að ganga. Menn munu segja: Ekki er nú þetta líkt fiskeinokunarhringunum, heldur er nú þetta umfangsminna en þeir. —

Vissulega. En menn taka ekki alla höndina í einu, einn og einn fingur; þannig er byrjað. Smátt fyrst, færa sig svo upp á skaftið, það er aðferðin. Og ef Alþingi ætlar að vera á verði í þessum efnum, eins og því ber skylda til, þá ber því líka að hindra fyrst það smáa, til þess að það stóra fylgi ekki í kjölfarið.

Mér er kunnugt um það, að Stéttarsamband bænda hefur um nokkur ár haft jarðhúsin hér í Reykjavík og leigt þau út og haft af þessu laglegar tekjur. Það skyldi þó ekki vera, að þetta hafi orðið til þess, að þeir komu auga á frekari aðgerðir með kartöflur en aðeins að leigja almenningi hólf til að geyma þær í. Ég veit það ekki, en ég óttast það. Og alveg sérstaklega óttast ég það, þegar þeir menn, sem hafa barizt hér fyrir þessu máli, flytja mál sitt á þann hátt, sem þeir hafa gert.

Hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. þm. hafa talað hér tvisvar í þessari umr., og mér er ekki ljóst, hvort þeim gefst nú tækifæri í þessari umr. til þess að flytja hv. þm. Dal. þau orð, sem þeir hafa til hans talað að honum fjarverandi. En það vil ég láta hv. þm. Dal. vita, að það voru ófögur orð og það ekki að ástæðulausu. Og ég vil flytja honum þau skilaboð, ef þessir tveir hv. þm. skyldu ekki fá tækifæri til að gera það sjálfir, að þeir hafa vitt mjög ummæli þau, sem hann viðhafði hér við umr. þessa máls um það, að það væri nú ekki mikið mark takandi á því, sem þeir menn, sem hafa staðið fyrir grænmetisverzlun ríkisins og stjórnað þessum málum um 20 ára skeið, segðu um þá breytingu, sem hér er á borð borin, vegna þess að þessir menn væru aðeins að verja starf sitt. Þeir hafa ekki að ástæðulausu, hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. landsk., vitt þessi orð, jafnframt því sem þeir hafa bent á, hvílík fjarstæða þau eru. Þeir hafa bent á það, að Sjálfstfl. hefði meira að segja aldrei dottið í hug að halda svona nokkru fram í umræðum hér á þingi um skipaútgerð ríkisins og ferðaskrifstofuna, enda þótt í báðum þeim málum hafi legið hér fyrir umsagnir frá þeim mönnum, sem þar höfðu mest að segja, höfðu stjórnað þeim fyrirtækjum um langan aldur, ummæli, sem lögðu gegn þeim till., sem hér höfðu verið bornar fram um að leggja þessi fyrirtæki niður. Það var tekið sem framlag í málið og rök gegn því að leggja fyrirtækið niður. En nú ætlar Framsfl. að snúa þessu við og segja: Þetta eru meðmæli með því að leggja fyrirtækið niður. Þessir menn eru bara að verja atvinnu sína og tekjur sínar og lífsafkomu. Það er ekkert mark takandi á því, sem þeir segja. — Og ég vil, jafnframt því sem ég flyt hv. þm. Dal. þessi ummæli, taka undir þau ásamt hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. þm. Ef svona á að fara að tala hér á þingi, þá skulum við minnast þess næst, þegar borin verður fram till. um að leggja skipaútgerðina niður. (Gripið fram í: Hún liggur fyrir.) Jæja, hún liggur fyrir. Það grípur einhver fram í og segir, að hún liggi fyrir. Já, þá skulum við minnast þess nú þegar. Nei, ég held, að framsóknarmönnunum, sem hafa verið að berjast fyrir þessu máli, væri nú sæmst að fara til forseta og biðja hann að taka það aldrei á dagskrá framar og hreyfa því aldrei hér á þingi. Þeir hafa þegar hlotið nógan vansa af því. Mér er ekki svo illa við Framsfl., að ég vilji, að hann eyðileggi sig á máli eins og þessu. Og þó vil ég umfram allt, að hér á þingi sé tekið eitthvert skynsamlegt tillit til þess, sem landsmönnum er fyrir beztu, eða a. m. k. til þess, sem flestum landsmönnum er fyrir beztu, en ekki að Alþingi sé beitt fyrir æki fárra manna.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni, enda hef ég möguleika til að tala aftur við þessa umr. og mun vissulega gera það, ef tilefni gefst til. Þess vegna held ég, að ég láti máli mínu nú lokið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka til máls um þetta frv., en mér hefur fundizt, að gangur þess hér á Alþ. væri með þeim hætti, að það væri ekki óeðlilegt, að umr. um það yrðu nokkuð langar og kynnu að koma allvíða við. Því er ekki að neita, að það vekur strax athygli manna, þegar flutningsmenn og hvatamenn eins máls forðast að mæta í umræðum; þeir hverfa sem lengst þeir geta frá þingsalnum, þegar málið er á dagskrá, en hins vegar virðist aftur vera rekið á eftir gangi málsins í umræðum hér með óvenjulegum krafti. Þetta hlýtur strax að vekja athygli manna, hvað raunverulega sé hér á seyði. Svo kemur vitanlega í ljós við nánari athugun á málinu, að það er allmargt, sem hér liggur á bak við. Það er ekki í raun og veru einvörðungu um þá litlu breytingu að ræða, sem frv. sjálft felur beinlínis í sér.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því sem meginbreytingu, að ein af stofnunum ríkisins, grænmetisverzlun ríkisins, verði lögð niður og sú starfsemi, sem hún hefur haft, verði færð yfir til annars aðila, sem er á vegum Stéttarsambands bænda eða framleiðsluráðs landbúnaðarins, en framleiðsluráð landbúnaðarins er, eins og kunnugt er, kosið og skipað af Stéttarsambandi bænda.

Ef maður fyrst athugar nokkuð þessa breytingu, sem hér er stefnt að, þá hlýtur að vakna sú spurning, hvort hér sé um að ræða almennt áhugamál bænda í landinu, hvort þeir hafi barizt fyrir þessu máli á undanförnum árum, gert samþykktir um það og beint óskum sínum um það til Alþingis. Mér er ekki kunnugt um það, og það hefur ekki komið hér fram í þessum umr. Ég hef hvergi orðið var við það, að samtök bænda svona almennt séð úti á landsbyggðinni létu þetta mál til sín taka eða þau hefðu nokkurn sérstakan áhuga í þessu efni. Hitt er aftur rétt, að það hefur komið fram nokkrum sinnum á fundum Stéttarsambands bænda, að þar virðist hafa verið nokkur áhugi fyrir því að koma þessari breytingu fram. En það hefur líka verið okkur kunnugt ýmsum, að Stéttarsamband bænda hefur verið sett saman á nokkuð sérstakan hátt. Þar hefur verið mjög gætt jafnvægis á milli Framsfl. og Sjálfstfl. Þar hefur helmingaskiptareglan verið mjög höfð í heiðri. Og það er alveg vitanlegt mál, að sjálfstæðismenn í þeim samtökum hafa litið svo á,

að ekki væri óeðlilegt, að t. d. þeim þætti í afurðasölumálum bænda, sem hefur snúið að grænmetisverzlun ríkisins, yrði skipt upp á milli þessara tveggja stóru aðila, að Framsfl. yrði þar ekki látinn fara einn með völd, eins og hann hefur gert óneitanlega í grænmetisverzlun ríkisins á undanförnum árum, en réttara væri, að helmingafyrirkomulagið fengi að komast þarna að, og hefði þá hvor aðili sinn réttláta hlut. En þó að Stéttarsamband bænda undir þessum kringumstæðum hafi gert nokkrar samþykktir um það til stjórnarflokkanna að óska eftir þessum breytingum, þá er það ekki hið sama og að bændastéttin almennt í landinu óskaði eftir breytingunum. Það á á engan hátt við það, að félagssamtök bænda og venjulegir bændafundir hefðu áhuga fyrir málinu og hefðu látið það koma fram t. d. í almennum fundarsamþykktum.

En þá vaknar eðlilega sú spurning, hvort það sé eðlilegt eða rétt, að pólitísk kaupsýsla eigi að komast inn í þetta mál, vegna þess að þessir tveir stóru flokkar, sem hafa skipt með sér völdum í Stéttarsambandi bænda, gera nú kröfur hvor til annars í hverju einstöku tilfelli um það, að jafnvægi þeirra á milli sé haldið, — hvort það sé í rauninni eðlilegt, að það sjónarmið fái að komast að í sambandi t. d. við sölu á grænmeti eða kartöflum.

Eins og hér hefur margsinnis verið bent á, er sala á garðávöxtum vitanlega stórfellt hagsmunamál neytenda í landinu, og sjónarmið neytenda hljóta því að verða mjög ofarlega, þegar þessum málum er ráðið til lykta. Og verði hagsmunir neytenda bornir fyrir borð í skipulagsmálum eins og þessum, þá er ákaflega hætt við því, að afleiðingar kunni að verða tilfinnanlegar á eftir og geti komið fram í ýmsum myndum. Ég held því, að allt pólitískt brask í þessum efnum sé í mesta máta varhugavert og óheppilegt. Svo er hitt að athuga, hvort hér er raunverulega um að ræða svo mikið eða á slíkan hátt eðlilegt mál framleiðenda eða bænda, að þessi samtök, stéttarsamtök bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins, séu sjálfkjörinn aðili til þess að fara hér með þessi mál.

Ég hef veitt því athygli í þessum umræðum, að á það hefur verið bent og því hefur ekki verið mótmælt, að samkv. síðustu framleiðsluskýrslum sýnir sig, að meiri hlutinn af framleiðslu á kartöflum í landinu er framleiddur í kaupstöðum og kauptúnum landsins, en minni hlutinn í sveitum. Og samkv. þessum skýrslum sýnir það sig einnig, að þáttur kaupstaða og kauptúna hefur farið vaxandi, en hundraðshluti af framleiðslunni frá hálfu sveitanna hefur heldur farið minnkandi. Það er því í mesta máta óeðlilegt að halda því fram, að hér sé sérstaklega um málefni bænda að ræða og að þeir eigi einir að fara með þessi mál og ráða yfir þeim í öllum greinum.

Ég sé ekki annað betur eftir þessum upplýsingum, sem hér liggja fyrir, en að hér sé í raun og veru af Stéttarsambandi bænda og framleiðsluráði landbúnaðarins verið að gera kröfu um það, að að því leyti til sem þessir aðilar fara með umboð bænda fái þeir einir allan rétt um sölumál garðávaxta í umboði fyrir minni hluta framleiðenda.

Svo kemur aftur hinn þáttur málsins, sem snýr að því, þó að svo stæði á, að þessir aðilar, Stéttarsamband bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins, færu með allt umboð þessara framleiðenda, sem hér eiga hlut að máli, hversu eðlilegt það sé í sjálfu sér, að framleiðendurnir fái einir allt vald um fyrirkomulag þessara mála. Er það t. d. eðlilegt, að kartöflframleiðendur í landinu ráði einir yfir því, hvort kartöflur eru fluttar inn til landsins eða ekki og hvort slíkt er gert að meira eða minna leyti? Mundi slíkt ekki fela í sér verulegar hættur fyrir hagsmuni neytenda í landinu? Ég hygg, að það muni allir viðurkenna, að það sé veruleg hætta á því, jafnvel þó að um væri að ræða þá umboðsmenn framleiðenda, sem væru tiltölulega réttsýnir. Eru þá líka einhver fordæmi um, að hliðstætt skipulag sé tekið upp fyrir aðra framleiðendur í landinu? Hafa t. d. framleiðsluráð landbúnaðarins og Stéttarsamband bænda með sölu á öðrum framleiðsluvörum landbúnaðarins að gera? Hefur framleiðsluráð landbúnaðarins með sölu á kjötvörum að gera? Nei. Hefur það með sölu á mjólkurvörum að gera? Nei. Því er ekki þannig háttað. En nú óskar það eftir að fá vald til þess að hafa með alla sölu á garðávöxtum að gera og taka þannig að sér bein verzlunarstörf. Þetta skýtur því í fyrsta lagi skökku við, þegar þetta er borið saman við önnur hliðstæð efni. E. t. v. er það meiningin hjá Stéttarsambandi bænda og framleiðsluráði landbúnaðarins, að þetta verði fyrsta skrefið í þessa átt, að þessar stofnanir taki í sínar hendur alla afurðasölu landbúnaðarins, en ekki hefur komið fram í sambandi við þetta mál, að það væri ætlunin.

Og hvernig færi nú, ef þetta skipulag væri svo útfært á aðrar greinar í landinu? Ef framleiðendur að garðávöxtum eiga að hafa rétt til þess að verzla einir með alla garðávexti og hafa einkarétt til slíks, væri þá ekki t. d. á sama hátt alveg jafnréttlátt, að t. d. útgerðarmenn fengju þá einkarétt til þess að verzla einir allra með allar fiskafurðir í landinu? Væri ekki nákvæmlega jafnmikill réttur t. d. fyrir landssamband útgerðarmanna, sem er stéttarsamband þeirra, eins og fyrir Stéttarsamband bænda, sem er stéttarsamtök bændanna í landinu, að krefjast þess, að landssamband útgerðarmanna yrði löggilt frá Alþ. sem hinn eini rétti aðili til að mega verzla í landinu með allar sjávarafurðir? Þá ætti að leggja niður alla venjulega fisksala, bæði sem reka það í heildsölu og smásölu, og útgerðarmennirnir ættu sjálfir að stjórna þessu og að sjálfsögðu, eins og framleiðsluráð landbúnaðarins, að ákveða um verðlag á þessu í hverju einstöku tilfelli og vitanlega taka að sér innflutning á sjávarafurðum, sem nokkur er, þótt einkennilegt megi virðast. Ég get ekki séð, hvaða frambærileg rök ættu að vera fyrir því að neita þessum samtökum um þessa séraðstöðu þeim til handa, ef landbúnaðurinn á að fá þetta í þessum tilfellum í sambandi við garðávextina.

Tökum enn fleiri aðila. Það eru til líka

stéttarsamtök iðnaðarmanna í þessu landi, Landssamband iðnaðarmanna. Iðnaðarmenn hafa líka með að gera alls konar framleiðsluvörur sínar, söluvörur sínar. Er þá ekki nákvæmlega jafnsjálfsagt að veita þessum stéttarsamtökum einkarétt með lögum frá Alþ. til þess að selja alla framleiðslu iðnaðarins í landinu og ákveða verð á hverja einstaka grein, eins og Stéttarsamband bænda hefur nú á óbeinan hátt í gegnum framleiðsluráð landbúnaðarins?

Ég er alveg viss um það, að forgöngumenn þessa máls, a. m. k. ef þeir stæðu frammi fyrir því, að orð þeirra gætu orðið að gildandi lögum, mundu segja: Þetta kemur vitanlega ekki til nokkurra mála. Það er alveg útilokað, að við förum að leyfa stéttarsambandi iðnaðarmanna í landinu slíkt gífurlegt vald, sem fælist í þessu. — Og ég er líka alveg sannfærður um það, að forgöngumenn þessa máls mundu á sama hátt segja: Það kemur ekki heldur til mála að veita útgerðarmönnum þessa aðstöðu í sambandi við sölu á öllum fiski í landinu. — Þeim mundi ekki lítast á þetta fyrirkomulag. En þeir verða þó að játa, að það er nákvæmlega hliðstætt þessu, sem þeir eru að fara fram á sínu stéttarsambandi til handa, að það fái einkaaðstöðu til þeirrar verzlunar, sem ríkið hefur haft með höndum að undanförnu og hefur vitanlega átt að reka með hagsmuni neytenda í landinu fyrir augum. En þó vildi ég segja það, að þetta er að því leyti til verra í þessu tilfelli frá hálfu Stéttarsambands bænda og framleiðsluráðs landbúnaðarins, að þeir fara raunverulega ekki með umboð nema þá í mesta lagi minni hlutans af framleiðendum garðávaxta í landinu.

Nei, fordæmi fyrir söluskipulagi á þeim grundvelli, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er ekki að finna. Og það er ábyggilegt, að það er almannarómur, að það mundi vera óæskilegt að skapa slíkt fordæmi og það mundi mjög kippa úr eðlilegu lagi því litla öryggi, sem þó er til í okkar landi í sambandi við afurðasölu eða vörusölu og hagsmuni neytenda í landinu.

Þá er hitt atriðið í þessu efni, að með þessu frv. er lagt til, að ríkisfyrirtæki, sem starfað hefur um margra ára skeið, verði lagt niður. Það er engin launung á því, að einn flokkur hér á Alþingi hefur það sem beint stefnumál, að hann vill leggja sem mest niður af þessum ríkisfyrirtækjum. Það er Sjálfstfl. Hann telur, að einstaklingsframtakið eigi að annast þau verk, sem ríkisfyrirtækin nú annast. Hann telur, að hin frjálsa samkeppni sé hollust og bezt í þessum efnum, en að afskipti ríkisins séu til óþurftar fyrir landsmenn. Þetta er skoðun Sjálfstfl. Framsfl. hefur hins vegar ekki haft þessa skoðun. Hann hefur talið, að þó að hann væri ekki almennt ríkisrekstrarflokkur, þannig að hann vildi mæla með ríkisrekstri almennt og yfirleitt, þá hefur hann þó mjög greinilega látið í ljós, að hann vildi standa að ríkisreknum fyrirtækjum í ýmsum tilfellum, þar sem almannaheill skipti og þar sem málum væri þannig komið, að það væri á ýmsan hátt hættulegt að láta einstaklingssjónarmiðið fá að ráða öllum úrslitum. Þetta hefur verið yfirlýst sjónarmið Framsfl., m. a. í sambandi við grænmetisverzlun ríkisins. Hann hefur talið, að þessi verzlun ætti að starfa áfram, hann hefur talið sér það til gildis að koma þessari verzlun á, og hann hefur líka haft með stjórn hennar að gera á undanförnum árum. Hlutverk þessarar stofnunar var og er að annast það, að neytendur í landinu eigi jafnan kost á því að fá garðávexti eftir þörfum og við sem sanngjörnustu verði, þó þannig, að þess sé jafnan gætt, að innlend framleiðsla sé notuð til hins ýtrasta, það sé greitt fyrir henni og henni komið á sölumarkað, þannig að hagsmunir framleiðenda í þessum efnum séu sem bezt tryggðir, en jafnframt hagsmunir neytenda þó metnir á eðlilegan hátt. Þessi verzlun hefur svo verið rekin þannig, að það hefur átt að tryggja það, að framleiðendur yrðu ekki í gegnum þessa verzlun skattlagðir á neinn hátt að óþörfu, og svo á hinn hátt gagnvart neytendum þannig, að verzlað væri sem mest á sannvirðisgrundvelli og garðávextir ekki hafðir dýrari en beinlínis væri óhjákvæmilegt.

Ef einkasjónarmiðið hefði fengið að ráða í þessum efnum, þá er alveg víst, að þá hefði gróðasjónarmiðið verið sett efst. Þá hefði verið flutt inn mikið af garðávöxtum, meira og minna án tillits til innlendrar framleiðslu, ef slíkt hefði gefið hagnað fyrir þann, sem hafði með söluna að gera. Og það er ósköp hætt við því, að þá hefðu jöfnum höndum borizt miklar umkvartanir, bæði frá innlendum framleiðendum og eins frá neytendum í landinu. En nú bregður svo við, að Framsfl. virðist fallast á að leggja niður þessa ríkisstofnun, sem hann kom á fót og hann hefur stjórnað og ekki hefur orðið vart við að væri kvartað neitt sérstaklega undan, a. m. k. ekki meira en ýmsum öðrum ríkisfyrirtækjum eða opinberum stofnunum, sem alltaf vitanlega liggja undir meiri og minni gagnrýni. Nú bregður svo við, að hann allt í einu þýtur til og vill leggja þessa stofnun niður án þess að færa fram fyrir því nein rök, sem maður getur komið auga á og gætu stuðlað að því, að hið nýja skipulag gæti tekið hinu eldra fram á nokkurn hátt. Það er ákaflega eðlilegt, að hugur manna í þessu efni beinist að því, hvort hér sé um almenn skoðanaskipti hjá Framsfl. að ræða eða ekki, hvort hann sé t. d. að hneigjast að því, að rétt sé um öll ríkisreknu fyrirtækin, sem Sjálfstfl. hefur á undanförnum árum iðulega minnzt á að leggja niður, að þau skuli lögð niður. Nú liggur t. d. hér fyrir Alþ. till. um að leggja niður skipaútgerð ríkisins. Og það væri í þessum umræðum ákaflega fróðlegt að heyra það frá hendi framsóknarmanna, hvort þeir hafi eitthvað skipt um skoðun í þeim efnum, hvort þeir álíta nú, að rétt sé að hætta við ríkisreksturinn í þessum efnum, sem átti að tryggja eins góða þjónustu við fólkið og tök væru á, en t. d. að hverfa að því ráði að afhenda öðrum skipafélögum í landinu, sem fyrir eru, eins og Sjálfstfl. hefur lagt til, rekstur skipaútgerðarinnar og skipin og ætlast til þess, að þau önnuðust þá þessa þjónustu áfram. Við, sem getum ekki fallizt á, að rétt sé að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins, lítum einmitt svo á, að það sé á ýmsan hátt mjög sambærilegt með skipaútgerð ríkisins, mjög sambærilegt á ýmsa lund. Og það eru til mörg önnur ríkisrekin fyrirtæki, sem falla undir þetta sama. Ég vildi t. d.

spyrja um ríkisfyrirtæki, sem einu sinni var mikið talað um að leggja niður af sjálfstæðismönnum, en það er landssmiðjan. Þar hefur ríkið rekið stórt og myndarlegt fyrirtæki, en það er mjög sams konar stofnun og einkareksturinn hér í bænum hefur með höndum. En landssmiðjan hefur átt að halda uppi mjög margvíslegri þjónustu, sem hefur skipt miklu máli fyrir ríkið og þegnana í landinu að vita um að eðlileg verðlagning væri hjá, enda er ég ákaflega hræddur um, að ef landssmiðjan væri ekki, þá mundu stór viðskipti ríkisins við hliðstæðar smiðjur hér, þegar til dæmis um stórverk er að ræða eins og brúarbyggingar og margt annað, og þá mundi verðlag á slíku frá hálfu einkarekstrarins vera talsvert annað en það er nú í dag, meðan landssmiðjan er til þess að standa á verði um verðlagið og opinbert eftirlit getur verið í öllum greinum á rekstrinum þar frá hálfu Alþingis. — Það sama er að segja um fiskiðjuver ríkisins. Það eru uppi háværar raddir um að taka það úr eign ríkisins og afhenda það einkarekstri. Er það kannske að verða skoðun Framsfl., að það *eigi þarna að fallast á sjónarmið* Sjálfstfl.? Á yfirleitt að ganga á þessar ríkisstofnanir og leggja þær niður eina af annarri, en þær eru ýmsar fleiri en ég hef hér nefnt?

Þá kemur enn eitt í þessu máli, sem innt hefur verið eftir af fleirum en mér, að það er ekki hægt að sjá á þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, hvaða aðili það er í raun og veru, sem á að taka við grænmetisverzlun ríkisins eða þeirri starfsemi, sem hún hefur haft með höndum. Það er að vísu sagt, að þessi starfsemi skuli vera framvegis í umboði framleiðsluráðs. Það þýðir sem sé, að framleiðsluráð landbúnaðarins getur falið einhverjum aðila eða einhverjum aðilum að annast þennan rekstur. Og í 4. gr. frv. er beinlínis sagt, að leyfi í þessu efni til rekstrarins skuli veita til eins árs í senn. Það virðist því vera, að um leið og á að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins og ríkið á að afhenda þar verulega miklar eignir, þá liggur ekki einu sinni ljóst fyrir, hvaða aðili það er, sem á að hafa með rekstrinn að gera framvegis. Hitt liggur fyrir, að framleiðsluráð fær vald til þess að framselja þennan rekstur í hendurnar ýmist á þessum eða hinum, eftir því sem meiri hluti kann þar að standa til í framleiðsluráði hverju sinni. Þetta þykir mér alveg furðulegt ákvæði í frv. Skárra hefði þó verið, að það hefði verið hér bindandi ákvæði um það, að sett skyldi á stofn sérstök grænmetisverzlun, sem þá væri eign einhverra tiltekinna aðila, og að sú verzlun skyldi starfrækt samkvæmt þar til settum reglum af Alþingi, sem sé samkvæmt lögum. En því er nú ekki að heilsa. Framleiðsluráð fer fram á að fá þetta vald í sínar hendur og hafa rétt til þess að framselja það, ýmist í pörtum og einnig frá ári til árs.

Í þessu sambandi vaknar sú spurning, hvort um einhvern verulegan árekstur hafi verið að ræða á undanförnum árum á milli framleiðsluráðs landbúnaðarins og grænmetisverzlunar ríkisins. Það væri þá fróðlegt, að frá því yrði skýrt hér í þessum umr. um málið, hvort samtök bænda hafa átt í einhverjum verulegum útistöðum við þessa ríkisstofnun, hvort hún hefur ekki fengizt til að haga stjórn sinni á þessum málum eins og umboðsmenn landbúnaðarins hafa óskað eftir á hverjum tíma eða hvort þarna hefur verið um einhverjar meiri háttar deilur að ræða eða ekki. Hafi ekki verið um neinar deilur á milli þessara aðila að ræða, sem ég vil nú helzt hallast að, þá er næst að spyrja um það, hvort ekki hefði verið eðlilegt fyrir framleiðsluráð landbúnaðarins að snúa sér til grænmetisverzlunar ríkisins með sínar óskir, ef einhverjar væru, til breytinga á öllu fyrirkomulaginu.

Ekkert af þessu hefur komið fram hér í umr. um þetta mál eða grg., sem með málinu fylgdi. Það er því engu líkara en hér hafi ekki verið um neinar deilur að ræða, um engan ágreining að ræða, en hins vegar sé verulegt kapp á það lagt að fá málið tekið úr höndum ríkisins og afhent framleiðsluráði og þar með Stéttarsambandi bænda, til þess að þeir tveir flokkar, sem þar hafa í bróðerni skipt á milli sín valdinu, gætu komið hvor við sínu helmingavaldi. Í umr. um þetta mál hefur verið á það bent, að einhliða ráðstöfun framleiðenda eða fulltrúa bænda í þessu efni gæti leitt til þess, að óæskilegar deilur yrðu á milli neytenda annars vegar og framleiðenda hins vegar, og ég trúi því varla, að forustumenn bænda óski eftir því í sjálfu sér að leiða yfir sig slíka hættu, því að vitanlega fer miklu betur á því, að það megi takast eðlilegt samstarf á milli neytenda og framleiðenda, því að það er auðvitað mjög auðvelt, ef ekki getur verið um nokkuð gagnkvæmt samstarf að ræða á milli þessara aðila, að koma þar upp tortryggni og beinum fjandskap, sem vitanlega gæti lent í ógöngum.

Ég vil þá benda á það, að samkvæmt þeim gögnum, sem hér liggja fyrir með þessu máli, liggja nú fyrir yfirlýsingar fjöldamargra kaupfélagsstjóra víðs vegar að af landinu, þar sem þeir lýsa því yfir, að þeir séu andvígir frv. eins og það liggur fyrir, og þeir lýsa því jafnframt yfir, að þeir telji, að það skipulag, sem verið hefur á sölu garðávaxta, hafi verið að þeirra dómi eðlilegt í öllum aðalatriðum og hafi þjónað vel hagsmunum framleiðenda, og þeir telji því, að varla væri von á betri aðstöðu framleiðendum til handa, þó að skipt yrði um skipulag. Það hlýtur líka að vekja verulega athygli í þessu máli, að Framsfl. skuli vilja gera ummæli þessara þekktu kaupfélagsstjóra, kaupfélagsstjóra t. d. eins og Jakobs Frímannssonar á Akureyri, algerlega að engu, að hann skuli ekki vilja meta umsagnir þessara manna, sem þó hafa haft með höndum umboðsstörf fyrir framleiðendur garðávaxta í sínum héruðum í stórum stíl.

Hvað getur raunverulega komið til, að ofurkapp skuli vera lagt á það að koma þessari skipulagsbreytingu fram, þegar málið er þannig í pottinn búið, sem ég hef hér lýst í nokkrum orðum? Hvað er það, sem getur ýtt á eftir? Það er greinilegt, að það eru ekki bændur sjálfir, sem ýta á eftir. Það er líka greinilegt, að umboðsmenn bænda heima í héruðum, kaupfélagsstjórarnir, sem eru þeirra nánustu samstarfsmenn í þessum efnum, það eru ekki þeir, sem óska eftir breytingu. Þeir jafnvel mótmæla breytingum. Hvað er það þá, sem ýtir á eftir? Ég hygg, að það muni fara svo, þó að ég sé þessum málum ekki verulega kunn-

ugur, að þá muni nú samt tilgáta mín reynast nokkuð rétt, að böndin berist þangað, að það séu hin beinu pólitísku samskipti Framsfl. og Sjálfstfl. í Stéttarsambandi bænda, þar sem hvor um sig átti að hafa jafna aðstöðu við hinn, og síðan í framleiðsluráði landbúnaðarins, — að það sé þangað að rekja orsakirnar til þess, að nú á að fara að gera þessa skipulagsbreytingu. Sjálfstfl. vill fá sína hlutdeild í þeirri verzlun og þeirri verzlunarþjónustu, sem hér er rekin með garðávexti í landinu, telur sig ekki koma sínum málum nægilega vel fram við það skipulag, sem nú ríkir, þar sem er um ríkisverzlun að ræða, en vill hafa skipulagið sem allra lausast í formi, þannig að framleiðsluráð geti leyst þessi sölumál upp í jafnvel margar einingar, við skulum segja t. d. tíu eða svo, þannig að það væri auðvelt að deila því með tveimur, þannig að Sjálfstfl. fengi þá svona margar stofnanir til þess að ráða yfir í sambandi við sölumál á garðávöxtum og Framsfl. jafnmargar á öðrum stöðum, og þannig væri hægt að halda þessari gullvægu reglu um helmingastaðafyrirkomulagið.

Á meðan hvatamenn þessa máls hér á Alþingi geta ekki komið fram með sennilegri rök en þeir hafa komið hér með fram í þessu máli fyrir því, að eitthvað sérstakt kalli á þessa skipulagsbreytingu, þá mun ég trúa, að þetta séu orsakirnar til þess, að málið er flutt, og að þetta séu orsakirnar til þess, að reynt er að reka málið hér í gegn á Alþingi; og kemur þetta ekki líka einkar vel heim við það, að Framsfl. vill sem allra minnst láta sjá sig hér í umr. um málið? Yfirleitt hverfa framsóknarmenn út úr þingsölunum, þegar málið er rætt hér. Ég held það sé vegna þess, að þeir vita eiginlega upp á sig skömmina í þessu efni, vilja sem minnst um málið tala, forðast það. Þeir hafa að vísu á sérstökum stað og við sérstakt tækifæri gert kaupskap við Sjálfstfl. um málið, sá kaupskapur verður að standa, og því verður nú málið að ganga fyrir sig. Þeir verða því að taka við skömmum og við hörðum umr. um þetta mál, og þeir verða að bera það eins og hvern annan kross. Þeir hafa selt sig í málinu, og við það situr.

Sjálfstfl. þarf sig hins vegar lítið að hræra í þessu efni. Hann hefur þegar gert kaupsamninginn. Málið er orðið blokkfast. Það skal í gegn, ella er hér um samningssvik að ræða. Sjálfstfl. getur því tekið hvorn kostinn, sem hann vill, setið hér á þingfundum og hlustað á og brosað í kampinn eða þá að hann gengur af þingfundi, því að þetta mál kemur í raun og veru ekki lengur við hann. Það er búið að læsa því og loka. Hann hefur þegar fengið sinn hluta af þessu, og því verður ekki breytt.

Framleiðendur í landinu eiga svo eflaust eftir að segja sitt seinasta orð í þessum efnum og þá ekki síður neytendur, hvort þeir vilja virða þennan gang málsins á þann veg, sem flutningsmenn málsins ætlast til, eða hvort þeir þakka fyrir sig á viðeigandi hátt. En það er nú spá mín, að það verði sameiginleg niðurstaða framleiðenda og neytenda, þegar til framkvæmdarinnar kemur undir hinu nýja skipulagi, að þeir muni hvorugum þakka fyrir sig, Sjálfstæðisflokknum né Framsóknarflokknum, fyrir hið breytta skipulag.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Það var upplýst hér í deildinni nú í dag, að hæstv. landbrh. gæti ekki tekið þátt í þeim umr., sem hér færu fram, vegna þess að hann væri veikur og væri lagztur inn á sjúkrahús. Nú liggur ekkert fyrir um það hér eða það fylgdi ekki þessari fregn, hver hefur verið skipaður landbrh. í hans stað. Ég vil nú leyfa mér að óska þess við hæstv. forseta, að mál þetta sé tekið út af dagskrá, þar til landbrh. getur mætt í deildinni og tekið þátt í umr. um þetta mál. Hann er, eins og við vitum, flm. að þessu frv., og mér finnst í alla staði óviðeigandi, að málið sé afgreitt hér til 3. umr. án þess, að alþingismönnum gefist kostur á því að ræða sérstaklega við hann um þetta mál. Það er þegar vitað, að það eru mjög miklar deilur um málið. Menn skiptast hér algerlega í flokka um málið, og ég tel í alla staði óverjandi, ef hæstv. forseti ætlar að klemma málið í gegn, án þess að alþm. gefist kostur á að ræða við hæstv. landbrh. eða þá staðgengil hans, ef einhver er. Ég vil hér með ítreka þessa ósk mína til hæstv. forseta um það, að málinu verði frestað, þangað til hæstv. landbrh. getur mætt hér í deildinni.

Forseti: Ég skal upplýsa hv. ræðumann um það, að mér hefur borizt sú fregn frá hæstv. landbrh., að það sé óvíst, hvort hann kemur til starfa nú eftir helgina, — það getur dregizt. En hann óskar eftir því, að þau mál, sem hann varða og liggja fyrir hv. þingdeild, haldi áfram eftir sem áður, a. m. k. að svo stöddu.)

Mér kemur það alveg á óvart, ef ekki hefur einhver af hinum hæstv. ráðh. tekið við hans starfi, og ef það er, þá ætti sá viðkomandi ráðherra að mæta hér í deildinni. Hitt vil ég vita, ef svo er, að um alvarleg veikindi sé að ræða, ef ríkisstj. hefur ekki skipað á meðan einhvern ráðh. í hans stað, og ef slíkt er ekki, þá finnst mér, að það sé rétt. Annars get ég gjarnan haldið þessum umr. um málið áfram.

Í þeim umr., sem fram fóru fyrir nokkrum dögum hér í hv. deild, vildi hv. þm. Snæf. halda því fram, að ég hafi í umr. um málið borið allþungar sakir á samtök bænda í sambandi við þetta mál. Ég mótmæli þessu algerlega. Ég bar engar þungar sakir á bændastéttina í heild í sambandi við málið. Ég sagði eitthvað á þá leið, að til væru þeir menn, sem létu sér það til hugar koma, að eftir að þessir aðilar væru búnir að fá einokunaraðstöðu með sölu garðávaxta og einkasöluheimild með allan innflutning á slíkum vörum, væri viss hætta á því, að viðkomandi aðilar mundu takmarka þennan innflutning meira en eðlilegt væri og þá vitanlega til tjóns og óhagræðis fyrir neytendur. Þessi ummæli mín endurtek ég hér. Ég tel, að á þessu sé mikil hætta, svo framarlega sem þetta frv. verður að lögum eins og það liggur hér fyrir.

Annað atriði í þessu máli er rétt að benda á, sem sjálfsagt er að menn geri sér alveg fyllilega grein fyrir, án þess þó að upp sé kveðinn nokkur dómur um réttmæti þess eða ekki. Það er þannig í hverju máli, að það er alveg sjálfsagt að skoða allar hliðar þess, bæði það, sem mælir með málinu, og hitt, sem mælir á móti því. Það má t. d. gera ráð fyrir því, að í góðum sumrum, þegar mikil uppskera er af garðávöxtum, geti komið

til offramleiðslu á þessum vörutegundum. Ekki væri óhugsandi og ýmislegt bendir til þess, að sú stofnun, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, þó að það sé nú allt mjög í lausu lofti, hvaða stofnun það er, sem við á að taka af grænmetisverzlun ríkisins, mundi kaupa upp alla framleiðslu landsmanna, hvort sem nokkrir möguleikar væru á því, að hægt yrði að selja framleiðsluna innanlands eða ekki. Mér skilst, að áframhaldið yrði því það, að ríkissjóður yrði látinn greiða þann hluta framleiðslunnar, sem ekki væri hægt að selja, án þess að gerð yrði raunhæf tilraun til þess að koma vörunum út til neytendanna með t. d. því að selja þær á lægra verði en upphaflega hafði verið til ætlazt.

Eins og nú horfir í okkar þjóðfélagi, má segja, að langmestur hluti af framleiðsluvörum okkar sé verðuppbættur með styrkjum, eins og það er kallað. Slíkt fyrirkomulag og ástand er í sjálfu sér ákaflega alvarlegt, og vitanlega þykjast allir vilja vinna á móti þessari þróun. Hins vegar er það líka vitanlegt, að þessi styrkjaleið, sem sífellt fer vaxandi og við höfum orðið mjög áþreifanlega varir við nú síðustu daga, sbr. þau lög, sem verið var að samþykkja nú fyrir skemmstu um ýmsa styrki til sjávarútvegsins og annarra fyrirtækja honum skyldra og nákominna, er bein afleiðing þeirrar óheillastefnu, sem rekin hefur verið undanfarin ár af hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar á Alþingi. Frá því verður ekki komizt að viðurkenna þetta sem staðreynd.

Það er máske ekki að ásaka út af fyrir sig kartöflframleiðendur og aðra þá, sem fást við ræktun matjurta og gróðurhúsaræktun, þó að þeir vilji feta í fótspor annarra framleiðenda og krefjast aukinna styrkja úr ríkissjóði á framleiðslu sína. Hitt er jafnsjálfsagt, að Alþ. geri sér fulla grein fyrir því, hvaða þróun þessi mál geta tekið, ef framleiðendur fá fulla og óskoraða einkasöluaðstöðu með sölu og innflutningi allrar framleiðslu garðávaxta, og það sem meira er, nokkurs konar einkasöluaðstöðu með alla gróðurhúsaframleiðslu líka. Leyfist mér að spyrja hv. frsm. landbn. deildarinnar, hv. þm. Dal.: Hafa eigendur gróðurhúsa landsins óskað eftir slíkum breytingum sem gert er ráð fyrir í þessu frv. um sölu á framleiðslu þeirra? Ef slíkar óskir hafa komið til n., þá frá hvað mörgum? Ég hef ekki orðið var við neinar slíkar óskir. Það má vel vera, að þær liggi fyrir. Ekki er þeirra getið í grg., sem liggur hér frammi og fylgir frv. Þá vil ég enn fremur leyfa mér að spyrja hv. þm. Dal., sem er frsm. þessa máls hér í hv. d., hvort borizt hafi til n. meðmæli og áskoranir frá kaupfélögum landsins og kaupmönnum um að leggja grænmetisverzlun ríkisins niður, og enn fremur, hvort þessir aðilar hafi þá sérstaklega mælt með því fyrirkomulagi, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Ég vil segja það, að ekkert væri eðlilegra en einmitt að kaupfélögin hefðu látið eitthvað til sín heyra um þetta mál. En mér er nær að halda, að þau hafi verið ótrúlega þögul um málið, og mér er nær að halda, að frá þeim hafi komið ákaflega fáar áskoranir til landbn. eða annarra aðila um, að gerð yrði breyting á því fyrirkomulagi, sem ríkt hefur um þetta mál, eða breytingar réttara sagt á sölufyrirkomulagi þessara mála, sem sé að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins.

Það eru fleiri hliðar á þessu máli en salan eingöngu, sem vert er að athuga dálítið nánar. Í e-lið 4. gr. þessa frv. er kveðið svo á, að ríkisstjórninni sé heimilt að selja fasteignir grænmetisverzlunar ríkisins til grænmetissölu landbúnaðarins, eins og þær verði, er lög þessi koma til framkvæmda. Ekki er óhugsandi, að aðrar eignir grænmetisverzlunar ríkisins verði látnar fylgja með í þessum kaupum. Má þar til dæmis benda á, að grænmetisverzlunin á tvær bifreiðar og skrifstofuáhöld. Þetta er virt samtals samkv. efnahagsreikningi á 44 þús., en fasteignirnar eru metnar á 217 þús. og nokkur hundruð krónur.

Nú leyfi ég mér enn fremur að spyrja hv. frsm. landbn. um, hvort hann geti gefið nokkrar upplýsingar um það hér á Alþ., landbn. eða þeir, sem að þessu frv. standa, á hvaða verði þessar fasteignir og þessar eignir kunni að verða seldar, hvort lagt muni verða til grundvallar t. d. brunabótamat á fasteignunum eða farið eftir öðrum leiðum með sölu þessara eigna.

Ég held, að það sé ekki hægt að ganga fram hjá því að ræða þessa hlið málsins. Eins og ég gat um, eru í efnahagsreikningi grænmetisverzlunar ríkisins fyrir árið 1954 taldar í eigu hennar tvær bifreiðar, bókfærðar á 20 þús., áhöld eru bókfærð á 24 þús. og fasteignir á 217200 kr. Nú er það ekki nema eðlilegt og beinlínis skylda alþingismanna, þegar slíkt mál sem þetta liggur hér fyrir, að um þetta sé spurt, og enn fremur um það, hvernig salan á þessum eignum skuli framkvæmd. Ég geri ráð fyrir því, að flm. hafi gert sér einhverja grein fyrir því, hvernig með þessi mál skuli farið. Hér er um að ræða eignir, sem þjóðin á, en ekki einstakir menn. Það ætti því að haga sölu þessara eigna á þann veg, að sem mest fengist fyrir þær, án þess þó að um neitt okur væri að ræða. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að jafnvel þótt svo óheppilega kynni til að takast, að Alþ. samþykkti þessi lög, þá vil ég taka það fram, að ef um sölu yrði að ræða, þá meina ég það ekki, að hér ætti að beita neinni okurstarfsemi. Hins vegar ber vitanlega líka að vera á verði fyrir því, að þannig sé farið með eigur ríkisins, að fyrir þær fáist, ef um sölu er að ræða, viðunandi verð. Hæstv. landbrh. og frsm. landbn. hafa algerlega gengið fram hjá að minnast á þessa hlið málsins. Vonandi upplýsir frsm. málsins þetta frekar nú við umræðurnar.

Þá eru enn fremur á efnahagsreikningi grænmetisverzlunar ríkisins fyrir árið 1954 taldar vörubirgðir fyrir 500707 kr. Ekki veit ég um það, hvað miklar vörubirgðir kunna að vera nú til eða verða til, ef lög þessi ná samþykki og grænmetisverzlun ríkisins verður lögð niður. Nú er það þannig, að ekkert er heldur á það minnzt í frv., hvort hinni nýju stofnun, sem enginn veit nú hver verður, ber að kaupa þær vörubirgðir, sem til kunna að vera, ef grænmetisverzlunin verður lögð niður. Því síður er á það minnzt, fyrir hvaða verð væntanlegar vörubirgðir skuli seljast eða með hve miklum afföllum o. s. frv. Þetta er líka stórt atriði í málinu.

Það er ekki að ófyrirsynju, þótt um þetta

og margt fleira sé spurt í sambandi við þetta mál. Hér er verið að fara inn á mjög svo óvanalegar leiðir, þó að Framsfl. hafi í einu tilteknu máli farið inn á svipaða leið, þegar hann beitti sér hvað harðast fyrir því, að tekið væri úr eigu ríkisins eitt stærsta atvinnufyrirtæki landsins, áburðarverksmiðja ríkisins, og afhent hlutafélagi, sem frægt er orðið. Hér er sem sagt lagt til, að 20 ára gamalt ríkisfyrirtæki, sem unnið hefur sér álit í skoðun og meðvitund landsmanna, verði lagt niður og afhent til eignar og umráða mjög svo takmörkuðum hópi framleiðenda landsins, án þess að fyrir liggi nokkur knýjandi nauðsyn þar til og án þess að fyrir liggi rökstuddar óskir og kröfur frá þeim aðilum, sem mest varðar þetta mál.

Það verður ekki hjá því komizt að benda á þá staðreynd, að Framsfl. hér á Alþingi á skömmina eða þá, ef menn vilja heldur kalla það svo, heiðurinn af því, að þetta mál er komið hér inn á Alþingi. Frv. er flutt af hæstv. landbrh., sem er einn af aðalforingjum þess flokks, og það hefur verið knúið áfram af framsóknarmönnum hér í d. af meiri hörku en flest önnur mál, sem flutt hafa verið hér í deildinni. Þetta er staðreynd, sem verður ekki hægt og er ekki hægt að mótmæla. Það er engu líkara en öll velferð bændastéttarinnar sé undir því komin á næstu árum a. m. k., að þetta mál nái fram að ganga. Sérstaklega er þessi framkoma framsóknarmanna athyglisverð, þegar það er haft í huga, að grænmetisverzlun ríkisins er gamalt ástfóstur Framsfl. og beinlínis stofnuð á sínum tíma fyrir atbeina Framsfl. Ég vil nú bara spyrja: Hvað hefur gerzt á þessu tímabili, frá því að grænmetisverzlunin var stofnuð og til þessa dags, sem réttlætir það, að Framsfl. skuli beita sér eins ákveðið og hann gerir í þessu máli? Hvað er það, sem hefur gerzt? Ég get ekki gert mér fyllilega grein fyrir því, en mun þó koma inn á það atriði síðar. Ég minnist þess ekki að hafa séð eða heyrt neitt frá þeim flokki um það, að leggja bæri niður grænmetisverzlun ríkisins, þar til hæstv. landbrh. flutti þetta frv. í fyrra hér í þessari deild. Ég spyr enn: Hvað er það, sem hefur gerzt í þessu máli? Hvaða öfl eru það, sem knúið hafa Framsfl. til þess að breyta afstöðu til þessa fyrirtækis, sem framsóknarmenn hafa sjálfir barizt fyrir að væri stofnað, fyrirtækis, sem þeir hafa gefið yfirlýsingu um að sé bezt stjórnaða fyrirtæki af öllum ríkisfyrirtækjum í landinu, sbr. grein í Tímanum frá 27. nóv. s. l.? Er hér um einstakt fyrirbæri að ræða, eða er það máske orðin skoðun Framsfl., að stefna beri að því að leggja niður fleiri eða færri ríkisfyrirtæki nú á næstunni? Það er full ástæða til þess, að um þetta sé spurt. Og ég veit það verða fleiri en við, sem erum á móti frv., sem koma til með að spyrja Framsfl. að þessu og það í fullri alvöru.

Í útvarpsumræðum þeim, sem fram fóru hér á Alþ. fyrir skemmstu, var það upplýst af einum þm. Sjálfstfl., að til stæði að afhenda togaraeigendum fiskiðjuver ríkisins nú á næstunni. Hann taldi, að það væri eiginlega frá þessu gengið að mestu leyti. Þetta er mjög eftirtektarverð yfirlýsing. Þessari yfirlýsingu var ekki mótmælt af ræðumönnum Framsfl., síður en svo. Nú þætti mér og sjálfsagt fleiri þingmönnum mjög fróðlegt að fá að vita um það, hvort Alþfl. er samþykkur því, að þessi mjög svo verðmæta eign ríkisins skuli afhent togaraeigendum hér í Reykjavík.

Manni verður á að ætla, að hér sé um einhvers konar verzlun að ræða á milli stjórnarflokkanna, þ. e. a. s. helmingastaðaskiptin frægu séu hér að koma í ljós eins og svo oft áður, þannig að Framsfl. eigi að fá að selja og ráðstafa grænmetisverzlun ríkisins til sinna gæðinga, en að Sjálfstfl. fái svo í staðinn að ráðstafa fiskiðjuveri ríkisins til togaraeigendanna hérna í Reykjavík.

Mér finnst slík verzlun með fyrirtæki ríkisins vera í ágætu samræmi við hina algildu helmingastaðareglu stjórnarflokkanna. Hitt er svo annað mál, hvort almenningur í landinu gerir sig ánægðan með þannig lagaða verzlun með eigur ríkisins. Slík helmingastaðaskipti sem ég hef hér bent á, sem maður hefur fyllstu ástæðu til að ætla að standi fyrir dyrum, gætu jafnvel verið upphaf þess, að fleiri sölur og afhendingar á fyrirtækjum ríkisins til gæðinga stjórnarflokkanna, einstaklinga og félaga, stæðu fyrir dyrum. Vitað er, að Sjálfstfl. hefur hinn mesta áhuga á því að koma í einstakra manna eigu sem flestum af þeim fyrirtækjum, sem ríkið á, enda í fullu samræmi við margyfirlýsta skoðun og stefnu flokksins. Hitt gegnir mestu furðu, að Framsfl. skuli nú vera búinn að tileinka sér þessar skoðanir, að því sem manni virðist, og beinlínis að taka inn í sína stefnuskrá, þó að kannske sé ekki búið að prenta hana, þetta atriði úr stefnuskrá Sjálfstfl. Það má alveg eins búast við því, að nú á næstunni muni þeir hv. þm. Dal. og hv. þm. Barð. flytja frv. um að leggja niður skipaútgerð ríkisins. Það mundi gleðja Sjálfstæðisfl. sérstaklega mikið, og hann mundi gleðjast í hjarta sínu og foringjar hans yfir þeirri hugarfarsbreytingu, sem orðið hefði hjá framsóknarmönnum, en ég er ekki alveg viss um, að íbúarnir í dreifbýlinu úti á landi mundu vera eins ánægðir yfir slíkri verzlun. Það er vitað mál, að Ríkisskip hefur gegnt þörfu hlutverki, og það hefur beinlínis verið eitt af því, sem hefur haldið uppi byggð í dreifbýlinu meðal annars. En ef Framsfl. ætlar að fallast í faðma við Sjálfstfl. með að leggja þetta fyrirtæki niður, sem ég hef fulla ástæðu til að ætla eftir þeirri framkomu, sem framsóknarmenn hafa sýnt hér í þessu máli, þá finnst mér skörin vera að færast upp í bekkinn.

Áður en ég skil við þetta mál, vil ég athuga dálítið nánar þá fullyrðingu, að þetta mál sé sérhagsmunamál bændastéttarinnar í heild. Þetta eru hinar örgustu blekkingar, ekkert annað en eintómar blekkingar. Ég sýndi fram á það hér í ræðu, sem ég hélt fyrir nokkru, að meira en helmingur af öllum kartöfluframleiðendum í landinu er búsettur í kaupstöðum og kauptúnum, yfir 50%, svo að hér er ekki neitt sérhagsmunamál fyrir bændastéttina á Íslandi, enda ef maður athugar það nánar, þá sést, að aðeins nokkur hluti af sýslum landsins selur eitthvað verulegt magn af garðávöxtum til grænmetisverzlunar ríkisins. Ég skal telja upp þá staði, sem aðallega eru viðskiptavinir grænmetisverzlunarinnar með þessar afurðir. Þessar sýslur eru Austur-Skafta-

fellssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, en þó ekki í stórum stíl, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla og Eyjafjarðarsýsla og vesturhluti Suður-Þingeyjarsýslu, þ. e. a. s. Eyjafjarðarmegin. Allar hinar sýslur landsins eru kaupendur að þessari vörutegund og það í mjög stórum stíl. Svo leyfir flm. sér og aðrir, sem eru með þessu máli, m. a. frsm. málsins hér í hv. d., að halda því fram, að hér sé um eitthvert stórkostlegt hagsmunamál allrar bændastéttarinnar að ræða, þegar svona augljósar staðreyndir liggja fyrir í málinu. Þetta er alveg stórfurðuleg röksemdafærsla og stórfurðulegar blekkingar, sem hér eru bornar á borð.

Nei, það er ekki stórt hagsmunamál allrar bændastéttarinnar, að grænmetisverzlun ríkisins skuli lögð niður, heldur þvert á móti, og að verksvið hennar verði lagt undir framleiðsluráðið, sem svo geti, að því er virðist, framselt þennan rétt til annarra aðila.

Í sambandi við þá fullyrðingu, sem fram hefur komið hjá forsvarsmönnum þessa frv., að þessi skipulagsbreyting sé til stórra hagsbóta fyrir bændur landsins, má bara benda á það, sem alveg hrekur þessa fullyrðingu, að framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður sjálft og ræður algerlega verði á kartöflum. Í framleiðsluráði sitja fulltrúar bændastéttarinnar og munu því að sjálfsögðu gæta hér eftir sem hingað til, þó að grænmetisverzlunin verði ekki lögð niður, alveg í fyllsta máta hagsmuna þeirra bænda, sem eru framleiðendur á þessu sviði. Það ber þeim að gera. Ég er því út af fyrir sig alveg sammála. Hvað er það þá, sem þessi samtök krefjast fram yfir það, sem bændur hafa áður haft og hafa enn? Á því hefur engin fullnægjandi skýring fengizt. Það er margbúið að spyrja um það, hvað það sé eiginlega, í hverju þessi breyting sé aðallega fólgin og hvað það sé, sem geri þetta mál að svona miklu hagsmunamáli, og hvað það sé, sem bændastéttin eða þessi hluti hennar eigi að geta hagnazt á þessari breytingu. Maður fær engar skýringar á því.

Ég tel, að það sé beinlínis skylda þeirra hv. þm., sem eru forsvarsmenn þessa frv., að gefa betri og fullnægjandi skýringar á því, hvað það er, sem fyrir þessum mönnum vakir. Það hlýtur að vera eitthvað sérstakt. Ég álít, að hér eigi ekki að vera um neinn feluleik að ræða. Þetta er mál, sem snertir ekki síður neytendurna í landinu en þá, sem framleiða kartöflur, og ég vil segja jafnvel enn þá meira. Og við, sem erum neytendur á þessu sviði, eigum alveg skilyrðislausa kröfu á því að fá að vita, hvað er meint með þessu, hvað það er, sem á hér að ske.

Ég get nú látið máli mínu lokið, en ég vil bara undirstrika það, að þetta mál er ekki neitt sérhagsmunamál bændastéttarinnar í heild, verzlun með þessa vöru, sem er á hvers manns borði a. m. k. tvisvar, ef ekki þrisvar á dag. Það er ekki alveg sama, hvernig á þeim málum er haldið. Neytendurnir í þessu landi eiga alveg fulla kröfu á því að fá að vita og það án nokkurra undanbragða, hvað hér er á ferðinni. Hvað er það, sem á að ske? Hverjar eru þær breytingar, sem á að framkvæma með þessum lögum? Það er eitthvað, sem er dulið, sem forsvarsmenn frv. vilja ekki láta koma fram í dagsljósið. Það er þetta, sem á að knýja fram, og jafnvel þó að það verði ekki knúið fram nú við þessar umræður, þá skal það koma fram, og þeir, sem koma til með að knýja það fram, verða neytendurnir í landinu sjálfir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þegar 2. umr. þessa máls hófst, hagaði svo til, að hv. þm. Dal., frsm. meiri hl. í þessu máli, fór af landi brott eftir að hafa haldið sína framsöguræðu. Hins vegar var umr. um málið fram haldið, og ég sá í þeim umr. ástæðu til þess að gagnrýna mjög harðlega þau ummæli, sem hann hafði haft hér, og eftir að hann nú er kominn, vil ég gjarnan endurtaka þau. Ég tók sérstaklega þau ummæli, sem hv. þm. Dal. hafði svo orðrétt:

„Ég get tekið það fram nú, eins og ég tók fram þegar við 1. umr. þessa máls, að það er út af fyrir sig ekki nema eðlilegt, að þeir starfsmenn, sem eru við stofnun sem grænmetisverzlun ríkisins, séu undir þessum kringumstæðum mótfallnir því, að stofnunin sé lögð niður. Slíkt mundu allir hafa gert, svo að út af fyrir sig sé ég ekki, að það sé nein brýn ástæða til að taka tillit til þess, þar sem það væri hins vegar óeðlilegt, ef starfsmenn við stofnunina æsktu þess, að hún væri lögð niður.“

Ég lýsti því yfir í umr., að ég áliti þessi ummæli í hæsta máta ómakleg og til skammar að koma fram með slík ummæli eins og þessi. Það mundi þýða sama sem að lýsa því yfir, að allt, sem kæmi frá starfsmönnum ríkisins um þær stofnanir, sem þeir veita forstöðu, væri yfirleitt ekki að marka, vegna þess að þessir menn hefðu aðeins eitt fyrir augum, þegar þeir gæfu slíkar upplýsingar, og það væru þeirra einkahagsmunir af því að vera starfsmenn þessarar stofnunar og að stofnunin héldi áfram.

Ég tók það fram, að þegar forstjóri skipaútgerðar ríkisins gæfi hér langa og ýtarlega grg. í máli skipaútgerðarinnar fyrir þessari hv. deild og fyrir þinginu sjálfu og þegar forstjóri ferðaskrifstofu ríkisins gæfi svipaðar upplýsingar, þá tækju þm. mark á þessum upplýsingum og þeir gengju út frá því, að þessir starfsmenn ríkisins væru að tala þarna sem þeir menn, sem hefði verið falið það trúnaðarstarf af hálfu ríkisins og þess vegna hefðu manna bezt vit á þessu, og ég sagði, að ég hefði aldrei heyrt einu sinni af hálfu Sjálfstfl., sem hefur barizt fyrir því hér í d. og í Sþ., að t. d. skipaútgerð ríkisins væri lögð niður, að hann hafi svarað þeim skýrslum, sem starfsmenn ríkisins þannig fluttu, með því að segja, að þeir tækju ekkert mark á þessu, því að þessir menn væru bara að hugsa um sína einkahagsmuni. Ég vítti þess vegna harðlega þessi ummæli hv. þm. Dal. og áleit, að þetta sýndi, með hverjum ofstopa er reynt að koma þessu máli hér í gegn, þegar þannig er þurrkað út allt, sem sagt hefur verið, og öll rök, sem Framsfl. fram að þessu hefur reynt að skjóta undir það að viðhalda stofnun eins og skipaútgerð ríkisins eða öðrum slíkum, sem fyrst og fremst hefur byggzt á því að geta lagt fram sannanir fyrir því í skýrslum þeirra manna, sem við þessar stofnanir starfa og veita þeim forstöðu, að þetta væru mjög nytsamar stofnanir, Þess vegna er þetta ákaflega hart, og ég álít, að það væri

rétt af hv. þm. Dal. að biðjast afsökunar á ummælum eins og þessum, og það væri viðkunnanlegast fyrir hann, þegar hann nú loksins hefur tækifæri til þess að taka aftur þátt í þessum umr., að láta það koma fram, að svona ummæli eftir sjálfan sig vilji hann ekki láta standa í þingtíðindunum óhögguð, til þess að hægt væri að taka þau upp í næsta skipti, þegar Sjálfstfl. væri að berjast hér fyrir afnámi skipaútgerðar ríkisins, og vitna í þau til þess að eyðileggja a. m. k. þá í augum Framsfl. ummæli þeirra manna, sem veittu þeirri stofnun forstöðu.

Af því að ég hef bara athugasemdatíma nú, get ég því miður ekki farið út í að rekja fleira af því, sem nauðsynlegt hefði verið og eðlilegt hefði verið að hv. þm. Dal. svaraði hér til saka um.

Það er í hæsta máta óviðfelldið, að það sé farið að haga umr. hér í þinginu þannig, að þm. verði að standa og tala um mál eins og þessi lengi, án þess að þeir menn, sem að málunum standa, fáist til að gefa upplýsingar um málin. Hæstv. landbrh. hefur verið fjarverandi allan þennan tíma, og nú í dag er það fyrst upplýst, að hann muni vera veikur. Það hefði þá kannske verið hægt fyrir einhvern annan, sem annast landbúnaðarmálin í hans veikindum, að svara hér, ekki sízt eftir að hæstv. ráðh. hafði haft önnur eins ummæli og hann hafði um frsm. minni hl., sem ég líka átaldi mjög harðlega í minni ræðu hér. En nú er hv. þm. Dal. hér staddur, og nú er vonandi, að hann svari til saka í þessu máli, sem hefur verið á hann deilt, og segi til um það, sem að honum snýr, bæði persónulega í þessu máli og ég nú þegar hef tekið fram, og enn fremur vil ég segja honum það, að hér er búið að draga fram alveg samlíkinguna á milli grænmetisverzlunar ríkisins og skipaútgerðar ríkisins og ferðaskrifstofu ríkisins, og sem aðalfulltrúa Framsfl. í þessum umr. vildi ég leyfa mér að spyrja hann að því, hvort það sé meiningin næst að leggja þær stofnanir niður eða hvort Framsfl. ætlast til þess með því að knýja þetta mál fram, að við hinir gerum þá ráðstafanir til þess, að þessar stofnanir verði lagðar niður líka.

Mér sýnist, að það, sem nú er að ganga fyrir sig hér, sé það, að þeir tveir flokkar, sem enn þá lafa saman við völd, hafi komið sér saman um að ræna nú ríkið duglega, áður en þeir sleppa völdunum eða áður en þeir leggja til kosninga; það sé svona eins og ef þjófar brjótast inn og skipta milli sín, hverju þeir skuli stinga í vasann. Eins virðist þetta vera á milli hv. stjórnarflokka nú. Við heyrum sagt, að nú eigi að fara að selja fiskiðjuver ríkisins. Ég veit ekki, hvort það á einu sinni að leggja það hér fyrir Alþingi áður. Við vitum, hvernig verið er að reyna að stela áburðarverksmiðjunni af ríkinu og hvernig mál, sem flutt er þing eftir þing til þess að gera út um það mál, fæst ekki tekið fyrir hér í þessari hv. deild, vegna þess að meiri hl. fjhn. liggur á því að afgreiða málið, og nú er verið að reyna að knýja þetta fram, að afnema grænmetisverzlun ríkisins og setja þá verzlun undir stjórn og koma henni í eign eins aðilans, sem hefur með grænmetisframleiðsluna í landinu að gera. Það væri þess vegna vel, ef hv. þm. Dal. gæfi okkur upplýsingar um, hvaða stefna þetta er, sem hér sé verið að taka upp.

Þá vil ég enn fremur segja honum frá því, að það hafa ekki fengizt enn sem komið er neinar skýringar á því, hvað raunverulega 5. gr. í þessum lögum beri með sér. Í þeirri grein er gert ráð fyrir, að leyfilegt sé að setja verðmiðlunargjald á bæði matjurtir og egg, m. ö. o., að framleiðsluráði landbúnaðarins sé gefin heimild til að leggja svo og svo mikinn skatt á þær kartöflur, sem það fær til umráða, og ef að vanda lætur, þá yrði nú kannske farið að seilast jafnvel lengra seinna meir og leggja það á allar kartöflur, sem ræktaðar væru, og með þessu móti ætti, eftir því sem d-liðurinn í þeirri grein ber með sér, að jafna verðið á milli söluvara annars vegar og vinnslu- eða fóðurvara hins vegar. Okkur sýnist, að þetta mundi m. ö. o. þýða það, að allar þær kartöflur, sem bændur t. d. færu að gefa sem fóður, ættu þá að fara að verðbætast, ef framleiðsluráði landbúnaðarins fyndist það rétt, með því að kartöflurnar, sem neytendur í bæjunum fengju til neyzlu, ættu gegnum grænmetisverzlun landbúnaðarins að hækka að sama skapi. Þetta er samsvarandi kerfi og núna er notað viðvíkjandi mjólkinni, að það, sem vinnslumjólkin gefur minna af sér en það, sem neyzlumjólkin, sem seld er mjólkurkaupendum í bæjunum, gefur af sér, þá er lagt nokkurs konar verðmiðlunargjald á neyzlumjólkina til þess að verðbæta þannig þá mjólk, sem unnið er úr. Ég er hræddur um, að það geti orðið nokkuð dýrt spaug, ef það ætti að fara út í eitthvað svipað með kartöflurnar, þ. e. þessi mál, sem snerta ekki aðeins bændur og þann meiri hluta kartöfluframleiðenda í landinu, heldur líka neytendur í landinu og geta snert stórkostlega visitöluna, því að þetta er náttúrlega eitt af þeim atriðum, sem koma mjög mikið inn í hana. Ég er hræddur um, að það hefði einhvern tíma þótt sjálfsagt, að menn hefðu fengið betri upplýsingar um þessi mál en núna liggja fyrir okkur. Yfirleitt hefur það ekki fengizt, að þeir menn, sem standa að þessum málum, gæfu þær upplýsingar, sem óskað hefur verið eftir, hvorki í sambandi við almenna stefnu um þessi mál né í sambandi við einstakar greinar þessara laga. Hins vegar hefur verið í þeim tveimur ræðum, sem haldnar hafa verið við þessa 2. umr., annars vegar af hálfu hv. þm. Dal. og hins vegar af hálfu hæstv. landbrh., því meira um fúkyrði eða að afgreiða þetta mál eins og sá, sem hefði valdið til þess að koma þessu í gegn, en þyrfti ekki að vera að beita neinum rökum.

Það má vera, að stjórnarflokkarnir þykist þess umkomnir að afgreiða mál hér í þinginu enn þá án þess að ræða þau, án þess að beita rökum í þeim, án þess að gefa upplýsingar í þeim, afgreiða þau alveg á einræðislegan hátt. En það er ekki að vita, að það verði, þegar til lengdar lætur, heppilegasta afgreiðslan á slíkum málum, og ég vil benda hv. þm. Dal. á það, að þó að hann geti máske ásamt sínum samstarfsmönnum úr Sjálfstfl. knúið mál eins og þetta fram hérna í þinginu með offorsi, þá getur orðið skammgóður vermir að því fyrir Framsfl. að beita slíkum aðferðum. Ég er hræddur um, að það fari margt

fleira að fara á eftir, ef það á að fara að hafa þann hátt á að taka úr eigu ríkisins og henda í eigu einkaaðila hverri ríkisstofnuninni á fætur annarri, sumpart ef það er af tilviljun þannig, að það eru lög um málið, þá fæst það ekki gert nema með lögum, eins og nú er verið að reyna að gera með þetta, en sumpart án þess að samþykkja nokkur lög um það, eins og mér virðist vera meiningin með fiskiðjuver ríkisins, af því að það eru ekki til lög um það, og eins og hann veit að Sjálfstfl. hefur verið að reyna viðvíkjandi skipaútgerð ríkisins. Ég er hræddur um, að það fari ekki að standa mikið eftir af þeirri róttæku löggjöf, sem Framsfl. og Alþfl. settu á því tímabili, sem þeir öðru hverju tala nú mest um, sínu vinstristjórnartímabili 1934—37, þegar einmitt lögin um grænmetisverzlun ríkisins voru sett og lögin um ferðaskrifstofuna, þegar nú á að fara að höggva þessi fyrirtæki niður hvert á fætur öðru. Núna höfum við verið að upplifa það hér í þessari deild í sambandi við almannatryggingarnar, að heilsugæzlukaflinn þar í hefur verið afnuminn, og við sjáum, að því meira sem talað er um samstarf á milli Framsfl. og Alþfl., því meira virðist gert að því hérna í þinginu að afnema alla þá löggjöf, alla þá endurbótalöggjöf, sem þessir flokkar höfðu sett, á meðan þeir töldu sig báðir vinstri flokka. Það væri þess vegna gaman að heyra frá hálfu málsmetandi manna í Framsfl., eins og hv. þm. Dal., hvort þetta sé það, sem eigi að taka upp, þessa sérstöku vinstri samvinnu þessara tveggja flokka um að rýja þannig ríkið að hverju fyrirtækinu á fætur öðru og henda því í einstaklingseigu eða einstakra manna eign. Ég vona, að þm. Dal., þegar hann nú loksins er mættur, gefi nú svör við þessum spurningum, sem til hans hefur verið beint, og noti það tækifæri, sem hann hefur, til þess annaðhvort að bera af sér þær sakir, sem ég hef hér nú aftur, svo að hann hefur hlýtt á, borið á hann, og biðjast afsökunar á því að hafa farið þeim ummælum um forstöðumenn ríkisstofnana, sem hann þarna gerði, og reynt með því að eyðileggja allt álit allra slíkra starfsmanna ríkisins framvegis og gera að engu slíkar skýrslur þeirra, sem Framsfl. þó fram að þessu hefur sérstaklega byggt á, þegar hann hefur verið á þeim buxunum að vernda fyrirtæki ríkisins frá því, að þau séu lögð niður, öfugt við það, sem hann nú miðar að, þegar hann reynir að ræna þeim af ríkinu og fá þau í eigu einstakra aðila.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 10. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 255 felld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BergS, EggÞ, EOl, GilsG, GJóh, HV, KGuðj, LJós, SG.

nei: SkG, ÁB, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, KJJ, MJ, PÞ, PO, SÁ, HÁ, EmJ, GTh, GÞG greiddu ekki atkv.

6 þm. (StgrSt, JPálm, JR, JörB, ÓTh, SB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég lít svo á, að frv. þetta, sem hér er greitt atkv. um nú, sé ekki síður hagsmunamál neytendanna en framleiðendanna, og frv. geti því valdið óþörfum deilum um mál, sem virðist vera mjög viðkvæmt mál þessara aðila beggja, og segi því já við frávísunartillögunni.

Hannibal Valdimarsson: Með tilvísun til greinargerðar hv. 7. landsk. segi ég já.

Brtt. 254 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 17:7 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 17:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:8 atkv.

Á 67. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 126, 254).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það fór svo undarlega með þetta mál, sem hér er verið að ræða um, að við 2. umr. virtist það ekki eiga neina formælendur í deildinni. Það var rætt allmikið um málið, það var skorað á þá menn, sem höfðu, þegar umr. hófst, glæpzt á að tala fyrir því, að reyna að verja það. Annar þeirra veiktist og mun liggja á spítala, hæstv. landbrh., hinn fór utanlands, eftir að hann var búinn að halda sína fyrstu ósvífnu ræðu, og þegar náðist í hann, eftir að hann kom heim aftur, var hann steinþagnaður og ómögulegt að fá hann til þess að segja eitt einasta orð, hvorki til að skýra málið né verja það. Hins vegar þegar kom að því að greiða atkv. um málið, þá réttust heilmargar hendur á loft, þó að hugur og máltæki þeirra manna, sem réttu hendurnar á loft, hafi aldrei fylgt málinu í deildinni. Og þannig er nú þetta mál komið til 3. umr. Þeir hv. þm., sem fylgdu þessu máli við atkvgr., höfðu aldrei sýnt hug á því að reyna að skýra nokkurn skapaðan hlut í sambandi við þetta mál eða verja það.

Það er ekki minn tilgangur að ætla að fara að endurtaka það, sem áður hefur verið sagt í sambandi við þetta mál. En mig langaði til viðbótar við ýmislegt af því, sem þá kom fram, að leggja fyrir hv. þingmenn, ekki sízt þá, sem málinu reyndust fylgjandi við 2. umr., að því er virðist án þess að hafa hugsað málið, án þess að hafa rætt það, án þess að hafa hlýtt á rök í málinu, án þess að hafa gert minnstu tilraun til þess að sannfærast, — ég ætla að leggja fyrir þá nokkrar spurningar í sambandi við þetta.

Það er í fyrsta lagi í sambandi við 4. gr., sem er ein aðalgreinin í þessu frv. Það er talað þar um að afnema þá ríkisverzlun, sem hefur verið með grænmeti, og setja í staðinn grænmetisverzlun landbúnaðarins. Má ég spyrja: Er kannske meiningin, að þessi grænmetisverzlun landbúnaðarins eigi að vera verzlun með grænmeti fyrir þá, sem landbúnað stunda? Eru bændasamtök landsins með þessu móti að heimta, að þeir fái einir að ráða því grænmeti, sem þeir

framleiða, kartöflur og annað slíkt, og að við kaupstaðabúar megum skilja þetta þannig, að við fáum að vera lausir svo að segja við það grænmeti og landbúnaðarframleiðendur ætli að sjá um að neyta þess sjálfir?

Ég hef orðið var við það, að þeir tveir flokkar, sem fylgdu þessu máli hér í þinginu, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa verið að prédika frjálsa verzlun mjög mikið, og ég vil leyfa mér að spyrja: Hvað segja þessir frjálsu verzlunar flokkar um það til samkomulags í þessum málum, að við, sem búum í bæjum og kauptúnum, fáum sjálfir að rækta okkar kartöflur og fáum sjálfir að flytja inn kartöflur, ef okkur vantar kartöflur, en þessi samtök landbúnaðarins, sem heimta nú þessi sérréttindi sér til handa, fái sjálf að sitja að sinni framleiðslu? Ef það er endilega vilji bændasamtakanna í landinu, að bændur fái sjálfir að njóta þeirrar kartöflframleiðslu, sem fram fer í sveitum, þá getur vel verið, að það sé hægt að gera samkomulag við okkur um það og framleiðsluráð landbúnaðarins geti þá héðan í frá fengið að ráðstafa kartöflframleiðslu sveitanna handa sveitunum. En mættum við í bæjunum þá fá að vera frjálsir, annars vegar að því að rækta kartöflur og hins vegar að því, ef þær kartöflur nægja ekki til þess, að við höfum nægar kartöflur að borða, að við mættum þá flytja inn kartöflur? Ég vil nú spyrja þessa flokka frjálsrar verzlunar, hvað þeir meini með sinni frjálsu verzlun. Þetta væri mjög ánægjulegt að fá upplýsingar um. Hvað er það, sem býr á bak við, þegar talað er svona mikið um frjálsa verzlun? Er það meining þessara flokka að vilja koma á frjálsri verzlun, þar sem verið hefur einokun áður, og vilja viðhalda henni, þar sem hún er? Hér liggur nú fyrir till. frá þeim um að afnema ríkisverzlun. Við höfum almennt gengið út frá því, þegar um ríkisrekstur væri að ræða, enda er það tekið fram t. d. í lögum um grænmetisverzlun ríkisins, að ríki og þess fulltrúar eigi undir slíkum kringumstæðum að hugsa um hag beggja, neytenda og framleiðenda. Þess vegna höfum við, ekki sízt af því, að þessi grænmetisverzlun ríkisins hefur verið rekin vel, neytendur hafa ekki fundið neina sérstaka ástæðu til þess að kvarta yfir henni og hún hefur vafalaust eftir beztu getu reynt að vera sanngjörn gagnvart báðum aðilum, neytendum og framleiðendum, fellt okkur við þessa grænmetisverzlun ríkisins.

Ef nú t. d. Sjálfstfl. hefur viljað fara inn á það að vera með Framsfl. í því að afnema grænmetisverzlun ríkisins, þá langar mig til að spyrja fulltrúa Sjálfstfl. hér í deildinni: Geta þeir þá ekki eins hugsað sér að vera með því, að landsmenn fái að vera frjálsir í þessum efnum? Sjálfstfl. hefur þótzt berjast fyrir frjálsri verzlun í þessum málum, og það virðist nú ekki vera farið fram á neitt afskaplega mikið, þó að það sé farið fram á það um eins lífsnauðsynlega vöru og kartöflur, ef það má ekki lengur vera undir yfirstjórn ríkisins, að framleiðsla þeirra, a. m. k. í bæjunum, og innflutningur á kartöflum sé þá háð frjálsu samkomulagi og frjálsri verzlun neytendanna í bæjunum. Ef samtök bænda, framleiðsluráð landbúnaðarins, heimta endilega einkasölu sér til handa í þessum efnum, þá geta þeir haft einkasölu á þessu fyrir sjálfa sig og handa sjálfum sér.

Það er sýnt fram á það í skjali, sem fylgir með og prentað er í nál. minni hl., að 1953 var framleiðslan í sveitum á kartöflum 49.1%, en framleiðsla í kaupstöðum og kauptúnum 50.9%. M. ö o.: Meiri hlutinn af allri kartöflframleiðslu landsmanna var framleiddur í kaupstöðum og kauptúnum. Ef þetta frv., eins og það var samþykkt við 2. umr., yrði að lögum, þá á ekki að *taka neitt tillit til réttar þessara manna,* sem í kaupstöðum og kauptúnum búa. Það á ekki að taka neitt tillit til þeirra. Það á að gefa framleiðsluráði landbúnaðarins einkaréttindi, þann rétt, sem grænmetisverzlun ríkisins hefur haft fram að þessu. Það er því ekki að undra, þótt í fyrsta lagi neytendur mótmæli þessu og í öðru lagi þeir framleiðendur kartaflna eins og annarra slíkra vara, sem undir þetta koma, sem búa í kaupstöðum og kauptúnum og eru meiri hluti framleiðendanna. Hér á að ganga alveg á þeirra rétt.

Mér finnst því ekki nema eðlilegt, að við spyrjum: Vilja þá þeir, sem heimta þessi einkaréttindi handa framleiðsluráði landbúnaðarins, láta sér nægja að heimta þau einkaréttindi til handa framleiðsluráði landbúnaðarins hvað sveitirnar snertir, hvað framleiðslu og neyzlu í sveitunum snertir, og vilja þeir þá eftirláta kaupstöðum og kauptúnum, að menn megi þar hafa frelsi í þessum málum, að menn megi rækta sínar kartöflur í friði og menn megi þá flytja inn kartöflur, ef þá vantar þær? Það virðist ekki vera farið fram á neitt sérstaklega mikið. En ef það er einhver af stjórnarflokkunum, sem hefur einhvern áhuga á frjálsri verzlun og hefur veitzt að grænmetisverzlun ríkisins til þess að geta afnumið þarna að einhverju leyti einhverja einkasölu ríkisins, þá mundi slíkum flokki gefast tækifæri til þess að ganga þá fetinu lengra og koma á algerlega frjálsri verzlun með kartöflur, líka frjálsum innflutningi á kartöflum í þjóðfélaginu. Þetta ætti að öðru leyti ekki að vera neitt óþægilegt, því að allir vita, hvaða þýðingu kartöflur hafa upp á vísitöluna að gera, þannig að menn ættu þá ekki að vera á móti því að leyfa nokkru frjálsari samkeppni með þær.

Hins vegar efast ég ekki um, að það yrði enn meiri áhugi hjá neytendum í bæjunum, og hafa þeir þó sýnt mikinn og lofsverðan áhuga undanfarið, — enn meiri áhugi í þá átt að koma upp og auka þá kartöflframleiðslu, sem þar er nú þegar, svo framarlega sem þeir fengju með þessu móti algert frelsi, og þeir, sem væru þá á móti þessari uppástungu, hljóta þá að líta svo á, að með því að setja á stofn þessa grænmetisverzlun landbúnaðarins, sem hér er stefnt að með þessu frv., eigi að slá því föstu, að neytendur í bæjunum séu fyrst og fremst eins konar mjólkurkýr fyrir framleiðsluráð landbúnaðarins, það eigi sem sé að hagnýta þá til þess að einoka þann markað, sem þeir mynda, fyrir framleiðendur landbúnaðarvaranna fyrst og fremst, og maður gæti nokkurn veginn hugsað sér, hvernig áfram yrði haldið, ef svo yrði fram haldið sem nú er byrjað, að það liði líklega ekki á löngu, þegar mikil framleiðsla væri orðin í sveitunum af þessu, áður en amazt

væri við kartöflufframleiðslunni í bæjunum. Það yrði farið að líta það hornauga, að menn væru þar að rækta kartöflur og keppa við þá kartöfluframleiðendur, sem fá sérréttindi eftir þessu frv., og máske liði ekki á löngu áður en það væri farið að banna kartöflufframleiðsluna í bæjunum. Annað eins hefur gerzt á öðrum sviðum, þessum svipuðum. Ég held þess vegna, að þeir, sem nú með offorsi ætla að fara að knýja þetta mál í gegn hér í þinginu, ættu að athuga sinn gang, og ég vil aftur taka það fram, ef einhverjir þeirra, t. d. sjálfstæðismenn, hafa gert það út frá því sjónarmiði, að þeir vildu skapa þarna meira frelsi, þá erum við, ef á annað borð á að samþykkja þetta frv. og fara inn á þessa leið, fyllilega til viðtals um það að fá þá þarna að ná frelsi fyrir þá menn, sem í bæjunum búa, um innflutning á kartöflum og um kartöfluframleiðslu og lofa þeim að ráða sínu sviði sjálfir og láta þá framleiðsluráð landbúnaðarins, sem hér seilist til þess að skapa sér einokun í landinu, ráða hins vegar framleiðslunni hvað sveitirnar snertir. Ég verð að taka það fram einu sinni enn, að ég álít það hreina ósvífni, sem í þessu frv. felst, að ætla að afhenda minni hl. framleiðendanna á Íslandi og þeirra samtökum einkaréttindi í þessum málum, svipta alla neytendur í landinu öllum rétti og meiri hlutann af framleiðendum líka, þ. e. a. s. framleiðendurna í bæjunum. Og það er undarlegt, að þeir menn, sem bera svona mál fram hér í þinginu, skuli ekki hafa manndáð í sér til þess að reyna að verja þetta mál hér. Það var með lygum og ósannindum, sem hæstv. landbrh. og hv. frsm. meiri hl. landbn., hv. þm. Dal., komu fram í sambandi við þetta mál, þannig ósvífnum áburði og óhróðri, að þeir hafa ekki sýnt sig síðan í því, þó að það sé margbúið að skora á þá að taka til máls, að ræða þetta mál, þannig að þessir menn ættu að skammast sín fyrir þá framkomu, sem þeir hafa hér í sambandi við þetta mál.

Þá er enn fremur rétt að gera hér að sérstöku umtalsefni 5. gr. þessa máls. Ég hef ekki orðið var við, að það hafi verið minnzt á þá grein af hálfu þeirra manna, sem um málið hafa talað, og ég veit ekki, hvort þeir þm. Sjálfstfl. og Framsfl., sem samþykkt hafa þetta mál, hafa yfirleitt gert sér grein fyrir því, hvað í þeirri grein stendur. Þar stendur, að það megi leggja verðjöfnunargjald á matjurtir, ef framleiðsluráð landbúnaðarins telur það nauðsynlegt til þess að jafna verð milli söluvara annars vegar og vinnslu- eða fóðurvara hins vegar. Hvað þýðir þetta með öðrum orðum? Það þýðir, að framleiðsluráð landbúnaðarins á að fá sérréttindi til þess að leggja á t. d. þær kartöflur, sem væru til sölu handa almenningi í gegnum grænmetisverzlun landbúnaðarins, svo og svo mikið verðjöfnunargjald. Og til hvers ætti að leggja þetta verðjöfnunargjald á? Við skulum taka dæmi. Segjum, að kartöfluframleiðsla í sveitunum vaxi og vaxi mjög mikið og að bændur fari máske t. d. almennt að nota kartöflur mun meira en undanfarið hafa verið dæmi um sem fóður, þannig að það sé farið að gefa búpeningi oft og tíðum kartöflurnar með eða nota þær á annan hátt til vinnslu. Ef orðin væru mikil brögð að þessu, þá væri samkv. þessari 5. gr. framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að leggja sérstakt gjald á þær kartöflur, sem á að selja til almennings í bæjunum, til þess að bæta upp verðið á þeim kartöflum, sem búpeningurinn fær. M. ö. o.: Neytendurnir í bæjunum ættu að borga að svo og svo miklu leyti kartöflurnar, sem búpeningurinn æti. Þetta er valdið, sem framleiðsluráði landbúnaðarins, þessum sérsamtökum minni hluta framleiðendanna, er gefið með þessum lögum. Ég veit ekki, hvort þeir menn, sem hafa flutt þetta mál, hafa hugsað yfirleitt eitthvað út í þetta. Það er vitað, að það á sér stað svona verðjöfnunargjald viðvíkjandi mjólk og viðvíkjandi kjöti, og sérstaklega náttúrlega viðvíkjandi mjólkinni. En ég er nú hræddur um, að almennt væru landsbúar ekki reiðubúnir til þess að fallast á, að það sama ætti að gilda um kartöflur, að kartöflurnar væru þannig alveg jafnréttháar og mjólkin; og við sjáum alveg, hvert stefnir, þegar farið er inn á þessa braut, að gefa í þessu tilfelli bændasamtökunum í landinu eða framleiðsluráði landbúnaðarins sérréttindi til þess að leggja verðmiðlunargjald á þær kartöflur, sem notendur í bæjunum vilja kaupa af grænmetisverzlun landbúnaðarins. Menn mundu máske sumir segja: Ja, neytendur í bæjunum þurfa ekkert að vera að kaupa af grænmetisverzlun landbúnaðarins kartöflur, þeir geta bara framleitt handa sér sjálfir og sloppið þannig við verðmiðlunargjald. — En þá vil ég leyfa mér um leið að spyrja: Hver er þá tilgangur þessara manna, sem flytja þetta frv. og þykjast vera að berjast fyrir hagsmunum bændanna, svo framarlega sem frv. á að verða til þess, að notendur í bæjunum fari að framleiða svo miklu meiri kartöflur en meira að segja nú er, að þeir hætti að kaupa yfirleitt kartöflur, sem bændur framleiða? Hver er þá tilgangurinn með þessu öllu saman? Nei, ég er hræddur um, að það sé annað, sem býr á bak við. Fyrst þessir menn, sem standa á bak við, þessi klíka, sem flytur þetta frv. hér, hefur á annað borð þetta dularfulla vald að ætla að píska svona mál í gegnum þingið, þá er auðséð, að þarna býr eitthvað annað og meira á bak við, fyrst hún er að hugsa um verðmiðlunargjald þarna, þá er hún ekki þar með að hugsa um, að notendur í bæjunum eigi bara að framleiða kartöflur handa sér sjálfir og sleppa þannig við verðmiðlunargjaldið. Nei, hún er að hugsa annað, hvort sem hún kærir sig um að láta það koma í ljós nú þegar. Hún er að hugsa um að stöðva kartöfluframleiðsluna í bæjunum. Ef það á að gefa framleiðsluráði landbúnaðarins þessi einkaréttindi, sem hér er farið fram á, þá hlýtur það að vaka fyrir þeim, sem virðast hugsa um kartöfluframleiðsluna sem sérgrein landbúnaðarins, á sama hátt og t. d. mjólkin og kjötið er og hlýtur að vera, að gera kartöflurnar að slíkri sérgrein landbúnaðarins eins og mjólk og kjöt er. Nú sem stendur er kartöfluframleiðslan fyrst og fremst sérgrein bæjabúa og kaupstaða. Meiri hluti kartöfluframleiðslunnar er þar, og það er auðsjáanlega til þess að stöðva þá þróun, að þetta er flutt.

Næsta málið á eftir, ef þetta næði fram að ganga, yrði að koma í veg fyrir kartöflufram-

leiðsluna í bæjunum. Mörgum mundi finnast þetta undarlegt, en það eru til dæmi um þess háttar aðfarir á öðrum sviðum, þannig að við skulum engan veginn slá því frá okkur, að fyrir þeim mönnum, sem hafa svona undarlegar aðfarir eins og hér eru hafðar í frammi, gæti eitthvað slíkt vakað. Sumir vilja kannske segja, að það sé hægt að stöðva þá þróun hér í þinginu seinna meir, ef það sýni sig að vera tilgangurinn. En ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á, að það getur orðið nokkuð erfitt að stöðva þá þróun, ef farið er inn á þá braut, sem hér er lagt til að fara inn á. Það, sem gerist í þessum málum, gerist ekki hér í þingsölunum, það gerist utan þeirra. Það er samið um þessi mál, eins og ræningjaflokkar eða innbrotsþjófar semja sín á milli um að skipta á milli sín þeirri bráð, sem þeir komast yfir, þeim ránsfeng, sem þeir ná. Framsfl. segir við Sjálfstfl.: Ja, ég fæ að drepa þetta ríkisfyrirtæki. Ég vil fá að drepa grænmetisverzlun ríkisins. — Hvað segir þá Sjálfstfl. á móti? Jú, þá segir Sjálfstfl. á móti: Þá vil ég fá að drepa fiskiðjuver ríkisins. — Til að byrja með segir fjmrh. f. h. Framsfl.: Ég vil nú ekki fallast á það, að fiskiðjuver ríkisins sé drepið. — Þá segir Sjálfstfl.: Þá vil ég ekki fallast á, að grænmetisverzlun ríkisins sé drepin. — Síðan þrefa þeir um þetta þó nokkurn tíma. Á endanum kemst svo á samkomulag, og menn athuga, þegar þeir sjá svona helmingaskipti, að Sjálfstfl. gerir þarna þó nokkuð góða verzlun. Fiskiðjuver ríkisins er mikið og voldugt fyrirtæki, sem Sjálfstfl. hefur lengi langað til að ná í úr höndum ríkisins, og það er vitanlegt, að fjmrh., einn aðalmaður Framsfl., hefur lengi staðið á móti því. Það er hins vegar vitanlegt, að hann er núna að láta undan um þetta. Ég veit ekki, hvort það kemur hér fyrir þingið, það er oft þægilegast að taka svona dýrmæta hluti úr höndum ríkisins án þess að láta þá yfirleitt koma hér fyrir Alþingi. Það er sama aðferðin og að nokkru leyti er höfð um áburðarverksmiðju ríkisins. Þá eru bara gefnar yfirlýsingar af ráðherrunum um, að þeir skilji vitlaust ákveðna hluti í lögum, og svo standa menn á þeirra skilningi og munu seinna meir vitna í þann skilning þeirra, sem er að vísu rangur, því til framdráttar, að menn eigi fyrirtæki, sem lögum samkvæmt er eign ríkisins. M. ö. o.: Þessir tveir flokkar eru þarna bara að skipta upp á milli sín því, sem ríkið á. Framsfl., sem skoðar framleiðsluráð landbúnaðarins sem einhvers konar sérstök samtök sín, ætlar að tryggja sér að fá þessi einkaréttindi yfir grænmetinu og kartöflunum og öðru slíku, sem fyrir er mælt í þessum lögum, og Sjálfstfl. virðist fallast á þetta gegn því, að hann fái þá í staðinn fiskiðjuver ríkisins. Svona skipta þessir menn upp á milli sín eignum ríkisins.

Þetta er nú það, sem stundum mundi vera kallað að stela úr sjálfs sín hendi, en það mundi náttúrlega ekki vera eins hægt að kalla það, þegar lög eru þó samþykkt um það. En það sýnir hins vegar, hve slæma samvizku þeir menn hafa, þessir stjórnarflokkar, sem eru nú þarna að stela úr sjálfs sín hendi, stela úr hendi þess ríkis, sem þeim var falið að gæta, fyrirtækjum eins og grænmetisverzlun ríkisins og fiskiðjuveri ríkisins, — það sýnir, hve slæma samvizku þeir hafa í þessu, að hv. þm. Dal., frsm. meiri hl. landbn., og yfirleitt engir af þm. Frams.- og Sjálfstfl. hér í þessari hv. d. og ráðherrar þessara flokka skuli hafa treyst sér til þess að taka hér til máls til þess að reyna að verja þetta mál. Ég veit náttúrlega, að Framsfl. hefur ekki betri samvizku út af að vera í helmingaskiptum að afhenda nú Sjálfstfl. fiskiðjuver ríkisins. Ég býst við, að Framsfl. reyni að koma sér hjá því, að það mál verði yfirleitt rætt í þinginu.

Ég held þess vegna, fyrst hv. þm. Dal. er nú loks kominn á þingfund, að hann ætti að gera þingheimi nokkra grein fyrir því, hvort hann vill fallast á þá uppástungu, sem ég kom fram með hér áðan, að grænmetisverzlun landbúnaðarins, ef á að samþykkja hana eins og hér er lagt til, hafi þá með þá framleiðslu að gera, sem sveitirnar sjálfar framleiða handa sveitunum sjálfum, m. ö. o., að þeirri kartöfluframleiðslu, sem fram fer í sveitunum, geti framleiðsluráð landbúnaðarins ráðstafað handa sveitunum sjálfum, en að kaupstaðabúar hins vegar, meiri hluti kartöfluframleiðendanna á Íslandi, fái að vera frjálsir, fái að framleiða sínar kartöflur, fái að nota þær og fái að flytja inn kartöflur frjálst, ef þá vantar. Ég veit, að grænmetisverzlun ríkisins hefur flutt inn kartöflur undanfarið, þegar þær hefur vantað, en ég veit líka, að framleiðsluráð landbúnaðarins hefur amazt við því í hvert einasta skipti, sem fluttar hafa verið inn kartöflur, og við þekkjum það á sumum öðrum sviðum, að það á heldur að láta þá, sem í bæjunum búa, skorta hlutinn en að ganga nokkurn skapaðan hlut á þau einkaréttindi, sem vissir aðilar eru að reyna að tryggja sér með lögum eins og þessum. Það á jafnvel frekar að borga með því að flytja kjöt út, þó að kjöt vanti í landinu og þó að markaður sé fyrir það í landinu, heldur en að leyfa bæjabúum að neyta þess.

Ég held þess vegna, að hv. þm. Dal. ætti að segja til um, hvort bæjabúar geti þá fengið að vera frjálsir, haft frjálsa verzlun, ekki aðeins með kartöflur sín á milli, eins og þeir hafa nú, heldur með að flytja kartöflur inn, ef þá vantar, og að þeir framleiðendur, sem vilja nú taka sig út úr, sem sé þessi minni hluti framleiðendanna, framleiðendurnir í sveitunum, geti þá fengið að sitja að sínum kartöflum, en við í bæjunum getum fengið að hafa frjálsa verzlun, hinir hafi þá einkasöluna, fyrst það eru þeir, sem heimta hana, ef það á á annað borð að leggja niður þá einkasölu ríkisins, sem hingað til hefur reynt að fullnægja hagsmunum beggja.

Fyrst menn vilja nú skilja að skiptum og einn hluti af framleiðendunum vill taka sig út úr og heimta sérréttindi, þá hugsa ég, að bezt sé, að hann hafi þau handa sjálfum sér, en bæjabúar fái þá að vera frjálsir, bæði með sína kartöfluframleiðslu og með sinn innflutning á kartöflum.

Þá kom ég í öðru lagi fram með þá fsp. hér áðan, því að það mál hefur yfirleitt ekki fengizt rætt hér, hvernig sé með 5. gr. og verðjöfnunargjaldið af matjurtum. Er þessi grein sett þarna bara „upp á punt“? Er ekkert meint með henni? Ef það er meiningin að nota hana, er þá meiningin að leggja verðjöfnunargjald á þær

kartöflur, sem ganga í gegnum grænmetisverzlun landbúnaðarins? Er þannig meiningin að hækka í verði kartöflurnar, sem fólkið í bæjunum á að borða, til þess að bæta upp þær kartöflur, sem búpeningurinn borðaði? Maður þarf nú ekki að spyrja að, hvernig væri með eftirlitið á þessu öllu saman, þegar þannig væri. Það eru þó vissar skorður settar í sambandi við verðjöfnunar- og verðmiðlunargjaldið hvað snertir bæði kjötið og mjólkina, í sambandi við mjólkurbúin og sláturhúsin. Það yrði nú eitthvað undarlegt, hvernig þar yrði farið að, nema það sé tilgangurinn að skylda svo á eftir þessa grænmetisverzlun landbúnaðarins til þess að taka við öllum þeim kartöflum, sem framleiddar væru í sveitunum, hvað mikið sem það væri, og á móti þeim kartöflum, sem síðan væri ekki markaður fyrir og væru að einhverju leyti notaðar til vinnslu, ætti þá að verða að greiða verðmiðlunargjald af kartöflunum, sem fara til neytendanna, til þess að bæta slíkar kartöflur upp. Og þá er nú ekki langt eftir, að það væri farið að flytja eitthvað af slíkum kartöflum út og borga með þeim. Ég held, að það sé nú eins rétt, þó að það sýni sig, að þessir hv. stjórnarflokkar geti pískað hér í gegnum Alþingi 200 millj. kr. álögur, eins og gert hefur verið nú nýlega, að þeir fari að láta svo lítið gagnvart þinginu að gera grein fyrir, til hvers þeir vilja leggja þessa hluti á og hvernig eigi að nota þá. Og ég hefði nú satt að segja kunnað betur við það, að þeir fulltrúar Sjálfstfl. úr bæjunum, sem hér eiga sæti í þessari hv. d., hefðu gert ofur litla grein fyrir því, hvernig þeir hugsa frá hálfu Sjálfstfl. þetta verðmiðlunargjald á matjurtum, sem hér er lagt til að setja á. Mér sýnist, að með þeirri till. sé stefnt að því að setja t. d. kartöflurnar í nákvæmlega sama flokk sem afurð eins og kjöt eða mjólk.

Við bæjabúar höfum fallizt á þetta hvað snertir mjólk og hvað snertir kjöt, og við höfum álitið það sanngjarnt og nauðsynlegt, en það gildir bara allt annað, þegar um kartöflurnar er að ræða.

Kartöflurnar eru vara, sem er framleidd að meiri hluta til í kaupstöðum og kauptúnum, og það þýðir ekkert fyrir hæstv. landbrh. að koma hér og segja, eins og hann sagði hér úr þessum stól, að þetta geti ekki verið rétt. Þetta er skýrsla frá hagstofunni, og hæstv. landbrh. og hv. þm. Dal. verða þá að gera sér ljóst, að ef þeir ætla að vefengja þessar skýrslur, þá eru þeir í senn að vefengja þeirra eigin flokksbræður, sem standa fyrir grænmetisverzlun ríkisins, og hagstofuna og hennar starfsmenn og hennar forstöðumann, þannig að ég held, að það þýði nú ekki fyrir þessa fulltrúa Framsfl. að ætla að reyna að snúa sig út úr þessu með slíkri yfirlýsingu. Hvað gera framsóknarmenn stundum, þegar þeir rekast á staðreyndir? Jú, þeir gefa út það, sem einu sinni var kallað fyrr á tímum Egilsstaðasamþykkt. Þeir lýsa því bara yfir, að þessar staðreyndir séu allt öðruvísi. Þetta hefur nú ekki þótt ganga hér í þinginu, þó að það gæti gengið stundum á þingmálafundum forðum daga. En það er auðséð, að nú ganga hæstv. landbrh. og hv. þm. Dal. út frá því, að það sé a. m. k. alveg hægt að bjóða Sjálfstfl. svona Egilsstaðasamþykkt. Einn ráðherra Framsfl. þarf ekki annað en að lýsa því yfir, að það, sem hagstofan segi í sínum skýrslum, sé bara rangt, ef það passar ekki í kramið fyrir framleiðsluráð landbúnaðarins, og þannig steinþagnar Sjálfstæðisflokkurinn.

Það eru þvert á móti sannanir, sem liggja fyrir og enginn nema hæstv. landbrh. hefur mótmælt, og ég verð að lýsa því yfir, að það er ekki hægt að taka mikið mark á honum, þegar hann reynir ekki einu sinni að láta sína flokksmenn á eftir, þó að hann sjálfur sé forfallaður, standa fyrir sínu máli, — þið liggja sem sé ótvíræðar sannanir fyrir um það, að meiri hl. kartaflnanna er framleiddur í kaupstöðum og kauptúnum, og það á að fara að setja lög um kartöflurnar eins og þetta væri samsvarandi sérgrein bænda og framleiðsla á mjólk eða kjöti. Þess vegna er hér verið að seilast út fyrir það, sem er eðlilegt.

Það er vitað mál, að þeir, sem landbúnað stunda á Íslandi, þurfa á því að halda, að það sé gott samstarf við þá, sem í bæjunum eru, og verkalýðssamtök landsins. Þau hafa sýnt, að þau vilja hvort tveggja í senn, tryggja bændum markað fyrir þeirra vörur og tryggja bændum verð fyrir þeirra vörur, sem gefa þeim vinnulaun, sem samsvara því, sem vinnandi menn í bæjunum hafa. Það var sýnt með því samkomulagi, sem gert var fyrir 13 árum með sexmannanefndarálitinu svonefnda, sem síðan hefur legið til grundvallar fyrir verðákvörðun landbúnaðarafurðanna, og ég efast ekki um, að það álit, þær reglur, sem þar voru lagðar til grundvallar, og það samstarf, sem síðan hefur átt sér stað á þessum sviðum, hefur orðið bændastéttinni íslenzku til stórkostlega mikils góðs. En ég vil benda alveg sérstaklega Framsfl. á, að með þessu frv. hérna er hann ekki að vinna að neinu slíku samstarfi. Með þessu frv. er hann að fara út af leið sanngirninnar og réttlætisins og samstarfsins við kaupstaðabúana og inn á þá leið spillingarinnar og sérréttindanna, fara inn á þá leið spillingarinnar að semja við Sjálfstfl. um, að Sjálfstfl. skuli fá að stela einhverjum af fyrirtækjum ríkisins, ef Framsfl. fái að leggja grænmetisverzlun ríkisins niður og leggja hana undir framleiðsluráð landbúnaðarins. Af hverju skyldi hver einasti þm. Sjálfstfl. þegja hér í deildinni við þessu máli, að öllum líkindum þegja við því líka að geta fengið frjálsa verzlun á kartöflum og frjálsan innflutning á þeim, nema vegna þess, að það er búið að semja um það á bak við tjöldin á milli flokkanna að knýja þetta mál í gegn? Það er sú leið spillingarinnar, sem þarna er verið að fara inn á, og helmingaskiptin í þessum hlutum yfirleitt tákna, að Framsfl. segi við Sjálfstfl.: Láttu mig fá þetta, þá mátt þú taka hitt.

Það hefur ekki skort á hér, að þm. Sjálfstfl. og Framsfl. væru til í að berjast fyrir þeim málum, sem þeir hefðu sérstakan áhuga fyrir. Það hefur ekki skort á hér, að Sjálfstfl. væri til með að standa hér upp og tala, þegar rætt hefur verið um að leggja niður skipaútgerð ríkisins, og það hefur ekki heldur skort á það, að Framsfl. væri til í að standa upp og tala til þess að verja hana. Það hefur ekki heldur skort á, að Sjálfstfl. hér í deildinni væri til í að standa upp og tala, þegar

rætt hefur verið um að leggja niður ferðaskrifstofu ríkisins, en það mál fer nú vafalaust bráðum að koma úr nefnd, og það hefur ekki heldur staðið á, að Framsfl. andmælti. En nú þagna báðir. Nú er eins og þeir hafi bundizt í þagnarbindindi. Af hverju? Ætli það sé ekki vegna þess, að málið sé eitthvað óhreint? Ef þeir hefðu hreint mél í pokanum, þá þyrðu þeir áreiðanlega að láta það koma fram hérna. En núna hefur þetta mál verið rekið þannig, að við allar umr. þessa máls, og það hafa farið þrjár vikur alls í umr., fengust aldrei upplýsingar um, hvað fyrir mönnunum vekti með þessum einstöku greinum í því.

Ég vil svo minna þm. Framsfl. á, að eins og þeir nú vilja leggja til og hafa verið að samþykkja við 2. umr. að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins og afhenda samtökum nokkurs hluta af framleiðendunum einkaréttindi þar, eins er viðbúið að fari um skipaútgerð ríkisins. Það er nákvæmlega það sama, sem þar gildir, og ég vil leyfa mér að spyrja Framsfl.: Er Framsfl. því þá samþykkur, að nú verði skipaútgerð ríkisins lögð niður á eftir, eða á að bíða með að leggja hana niður, þangað til sé búið að semja um eitthvað annað í sambandi við það? Höfuðreglan, sem þarna er um að ræða, er sú sama. Alveg eins og grænmetisverzlun ríkisins er stofnuð til þess að þjóna neytendum jafnt sem framleiðendum, eins er skipaútgerð ríkisins stofnuð til þess að þjóna þeim, sem þurfa á ferðunum að halda. Ef það á að fara að reka þá hluti, sem hingað til hafa verið reknir af ríkinu í landinu, með hagsmuni þeirra, sem hafa sérréttinda að gæta á þessu sviði, einna fyrir augum, þá er jafnsjálfsagt að ráðstafa skipaútgerð ríkisins í hendur þeirra skipafélaga, sem fyrir eru, eins og að ráðstafa grænmetisverzlun ríkisins yfir til þess hluta af kartöflufframleiðendum, sem býr í sveitum landsins. Og það er náttúrlega ýmislegt fleira, sem er kannske eðlilegt að verði farið að athuga í þessu sambandi, ef svona á að halda áfram. Það er ekki algert samkomulag, hef ég heyrt, á milli Sjálfstfl. og Framsfl. t. d. um mál eins og hvers konar skatt Samband íslenzkra samvinnufélaga eigi að greiða. Kannske það sé líka eitt málið, sem eigi að koma þarna inn í? Það eru margs konar fyrirtæki í þjóðfélaginu, sem menn greinir á um, hvers konar réttindi hafi. Og við megum kannske fara að búast við því, að um leið og Framsfl. ber fram frv. um að leggja niður skipaútgerð ríkisins og ráðstafa henni handa Eimskip, þá fari hann að leggja til að gefa heildsölunum í landinu sérréttindi á innflutningi á svo og svo miklu af öllum vörum til landsins, eins og hann nú leggur til, að tekinn sé úr höndum ríkisins rétturinn til að flytja inn kartöflur og fenginn í hendur eins hluta af kartöflufframleiðendunum í landinu og allir bæjabúar seldir undir þeirra einokun þar með, að svo miklu leyti sem þeir sjálfir reyna ekki að framleiða kartöflur handa sér. Sem sé, það er ekkert undarlegt, þó að okkur fari að detta hitt og þetta í hug í sambandi við svona mál og förum að spyrja um það, hvað sé eiginlega meiningin. Ég held, að það sé þess vegna tími til kominn, að þetta mál, sem fékk svona margar hendur á loft með sér hér í deildinni, eignist einhverja málsvara hérna.

Hæstv. landbrh. kom þannig fram við 2. umr. málsins og blað stjórnarinnar, Morgunblaðið, vitnaði þannig í hann, að það varð að gefa út yfirlýsingu daginn eftir til þess að hrekja það, sem ráðherrann hafði sagt, lýsa það ósannindi, og meira að segja Tíminn varð að viðurkenna, að það væru ósannindi. Einn af hans eigin flokksmönnum, einn af miðstjórnarmönnum Framsfl., varð að reka ofan í hann ósannindin, sem hann hafði haft hér í frammi, þau ósannindi, að grænmetisverzlun ríkisins hefði brugðizt skyldu sinni um að stuðla að stofnræktun kartaflna, og þetta um stofnræktun kartaflna var einu rökin, sem hæstv. landbrh. reyndi að flytja fyrir þessu máli.

Ég hef yfirleitt aldrei vitað mál fá aðra eins útreið og þetta mál hefur fengið í sambandi við 2. umr. málsins. Ég held þess vegna, að það sé nú tími til kominn, að þeir menn, sem fram að þessu hafa greitt þessu máli atkvæði, láti í ljós, hvernig stendur á því, að þeir gera það, og hvað þeir hyggjast með því og hvert þeir stefna með verðmiðlunargjaldinu og öðrum þeim ákvæðum, sem hér eru í. Ef hins vegar enginn vill verja þetta mál af þeim, sem flutt hafa það hér inn í þingið, gefi þeir þó a. m. k. þingmönnum þær frumstæðustu upplýsingar í þessu máli, sem við höfum beðið um. Það er raunverulega það minnsta, sem hægt er að fara fram á.

Hins vegar mun ég nú bera fram brtt. við 4. gr. og við 5 gr. Við 5. gr. málsins ætla ég að leggja til, að hún verði felld niður, þ. e. a. s. ákvæðin um verðmiðlunargjaldið, og við 4. gr. málsins ætla ég að bera fram brtt., annars vegar þá, að greinin verði felld niður, hins vegar sem varatill., að kaupstaðabúar fái frelsi til þess, ef þetta mál er samþykkt að öðru leyti eins og það nú er, að rækta kartöflur og flytja inn kartöflur, en þeir, sem heimta nú grænmetisverzlun landbúnaðarins setta á stofn, fái þá grænmetisverzlun landbúnaðarins fyrir landbúnaðinn, þ. e., þeir fái að framleiða sitt grænmeti og sínar kartöflur og fái að selja það í sveitum landsins, en sé ekki gefin einokun á bæjarmarkaðinum, — þeir geta keppt þar eins og aðrir, en sé ekki gefin einokun á honum. Ég vil leyfa mér að óska þess við hæstv. forseta, af því að ég var ekki búinn að forma þessar brtt., að mér gefist tóm til þess að leggja þær fram til hans og biðja hann um að leita afbrigða fyrir þeim.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hafði á vissum stigum málsins við 2. umr. gert mér vonir um, að hlé yrði gert á umr. um það og framhald umr. látið bíða, a. m. k. þangað til hv. frsm. landbn. kæmi heim, en aldrei var orðið við þeim tilmælum. Nú hafði ég einnig talið, að málið væri komið inn á það svið, að heppilegast væri og eðlilegast, að 3. umr. yrði látin bíða um sinn og athugað nánar, hvort ekki gæti náðst samkomulag milli eðlilegra aðila, eins og t. d. bændasamtakanna og samtaka verkalýðsins, um aðra og heppilegri lausn málsins, þannig að um þetta mál fengist friður, um framkvæmd málsins í framtíðinni, en ekki lagasetning, sem þröngvaði mjög kosti annars aðilans, þ. e. a. s.

neytendanna, því að það er vitað, að þó að slík lagasetning sé lamin í gegn af deyjandi ríkisstj., þá er það ekki nein framtíðartrygging fyrir málið. En það gerist ýmislegt, þegar út í dauðateygjurnar er komið, og eitt af því, sem þannig gæti gerzt, væri þá þetta, þessi lagasetning.

Nú er, eins og sagt var hér af seinasta ræðumanni, hv. 2. þm. Reykv., 2. umr. búin að taka þrjár vikur og hlýtt í veðri, og stundum hefur verið heitt í umr. Það má því búast við, að blessaðar kartöflurnar fari nú að spíra hvað af hverju, og af þeim ástæðum einum væri nú eðlilegt að bíða með framkvæmd þessa máls til næsta árs og stofna nú ekki framleiðslu ársins í hættu og eyðileggingu með þessu háttalagi öllu saman, hita úti og inni og seinagangi í meðferð málsins, þannig að það verði komið fram undir vor, þegar þetta leysist. En málið er þannig, að það þarf langan aðdraganda til þess að koma hinni nýju framkvæmd vel fyrir sig.

Það er orðið augljóst mál, að hv. landbn. d. hefur eingöngu flutt þetta mál af þægð við ríkisstj. sína. Hinir einstöku nm. hafa sýnt það, að þeir hafa, ekki einn einasti þeirra, nokkurn áhuga fyrir málinu. Og svo augljóst er þetta, að einn af bændafrömuðum þingsins, sem sæti á í landbn., er svo andvígur málinu, að hann vill ekki einu sinni leggja nafn sitt við málið á nokkurn hátt, og veit ég, að það er af því, að honum hefur frá öndverðu fundizt af því óbragð hið mesta og sér ekki í þessu máli nokkurt hagsmunamál fyrir bændastéttina, því að hefði svo verið, þá hefði hann barizt sem fullhugi fyrir framgangi þess. En hann lætur ekki einu sinni nafn sitt undir nál. viðvíkjandi þessu máli. Hinir fulltrúar bændanna þarna í n. gera það af þægð að vísu að flytja hér framsöguræðu fyrir málinu og leggja það fyrir þingið á þann hátt, fyrir ríkisstjórnina, en síðan ekki söguna meir, þó að miklar umræður verði um málið og margs spurt, sem undir öllum venjulegum kringumstæðum þætti sjálfsagt að leysa úr.

Það fór svo, þegar þessari þriggja vikna umr. um málið lauk, þá kom alveg óvænt í ljós, að mönnum varð lausari höndin af einhverjum ástæðum en tungan. Hún hafði verið bundin í þrjár vikur, tungan, en höndin kom á loft við atkvgr. Og þetta kemur mér til þess að ætla, að það sé rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan: *Þetta mál er orðið verzlunarvara.* Fulltrúar flokkanna, sem stjórninni fylgja, hafa verið bundnir, og hendur þeirra hafa verið bundnar á þann hátt, að höndin skyldi lyftast, þegar kæmi til atkvgr. Spottinn hefur legið þannig í höndina. Þetta vitum við ósköp vel af viðtölum við einstaka þingmenn úr stjórnarflokkunum. Þeir hlakka ekkert til þess, að nafn þeirra verði bendlað við málið, þó að þeir hafi talið sér nauðsyn að lúta flokksfyrirmælum um að greiða atkv. með því. En þeir leggja því ekki liðsyrði í orði og herpa hér saman varirnar, þegja viku eftir viku, meðan rætt er um málið. Og þetta er eðlilegt. Ég þykist alveg vita, að ef þetta frv. yrði nú afgreitt sem lög og einkasöluaðstaðan á öllu grænmeti, öllum kartöflum, hvort sem þær eru framleiddar í sveitum eða kaupstöðum, ætti svo að fara undir einkasölu landbúnaðarins, ráðstafast þar bæði um verðlag og sölumeðferð alla, og þar ætti að taka ákvarðanir um það, hvort og hvenær leyfilegt yrði fyrir landbrn. að flytja inn kartöflur og annað grænmeti, og þannig væri t. d. haldið á málum, sem vel gæti komið fyrir undir svona einkasöluaðstöðu, að það yrði hinkrað við að leyfa landbrn. að flytja inn kartöflur og grænmeti, þangað til þurrð væri orðin á þessum vörum í landinu, búið að svæla út lélegri vöru ofan í neytendurna, af því að annað vantaði gersamlega, og þar að auki búið að setja á verðjöfnunargjald milli kartaflna til fóðurbætis og manneldis og tryggja þannig neytendunum nokkru dýrari kartöflur og fóðurpeningnum aftur ódýrari kartöflur á lægra verði vegna þessa verðjöfnunargjalds, sem nú virðist vera heimilað í 5. gr., og kaupstaðabúar fengju svo, þrátt fyrir það að *þeir framleiði meiri hl. af öllum kartöflum í landinu*, að verða kartöflulausir við og við, því að það gæfi byr undir báða vængi um að geta hækkað verðið á meðan, þá er ég ekkert undrandi á því, þó að t. d. kjósendum hv. þm. Ak., en á Akureyrarsvæðinu er framleitt mikið af kartöflum, fyndist þetta ekkert góð lausn á málinu og þökkuðu honum lítillega fyrir að hafa stutt að framgangi slíks máls, — ég gæti ekkert undrazt það. Ef maður lítur á annað kartöflusvæði, Reykjavíkursvæðið, þar er stórkostleg framleiðsla á kartöflum: ég er ekkert undrandi á því, þótt kjósendurnir hér í Reykjavík tækju svona heldur kuldalega í hendur Reykjavíkurþingmannanna fyrir að hafa samþykkt mál, sem gæti leitt til kartöfluleysis hér tímum saman og gæti leitt *til þess, að það væri búið að gera allar neyzlukartöflur í landinu dýrari með verðjöfnunargjaldi milli neyzlukartaflna og fóðurbætiskartaflna*, og í þriðja lagi, að það væri búið að taka öll yfirráð yfir þessum málum í hendur þess aðilans, sem framleiðir minni hl. af kartöflum landsmanna. Hins vegar er vitað, að í sveitunum er neytt tiltölulega minna magns af kartöflum en í kaupstöðunum, af því að þar eru ýmsar aðrar landbúnaðarvörur sem eigin framleiðsla á borði á degi hverjum. Hér hlífast menn heldur við að kaupa slíkar vörur, gjaldgetan er ekki alltaf fyrir hendi til þess, og þess vegna eru kartöflurnar meginþátturinn í fæðu allra kaupstaða- og kauptúnabúa á Íslandi, tvisvar sinnum á borði hvers manns upp á hvern einasta dag, og hjá mörgum *hinum efnaminni aðalfæðutegundin á matborðinu*. En þessa fæðutegund á að taka alveg undan ríkisrekinni verzlun, sem leitazt hefur við að gæta hagsmuna bæði neytenda og framleiðenda, og setja alla sölumeðferð og raunar yfirráðin yfir grænmetisræktun allri í landinu og öllum innflutningi á grænmeti í hendur einnar stéttar, sem hefur minnihlutahagsmuna að gæta í þessu, hvar sem á málið er litið.

Þegar ég lít á það, sem hv. 2. þm. Reykv. var að fullyrða hér áðan, að hér hljóti að vera verzlun *milli flokka á ferðinni*, þá *fer ég að* sannfærast um, að svo hljóti að vera, einkanlega þegar ég frétti, að það sé nokkurn veginn nú búið að ráðstafa því að selja fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum hér. Ég veit, að Framsfl. hefur staðið gegn því árum saman, og ef hann hefur nú látið

sig með þetta og fallizt á það, sem er þó engin lausn á nauðsynjamálum Reykvíkinga að því er snertir fiskvinnslumöguleika, því að hér hefði auðvitað þurft að koma nýtt fiskiðjuver í viðbót við þau, sem fyrir eru, en það eykur enga möguleika til aukinnar fiskvinnslu í borginni, að fiskiðjuver ríkisins fari af hendi ríkisins og í hönd útgerðarfyrirtækjanna og útgerðarmannanna, þá kann Framsfl. að hafa talið sér svo mikla nauðsyn á að verða við óskum Stéttarsambands bænda um, að grænmetisverzlun ríkisins sé lögð niður, að hann hafi nú loksins viljað kaupa þessu, að Sjálfstfl. fengi lagt fiskiðjuver ríkisins að velli sem ríkisfyrirtæki og komið því undir yfirráð útgerðarmanna og útgerðarfyrirtækja. Það er gróðamöguleiki í sambandi við slík fyrirtæki, og þá aðstöðu vilja útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki fá, sem eðlilegast hefði verið að þau hefðu fengið gegnum það, að ríkið hefði aðstoðað þessa aðila við að koma upp nýju fiskiðjufyrirtæki hér í Reykjavík.

Ef þetta er svona, þá er málið enn óhreinna en maður hafði hugboð um í fyrstu. Þá er þarna bara verið að verzla með gagnkvæma hagsmuni einstaklinga og stétta, en ekki verið að leysa þetta mál frá rökrænu sjónarmiði.

Ég verð að taka undir það, að það væri full ástæða til þess fyrir mig eins og fleiri þingmenn að endurskoða afstöðu mína til margframkominna tillagna frá sjálfstæðismönnum um að leggja skipaútgerð ríkisins niður og selja eignir eða gefa eignir þeirrar útgerðar Eimskipafélagi Íslands og skipaútgerð samvinnufélaganna og fallast á það, því að ef það er rétt, sem flm. þeirrar till. hafa haldið fram, að Eimskipafélagið og skipadeild S. Í. S. séu fús til þess að taka þessa þjónustu við landslýðinn að sér og inna hana eins vel af hendi, þá er náttúrlega engin ástæða til að kasta 10 eða 11 millj. kr. úr ríkissjóði árlega til þess að halda þessari þjónustu uppi og tryggja landsmönnum hana. Ef þetta er rétt og sú stefna er orðin ofan á hjá þessum mikils ráðandi flokkum, að þessi ríkisfyrirtæki öll skuli lögð að velli, þá er sízt ástæða til þess, að við höldum einstrengingslega verndarhendi yfir skipaútgerð ríkisins einni. Þá er sjálfsagt bezt að láta hana fara sömu leiðina fyrir stjórnarandstöðuna, sem hefur bjargað því máli með Framsfl. þing eftir þing, af því að við höfum talið, að þjónustan við hinar dreifðu byggðir væri bezt tryggð með því skipulagi, að skipaútgerð ríkisins annaðist þetta og hefði ríkisins hjálp til þess að gera það vel. Nú þegar á þetta er knúið svona af Framsfl. og Sjálfstfl. um önnur hliðstæð fyrirtæki, þá er sjálfsagt bezt að láta skipaútgerðina lika sigla sinn sama sjó. Þetta er allt svo líkt, grænmetisverzlun ríkisins á núna að leggjast niður við trog, og það á að selja eða gefa eignir hennar svokallaðri grænmetisverzlun landbúnaðarins, sem enginn hefur þó getað upplýst hver eigi að eiga, hver eigi að vera eigandi að. Og till. hv. þm. Barð. (GíslJ) og hv. þm. Snæf. (SÁ) er um það, að eignir skipaútgerðar ríkisins skuli verða seldar eða gefnar tveim útgerðarfyrirtækjum, Eimskip og skipadeild S. Í. S.

Ég heyrði nú í fyrsta sinn þær till., sem hv. 2. þm. Reykv. kvaðst mundu flytja við þetta frv. og óskaði eftir að fá tóm til þess að ganga frá, og hans till. skildist mér vera á þá leið, að það yrði kannske fallizt á það, að bændur og bændasamtökin fengju einkasöluaðstöðu um sölumeðferð allra þeirra kartaflna, sem framleiddar væru í sveitum landsins, og það yrði út af fyrir sig að teljast sanngjarnt, upp á þau býti þá, að það grænmeti og þær kartöflur, sem framleiddar eru í kaupstöðum og kauptúnum, væru utan við þetta söluskipulag bændasamtakanna og framleiðendurnir og neytendurnir í kaupstöðum og kauptúnum fengju aftur alveg frjáls umráð yfir framleiðslu sinni og sölumeðferð á þeirri framleiðslu. Þetta fyndist mér vera vel til athugunar, og ég get ekki betur séð en að þarna væri komið inn á þau svið málsins, sem lúta að lausn, sem báðir aðilar ættu að geta sætt sig við.

Þá er þriðji þáttur málsins. Það er um innflutning á grænmetinu að öðru leyti, því að það er vitað, að þó að framleiðsla kartaflna og grænmetis hafi vaxið geysilega mikið á undanförnum árum í kaupstöðum og kauptúnum, þá er hún samt ekki svo mikil að jafnaði, að nægi allri neyzluþörf landsmanna, og má því búast við, að í flestum árum þurfi að flytja inn meira eða minna af kartöflum og grænmeti. Og þar eru neytendurnir algerlega kaupstaðabúar. Skýrsla mþn. um þessi mál sýnir, að hver einasti bóndi í landinu sé kartöfluframleiðandi, og þá verður fyrst og fremst að ætla, að þeir séu flestir kartöfluframleiðendur í þeim stíl, að þeir séu sjálfum sér nokkurn veginn fullnægjandi. Og svo er það aftur einn og einn bóndi, sem framleiðir meira en til eigin neyzlu og er þannig jafnframt seljandi slíkrar vöru á hinum innlenda markaði.

Eðlilegast væri í raun og veru, að grænmetisverzlun ríkisins héldi áfram til þess að annast þessa þjónustu fyrir neytendurna að því er snertir innflutning á öllu grænmeti og öllum kartöflum, — eða þá að lengra væri gengið, ef mönnum er mjög mikið í mun að leggja grænmetisverzlunina samt endilega niður, þó að bændurnir fengju öll yfirráð fyrir sínum framleiðsluvörum, að neytendurnir fengju þá einmitt að setja upp slíka einkasölu í staðinn. Það yrði grænmetisinnflutningsverzlun neytendanna, sem yrði komið á fót, jafnframt því sem grænmetisverzlun landbúnaðarins væri sett á laggirnar. Þá væri gróandi í þessu, nýtt og nýtt fyrirtæki stofnað til þess að taka við vissum þáttum af því hlutverki, sem grænmetisverzlun ríkisins hefur annazt að öllu leyti fram til þessa, að því er virðist við ánægju flestra og af samvizkusemi.

Það má vel vera, að það sé þetta, sem verði að koma, til þess að allir gætu sætt sig við og teldu sínum hlut sæmilega borgið. En ekki held ég nú, að frá heildarsjónarmiði væri þetta skynsamlegri lausn en sú, sem við búum nú við í þessum málum.

Eitt af því, sem við, sem rætt höfum þetta mál, höfum verið að spyrjast fyrir um, er þetta, sem er mjög óljóst í frv.: Hvaðan á grænmetisverzlun landbúnaðarins að fá fé til þess að kaupa eignir grænmetisverzlunar ríkisins? Ef þær væru seldar við nokkuð sómasamlegu verði, þá er þarna um milljónaupphæðir að ræða. Fasteigna-

mat þessara fasteigna, sem grænmetisverzlunin á hér á góðum stað í bænum, innan Hringbrautar, er það hátt, að með 15—20-földun, eins og sjálfsagður hlutur þykir á öllum fasteignum hér innan Hringbrautar í Reykjavík, nemur þetta milljónum. Og við höfum verið að spyrja: Hvaðan á grænmetisverzlun landbúnaðarins að fá fé til þess að kaupa þessar verðmætu eignir, ef henni er ætlað að kaupa þær, eða sá aðili, sem hvergi er þar nefndur, en á að fara með þessa verzlun og koma fótum undir hana á ný? Engin svör hafa við þessu fengizt enn þá, og enginn stafur er um þetta í frv., og hefur verið margtekið fram, að þetta sé auðvitað óviðunandi gloppa í þessari lagasmíð.

Í annan stað vil ég spyrja, — ég held, að það hafi ekki verið gert áður: Hvaðan á að koma fé til þess að koma upp hinum stóru og vönduðu kartöflugeymslum, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frv., samkvæmt g-lið, að skuli koma upp víðs vegar úti um landið? Það vita allir, að vandaðar og stórar grænmetisgeymslur eru dýrar byggingar, miklu dýrari byggingar, miðað við rúmmetra, heldur en vönduðustu íbúðarhús, einangrunin þar tekur til sín svo mikinn tilkostnað. Eftir frv. er það svo, að höfundum þess finnst mikið á skorta að því er snertir grænmetisgeymslur hér og þar úti um landið, og þeir ætlast til, að mikið magn af grænmeti sé geymt hér og þar úti um landið í slíkum geymslum, sem grænmetisverzlun landbúnaðarins á að koma á fót. Grænmetisverzlun ríkisins hefur hingað til hagað þessum málum þannig, að hún hefur tryggt sér grænmetisgeymslur hér í Reykjavík, stórar og vandaðar, fyrir ærið leigugjald, og talið það vera einu heppilegu lausnina, einu lausnina, sem hægt væri að framkvæma án þess að stofna til allt of mikils kostnaðar, en sá kostnaður yrði auðvitað að koma á söluverð kartaflnanna. Hin leiðin hefur verið talin svo dýr, að hún hlyti að hækka verð á kartöflum mjög verulega, og þess vegna hefur hún ekki verið farin af stjórnendum grænmetisverzlunar ríkisins. En nú vilja þeir, sem frv. þetta hafa samið, og sennilega þeir, sem með því mæla, — nei, ég mismæli mig, það hefur enginn mælt með því, — þeir, sem um það þegja, er bezt að segja, og rétta upp með því höndina, þeir ætlazt sýnilega til þess, að þarna sé breytt um stefnu og komið upp dýrum og stórum og vönduðum grænmetisgeymslum hér og þar úti um land til þess að geyma birgðirnar á mörgum stöðum í landinu. En þessum grænmetisgeymslum verður ekki komið upp með neinu kraftaverki. Þeim verður ekki komið upp á neinn annan hátt en á kostnað neytendanna, og það þýðir það, að til þess að framkvæma þessa stefnu þarf að leggja á hvert selt kíló af kartöflum vissa upphæð, til þess að hægt sé að leggja það gjald til hliðar fyrir væntanlegum stofnkostnaði á grænmetisgeymslum. Þetta atriði eitt út af fyrir sig mundi þýða aukinn kostnað við framkvæmdina á sölu, meðferð og geymslu kartaflna og þýða aukin útgjöld úr vasa neytendanna, sem fyrst og fremst eru kaupstaða- og kauptúnabúarnir, — atriði, sem mundi þykja vera til nokkurs hagræðis fyrir framleiðendurna, þ. e. a. s. minni hl. framleiðendanna í sveitunum, því að væntanlega ætla þeir ekki að fara að flytja meiri hluta framleiðslunnar, sem er einmitt framleidd í bæjunum, upp í sveitir í þessar geymslur, en yrði algerlega á kostnað kaupstaðabúanna, — til nokkurs hagræðis, segi ég, fyrir minni hluta framleiðendanna, þ. e. a. s. þá, sem í sveitunum eru, en algerlega á kostnað þeirra, sem eru neytendur að meginhluta þess magns, sem framleitt er í landinu af kartöflum og grænmeti.

Mér berst orðsending frá hæstv. forseta um það, að umr. verði nú frestað, og skal ég þá fresta mínu máli, því að ég á eftir að víkja að 3—4 atriðum enn og að tillögu, sem ég ætlaði mér að flytja um málið um mildilegri frávísun en hér hefur verið felld. Ég ætlaði mér nefnilega að fá málinu vísað í skaut Abrahams, þ. e. a. s. til ríkisstjórnarinnar. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., 14. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson [frh.]: Herra forseti. Það er ekki nema fyrir minnisbeztu menn að muna það dögum lengur, hvar maður var staddur í ræðu sinni, þegar maður varð að hætta, svo að það getur verið, að maður byrji ekki alveg á réttum stað aftur, þegar nokkrir dagar hafa liðið í milli. Ég held, að ég hafi verið í þann veginn að víkja, þegar ég lauk máli mínu, að ákvæðum d-liðar í 5. gr. frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins, en þar segir:

„Greiða skal verðjöfnunargjald af matjurtum, ef framleiðsluráð telur nauðsynlegt, til þess að hægt sé að jafna verðið milli söluvara annars vegar og vinnslu- eða fóðurvara hins vegar.“

Þetta er áreiðanlega nýtt gjald, sem þarna á að leggja á í sambandi við, að grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður og grænmetisverzlun landbúnaðarins komið á fót, og er enginn vafi á því, að þetta verðjöfnunargjald af matjurtum mundi koma á kaupendur grænmetis í hækkuðu verðlagi. Og þetta gjald á að vera til að jafna verð milli fóðurvara og grænmetis, sem er notað til manneldis. Það á að vera til þess að gera bændum ódýrara að nota kartöflur til skepnufóðurs, en það á að gerast á kostnað neytendanna í kaupstöðunum. Það er alveg greinilegt. Ég álít, að þetta atriði sé eitt af mörgum, sem sýni, að það er ærin ástæða fyrir neytendur kaupstaðanna og umboðsmenn þeirra að rísa gegn þessari skipulagsbreytingu, því að hún á sýnilega öll að vera á þeirra kostnað gerð og til þess að svipta þá öllum rétti í sambandi við sölumeðferð þessarar almennustu neyzluvöru þjóðarinnar. — Ég skil ekki almennilega, hvað átt er við þarna með vinnsluvörum, kartöflur sem vinnsluvörur. Skyldi vera ætlunin að hafa þarna heimild til þess að fara að brugga úr kartöflum? Það er hugsanlegt, og það eigi að verðjafna, ef það skyldi ekki bera sig, og leggja þá gjald á neyzluvörur kaupstaðabúanna til þess að gera þessa vinnslu úr kartöflum mögulega. Ég veit annars ekki, hvað getur verið lagt til með þessum vinnsluvörum, sem ásamt fóðurvörum á að vera heimilt að verðjafna. Ef til vill er enginn af hv. landbúnaðarnefndarmönnum,

sem veit skil á þessu, og hugsazt gæti, að höfundarnir að frv. vissu það ekki heldur.

Ég held, að hvar sem á málið sé litið, sé þarna verið að fara fram á ósanngjarna breytingu gagnvart neytendum grænmetis í kaupstöðum landsins og kauptúnum og að frv. eigi því eðlilega engan hljómgrunn meðal þeirra.

Um hitt er ekki heldur hægt að deila, að frv. er svo illa úr garði gert, bæði að efni og formi, að furðu sætir. Engan hef ég fyrir hitt, sem skilji orðið „vaxtarauka“ í 3. gr. eða viti, hvað það á að þýða í lagasetningu, að sagt sé, að þessi eða hinn aðilinn geti haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að beztu aðferðum við ræktun, flutning og geymslu og vinnslu o. s. frv., hann geti gert það. Þetta þýðir bara bókstaflega ekki neitt í lagasetningu, úr því að það er ekki sagt, að hann skuli gera það. Hann getur nefnilega hins vegar alveg látið vera að gera alla þessa hluti, og hvaða þýðingu hefur það þá í frv.? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Þegar sagt er, að aðilinn, sem á að framkvæma lögin, geti gert hitt eða annað, þá getur hann líka alveg eins látið vera að gera það. Hér þýðir ekkert í lagasmíð annað en að annaðhvort skuli þetta vera skylt ellegar það er bara hégómi að vera að fjasa um, hvað sá, sem á að framkvæma málið, geti gert.

Þetta er þess vegna ekki byggt upp sem neitt venjulegt frv. og ekki til þess að vera neinn efniviður í lagasetningu. Þetta þarf allt að semjast um, til þess að það sé frambærilegt sem lagafrv. á Alþingi, þó að alveg sé litið frá hinum hneykslanlega málbúnaði frv.

Þegar málið var seinast til umr., var gerð hér grein fyrir ýmsum till. til breytingar á því, í þá átt t. d. að heimila bændum, sem kynnu að hafa mikinn áhuga á því, að ráða sjálfir algerlega yfir framleiðslu og sölumeðferð þess grænmetis, sem þeir rækta í sveitum landsins, sem er mikill minni hluti þess grænmetis, sem ræktaður er í landinu, og leyfa þá aftur kaupstaðabúum og kauptúnabúum að verzla sjálfir með eigið grænmeti og láta það ekki falla undir framleiðsluráð landbúnaðarins. Þessar till. væru mjög á réttlætisgrundvelli byggðar, og þær munu nú vera komnar fram, og þeim mun hafa verið útbýtt.

Á ýmsan annan hátt væri hægt að hugsa sér, að fundin yrði leið, sem bæði neytendur og framleiðendur gætu sætt sig við. Ég er t. d. með þá hugmynd að lögfesta það, að Samband ísl. samvinnufélaga tæki við allri sölumeðferð grænmetis og það heyrði undir S. Í. S., en ekki framleiðsluráð landbúnaðarins, og teldi það eðlilegri leið, sökum þess að í þessu frv. er ætlunin að lögfesta, að kaupfélagsstjórarnir, sem hafa verið söluumboðsmenn grænmetisverzlunar ríkisins, skuli nú verða lögfestir sem söluumboðsmenn fyrir grænmetiseinkasölu landbúnaðarins. Þá væri raunar langsamlega eðlilegast, úr því að kaupfélagsstjórarnir skulu vera lögákveðnir söluumboðsmenn, að S. Í. S. kæmi þá í stað grænmetisverzlunar ríkisins og gætti hagsmuna bæði neytenda og framleiðenda. Þá væri líka fundinn aðili, sem hvergi er nefndur hér í frv., en væri líklegur til þess að verða kaupandi að þeim milljónaverðmætum, sem grænmetisverzlun ríkisins nú á, en á að selja einhverjum samkvæmt frv. fyrir eitthvert verð, sem ekki er heldur ákveðið. Ég trúi því ekki, að það þætti óeðlileg lausn á málinu, ef menn endilega vilja koma grænmetisverzlun ríkisins fyrir kattarnef, að það yrði þá alls ekki grænmetiseinkasala landbúnaðarins, sem engan rétt á greinilega á sér, heldur yrði það S. Í. S., sem kæmi til með að verða eigandi að eignum grænmetisverzlunarinnar, keypti þær af ríkinu og færi með þá starfsemi, sem grænmetisverzlunin hefur innt af hendi af prýði fyrir framleiðendur og neytendur, og til þess hlutverks mundi ég treysta sambandinu. Hins vegar væri líka eðlilegt, og það hafði ég einmitt ákveðið, þegar ég tók til máls núna við 3. umr., að víkja þessu máli frá endanlegri afgreiðslu á þessu þingi, að vísu hefur nú verið felld frávísunartill., en á þann mildilega hátt að vísa málinu öllu til stjórnarinnar með það fyrir augum, að hún undirbyggi málið betur fyrir næsta þing, bætti úr öllum vanbúnaði þess og legði það fyrir næsta Alþingi.

Ég býst nú við, að þess hefði varla verið vænzt af mér, að ég vildi sýna ríkisstj. það traust að eiga að fjalla um þetta mál í framhaldi af því, sem þegar hefur verið, því að hún hefur nú látið flytja það í þessum smánarlega búnaði, sem málið er í. En samt held ég, að eftir að búið er að benda svo rækilega sem gert hefur verið á það, hvílík missmíði séu á frv., bæði um efni og frágang, mundi hæstv. ríkisstj. nota tímann til næsta þings til þess að búa málið betur að öllu leyti og huga að, hvaða leiðir væru færar til þess, að málið fengi þá lausn, að neytendur gætu sætt sig við, svo að líkur væru fyrir því, að friður fengist um málið, þó að breytt væri um það skipulagsform, sem við höfum búið við fram til þessa.

Ég mundi vilja leyfa mér að lýsa þeirri till., sem ég hafði samið um þetta, en það hefur nú gleymzt mér að fara með hana í ræðustólinn. Ég bið forseta afsökunar á því, að ég finn nú ekki þá till., sem ég ætlaði að flytja hér, en það ætti ekki að skipta svo miklu máli, því að hún er skrifleg og sennilega of seint fram komin, svo að hæstv. forseti hefði orðið að leita fyrir henni afbrigða, og úr því að málið hefur nú þurft svona langan tíma til afgreiðslunnar hér, þá mundi nú litlu máli skipta, þó að málinu yrði frestað, þar til þessi till. mín kæmi úr prentun. Ég mundi sjá um, að hún færi í prentun nú hið fyrsta. En till. er um það eitt, að þessu máli verði vísað til hæstv. ríkisstj., til þess að hún búi það undir næsta Alþingi og reyni að finna því það form, að líkur séu til, að friður fáist um málið í framkvæmdinni, bæði hjá neytendum og framleiðendum. Hvaða leiðir hún færi til þess, skal ég ekki leiða neinum getum að, en ég teldi sem sé langeðlilegast, að ef horfið væri frá því að láta ríkiseinkasölu eins og grænmetiseinkasölu ríkisins fara með þessi mál framvegis, það form virðist hafa fullnægt beggja hagsmunum, þá væri það næsta að athuga, hvort S. Í. S. fengist ekki til að taka við því hlutverki, sem ríkiseinkasalan eða grænmetiseinkasalan hefur farið með, og þá lægi auðvitað beint við það, sem líka virðist vaka fyrir flm. þessa máls, að

kaupfélagsstjórarnir væru umboðsmennirnir og dreifðu vörunni til neytendanna út um kaupstaði og kauptún landsins.

Ég og fleiri ræðumenn, sem höfum verið að ræða um þetta mál, höfum vikið að því, að enginn bóndi hafi heyrzt láta í ljós nokkurn áhuga á þessu máli, og það virðist vera áreiðanlegur sannleikur. Nú kemur blað hæstv. landbrh. út í dag með þá frétt, að á Selfossi hafi verið haldinn geysifjölmennur bændafundur af öllu Suðurlandsundirlendinu og hafi þar verið mættir fulltrúar, bændur úr öllum hreppum á félagssvæði Búnaðarsambands Suðurlands, allt austan frá Vík í Mýrdal og vestur að Selvogi. Á öðrum stað í blaðinu er getið um, að á fundinum hafi verið hátt á annað hundrað manns, bændur, og verið haldnar þar um 50 ræður, sumar líklega langar meira að segja, og þar er svo borin upp till. um kartöflumálið, — og halda menn þá að hafi ekki orðið á lofti í einu vetfangi upp undir 200 hendur? Ég skyldi ætla það. Það er formaður Búnaðarfélags Íslands, sem er fundarstjóri og hvetur menn nú til þess að samþykkja till., þar sem skorað sé á Alþingi að samþykkja fram komið frv. um sölufyrirkomulag á kartöflum, en það fékkst nærri því enginn af fundarmönnum til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslunni í fyrstu atrennu, það komu nokkrar hendur á loft við aðra atrennu, það komu 23 hendur á loft við ítrekaðar áskoranir og áminningar í þriðju umferð og 3 á móti, á öllu svæðinu frá Vík að Selvogi. Þetta er vitnisburðurinn í málinu.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 16. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 126, 254, 373, 378, 379).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur hlotið óvenjulega mikla gagnrýni hér á hinu háa Alþingi, og er út af fyrir sig ekki nema gott eitt um þá hluti að segja, þar sem ég ætla, að þá hafi komið í ljós þeir helztu agnúar, sem í þessu frv. felast og mega því verða að ýmsu leyti til viðvörunar við meðferð þessa máls í framtíðinni.

Hv. 2. þm. Reykv. gat þess, að ég hefði viðhaft óviðeigandi ummæli gagnvart starfsmönnum grænmetisverzlunar ríkisins. Þetta er ekki rétt. Ummæli mín eru afbökuð, því að það hefur verið fjarri mér að kasta steini að starfsmönnum grænmetisverzlunar ríkisins, en það hafa aðrir gert með því að umsnúa ummælum mínum.

Það, sem mér finnst að þurfi að gera upp í þessu máli, eru ummæli einnar stofnunar, og bera þau saman við ummæli heillar stéttar, þ. e. bændastéttar landsins. Þar sem málið hefur að nokkru snúizt um Stéttarsamband bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins, finnst mér ekki óviðeigandi að skýra nokkru nánar, hvernig uppbygging þessara stofnana landbúnaðarins er, því að fram hjá þeim atriðum hafa allir þeir aðilar hlaupið, sem hafa talað í þessu máli.

Stéttarsambandið er stofnað fyrir nokkrum árum og er því tiltölulega ungt að árum. Ég skil ekki, hvers vegna jafnmiklir félagshyggjumenn og margir þeirra eru, sem hér hafa talað, bera ótta í brjósti við félög, sem eru mynduð með frjálsum samtökum í landinu, eins og þessi, þar sem hinir sömu hafa þrásinnis og margsinnis notað sér stéttarfélög og tekið þátt í þeirra uppbyggingu og starfsemi fyrir þjóðarheildina.

Búnaðarfélög landsins eru frjáls félög, sem allir bændur geta verið félagar í, og einnig aðrir, sem hafa smábú eða minnst einn hektara ræktaðs lands. Það geta því fleiri en bændur verið þátttakendur í búnaðarfélögum. Það er ekki skilyrði að vera bóndi til þess að vera meðlimur í búnaðarfélagi. Það er ákaflega rúmt um þau ákvæði, og þar geta yfirleitt verið flestir, sem hafa ræktun sem nokkru nemur. Búnaðarfélögin eru aftur á móti sameinuð eftir frjálsum leiðum í búnaðarsambönd, sem svo aftur tilheyra einu félagi, þ. e. Búnaðarfélagi Íslands, og Búnaðarfélag Íslands vinnur að ræktun jarðar og ræktun búfjár ásamt ýmiss konar tilraunastarfsemi og fleiri framfaramálum landbúnaðarins. Á hinn bóginn standa hin frjálsu búnaðarfélög að Stéttarsambandi bænda, sem til þess að gera er ungt að árum, eins og ég gat um áðan. Stéttarsamband bænda heldur einn landsfund á ári, og þar mæta tveir fulltrúar úr hverri sýslu og einn frá Vestmannaeyjum. Þessir fulltrúar eru valdir á sameiginlegum fundi, sem haldinn er einn í hverri sýslu, og á þann fund eru kosnir tveir kjörmenn á hreppabúnaðarfélagsfundum heima fyrir, svo að það má segja með sanni, að öllum gefist kostur á því að koma sínum óskum á framfæri til stéttarsambandsfundar, ef þeir á annað borð þurfa og vilja. Annað hvert ár eru svo kosnir á stéttarsambandsfundi fimm menn í stjórn Stéttarsambandsins. Þessum mönnum hefur verið falið að vera í framleiðsluráði landbúnaðarins ásamt fjórum öðrum mönnum, sem þar eiga sæti, þ. e. a. s. einn frá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, einn frá Sláturfélagi Suðurlands og einn frá mjólkursamsölunni og einn frá mjólkurbúum utan Reykjavíkur, þannig að í framleiðsluráðinu eiga sæti níu menn alls.

Þegar rætt er um verðlagsgrundvöll og verðlag á landbúnaðarvörum, þá skyldi maður ætla samkv. þessu, að Stéttarsamband bænda væri þar úrslitaaðilinn. En svo er ekki, því að þegar fjallað er um verðlagsgrundvöllinn, þá er samið við fulltrúa frá neytendum. Í þessu verðlagsráði eiga sæti sex fulltrúar, þ. e. a. s. þrír frá Stéttarsambandi bænda, einn frá Alþýðusambandi Íslands, einn frá Sjómannafélagi Reykjavíkur og einn frá Iðnrekendasambandi Íslands, þ. e. a. s., að hlutur bændanna er nákvæmlega jafn hlut neytendanna í þessu tilfelli. Hvað er þá að óttast? Og ef ekki næst samkomulag hjá þessum aðilum, þá er málinu skotið til gerðardóms, þar sem í eiga sæti þrír aðilar, þ. e. einn frá Stéttarsambandi bænda, einn frá þessum samtökum neytenda, sem ég talaði um áðan, og hagstofustjóri sem oddamaður. Og við þau úrslit, sem þar verða, verða bændurnir að sætta sig, hvort sem það er þeim í vil eða ekki.

Svo er risið hér á fætur og sagt, að bænda-

samtökin hugsi ekki um hag neytenda. Það er merkilegur hlutur. Þegar rætt er um verðlagsmál og teknar eru ákvarðanir í þeim, þá er hlutur neytendanna jafnrétthár hlut bændanna, nákvæmlega jafn. Og ef ágreiningur er, þá er það hagstofustjóri, sem hefur síðasta orðið í þeim efnum.

Hver er þá ástæðan fyrir því í lýðfrjálsu landi, þar sem félög hafa myndazt og þróazt af frjálsum vilja fólksins, að vantreysta þeim, og ekki sízt þar sem þegar til úrslita og ágreinings kemur í verðlagsmálum, þá eru það önnur félög, sem hafa jafnan rétt við rétt bændastéttarinnar? Nei, það eru veigalítil rök hjá hv. þingmönnum, þegar þeir eru að reyna að læða því inn, að bændasamtökin í landinu hugsi ekki um hag neytenda, því að þau ráða litlu um verðlagsmál, þegar til úrslita kemur, og verða auk þess að sætta sig við það að hafa sama verðlagsgrundvöll allt árið, hvernig svo sem kaupgjald og annað verðlag í landinu kann að breytast á því tímabili. Og ég hygg, að ýmsum öðrum stéttum í þjóðfélaginu þætti þungt að bera þann bagga.

Þessi fámenni hópur bændanna í landinu og þeirra skylduliðs, sem ekki er orðið meira en um það bil ¼ hluti landsbúa og fækkar með hverju ári sem líður, sýnir það fyrst og fremst, að hann má sín ekki mikils, og ekki heldur það vel að honum búið, að landbúnaðurinn þyki það girnilegur, að fólk keppist um að komast í þá framleiðslu. Þess vegna er ekki bændasamtökin að óttast, þar sem bændur eiga afkomu sína undir neytendum á ýmsan hátt og verða því að vanda vöru sína á sviði garðmetis ekki síður en við framleiðslu kjöts eða mjólkur.

Þeir hv. þingmenn, sem hér hafa talað, eru yfirleitt mjög miklir félagshyggjumenn, sem starfað hafa í mörgum félögum. Það er því leiðinlegt, að þeir skuli vanmeta frjáls félagasamtök eins og Stéttarsamband bænda, sem er byggt á grunni, sem nær yfir allar byggðir þessa lands og því bæði víðáttumikill og traustur. Ég segi fyrir mig, að ég met stéttarfélög mikils og tel þau nauðsynleg og virði vinnandi stéttir, því að það eru þær, sem knýja auðæfin úr skauti náttúrunnar og skapa grunnverðmætin, sem við lifum af.

Mitt sjónarmið er því, að vinna beri að því að auka traust og skilning á milli þessara stétta, en ekki breikka það bil, sem kann að hafa verið þar á milli. Á því er ekki þörf. Ég hygg, að flestra hugur sé sá, að það beri frekar að vinna að skilningi milli þessara stétta en að læða þar inn tortryggni.

Grænmetisverzlun ríkisins var nauðsynleg á sínum tíma, á meðan engin félagssamtök höfðu þróazt til að taka við verkefni hennar. Það kemur mér því mjög á óvart þessi skoðun hv. andstæðinga þessa frv. að treysta ekki frjálsum félagssamtökum til að fara með sín framleiðslumál.

Því hefur verið haldið fram, að bæjabúar framleiði meiri kartöflur en sveitabændur. Þetta er eflaust rétt, ég skal ekki andmæla þessu. En það er ekki þetta atriði málsins, sem er aðalatriði. Það, sem er aðalatriðið, er það, hvað mikið af landsframleiðslunni kemur í verzlanir, hvað það er, sem verzlað er með. Ég hygg, að það sé nálægt því ⅕ hluti af framleiðslunni, sem kemur í verzlanir. Ég get ekki lagt fram skýrslu um það atriði, enda hefur enginn gert það hérna, hversu mikið kemur af sölukartöflum úr sveitum og hversu mikill hluti úr kaupstöðum. En ég hugsa, að það sé ekkert ofmælt, þó að maður segi, að þar séu bændurnir og sveitaframleiðendur í meiri hluta, því að stórframleiðsla er ekki það mikil í kaupstöðum, að menn rækti miklu meira en þeir þurfa að jafnaði með sjálfir.

Þá er eitt af því, sem andstæðingar þessa frv. hafa mjög hampað hérna, það, að kaupfélagsstjórarnir væru mjög á móti málinu. Ég skal ekkert efast um það, að eins og frv. var lagt fyrir hv. Alþ. í fyrra, hafi kaupfélagsstjórarnir verið á móti málinu, og umsagnir kaupfélagsstjóranna gegn þessu frv. eru um frv. eins og það var lagt upphaflega hér fyrir hv. Alþ. Og ef kaupfélagsstjórarnir hefðu verið mjög á móti málinu, hefði þeim gefizt kostur um eins árs bil að andmæla því frv., sem nú liggur fyrir, og hefðu til þess getað notað kaupfélagsfundina, sem haldnir voru í fyrra, aðalfund Sambands íslenzkra samvinnufélaga, og hefðu þeir ekki haft tækifæri til þessa, var þeim alltaf innan handar að afla ákveðnari mótmæla a. m. k. frá stjórnum kaupfélaganna. En slík andmæli hafa ekki komið, svo að ég tel, að það beri ekki að taka þeirra andmæli eins alvarlega og þau liggja fyrir nú. Og fyrir nokkrum dögum stóð yfir hérna í Reykjavík fundur hjá kaupfélagsstjórum landsins, og um sama leyti voru háar raddir hér í þessum sal um það, hversu kaupfélagsstjórarnir væru mikið á móti málinu. Hvers vegna sendu þá ekki kaupfélagsstjórarnir andmæli frá þessum fundi gegn þessu frv., ef þeir lögðu mikla áherzlu á það? Slíkt gerðu þeir ekki, vegna þess að þeir eru ekki á móti málinu eins og það liggur nú fyrir. Enn fremur vil ég geta þess, að frá því fyrsta að farið var að fjalla um þetta mál og tala um skipulagsbreytingar á því, hefur ávallt átt þar sæti einn fulltrúi frá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, og það þarf ekki hér að vera að tala um það, af hvaða aðilum Samband íslenzkra samvinnufélaga er myndað, því að það eru kaupfélög landsins, svo að þessi rök eru harla veigalítil, þegar er talað um mótmæli kaupfélagsstjóranna.

Þessar umræður hér hafa að mestu leyti snúizt um kartöflur, og út af fyrir sig er það kannske ekki merkilegt. En það er ýmislegt annað í þessu frv., sem þó er jafnvert um að tala og kartöflurnar. M. a. er í þessu frv. tekið upp ákvæði þess efnis, að það skuli verðleggja gulrófur og gulrætur, en eins og hefur verið ástatt, var það ekki skylda, og urðu framleiðendurnir oft að koma með sína vöru hingað og selja hana fyrir það verð, sem kaupmenn vildu kaupa hana, og höfðu þeir algerlega frjálsar hendur um, hvað þeir lögðu á hana. Og þess eru dæmi, að það hafi verið komið með rófur hingað í bæinn, gulrófur, sem framleiðendur hafa fengið fyrir kannske eina krónu,

en verið seldar út á þrjár og fjórar krónur. Þetta eru hv. andmælendur þessa frv. ekki að hugsa um. Þar eru þeir ekki að hugsa um neytendur. Hver er ástæðan fyrir því?

Nei, á þessu stigi standa þessir framleiðendur í sömu sporum og í gamla daga, þegar sunnlenzku bændurnir voru komnir langar leiðir með fé sitt í kaupstað og kaupmenn létu þá bíða lengi, þar til féð var farið að leggja af, og þá keyptu þeir það fyrir það, sem þeim sýndist. Síðan urðu neytendur að kaupa þetta kjöt, hversu vont sem það var og með hversu hárri álagningu sem það var, og gátu ekkert um fengizt. Þetta er ekki verið að tala um. Þar er ekki verið að hugsa um hag neytendanna.

Það er eiginlega merkilegt með jafngreinda menn og hv. andmælendur þessa frv., að þeir skuli ekki hafa á víðara grunni borið hag neytendanna fyrir brjósti en í ljós hefur komið hjá þeim, svo að ég er dálítið efablandinn, að þeir séu í þessu sambandi fyrst og fremst að hugsa um neytendurna, þegar þeir eru að andmæla þessu frv., þó að þeir noti þá mjög, enda er ég búinn að sýna fram á, að það er ekki ástæða fyrir neytendurna að óttast í þessum efnum. Stéttarsamband bænda og þeir aðilar og ráð, sem hjá því starfa, hafa aldrei sýnt, að það hafi ekki verið hægt við þau að semja, ef eitthvað hefur þótt miður fara, og bæta vöruvöndun, og frá upphafi veit ég ekki annað en að það hefur jafnan líkað betur með hverju ári, bæði sú skipulagning, sem gerð hefur verið á kjötsölu og mjólkursölu hér á landi, og ég ætla, að hið sama megi eiga sér stað um þá skipulagsbreytingu, sem hér um ræðir gagnvart garðmeti í landinu.

Meiri hl. landbn. flytur hér nokkrar brtt. við frv., þar sem tekið er tillit til þeirra, sem bent hafa á ýmsa ágalla á málinu. T. d. er sett inn ákvæði um, að sala grænmetisverzlunar ríkisins skuli fara fram eftir mati dómkvaddra manna, eins og venja er, þegar um sölu ríkiseigna er að ræða.

Þá er tekinn til baka d-liður 5. gr. um verðjöfnun á kartöflum, þannig að það þarf ekki lengur að vera neinn ásteytingarsteinn í augum manna, að það eigi að fara að láta neytendurna borga þann verðmismun, sem kann að verða á þeim kartöflum, sem fara til fóðurs eða vinnslu á annan hátt, sem á sér þó víða stað, og þessi liður er felldur burt nú, svo að hann er ekki lengur að óttast.

Aðrar brtt. eru nánast leiðréttingar, og vænti ég, að hv. þm. geti því fallizt á þessar breytingar, sem meiri hl. leggur til.

Varðandi brtt. frá þeim hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og hv. 3. landsk. (HV), þá gleður það mig, að þeir aftaka þó ekki allar breytingar á framleiðsluráðslögunum eða ekki a. m. k. hv. 2. þm. Reykv., og ég vænti þess, að þegar þeir eru búnir að íhuga þessi mál betur, þá sjái þeir, hversu hættulaust frumvarpið er fyrir neytendur, og geti af þeim orsökum fylgt því á leiðarenda.

Ég hef svo ekki meira að segja að sinni í þessu máli, en vonast eftir, að afgreiðslu þess verði hraðað, eftir því sem auðið er.

Einar Olgeirsson: Þar kom loks að því, að hv. þm. Dal. (ÁB) tók til máls, og það var nú mjög ánægjulegt. Batnandi manni er bezt að lifa, og hann er nú búinn að þrauka svo lengi við að þegja, að það var mjög ánægjulegt, að hann skyldi loks taka til máls. Hv. þm. Dal. vildi þó ekki ganga svo hreinskilnislega til verks að taka aftur þau ummæli, sem hann hafði hér við 2. umr. málsins um starfsmenn grænmetisverzlunar ríkisins, heldur vildi hann segja, að ég hefði snúið út úr þeim. Ég hef hér handritið af hans ræðu, og ég skal lofa honum að heyra. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég get tekið það fram nú, eins og ég tók fram þegar við 1. umr. þessa máls, að það er út af fyrir sig ekki nema eðlilegt, að þeir starfsmenn, sem eru við stofnun sem grænmetisverzlunina, séu undir þessum kringumstæðum mótfallnir því, að stofnunin sé lögð niður. Slíkt mundu allir gert hafa, svo að út af fyrir sig sé ég ekki, að það sé nein brýn ástæða til að taka tillit til þess, þar sem það væri hins vegar óeðlilegt, ef starfsmenn við stofnunina æsktu þess, að hún væri lögð niður.“

Sér ekki hv. þm. Dal., að hann afgr. þarna alla röksemdafærslu, mjög ýtarlega röksemdafærslu frá stjórn grænmetisverzlunar ríkisins, með því að slá því fram, að þessir menn, sem þarna starfi, séu bara á móti því, að stofnunin sé lögð niður, vegna þess, að þeir starfi sjálfir við hana? M. ö. o.: Það á að eyðileggja öll skynsamleg rök þessara manna á þeirri einu forsendu, að þeir séu slíkir eiginhagsmunamenn, að þeir vilji viðhalda stofnun, sem sé orðin skaðleg eða á eftir tímanum, vegna þess að þeir hafi eiginhagsmuni af því.

Ég held, að hv. þm. eigi að vera það alveg ljóst, að ef hann heldur, að hann geti afgr. rökstutt álit eins manns, sem er forstöðumaður eins ríkisfyrirtækis, á þennan hátt, þá í fyrsta lagi verður hann í villu og svíma um innræti þeirra manna, sem stjórna yfirleitt stofnunum ríkisins, og í öðru lagi væri hann með þessu alveg að eyðileggja allar aðrar svipaðar röksemdaleiðslur frá öðrum stjórnendum annarra ríkisfyrirtækja, sem hann þó áður hefur viljað taka tillit til. Við skulum segja, þegar slíkt álit hefur komið frá stjórn skipaútgerðar ríkisins eða hennar forstjóra eða ferðaskrifstofu ríkisins, þá hefur hv. þm. viljað taka tillit til þess, að það, sem þessir menn, sem stjórnuðu þessu ríkisfyrirtæki, segðu, væri mjög mikið að marka, vegna þess að þeir þekktu þetta vel, þeir væru búnir að stjórna þessu í áratugi, svo að þeir væru þess vegna menn til þess að dæma um það.

Hv. þm. Dal. hefði þess vegna aðeins átt að biðjast afsökunar á því að hafa haft þessi ummæli og segja, að þetta hafi verið órétt af sér og að hann sjái eftir því. Það var það eina, sem hann gat gert, en ekki að vera að reyna að neinu leyti að núa okkur því um nasir, sem höfum mælt gegn þessu frv., að við værum að snúa út úr hjá honum.

Þá kom hv. þm. með það, að það væri nú ekki verið að ganga á rétt framleiðenda að kartöflum í bæjunum, þeir gætu jafnvel verið með-

limir í búnaðarfélagi. Þó þyrftu þeir til þess, skildist mér, að hafa helzt það mikil jarðarafnot, að það væri einn hektari. Ég vil nú spyrja: Mundi hv. þm. vera með því, að allir kartöflufframleiðendur í öllum kaupstöðum landsins ættu að fara inn í Búnaðarfélagið, jafnvel þó að einhverjir þeirra hefðu ekki svo stórar kartöfluekrur, að það væri heill hektari? Ég held, að það ætti bara alls ekki að vera meiningin. Ég held, að það væri alls ekki rétt, að menn, sem þó fyrst og fremst lifa af öðru en því að framleiða þetta og framleiða þetta sem eins konar aukavinnu hjá sér, færu að flykkjast inn í samtök bænda og meira eða minna að reyna að fara kannske að stjórna þar í krafti þess, að þeir væru fjölmennari, þó að þeir hefðu alls ekki þeirra hagsmuna að gæta, sem bændurnir hafa í sínum samtökum. Ég held þess vegna, að hvorugur okkar mundi óska eftir því, að kartöflufframleiðendur í kaupstöðum færu að flykkjast inn í búnaðarfélögin, jafnvel þó að búnaðarfélagslögin yrðu rýmkuð þannig, að allir kartöflufframleiðendur gætu farið inn í þau.

Ég held, að þetta sanni, að kartöflufframleiðslan sjálf sé verkefni, sé starf, sem á að vera utan við þá löggjöf, sem annars gildir viðvíkjandi búnaðarfélögunum. Ég vil minna hv. þm. á, að hér í Reykjavík, — ég skal ekki fullyrða það, ef það verður leiðrétt hjá mér, þá tek ég því mjög gjarnan, — en ég hef heyrt fullyrt, að upp undir 30% af kartöflunum, sem framleiddar eru, séu framleiddar hér í þessu umdæmi. Það kann að vera eitthvað minna, en þó að það væri minna, þá er það ekkert smáræði, og það er þess vegna ekkert að undra, þó að við t. d. þm. Reykv. álítum alveg óeðlilegt að fara að taka það vald og þann rétt af þeim, sem hér búa, að geta haft, ef þeir vilja, þau afskipti af hlutunum, sem þeim nú er gefið, eða geta gegnum ríkið notið þess réttar, sem aðrir borgarar ríkisins hafa. Hv. þm. segir, að auðvitað geti neytendur borið fram sínar óskir, geti borið fram sínar óskir viðvíkjandi því, ef eitthvað mætti betur fara. En það er nú svo undarlegt í þjóðfélaginu, að síðustu 100 árin hefur þróunin verið sú hérna hjá okkur Íslendingum, að við höfum verið að reyna að komast burt frá því að þurfa bara að bera fram óskir við valdhafana, óskir við þá, sem ráða, og í staðinn höfum við viljað fá að ráða þessu nokkuð sjálfir. Það var hér áður fyrr, að við t. d. eða þeir, sem áttu sæti hér á Alþ., urðu að láta sér nægja að bera fram óskir við Danakonung og landsmenn að láta sér nægja að samþykkja bænaskrár. Það, sem menn voru að berjast fyrir, var að fá vald, var að fá að ráða, fá að ákveða. Og það er ekki að vita, að meiri hluti kartöflufframleiðenda í landinu sætti sig við það að vera aftur settur á það stig, að einn hluti af kartöflufframleiðendunum, ein ákveðin samtök þar, fái ákveðin réttindi og ákveðið vald, hinir fái aðeins réttinn til þess að bera fram óskir. Það er ekki meiningin. Það, sem nú er, að báðir eru jafnréttháir gagnvart grænmetisverzlun ríkisins, neytendur og framleiðendur, er hlutfall, sem við viljum ekki að breytist. Við viljum ekki, að það breytist þannig, að tæpur helmingur framleiðendanna og þeirra samtök, hversu góð sem þau annars eru á sínum sviðum, fái ein valdið í þessum efnum og að hinir megi bara bera fram óskir. Þetta er það, sem er nú inntakið í því, sem heitir lýðræði og hefur verið barizt fyrir hér síðustu hundrað árin og hv. þm. jafnvel segist nú vera fylgjandi, held ég, stundum.

Hv. þm. Dal. segir svo, að við þurfum ekkert að bera kvíðboga fyrir því, að það verði ekki hugsað um hag neytenda. Ég býst við, að einvaldskonungarnir hafi kannske stundum svarað Íslendingum eitthvað svipað hér áður fyrr, þegar þeir voru að fara fram á ýmis réttindi: Þið þurfið ekkert að vera að heimta þessi réttindi, ég mun hugsa um hag ykkar. — En það er bara þetta, sem fólkið krefst, að geta fengið að ráða því sjálft, hvað gert er á þessum sviðum, en ekki að þurfa að biðja einhverja aðra og sækja undir þá.

Hv. þm. Dal. segir það undarlegt, að við skulum ekki vilja virða frjálsan vilja fólksins, sem hafi sameinazt í búnaðarfélögunum. Við virðum frjálsan vilja fólksins, sem hefur sameinazt í búnaðarfélögunum, en við viljum, að vilji fólksins, sem hefur sameinazt í ýmsum félögum í kaupstöðum, sé líka virtur. Og grænmetisverzlun ríkisins og lagaákvæði um, að hún skuli jafnt vinna neytendum sem framleiðendum í hag, byggist á því, að það eigi að virða vilja beggja þessara aðila.

Það er þess vegna ekki til neins að koma hérna til okkar og segja: Ja, þið eruð nú félagshyggjumenn, þið standið að verkalýðsfélagsskap og ýmsu slíku, og þess vegna eigið þið að skilja, að bændur vilji líka hafa félagsskap. — Það skiljum við. Við skiljum það, að bændur vilji hafa félagsskap. En við viljum ekki veita þeim félagsskap einkaréttindi á kostnað annarra manna, á kostnað annarra framleiðenda í þessu tilfelli, alveg eins og ég veit, að hv. þm. er undir niðri á móti því að gefa t. d. Kveldúlfi og Alliance, sem einu sinni voru stórir saltfisksútflytjendur, einkaréttindi gagnvart öllum öðrum saltfisksútflytjendum. Eins erum við á móti því að gefa helmingnum af núverandi kartöflufframleiðendum landsins einkaréttindi á móti öllum öðrum kartöflufframleiðendum og móti öllum neytendum.

Hv. þm. Dal. má ekki fara alveg svona almennt út í hlutina og tala um, að við förum inn á það svið að virða ekki rétt bænda, þegar við tölum hér á móti þessari till., sem einhvern tíma hefur verið gerð samþykkt um á stéttarsambandsþingi bænda. Ég efast um, að hag bænda og valdi þeirra til að taka ákvarðanir á sínum sviðum væri eins langt komið og nú er, ef ekki einmitt verkalýðsfélagsskapurinn í landinu hefði virt þann rétt og viljað hjálpa bændum til þess að virða þann rétt, eins og hann hefur gert.

Ég get sagt hv. þm. Dal., að löngu áður en hann kom hér á þing, átti ég ásamt einum flokksbróður hans, sem enn situr hér á þingi, þátt í því að samþ. þau lagaákvæði, sem síðan urðu um haustið grundvöllurinn að sexmanna-

nefndarálitinu, sem var gert með samkomulagi milli fulltrúa verkalýðssamtakanna og launþeganna annars vegar og bændanna hins vegar, og verkalýðssamtökin og þeirra fulltrúar sýndu það, að þeir kunnu þar að meta rétt bænda og þeirra vald. En alveg eins og við viljum meta rétt bænda og þeirra samtaka og stuðla að því, að bændum sem öðrum vinnandi mönnum sé tryggt sannvirði fyrir þeirra vöru og sannvirði fyrir þeirra vinnu, eins viljum við auðvitað og það í fullri hreinskilni segja við ákveðin bændasamtök, ef okkur finnst þau seilast of langt: Þetta megið þið ekki gera. Þetta er fyrir utan ykkar verksvið. Ef þið gerið þetta, þá eruð þið að misnota vald.

Hv. þm. Dal. má treysta því, að við ekki aðeins skiljum félagshyggju bænda og fögnum henni og viljum vinna með þeim og viljum tryggja þeirra rétt, heldur viljum við gera það sama viðvíkjandi fólkinu í kaupstöðunum, og þegar þetta tvennt rekst á, þegar helmingur allra kartaflna í landinu er framleiddur í sveitum og þegar helmingurinn er framleiddur í kaupstöðum, þá segjum við: Þeir, sem í sveitum búa, eiga ekki að fá einkaréttindi til þess að ráða um verzlun þessa máls, við höfum heldur ríkið sjálft með þess grænmetisverzlun ríkisins, sem sé þá fyrirskipað að taka jafnt tillit ekki aðeins til allra framleiðenda, heldur og til neytenda.

Það hefur verið alveg sérstaklega af hálfu okkar sósialista unnið að því að hindra, að bilið væri breikkað á milli bænda og neytenda í bæjunum, en þetta, sem hérna er lagt til, er einmitt til þess að reyna að breikka það bil.

Hv. þm. spurði okkur, hvort við treystum ekki frjálsum félagsskap. Jú, einmitt, við treystum frjálsum félagsskap. Þess vegna erum við á móti því að veita einum hluta af framleiðendum, t. d. í þessu tilfelli á kartöflum, einkaréttindi, og það, sem ég bauð honum hér upp á, ef hann vildi endilega gera frjálsan félagsskap um þetta allt saman, var að gera þessa framleiðslu algerlega frjálsa. Og ef hann treystir frjálsum félagsskap, þá væri eðlilegast fyrir hann að fallast á, ef hann vill ómögulega hafa grænmetisverzlun ríkisins, að hafa þá enga ríkiseinokun á þessu á neinn hátt og að ríkið gefi ekki heldur einstökum samtökum einokun, en það er þarna um annað að ræða. Hann treystir ekki þeim almenna, frjálsa félagsskap, hvorki bænda né neytenda. Hann vill fá einokun í hendur ákveðins hluta af framleiðendunum, og það er það, sem við erum á móti. Hann reyndi að færa þau rök fyrir því, að hann sagði, að það væri ekki nokkur efi á því, að framleiðsluráð landbúnaðarins eða samtök bænda mundu fara vel með þetta vald. Þetta er nú náttúrlega alltaf ákaflega þægilegt að segja. Það mundu líklega vera margir aðilar hérna í landinu, sem mundu segja það við okkur, ef þeir færu fram á einkasölu, við skulum segja t. d., að við notum dæmið, sem ég tók hér, ef klæðaverksmiðjurnar í landinu færu fram á að fá einkainnflutning á öllum klæðnaði til landsins, þær einar réðu því, hverjir flyttu inn föt til landsins, og þær mundu segja við okkur hér í þinginu: Ykkur er alveg óhætt að gefa okkur þetta vald; við förum vel með þetta. — Og það mundi kannske enginn okkar efast um, að þessir menn, sem framleiddu föt, væru allra beztu menn, og við treystum þeim í hvívetna mjög vel. En mundum við nú samt sem áður gefa þeim þessi einkaréttindi? Ég býst við, að hv. þm. mundi ekki vera með því. Sannleikurinn er, að meira að segja það að gefa einkavald gagnvart öðrum og jafnvel gegn öðrum getur beinlínis orðið til þess að spilla manni og spilla samtökum, sem voru góð fyrir. Og mér fannst það nú meira að segja koma fram hjá hæstv. landbrh., að hann væri meira að segja hræddur við slíkt, hann sagði, að það væri alls ekki gaman að því fyrir bændasamtökin að fá þetta vald í hendur, það væri raunverulega ekki eftirsóknarvert, vegna þess að það kynni að verða gagnrýnt nokkuð harðlega. Af hverju var hann hræddur um, að það yrði kannske gagnrýnt? M. a. vegna þess, að því yrði annaðhvort dróttað að mönnum, að þeir væru að misnota svona einkavald, þegar þeir hefðu það, eða þá hins vegar, að menn freistuðust máske til þess, þegar menn hefðu svona vald, að misnota það. Og ég vil bara skjóta því fram til hv. þm. Dal., að hann setji sig í þá aðstöðu, eftir að bændasamtökin, eins og hann segir, eða vissir trúnaðarmenn þeirra hefðu fengið einkaréttindi á að flytja inn kartöflur til landsins og svo kæmi það ástand hér í Reykjavík, að það vantaði kartöflur, og þess væri krafizt af almenningi, að það væru fluttar inn kartöflur, og það væri ekki gert, — ég er hræddur um, að viðkomandi bændasamtök fengju kannske einmitt mörg óþægileg orð að heyra. Ég er hræddur um einmitt, að það sé miklu hentugra, ef um svona á að deila, að það sé hlutlaus stofnun, sem þarna á að vinna og tekur þá á móti gagnrýninni, stofnun, sem samkvæmt lögum sé ætlað að vinna bæði fyrir neytendur og framleiðendur, og stofnun, sem er skipuð af ríkinu sjálfu og meira að segja samkvæmt hennar lögum bæði Alþýðusambandið og Samband íslenzkra samvinnufélaga eiga að geta haft áhrif á. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Ég hafði þar komið máli mínu í viðræðu minni við hv. þm. Dal., að ég hafði reynt að sýna honum fram á, að það væri ekki nóg, að þeir, sem bæðu um eitthvert vald, segðu: Ég skal fara vel með það. — Það er enn fremur nauðsynlegt að gera sér það ljóst, að þegar um það að veita einhverjum vald er að ræða, þá ræða menn það mál mjög raunsætt, treysta ekki bara fögrum orðum og loforðum, heldur vilja hafa tryggingu fyrir, að því valdi sé beitt á þann hátt, sem lofað er.

Þó að framleiðsluráð landbúnaðarins segi nú, að það skuli fara vel með þetta vald, sem það fer fram á, þá eru þau orð, jafnvel þótt við metum mennina mikils, ekki nægileg til þess að fá okkur til þess að vera með því að veita þeim slíkt vald, vegna þess að með því væri verið að veita þeim vald yfir öðrum einstaklingum, í fyrsta lagi yfir öllum neytendum landsins, í öðru lagi yfir þeim meiri hluta framleiðenda, sem er í kaupstöðunum. Þetta

vald viljum við ekki gefa þeim, vegna þess að við álítum, að þeir eigi ekki meiri rétt á slíku valdi en þeir, sem framleiða t. d. kartöflur í kaupstöðunum. Þess vegna viljum við halda því formi, sem nú er, að grænmetisverzlun ríkisins, þ. e. ríkið sjálft, annist þessa verzlun og sé fyrirlagt, eins og nú er, að hugsa jafnt um framleiðendur sem neytendur og jafnt um alla framleiðendur.

Því bregður stundum fyrir, að hv. þm., sem fylgja fast fram máli eins og þessu hér, hættir við að slá fram hinum og þessum slagorðum til þess að reyna að rökstyðja sitt mál og sérstaklega gruna aðra eða segjast gruna aðra um illkvittni eða eitthvað þess háttar. T. d. sagði hv. þm. Dal. hér áðan, að við værum að reyna að læða inn tortryggni til framleiðsluráðs landbúnaðarins og til samtaka bænda með því að vilja ekki gefa þeim þetta vald. Það mætti segja slíkt í hvert skipti. Ég veit ekki, hvort t. d. bændasamtökin hefðu nokkra ástæðu til þess að vera að tortryggja t. d. Alþýðusamband Íslands, bændasamtökin hafi ekkert nema gott af því að segja. Það hefur stuðlað að því að tryggja bændasamtökunum réttlátt verð fyrir þeirra afurðir. En skyldu nú bændasamtökin þar fyrir vilja afhenda stjórn Alþýðusambands Íslands einkavald, ekki aðeins til þess að ákveða verð á mjólk og kjöti, heldur líka til þess að hafa alla sölu á hendi, eða fela þeim, sem það vill, að hafa alla sölu á hendi á mjólk og kjöti í landinu, svo að ég tali ekki um kartöflur? Ég er hræddur um, að það þættu frekar lítilmótleg rök hjá okkur, ef við segðum þá: Ja, þið megið alveg treysta stjórn Alþýðusambands Íslands, hún fer vel með svona vald. Þið skuluð bara gefa henni það. — Og við segðum, þegar t. d. þm. Framsóknarflokksins væru að mótmæla slíku: Eruð þið að reyna að læða inn tortryggni til verkamannasamtakanna?

Nei, við förum ekki fram á neitt slíkt, að t. d. Alþýðusambandi Íslands sé gefinn einkaréttur til að ráða öllu verði á mjólk og kjöti, vegna þess að við álítum eðlilegt, að bændur og þeirra samtök yrðu dálítið tortryggnir, jafnvel þó að þeir hefðu ekki reynt slík samtök að neinu nema góðu. Það er nú einu sinni svo, að það vill hver búa að sínu, það vill hver sjálfur hafa valdið yfir sinni afurð, og eins og bændur vilja gjarnan hafa valdið yfir mjólk og kjöti, eins vill verkalýðurinn ráða sölu síns vinnuafls, og þannig er eðlilegt, að þetta sé. Það, sem svo þarf að reyna að stuðla að, er, að það fari vel á með þessum samtökum, sem hvert á sínu sviði reyna að framfylgja hagsmunum sinna umbjóðenda, og sjá til þess, að þau seilist ekki of langt inn á svið annarra og séu afmörkuð á sínum sviðum. Þess vegna var það einmitt í samráði við verkalýðssamtökin, sem bændur upphaflega fengu í gegn bæði það söluskipulag, sem nú ríkir á þeirra afurðum, og þá ákvörðun um verðlagningu þeirra afurða, sem núna ríkir. Hins vegar er það alveg augljóst mál, að með því að fara inn á þetta svið, sem hér er lagt til, er verið að seilast lengra en góðu hófi gegnir. Og fyrst hv. þm. Dal., góður framsóknarmaður eins og hann er, er að saka okkur um vissa tortryggni, sem erum á móti frv., má ég þá spyrja hann eða hans stól, ef hann ætlar ekki að koma aftur: Hvað segir hann þá, ef mætir framsóknarmenn, ef miðstjórnarmeðlimir úr Framsfl. væru eitthvað svipaðs sinnis og við sósialistar og fleiri stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað?

Við höfum áður vitnað í þá umsögn, sem núverandi forstjóri grænmetisverzlunar ríkisins hefur látið n. í té, og sá maður er sjálfur einn miðstjórnarmaður Framsfl. Hv. þm. Dal. sagði, að honum væri málið skylt, hann væri einmitt sá sérfræðingur, sem ríkið hefur trúað bezt á þessu sviði og forusta Framsóknar gefur hvað bezt vottorð. En þá skal ég taka annan mann, sem líka er miðstjórnarmeðlimur Framsfl., og lofa hv. þm. Dal. að heyra ofur lítið af því, sem hann segir. Sá maður er einn af stofnendum Framsfl., ég held, að hann hafi setið áratugi í stjórn Framsfl., og var einn af þeim, sem stofnuðu Tímann á sínum tíma, það er Vigfús Guðmundsson. Hann skrifar um grænmetisverzlunina nokkrar athugasemdir, sem birtust í Þjóðviljanum þann 14. febr., fyrir tveim dögum. Hann gerir þá athugasemd á eftir, að hann hafi ætlað að birta ofanritaða grein í Tímanum, en skilji, að það sé erfitt fyrir ritstjóra hans að ljá henni rúm, þar sem Tíminn er gefinn út af Framsóknarflokknum. Hann biður þess vegna Þjóðviljann fyrir greinina. Það er eins og hann hafi haft einhverja hugmynd um, að heldur mundi nú verða amazt við því að fá þetta mál rætt í Tímanum, þ. e. málgagni lýðræðisins og málfrelsisins, frá ýmsum sjónarmiðum.

Ég skal aðeins minnast á nokkur atriði af því, sem Vigfús Guðmundsson segir í þessari grein sinni, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir í fyrstu athugasemdinni:

„Lagafrumvarp þetta sýnist vera hið mesta hrákasmíði, fyrir utan þann boðskap, er það flytur.“ Síðan fer hann að telja upp allar fjólurnar í því. Svo segir hann í annarri athugasemd sinni: „Með hinni nýju ráðgerðu skipun virðist eftir frv. að dæma, að enginn eigi að eiga hina nýju verzlun, sem kenna á þó við landbúnaðinn og ráðgert er að taki við af grænmetisverzlun ríkisins að einhverju leyti, og sýnist það í meira lagi fálmkennt.“ Hann heldur áfram, gagnrýnir í þriðja lagi yfirstjórn framleiðsluráðsins á þessu, í fjórða lagi, hvernig frv. gerir ráð fyrir, að landbrn. fái einkarétt til þess að flytja inn kartöflur, og spyr, hvort landbrh. eigi sjálfur að standa í þessu, segir svo áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Frekar á hann sennilega að hafa einveldi um að fela einhverjum aðila öðrum þetta starf, en úr því að hann á að verða hinn mikli einvaldi í þessum efnum, er hætt við, að hann vilji fela starfið þeim, sem honum þykir vænst um. T. d. væri freistandi fyrir sjálfstæðismenn að fela vinum sínum heildsölunum innflutninginn og verzlunina.“ Svona athugasemdir gera gamlir og reyndir framsóknarmenn úr miðstjórn Framsfl., sem hugsa það lengra um þessi mál, að það sé ekki alltaf víst, að landbrh. sé t. d.

framsóknarmaður. Þá segir hann í fimmtu athugasemd sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnandi bændum alls góðs, sýnist það þó nokkuð hart og óréttlátt í garð allra þeirra mörgu kaupstaðabúa, sem framleiða um helming allra þeirra garðávaxta, sem koma til sölu í landinu, að þeir verði háðir yfirstjórn framleiðsluráðs með vöru sína, þar sem þeir eiga ekki einu sinni nokkurn fulltrúa í ráðinu, og ekki laust við frekju og óréttlæti af bændafulltrúum að krefjast þess.“

Þessi hv. miðstjórnarmeðlimur Framsfl. tekur jafnvel sterkar til orða en hefur verið gert af þeim, sem hér hafa talað um málið.

Þá gerir hann í sjöttu athugasemd sinni grein fyrir skoðun sinni á verðjöfnunargjaldinu og gagnrýnir það; og ég sé, að þær athugasemdir, sem við höfum gert nú undanfarið út af því verðjöfnunargjaldi, hafa leitt til þess, að nú leggur loks meiri hluti hv. landbn. til, að verðjöfnunargjald af kartöflum sé látið niður falla.

Þá segir hann í sjöundu athugasemd sinni, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni á að vera heimilt að selja eignir grænmetisverzlunar ríkisins hinni nýju grænmetisverzlun, sem enginn á og engar eignir hefur til umráða. Hvers konar ráðstöfun er slíkt á fé þjóðarinnar, sem hún öll á jafnt, hvort sem menn búa í sveitum, kaupstöðum eða kauptúnum? Eiga hinir nýju huldumenn máske að fá að borga með einhverju prentuðu bréfadóti, sem verður einskis virði eftir nokkur ár, eins og nú horfir?“

Þessi hv. miðstjórnarmeðlimur Framsfl., sem mikið hefur haft með fjármál Framsfl. að gera oft og tíðum og Tímans, eftir því sem mér er bezt kunnugt, spyr eðlilega, hvernig eigi að fara með þessar eignir, og hefur einhverja hugmynd um, að það verði máske hálfeinkennileg sala á þessu, þegar allt kemur til alls. — Þetta er nú það, sem þeir menn vara við, sem út í frá eru að hugleiða þessi mál, menn, sem varla verða af framsóknarmönnum sakaðir um að ætla að læða inn tortryggni til bænda, svo að ég noti orðatiltæki hv. þm. Dal. hér áðan.

Þá minnist hann í áttundu athugasemd sinni á það, að þessu máli hafi lítið verið haldið á lofti, og segir þar í seinni hlutanum, með leyfi hæstv. forseta: „Síðan þetta mál fór að koma á dagskrá fyrir nokkrum missirum, hefur það oft borizt í tal á gestaheimili mínu við bændur víðs vegar af landinu, þegar gott næði hefur verið til þess að spjalla saman um landsins gagn og nauðsynjar. Man ég ekki eftir, að örlað hafi á áhuga fyrir málinu hjá nema aðeins tveim bændum, öðrum úr Mýrasýslu og hinum úr Dalasýslu. Langflestum hefur legið mjög hlýtt hugur til grænmetisverzlunar ríkisins og þeir lýst fullu trausti á forustumenn hennar.“

Það munu ekki margir menn á landinu ef til vill hafa öllu meira samband og kynni við bændur, a. m. k. hér vestanlands, heldur en einmitt þessi hv. miðstjórnarmeðlimur Framsfl., og hann hefur alveg sérstaklega góða aðstöðu til þess að ræða við bændur um þetta mál. Þetta er hans niðurstaða, m. ö. o. nákvæmlega sama niðurstaða og fjöldinn af kaupfélagsstjórum landsins þegar hefur látið í ljós í sínum skrifum til þeirrar nefndar, sem hefur haft með þetta mál að gera hér í þinginu, að áhugi hjá bændum sjálfum sé hverfandi lítill. Hitt vitum við, að það mun vera hægt fyrir flokksstjórn Framsfl. að fá í gegn samþykkt á t. d. fundi Stéttarsambands bænda. Það efast ég ekki um, þegar jafnvel öll handjárn eru sett í gang, það er sama fyrirbrigðið og við kynnumst hérna á þinginu. Ef ráðherrar Framsfl. fara að sækja eitthvert mál hart, þá geta þeir það. En hvað býr á bak við svona samþykkt?

Þá gerir hann í níundu athugasemd sinni svo hljóðandi grein fyrir skoðun ýmissa kaupfélagsstjóra, með leyfi hæstv. forseta:

„Komið hefur í ljós, að fjöldi kaupfélagsstjóranna í landinu eru ánægðir með skipulagið eins og það er nú og síður en svo að þeir óski eftir því örverpi, sem virðist eiga að fara að skapa upp úr grænmetisverzlun ríkisins, og það eru einmitt kaupfélagsstjórarnir, sem eru kunnugastir allra manna viðskiptamálum bændanna. Þeir eru beinlínis mjög oft trúnaðarmenn þeirra, munu þeir oft gefa hver öðrum góð ráð, þar sem samvinnan er í góðu lagi.“

Og svo endar hann með því í tíundu athugasemdinni að segja, að grænmetisverzlunin sé af fjölda manna viðurkennd fyrir að vera einhver sparlegast og bezt rekna stofnun þjóðarinnar.

Og hver er svo dómur þessa miðstjórnarmeðlims Framsfl. um þetta mál í heild? Hann er þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðförin að grænmetisverzlun ríkisins er pólitískt brennumál og vansmíði, lagafrv. um endurreisn hennar undir stjórn stéttarfélags er höfundum þess til lítils sóma. Viðtökur frv. hjá að því er virðist meiri hl. Alþingis eru einn raunalegi hlekkurinn í mistakakeðju þeirrar virðulegu stofnunar nú á síðustu tímum. Það er stundum líkast og ýmsir góðir menn séu bergnumdir, en skilji ekki, hverjir valda. Öðrum, sem kunnugir eru, sýnist þó, að ekki sé mjög mikill vandi að skilja, hver seiðkonan hafi verið hér á ferð.“

Þetta voru orð Vigfúsar Guðmundssonar, eins af elztu brautryðjendum Framsfl., miðstjórnarmeðlims hans um áratugi, eins af stofnendum Tímans, manns, sem ég held að þeim hv. þm. Framsfl., sem ræða um þetta mál hér í d. eða hugsa um það eða greiða atkvæði um það, væri alveg óhætt að taka nokkurt tillit til.

Og hver hefur svo verið afstaðan á þeim fundum bænda, við skulum segja eins og hér á Suðurlandsundirlendinu, sem haldnir hafa verið? Hv. 3. landsk. skýrði frá því nú nýlega, hvað var að gerast á Selfossi, þar sem voru upp undir 200 bændur mættir af öllu svæðinu frá Selvogi að Vík í Mýrdal. Forseti Búnaðarfélagsins stjórnaði fundi, og hann varð að margítreka, margbiðja menn um að greiða atkvæði um till., sem kom fram um að lýsa fylgi við þetta mál, — og hvað fengust á endanum, eftir þrítekna atkvgr., margir, sem lýstu fylgi sínu við það? 23 bændur. Líklega yfir 100 bændur sátu hjá, vildu ekki láta í ljós samþykki sitt

við þetta með því að gera svo lítið sem bara að rétta upp höndina, þó að sjálfur forseti Búnaðarfélags Íslands bæði þá um það og þó að þarna væri um að ræða mál, sem væri samþykkt af stéttarsamtökum bænda, eins og sagt er. Og þrír greiða atkvæði á móti. 23 með, 3 greiða atkvæði á móti, en vafalaust yfir 100 sitja hjá. Þetta er sem sé áhuginn hjá bændum.

Og að síðustu: Hvernig er það svo í sjálfum Framsfl., við skulum taka bara hér í Rvík? Mér þætti mjög vænt um, ef hv. þm. Dal. væri hér inni, ef hann vildi nú gera svo vel og lesa hér upp á Alþingi þá samþykkt, sem gerð var í fyrrakvöld á fundi í fulltrúaráði framsóknarfélaganna í Rvík. Mér þætti vænt um og ég vil skora alveg sérstaklega á hv. þm. Dal. að lesa upp þá samþykkt. Skyldi hafa verið samþykkt þar alveg einróma af aðalmönnum Framsfl. í Reykjavík að mæla með þessu frv. og óska eftir, að því yrði flýtt í gegnum þingið, eða skyldi kannske hafa verið ágreiningur í sjálfu fulltrúaráði Framsfl., mikill ágreiningur og hörð átök, eða skyldi máske hafa verið samþykkt svo að segja einróma að skora á flokksstjórn Framsfl. að hætta við þetta frv. og draga það til baka? Mér er nær að halda það síðasta, að meira að segja sjálft fulltrúaráð Framsfl. í Reykjavík sé ekki hrifnara af þessu frv. en svo, að það óski þess, að flokksstjórn Framsfl. sjái um að draga þetta frv. til baka.

Ég held þess vegna, að það færi bezt á því að öllu leyti, að þetta mál yrði nú látið daga uppi, það yrði ekki keyrt lengra áfram.

Eins og ég hef áður tekið fram, þá var ég á móti þessu frv. við 2. umr. og er það enn. Ég hef hins vegar freistað þess með brtt., sem ég ber fram á þskj. 378, ef á annað borð á að keyra það í gegn, að fella niður nokkrar greinar af því, fella niður 4. gr., sem fjallar um þetta nýja söluskipulag, sem á að setja upp, og fella niður 5. gr., sem fjallar um verðmiðlunina, og þá 6. gr. líka, því að hún er um það sama, og enn fremur 7. gr., sem afnemur lögin, sem nú gilda um grænmetisverzlun ríkisins. Það yrði þá eftir að vísu ofur lítið. En þetta er eins og hver önnur miðlunartill., sem ég þarna kem með, þó að ég sé hins vegar á móti frv. í heild. Þrjár fyrstu greinarnar væru sem sé saklausari, þó að þær einar yrðu samþykktar.

Ég vil þess vegna leyfa mér að óska þess eftir það, sem komið hefur nú fram í þessu máli við þá frestun, sem orðið hefur á afgreiðslu þess hér í hv. deild, að hv. þm. Framsfl. sjái nú, að ekki sé viturlegt að herða meira á þessu máli. Það hefur ekki fylgi bænda, og það hefur meira að segja andstöðu framsóknarmanna sjálfra, þar sem þeir á annað borð ræða það.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Það gladdi mig áðan, þegar þetta mál var tekið hér til umr., að sjá, að hv. þm. Dal. gerði okkur nú þann sóma að stíga í ræðustólinn til þess að ræða þetta mál við okkur, og ég bjóst við því, að hann mundi ræða málið eins og það liggur fyrir og að hann mundi reyna að rökræða þá gagnrýni, sem komið hefur fram á þessu frv. í þessari hv. deild. En raunin varð allt önnur.

Hv. þm. Dal. svaraði mjög litlu þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið á þessu frv., heldur tók hann þann kostinn að fara undan í flæmingi og flétta inn í ræðu sína alveg óskyldum hlutum. Hann skýrði hér starfsemi búnaðarfélaga, hvernig þau væru byggð upp, samband þeirra við Stéttarsamband bænda og framleiðsluráð, hvernig kosið væri í búnaðarfélögum og hreppafundum til aðalfundar Stéttarsambandsins o. s. frv. Síðan gerði hann grein fyrir störfum og skipun verðlagsnefndar landbúnaðarafurða. Nú virðist það svo, að hv. þm. Dal. ætti þó a. m. k. að vera þessum málum kunnugur, starfsemi og skipulagi búnaðarfélaga, Stéttarsambands bænda og framleiðsluráðs alveg sérstaklega, ef það er rétt, sem mig minnir, að hann sé varamaður í framleiðsluráði landbúnaðarins. En af ræðu hans var ljóst, að hann var málum þessum ekki eins kunnugur og maður hefði mátt ætla. T. d. má nefna, að í sambandi við það, sem hann sagði um þátt fulltrúa neytenda í verðlagningu búvara, var mjög margt rangt túlkað. Hann sagði, að neytendur ættu jafnmarga fulltrúa og bændur í verðlagsnefnd búvara og að þeir réðu jafnmiklu í þessari nefnd og fulltrúar bænda, þess vegna væri ekki ástæða til þess að óttast bændasamtökin né að nefnd sú, sem ákveður verðlag á búvörum, gengi á rétt neytenda, þar sem neytendurnir ættu þar jafnmarga fulltrúa og framleiðendurnir.

Sumt af þessu er rétt, en annað ekki. Það er rétt, að fulltrúar neytenda og framleiðenda eru jafnmargir í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, en hitt er algerlega rangt hjá hv. þm. Dal., að nefndin þannig skipuð ákveði verðlag á einstökum landbúnaðarafurðum. Það er algerlega rangt. Þegar n. starfar skipuð sex mönnum, þrem frá framleiðendum og þrem frá neytendum, þá gerir hún ekkert annað en að ná samkomulagi um grundvöll, þ. e. a. s. kostnað og tekjuhlið á meðalbúinu. Verðlagið á einstökum tegundum búvara er algerlega í höndum framleiðsluráðs, og þetta ætti hv. þm. Dal. að vita, ekki sízt ef það er rétt, að hann sé varamaður í framleiðsluráði.

Menn hljóta þess vegna að spyrja: Hvernig stendur á því, að þm. Dal. kemur hingað upp til þess að tala um þetta mál og ber á borð fyrir mann önnur eins rök í málinu og þetta. Hann sagði einnig, að það þyrfti nú að gera breyt. á þessum málum með verzlun og grænmeti, skipulagsbreytingu á þeim málum, vegna þess t. d., að verð á gulrófum væri ekki ákveðið og bændur neyddust oft til að selja kaupmönnum þær á eina krónu kg, en kaupmenn seldu þær síðan aftur neytendum á 3—4 kr. kg. Og það varð ekki annað skilið af þessum ummælum hv. þm. Dal. en að þetta væri grænmetisverzlun ríkisins að kenna. Nú ætti þó hv. þm. Dal. að vita það, að í 8. gr. l. um framleiðsluráð landbúnaðarins er það beinlínis tekið fram, að framleiðsluráðið skuli ákveða verðlag á helztu tegundum garðávaxta. Ef við einhvern er að sakast í þessu efni og ef bændur hafa beðið eitthvert tjón af því, að verð á gulrófum er ekki ákveðið, þá er það framleiðsluráðið, en ekki grænmetisverzlunin, sem ber sök á því. Og ég vil enn fremur upplýsa, að svo augljóst er, að

þarna á framleiðsluráðið hlut að máli, en ekki grænmetisverzlunin, að framleiðsluráð hefur nú þegar ákveðið verð á gulrófum. Þetta gerði framleiðsluráðið í fyrsta skipti seint á árinu sem leið. Þá loksins ákvað framleiðsluráðið að sinna nú skyldustarfi sínu og ákveða verð á gulrófum. Og svo kemur hv. þm. Dal. hér upp og heldur því fram, að nú þurfi nauðsynlega að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins, vegna þess að hún hafi ekki gert það, sem hún ætti ekki að gera. (Gripið fram í.) Hv. þm. Dal. leyfir sér að halda því fram með framitöku, að það sé hreinasta lygi. Vill hann gera svo vel að fara hér fram í skjalasafn Alþingis eða á skrifstofuna og fá sér lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins og lesa þau, fyrst hann ekki þekkir þau.

Þannig voru þá rök hv. þm. Dal. fyrir því frv., sem hann hefur hér barizt fyrir. Hann hafði engin rök fram að færa gegn þeirri gagnrýni, sem hér hefur verið höfð í frammi um frv., en hann reyndi að fara inn á nýjar leiðir, opna baráttuna á nýju sviði, og þá er allt eins í pottinn búið, haldið fram röngum málstað og fullyrðingum, sem eiga ekki við neitt að styðjast.

Þá sagði hv. þm. Dal. og gerði það að miklu innleggi í mál sitt, að hér hefði verið nýlega haldinn fundur kaupfélagsstjóra í Reykjavík og þeir hefðu ekki sent Alþ. nein mótmæli gegn þessu frv. Þetta vildi hann túlka á þann veg, að kaupfélagsstjórunum hefði snúizt hugur í þessu máli, frá því að þeir létu í ljós álit sitt á því á þinginu í fyrra samkv. beiðni þá.

Ég held, að þetta sé mjög hæpið hjá hv. þm. Dal., svo að ekki sé meira sagt. Og það mætti alveg eins spyrja hann: Sendu þessir kaupfélagsstjórar eða fundur þeirra Alþ. áskorun um að samþykkja þetta frv.? Og ef þeir hafa gert það, hvar er þá sú áskorun? Mættum við fá að sjá hana? Ég sé ekki, að það eitt út af fyrir sig, að kaupfélagsstjórarnir samþykkja ekkert í málinu, verði túlkað sem innlegg fyrir hv. þm. Dal. og Framsfl. í þessu máli. Það má alveg eins túlka það þveröfugt, ef á annað borð á að fara að taka hér inn í umræðurnar hluti, sem ekki eru til, ályktanir, sem ekki hafa verið gerðar. En þetta átti að vera eitt helzta haldreipið í málflutningi hv. þm. Dal. Þetta voru rökin, sem hann vildi færa fram fyrir því, að nú bæri að samþykkja þetta frv.

Og ég vildi nú spyrja hv. þm. Dal. í tilefni af því, sem ég hef hér sagt um þetta: Fyndist honum nú ekki, að hann gerði sjálfum sér og flokki sínum meiri sóma með því að hætta við að berjast fyrir þessu frv. heldur en að koma með svona rök og svona málflutning í sambandi við það?

Hv. þm. Dal. var ekki við hér, þegar þessi fundur hófst að nýju. Hv. 2. þm. Reykv. bar þá hér fram fyrirspurnir um það, hvernig afstaða Framsfl. sjálfs væri nú um þetta mál. Hann gat þess, að það mundi hafa verið rætt á fundi fulltrúaráðs framsóknarfélaganna hérna í Reykjavík og gerð ályktun um það, og hann spurði um það, hvernig þessi ályktun hefði verið gerð og hvernig menn hefðu tekið þar í þetta mál. Hann spurði um það, hvort menn hefðu verið sammála um að samþykkja till. um að skora nú á Framsfl. að hraða afgreiðslu þessa máls eða sjá til þess, að það kæmist í gegnum þingið. Hann spurði, hvort það hefði verið ágreiningur um málið, hvort það hefðu orðið átök um það, sumir vígreifir með því og aðrir á móti, og hann spurði í þriðja lagi, hvort það mundi e. t. v. hafa verið svo, að það hefði ekki verið neinn ágreiningur að ráði um þetta mál, heldur hefðu menn verið einróma á móti því og samþykkt að skora á Framsfl. að hætta nú við þetta mál og draga það til baka. Ég endurtek þessar spurningar hér, af því að hv. þm. Dal. er nú kominn, svo að honum gefist tækifæri til þess að svara þeim. Hv. 2. þm. Reykv. lét í ljós þá skoðun sína, að það mundi hafa verið svo, að á þessum fulltrúaráðsfundi framsóknarfélaganna í Reykjavík hefðu menn verið yfirleitt sammála um það og það nærri því einróma að skora á Framsfl. að hætta baráttunni fyrir þessu máli, og að þessir menn, þessir forvígismenn Framsfl., hefðu verið sammála um það, að skömm Framsfl. af þessu máli væri þegar orðin meiri en nóg. Nú vil ég spyrja hv. þm. Dal.: Er þessu þann veg farið? Er það rétt?

Ég hef nú gert hér nokkur skil þeim atriðum, sem áttu að vera meginuppistaðan í ræðu og rökum hv. þm. Dal. um þetta mál, og ég sé nú ekki ástæðu til að ræða þetta mál öllu lengur. Það hefur verið gert mjög rækilega. Og það hefur verið gagnrýnt og tætt í sundur mjög rækilega. Þeir, sem berjast fyrir þessu máli, hafa enga tilraun gert til þess að hrekja þá gagnrýni, sem þetta frv. hefur sætt, eða þau rök, sem sú gagnrýni hefur verið studd. Þeir hafa reynt, eins og hv. þm. Dal., að fitja upp á nýjum atriðum máli sínu til stuðnings, en ég hef nú sýnt fram á, hve haldlaus þau rök voru.

Það hefur verið rætt mikið hér að undanförnu, hve þetta væri einstætt mál og einstakt í alla staði, ekki sízt með tilliti til þess, að hér ætti að fara að afhenda stéttarsamtökum verzlun með ákveðna vörutegund. Nú skal ég ekki endurtaka neitt af þeim umræðum, en ég vil aðeins benda á, að það er jafnfráleitt að afhenda Stéttarsambandi bænda kartöfluverzlun og ætla þessum stéttarsamtökum að fara að verzla með einhverja ákveðna vöru eins og það væri fráleitt að afhenda Alþýðusambandinu t. d. þessa sömu verzlun og eins og það væri fráleit hugsun að ætlast til þess, að Alþýðusamband Íslands tæki að sér verzlun með kartöflur í landinu.

Hv. þm. Dal. sagði, að það væri nú ekkert að óttast bændasamtökin í þessu sambandi. Það er alveg rétt. Því hefur enginn maður haldið fram, að það þyrfti neitt að óttast bændasamtökin. En því hefur verið haldið hér fram, í fyrsta lagi af hæstv. landbrh., og ég tók síðar undir þau ummæli, að þetta mundi verða mjög erfitt og óvinsælt hlutverk fyrir bændasamtökin í landinu. Og hv. þm. Dal. sagði alveg á sama hátt og ég hafði áður sagt í þessari umr., að menn ættu ekki að gera sér leik að því að stofna til misklíðar og tortryggni á milli bændasamtakanna og alþýðunnar í landinu og verka-

mannanna, en með þessu móti, með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt verið að stofna til slíkra hluta.

Ég hafði áður sýnt fram á það og það hafði komið fram í ræðu hæstv. landbrh., að framleiðsluráð og Stéttarsamband bænda gætu orðið fyrir aðkasti, misskilningi og tortryggni í sambandi við þessa starfsemi. Ég tók það fram áður í þessum umræðum, að Stéttarsamband bænda gæti orðið fyrir þessari tortryggni og óánægju úr tveim áttum, bæði frá framleiðendum og neytendum, frá framleiðendum, ef svo skyldi til takast, að Stéttarsambandið léti flytja inn meira af kartöflum en ástæða væri til og á þá lund, að innlend framleiðsla seldist ekki. Og ég benti einnig á það, að Stéttarsambandið mundi verða fyrir óvild og tortryggni frá neytendum, ef á einhverjum tíma tækist svo til, að það sæi ekki um, að nægilegt magn yrði flutt inn af kartöflum, þannig að kartöfluskortur skapaðist í landinu. Og ég vil taka undir það með hv. þm. Dal.: Svona ráðstafanir á ekki að gera, það á ekki að stofna til svona hluta. — Það er rétt, sem hann sagði, það er nauðsyn að eyða misklíð, misskilningi, tortryggni og óvild milli bænda, samtaka þeirra annars vegar, og verkalýðsins og samtaka hans hins vegar. Þessum stéttum er nauðsyn að standa saman. Og einmitt þess vegna á ekki að samþykkja þetta frv., sem sýnilega hefur í för með sér ýmsa svona hluti og er þeim mun hættulegra sem óvönduðum mönnum gefst betra tækifæri til að ýta þarna undir og blása að glóðunum. Þess vegna ættum við hv. þm. Dal. að geta verið sammála um að fella þetta frv.

Ég býst ekki við, að forseti Alþýðusambands Íslands eða ábyrgir stjórnendur þeirra samtaka mundu óska eftir því, að Alþýðusambandinu væri fengin þessi starfsemi, þessi kartöfluverzlun og grænmetisverzlun í hendur, fyrst og fremst vegna þess, að það tæki þá á sig hættuna af óvild og tortryggni, sem væri algerlega ástæðulaust að taka á sig. En það væri ekkert meiri fjarstæða að afhenda Alþýðusambandinu þessa verzlun heldur en Stéttarsambandi bænda. Í kaupstöðum og kauptúnum er ræktað meira af kartöflum en í sveitunum. Kartöflurnar, sem ræktaðar eru í kaupstöðum, eru ræktaðar m. a. og að mjög miklu leyti af verkamönnum í tómstundum og aukavinnu, verkamönnum, sem eru aðilar að Alþýðusambandi Íslands. Þeir hefðu því sem framleiðendur í þessu tilliti alveg jafnmikinn rétt á að fá þessi mál í sínar hendur eins og bændur. En ég býst ekki við því, að nokkur forsvarsmaður alþýðusamtakanna vildi stuðla að því, að þau gerðust verzlunaraðili með grænmeti, enda þótt svona væri í pottinn búið og enda þótt alþýðusamtökin eigi og telji sér skylt að tryggja hag mikils meginþorra þjóðarinnar í þessu tilliti, þ. e. a. s. allra neytenda. Þess vegna skil ég ekki þá menn, sem þykjast vera hér að berjast fyrir bændastéttina og vera sjálfkjörnir og sérstakir fulltrúar hennar, að þeir skuli leggja til, að stéttarsamtökum bænda verði afhent þetta mál. Miklu eðlilegra hefði verið að athuga þá leið, ef endilega þurfti að gera einhverja skipulagsbreytingu á þessum málum, að afhenda Sambandi íslenzkra samvinnufélaga þessi mál. Það eru samtök, sem hafa fengizt við verzlun, en ekki Stéttarsamband bænda. Og það eru samtök, sem eiga og ber skylda til að tryggja jafnt hag neytenda sem framleiðenda.

Nú hefur komið fram till. hér frá hv. 3. landsk. þm. um, að þessu máli verði vísað til ríkisstj. með það fyrir augum að rannsaka það betur og þá alveg sérstaklega þessa leið, athuga alveg sérstaklega að afhenda S. Í. S. og kaupfélögunum þennan hluta verzlunarmálanna, ef ástæða sé til að gera hér einhverja skipulagsbreytingu. Nú hef ég hins vegar ekki heyrt nokkur rök færð fram fyrir því, að það væri ástæða til að gera breytingu á þessum málum. Þvert á móti. Öll rök, sem hafa verið færð hér fram bæði með þessu frv. og móti því, hafa einmitt sannfært mig um, að hér þyrfti engra breytinga við, eða a. m. k. svo smávægilegra, að þær breytingar mætti vel gera á grænmetisverzlun ríkisins.

Eitt af höfuðatriðunum í þessu frv. og ein af höfuðrökunum fyrir því, að þessar breytingar þurfi nú að gera, er, að hér er tekið fram einhvers staðar, að framleiðsluráð landbúnaðarins skuli stuðla að því, að kartöflugeymslum verði komið upp sem víðast á landinu. Hver bannar framleiðsluráði að stuðla að því nú þegar? Ekki nokkur. Það er hvergi bannað með lögum. Það hefði getað stuðlað eins mikið að því og það vildi, ef það á annað borð vildi nokkuð stuðla að því. En hingað til hefur það ekki sýnt sig. Og ég býst ekki við, að það stuðli meira að þessu hér eftir en hingað til. Ég get ekki séð það. Það hafa engin rök verið færð fram fyrir því. Fyrir nú utan málið á þessu, að ætla að fara að setja það í lög, að einhver samtök megi stuðla að einhverju. Annaðhvort er að banna eða bjóða hlutina, en ekki að fara að lögbjóða, að mönnum sé heimilt að stuðla að einhverju, sem þeim er heimilt að stuðla að án allrar lagasetningar og enginn hefur bannað þeim.

Ég vil svo aðeins að lokum taka það fram, að ég mun styðja dagskrártill. hv. 3. landsk. þm. Mér finnst hún mjög eðlileg og mjög skynsamleg, eins og þessum málum er nú komið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Loksins hefur það nú gerzt, að hv. frsm. landbn., hv. þm. Dal., hefur tekið til máls og rætt útjaðra þessa máls, en þó forðazt vendilega að ræða um kjarna málsins, ræða um þau efnisatriði, sem þetta frv., þessi frumvarpsómynd, sem hér liggur fyrir, fjallar um. Og það var ákaflega skynsamlegt af honum að haga sinni ræðu þannig, því að það er hægt að tala margt náttúrlega um kartöflur og grænmeti og framleiðslu þess og sölu þess af bónda og bændafrömuði, en hitt er ekki gott fyrir hann sem fulltrúa bændastéttarinnar að ræða um þetta frv., hvort sem hann færi að ræða um þá breytingu, sem í því felst frá gildandi skipulagi, þ. e. a. s. fyrst og fremst niðurlagningu grænmetisverzlunar ríkisins og þessa einka-

sölu landbúnaðarins, sem á að koma í staðinn, sem þó er ekki í rauninni vitað á neinn ákveðinn hátt hvernig verði eða hverjir eiga. Því síður væri honum hollt að fara að ræða um málatilbúnaðinn eða hvernig þetta frv. sé úr garði gert að efni og formi, enda forðaðist hv. þm. Dal. þetta allt saman og valdi þar auðvitað hinn skynsamlegri kostinn, eins og hans var von og vísa. Ég vil nú leyfa mér að víkja nokkru að ýmsum þeim atriðum, sem hann þó ræddi og alls ekki eru í brennidepli málsins.

Hann segir réttilega, að málið hafi sætt óvenjulega mikilli gagnrýni hér á Alþingi, og það er vissulega rétt. Það hefur verið til umr. hér langt til upp undir mánuð í þinginu, og það er tiltölulega óvenjulegt, og hafa þó hæstv. forsetar verið mjög iðnir, líklegast hlýðnir, í því efni að taka málið oft á dagskrá. Það hefur því ekki verið seinagangur á málinu vegna þess, að forsetar hafi tregðazt við að taka það inn á dagskrána. Það eru önnur mál, sem ástæða er til að kvarta um að því er það snertir, að þau fást ekki tekin á dagskrá, og er þar þó fleiri um að saka en forsetana, því að þar er fyrst og fremst forustu nefndanna um að saka, og er það í raun og veru vægast sagt þinghneyksli ár eftir ár, hvernig mál stjórnarandstöðunnar eru leikin í þessu svokallaða þingræðislandi. Þau eru flutt inn í þingið í fullum þinglegum rétti, og svo er þeim hleypt í gegnum 1. umr., en kistulögð undantekningalítið í nefndum og fást ekki tekin þar til umræðu eða afgreiðslu, þó að þingið standi í 5—6 mánuði.

Það er þó vitanlega ekki mál þeirra manna úr stjórnarflokkunum, sem í nefndunum eru, að svona er unnið. Þeir fá alveg áreiðanlega fyrirmæli frá ríkisstj. um að leggjast á öll mál stjórnarandstöðunnar, og er þetta þó vitanlega algert brot á öllu þingræði.

Nei, þetta mál hefur ekki átt slíkum stjúpmóðurlegum móttökum að fagna af hendi ríkisstj. eða umboðsmanna hennar í nefnd eða forseta þingsins. Það hefur notið allrar fyrirgreiðslu, sem hægt hefur verið og það eins og önnur mál á rétt á náttúrlega.

Af hverju halda menn, að þetta mál hafi sætt sérstaklega harðvítugri gagnrýni? Af því að málið er þannig vaxið, að með því er ætlazt til, að lögum, sem tiltölulega almenn ánægja er með, lögunum um grænmetisverzlun ríkisins, sé breytt á þann hátt, að allt vald í sambandi við meðferð þeirra mála, sem lögin um grænmetisverzlun ríkisins fjalla um, verði fært í hendur einnar stéttar, þ. e. a. s. fært í hendur nokkurra trúnaðarmanna bændastéttarinnar. Þetta kunna að vera hinir mætustu menn og ágætustu og réttsýnustu, en þeir eru a. m. k. ýtnir fyrir hönd sinnar stéttar og það um of, ýtnir á þann hátt, að þeir vilja þarna seilast til áhrifa og yfirráða yfir málum, sem þeim einum ber ekki réttur eða skylda til að ráða yfir, málum, sem snerta hag mjög margra annarra, þ. e. a. s. miklu fleiri manna í landinu annarra heldur en þeirra, sem þeir hafa umboð fyrir. Og með þessari tilhögun mála, sem nú er lagt til í frv. á þskj. 126, er tekinn réttur úr höndum fólksins við sjávarsíðuna í bæjum og kauptúnum, sem því fólki sannarlega ber og engin von er til að þetta fólk vilji láta taka úr greipum sér mótstöðulaust. Og það er á þessu, sem andstaðan við málið byggist hér í þinginu. Það er hér um að ræða hagsmunaárekstra, sem eiga sína formælendur á báðar hliðar, og hefur verið haldið þannig á málum, að annar aðilinn hefur ekki viljað kannast betur en svo við sína afstöðu með málinu, að hann hefur yfirleitt látið sína formælendur skjótast úr stólum sínum í þingsalnum, skjótast úr þingsalnum, jafnvel bregða sér af landi burt og alla aðra þegja sem fastast um málið. Vitanlega er þetta öruggur vitnisburður um það, að þarna er eins ástatt og fyrir manninum, sem hafði biblíuna sem bögglað rod fyrir brjósti sínu, og hafði hann þó lært hana alla í einu, en ei kom það að gagni neinu.

Þetta mál hefur bögglazt svona ónotalega fyrir brjóstinu á hæstv. ríkisstj. og á öllum formælendum málsins, af því að þeir hafa það á tilfinningunni, að þeir séu þarna að framfylgja máli, sem ekki byggist á réttlætisgrundvelli. Það er að vísu lof um mennina, að þá hafa þeir réttlætistilfinningu, þó að þeir misbjóði henni, og án þess að leggja nafn sitt við eiginlega að mæla með málinu, þá ætla þeir samt að knýja það í gegn með þöglum þingmönnum, sem rétta upp höndina með því og leiða það þannig í höfn.

Hv. þm. Dal. hafði það á orði, að hann gæti vitnað til ummæla heillar stéttar. Það er dálítið nýstárlegt, að heilar stéttir séu farnar að tala alveg í einum kór og það sé hægt að vitna til ummæla heilla stétta. Ég hef ekki heyrt þessa rödd bændastéttarinnar í málinu, — eða hvar hefur hún komið fram? Mig langar til þess að vita það, ég er það forvitinn, að mig langar til þess að spyrja hv. þm. Dal. að því, hvar liggi fyrir ummæli heillar stéttar í þessu máli, á þann veg, að stéttin — sennilega á hann hér við bændastéttina — heimti, að þetta mál sé gert að lögum. Einasta tístið, sem hefur heyrzt í nafni bændastéttarinnar, er frá einstaklingum í stjórn Stéttarsambands bænda, og það er sannarlega ekki rödd heillar stéttar. Bændastéttin hefur ekki látið til sín heyra í þessu máli. Það er sama, hvort maður hefur hitt bónda af Norðurlandi eða af Austfjörðum eða úr Akureyrarkaupstað eða af Suðvesturlandi, Vestfjörðum eða Norðurlandi eða Suðurlandsundirlendinu eða úr þeim sérstöku héruðum, þar sem mest er ræktað af kartöflum, eins og hér úr nágrenni Reykjavíkur, Eyrarbakka og Stokkseyri, Hornafjarðarsvæðinu, af Svalbarðsströndinni og í kringum Akureyri, — ef bændur hafa verið spurðir um þetta mál, hafa þeir ekki verið ákveðnir og ákafir og sagt: Við viljum heimta, að þetta frv., sem er um sölu og meðferð og ræktun kartaflna, verði gert að lögum á þinginu. — Nei, ég held nú ekki. Þeir hafa svarað undantekningarlaust: Við höfum ekki fyrirhitt neinn bónda, sem hafi áhuga á málinu. — Og það hefur ekki verið lögð fram hér í þinginu rödd eins einasta bónda, sem hafi áhuga á málinu, utan stjórnar Stéttarsambands bænda, sem er búin að endurtaka samþykktir um þetta í tvö eða þrjú skipti og virðist vera haldin af þeim

leiða sjúkdómi, sem er kallaður að fá mál á heilann. Og ef þetta er stærsta málið, sem Stéttarsamband bænda berst fyrir, þá má guð hjálpa þessu stéttarsambandi, ef hann annars í almætti sínu getur það.

Þetta er þá um rödd heilla stétta. Bændurnir heyrast ekki tala um þetta mál, og það einasta, sem hefur um það heyrzt úr röðum bændanna, er sem sé frá einstaklingum í stjórn Stéttarsambandsins.

Hv. þm. Dal. gerði grein fyrir því, að Stéttarsambandið væri sprottið upp af búnaðarfélögunum. En ég spyr nú: Hefur nokkurt búnaðarfélag á landinu gert samþykktir um þessi mál? Hvar eru þær? Ekki hafa þær verið sendar hér á lestrarsal Alþingis, ekki eru þær prentaðar sem fskj. með málinu, ekki hefur þeirra verið getið í framsöguræðum eða ræðum formælendanna, hvorki hæstv. landbrh. né hv. þm. Dal. Hvers vegna þessi óskaplega og óviðurkvæmilega þögn af þeirra hendi? Um svona hluti á ekki að þegja. Ef menn eru að berjast fyrir einhverju máli, þá eiga menn að leggja gögnin, sem þeir hafa, fram, og sterkustu gögnin í þessu máli væri það, ef þeir gætu skýrt okkur frá því, að tugir eða hundruð eða þúsundir bænda bæru málið fyrir brjósti og vildu knýja það fram og hefðu gert um það samþykktir og látið þær berast til þingsins. Ekki er til eitt einasta andvarp í þessa átt frá neinu búnaðarfélagi.

Eru þá til nokkrar samþykktir á móti málinu? Ja, kannske bara frá kaupstaðabúum og einhverjum slíkum, sem ekki bera neitt skyn á hagsmunamál bænda, kynnu menn að segja. Nei, það eru til samþykktir í þessu máli, sem bera því alveg glöggt vitni, að bændastéttin álítur þetta ekki vera sitt stóra hagsmunamál. Ég vitnaði hér á dögunum í stjórnarblaðið Tímann, bændablaðið Tímann, sem heitir blað fyrir bændur og er það. Hann var að segja þar á allri forsíðunni frá geysilega stórum fundi, fjöldafundi, sem bændur og bændasamtökin á öllu Suðurlandi hefðu haldið á Selfossi um síðustu helgi. Það vildi svo til, að ég var staddur á Selfossi einmitt um þessa helgi og vissi, að það var rétt, sem Tíminn sagði, að svo miklu leyti sem hann sagði frá þessum fundi, og hann orðaði það alveg réttilega: Þessi fundur var svo víðtækur, að á honum voru mættir bændur alla leið austan frá Vík í Mýrdal og vestur í Selvog, og þarna voru mættir hátt á annað hundrað bændur. Í forsæti á fundinum var formaður Búnaðarfélags Íslands, Þorsteinn Sigurðsson á Vatnsleysu, og hann ber fram till. um að skora á Alþ. að samþykkja frv. um sölumeðferð kartaflna, sem liggi fyrir þinginu. Og eins og ég skýrði frá hér seinast, þá koma örfáar hendur á loft við fyrstu atrennu. Hann biður menn að taka sig betur saman og greiða atkv., eins og forsetar gera, þegar þeim þykja daufar undirtektir, hvað og kemur hér fyrir í þingsölunum, og þá fær hann nokkru fleiri, en ekki var form. Búnaðarfélags Íslands enn ánægður með hinn brennandi áhuga bændastéttarinnar og fulltrúa hennar þarna á þessum fjölmenna fundi og vildi reyna í þriðja sinn, og verið þið nú með, greiðið þið atkvæði, hvatti þá rækilega og þá komu tölurnar, sem Tíminn sagði frá: 23 atkv. með, 3 atkv. á móti. Allur fjöldi bændanna í salnum á Selfossi sat gneypur og þagði eins og formælendur málsins hér þegja og fékkst ekki, ekki einu sinni í þriðju atrennu, til þess að rétta upp hendurnar með málinu, þó að form. Búnaðarfélags Íslands bæði þá að greiða nú atkv. Hvernig er hægt að leggja fram sterkari sönnun en þessa fyrir því, að bændur hafi ógeð á málinu? Ef stétt hefur talað í þessu máli, þá er það ordsendingin frá fundinum á Selfossi um, að bændur hafi svo megna skömm á þessu máli, að þeir fáist ekki — margir hverjir til þess — til að rétta upp höndina með því. Ég hef ekki heyrt frá bændastéttinni skýrar og eindregnar tekna afstöðu á móti málinu en einmitt í niðurstöðu þessa fundar.

Hv. þm. Dal. sagði líka: Kaupfélagsstjórafundur hefur verið hér, fjölmennur. Af hverju mótmælti hann ekki málinu? sagði hann. Hann þarf nú auðvitað að leita fylgjenda við málið, og honum hefði verið mikill styrkur að því, ef kaupfélagsstjórarnir, sem hafa daglegt samband við bændur, hefðu verið lifandi áhugamenn fyrir málinu, og þeir hafa þó komið mjög við framkvæmd þessa máls, þeir hafa annazt fyrir grænmetisverzlun ríkisins alla sölumeðferð grænmetis og kartaflna. Ég segi: Hefði ekki verið eðlilegra, að hv. þm. Dal. hefði spurt: Gerðu þeir ekki, alveg upptendraðir af áhuga fyrir þessu stóra áhugamáli bændastéttarinnar, samþykkt um, að Alþingi yrði að samþykkja þetta frv., sem hér er verið að ræða? Nei, ekki gat hv. þm. Dal. þess. Þeir létu það vera. Þeir höfðu ekki þann áhuga á málinu, að þeir sendu frá sér áskorun til Alþingis um að samþykkja málið. Ekki var það heldur að fá undirtektir undir rödd stéttarinnar, sem hv. þm. hafði þó sagt okkur að hefði heyrzt. Kaupfélagsstjórarnir þögðu um áhuga sinn á þessu máli. Eru þá til nokkrar samþykktir núna upp á síðkastið með málinu eða á móti? Jú, neytendasamtökin í landinu hafa skotið á fundi og rætt þetta mál, — og mæltu þau ekki fastlega með því, að málið yrði samþykkt? Nei, ekki gátu þau fengið sig til þess. Þau sendu Alþingi núna rétt nýskeð mótmæli gegn frv. og töldu það ganga, ef það væri samþykkt, mjög á rétt neytenda. Ríkisútvarpið var að færa okkur þessa samþykkt neytendasamtakanna nú fyrir skemmstu, og ég ímynda mér, því að þess var getið í fréttinni, að nú sé búið að senda þessi mótmæli til Alþingis. Og svo er mér tjáð, að nýlega hafi verið fundur í fulltrúaráði framsóknarfélaganna í Rvík. Framsóknarfélögin í Rvík geta alls ekki verið viðskila við bændur og bændastéttina. Þetta eru þó samtök í stjórnmálaflokki bændanna, Framsóknarflokknum, sem nú hefur látið bera þetta mál fram sem eitt af sínum áhugamálum. Hvað sagði fulltrúaráð framsóknarfélaganna í Rvík? Sendi það ekki frá sér áskorun til þingsins um að lögfesta þetta mikla nauðsynja- og hagsmunamál bændastéttarinnar? Ég get ekki efað, að fulltrúaráð framsóknarfélaganna hlýtur á fundi sínum að hafa fundið köllun hjá sér til slíks, ef bændur hafa yfirleitt látið til sín heyra um, að þetta væri þeim mikið hagsmunamál og nauðsynjamál. Nei, fulltrúaráð framsóknarfélaganna sendi enga slíka áskorun frá sér um að samþykkja frv. Þvert á móti. Þarna var málið rætt með og móti. Þeir

voru fáir formælendurnir, þeir voru margir andmælendurnir, og niðurstaða fundarins var sú, að það var samþykkt að mótmæla lögfestingu þessa frv.

Ég fæ því ekki betur séð en málið hafi fengið óvenjulega mikla andstöðu og sætt óvenjulegri gagnrýni, ekki aðeins hér innan þingveggjanna, ekki bara af málþófsmönnum, sem af einhverri stirfni hafa sett sig upp á móti málinu eða í sérvizku, heldur af nákvæmlega sömu ástæðum og málið hefur hlotið andstöðu hér, að það þykir ganga gegn hagsmunum fólksins í kaupstöðum og kauptúnum landsins, sem vitað er nú og upplýst að framleiðir meiri hlutann af kartöflum, sem ræktaðar eru á Íslandi, og er að langsamlega mestum hluta neytandi þeirra kartaflna, sem koma á sölumarkaðinn á Íslandi, því að meginhlutann af þeim kartöflum, sem bændur framleiða, éta þeir sjálfir, selja sjálfum sér og éta þær sjálfir og þeirra búpeningur. Það fer þess vegna ákaflega lítið af þeim kartöflum á sölumarkaðinn. Hinar, sem eru á sölumarkaðinum, eru yfirleitt framleiddar í nágrenni kaupstaðanna og í kauptúnum og kaupstöðum, og þó að ekki séu teknir með kaupstaðir eins og Akranes og Sauðárkrókur, eins og upplýst er í þessu mikla nál., sem hér liggur fyrir, og ekki heldur nein þau kauptún, sem eru hluti af hreppum, og slík kauptún talin með hreppunum, þá er framleiðsla sveitarfélaganna langtum minna en helmingur af þeim kartöflum, sem ræktaðar eru hér á landinu.

Hv. þm. Dal. lét liggja að því, að kaupfélagsstjórarnir hefðu í fyrra verið á móti málinu, og það er víst ekki gott að neita því, að þeir voru á móti málinu í fyrra, a. m. k. kaupfélagsstjórarnir í öllum aðalkartöflframleiðsluhéruðum landsins, því að það stendur skjalfest hér í fskj. nál. frá hv. minni hl. En hv. þm. Dal. lét að því liggja, að þeim mundi hafa snúizt hugur síðan. Ef svo væri, þá er ég sannfærður um, að kaupfélagsstjórarnir létu hér ekki standa svart á hvítu úrelta og afskrifaða afstöðu sína frá í fyrra. Svo rænulausir eru þeir ekki, að þeir hefðu þá ekki sent Alþingi grg. fyrir sinni nýju afstöðu og greint frá ástæðunni til þess, að þeir hefðu skipt um skoðun í málinu, t. d., að þeir létu það liggja núna augljóslega fyrir þinginu, að þeir hefðu breytt um skoðun á málinu vegna þeirrar breytingar, sem hefði orðið á frv. síðan. Það gæti verið alveg fullgilt. En það eru svo smávægilegar breytingar, sem hafa verið gerðar á frv. síðan í fyrra, að það dettur engum manni í hug, að kaupfélagsstjórarnir telji það valda úrslitum um afstöðu sína til málsins, enda er alveg víst, eins og ég var að enda við að segja, að ef breytingarnar eða aðrar ástæður hefðu valdið því, að kaupfélagsstjórarnir hefðu skipt um skoðun í málinu, þá er alveg óefað, að þeir hefðu verið búnir að senda Alþingi skjallega grg. sína fyrir því, að nú væri afstaða þeirra breytt, eins og málið blasti nú við. En hvorki hæstv. landbrh. né hv. þm. Dal. hafa imprað á því, að þeim hafi borizt nokkur slík vitneskja um breytta afstöðu kaupfélagsstjóranna frá því í fyrra. Ég fullyrði því, að þau vottorð, sem liggja hér fyrir frá því í fyrra um afstöðu kaupfélagsstjóranna í öllum aðalkartöflframleiðsluhéruðum landsins, séu óbreytt í dag og það séu þeirra orð, sem þeir létu frá sér fara í fyrra, sem gildi í dag.

Það getur því ekki farið á milli mála: Kaupfélagsstjórarnir meðal annarra eru andvígir því, að grænmetisverzlun ríkisins sé lögð niður og þessi stofnun, grænmetiseinkasala landbúnaðarins, sett á í staðinn, en þá breytingu kölluðu sumir þeirra í fyrra hreina vitleysu, og er það nokkuð fast og ákveðið að orði kveðið.

Hv. þm. Dal. gerði verðlagsráð landbúnaðarins að umtalsefni. Ég held nú, að það sé ekkert til í lögunum, sem heitir verðlagsráð landbúnaðarins. Ég held, að þar sé talað um nefnd, sem skuli reikna út, hvaða verð skuli vera á landbúnaðarafurðum, þegar kaupgjald hafi breytzt í landinu. En það er ekki svo mikið haft við þessa nefnd, að hún hafi eiginlega neitt nafn. Það er bara *nafngift hv. þm. að kalla hana verðlagsráð*. Hún heitir ekki því nafni. Það er ekkert það, sem viðkemur verðlagsráði landbúnaðarins, sem er deilt um í þessu frv. Verðlagsráðið er ekki hér nefnt heldur og ekki einu sinni hin nafnlausa nefnd. Hún er ekki heldur nefnd. Það er ekki heldur látið í það skína, að hér sé verið að berjast fyrir öðru og breyttu verðlagi á kartöflum og grænmeti í landinu með þessari breytingu. Nei, þó að það kynni nú að vera tilgangurinn að reyna að tryggja hærra verð á kartöflum og grænmeti, þá er ekki látið í það skína á nokkurn hátt í frv., hvorki beint né óbeint, hvorki í línunum né á milli línanna, enda væri skammsýni mikil að láta slíkt sjást.

Ætli það sé nú svo, að framleiðendur hafi svo mjög mikið undan því að kvarta, hvernig grænmetisverzlun ríkisins hafi verðlagt grænmeti á undanförnum árum? Til er vitnisburður um það, hvernig verðlagningu hafi verið háttað. (Gripið fram í.) Það er framleiðsluráðið, já, og hvernig hefur það verðlagt að undanförnu? Í þessu mikla nál., sem kostar 80 þús. kr. án vaxta — (**Gripið fram í:** Umræðurnar kosta meira.) Umræðurnar, já, það væri nú skömm að því, ef umr., sem byggðust á 80 þús. kr. nál., kostuðu ekki neitt; það væri algert ósamræmi í því. En við skulum athuga hér, hvað í því ódýra nál. stendur um verðlagningu á grænmeti. Þar segir, að á árunum 1943—52 hafi álagningin á grænmeti stundum verið 100—170%, og hér er það nú orðað svona: „Það var 100—170% hærra en kostnaðarverð innfluttra kartaflna.“ En að meðaltali öll þessi ár var það frá 50—110% hærra. Er það meiningin, að þetta þyki ófullnægjandi álagning og að á bak við þetta frv. sé löngun til þess að búa þannig um, að það sé hægt að hafa þetta svolítið hærra? Mig langar til þess að vita það. Það sést ekki á frv. Það væri þess vegna ágætt, að það kæmi fram í umr. Það væri líka atriði til þess að hjálpa neytendunum í bæjum og kauptúnum til þess að taka skýra og ákveðna afstöðu til málsins, mynda sér skoðun um það, hvort þetta mundi vera hagsmunamál neytenda kartaflna í bæjum og þorpum.

Hefur nú réttur framleiðenda garðávaxta verið borinn svo mjög fyrir borð að því er snertir aðra þýðingarmikla þætti þessa máls? Er það af þeirri nauðsyn, sem þetta frv. er fram borið, að það sé verið að rétta hlut bænda og framleiðenda,

sem hafi verið fyrir borð borinn að því er snertir þessa framleiðsluvöru? Hverjir hafa t. d. rétt til að selja grænmeti nú undir lögunum um grænmetiseinkasölu ríkisins? Eru lögin um grænmetisverzlun ríkisins svo þröng, að þau heimili ekki bónda, sem framleiðir kartöflur, að selja sínar kartöflur? Nei, þau eru svo rúm, að framleiðendum og öðrum er heimilt að selja innlenda garðávexti alveg frjálst. Ekki þarf að setja ný lög til þess að útvega bændum þann rétt. Þeir hafa hann. Þeir mega selja frjálst innlenda garðávexti. Í nál. ódýra segir: „Samkvæmt lögunum um ríkiseinkasölu á innfluttum kartöflum er framleiðendum og öðrum heimilt að selja innlenda garðávexti.“

Hvað vilja þeir þá meira? Þeir geta annazt söluna sjálfir. Ef þeim er illa við grænmetisverzlun ríkisins, þurfa þeir ekkert til hennar að leita. Þeir þurfa ekki endilega að vera að biðja hana að selja sínar kartöflur. Þá gera þeir það sjálfir. En þeim hefur líkað svo vel við grænmetisverzlun ríkisins, að þeir hafa ekki notað sinn lagalega rétt, sitt lagalega frjálsræði til þess að selja kartöflurnar sjálfir. Þeir hafa selt meginhlutann af sínum kartöflum í gegnum grænmetisverzlun ríkisins. Til hvers? Aðallega til þess að fá niðurgreiðsluuppbót á kartöflurnar sínar. Og sagan segir, og ég hygg, að það sé nú eitthvað til satt í því, að til þess að fá greiðsluna úr ríkissjóði séu kartöflur, sem ræktaðar eru í sveitum, sendar hingað í grænmetisverzlun ríkisins og síðan keyptar þar aftur til þess að borða þær í sveitunum. Og hvaða erindi hafa þær átt hingað? Til þess að fá niðurgreiðslupeningana. Þetta er vitanlega lagalegur réttur, sem mætti heita skammsýni af bændum, ef þeir notuðu sér hann ekki. En staðreyndin er, að þrátt fyrir það að bændur hafi fullan rétt til þess að annast sölu á sínum garðávöxtum sjálfir, þá hafa þeir ekki notað sér hann, heldur látið þetta ganga í gegnum grænmetisverzlun ríkisins. Það þarf því ekki neitt nýtt lagafrv. eða nein ný lög, til þess að bændur fái sjálfir að selja sínar kartöflur frjálst. Það verður enginn þeirra hýddur við staur út af því. Þeir eru í lagalegum rétti með það. Þeir þurfa engum lögum að breyta til þess að fá þann rétt.

Þá er það eitt atriðið enn, sem skiptir miklu máli fyrir þann, sem framleiðir kartöflur. Það er með matið á kartöflunum. Í hvers hendi er matið núna? Er það í hendi einhvers fjandsamlegs aðila? Þarf að breyta lögum til þess að koma því í hendur einhvers vinveitts aðila eða einhvers réttláts aðila? Nei, ekki er þörf á breytingu á lögum til þess, því að staðreynd er, að framleiðsluráð landbúnaðarins, einmitt framleiðsluráð landbúnaðarins, það, sem þetta frv. snýst um fyrst og síðast og vill leggja öll völd í hendur, fer með þetta vald núna að óbreyttum lögum.

Í drögum að nál. og till. um skipan matjurtasölunnar, á bls. 127, segir: „Þegar rætt er um skipan matjurtasölunnar, er nauðsynlegt að hafa í huga, að grænmetisverzlunin framkvæmir dreifinguna, ákveður verðlag og framleiðsluráð landbúnaðarins sér um framkvæmd matsins.“ Matið á þessum framleiðsluvörum er í höndum framleiðsluráðs nú og verður það. Ekki þarf því nýja lagasetningu til þess að færa þetta vald í hendur bænda eða framleiðenda kartaflna í sveitum. Ég held, að það sé því augljóst mál, að lögin um grænmetisverzlun ríkisins níðast ekki á bændum. Þau ætla þeim rétt til verðlagningarinnar. Þau ætla umboðsmönnum þeirra rétt til að framkvæma matið, bændunum frjálsræði, ef þeir vilja, til þess að selja sína eigin framleiðslu sjálfir. En með þessu frv., sem hér er til umræðu og sætir andstöðu yfirleitt fulltrúanna úr kaupstöðum og kauptúnum, er ætlazt til þess, að öll ráð yfir þessum málum séu tekin úr höndum hlutlausra aðila, sem líklegir væru til að gæta hagsmuna beggja aðilanna, og í hendur framleiðsluráðs eingöngu. Það teljum við vera ranglátt, og þess vegna beitum við okkur gegn málinu. Ef ég hefði fundið nokkurt atriði, smátt eða stórt, þar sem mér hefði fundizt nú í gildandi löggjöf stigið á strá bændanna og þeirra réttur vera þrengdur um of, þá hefði ég verið fús til þess að koma til móts við hv. þm. Dal. og aðra slíka fulltrúa bænda um að rýmka það og láta þá fá sinn fulla rétt. En ég get ekki fallizt á hitt, að fótumtroða rétt þess meiri hluta þjóðarinnar, sem býr í kaupstöðum og kauptúnum og er ekki hlutlaus aðili í þessu máli, heldur framleiðir meginhlutann af þeirri vöru, sem hér er verið að tala um, og étur langsamlega mestan hluta af henni. Það er ekki hægt að deila um það, að kartöflurnar eru öndvegisrétturinn á borði hins fátæka manns hér í þessu landi. Á borði bóndans eru kartöflurnar aukaréttur með hans góða kjöti og öðrum slíkum krásum og er þannig miklu þýðingarminna atriði í hans fæðu en kartaflan er í fæði kaupstaðarbúans.

Hv. þm. Dal. vék að því, að það væri einmitt ætlun þessa frv. að skapa jafnrétti um þessi mál. Ja, ég vil ekkert ljótt segja um hv. þm. Dal., mér er svo vel við hann, en ég held nú, að hann hljóti að hafa mælt þetta gegn betri vitund. Þetta frv. er ekki þesslegt, að það sjái vel fyrir jafnrétti framleiðandans og neytandans. Það er allt saman á eina bókina lært, á þann veg að taka réttinn af neytandanum og færa hann yfir til framleiðandans, ekki framleiðandans almennt í landinu, heldur bara framleiðandans, sem býr í sveit og á fulltrúana í framleiðsluráði landbúnaðarins sem sína umboðsmenn. Málið er því ekki byggt á jafnréttisgrundvelli, og í því skeikar hv. þm. Dal. mjög. Ég trúi því ekki, að hann geti lagzt svo til hvíldar í kvöld, ef hann gefur sér tóm til þess að hugsa um málið, að hann komist ekki að þeirri niðurstöðu, að í þessu atriði hafi hann vaðið í villu og svíma og eigi með sólarupprás næsta dags að taka aðra afstöðu til málsins til þess að hafa ekki brennt sig á því að hafa lið röngu máli stuðninng.

Hv. þm. Dal. sagði, að það væri frekar einkennilegt, að við skyldum eingöngu ræða um kartöflurnar. Þó féllst hann nú á við nánari athugun, að það væru aðallega kartöflurnar og sölumeðferð þeirra, sem féllu undir aðalatriði frv., en frv. fjallaði óneitanlega einnig um sölumeðferð og framleiðslu á rófum og öðru grænmeti. Og það er alveg rétt hjá honum. En um þetta er nefnilega nákvæmlega sama að segja og kartöflurnar. Aðrar tegundir grænmetis eru rækt-

aðar að meginstofni til utan sveitanna. Hvar eru gróðurhúsasvæðin á Íslandi? Upp til sveita? Nei, það er mjög sjaldgæft að sjá gróðurhús í sveitum. Það er mjög sjaldséð. Þetta er yfirleitt í kaupstöðum og kauptúnum. Hvað er með Hveragerði? Ætli það sé ekki nokkuð mikill hluti af grænmetinu, sem framleiddur er í gróðurhúsum í því kauptúni? Það má vera, að það sé talið með sveitum, en engu að síður er þetta nú kauptún, og það eru engir bændur, sem þar eru að verki. En þarna á að leggja þeirra mál alveg undir framleiðsluráð landbúnaðarins, og þeim er ekki ætlaður neinn réttur, þessum garðyrkjubændum, gróðurhúsaeigendunum. Þeim var ekki ætlaður neinn réttur samkvæmt frv. Það er fyrst núna, að hv. landbn., meiri hluti hennar, hefur rausnazt til að bera fram brtt. í þá átt, að þegar rætt sé um málefni, er varði Sölufélag garðyrkjumanna eða Samband eggjaframleiðenda, þá beri að gefa fulltrúum þeirra félaga, einum frá hvoru, kost á að sitja fund framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti. Þegar rætt er um mál þessara framleiðenda á grænmeti, mega þeir koma á fund framleiðsluráðsins og mega tala og mega leggja til í sambandi við sín mál það, sem þeim þykir rétt vera, en atkvæðisrétt hafa þeir ekki. Þeir eru atkvæðislausir menn á þessum fundi um sín eigin mál. (Gripið fram í.) Ja, það væri of mikil nízka að boða þá á fundinn og segja: Svo verðið þið að þegja. — Það væri ekki gott. Nei, þið megið tala, megið tala í belg og biðu, en atkvæði, það er of hættulegt að láta ykkur hafa. Það eru atkvæðin, sem ákveða, hvað verður gert í málinu. Það á framleiðsluráðið að annast. Þetta er rétturinn. Þetta er jafnréttisgrundvöllurinn þarna. En það er ekkert í frv. og ekkert í till., sem eru að koma núna smátt og smátt frá hv. meiri hl. n., um það, að neytendurnir almennt eða fulltrúar frá þeim megi koma þarna og hafa málfrelsi eða tillögurétt. Nei, þeir hafa ekki þann rétt einu sinni. Þeir skulu halda sér fjarri. Neytendunum kemur þetta ekkert við, hafa hvorki málfrelsi né tillögurétt og auðvitað þaðan af síður nokkurn atkvæðisrétt.

Svo þegar málið var búið að vera lengi hér á döfinni og farið að verða að umræðuefni manna á meðal, þá kom n. saman á fund og sagði: Jú, það er ein stétt manna, sem verður að hafa einhvern rétt í sambandi við þetta mál. Það eru kaupmennirnir, smákaupmennirnir. — Ég á von á því, að innan stundar komi till. um, að heildsalarnir verði líka að fá að koma a. m. k. með málfrelsi og tillögurétt.

Þetta mál er orðið miklu fremur mál kaupmannanna, Sambands smásöluverzlana, heldur en neytendanna í bæjunum. Það má vel ganga fram hjá rétti þeirra, en kaupmennirnir urðu að mega koma þarna, og þeir eiga að hafa sama rétt og Sölufélag garðyrkjumanna, mega senda fulltrúa á fund framleiðsluráðsins, þegar rætt er um málefni, sem varða kaupmennskuna sérstaklega, varða mál Sambands smásöluverzlana. (Gripið fram í.) Já, það er auðvitað, þeir verða að koma til þess að benda þeim á, hvað þeir megi til með að leggja mikið á, að 170% dugi þeim ekki, það verði að vera meira. Það hefði nú verið skárra, ef þetta mál hefði verið afgr. þannig, að það gæti ekki borizt rödd frá kaupsýslunni, frá kaupmönnunum, sem eiga að selja kartöflurnar og vitanlega verða að sjá sér borgið og hafa frjálsræði til þess, og þeir verða að fá að tala um þetta, áður en hið almáttuga framleiðsluráð hefur ákveðið verðið allt of lágt. Fyrir þessu er séð. Að vísu er þeim ekki veittur meiri réttur en þeim, sem framleiða grænmeti í gróðurhúsum, þeir mega hafa málfrelsi og tillögurétt, en þrátt fyrir þennan skarða rétt þessara aðila hvorra tveggja er þeirra réttur þó miklu ríflegri en þeirra, sem eiga að kaupa kartöflurnar í búðunum og neyta þeirra í kaupstöðunum, jafnvel þó að sumir þeirra séu framleiðendur þeirra líka. Þeir eiga, af því að þeir eru neytendur í kaupstöðum, engan rétt að hafa, hvorki málfrelsi né tillögurétt í þessum málum. — Ég vil vona, að þeir hv. þm., sem eru hér í hliðarherberginu, séu að tala um kartöflur, því að annað þætti mér óviðurkvæmilegt.

Eitt af því, sem hv. þm. Dal. vék að, var það, að þessi afstaða okkar, sem hefðum barizt á móti þessu frv., væri eiginlega úrelt, það væri svipuð afstaða og þeirra, sem hefðu verið að berjast á móti vöruvöndun að því er snerti framleiðslu kjöts fyrir mörgum áratugum, sem hefði valdið því, að menn hefðu fengið vont kjöt og orðið að borga það jafnvel eins dýru verði og ágætiskjöt. Ég finn engan skyldleika með þessu tvennu. Ég held einmitt, að við séum einmitt m. a. að berjast á móti þessu frv. af því, að það færir allt vald að því er snertir sölu þessara vara og meðferð alla í hendur framleiðsluráðs. Það er staðreynd, sem ég veit að hv. þm. Dal. er ekki ókunnug, að grænmetisverzlun ríkisins og hennar starfsmenn og forstöðumenn hafa því miður orðið að berjast stundum við framleiðsluráðið út af því, að það hefur ekki viljað fallast á eins strangt mat á kartöflum sem viðunandi söluvöru til kaupstaðabúanna og grænmetisverzlun ríkisins hefur talið sér skylt að reyna að tryggja. Ég er því alveg viss um það, að einmitt lagasetning eins og þessi verður til þess, að það verður slappara mat á þessum vörum, það verður verri söluvara, sem við fáum, sennilega á hærra verði líka. Og þessi lagasetning kemur því til að verka alveg þveröfugt við það, sem hv. þm. Dal. vildi láta í veðri vaka að hún mundi gera.

Hins vegar er nú enga prýðilega sólarsögu að segja af mati á kjöti eins og það er framkvæmt í landinu með það fyrir augum að tryggja neytendunum í kaupstöðunum fyrsta flokks kjöt. Jú, það er sannleikur, það fer fram mat á kjöti af eiðsvörnum mönnum á haustin, og það er skoðað af dýralæknum, og það er settur grænn stimpill á gott kjöt. En fyrir hverja er það mat aðallega? Ætli það sé ekki aðallega fyrir aðra en neytendurna í kaupstöðunum, því að við vitum ekki til þess, að við eigum kost á því í nokkurri verzlun að velja á milli þess, hvort við viljum kaupa dýrt fyrsta flokks ágætiskjöt eða ódýrt annars og þriðja flokks kjöt? Ég hef aldrei frétt af því. Ég veit ekki, hvað verður af því kjöti, sem kjötmatsmennirnir ákveða að sé annars og þriðja flokks kjöt. Það virðist allt fara ofan í neytendurna sem fyrsta flokks kjöt og er þó áreiðanlega ekkert betra fyrir það, ekkert minna seigt, ekkert hor-

aðra. Kjötsölumálin eru að þessu leyti ekki í æskilegu horfi, og til þess þýðir því ekki að vitna sem einhverrar fyrirmyndar, sem þetta frv. ætli að stefna að að bjarga kartöflumálunum í svipað horf og búið sé að gera með kjötmatslögunum.

Ég sé það nú, að síðan ég talaði síðast, er búið að bæta við brtt. hv. n., og liggja þær nú fyrir á þskj. 379. Í viðbót við þessar réttarbætur Sölufélags garðyrkjumanna og smákaupmanna er nú búið að átta sig á því, að það þurfti að breyta dagsetningum hér og þar í frv., frá því að það var samið. Það þurfti t. d. að breyta dagsetningu í 4. gr., færa það aftur til 1. sept. 1956, þ. e. a. s. á næsta hausti, í staðinn fyrir að þar var miðað við 1. janúar, fyrsta dag þessa árs, janúar 1956. Það hafði láðst við fyrstu endurskoðunina. Svo er auðvitað um gildistökudaginn, að frv. var ætlað að taka gildi 1. janúar 1956. Nú er ekki lengur fært að láta það standa, þetta hefur allt saman verið svo lengi að bögglast fyrir brjósti manna, að nú á þarna að koma 1. september 1956. En það, sem er ánægjulegast að sjá í brtt., er þó það, sem er furðulega seint á ferðinni, en margsinnis hefur verið bent á í þessum umræðum, að það er ekki til einn stafur um það í frv., með hvaða hætti eigi að selja þau milljónaverðmæti, sem ríkið er nú eigandi að og grænmetisverzlun ríkisins á, þ. e. a. s. ríkið. Ég hef bent á, að það stæði ekkert um það, hvort söluverðið ætti að vera samkvæmt mati eða hvort það ætti að auglýsa þessar eignir til sölu og selja þær hæstbjóðanda. Nú er alveg víst, að það hefur ekki verið ætlunin eftir öðrum efnisatriðum frv., að það væri neinni hendingu háð, hvar eignir grænmetisverzlunar ríkisins lentu. Þeim var ætlað að lenda á þeim eina og sama stað, hjá þessari stofnun, sem á að heita grænmetisverzlun landbúnaðarins, og með einhverjum hætti átti hún að fá eignirnar, og það er ekkert í frv., sem hægt væri að segja að væri brotið, þó að þessar eignir væru seldar á eina krónu. Það væri sala, það héti sala, það fullnægði eins og frv. er. Nú stendur: Það skal selja þær eða leigja eftir mati dómkvaddra manna. — Þarna er það viðurkennt, að þetta var gat í frv., svo stórt gat, að nú hefur ekki þótt annað fært en að troða einhverju í það, og það er búið að troða þessu í það, sem blasir nú við okkur á þskj. 379, að í stað þess að „selja“ í c-lið komi: selja eða leigja eftir mati dómkvaddra manna. — Ég verð að segja, að þetta er veruleg umbót á frv., og hefði auðvitað verið, eins og margsinnis var búið að taka fram, alveg óforsvaranlegt að heimila bara að koma nafni á sölu á milljónaverðmætum ríkisins í sambandi við þetta frv.

Að því er snertir þá dómadags hrákasmíð, sem er á málfari frv., þá virðast nú aðfinnslurnar að því er það snertir hafa leitt til þess, að farið hafi verið yfir frv., og þá er það aðeins eitt, sem er lagfært. Ja, ég verð nú að segja, að ekki eru nú gerðar strangar kröfur til meðferðar móðurmálsins í sambandi við kartöflufrumvarp, það hlýtur að vera eitthvað sérstakt. Það er aðeins eitt, sem nú á að breyta, og það er í 4. gr., í stað orðanna „bann þetta nær“ í d-lið komi: ákvæði þetta tekur. — Jú, það var náttúrlega ekki vel gott að láta þetta standa í lögum, því að í meginmáli frv. stendur þetta svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti.“ Og svo kemur: „Bann þetta nær þó ekki til þeirra skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti“ o. s. frv. Þetta var ágætt. Í frv., sem er búið að hamra á á þremur þingum Stéttarsambands bænda, er þeirra hjartans mál, sem þeir hafa lagt alla sál sína í að búa stásslega og vel úr garði að efni og innihaldi, segja þeir: Ríkisstjórnin hefur einkarétt, og bann þetta nær þó ekki til skipa, sem hafa kartöflur innanborðs en skipa, sem hafa kartöflur utanborðs, náttúrlega, það gegnir öðru máli um þær. Það þarf endilega að taka fram, að þær séu innanborðs.

En það var bara margt annað, það var hver einasta setning og hver einasta grein í frv., sem þurfti að semjast um. Það var ekki bara þetta, þessi réttindi, sem hétu í næstu andránni bann, sem þurfti að laga. Það er jafnforsmánarlegt og svívirðilegt af Alþingi að afgr. þetta frv., þó að ekkert væri að því annað en bara málvillurnar í hverri einustu setningu, og bætir lítið um, þó að þessi eina leiðrétting hafi nú fengizt fram. Hver skilur vaxtaraukann í 3. gr.? Hvaða þýðingu hefur það í lögum að segja, að framleiðsluráð landbúnaðarins geti gert hitt og annað? Hvaða rétt tryggir það? „Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta.“ Það getur líka alveg látið það vera. Það væri allt annað mál og hefði innihald, ef það stæði: Það skal hafa eftirlit með meðferð matjurta, sölu þeirra, og það skal stuðla að beztu aðferðum við ræktun og flutning o. s. frv. (SkG: Fjöldamörg lög eru í heimildarformi hér á landi.) Í heimildarformi, já, það er víða talað um, að ríkisstj. sé heimilt að gera hitt eða þetta. Það er hvergi sagt í lögum: Ríkisstj. getur gert. (Gripið fram í: Þýðir það sama.) Það þýðir ekki það sama. Þessu er rubbað upp af fljótfærum mönnum, sem ekkert kunna til að semja frv. Þetta bindur engan við neitt, það tryggir engum neitt, því að segja í lögum, að aðili geti gert eitthvað, það þýðir jafnframt, að ef hann geri það ekki, þá hafi hann engin lög brotið; hann getur líka látið vera að gera það.

Einn hortitturinn, ein mótsögnin er þó fallin burt úr frv. Í staðinn fyrir bannið, sem þýddi heimild, er komið: ákvæði þetta, og það er til bóta, það skal játað. En það liggur bara fyrir hv. landbn. eða meiri hluta hennar miklu meira verkefni en þetta. Hún þarf að taka sig til eina dagstund og semja frv. um, bera það svo að okkur á ný og láta okkur þá tala eingöngu um efnishlið þess, en ekki málið á því, því að málið er til forsmánar.

Þá skal ég segja það enn fremur, að það gleður mig stórlega, að nú er svo komið, að hv. meiri hl. n. hefur fallizt á að bera fram sjálfur þá brtt. við 5. gr., að d-liður 5. gr. skuli falla niður. Það veit ég að hefur ekki verið sársaukalaust einstaklingunum í stjórn Stéttarsambands bænda, sennilega ekki verið borið undir þá. D-liðurinn, sem nú á að falla niður, er nefnilega ekkert hey fyrir þá, sem standa að þessu frv., sízt af öllu úthey. Í honum segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiða skal verðjöfnunargjald af matjurtum, ef framleiðsluráð telur nauðsynlegt, til þess að hægt sé að jafna verðið milli söluvara annars vegar og vinnslu- eða fóðurvara hins vegar.“ Þetta var nefnilega nýsmíði, nýtt atriði í lagasetningunni, þetta með verðjöfnunargjald af matjurtum, og það var heimilt að skella því á, ef framleiðsluráðið teldi það nauðsynlegt til þess að jafna verðið milli söluvara, þ. e. a. s. til neytendanna, annars vegar og vinnslu- eða fóðurvara hins vegar. Það er vitað, að þegar gott kartöfluár er, fer nokkur hlutinn af kartöfluframleiðslunni í skepnufóður, sem eðlilegt er og rétt. Það var höfuðyfirsjónin 1953, að bændur áttuðu sig ekki á því fyrr en allt of seint, að þeir áttu að nota nokkuð verulegan hluta, einmitt þann lélegasta, úr kartöfluuppskeru þess árs til skepnufóðurs. Í stað þess var reynt að svæla þessu öllu inn á markaðinn, honum var ofboðið, það seldist ekki nema nokkur hluti af framleiðslunni og ýmist góðar eða lélegar kartöflur urðu svo að skít, þegar á leið árið, og varð að kasta því í sjóinn. Ég kom austur á Hornafjörð snemma hausts það ár og sá þá dyngjur af skít, sem hafði verið kartöflur, svörtum skít, og það átti þá næstu daga að fara að moka því í sjóinn. Hvort það hefði nú ekki verið skynsamlegra að vinza strax í byrjun ársins það bezta úr þessum kartöflum, setja það á sölumarkaðinn til neytendanna, en taka smælkið og úrganginn og nota sem skepnufóður á því ári og hafa þannig af því verðmæti, — bæði mennilegra og hagkvæmara bændunum eða framleiðendunum í þessu tilfelli.

Nú var sem sé tilhneiging þarna til að setja bara á verðjöfnunargjald til þess að hækka verðið á þeim kartöflum, sem kynni endrum og eins að verða varið til skepnufóðurs eða annarrar vinnslu. Ég spurðist fyrir um það hér á fyrra stigi málsins, hvað væri átt við með vinnslukartöflum. Eru kartöflur notaðar hér á landi í einhverjum iðnaði, til einhverrar vinnslu? Það er kunnugt erlendis, að það er gert. Kartöflur eru notaðar til áfengisframleiðslu víða, í brugg. Var þarna ætlunin, að framleiðsluráð stofnaði til þeirrar framleiðslu og ætlaði að fá verðjöfnunargjald greitt á slíkar kartöflur, sem notaðar væru til þess að búa til áfengi úr? Ég veit það ekki, ég hef ekki fengið neitt svar. Það er ekki svo gott að ráða það, hverju tómir stólar kunni að vera að leitast við að svara — eða þöglir þm. eða fjarverandi ráðh. Það hefur enginn fengið neina vitneskju um þessar vinnslukartöflur, og það fer nú að skipta reyndar minna máli, af því að nú er lagt til af hv. nefndarmeirihl., að d-liðurinn skuli falla niður. Það á að kasta honum fyrir borð. Þar með er farið verðjöfnunargjaldið og þetta með vinnslukartöflurnar, og það verð ég að segja, að þar sýnist mér hv. meiri hl. landbn. hafa teygt sig lengst í þá átt að reyna að skapa möguleika til þess, að frv. fengist frekar samþykkt. Þarna er efnisatriði, sem áreiðanlega vakti mikla andúð meðal neytendanna, fellt burt. Verð ég að játa, að það er til bóta, að þessi liður hverfi alveg burt úr frv.

Ég held nú, að þar sem það er augljóst mál, að þessar umræður hafa nú þegar leitt til nokkurra að vísu kákkenndra lagfæringa á frv., þá sé full ástæða til þess að æskja þess, að framhaldsendurskoðun fari fram í landbn. á málinu, því að það bendir allt til þess, að eftir því sem hún athugar þetta betur og fær til þess rýmri tíma, þá fari eins og með karlinn í Arnarfirði, sem átti að vera forsöngvari í sinni kirkju og var nú ekki alltaf hittinn á réttan tón í byrjun lagsins, og ekki heldur fólkið, sem með honum átti að syngja, enda hafði það ekki mikla möguleika til að koma saman til æfinga, en hann sagði bara við fólkið: Byrjið þið aftur, piltar, þið jagið ykkur á það, þið jagið ykkur á það svona. — Og svo komst það smátt og smátt inn á lagið og endaði allt á réttum tón. — Þeir eru að byrja í hv. landbn. þessarar deildar að jaga sig á það, og ég eggja þá til þess að halda áfram, því að ég er sannfærður um, að að lokum jaga þeir sig á það að leggja til, að þessu frv. skuli vísað frá og að grænmetisverzlun ríkisins skuli starfa áfram til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur, eins og hún hefur gert, og þá eru þeir búnir að finna rétta tóninn, þá eru þeir komnir á lagið. Ég fagna þessu mjög og tel, að það sé alveg sjálfsagt að gefa þeim kost á að halda áfram sinni athugun á málinu, því að með þessu, sem þegar hefur fengizt hér á þskj. í breytingartillagnaformi, er sýnt, að þeir eru menn til þess, ef þeir leggja sig fram, að umbæta þetta mál bæði að efni og formi. Þekkinguna vantar þá ekki á landbúnaðarmálum, og góðvilja eiga þeir til í fórum sínum. Þeir mega bara ekki vera of sparir á hann í sambandi við þetta mál. Og ég vil minna þá á, að það eru fleiri mannlegir eiginleikar mikils virði en bara auðmýkt og þægð. Þægð við vondan málstað er alltaf ámælisverð, er engin dyggð, það er ódyggð. Og hingað til er það staðreynd, að menn hafa hér verið of þægir við vondan málstað. Menn hafa hér hunzkazt til þess að rétta upp hendurnar meira að segja með þessu máli, þó að þeir hafi rétt á undan verið að játa það fyrir fleiri en einum manni, að þeir hefðu ógeð á málinu og að þeir hefðu skömm á því og fyndu af því ólykt. Og það hefur gengið svona hægt og hægt, smátt og smátt, að það hefur verið að bætast nýr og nýr maður, sem hefur játað það, að nú fyndi hann ólyktina af málinu. Sá seinasti, sem játaði það, var okkar fíni og prúði borgarstjóri í Reykjavík. Nú er hann búinn að finna ólyktina af málinu. Og það sýndi sig við atkvgr. núna seinast um málið í því, að hann fékk sig ekki til, þrátt fyrir flokkssamþykktir, þrátt fyrir handjárn, að rétta höndina á loft. Hann sat, lét sig hafa það, óhlýðnaðist þingflokki, sat hjá. Hann er líka að jaga sig á það. Ef hann fengi nægan tíma til, þá gæti farið svo, að hann kæmist á lagið og greiddi atkv. á móti. Þetta mál þarf því bara sinn tíma. Það kemur. Og ég er alveg viss um, að það ber að harma, ef menn verða látnir greiða atkv. um það og samþykkja það, áður en þeir eru búnir að átta sig til fulls á efni þess og innihaldi.

Hv. þm. Dal. lét í ljós þær vonir og óskir, að þegar málið kæmist að leiðarenda, þá yrðu allir sammála um það. Ég vona það. Ég álít bara, að það eigi talsverða leið eftir enn þá, og tel allt benda til þess, m. a. brtt. hv. meiri hl. landbn., að menn séu á réttri leið. Það er byrjað svolítið

að lagfæra þessa ómynd. En þeir eru bara á byrjunarstigi enn þá. Þeir eiga svo langt í land með að laga þetta eins og nauðsyn er og þörf krefur. Að leiðarenda þyrftum við helzt að verða sammála um málið, ekki á þann veg, að menn samþykki það, heldur þurfa þeir að vera samhentir og samtaka um að fella það, ef það þarf endilega að ganga svo langt. Við þurfum miklu fremur að verða sammála um að víkja því frá okkur með fyrirlitningu og neita að láta bjóða okkur að vera að greiða atkv. um þetta. Ég gæti t. d. á stundinni og veit, að það er meiri hl. í þinginu í hjarta sínu samþykkur því að verða sammála um þetta mál að leiðarenda beint ofan í bréfakörfuna. Það get ég hugsað mér strax í dag. Þar ætti það að lenda.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur borið fram brtt. við þetta mál, og ég verð að játa, að hans brtt. fara allar í þá átt að tryggja betur rétt neytendanna, og þó held ég, að hann gæti þess hófs að ganga í engu á rétt framleiðenda kartaflna og grænmetis í sveitum landsins. Sé ég því ekki annað en að þeir, sem yfirleitt vilja taka efnislega afstöðu til þessa máls á annan hátt en að greiða atkv. á móti því og vilja reyna að breyta því, þá séu þeir menn á réttri leið, sem vilja breyta frv. í þá átt, sem hv. 2. þm. Reykv. gerir, og ég mundi því hiklaust geta greitt atkv. með hans breytingum. En ég tel, að það beri fyrst og fremst að biðja máttarvöld þingsins að taka þennan kaleik frá okkur, vera ekki að misbjóða okkur með því að láta okkur taka efnislega afstöðu til þessa. Ég vil miklu fremur fá þessu máli vikið frá. Nú er þingdeildin búin að fella frávísunartillögu í málinu, nokkuð harðorða að vísu, en það samrýmist fyllilega þingsköpum eftir sem áður að bera fram við 3. umr. málsins mildari frávísunartillögu, því að vel væri hugsanlegt, að þm. vildu fallast á það sama í mildara formi. Nú hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 373 tillögu til rökstuddrar dagskrár, og er hún þó í raun og veru miklu fremur till. um að vísa málinu til stjórnarinnar. Ég hélt nú reyndar, að það ætti ekki eftir að henda mig að sýna þessari hæstv. ríkisstj. það traust að vísa máli til hennar, en það hef ég þó gert, talið það skárri kost af tvennu illu en að eiga að fara að greiða atkv. um málið eða að fara að taka þátt í að reyna að lappa við það, breyta því í einstökum atriðum, því að það er ófullnægjandi, það verður að gerbreyta því bæði að efni og formi, ef það á að vera hægt að samþykkja það. Sannarlega teldi ég t. d. till. hv. 2. þm. Reykv. til bóta, ef þær væru samþykktar, og ég segi, ef þær yrðu samþ., þá sæi ég mér samt ekki fært annað en greiða atkv. á móti frv. í heild, því að það væri svo lítið lagfært eftir sem áður, að það væri ekki hægt að samþykkja það þannig breytt.

Til hvers er að vísa málinu til stjórnarinnar? Jú, það er líka að því vikið í minni till. Ég tel eðlilegt, að málinu verði vísað til stjórnarinnar í trausti þess, að hún undirbúi það til flutnings á næsta þingi. Þá tel ég, að hún þyrfti að athuga í fyrsta lagi, hvort hún teldi nauðsyn að breyta núverandi skipulagi, og ef hún kæmist að þeirri niðurstöðu, að það væri nauðsyn, annaðhvort þjóðarnauðsyn eða bara nauðsyn bændastéttarinnar á Íslandi, þá þyrfti hún að setja menn í að semja frv. upp á nýtt og áreiðanlega að finna annað form á framkvæmd þessara mála en þetta frv. leggur til. Og síðan hef ég gert ráð fyrir því, að ef hún teldi nauðsynlegt að breyta núverandi skipulagi, þá kæmi hún með það fyrir næsta þing. Þess vegna teldi ég sjálfsagt, eftir að búið væri að fela hæstv. ríkisstj. það umboð, að eyða ekki meiri tíma þingsins í afgreiðslu þessa máls og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Ég hef þó í sambandi við þetta, ef málið skyldi skjóta hér upp kolli á næsta þingi, leyft mér að benda á leið, sem ég teldi líklegri til þess, að um hana fengist friður bæði neytenda og framleiðenda. (**Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á það, að kl. er orðin 7. Ég hafði gert mér og hef reyndar enn þá von um, að þessari umr. mætti verða lokið um þetta leyti. Ef þess er ekki kostur, þá hefst fundur að nýju kl. hálf níu, en ég ætla, að hv. þingdeildarmenn telji ekki mikla nauðsyn á því, og væri æskilegt, ef hv. ræðumaður vildi athuga, hvort hann sér sér ekki fært að stytta mál sitt svo, að hann hefði lokið ræðu sinni á fimm mínútum.)

Já, ég skil það, að hæstv. forseti vilji fá að neyta kvöldverðar, og það væri ekki nema sanngjarnt, að við fengjum það allir. En það er nú eiginlega þannig vaxið mál, að ég hef eiginlega enga samúð, hvorki með hæstv. forseta né neinum öðrum, þó að þeir neyti ekki svefns eða matar í sambandi við þetta mál, því að ég tel, að það sé nokkuð strangt á haldið, þegar þingmenn eru boðnir í veizlu til sinnar ágætu ríkisstjórnar eða eins af ráðherrunum, eins og var nú í dag, að þá var seilzt til þess að boða þingfund á sama tíma. Það er sýnt, að það hefur ekki verið ætlunin, að menn neyttu þar matar eða drykkjar a. m. k. á þessum eftirmiðdegi, sem manni var boðið í veizlu til landbrh., þess ráðh., sem þetta mál heyrði undir. Ég verð að láta það í ljós, að ég tel í raun og veru algerlega ósæmilegt, að þingfundum sé haldið áfram, þegar þm. eru í boði hjá ráðh. þess málaflokks, sem umræðumál heyrir undir. En þessari kurteisi höfum við orðið að sæta í dag. Það er ekki sök hæstv. forseta, ég játa það, því að vera má, að hann hafi kannske ekki vitað um þetta. En ég tel samt líkur til þess, að hann hafi vitað um það og þá annaðhvort ætlazt til þess, að boðsgestirnir geti ekki verið viðstaddir, geti ekki þegið boðið, eða ætlunin hefur verið, að þeir ættu þar að hafa skamma viðdvöl a. m. k. Ég tel ekki eftir sjálfum mér, í staðinn fyrir að ég hef forsmáð boð hæstv. landbrh., að vera hér í kvöld. (**Forseti:** Ég óska ekki eftir samúð hv. ræðumanns í sambandi við þetta mál. Ég vil heldur votta honum samúð yfir því að standa hér í ræðustólnum og halda að mestu sömu ræðuna hvað eftir annað. Ég þykist ekki sem forseti hafa sýnt neitt ofbeldi í þessu máli. Ég vil benda hv. ræðumanni á, að það hefur verið í mínu valdi að skera niður umr., en hef ekki gert það. Það skal ekki skorta á, að hv. ræðumaður fái matarhlé, fyrst hann var svo óheppinn að hafa ekki fengið neina hressingu í þeirri veizlu, sem við að vísu vorum báðir staddir í, og hef ég ekki undan þeim tækifærum að kvarta, sem mér veittust þar. Ef hv. ræðu-

maður telur sig ekki geta á 5 mín. lokið ræðu sinni, þá verður gert fundarhlé til kl. hálf níu.) Ég kann nú ekki við að fara að skattyrðast við hæstv. forseta, en ég legg það á hans vald, hvort það sé kurteisi að halda áfram fundum, meðan þm. eru í veizluboði hjá ráðh. Hann má hafa þá skoðun, ef hann vill, hann má verja hana úr forsetastóli, ef hann vill, en það er ekki kurteisi, hvað sem öðru líður. Það er seilzt hérna til þess, að þetta mál verði afgr. með hálfgerðum ofbeldisaðgerðum, þegar vitað er, að þm. eru kallaðir til annarra hluta, sem þykir betur fara á að þeir sinni. Það þætti ekki nein kurteisi gagnvart ráðh., ef allir þm. neituðu að mæta í boði hans, og það er á valdi forseta að haga vinnubrögðum þingsins þannig, að það rekist ekki á, þegar ætlazt er til, að þm. séu mættir annars staðar. Og hér var seilzt til þess, að a. m. k. vissir þm. yrðu að vera hér í þingsalnum, með því að hafa fundarhald hér ákveðið á sama tíma. Ég er reiðubúinn til þess að ræða það mál og þá kurteisi, sem okkur er sýnd með því, á öðrum vettvangi en hér, og væri viðeigandi, að það væri gert. En vissulega er þarna sýnd tilraun til þess að svipta okkur þeim helga rétti, sem við höfum sem þm. til að ræða mál, og reynt að knýja fram lausn mála með því að ráðstafa okkur þannig, að okkur sé í raun og veru skylt að vera annars staðar, meðan svo er boðaður fundur. Þetta er alveg ný tegund af kurteisi. (**Forseti:** Má ég aðeins leiðrétta ræðumann. Ég vil benda honum á það, sem honum er kunnugt um eins og forseta, að ekki var ætlazt til, að sú veizla stæði nema frá 4 til 6. Ég vil þess vegna vænta, að hv. ræðumaður sjái, að hann mundi ekki hafa átt kost á því að dvelja þar milli 6 og 7, á þeim tíma, sem hann flutti sína ræðu. Svo vil ég aðeins óska, að hv. ræðumaður tjái mér, hvort hann hafi lokið ræðu sinni eða ekki.) Ég hefði sennilega getað lokið ræðu minni á tiltölulega skömmum tíma, ef ég hefði ekki verið margsinnis truflaður af hæstv. forseta, nú upp á síðkastið, en þetta leiðir til þess, að tíminn dregst og það saxast á okkar kvöldverðartíma. (**Forseti:** Ég skal gefa ræðumanni uppbót á því, hann skal enn hafa 5 mín.) En það er staðreynd, að ekki lét forseti sér nægja að boða hér fund kl. 6, á þeim tíma, þegar boði ráðh. lauk, heldur boðaði hann fund kl. 5, á miðjum þeim tíma, sem boð ráðh. stóð.

Ég var þar staddur, áður en þessi orðaskipti hófust, að ég var að gera grein fyrir þeirri till. minni að vísa þessu máli til stj., og þeirri ábendingu sérstaklega, að athugað yrði, áður en málið yrði flutt á ný, hvort ekki væri rétt, að Samband ísl. samvinnufélaga yrðu boðnar eignir grænmetisverzlunar ríkisins til kaups, svo að það, sem er aðili, sem fer með umboð fyrir framleiðendur og neytendur, gæti tekið að sér hlutverk grænmetisverzlunar ríkisins. Ef á annað borð þykir nauðsyn að leggja niður grænmetisverzlun ríkisins, sem hefur ekki sætt gagnrýni af hendi neytendanna, þá teldi ég það vera mjög athugandi, hvort það væri ekki lausn, sem allir aðilar gætu sætt sig við, að Samband ísl. samvinnufélaga tæki við því hlutverki, sem grænmetisverzlunin hefur samkv. lögum farið með fram til þessa. Það væri a. m. k. nokkuð í samræmi við það, að nú hafa kaupfélagsstjórar nær undantekningarlaust verið umboðsmenn grænmetisverzlunarinnar og farið með sölu meiri hlutans af grænmetinu fyrir grænmetisverzlunina, og í þessu frv. er þeim sýnt það traust, lagður sá dómur á, að þeir hafi reynzt svo góðir umboðsmenn, að það er ætlazt til þess, að þeir verði lögfestir sem umboðsmenn fyrir hið nýja fyrirtæki, grænmetisverzlun landbúnaðarins. Væru þá innkaupin á kartöflum og grænmeti til landsins komin í hendur Sambands ísl. samvinnufélaga og sölumeðferð á kartöflum og grænmeti bæði í sveitum og kaupstöðum og kauptúnum komin í hendur Sambandsins og kaupfélaganna. Þessi aðili fengi þá aðstöðu til að fara með málið í heild, og ég fyrir mitt leyti tel, að sú meðferð færi einna næst því að fullnægja óskum neytendanna, og þá efa ég varla, að þessum aðila yrði líka treyst að því er snertir framleiðendurna og þá ekki hvað síst framleiðendurna í sveitunum.

Enginn hefur enn þá vikið að því, hvort hann geti fellt sig við þessa lausn. Hæstv. landbrh. hefur verið fjarri, eins og eðlilegt er a. m. k. á þessum fundi; á öðrum stigum umr. var hann einnig löglega afsakaður að því er fjarveru snerti. En hv. þm. Dal. hefur ekki vikið að því máli enn, hvort hann gæti fellt sig við, að Samband ísl. samvinnufélaga yrði sá aðili, sem tæki við hlutverki grænmetisverzlunar ríkisins, ef ástæða þætti til að svipta grænmetisverzlunina sínu umboði og leggja hana niður að lögum. Undir venjulegum kringumstæðum, þegar mál eru rædd, mundi þykja sjálfsagt, að slíkar till. sem þessi væru ræddar og gerð grein fyrir því, hvað stæði í vegi þess, að slík till. yrði samþ., eða hins vegar hvaða rök lægju til þess, að frsm. máls teldi, að hana bæri að fella.

Ég vil því vænta þess, að þó að ég ljúki nú máli mínu mjög bráðlega, þá eigi maður eftir að heyra svör frá frsm. hv. meiri hl. landbn. um þær till., sem hér liggja fyrir. Hann ræddi, eins og ég sagði í upphafi máls míns áðan, aðeins útjaðra þessa máls, ekki kjarna þess, ekki nauðsynina á að leggja grænmetisverzlunina niður, ekki kosti þess að stofna þessa nýju grænmetisverzlun landbúnaðarins, ekki hvaða nauðsyn bændurnir hefðu á þessu máli, greindi ekki frá áskorunum frá bændasamtökum um lögfestingu þessa frv. og vék ekki einu einasta orði að þeim till., sem fram eru komnar ýmist til breytinga á frv. í viðbót við þær till., sem nú liggja fyrir frá hv. meiri hl. n., og ekki heldur þá rökstuddu dagskrá, sem nú liggur fyrir við þessa umr. Ég tel því, að það sé nauðsynlegt, að við komum til þess boðaða fundar kl. hálf níu, og vona, að ég fái þá rækileg svör við þessu, hvort hugsanlegt er að fá frv. breytt meira eða minna eða hvort hugsanlegt er að fá því vikið frá nú til nánari athugunar hjá jafnvelviljuðum aðila bændunum og núverandi ríkisstj. sjálfsagt er. Og ég veit ekki, hvar málið væri betur komið en einmitt í höndum landbrh. til frekari og betri undirbúnings á næsta þingi. Það dettur mér ekki í hug, að nokkur maður vilji halda því fram, að málið sé nú komið í svo fullkominn búning, að þar verði ekki um bætt. Það er áreiðanlegt, að

allir játa, að það þarf að laga málið bæði að efni og formi, og það er bezt að fela núverandi hæstv. ríkisstj. að gera það. Hún hefur borið málið fram svona gallað eins og það er, og henni er skyldast að koma því í sómasamlegt horf. Ég held, að það verði ekki lagt út fyrir mér öðruvísi en sem vinsemd við hæstv. ríkisstj., og virðist þá eins og ég byggi fremur á því, að hún sé ekki komin að falli, eins og látið var orð liggja að í dag. Og yrði það þá arfur, sem hún léti eftir sig, ef svo reyndist, að hún væri komin að falli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 17. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 373 felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BergS, EggÞ, EOl, GilsG, GJóh, JR, KGuðj, LJós, SG.

nei: SkG, StgrSt, ÁB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GTh, HelgJ, IngJ, JS, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, HÁ.

KS, GÞG greiddu ekki atkv.

6 þm. (EmJ, HV, JóhH, JPálm, SÁ, SB) fjarstaddir.

Brtt. 379,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 378,1 felld með 15:11 atkv.
— 379,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 378,2 felld með 16:11 atkv.
— 379,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 378,3—4 teknar aftur.
— 379,4 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HelgJ, IngJ, HÁ.

nei: JR, KGuðj, LJós, SG, BergS, KS, EggÞ, EOl, GilsG, GJóh, GTh.

EmJ, GÞG greiddu ekki atkv.

5 þm. (JörB, SB, HV, JóhH, JPálm) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., 20. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 387).

Á 73. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Ed., 1. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 387, n. 411 og 416, 429).

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og er breyt. á lögunum um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., er flutt inn í þingið eftir ósk landbrh., sem varð við óskum bændasamtakanna í landinu, er einróma báðu um, að það yrði gert að lögum.

Eins og hv. alþm. vita, eru lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins lög, sem gefa sérstöku ráði, framleiðsluráði landbúnaðarins, sem kosið er af framleiðendunum sjálfum, visst vald til þess að sjá um dreifingu á vörunum *og hafa eftirlit og umsjón með sölu þeirra í* landinu og úr landinu. Þetta hefur eingöngu náð yfir kjöt og mjólk og ekki náð enn þá til annarra vara, en er með þessu frv., sem nú liggur hér fyrir og flutt er sem brtt. við eldri lögin, líka látið ná til garðmatar og eggja.

Við vitum allir, hvernig þessu hefur verið háttað. Því hefur verið háttað þannig, að sauðfénu er slátrað víðs vegar um landið og framleiðsluráðið hefur vald til þess að ráða, hverjir slátra og hve miklu hver, þegar þeir annars hafa uppfyllt þau lagaákvæði, sem ákveða, hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar, til þess að það sé hægt að slátra. Gildir þetta um húsið og aðbúnað allan og annað þess háttar. Það er svo verksvið framleiðsluráðsins að sjá um, að þetta kjöt dreifist sem jafnast um landið, vanti hvergi, flytjist á milli staða, og það er yfirleitt selt af sláturleyfishöfunum, sem selja það ýmist í smásölu eða heildsölu, en fer svo aftur til neytenda úr smásölunni, þar sem sláturleyfishafi er ekki jafnframt smásali, eins og er á ýmsum stöðum úti um landið.

Með mjólkina hefur þetta verið nokkuð öðruvísi. Þar hafa staðið að sérstök samtök bændanna, sem hafa reist upp mjólkurstöðvar, rjómabú eða mjólkursamsölur, eins og það hefur verið kallað, og þangað hefur safnazt mjólkin frá félagsmönnunum, bændunum, af stærri svæðum, ýmist verið send þaðan sem neyzlumjólk út í smásöluna, búðirnar, og fer þaðan til neytenda, eða þá unnið úr henni og þær afurðir svo farið í smásöluna. Líka þarna hefur framleiðsluráðið vald til þess að hlutast til um, að dreifingin gangi sem jafnast yfir, taka á móti verðjöfnunargjaldinu af mjólkinni, eftir því sem það er ákveðið á hverjum tíma, og verðbæta vinnsluvörurnar, þar sem aðstaðan er að einhverju leyti verri og það þykir rétt að gera, eftir þeim reglum, sem um það hafa gilt.

Ég held, að mönnum beri yfirleitt saman um það nú orðið, að þetta skipulag á þessum *málum hafi reynzt allsæmilega og sé ekki bein* ástæða til að breyta því. Nú er því bætt við, að inn í þetta skipulag eru teknir garðávextirnir. Og það er ætlazt til þess, að það sé líkt með þá eins og mjólkina, en þó er sá munur á, að sérstakur félagsskapur garðræktarframleiðenda, eins og var til viðvíkjandi mjólkinni áður en lögin þar um voru sett, þau sem nú gilda, framleiðsluráðslögin, hefur ekki verið og er ekki til um garðávextina. Þess vegna er gert ráð fyrir því í lögunum, að framleiðsluráðið geti komið þarna inn og orðið viðtakandi og séð um heildsöluna. Annar munur er þar eiginlega ekki á því skipulagi, sem nú ríkir með mjólkina. Og þá er ætlazt til þess, að það eins og með kjötið og mjólkina hlutist til um, að dreifingin verði sem jöfnust og menn geti haft sem mest upp úr sínum vörum, án þess þó að

þær þurfi að hækka í verði til neytendanna. Það hefur sýnt sig með kjötið og mjólkina, að það er þvert á móti, skipulagið hefur á báðum stöðum látið vöruna lækka til neytendanna, og það er ákaflega mikil von í því, að ef kemur upp svipaður félagsskapur utan um garðræktina og er nú til staðar um mjólkina, þá getur það a. m. k. farið á sama veg og jafnvel þótt því sé ekki til að dreifa.

Þá er í þriðja lagi ætlazt til þess, að fjórða varan geti komið þarna inn, þ. e. eggin. Það voru um nokkurt áraskeið dálítið sterk samtök eggjaframleiðenda, sem þó náðu ekki þá nema tiltölulega lítið út fyrir Reykjavík, og voru þau samtök búin að skapa sér aðstöðu með því að fá leigt húsnæði hjá Sláturfélagi Suðurlands til að geta geymt egg, þegar mikið var framleitt af þeim, geymt þau við skilyrði, sem voru sæmilega viðunandi, og dreift þeim aftur út, þegar minna var til af þeim eða kannske alveg vöntun á þeim í landinu. Þessari aðstöðu tapaði félagið, það gat ekki haldið því húsnæði, sem það hafði inn frá, það missti það húsnæði, og núna síðustu árin hefur félagið þess vegna verið mikið til nafnið. Nú er ætlazt til þess, að eggjaframleiðslan komist undir þessi lög, og mun framleiðsluráð landbúnaðarins reyna að skipuleggja sölu á þeirri vöru á svipaðan hátt og gert hefur verið með hinar vörurnar. Ég geri ráð fyrir, að það taki nokkurn tíma, að það geti komizt í það horf, sem æskilegast væri, eins og það líka reyndar gerði bæði með mjólkina og kjötið. En það er skapaður þarna rammi og möguleikar til þess, að það geti orðið.

Þá er tekið inn í lögin ákvæði um það, að Sölufélag garðyrkjumanna, sem aðallega er sölufélag þeirra manna, sem rækta garðmat í gróðurhúsum eða við jarðhita, þó að kunni að vera í því einhverjir fleiri, en þeir eru ekki margir, og hefur þegar með sér sterkan félagsskap, — þessi félagsskapur hefur byggt allgott hús fyrir sína starfsemi, þar sem það hefur ágæta aðstöðu til að geta geymt vörurnar, þegar mikið kemur af þeim, og miðlað þeim aftur út, þegar lítið er af þeim, og hér á landi er ekki tíminn langur, sem vörurnar eru ræktaðar og þær eru til nýjar úr garðinum, — það er gert ráð fyrir því, að þetta félag geti komið inn sem sjálfstæður aðili og viðhaldið þess vegna sínu heildsölukerfi og dreifingarkerfi, líkt og það gerir nú og eins og Sláturfélag Suðurlands til dæmis hefur alltaf gert í kjötskipulaginu og yfirleitt allir sláturleyfishafar, og þess vegna verði sú breyting, sem þarna verður á, í raun og veru engin, því að þar er skipulagið hvað ylræktargarðmatinn snertir í raun og veru þegar til. Það mun ekki vera núna nema milli 4 og 6% af þeim vörum, sem framleiddar eru og seldar á markaðinum, frá þessum mönnum, sem rækta sinn garðmat í gróðurhúsum eða við yl, sem ekki fer í gegnum hendurnar á Sölufélagi garðyrkjumanna. Þess vegna er það, að breytingin, sem þarna verður, er engin önnur en sú, að það er tekið inn sem aðili, sem sjálfsagt er, til þess að það geti haldið þeirri aðstöðu, sem það þegar hefur skapað sér og mundi halda, hvort sem lögin væru sett eða ekki.

Ég skal taka það fram, að þetta fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, og sú athugun, sem liggur á bak við þetta frv., er ekki nema að nokkru leyti komin fram, þó að það sé samþ. Það á sjálfsagt nokkuð langt í land, að eggjaframleiðendur sameini sig og geti orðið aðili að þessu án þess að þurfa að nota sjálft framleiðsluráðið sem heildsala, sem æskilegast væri að þyrfti ekki, líkt og Sölufélag garðyrkjumanna núna, heldur hefðu þeir sína eigin stöð. Og eins get ég búizt við að sé með garðmatinn, sem ræktaður er í kaldri jörð um landið. Það eru ekki enn komin á samtök framleiðenda á svipaðan hátt og með hinar vörurnar. Þess vegna lít ég nú á þetta frv. meira sem ramma, sem eigi eftir að byggja meira út í, en það verður gert, að ég vona, í tiltölulega skammri framtíð, kannske eftir 2—5 ár. Og það vil ég benda á, að þegar bæði voru sett lög til að reyna að koma skipulagi á kjötsölu og mjólkursölu, þá voru þau lög í byrjuninni ekkert annað en rammi, því að þeim var breytt hvað eftir annað, þangað til þau voru komin í þann búnað, sem þau núna eru komin í í framkvæmd. (Gripið fram í: Og mætti bæta þau enn.) Já, vel trúlegt, að mætti bæta þau enn. Þess vegna held ég, að það, sem hér er ætlazt til að gera, sé nokkurs konar stefnuyfirlýsing, sem þingið tekur með því að samþ. það, stefnuyfirlýsing, sem á að miða að því að reyna að gera hvort tveggja, tryggja sem bezt gæði vörunnar og tryggja sem hæst verð til framleiðenda og þó líka sem lægst verð til neytenda með því að hafa dreifingarkostnaðinn sem minnstan. Það er sú stefnuyfirlýsing, sem ég meina með samþykkt laganna, og svo fáum við að sjá, sem lifum það og verðum á þingi eftir 2—3 ár, kannske eftir lengri tíma, hvernig við getum þá lagað lögin eftir þróuninni, sem orðið hefur, og látið þau koma að fyllra og betra gagni en þau geta nú.

Ég skal svo að endingu geta þess, að bæði Stéttarsamband bænda hefur á öllum fundum sínum frá 1948 og til fundarins í sumar samþ. áskorun um að reyna að koma svona skipulagi á og búnaðarþingið hefur gert það sama nokkrum sinnum. Það hefur ekki verið eins þrautseigt að endurtaka þing eftir þing sömu till. og Stéttarsambandið, en það er nú alveg nýbúið að endurtaka svona áskorun, fyrir viku eða eitthvað svoleiðis, 5, 6, 7 dögum, alveg nýlega, svo að það liggur fyrir ótvíræður vilji bændanna í þessu efni. Aftur á móti er ekki hægt að segja það sama um neytendurna. Það hafa komið mótmæli móti þessu frv. frá neytendasamtökunum hér í Reykjavík, og litur út fyrir, að þeir óttist, að með þessu muni vörurnar hækka. Ég held, að sá ótti sé gersamlega ástæðulaus. Það er ekki heldur reynt að rökstyðja það í þeim mótmælum, sem mér hafa borizt frá þeim eða réttara sagt til n. í Nd. En af þeim verður séð, að hann er til staðar.

Í því sambandi vil ég benda á tvennt. Í fyrsta lagi er það, að það er gert ráð fyrir því í lögunum, að hægt sé að koma á mati á garðmat, sem seldur er, en slíkt mat hefur ekki verið til nema á kartöflum. Ef það væri hægt að koma

á mati á garðmat og verðskrá hann líkt og ýmsar aðrar vörur, þá teldi ég það vera ákaflega mikilsvert fyrir neytendur. Það er ekki því að leyna, að maður verður fyrir því oft og mörgum sinnum að kaupa gulrófur t. d., sem eru meira og minna skemmdar og mundu vera „kasseraðar" í mati alveg viðstöðulaust, ef það væri komið. Á sama hátt kaupir maður stundum káltegundir. Sem sagt er ég ákaflega hræddur um, að það sé mjög mikilsverð sú heimild, sem kemur hér inn í lögin og verður að fara saman við skrásetninguna, því að það er ekki hægt að hugsa sér að skrásetja t. d. verð á ákveðinni vöru, t. d. hvítkáli eða einhverri vöru, nema það sé jafnframt 1., 2. og 3. flokkur og misjafnt verð á því. En líka það þarf áreiðanlega sinn tíma til að þróast og komast í það eðlilega horf, sem það á að komast í. Sá rammi er skapaður með lögunum. Það er heimilt að taka upp verðlagningu á því, og það er heimilt að taka upp mat á því. En það verður að fylgjast að og ef það kemst í framkvæmd og fylgist að, þá tel ég það stórkostlegan ávinning fyrir neytendurna, sem þeir hafa alls ekki hugsað út í eða gert sér grein fyrir, þegar þeir voru að andmæla því. Ég held þeir hefðu ekki gert það, ef þeir hefðu hugsað út í það.

Við fjórir nefndarmennirnir erum sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, en eins og ég hef látið skína í, þá tel ég og ég held við allir, að það hljóti eftir tiltölulega skamman tíma, fá ár, að þurfa að endurskoða það, þegar séð er betur, hvernig sú þróun verður, sem hlýtur að skapast, eftir að frv. er orðið að lögum, og reyndar hefði átt að vera búið að skapa áður. En það gengur nú svona, það hefur allt sinn tíma, og maður ríður ekki ævinlega á stökki, þó að maður sé á ferðalagi.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið sammála og samferða hv. meðnefndarmönnum mínum í landbn. um þetta mál, ég hef skilað um það sérstöku nál. sem minni hl., var einn um það, en aðrir 4 nefndarmenn standa saman um varðveizlu þessa frv., að samþ. það án nokkurra breytinga frá þessari hv. deild.

Ég hef leyft mér að bera fram till. til rökstuddrar dagskrár, sem það felst í, að þetta mál verði betur athugað og við þá athugun verði þeim aðilum, sem bera fyrir brjósti hagsmuni neytenda í þessu sambandi, neytenda þeirra vara, sem hér ræðir um, gefinn kostur á því að halda fram sínum sjónarmiðum. Það hefur alls ekki verið við undirbúning þessa máls, að samtökum neytenda neins konar hafi verið leyft að koma þar á framfæri sínum sjónarmiðum. Það er þetta, sem felst í till. minni til rökstuddrar dagskrár. Enn fremur vil ég bera fram brtt. við frv., sem ég óska að komi til atkv. annaðhvort við þessa umr. eða 3. umr. þessa máls, ef svo ólíklega skyldi fara, að till. til rökstuddrar dagskrár yrði ekki samþ. hér í hv. d. Mun ég því ekki að svo stöddu ræða þær brtt. mínar, þær eru ekki fram komnar, en ég á von á, að þær komi fram jafnvel á þessum fundi hv. deildar.

Ég verð að segja það hv. meðnm. mínum í landbn. til verðugs hróss, að yfirleitt voru lýðræðisleg vinnubrögð viðhöfð undir forustu hv. form., 1. þm. N-M. (PZ). Þó verð ég að segja, að mér finnst, að í þessu máli hafi borið eilítið út af því.

Þegar þetta mál kom til umr. í landbn., óskaði ég strax eftir því, að fulltrúar þeirra aðila, sem nefndir eru í þessu frv., þeirra sambanda, sem beint eru nefnd þar, og annarra aðila kæmu á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir afstöðu sinni til frv. og ræddu nokkur atriði þess við n. og þá sérstaklega nokkur atriði, sem ég óskaði sérstakra skýringa á. Það var orðið við þessari ósk minni, en þessir aðilar voru: Sölufélag garðyrkjumanna og Samband eggjaframleiðenda, Samband smásöluverzlana og sjálf grænmetisverzlun ríkisins, sem þetta frv. snýst nokkuð mikið um. Það mættu á fundi n. fulltrúar frá öllum þessum aðilum, en aðeins forstjóri grænmetisverzlunar ríkisins hafði ekki verið boðaður. Og nú er það áreiðanlega ljóst öllum nefndarmönnum, að ég hafði ekki borið fram þessa ósk um, að nefndin hefði álit þessara aðila, í þeim tilgangi að tefja málið, því að ég féllst alveg á það, að þetta gæti gerzt, til þessa þyrfti ekki nema eina dagstund, og þó að forstjóri grænmetisverzlunar ríkisins hefði fengið að mæta með þessum 3 aðilum öðrum, sem málið varðar, þá hefði það ekki tafið málið svo mikið sem um einn dag. Það hefur nú yfirleitt verið talið svo, að þeim, sem eru hafðir fyrir sökum, beri að gefa kost á að verja sig. Nú virðist vera svo, að það þyki eitthvað að grænmetisverzlun ríkisins, stofnun, sem hefur starfað samkv. sérstakri löggjöf um 20 ára skeið eða nærri því. Og jafnvel hinum verstu dæmdum sakamönnum er gefinn kostur á því að verja sig og áður en þeir eru teknir af a. m. k. að ná prestsfundi. En það virðist eins og hv. form. n. hafi ekki viljað gefa forstjóra grænmetisverzlunar ríkisins einu sinni þennan rétt, og ég get ekki skilið það vel, hvers vegna þessi maður, sem gerþekkir áreiðanlega allt skipulag þessara mála, eins og það hefur verið samkv. lögum síðustu 13 árin, og gerir sér áreiðanlega manna bezt grein fyrir því skipulagi, sem lagt er til í þessu frv. að taka upp í stað þess, sem verið hefur, mátti ekki gera grein fyrir sínum skoðunum fyrir n. þessarar hv. d. munnlega, stutta stund, þó að það að vísu leiki ekki á tveim tungum fyrir neinum, hver er hans afstaða til málsins í meginatriðum. Hann er andvígur frumvarpinu, það hefur þegar komið fram. En ég vildi óska, að nefndin fengi að ræða stutta stund við þennan mann, sem áreiðanlega þekkir allra manna bezt þessi mál.

Ég óskaði líka eftir því að fá á fund nefndarinnar einhvern af höfundum þessa frv. En það fékkst ekki, og það get ég miklu betur skilið. Ég get miklu betur skilið það, að enginn af höfundum þessa frv. vilji gefa sig fram. Það veit enginn, hverjir þeir eru, og má merkilegt heita, svo lengi sem þessi frumvarpsmynd, verður maður að segja, hefur verið á döfinni hér fyrir hv. þingi, en ég varð sem sagt ekki

hissa á því, þó að hinn ókunni höfundur kæmi ekki í ljós — eða höfundar.

Um þetta mál hafa orðið óvenjulega miklar umr. í hv. Nd. og átök, bæði á s. l. þingi og á þessu þingi. Það hefur komizt í gegnum hv. Nd. án þess, að þar hafi fengizt nokkur meiri hl. þeirrar d. með málinu. Þingmenn úr a. m. k. fjórum þingflokkum, er óhætt að fullyrða, hafa lýst sig andvíga frv. og hafa greitt atkv. gegn því. Þar á meðal eru a. m. k. tveir hv. þm. Sjálfstfl. í Reykjavík og hv. þm. Ak., og ég held það mætti orða það svo, að það eru þm. þeirra svæða á landinu, þar sem neytendur garðávaxta og grænmetis eru fyrst og fremst. Það er líka vitað, að margir þm. Framsfl. eru andvígir frv., þó að það hafi ekki komið fram í atkvgr. (**Dómsmrh.**: Hverjir eru það?) Ja, þegar vantar menn hér í hv. þingdeildir við atkvgr., þá getur það verið af ýmsum ástæðum, og veit hæstv. ráðh., sem spyr, vel, að það geta legið ástæður til þess, að menn hverfa skyndilega fyrir atkvgr. En þá er stundum þess getið til, að til þess séu þær ástæður, að menn hafi ekki sérstakar mætur á því máli, sem á að greiða atkv. um. Það er vitað, að einn af stofnendum Framsfl. og áhrifamaður þar alla tíð frá stofnun þess flokks og miðstjórnarmaður nú, ef mér ekki skjátlast, þó að ég sé ekki nákunnugur því, hefur skrifað opinberlega gegn þessu frv. og telur þetta frv. ganga beint í berhögg við stefnu Framsfl. í málum bænda, eins og hún hafi lýst sér alla tíð frá stofnun flokksins, og skyldi maður ætla, að þessi maður þekkti vel stefnu Framsfl. í afurðasölumálum bænda. Þessi maður hefur ekki, þótt hann muni vera miðstjórnarmaður Framsfl. og kannske í blaðstjórn Tímans, fengið aðalgrein sína, þá grein, sem hann hefur skrifað rækilegasta um þetta mál, birta í Tímanum. Og greinar hans aðrar, sem hafa fengizt birtar í Tímanum, hafa jafnan birzt með aths. frá blaðinu.

Það er líka vitað, að fulltrúaráð Framsfl. hér í Reykjavík hefur, að því er hefur komið fram í blöðum, einróma samþykkt beinlínis vítur á þingflokk Framsfl. fyrir afstöðu hans í þessu máli, vegna þess að fulltrúaráð framsóknarfélaganna allra hér í Reykjavík telur þetta mál vera á móti stefnu Framsfl. Í öðru aðalblaði flokksins, á Akureyri, eru birtar greinar gegn þessu máli athugasemdalaust, og skilja menn það svo, að þar megi skilja þá afstöðu að vera gegn þessu máli sem afstöðu Framsóknarflokksins. Þar má forstjóri grænmetisverzlunar ríkisins skrifa athugasemdalaust gegn þessu máli. Nú virðist aftur á móti hér á hv. Alþingi þetta vera beint flokksmál þingflokks Framsfl. Hitt veit maður ekki, hvort miðstjórn Framsfl. hefur tekið afstöðu til þessa máls, sem er af sumum talið ganga beint á móti stefnu Framsfl., en þess er getið til, að sá hraði, sem hér á að hafa á afgreiðslu þessa máls, stafi m. a. af því, að það sé talið af sumum æskilegt að fá þetta mál afgreitt sem lög, áður en flokksþing Framsfl. kemur saman, en þar verður áreiðanlega rætt um það, hvorir hafi rétt fyrir sér, þeir stofnendur Framsfl. og áhrifamenn, sem telja þetta mál og þá stefnu, sem lýsir sér í því, ganga beint á móti stefnu flokksins, eins og hún hefur verið, eða forvígismenn frv. En það er víst þetta, sem ekki má ske. Víst er um það, að hér á að hafa mjög hraðan á, og á að ganga út frá því, að við þetta frv. verði ekki gerðar hinar minnstu breytingar fremur en það sé alfullkomið. Það verður að samþykkja það óbreytt eins og það er, og veit ég þó, að sumir hv. meðnm. mínir í landbn. álíta þetta frv. ekki alfullkomið og hefðu kosið að gera á því leiðréttingar, ef þeir hefðu mátt ráða.

Auk þeirra aðila, sem ég hef nú þegar talið og hafa lýst sig andvíga þessu frv. hér á þingi, hefur það líka komið í ljós, að þeir, sem hafa annazt sölu og dreifingu þeirra vara, sem þetta frv. fjallar um, hafa margir hverjir lýst sig andvíga því skipulagi, sem eigi að taka upp með frv. Þar á meðal má benda á fjölmarga kaupfélagsstjóra, mikla og viðurkennda áhrifamenn, sem ekki verður neitað að þekki vel fyrirkomulag á sölu og dreifingu þessara vara, eins og hún hefur verið hingað til, og séu manna bezt fallnir til þess að gera sér grein fyrir, hvort það skipulag, sem hér er lagt til að taka upp, sé heppilegt.

Samband smásöluverzlana hafði í fyrra sent hv. Alþingi bréf og óskað eftir því, að fulltrúar þess yrðu heyrðir um þetta mál. Þeir sendu hv. Alþ. aftur nú í desember bréf, þar sem þeir óskuðu eftir að fá viðtal við nefndir í þinginu. Það mun nú ekki hafa verið gert fyrr en það var gert eftir minni ósk í landbn. þessarar hv. deildar. En það kemur fram í bréfi þeirra og viðtölum, að þeir krefjast breytinga á frv. og telja því aðeins heppilegt að samþykkja það, að þær breytingar verði gerðar.

Það er því augljóst, að úr öllum áttum er andstaða gegn þessu frv. frá aðilum, sem þekkja vel til og eru vel dómbærir á bæði það skipulag, sem verið hefur, og framkvæmd þess og það skipulag, sem kann að vera fyrirhugað með þessu frv.

Nú vildi hv. frsm. meiri hl. gera sem allra minnst úr því í sinni framsöguræðu hér áðan, að það væri nokkur skipulagsbreyting fyrirhuguð með þessu frv. Hann sagði, að breytingin væri engin hvað snerti Sölufélag garðyrkjumanna. Þetta er rétt. Það var játað af fulltrúum þess félagsskapar í viðtali við landbn., að þetta væri svona, það væri engin breyting á aðstöðu Sölufélags garðyrkjumanna með samþykkt þessa frv.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að hér væri í raun og veru aðeins um stefnuyfirlýsingu að ræða, og get ég að allverulegu leyti fallizt á það. Það er fyrst og fremst stefnuyfirlýsing, því að það er yfirlýsing um gerbreytta stefnu í þessum málum, gerbreytta stefnu af hálfu Framsfl. og gerbreytta stefnu af hálfu löggjafans.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að sú hugsun, sem væri á bak við frv., kæmi ekki nema að nokkru leyti fram í því, og þetta er rétt. Þetta fyrirhugaða skipulag kemur mjög óljóst fram í þessu frv., svo óljóst, að ég tel það ekki vansalaust fyrir hv. Alþ. að samþykkja lög svo, að það skipulag, sem fyrirhugað er með þeim, sé svo óljóst sem það er hér.

Hv. frsm. sagði, að þetta væri eins og rammi, sem ætti eftir að fylla út í. En hv. alþm. getur alls ekki verið sama um það, hvað fyllt er út í þann ramma, ef þetta er aðeins rammi.

Hv. frsm. talaði um, að hér væri verið um garðávexti og grænmeti að gera alveg það sama sem nú gilti um áhrif framleiðsluráðs á sölu kjöts og mjólkur. Ég mótmæli þessu alveg. Hér er alls ekki um það sama að ræða, eins og bezt sést á því, að í þessu frv. er eins og í gildandi lögum gert ráð fyrir einkasölu ríkisins um sölu garðávaxta og grænmetis, en hvað kjöt og mjólk snertir er ekki um neina einkasölu ríkisins að ræða.

Um það, sem hann sagði um eggjaframleiðsluna, að hér væri gert mikið fyrir eggjaframleiðendur, mun ég kannske eitthvað tala síðar, en ég vil aðeins segja það, að hann veit vel, að það var upplýst af fulltrúa Sambands eggjaframleiðenda, að þetta frv. hefði alls enga þýðingu fyrir þá framleiðendur, í fyrsta lagi breyti það á engan hátt þeirra aðstöðu til framleiðslu né sölu, og um það eina ákvæði, sem er í þessu frv. um fyrirhugaða verðmiðlun eða verðjöfnunargjald af eggjum, þá upplýsti fulltrúi þessara framleiðenda, að það væri algerlega óframkvæmanlegt og hefði enga þýðingu að setja það í lög.

Það er því ómögulegt að segja, að fylgi þeirra samtaka, sem eru nú nefnd í þessu frv., við þetta frv. liggi fyrir. Það er ekki hægt að segja það. Það er enginn áhugi hjá félagasamböndum, sem lýsa því yfir hér við þn., að frv. eins og þetta, þó að það verði að lögum, breyti í engu þeirra aðstöðu. Það finnst ekki mikill áhugi af hálfu þessara félagssamtaka á bak við slíkar yfirlýsingar. Það breytir engu um þeirra aðstöðu, þeim má vera sama, hvort það verður að lögum eða ekki. Það er ekki um neinn áhuga að ræða þar. Þetta er sannleikurinn.

Hv. frsm. talaði mikið um, að í frv. væri nýmæli, það væri heimild til að taka upp mat og flokkun á matjurtum. Það er aðeins heimild, og vil ég ekki mótmæla því, að það væri nauðsyn að taka upp mat á grænmeti. En það vantar þá í það, að það gildi einnig um gróðurhúsaframleiðslu yfirleitt og jafnvel egg, og spyr ég þá, hvers vegna ekki er gengið svo frá ákvæðinu í frv. um það, að það sé alveg tryggt, að slíkt mat og flokkun fari fram, en það er ekki. Ef hv. frsm. leggur mjög mikið upp úr þessu, þá ætti hann að fallast á þá breytingu á ákvæðum frv. um þetta, að það væri þá tryggt, að mat og flokkun á þessum mikilvægu nauðsynjavörum færi fram, svo að neytendur fengju það þá tryggt. En það mun koma líka fram í mínum brtt., og getur þá hv. frsm. tekið afstöðu til þess.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að sú hugsun, sem búi á bak við þetta frv., komi ekki nema að nokkru leyti fram. Ég sagði áðan: Ég get fallizt á þetta. Það er svo um sum mál, að það má segja um þau eins og mennina, að þau eru ekki öll, þar sem þau eru séð. Og þá er það stundum svo líka hér á hv. Alþ., að það er talað og talað fram og aftur um það, sem er látið uppi í sambandi við mál, en ekki um það, sem undir býr, og það er eins um þetta mál. Þetta er eins konar kurteisi og háttvísi í stjórnmálaátökum oft, og skal ég ekki lasta það. En ég held, að það geti stundum verið rétt að haga sér eins og barnið í ævintýrinu og kveða upp úr með það, sem allir vita, en allir eru svo háttvísir að segja ekki, og segja eins og barnið sannleikann, að keisarinn er alls ekki í neinum fötum. Keisarinn í þessu máli eru sérstakir valdhafar innan Framsfl., þeir eru í þessu máli ekki í neinum fötum, af því að þeir eru ekki að beita rökum, heldur aðeins að sýna sitt vald. Þeir eru að sýna, hvaða vald þeir hafi yfir þingflokki sínum og samstarfsflokki. Þeir eru að sýna, að þrátt fyrir það að þetta frv. sé að allra dómi losaralega orðað og illa frá því gengið, þá skuli það samt verða samþ. eins og það er. Þeir eru að sýna sínum samstarfsflokki, sem hefur kallað sig flokk frjálsrar samkeppni í landinu, að þeir skuli geta látið hann samþykkja þá einkasölu, sem felst í þessu frv., eins og frá henni er gengið, jafnvel þó að það sé með nýjum hætti og að mínum dómi miklu óálitlegri einkasala en nokkurn tíma hefur tíðkazt hér.

Hæstv. dómsmrh. hefur oft átt orðastað við hv. 1. þm. N-M. um smærri atriði í lagasetningu, sem hefur verið fyrir þessari hv. d., og verið þá mjög nákvæmur um orðalag og frágang, og játa ég fullkomlega, að hæstv. ráðh. er þar vel dómbær á. En nú á að sýna það, að þetta frv., sem er að mínum dómi í slíkum búningi, að það mætti segja, að það væri bara í tötrum, skal nú í gegn, hvað sem hæstv. dómsmrh. segir. Sjálfstfl. hér í hv. d. skal kingja því, og það skal ofan í hæstv. dómsmrh. eins og það er.

En sannleikurinn á bak við þetta frv. er auðvitað sá, að vissir valdhafar í Framsfl. þurfa að losna við þá menn, sem hafa stjórnað grænmetisverzlun ríkisins á annan áratug, og þeir gera það með þessu frv., með þeim einstæða hætti að semja um það sérstakt frv., af því að þeir treysta sér ekki til þess, sem þeir auðvitað hafa vald til, að víkja þeim frá þessari stofnun. En til þess að víkja þeim frá þessari stofnun, þyrftu þeir að færa einhver rök fyrir því, að þessir menn hefðu á einhvern hátt brugðizt í sínu starfi á annan hátt, en það geta þeir ekki.

Hæstv. landbrh. var spurður að því í hv. Nd., hvað væri að grænmetisverzlun ríkisins, í hverju hún hefði vanrækt sitt hlutverk eftir þeim lögum, sem um hana hafa gilt í 13 ár. Hann benti á, að hún hefði alveg vanrækt að verja fé til þess að styðja ræktun úrvalskartaflna. Þetta var hrakið á svo óvanalegan hátt, að ég hygg, að það verði eftirminnilegt, af því að hér átti ráðh. í hlut. Það var upplýst, að þessi stofnun hefði lagt fram 600 þús. kr. til þess að styðja þessa ræktun úrvalskartaflna og þessi ræktun úrvalskartaflna væri í höndum ekki grænmetisverzlunar ríkisins, heldur tilraunaráðs jarðræktar á allan hátt, og getur þá náttúrlega enginn sagt, að sú starfsemi gæti verið í betri höndum. En ef þetta var nú eina ásökunin, sem hægt er að bera

fram á stjórnendur grænmetisverzlunar ríkisins af sjálfum yfirmanni þeirrar stofnunar, hvað verður þá um aðrar ásakanir? (Gripið fram í.) Það er annað mál, það getur vel verið, að ég komi að því í þessum umr., en það mætti kannske spyrja: Af hverju vill flokkur frjálsrar verzlunar það skipulag, sem hér er verið að samþykkja? Ég veit, að það er ekki látið uppi, að þetta sé tilgangur frv., og því verður e. t. v. mótmælt harðlega. En þetta er nú staðreynd, að með þessa alvarlegu ásökun hefur verið farið hér á hv. Alþ. í garð þessara manna, og ef hún væri sönn, þá hefði það verið brot á lögunum um sölu kartaflna frá 1943, því að þar er beinlínis lagt fyrir grænmetisverzlun ríkisins að leggja fram fé til stofnræktar eða ræktunar úrvalskartaflna, en það hefur verið afsannað, og aðrar ásakanir, sem ég hef heyrt á hendur þessum mönnum fyrir það, sem þeir hafi brotið af sér, annaðhvort látið ógert eða gert það, sem miður fari, eru ekki mikilvægar. Það hefur verið talað um, að grænmetisverzlun ríkisins hafi ekki verið fús til þess að taka á leigu jarðhús nokkur hér í nágrenni Reykjavíkur eða í Reykjavíkurbæ, en það mætti kannske rökræða, hvort það væri mikið afbrot. Framleiðsluráð landbúnaðarins leigir þessi jarðhús og hefur greitt líklega fyrir þau, eftir því sem ég hef komizt næst, nokkuð á aðra milljón króna síðustu árin í leigu, og ég gæti vel skilið það, þó að það kæmi í ljós, að grænmetisverzlun ríkisins hefði ekki verið ginnkeypt fyrir því að greiða þá leigu, sem greidd er fyrir þessi hús, svo sem þau eru. E. t. v. verður hægt að ræða þetta nánar síðar, ef hv. frsm. meiri hl., sem er hér að mæla með stjórn framleiðsluráðs á öllum þessum málum, telur, að það hafi verið t. d. mikið brot eða vangæzla hjá grænmetisverzlun ríkisins að hafa ekki viljað greiða þá leigu, sem framleiðsluráðið nú greiðir eða leigusali fer fram á fyrir þessi blessuð jarðhús, en það er sem sagt orðið stórfé, og mætti kannske upplýsa það nánar.

Það er um efni og eðli þessa máls skemmst að segja, að hér er á ferðinni lítill hópur manna úr hagsmunasamtökum bænda, sem enginn vefengir að hafi umboð til þess að tala fyrir munn bænda og bændasamtaka í landinu. Þessi litli hópur vill fá að taka að sér alla verzlun með kartöflur og grænmeti í landinu og allan innflutning á þeim vörum með einkasölurétti, með þeim sama einkasölurétti sem ríkisstofnun hefur haft til þessa dags. M. ö. o.: Þessi samtök vilja taka að sér það hlutverk, sem ríkið tók að sér með setningu laga um grænmetisverzlun ríkisins og lögum um meðferð og sölu kartaflna frá 1943. Það vill vera ríkið í þessu sambandi. Það vill fá þann rétt að geta leyft eða bannað innflutning á kartöflum og nýju grænmeti til landsins. Minna dugir því ekki. Það vill taka að sér yfirstjórn allrar verzlunar, sölu og dreifingu kartaflna, hvers konar garðávaxta og grænmetis í landinu á þessum grundvelli, á einkasölugrundvelli. Minna dugir því ekki af eðlilegum ástæðum, af því að þó að það tæki að sér sölu fyrir alla bændur í landinu, þá væri það ekki einu sinni helmingur kartöfluframleiðslunnar í landinu, en þetta væri framleiðsluráðinu frjálst í dag, af því að verzlun út af fyrir sig með kartöflur innanlands er frjáls. En þetta nægir ekki framleiðsluráðinu. Það vill taka að sér rétt ríkisins til þess að banna innflutning á kartöflum og ráða því sjálft, hvenær megi flytja inn kartöflur og grænmeti.

Þegar lögin um grænmetisverzlun ríkisins og með breytingum á þeim eftir reynslunni voru sett, var það að margra áliti af illri nauðsyn, að sett var einkasala á þessum vörum. Ég fyrir mitt leyti get lýst því yfir bæði hér og annars staðar, að ég er ekki með einkasölufyrirkomulagi bara vegna einkasölufyrirkomulagsins sjálfs. En menn verða að játa, að um meðferð og sölu á þessum vörum er það ill nauðsyn. Frjáls samkeppni getur verið hættuleg fyrir alla framleiðslu á þessum vörum innanlands, og þess vegna verður að takmarka innflutning á þessum vörum að einhverju leyti, hafa eftirlit með því, svo að það spilli ekki allri framleiðslu og framleiðslumöguleikum í landinu á þessum vörum, af þeirri einföldu staðreynd, að þessar vörur eru svo miklum mun ódýrari erlendis, þar sem þær eru framleiddar erlendis, og ef þær væru fluttar inn hóflaust, þá gæti engin framleiðsla á kartöflum eða grænmeti staðizt hér í landi. Þetta er hin illa nauðsyn. Þetta liggur til grundvallar lögunum um grænmetisverzlun ríkisins og sölu á kartöflum.

En ríkið tekur þarna að sér ákveðið verk, það tekur sér einu rétt til þess að ákveða um það, hvenær megi flytja þessar vörur inn, það tekur einkasölu og meinar þar með öðrum þá starfsemi. Það tekur að sér að dæma um það, hvenær innflutningur megi eiga sér stað, en lögin, sem um þetta gilda, sýna, að löggjafinn hefur á sínum tíma gert sér grein fyrir því, að þessum einkasölurétti verður að beita með varúð. Það verður að hafa í huga bæði hagsmuni framleiðenda og neytenda í landinu í þessu sambandi. Ríkið tekur að sér það hlutverk að miðla málum milli hagsmuna framleiðenda í landinu og neytenda í þessum efnum. Þetta hlutverk hefur það haft um tuttugu ár, og menn hafa sætt sig við þetta. Það hefur verið tiltölulegur friður um þessi mál um langt skeið, og ég verð að segja, að svo erfitt sem það hlutverk er í mínum augum að fara þarna bil beggja milli hagsmuna framleiðenda og neytenda, þá tel ég það vel gert af ríkisstofnun að geta hagað sínum störfum svo, að það sé nokkurn veginn friður um þessi mál, ekki beinn ófriður.

Nú eru engin lög fullkomin, og engir menn munu fullkomnir. Nú getur vel verið í fyrsta lagi, að þeim mönnum, sem hafa borið ábyrgð á framkvæmd þessa erfiða starfs, hafi missýnzt og verið mislagðar hendur í einhverjum atriðum. En þá er að benda á, að það sé svo stórfellt, það séu svo stórfelld mistök, sem hafi átt sér stað hjá þessum mönnum í þessum efnum, að þess vegna verði annaðhvort að setja mennina frá eða gerbreyta skipulaginu og fela það öðrum mönnum. En það hefur ekki verið gert í þessu máli. Þeir menn, sem hafa farið með þessi mál, eru vitanlega búnir að fá geysilega mikla reynslu í meðferð þeirra, og þeim hefur tekizt að halda

nokkurn veginn friði um framkvæmd mála. Ef nú á að breyta þessu og endurskoða þessi lög, sem gilda um þessi mál frá 1943 og eru 13 ára gömul, þá virðist mér, að það eina sé rétt að hafa sömu sjónarmið um það eins og voru höfð, þegar þessi lög voru sett, þ. e. a. s. að finna hinn *gullna meðalveg milli hagsmuna framleiðenda og* neytenda í landinu í þessum efnum, en það var beinlínis sett skýrum stöfum í lögin um sölu kartaflna frá 1943. Ef þess vegna á að endurskoða þessi lög, þá eiga fulltrúar að koma til, frá framleiðendum í fyrsta lagi, frá neytendum í öðru lagi, og frá þeim, sem hafa fengið reynslu, ég hygg um tvo áratugi, um framkvæmd laga um þetta efni. Þetta finnst mér svo augljóst mál, að það ætti ekki að þurfa um það að deila, að þegar ætti að taka þessa löggjöf til endurskoðunar, þá ættu fulltrúar frá öllum þessum aðilum að komast að, en það hefur ekki verið gert, þó að sagt sé, að þetta mál hafi verið á döfinni í mörg ár. Fulltrúar neytenda hafa hvergi verið kvaddir til og ekki heldur fulltrúar allra framleiðenda, af því að það er upplýst og sannað mál, að þó að bændur landsins séu allmiklir framleiðendur kartaflna, þá er langt frá því, að þeir séu það einir. Framleiðsla á kartöflum fer fram í stórum stíl í kaupstöðum og kauptúnum, bæði af mjög mörgum smáum framleiðendum og jafnvel stórum framleiðendum, og það liggur ekkert fyrir um það í þessu máli, að framleiðsluráð landbúnaðarins geti talað í nafni þeirra manna í kaupstöðum og kauptúnum, sem sannað er að framleiða helming eða meira en helming af allri kartöfluframleiðslu þjóðarinnar.

Nú má auðvitað segja, að það sé erfitt að finna *fulltrúa fyrir þá mörgu menn, því að þeir hafa* ekki félagsskap með sér. En í margri löggjöf síðustu áratugi hefur verið litið svo á, að Alþýðusamband Íslands gæti komið fram sem fulltrúi fólksins í kaupstöðunum í sambandi við ýmsa löggjöf, bæði undirbúning löggjafar og framkvæmd löggjafar. Það hefur innan sinna vébanda nú milli 25 og 30 þús. manna, verkamanna og iðnaðarmanna í kaupstöðum og kauptúnun, og það er svo saman sett, að tryggt ætti að vera, að fulltrúar tilnefndir af því geti vel vitað um og skilið aðstöðu vinnandi fólksins a. m. k. í kaupstöðum og kauptúnum, hvort sem það er nú eins og í þessu sambandi framleiðendur kartaflna og garðávaxta eða beinlinis litið á það sem neytendur.

Auk þess má benda á, að risinn er upp félagsskapur hér í Reykjavík, sem heitir Neytendasamtökin og hefur verið stofnað til eftir erlendum fyrirmyndum og mun vera orðinn þegar allfjölmennur. Og þó að ég sé ekki nákunnugur starfsemi þess félagsskapar, virðist mér, að hann geti átt fullan rétt á sér, og væri full ástæða til þess, eftir að sá félagsskapur hefur nú sent hv. Alþ. sínar aths. um þetta frv. og mótmæli gegn því, að hann fengi fulltrúa, ef sýnd væri nokkur viðleitni til þess að líta á þessi mál frá hlutlægu sjónarmiði og sjónarmið neytenda fengi að komast á nokkurn hátt að.

Ég legg því til í till. minni um rökstudda dagskrá, að fulltrúar þessara félagssamtaka, Alþýðusambands Íslands og Neytendasamtakanna, fái fulltrúa ásamt fulltrúa frá þeim aðilum, sem þegar hafa fjallað um þetta frv., en það er frá framleiðsluráði, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og grænmetisverzlun ríkisins.

Ég get ekki skilið, að það sé á nokkurn hátt hagkvæmt fyrir framleiðsluráðið sjálft að fá þetta mál afgr. nú með miklum átökum hér á hv. Alþ. í því formi, sem það er, gegn mótmælum neytenda, án þess að nokkur áhugi félagssamtaka framleiðenda, eins og Sölufélags garðyrkjumanna og eggjasölusambands, liggi fyrir til stuðnings frv. Væri það ekki alveg skaðlaust fyrir framleiðendur í bændastétt að bíða þetta sumar til næsta Alþ. og gefa á meðan fjölmennum félagasamtökum eins og Alþýðusambandi Íslands og Neytendasamtökunum rétt á að láta í ljós sínar till. um fyrirkomulag þessara mála, ef á að breyta skipulagi þeirra?

Í þeim mörgu þskj., sem liggja fyrir í þessu máli, kemur fram, að það hefur verið á döfinni hjá framleiðsluráði landbúnaðarins og á vegum þess um mörg ár að fá full tök á grænmetisverzlun ríkisins með þeim einkasölurétti, sem henni fylgir, og það getur maður út af fyrir sig skilið. Og framleiðsluráðið hefur gert sínar kröfur til ráðh. um þetta, og það hefur verið skipuð nefnd eftir nefnd í málið með fulltrúum frá framleiðsluráðinu, Stéttarsambandi bænda o. s. frv., fulltrúum framleiðenda, og það hefur verið fenginn maður að tilhlutun landbrn. til þess að starfa að undirbúningi þessa máls í heilt ár og skrifa um það mikla bók, sem fullyrt er að hafi kostað ríkissjóð tugi þúsunda króna. **(Gripið fram í: Hefur hún verið gefin út?)** Hún hefur verið gefin út fjölrituð í takmörkuðu upplagi, svipað og sumir höfundar gera, sem vilja, að ritverk *sín séu* í háu verði. Ekki veit ég, hvort það eru tölusett eintök, en hún hefur verið til sýnis hér í hv. Alþingi í sambandi við þetta mál. Ég hef hana ekki meðferðis og get þess vegna ekki sýnt hæstv. ráðh. hana, en ég hef séð hana. Það er mikið verk og vísindalegt að öllu yfirbragði, þó að *ýmislegt mætti út á* það setja, t. d. það, að þar er ekki farið eftir venjulegum reglum um íslenzkt mál. En þetta er vísindamaður með magistersnafnbót frá Ameríku, og verður ekki vefengt, að þar sé vísindalega tekið á málinu. En það er á þeim athugunum, sem þetta frv. byggist, ef þá þar er ekki beinlínis fundinn höfundur þessa frv. og sá maður, sem ef til vill eigi að taka við grænmetisverzlun ríkisins, og um leið sá maður, sem grænmetisverzlun ríkisins hefur verið þröngvað til að skipta við með því að taka á leigu jarðhús hans og borga fyrir þau 150 þús. kr. á hverju ári. Þetta eru þrjú járnhús, sem ég skal ekki ræða meira að svo stöddu, en það er mál, sem þyrfti að upplýsa hérna. Og ég veit, að hv. frsm., sem er talsmaður framleiðsluráðs landbúnaðarins, ætti að geta upplýst, hvað mikið hefur verið borgað af framleiðsluráðinu fyrir svonefnd jarðhús hér við Elliðaár og hve mikið framleiðsluráðið fær í leigu fyrir þessi hús frá grænmetisverzlun ríkisins. Svo skýr og fróður maður sem hv. frsm. meiri hl. landbn. getur áreiðanlega upplýst þetta, en ég óska eftir, að það sé gert nákvæmlega. En þetta er maðurinn sem sagt, sem hefur skrifað vísindalega

ritgerð um þetta mál, og þetta frv. byggist á hans vísindalegu till. Hann á þessi jarðhús, hann hefur komið þeim í góða leigu, og ég tel líklegast, að hann eigi að verða forstjóri hinnar nýju grænmetisverzlunar landbúnaðarins, því að hann hefur mest til matarins unnið. (Dómsmrh.: Er hann í Framsfl.?) Það er mér ókunnugt um. En það er nú hæstv. dómsmrh., sem oft er að skjóta að mér spurningum, að meta það, hvað hann og hans flokkur verða hrifnir af þessari einkasölu, sem hér á að lögfesta með því skipulagi, að ein stofnun hafi í þessu réttinn, ekki ríkið nema rétt á pappírnum, ein stofnun, framleiðsluráð landbúnaðarins. Bændastéttin, sem framleiðir helming kartaflna í landinu, á að fá einkasöluréttinn, eða hennar fulltrúar. Hún á að hafa einkasölu á kartöflum og öllu nýju grænmeti, þar með taldar þær tegundir grænmetis, sem alls ekki eru framleiddar hér á landi og íslenzkir bændur þekkja ekki nema sem neytendur, t. d. lauk.

Ég sé enga ástæðu til, að slík einkasala ríkisins sé afhent litlum hóp manna í nafni einnar stéttar, þó að ég vilji á allan hátt, að löggjafinn geri vel við þá stétt og líti með skilningi á alla hennar hagsmuni. Ég vil í öðru lagi alls ekki fallast á þá hugsun, sem er í þessu frv., að sá aðili, annar en ríkið meira að segja, sem fær einkasölurétt með lögum, geti framselt hann eftir sínu höfði einhverjum og einhverjum og einkasöluréttur geti þess vegna gengið frá manni til manns, stofnun til stofnunar, án þess að löggjafinn eða ríkisvaldið hafi nokkur afskipti af því, en til þessa skipulags er stofnað með þessu frv. Það er framseljanlegur einkasöluréttur, sem hér er verið að lögfesta, og það á að úthluta þessum einkasölurétti á hverju ári. Það stendur í lagafrv., að þessum leyfum, sem felst í einkasöluréttur til heildsölu með vissar vörutegundir, á að úthluta einu sinni á ári. Þessa meginhugsun í þessu frv. get ég ekki fallizt á, og hef ég þó ekki gefið mig út sem fulltrúa frjálsrar verzlunar og frjálsrar samkeppni í landinu. Það hefur hæstv. dómsmrh. og hans flokkur gert, en ef þeim lízt nú svo vel á þessa hugsjón, þessa nýju útgáfu á einokun, eins og þeir mundu orða það, þá verða þeir náttúrlega með hverjum staf í þessu frv., líka þessum ákvæðum.

Það er kannske móðgandi fyrir þá, sem að þessu standa, þessu nýja skipulagi, að gera ráð fyrir því, að það kunni að verða einhverjir menn finnanlegir í landinu, sem bjóði beinlínis í þessi nýju einkasöluréttindi, og þá verði farið að halda á þeim árlegt uppboð. En útilokaður möguleiki væri það ekki, það er auðséð, því að einhvers virði eru þessi réttindi, og það gætu verið fleiri en einn, sem vildu fá þau, og hverja á þá að velja? Þá, sem eru í einhverjum flokki t. d.? Þá kemst að hin frjálsa pólitíska samkeppni eða hinir pólitísku samningar milli þeirra flokka, sem skipta jafnt, sem þekkja þannig jöfnuð að skipta jafnt á milli sín, en afskipta alla aðra. Þar kemst að hin frjálsa pólitíska samkeppni og hin frjálsa pólitíska verzlun. Það er það, sem stofnað er til með þessu, og þar eru báðir jafnt forsvarsmenn þessarar frjálsu pólitísku verzlunar, Framsfl. og Sjálfstfl. Hér á að stofna til nýrrar stofnunar, sem á að taka við með sölu eða leigu öllum eignum grænmetisverzlunar ríkisins. Mér er sagt, að þær séu orðnar allmikils virði, það eru húseignir á bezta stað í bænum, að vísu að nokkru leyti skrifstofuhús, að nokkru leyti pakkhús. En það er ekki langt síðan pakkhús ekki langt frá þessum stað voru seld á 12 millj. kr., og ég geri mér þá grein fyrir verðmæti þessara húsa, að það séu a. m. k. nokkrar milljónir, en þetta á að selja líklega grænmetisverzlun landbúnaðarins, nýrri stofnun, sem maður veit ekki miklu meira um af þessu frv. en það, að hún á að heita grænmetisverzlun landbúnaðarins. Hún á ekki að heita grænmetisverzlun ríkisins, þó að það sé auðséð, að hún á að hafa öll réttindi grænmetisverzlunar ríkisins, einkasöluréttindi hennar, en hún á að heita grænmetisverzlun landbúnaðarins, og hún á að vera í höndum fárra manna sem fulltrúa bænda. Hún á að kaupa þessar eignir, en það er ekkert um það, hver eigi að borga þær. Það er ekki einu sinni tekið svo til orða, að þetta eigi að vera sjálfseignarstofnun, eins og hefur verið tízka hér undanfarin ár, þó að enginn viti, hvað það þýðir. Sjálfseignarstofnun er stofnun, sem á sjálfa sig, en mér hefur aldrei verið ljóst, hvað í því felst, en þetta hefur meira að segja sézt í lögum. Hér er ekki einu sinni svo vel, það er ekkert sagt um, hver vera skuli eigandi þessarar stofnunar. Það getur ekki verið ríkið, því að ríkið er að selja þessa stofnun. Það getur varla verið framleiðsluráð landbúnaðarins, því að það hefur varla fé til að kaupa milljónaeignir. Hver er það þá? Hver á að bera tap þessarar verzlunar, ef um taprekstur er að ræða? Hver á að fá gróðann, ef um gróða er að ræða? Það sést ekki af þessu frv. Það stendur aðeins í þessu frv., að þessi stofnun eigi að starfa í umboði framleiðsluráðs, ekkert annað. Umboðið fær hún frá framleiðsluráði, og framleiðsluráð fær sitt umboð frá löggjafanum, sem framselur með lögum, samkvæmt þessu frv., einkasölurétt þann, sem ríkið hefur tekið sér á ákveðnum vörutegundum, til þessarar stofnunar, sem enginn veit neitt um, og síðan er tekið fram í frv., að öll starfsemi grænmetisverzlunar ríkisins, sem nú er samkvæmt gildandi lögum, eigi að færast undir starfssvið framleiðsluráðs og þessa nýju stofnun, en nánara er ekki kveðið á um það í þessum lögum. Aftur á móti hefur grænmetisverzlun ríkisins alveg ákveðið starfssvið og reglur um rekstur í þeim lögum, sem um hana gilda nú, en þau lög eru numin úr gildi með þessum lögum, svo að þarna verður stofnun, sem aðeins hefur ákvæði þessa frv. til þess að fara eftir, aðeins hefur einkasöluréttinn, en ekkert það aðhald, sem felst í núgildandi lögum um grænmetisverzlun ríkisins, sem niður er felld með þessu frv. Það er því alveg einstakur frágangur á þessu frv. með tilliti til þess, að hér er verið að ganga frá nýrri ríkisstofnun með einkasölurétti, og það er gert með þessum hætti. Það er aðeins sagt, að hún eigi að taka við öllu hlutverki ríkisstofnunar, sem verið hefur til, en sú ríkisstofnun er lögð niður og lögin um hana felld úr gildi. Með öðrum orðum: Eftir það verða

engar reglur fyrir þessa ríkisstofnun til að fara eftir.

Ég hef áður komið að því, að frágangur þessa frv. að formi til er með alveg óvenjulegum hætti. Hann er óvenjulega tötralegur og fátæklegur. Það er í hverri grein frv. einhvers konar heimildarákvæði, en ekkert ákveðið um það, hvernig með skuli fara. Í 2. mgr. 1. gr. er t. d., eins og frv. er nú, framleiðsluráði heimilað að leyfa Sambandi smásöluverzlana að koma að fulltrúa á fundum framleiðsluráðs, en í einni till., sem fram kom frá meiri hl. hv. landbn. Nd., var þó sagt, að hið sama skyldi gilda um Samband smásöluverzlana í þessu efni og um *Sölufélag garðyrkjumanna* og *Samband eggjaframleiðenda*. En af einhverjum ástæðum hefur sú hv. n. eða sá meiri hl. fallið frá þeirri till., og í frv., eins og það kemur nú til þessarar hv. deildar, er þetta aðeins heimild. *Ég álít sjálfsagt* að ganga út frá því af eða á, hvort þetta Samband smásöluverzlana á að fá að hafa fulltrúa á fundum framleiðsluráðs eða ekki. Ég geri því að till. minni, að það sama skuli gilda um þetta Samband smásöluverzlana og um Sölufélag garðyrkjumanna og Samband eggjaframleiðenda, að það skuli fá fulltrúa á fundum framleiðsluráðs, þegar rætt er þar um mál, sem þetta samband varða, en þó aðeins með málfrelsi og tillögurétti. Lengra þýðir víst ekki að fara, má segja kannske er ekki eðlilegt að fara, þar sem þessi stofnun heitir nú framleiðsluráð landbúnaðarins, en hér er um verzlunarsamband að ræða.

Þá er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir, að ráðherra, sem fer með þessi mál og ákveða á samkvæmt þeirri einkasöluheimild, sem ríkisstj. er veitt í 4. gr. frv., verði jafnan að leita samþykkis framleiðsluráðs, áður en hann tekur ákvörðun um innflutning landbúnaðarvara, í þessu sambandi garðávaxta hvers konar og nýs grænmetis. M. ö. o.: Með þessu orðalagi er framleiðsluráðið sett yfir ráðherrann. Það held ég sé óvanalegt í lögum frá Alþingi um úrslitavald, ákvörðunarrétt um mjög mikilvæg mál eins og þetta, hvort ráðherra skuli leyfa innflutning til landsins á nauðsynjavörum, að þar skuli hann ekki hafa úrslitavald um, heldur einhver stofnun, sem þannig er yfir honum. Ég felli mig ekki við þetta og legg til, að það skuli leita álits framleiðsluráðs, en valdið um þetta sé hjá hinum ábyrga ráðherra, og tel ekki annað fært af löggjafanum en að láta úrslitavald í öllum málum vera í höndum ráðherra, sem síðan ber ábyrgð fyrir Alþingi. Framleiðsluráð ber enga ábyrgð fyrir Alþingi, og þó að hér yrði, vegna þess að framleiðsluráð hefði t. d. alls ekki samþykkt innflutning á kartöflum, algerlega kartöflulaust, þá hefði Alþingi engan að snúa sér til um það. Ráðh. gæti sagt: Ja, ég hef ekki fengið samþykki framleiðsluráðs fyrir því að leyfa innflutning á kartöflum, framleiðsluráð hefur ekki samþykkt það. Það skiptir engu máli, hvað ég hef viljað, því að eftir lögum hef ég ekki vald um það. Framleiðsluráð getur bannað það, og það hefur bannað mér það. — Ég tel óhæfu að afgreiða frá Alþingi vald í mikilvægum málum, sem ekki sé í höndum ráðh., sem ber svo ábyrgð gagnvart Alþingi. Í fullu samræmi við þetta legg ég til, að orðin „að dómi framleiðsluráðs“ í næstsíðasta málslið falli niður með öllu.

Þá er í 3. gr. frv. heimild til handa framleiðsluráði til verðákvörðunar á „gróðurhúsaframleiðslu hvers konar“. En það er aðeins heimild, en framleiðsluráðinu er ekki skylt að ákveða þetta verð. Orðin „gróðurhúsaframleiðsla hvers konar“ eru náttúrlega mjög víðtæk að merkingu. Það þýðir t. d. alla blómaframleiðslu, skrautblómaframleiðslu. Framleiðsluráð landbúnaðarins ætti eftir þessu að ákveða verð á öllum blómum, skrautblómum. Og það er ekki vafi á því, að það gerir það. Hv. frsm. meiri hl. lagði á það höfuðáherzlu í sinni framsöguræðu, að þetta væri nýmæli, sem væri mjög mikils virði, að framleiðsluráðið skyldi ákveða verð á *allri gróðurhúsaframleiðslu*, og bændur hafa náttúrlega alveg sérstaka aðstöðu til þess að ákveða verð á skrautblómum. Enn fremur er þarna ákvæði um, að það sé hægt að ákveða í reglugerð að verðskrá *fleiri tegundir matjurta*, og mun það eiga við 1. málsgr., þ. e. a. s. aðrar tegundir matjurta en kartöflur, gulrætur og gulrófur. Hef ég ekkert á móti því, að framleiðsluráðið fái heimild til þess að ákveða verðlag á þessari framleiðslu, en ég tel, að það geti leikið nokkur vafi á því, hvað átt er við með orðinu verð. Það getur verið í fyrsta lagi verð til framleiðenda, það getur verið heildsöluverð og það getur verið útsöluverð. Það er ekkert um það í frv., við hvað sé átt, en hv. frsm. meiri hl. skýrði það svo, skildist mér, að það ætti við útsöluverð. En því er hins vegar allmikið mótmælt af Sambandi smásöluverzlana, þeim skilningi og þeirri ákvörðun, að það skuli vera framleiðsluráðið, sem ákveði útsöluverð á öllum þessum vörum. En ég tel upplýst, að það sé átt við útsöluverð hér. Það er víðtækasta heimildin vitanlega til verðlagsákvörðunar að ákveða útsöluverð. Þar af leiðir, að framleiðsluráð getur einnig ákveðið verð til framleiðenda á þessum sömu vörum. En ég geri hér ekki brtt. við þetta. Ég tel skilning á þessu atriði liggja alveg fyrir eftir yfirlýsingar í nefnd og hér af hálfu hv. frsm. En ég geri að till. minni, að fyrir orðin „skal að jafnaði“ í næstsíðasta málsl., þar sem segir, að það skuli að jafnaði fylgja þeirri reglu að hafa verð lægst um aðaluppskerutíma hverrar vörutegundar, skuli standa: skal jafnan, þ. e. a. s., að alltaf skuli fylgja þeirri reglu að reyna að hafa verðið lægst um aðaluppskerutíma hverrar tegundar, eins og eðlilegt er, og skal ég láta þetta nægja um þessa brtt.

Við 4. gr. frv. geri ég allmargar brtt., enda er hún alllöng, í mörgum liðum.

Ég legg til í fyrsta lagi, að þessi fyrirhugaði nýi kafli í framleiðsluráðslögunum, sem á skv. frv. að heita: Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu, nái einnig til eggja. Ég sé ekki, hvað eigi að þýða að nefna Samband eggjaframleiðenda í 1. gr. frv., leyfa því að hafa fulltrúa á fundum framleiðsluráðs, nema frv. að einhverju leyti fjallaði um sölu eggja. Það er ekki að öðru leyti en því, að í 5. gr. frv. er

heimilað að taka verðmiðlunargjald af eggjum, en það er upplýst, að það sé óframkvæmanlegt eins og nú er.

Ég legg enn fremur til, að fyrstu liðir þessarar greinar, a-, b- og c-liðir, falli niður og einnig d-liður, sem felst í einkasölurétturinn á kartöflum og nýju grænmeti, en til vara flyt ég þá brtt., að orðin „og nýtt grænmeti“ falli þarna niður. Þætti mér gaman að sjá, hvernig hv. fulltrúar frjálsrar samkeppni geta varið það að vera á móti því að fella niður einkasölu á nýju grænmeti, eins og lauk t. d., sem alls ekki er framleiddur hér á landi.

Þá legg ég til, að enn fremur falli niður eliður 4. gr. um, að hin nýja stofnun, grænmetisverzlun landbúnaðarins, sé bundin við að hafa sömu umboðsmenn sem nú eru fyrir grænmetisverzlun ríkisins.

Í seinni liðum 4. gr. er svo nánar ákveðið, ef hægt er að kveða svo að orði, um framkvæmd laganna gagnvart Sölufélagi garðyrkjumanna, og geri ég að till. minni, að það verði orðað svo, að skiljist, og að sá liður verði einnig látinn ná til Sambands eggjaframleiðenda, þannig að sams konar viðurkenningu og ráðgert er að veita Sölufélagi garðyrkjumanna veiti framleiðsluráð einnig Sambandi eggjaframleiðenda og með sömu skilyrðum. Ég held, að ef þurfi að greiða á einhvern hátt fyrir afurða- og hagsmunamálum Sölufélags garðyrkjumanna sem almenns sambands garðyrkjumanna, sem notfæra sér jarðhita, eins og lagt er til í frv., þá sé ekki síður ástæða til þess að koma á móts við Samband eggjaframleiðenda til þess að gera tilraun til að skipuleggja sölu á eggjaframleiðslunni, og legg ég ákveðið til, að það gildi alveg sama um Samband eggjaframleiðenda.

Næsta lið 4. gr. tel ég að sé alveg ótækt að samþykkja, eins og hann er orðaður, því að þar segir, að framleiðsluráðið skuli leitast við að hafa tiltæk úrræði til þess að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneldis hverju sinni. Ég held, að þetta orðalag á lagagrein sé alveg einsdæmi í lögum, að ákveðin stofnun eða ákveðnir menn skuli leitast við að hafa tiltæk úrræði. Það mætti alveg eins segja: Framleiðsluráð skal leitast við að hugsa. Það á að leitast við að hugsa fyrir einhverjum úrræðum. Virðist vera gert ráð fyrir því, að það þurfi að skylda þetta ágæta ráð til þess með lögum að reyna að hugsa. Ég vil, að það sé kveðið svo á, að verkefnið, sem þessu ráði ber að framkvæma, sé tiltekið. Ég legg því til, að þetta fáránlega og þýðingarlausa orðalag þessarar greinar og alveg einstæða sé fellt niður og í þess stað tekið fram í frvgr., hvað framleiðsluráð skuli gera í þessum efnum, að það skuli vinna að því að koma upp vönduðum geymslum fyrir garðávexti, grænmeti og egg og greiða fyrir sölu þeirrar vöru allrar jafnt árið um kring. Ég tel, að eins og lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins eru, megi eins ætla því þetta hlutverk að því er snertir þessar vörur eins og þær vörur, sem það hefur nú til meðferðar, en það er, eins og vitanlegt er, eins og nú er kjöt og mjólk. En þar er líku saman að jafna, þar starfar framleiðsluráðið að verðákvörðuninni og almennt að greiða fyrir sölu þeirra vara, en fer alls ekki með neina verzlun. Ég get fallizt á það, að framleiðsluráðinu verði ætlað þarna nýtt hlutverk og merkilegt, að gera ráðstafanir til þess, að þessir framleiðendur grænmetis og eggja geti komið upp stöðvum til þess að geyma sína vöru, svo að jafnari sala takist á henni árið um kring. Það er vitanlegt, að það, sem hefur háð því, að sambönd þessara framleiðenda gætu komið sér upp nauðsynlegum geymslum, eins og þarna er talað um, er fyrst og fremst skortur á fjármagni, en ekki á vilja eða á því, að þessi sambönd þessara framleiðenda hafi ekki séð nauðsynina á þessu. En þar ætti þetta volduga framleiðsluráð að geta komið til hjálpar þessum samtökum.

Þá legg ég til, að flokkun og mat, sem gert er ráð fyrir að setja reglugerð um, verði einnig látið ná til grænmetis hvers konar, þ. á m. gróðurhúsaframleiðslu, og enn fremur eggja, og ef það er til bóta, eins og hv. frsm. meiri hl. lagði mikla áherzlu á, að mati og flokkun yrði komið á garðávexti og grænmeti, þá tel ég sjálfsagt, að þau ákvæði verði látin ná til allrar gróðurhúsaframleiðslunnar og einnig eggjaframleiðslunnar. Ef það er trygging í því fyrir neytendur, að slíku mati verði komið á, og það viðurkenni ég, þá er sjálfsagt, að það nái til allra þessara framleiðsluvara. En það er í því sambandi vert að benda á, að það er alveg fráleitt, að sami aðilinn sem sér um mat, útnefnir matsmenn o. s. frv., fari einnig með sölu sömu vara, en það er ætlunin samkv. frv., að framleiðsluráðið, sem raunverulega á að reka hina nýju grænmetisverzlun landbúnaðarins, hafi samkv. sömu lögum heimild til þess að annast matið, tilnefna matsmenn þeirrar vöru, sem það verzlar með sjálft. Það tel ég alveg óhæfu og ekki geta staðizt.

Þá legg ég til, að orðið „matjurtum“ í 1. málslið 5. gr. falli niður. Það er nú alveg sjálfsögð brtt. til lagfæringar á frv., hvaða augum sem menn líta á þetta mál. Hv. n. í Nd. mun hafa lagt til, að dálítill hali, sem var við 5. gr., félli niður, þar sem í þeim lið, sem niður var felldur, var gert ráð fyrir verðmiðlun á matjurtum, en það er leitt að verða að segja það, en þar hefur hinni ágætu hv. Nd. sézt yfir, að þá átti vitanlega ekki að gera ráð fyrir verðmiðlun á matjurtum í 1. mgr. gr., eftir að heimildin til verðmiðlunar var felld niður. Ég tel því alveg einstakt, ef ekki yrði fallizt á þessa brtt., svo sjálfsögð sem hún er.

Þá legg ég til, að 7. gr. frv., um það, að lögin um grænmetisverzlun ríkisins verði úr gildi felld við gildistöku þessara laga, falli niður. Þar af leiðandi tel ég, að gildistökuákvæði þessa frv. mættu gjarnan vera á þá leið, eins og tíðkanlegast er með frumvörp frá Alþ., að þau lög, sem samþykkt yrðu samkv. mínum till., öðluðust gildi nú þegar. Samkv. mínum brtt. yrði, ef þær væru samþykktar, um verulega breytingu á lögunum um framleiðsluráð landbúnaðarins að ræða, þess starfssvið væri fært út, það hefði heimild til verðákvörðunar á allri grænmetisframleiðslu, og það yrði gert ráð fyrir í

lögunum, að settar yrðu reglur með reglugerð um sölu á þeim vörum og mat og flokkun, þar með á eggjum. Ég tel, að framleiðsluráð mætti vel við una þá lagabreytingu, sem fælist í slíku frv., ef samþ. yrði nú. En ég tek það fram, að ég teldi réttara að samþ. till. mína til rökstuddrar dagskrár um, að komandi sumar yrði notað til þess að láta fara fram endurskoðun á gildandi lögum um þessi mál, ég teldi það eðlilegra og æskilegra. En það væri því aðeins að þessar brtt. mínar, sem ég hef borið fram til vara og koma til atkv. að fallinni dagskrártillögu minni, væru samþykktar, að ég gæti fylgt þessu frv. Ég teldi, að framleiðsluráð landbúnaðarins gæti vel við þau málalok unað að svo stöddu, og það fengi verulega aukið starfssvið, og ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því. Ég hef ekkert á móti framleiðsluráði landbúnaðarins í sjálfu sér eða þeim lögum, sem um það gilda. Ég hef ekkert og vil ekkert orð segja og mun aldrei segja gegn hagsmunum bænda, en ég get ekki fallizt á það, að stéttarsamtökum bænda, en í þeirra umboði talar framleiðsluráð, sé falin ríkisstofnun með einkarétt-indum, sem henni hafa fylgt sem ríkisstofnun. Ég tel ekki, að Alþ. geti falið nokkrum aðila einkasölurétt nema ríkinu sjálfu, aðilum, sem bera ábyrgð beint gagnvart Alþingi. Það er mikið vald, sem þeirri stofnun er veitt, sem fær einkarétt til innflutnings og sölu á vörum, og ég tel rétt fyrir mitt leyti, að það sé vel um það búið, að þeim rétti sé ekki misbeitt. Það eru alls engar tryggingar fyrir því í þessu frv. og verða trauðla settar, að ekki megi misbeita einkasölurétti, sem einni stétt yrði gefinn. Og það er engin ástæða til þess að stofna til þess einu sinni sem tilraunar. Af þeim ástæðum er það, að ég get alls ekki á það fallizt, að það sé nokkurt vit í þessu frv., eins og það liggur fyrir, að gefa samtökum einnar stéttar einkasölurétt og ákvörðunarrétt um allan innflutning til landsins á mikilli nauðsynjavöru, en það felst í frv. ómótmælanlega.

Ég tel svo auk þess allan frágang frv. og undirbúning þessa máls svo einstakan, að mig furðar á því, að menn skuli vera til hér, sem vilja ekki líta á það að leiðrétta a. m. k. ytra útlit og frágang og búning þessa frv. En það er að vísu ekki einsdæmi um þetta frv. Það er svo um stórmál, maður veit, að á þeim fást engar breytingar. En það er ólíku saman að jafna við þetta frv. Hin stóru mál hv. stjórnarflokka, sem oft eru borin fram þannig, að vitanlegt er, að þau eiga að ganga fram óbreytt, hafa verið rækilega undirbúin af öllum þeim beztu mönnum, sem hv. stjórnarflokkar eiga á að skipa í sínum þingflokkum. Þetta frv. hafa einhverjir ókunnir menn utan þings samið og samið illa, svo að það er með eindæmum, svo að ég trúi því ekki, að hv. þingmenn stjórnarflokka láti hafa sig til þess eða taki þeim skipunum að samþykkja þetta dæmalausa frv. alveg óbreytt, án nokkurra leiðréttinga einu sinni að formi til. Ég á eftir að sjá það.

Forseti (GíslJ): Út af ummælum hv. frsm. minni hl. um, að ekki sé hægt að sjá, hver sé höfundur að því frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 126, vil ég mega benda honum á, að það kemur skýrt fram í grg. frv. á því þskj., að það er hæstv. landbrh., sem hefur óskað eftir, að frv. verði lagt fram, og ber að sjálfsögðu ábyrgð á frv. sem höfundur, og er það ekkert nýtt í þingsögunni, því að það er almennt, að slík frv. eru flutt af nefndum og skoðuð nokkurn veginn sem stjórnarfrumvörp.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Ed., 2. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem heyra mátti af þeim umr., sem urðu um þetta mál í gær, hafa blandazt inn í það allmjög annarleg sjónarmið. Það virðist með einhverjum hætti vera orðinn verulegur þáttur í þeirri togstreitu, sem er á milli svokallaðra vinstri afla hér á þingi, og vera mikið áhugamál í nokkrum hópi í Reykjavík, sem vinnur að því að koma á svokallaðri vinstri stjórn. Það var auðheyrt af ræðu frsm. hv. minni hl., að þetta var meginuppistaðan í hans andmælum. Þar mátti heyra frýjunarorð til framsóknarþingmanna um það, að þeir væru að yfirgefa stefnu flokksins í landbúnaðarmálum, og að nokkru frýjunarorð til sjálfstæðismanna um, að þeir væru hér með einokun, en héldu annars fram frjálsri samkeppni. Að öðru leyti bar mest á sárindum yfir því, að þessi einkasala ætti að takast úr höndum þeirra ágætismanna, sem henni hafa veitt forstöðu að undanförnu.

Ég skal ekkert blanda mér í þessa vinstri togstreitu og læt hana með öllu eiga sig. Það getur verið, að fyrir þá menn, sem þar eiga hlut að, hafi þetta mikla þýðingu, — ég er ekki kunnugur heimilisháttum þar, — en mér er það nóg að hafa áttað mig á, að það eru annarlegar ástæður, sem valda því uppnámi, sem hér er á ferðum, en ekki málefnaleg rök.

Það er ljóst, að að svo miklu leyti sem málefnalegar ástæður hafa verið færðar fram gegn þessu frv., þá hvíla þær að verulegu leyti á misskilningi. Það er bent á ýmiss konar þvingunarákvæði í þessu frv. og því haldið fram, að óviðunandi sé að lögleiða þvílíka þvingun. En þegar betur er að gáð, eru flest þau ákvæði, sem í þessu sambandi hafa verið tilfærð, nú þegar í lögum, þannig að einungis er verið að staðfesta það, sem verið hefur. Það lætur t. d. illa í eyrum, að ekki megi flytja inn grænmeti nema með samþykki framleiðsluráðs landbúnaðarins, en þetta hefur verið í lögum langa hríð, að grænmetiseinkasalan hefur haft algerlega í hendi sér að kveða á um, hvort grænmeti ætti að flytja inn. Hún hefur haft um það algert einræði og það einn embættismaður, sem hefur ráðið því án þess að spyrja kóng eða klerk. Nú eru það þó í staðinn fjölmenn samtök ópólitísk, sem eiga að fá þetta ákvörðunarvald, og ég sé ekki nokkrar líkur til þess, að því valdi verði frekar misbeitt af hálfu þessara fjölmennu samtaka en því hefur verið misbeitt undanfarið, meðan það var í höndum mannsins, sem einu sinni var sagður hafa einræðisklærnar í Hornafirði. Ég sé ekki, að það

séu nokkrar líkur til þess, að harkalegar verði með þetta vald farið í höndunum á bændasamtökunum en í hinum mjúku höndum núverandi forstjóra grænmetisverzlunarinnar. Eins er það, sem bent hefur verið á, að verðákvörðunarvaldið hefur verið í höndum sömu aðila sem eiga að *halda því, þannig að á því er bókstaflega engin* breyting frá því, sem verið hefur. Þannig hygg ég, að séu rakin ákvæði frv., þá er annaðhvort óbreytt ástand frá því, sem verið hefur, eða vald, sem hefur verið í höndum eins manns, forstjóra grænmetisverzlunarinnar, er fengið í hendur bændasamtökunum, framleiðsluráðinu, og þá er í raun og veru eingöngu um það að ræða, hvort menn trúa betur þessum fjölmennu samtökum fyrir ákvörðunarvaldinu eða hinum blíðlynda fyrrverandi einræðisherra í Hornafirði. Ég játa, að ef hægt er að sýna mér fram á, að sú skipun, sem hér er ráðgerð, komi á nokkurn hátt verr við neytendur en sú skipun, sem verið hefur, þá mun það hafa mjög rík áhrif á afstöðu mína í málinu. Ég hef ekki til fulls gert mér grein fyrir, hvaða endanlega afstöðu ég muni taka í málinu, og þess vegna hef ég með athygli fylgzt með umræðunum. En ef breytingin er ekki önnur en sú, að það vald, sem núverandi forstjóri einkasölunnar hefur haft einn, á að færast yfir í hendur framleiðsluráðsins, þá get ég ekki séð, að það geti verið hættulegt fyrir neytendur. Ég fæ ekki séð betur en það geri líklegra, að fleiri og sanngjarnari sjónarmið komist að um ákvarðanir þær, sem taka þarf.

Hitt er svo allt annað mál, að ég tel varhugaverða alla einkasölu, jafnt í þessu efni sem öðru, og ég mundi vera því mjög fylgjandi, ef nokkur vegur væri til þess að fá samkomulag um það á Alþ., að gera alla þessa verzlun mun frjálslegri en hún hefur verið. Hvort unnt væri að gefa þetta algerlega laust, skal ég ekki fullyrða, ég sé þó ekki, hvaða hætta ætti að vera sliku samfara. En því miður eru engar líkur til þess, að hægt sé að fá samkomulag um það. Það er alveg víst, að eindreginn meiri hluti á Alþ. er fyrir því að halda einkasölu. Eina spurningin er því sú: Telja menn betur farið, að einkasalan sé í höndum eins einræðisherra eða að hin fjölmennu bændasamtök hafi þar yfirstjórnina og endanlegt ákvörðunarvald? Og ég get ekki séð, að það horfi í aukna þvingunarátt að láta fjölmenn samtök fá yfirráð yfir því, sem einn maður hefur getað farið með eftir sínum geðþótta hingað til, heldur sé breytingin þó í réttari átt með því að láta þetta í fleiri manna hendur en eins.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Eins og ég gat um og rakti í gær, hef ég flutt allmiklar brtt. við þetta frv., og það er eindregin ósk mín til hv. landbn., að þessar brtt. verði teknar fyrir til athugunar í n., helzt nú meðan stendur á þessari umr. Ég vil því fara fram á það, að þessari umr. verði frestað nú, svo að hv. n. gefist kostur á að taka til athugunar þessar brtt., sem ekki hafa legið fyrir henni.

Hæstv. dómsmrh. kom nú síðast og lýsti sig eindreginn fylgismann þessa frv. í því formi, sem það er, þó að hann að vísu segði, að hann mundi leita eftir því, hvort nokkurt samkomulag gæti orðið um breytt skipulag á grænmetisverzlun frá því, sem nú er, en taldi hins vegar litlar líkur á því, að mér virtist. Mínar brtt. um þetta mál liggja fyrir. Í þeim felst m. a. það, að einkasöluréttur inn, sem í frv. er gert ráð fyrir að færist í hendur framleiðsluráðs, verði niður felldur. Það er enn fremur til vara sú till., að undan þessum einkasölurétti verði tekið nýtt grænmeti hvers konar. Ef hæstv. ráðh. og hans flokkur vill rýmkun a. m. k. á þeirri einkasölu, sem verið hefur, þá ætti hann að geta fylgt þessari varatill. a. m. k.

Síðan í gær hefur gerzt það í þessu máli, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur látið það til sín taka. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í gær með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða, um það bil samhljóða, mótmæli gegn þessu frv., og kemur mér það ekki á óvart, því að það er vitanlegt, að hér í Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur fer fram geysilega mikil framleiðsla á kartöflum og þeim vörum, sem þetta frv. fjallar um. Ég hef við lauslega athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að hér séu hátt á annað hundrað hektara undir kartöfluræktun og grænmetisræktun. Hér er því það fólk, sem stendur að mjög miklum hluta kartöfluframleiðslunnar í landinu, svo að það er ekki ófyrirsynju, að bæjarstjórn Reykjavíkur láti þetta mál til sín taka. Hér er auðvitað líka stærsti hluti neytendanna í landinu. Og það kemur í ljós, að flokkur hæstv. dómsmrh., Sjálfstfl., hefur, bæði fulltrúar hans hér á þingi og í bæjarstjórn Reykjavíkur, gert sér ljóst, að þetta frv. stefnir ekki til bóta fyrir þetta fólk, hvorki sem framleiðendur né neytendur. Það er því í mínum augum næsta furðulegt um flokk, sem hefur viljað láta líta á sig sem flokk frjálsrar samkeppni og frjálsrar verzlunar, að hans aðalforustumaður hér í hv. deild gerist eindreginn stuðningsmaður þeirrar einkasölu, sem fyrirhuguð er með þessu frv.

Hæstv. dómsmrh. leyfði sér að segja, að hér væru annarlegar ástæður, en ekki málefnaleg rök. *Ég leyfi mér að taka þetta til mín, að ég* hafi ekki flutt hér málefnaleg rök í þessu máli í gær. Ég vil nú taka til dæmis um það eitt atriði. Í þessu frv. er greinilega, svo greinilega, að ég veit, að hæstv. dómsmrh. blandast ekki hugur um það, tekið fram, að ákvörðunarrétturinn um innflutning kartaflna og nýs grænmetis til landsins er ekki í höndum ráðh., hann er ekki lengur í höndum ráðherra, hann er ekki í höndum grænmetisverzlunar, eins og verið hefur samkv. gildandi lögum, hann er í höndum framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem einnig á að fara með sölu þessarar vöru. Í 4. gr. frv. er að vísu kveðið svo á, að ríkisstjórnin, landbrn., hafi einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti, en í 2. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara, svo sem kjöts, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara," þ. e. a. s. landbrh., „leita samþykkis framleiðsluráðs." Og í næsta málsl. segir svo, að það sé háð dómi framleiðsluráðs, hvort innflutningur skuli

fara fram. M. ö. o.: Ákvörðunarréttur um innflutning á þessum vörum, þessum miklu nauðsynjum, verður með samþykkt frv. ekki lengur í höndum ábyrgs ráðh., hann verður ekki í höndum ráðherra, sem er ábyrgur gagnvart Alþingi. Hann verður í höndum framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem er fulltrúi hagsmunasamtaka minni hluta framleiðenda í landinu. Ég benti á það sem rök í þessu máli, hversu þetta er fráleitt stjórnarfarslega séð, að ákvörðunarréttur í svo mikilvægu máli sem þessu, sem varðar framleiðendur í landinu á þessum vörum og alla neytendur, sem getur valdið því, að þessar vörur verði alls ekki fáanlegar í landinu, ef enginn innflutningur fer fram og innlend framleiðsla hrekkur ekki til, sé settur í hendur stofnunar, sem alls ekki er ábyrg gagnvart neinum samkv. frv. nema sjálfri sér og þá í hæsta lagi umbjóðendum sínum, sem eru bændur, minni hluti framleiðenda.

Ég leyfi mér að segja: Slíka hluti getur hv. Alþ. ekki gert. Það getur engin löggjafarsamkoma samþykkt, að ákvörðunarréttur í svo mikilvægu máli sé ekki í höndum ráðherra, sem er ábyrgur gagnvart löggjafarsamkomunni. Ef þessu mikla valdi væri misbeitt af stofnun, sem er ekki ábyrg fyrir neinum, sem hefur alveg úrslitavald um þetta og er ekki ábyrg gagnvart neinum nema sínum umbjóðendum, — en þeir aftur á móti gætu haft stóran hag af því, að alger skortur, alger þurrð væri á þessari vöru í landinu, — ef það er gert, þá getur Alþ. ekki gengið að neinum og gert hann ábyrgan fyrir. En það er meginatriði í okkar stjórnarskipun og stjórnarfari, að framkvæmdavaldið allt sé í höndum ráðherra, sem eru ábyrgir gagnvart Alþingi, og ég vil alls ekki fallast á í nokkrum atriðum, að þetta mikilvæga framkvæmdavald sé tekið með löggjöf úr höndum ábyrgs ráðherra og sett í hendur fámennra hópa, sem enga ábyrgð bera, hvorki gagnvart Alþingi né neinum öðrum en sínum umbjóðendum, allra sízt ef það er aðeins þröngur hringur, sem að slíkum valdhöfum stendur.

Nú kallar hæstv. ráðh. þetta ef til vill ekki málefnaleg rök, en ég vil þá heyra það, hvernig hann færir rök að því, að það sé rétt af Alþingi að fela hópi eða samtökum, hagsmunasamtökum einnar stéttar í landinu, einkasöluvald í þessum efnum. Það er algert nýmæli í löggjöf frá Alþingi. Það er ekki algert nýmæli, að einkasala sé lögfest, en það er algert nýmæli, að einkaréttur til innflutnings á vörum sé falinn örfáum mönnum, að nokkrir aðrir en ríkið sjálft hafi þann rétt. En þetta er sem sé nýjasta útgáfa á kenningum Sjálfstfl. um frjálsa verzlun og frjálsa samkeppni. Nei, héðan af, eftir að hæstv. dómsmrh. hefur gerzt talsmaður þessa frv., ætti Sjálfstfl. alls ekki að minnast á frjálsa verzlun né taka sér í munn nein stóryrði á móti einkasölum eða einokun, eins og hann hefur gert, því að fullkomnari einkasölu og einokun og ábyrgðarlausari í alla staði er ekki hægt að ákveða og lögfesta en hér er gert ráð fyrir.

Ég hafði í ræðu minni í gær leitazt við að sýna fram á, hversu fáránlegt þetta frv. er að öllum búningi. Ég hefði haldið, að hæstv. dómsmrh. hefði líka opin augun fyrir því, hversu óvenjulega tötralegur búningur þessa frv. er. En ég sé nú, að svo er ekki. Hann er reiðubúinn til þess að samþykkja það orði til orðs, og sýnir það hv. dm., hve mikið hann notar sína þekkingu, sem ég veit að hann hefur til þess að dæma um frágang lagafrv., þegar hann getur samþ. þetta frv. athugasemdalaust í þeim búningi, sem það er.

Það var lögð á það talsverð áherzla af hv. frsm. meiri hl. í gær, að það væri til stórra bóta í þessu frv., að framleiðsluráð landbúnaðarins fengi nú meiri áhrif til þess að koma á mati á öllum þeim vörum, sem fjallað er um í þessu frv. Framleiðsluráð hefur haft yfirumsjón með mati á kartöflum, og breytist ekkert um það. En það er alveg víst, það er hægt að fullyrða það hér, að grænmetisverzlun ríkisins, sem hefur farið með verzlunina á kartöflum, hefur átt oft og tíðum í stríði við framleiðsluráð landbúnaðarins um að fá sómasamlegt mat á kartöflum. Það væri hægt að sýna hér dæmi um það, hvernig mat á kartöflum er, til þess að sanna, að það er óverjandi eins og það er í höndum framleiðsluráðs undir þess yfirstjórn, en grænmetisverzlun ríkisins hefur vitanlega eins og aðrir, sem selja vöru, reynt að vaka yfir því, að það væri sómasamleg vara, því að það kemur hverjum seljanda vöru í koll, ef svo er ekki. Það væri hægt að sýna hér kartöflur, sem matsmenn framleiðsluráðsins telja fullboðlega vöru, og það er hægt að sanna, að grænmetisverzlun ríkisins hefur átt í stríði til þess að tryggja neytendum sæmilega vöru undir því mati, sem hún hefur verið.

Það væri því fullkomin ástæða til þess að herða á ákvæðum um mat á þessum vörum, en með þessu frv. er kveðið svo á, að framleiðsluráð landbúnaðarins eigi að hafa bæði söluna á þessari vöru og matið. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að þetta er alveg einsdæmi, að sami aðilinn sem fer með sölu vöru eigi að meta hana í sínar hendur, og þá verður víst ekki um það að ræða, að seljandinn geri ráðstafanir til þess að reka til baka þá vöru, sem hann nú telur fullgóða, en grænmetisverzlun ríkisins hefur ekki talið. Þá væri ekki um slíka árekstra að ræða. Þetta er stórt atriði fyrir neytendur í landinu. Það getur líka verið stórt atriði fyrir framleiðendur í landinu, þann hóp, sem framleiðsluráðið telur sig umboðsmann fyrir, að koma á markaðinn, koma í neytendur vörunni, hvernig sem hún er, og takmarka bara innflutninginn, til þess að þessi vara gangi út. Ég álít það algerlega óhæfu að ganga frá löggjöf á þessum grundvelli, að sami aðili hafi allt í sínum höndum, innflutningsréttinn til landsins, matið á innlendu vörunni og söluna á öllu saman. Það er nýmæli, og það er alveg einsdæmi, að einum aðila sé lagt slíkt einræðisvald í hendur. Og það fer heldur illa á því, að hæstv. dómsmrh. sé að tala hér um einræðisherra, að forstjóri grænmetisverzlunar ríkisins hafi verið einhver einræðisherra. Hér eiga að taka við einræðisherrar. Framleiðsluráð landbúnaðarins verður samkv. þessu frv., ef að lögum verður, alger einræðisherra um innflutning, um mat og um sölu á öllum þessum vörum, og ef eitthvað mistekst í þeim meðförum, þá getur t. d. hv. Alþingi ekkert gert, það get-

ur ekki gert neinn ráðherra ábyrgan fyrir því, því að ráðherra getur sagt: Ja, ég hef ekki úrskurðarvald um það, hvort eigi að flytja erlendar kartöflur til landsins. Það er framleiðsluráðið. Alþingi hefur mælt svo fyrir, að það sé ekki í höndum ráðherra lengur. Það fer eftir dómi framleiðsluráðs. — Og Alþingi getur engan gert ábyrgan fyrir því, sem það á annars aðgang að um allt annað framkvæmdavald.

Það er upplýst, svo að ekki verður um deilt í þessu máli, að að því stendur aðeins nokkur hluti framleiðenda. Það er upplýst, að þeir, sem hafa farið með sölu vörunnar hingað til á annan áratug, bæði þeir, sem hafa veitt forstöðu grænmetisverzlun ríkisins, og þeir, sem hafa starfað að sölu og dreifingu í umboði hennar, eru andvígir þessu frv. og vara við því, að það sé samþykkt. Það er líka upplýst, að neytendur yfirleitt í landinu eru andvígir frv., en þeirra fulltrúar hafa hvergi fengið að koma nærri samningu þess eða frágangi að neinu leyti. Að þessu frv. stendur aðeins *lítill hópur*, framleiðsluráðið, það hefur haft nokkur afskipti af þessum málum, þykir þau ekki vera nóg, það vill fá einræðisvald á þeim. Það er kannske ekki hægt að ásaka það fyrir það. En ég lagði í gær fyrir hv. frsm. nokkrar spurningar um ýmis atriði í sambandi við þessi mál, sem framleiðsluráðið hefur haft framkvæmdavald um. Ég spurði t. d.: Hvers vegna hefur framleiðsluráðið tekið á leigu öll hin svonefndu jarðhús hér, hvað hefur það greitt fyrir þau, og hve mikið hefur grænmetisverzlun ríkisins verið látin greiða framleiðsluráði fyrir minni hluta af þessum blikkhúsum? Ég hafði hugmynd um og lét það í ljós, að þetta væru stórar upphæðir, þar væri t. d. dæmi um fyrirhyggju og stjórnsemi framleiðsluráðs, sem gæti gefið nokkra bendingu um, hvernig mundi vera farið með þessi mál í þess höndum. Ég hef meiningu um það, að framleiðsluráðið sé búið að greiða eitthvað á aðra millj. kr. fyrir leigu á þessum blikkhúsum einmitt þeim manni, sem er vafalaust hinn ókunni höfundur þessa frv. og er vafalaust fyrirhugað að eigi að taka að sér framkvæmdastjórn fyrir framleiðsluráðið í þessum málum, þ. e. a. s. verða þess einræðisherra. Ef þetta fengist nú upplýst, að grænmetisverzlun ríkisins hefði verið þröngvað til þess að greiða upp undir milljón króna fyrir leigu á þessum jarðhúsum, og upplýst hvað framleiðsluráð hefur greitt fyrir leigu á þessum húsum, þá væri það fróðlegt um það, hvernig framleiðsluráð mundi framvegis halda á þessum málum. Það lítur nú út fyrir, að hv. frsm. meiri hl. hafi ætlað alveg að missa málið í þessu máli, og þætti okkur öllum hér í hv. deild vafalaust sorglegt, ef það yrði svo, að hann yrði alveg mállaus. (Gripið fram í.) Ja, maður vonar, að það sé aðeins tímabundið málleysi, en ég skil það vel, að hv. frsm. meiri hl. vilji sem minnst um þetta tala, og ég *skil vel* þá hv. þm., *sem vilja sem minnst um* þetta mál tala. Það sýnir, að þeir hafa þó einhverja sómatilfinningu. Ég bið nú hv. frsm. meiri hl. enn að upplýsa okkur um þessar ráðstafanir framleiðsluráðs í sambandi við sölu garðávaxta á undanförnum árum: Hvað mörgum hundruðum þúsunda hefur það varið í leigu á þessum jarðhúsum? Eru það milljónir? Og hvað mikið hefur hinn ókunni höfundur þessa frv., sem skrifaði um það vísindalega ritgerð, fengið? Hvað hefur kostað undirbúningur þessa máls?

Ég skil það vel, að hv. þm. vilji alls ekki ræða hin einstöku atriði þessa frv., því að þau eru alveg *einstæð í frv.*, sem auk þess á að samþ. óbreytt. En það er auðséð og ekki sízt af undirtektum hæstv. dómsmrh. um þetta mál, að það á að beita valdinu. Það eru *einstakir valdhafar* Framsfl., sem eru með þessu máli að sýna sínum flokksmönnum, að þeir hafi valdið og geti beitt því, *og þeir eru líka að sýna samstarfsflokknum*, að þetta mál eins og það sé skuli hann verða að samþykkja, það skuli ofan í þá, hvað *mikið sem þeir tala um frjálsa verzlun og* frjálsa samkeppni. Á eftir er svo hægt að hafa pólitíska verzlun.

Það er ekki alveg *nýtt* hér á hv. Alþ., að þessi aðferð sé viðhöfð, að valdaflokkar sýni, að þeir geti beitt valdinu, þeir geti fengið þm. sína til *þess að samþ.* hvað sem er. Það var hér í fyrra eitt frv. á ferðinni. Það var um það að svipta löglega kosna sveitarstjórn sínu umboði. Tilgangur þess var *augljós*. Hann var aðeins sá að losna við þá, sem fólkið hafði kosið í heilu sveitarstjórnarkjördæmi. Uppi var svo hægt að hafa ýmis yfirskinsrök *í því máli eins og í þessu máli*, en forðast raunar allar umr. (**Forseti**: Ég vildi nú biðja hv. frsm. að halda sér við efnið, en ekki vera að *blanda öðrum óskyldum málum hér* inn í.) Mjög sambærilegu máli. Þetta mál, Kópavogsmál, var mjög frægt, og það sýndi sig auðvitað, að hv. *stjórnarflokkar og þeirra taglhnýtingar* gátu komið því fram hér á Alþ. Þeir geta komið öllu fram, hversu fráleitt sem það er. En það *sýndi sig*, að *þeir gátu samt ekki beitt valdi* fólkið, sem hlut átti að máli. Og það mun sýna sig náttúrlega, að þeir geta komið þessu máli fram, en það mun *líka sýna sig*, að það mun *ekki* verða neinn friður um þessi mál, hverjum sem það kann nú að vera til hagsbóta. Það verður ekki neinn friður um þetta *mál*, ef *því* verður fram haldið eins og nú er stofnað til þess, eins og stofnað er til þess með þessu frv. Þeir flokkar, *sem stóðu að Kópavogsmálinu í fyrra, hafa* fengið af því mátulega vanvirðu, en þeir munu hafa sams konar vanvirðu og skaða af þessu *máli. Þeir munu hafa það af hverju máli*, sem er barið fram hér á hv. Alþingi gegn öllum rökum og heilbrigðri skynsemi. Það er alveg ósýnt, hvað *bændur hafa mikinn hag af því* að stofna til ófriðar um þessi afurðasölumál þeirra á þeim grundvelli, sem nú er gert. Það er alveg ósýnt, hvort þeir, *sem þykjast tala hér fyrir hagsmunum* bænda í þessu máli, færa bændum nokkurn hag með samþykkt þessa frv. Það eru sannar*lega fleiri en bændur, sem eiga hér hlut að máli.* Það er alveg víst, að bændur eiga mest undir því komið, að friður ríki um þeirra afurðasölumál *og að neytendur í kaupstöðum og kauptúnum* landsins skilji hagsmunaástæður bænda. En þetta mál er ekki flutt á þeim grundvelli. Það er flutt *á þeim grundvelli, að það sé hægt að beita* þingvaldi flokka til þess að fá bændum hér einkarétt, sem þeir hafa sannarlega ekkert með að gera og getur ekki orðið þeim til hags. Ég skil raunar

ekki, að það sé viturlegt af þeim mönnum að sækjast eftir því eða taka við því. Ég skil ekki í því, að það sé neinum til hags, þegar málið er skoðað niður í kjölinn, að fá vald, sem hann á engan rétt til og hefur ekki til unnið.

Það er alveg ljóst orðið af þessu máli, að mikill fjöldi manna í kaupstöðum og kauptúnum landsins gerir sér ljóst, að hér er ekki litið á hagsmuni heildarinnar, hér er aðeins litið á hagsmuni lítillar klíku. Það mun ekki stuðla að neinni varanlegri góðri lausn á þessum málum fyrir bændur.

Hitt er svo annað mál, og það hef ég alltaf vitað, að ef hv. stjórnarflokkar koma sér saman um að berja mál fram hér á þingi gegn rökum og skynsemi, þá geta þeir það. Þeir geta það í þessu máli. En þeir skulu vita það, að þetta er ekki smámál, þetta er stefnumál. Annars vegar mun Framsfl. lýsa með sinni afstöðu í þessu máli því, að hann vill ekki á nokkurn hátt líta á eða hlusta á raddir framleiðenda og neytenda í kaupstöðum og kauptúnum landsins í afurðasölumálum bænda. Hins vegar er svo Sjálfstfl. Hann tekur líka stefnu og gefur stefnuyfirlýsingu í þessu máli. Hann er reiðubúinn til þess að fylgja einkasölu, fullum einkasöluréttindum, jafnvel í höndum fámenns hóps manna. Hann ætti því ekki að tala um frjálsa samkeppni lengur, að hann sé með henni. Hann vill hana ekki. Hann vill ekki einu sinni, að það sé ríkið og ríkisvaldið eitt, sem þá taki frelsið af mönnum, heldur megi gefa það vald fámennum hópi úr einni stétt. Og Framsfl. sýnir, að honum liggur það í léttu rúmi, hvort það geti orðið skilningur ríkjandi milli framleiðslustétta í kaupstöðum og kauptúnum og framleiðslustétta í sveitunum og frá öðru sjónarmiði neytendanna í kaupstöðum og kauptúnum og bænda í sveitunum sem framleiðenda. Þetta er hægt að fullyrða. Þetta mál er ekki svo lítið, það kemur fram í því stefna þessara hv. stjórnarflokka. Hún lýsir því, að þeir hika ekki við að beita sínu valdi, sem þeir hafa að vísu fengið á lýðræðislegan hátt, beita því eins og einræðisflokkar. Þeir munu svo verða að taka ábyrgð á því að verja þessa stefnu sína, sem felst í þessu frv., frammi fyrir kjósendum. Það kemur að því fyrr eða síðar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er von, að margt skolist á langri leið, þegar menn verða fyrir því eins og hér, að á ekki lengri leið en yfir hálfan deildarsalinn er alveg rangfarið með þau orð, sem berast. Ég lýsti því yfir í þeim fáu orðum, sem ég mælti áðan, að ég væri ekki búinn að taka fullnaðarákvörðun um afstöðu mína til þessa máls. Þetta var alveg skýr og ótvíræð yfirlýsing. Svo kemur hv. 6. landsk. (FRV) og ræðst hér harkalega á mig fyrir það, að ég hafi lýst fullum og eindregnum stuðningi við málið, þvert ofan í það, sem ég gerði. Það mun koma í ljós á sínum tíma, hvernig ég greiði atkv., og það mun fara eftir þeim rökum, sem fram eru flutt. Ég lýsti hér eftir því, að á það væri bent, á hvern veg sú skipun, sem ráðgerð er í þessu frv., yrði óhentugri neytendum en sú skipun, sem verið hefur, og ég tók alveg skýrt fram, að ef sýnt væri fram á, að hallað væri á neytendur frá því, sem nú er í lögum, þá mundi ég ekki styðja það. Það var vegna þess, að ég heyrði hv. þm. í gær ekki geta sýnt fram á þetta, sem ég varð fyrir vonbrigðum af hans málflutningi, og vonleysi hans um að geta sýnt fram á, að hallað sé á neytendur frá því, sem verið hefur, kemur fram í því, að þegar ég lýsi eftir þessum rökum og segi, að afstaða mín í málinu muni fara eftir því, hvort þau muni koma fram eða ekki, þá skilur hv. þm. það svo eða segist skilja, að ég hafi talað eindregið með frv.

Ræða hans nú staðfesti í einu og öllu þá skoðun, sem ég lét uppi hér áðan, að það er síður en svo, að frv. þetta horfi í meiri einokunar- eða einræðisátt en sú lögskipun, sem nú er. Breytingin er sú, að það, sem nú er í hendi eins manns, forstjóra þessarar einkasölu, á að koma í hendur margra manna, sem valdir eru úr hópi og af einni fjölmennustu stétt þjóðarinnar. Út af fyrir sig þarf það ekki að lýsa neinu vantrausti á núverandi forstjóra einkasölunnar, þótt menn telji það einræðisvald, sem hann hefur, betur komið í höndum fjölmenns ráðs, framleiðsluráðsins, en í hans eigin höndum. Hann hefur nú í hendi sér fullnaðarákvörðunarvald um, hvort flytja megi nokkurt nýtt grænmeti til landsins. Hann þarf ekki að spyrja neinn um það, hvaða ákvörðun hann tekur um þetta. Hann hefur um þetta úrslitavald. Sú breyting, að nú eigi að leita samþykkis framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem á að fá yfirstjórn þessarar einkasölu, er því engin önnur en sú, að margir menn eiga að taka ákvörðun um það, sem einn maður hefur tekið ákvörðun um fram að þessu.

Það er svo að vísu rétt, sem hv. þm. sagði, að einokunarforstjórinn er ábyrgur gagnvart landbrh., og landbrh. getur þá vikið honum frá, ef honum sýnist þessi einokunarherra fara ranglega með sitt vald. En alveg á sama veg getur Alþ., hvenær sem er, breytt þessum lagaákvæðum og tekið valdið úr höndum framleiðsluráðsins, ef meiri hl. Alþ. telur, að það hafi misbeitt sínu valdi. Hér er í hvorugu tilfellinu um neina endanlega ákvörðun að ræða. Vissum aðilum er fengið ákveðið vald, en í báðum tilfellum er það Alþ., sem verður að lokum að meta, hvort réttilega er með valdið farið, og ef framleiðsluráð landbúnaðarins heldur þannig á þessu valdi, að meiri hl. Alþ. telji óviðunandi, þá verður valdið vitanlega af því ráði tekið, alveg eins og meiri hl. Alþ. gæti knúið landbrh. til þess að setja einokunarforstjórann frá, ef hann færi mjög ranglega með sitt vald, og er vald Alþ. í báðum tilfellum mjög hliðstætt og þó raunar öllu beinna um að taka aftur með löggjöf það vald, sem veitt hefur verið með löggjöf, heldur en þau óbeinu áhrif, sem það getur haft á landbrh.

Það er því alger misskilningur hjá hv. þm., og ég veit, að hann veit betur, þegar hann er að tala um þetta sem eitthvert einræðisfrv. og að menn vilji beita hér valdi og kúgun. Í þessu felst ekkert í þá átt. Það má auðvitað deila um, hvort þessi skipun sé hagkvæm. Ég lýsti þeirri skoðun minni, að ég tel alla þessa þvingun vera óhagkvæma og óskynsamlega. Ég mundi telja miklu réttara að losa hér verulega um og veita stóraukið frjálsræði frá því, sem verið hefur. Og

þau mótmæli, sem fengizt hafa frá neytendum gegn þessu frv., byggjast einmitt eingöngu á því, að menn eru á móti þvinguninni. En þá gleyma menn því, að þvingunin er til í núverandi löggjöf og er einmitt enn harkalegri en hún á að verða, þar sem nú er það einn maður, sem fer með það vald, sem hér eftir á að verða í höndum fjölmenns hóps. Það var einmitt mjög eftirtektarvert, að í grein, sem fulltrúi neytendasamtakanna ritaði um þetta mál, sagðist hann alveg sleppa því að minnast á grænmetiseinkasöluna eins og hún væri, heldur fór og rakti einungis gallana á frv. eins og það er séð frá neytendum. En það tjáir ekki að nálgast málið á þann veg. Það, sem á ríður frá sjónarmiði neytenda, er að bera saman þá skipun, sem er, og frv. Eins og ég hef sagt áður: Ef hægt er að sýna mér fram á, að frv. leiði til óhagkvæmari skipunar fyrir neytendur en nú er, þá mun ég verða á móti þessu frv. En ef breytingin er ekki önnur en sú að færa vald úr höndum einkasöluforstjóra, eins manns, í hendur fjölmenns ráðs fulltrúa bændastéttarinnar, þá tel ég það horfa til aukins frjálsræðis og svo langt sem það nær þó vera til bóta, þó að ég telji það ekki til fullra bóta.

Ég vildi beina því til hv. frsm. minni hl., hvort hann mundi ekki telja réttara að taka aftur sínar brtt. til 3. umr., þannig að það gefist kostur á að athuga þær betur í einstökum atriðum. Hv. þm. ræður því auðvitað, hvort hann gerir það eða gerir það ekki. Það getur farið fram betri íhugun málsins, ef það verður gert nú, en hann um það.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það var aðallega sú ósk frá frsm. minni hl., hv. 6. landsk. (FRV), að umr. verði frestað nú, sem gaf mér tilefni til þess að standa upp.

Hann hefur sjálfur flutt till. um rökstudda dagskrá, og vitanlega gengur hún fyrir og verður borin upp fyrst. Ef honum er annt um, að till. fái að ræðast í nefnd, þá er náttúrlega sjálfsagður hlutur, að hann taki þær aftur til 3. umr. og leyfi n. að ræða þær milli umr. Annars leikur hann sér að því að láta þær koma fram núna á eftir, án þess að nefndin geti athugað þær. Rökstudda dagskráin kemur vitanlega fyrst. Verði hún samþykkt, þá eru þessar till. búnar að vera og frv. allt. Verði hún ekki samþykkt, heldur felld, þá fer málið til 3. umr., og þá tekur hann sínar till. aftur og n. athugar þær milli umr. Þetta liggur eins ljóst fyrir og hægt er að vera. Vilji hann hins vegar ekki taka þær aftur til 3. umr. nú, þá koma þær til atkvæða núna, og þá er ekkert um það að segja. En vitanlega er engin ástæða til að fresta málinu núna, því að hann hefur nógan tíma til að taka þær aftur og leyfa okkur að ræða þær á milli umræðna, ekki sízt þegar helgi fer í hönd og engir fundir verða, en nógur tími til nefndarstarfa. Ég vona þá bara, að hann og aðrir komi á fund, þegar hann er boðaður, til að ræða þetta, en láti sig ekki vanta og þurfa að bíða daga eftir að geta haldið fund með þeim.

Margt annað skal ég ekki segja. Ég heyrði það á ræðu hv. 6. landsk., að hann þekkir einhverja kúgun og dæmir mann af sér og heldur, að aðrir þm. séu kúgaðir. Ja, það dæmir hver um þá kúgun, sem hann þekkir. Það verður að hafa það. Ég vísa því frá mér, að ég sé á nokkurn hátt kúgaður, hvorki í þessu máli né öðru. Ég hef aldrei þekkt neina slíka kúgun. En hann þekkir þetta í sínum flokki, og því býst hann við, að henni sé beitt í öðrum flokkum. Hann getur þess vegna ætlað af því, að það sé sama með aðra. Hann um það.

Ég er ósköp tregur til að hlýða á gróusögur og því síður að svara gróusögum, og ég nenni þess vegna ekki að svara því, sem hann yfirleitt var að fleipra með, sem eru gróusögur, teknar upp á götunum í bænum. Hitt vil ég upplýsa, af því að hann virðist ekki vita það, að þetta frv., sem lagt er fram í Nd. af landbrh., var undirbúið af 5 manna nefnd, sem mig minnir að í sætu Jón alþm. á Reynistað, Sverrir Gíslason í Hvammi, Björn Jóhannesson jarðeðlisfræðingur við atvinnudeildina, Unnsteinn Ólafsson skólastjóri á Reykjum í Ölfusi og Helgi Pétursson forstöðumaður í Sambandinu. Þessir 5 menn sömdu frv. í hendur landbrh. Af því að honum virtist vera ókunnugt um þessa nefnd eða a. m. k. mundi ekki eftir henni í bili, þegar hann var að tala, þá ætla ég bara að upplýsa þetta. Og ég hygg, að í þeirri nefnd hafi komið fram bæði sjónarmið bændanna, þar sem í henni voru bæði Jón á Reynistað og Sverrir úr framleiðsluráðinu, sem setið hafa á öllum þeim stéttarsambandsfundum bænda, sem höfðu málið til meðferðar frá 1948 og þangað til sumarið 1955 og alltaf heyrt þeirra samþykktir og þeirra kröfur. Unnsteinn var þar fyrir hönd ylræktarmannanna a. m. k. og reyndar allra garðræktarmanna, þar sem hann er skólastjóri garðyrkjuskólans. Og það má þá segja, að hinir tveir, sem eru Reykvíkingar og búa hér í Reykjavík og þurfa að kaupa hér matjurtir, mættu kannske teljast að einhverju leyti að minnsta kosti fulltrúar neytenda, þó að annar þeirra hafi líka umsjón með sölu, þar sem hann er forstjóri að einni deild Sambandsins, sem selur innlendu vöruna, og ættu þeir þess vegna að vera þeim málum kunnugir líka. Þessir menn undirbjuggu frv.

Að öðru leyti skal ég ekki fara inn á málið meira, en endurtaka það, sem ég sagði í gær, að það er fyrst og fremst ósk bændanna, sem að framleiðslunni stóðu og standa, enda þótt þátttaka bæjarmannanna á seinni árum hafi orðið meiri. Það hefur skapazt aðstaða sérstaklega hér í Reykjavík til þess, að unglingar gætu átt meira við garðrækt en áður, og þeirra aðstaða til þess breytist á engan hátt frá því, sem nú er. Þeir geta ræktað allar sínar kartöflur sjálfir hér, alveg eins og þeir gerðu, og ef þeir vilja selja þær í heildsölu og hafa meira en handa sjálfum sér, þá er heildsalan til til að taka á móti þeim, alveg eins og hún var, og ef þeir vilja selja þær einhverjum privatmanni, þá er smásöluverzlunin alveg eins og var. Um það breytist ekki aðstaða þeirra á nokkurn veg fyrir þetta. Það er þess vegna mjög langt frá því, að það þess vegna sé ástæða til þess að vera á móti frv. Hitt er annað mál, að neytendur mundu kannske geta fengið ódýrari framleiðslu, ef allur innflutningur á öllu grænmeti væri gefinn frjáls og ef alltaf væru hér

á markaðnum útlendar kartöflur, sem keyptar væru erlendis fyrir á milli 40 og 50 kr. tunnan. En hve mikið yrði þá eftir af ræktun hér á landi, það er allt annar háleistur. Það verða ekki ræktaðar kartöflur hér á landi til að seljast á sama verði og innfluttar. Alveg sama er að segja um káltegundir. Nokkrir menn hér í Reykjavík lifa beinlínis á matjurtarækt í kaldri jörð, káltegundum og öðru, sem þeir selja að sumrinu. Ég er ekkert viss um, ef öll slík verzlun yrði gefin frjáls og alltaf væri hér kál á markaði, að kál yrði ræktað hér. Útlent kál kostar um helming af því, sem það kál kostar, sem ræktað er hér. Ég er ekki alveg viss um, hvort það yrðu þá margir, sem legðu sig ákaflega mikið eftir því að rækta garðmat, ef alltaf væru nægar birgðir af þeim erlenda. Ég er ekki viss um það. Þetta sjónarmið snýr að heildinni, en ekki bara að neytendum. Það er þess vegna, sem það opinbera hefur nú í mörg ár haft takmörkun á innflutningi á garðmat. Það er til að halda uppi garðmatarframleiðslu í landinu sjálfu, og gildir þetta fyrir alla framleiðslu, hver sem hún er. Framleiðsluverð er allt annað hér á landi en í öllum okkar nágrannalöndum. Það gildir ekki bara um garðmat, þetta gildir líka t. d. um mjólk og kjöt, og ég geri ráð fyrir, að ef einhver vildi fara að flytja inn fisk, þá gæti hann hæglega selt hann hér ódýrari en fiskur er hér í búðum. En það bara dettur engum í hug að gera það. Það er vandalaust að gera það, því að framleiðsluskilyrðin eru öll dýrari hér á landi en í öðrum löndum og alveg sama hvað þar er um að ræða. Iðnaðinn höfum við verndað með háum verndartollum, og hitt höfum við verndað með því að láta ekki flytja vörurnar inn, nema þegar þær vantar. Meðan svo ríkið ver fé til þess að borga niður verð á kartöflum, eins og gert hefur verið í mörg ár, þá er eðlilegt, að það vilji hafa hönd í bagga með um hagnaðinn, sem af sölunni kemur. Það hefur verið gert í gegnum einkasöluna, síðan farið var inn á þessa leið, og mun sjálfsagt líka halda því áfram, í hvers hendur sem það lætur einkaleyfi á innflutningnum í framtíðinni. Það er líka ósköp eðlilegt. Mér finnst það svo eðlilegt sem mest getur verið, og þó að ég sé ekki með einkasölum yfirleitt, þá þykir mér, eins og þau mál liggja núna, eðlilegt, að ríkið vilji hafa það í sínum höndum til þess einmitt að verðmiðla, lækka verðið á því innflutta og hafa svipað verð allt árið, eins og hefur verið gert. Þetta finnst mér alveg sjálfsagður hlutur.

Ég skal svo að síðustu taka það fram fyrir mína hönd og sjálfsagt margra, kannske allra, sem standa að þessu máli, — ég veit það ekki, en ég geri ráð fyrir því, — að það er svo ákaflega langt frá, að það sé nokkur vottur af nokkurri persónupólitík í þessu máli. Hv. 6. landsk. þm. hélt, að þetta væri eitthvað til að bola einhverjum mönnum frá og koma einhverjum öðrum að. Og hann vissi miklu meira, því að hann vissi, hver átti að komast að, og alla skapaða hluti vissi hann um það. Hann hafði heyrt það einhvers staðar hérna niðri í Hafnarstræti eða kannske uppi á Grettisgötu eða ég veit ekki hvar. En ég hef ekki hugmynd um neitt af þessu, og það er langt frá því, að það sé nokkur vottur af nokkurri persónupólitík í málinu frá minni hálfu. Það er bara mál, þar sem mér finnst eðlilegt að standa með stéttarsamtökum bænda, sem standa einhuga á öllum sínum fundum að málinu.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Hv. frsm. meiri hl. hefur nú fengið málið aftur í þessu máli, og vona ég, að það verði framhald á því, svo að það verði hægt að ræða við hann nánar um þetta mál. Hann sagði, að ég hefði farið með gróusögur af götunni um þetta mál. Það er langt frá því. Ég spurði hann um ákveðin atriði, sem ég áleit að væru alls ekki þýðingarlaus og væri fróðlegt að fá upplýst. Hann forðaðist að upplýsa þau. Ég get sagt honum, að ég veit um það, sem ég fór með. Ég veit um stríð grænmetisverzlunar ríkisins við matið, sem á að fara fram á kartöflunum, og ég veit, hvað það er mikils virði fyrir neytendur, að það sé strangt mat á þessum vörum og vel haldið á því, og það er í höndum framleiðsluráðs. Það ber ábyrgð á því. Í þessu frv. er svo gert ráð fyrir því, að þetta verði ekki eins og það hefur verið, heldur verði framleiðsluráðið einnig einkaseljandi þessarar vöru í landinu, og það tel ég óhæft. Ég veit líka um þá leigu, sem grænmetisverzlun ríkisins hefur verið skipað að greiða framleiðsluráði. Ég veit um það. Hv. frsm. vill auðvitað ekki fara út í að upplýsa hv. þdm. um þessa hluti, hve mörg hundruð þúsunda hafa verið greidd fyrir þetta til framleiðsluráðs og hvernig þau mörg hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir hafa verið greiddar framleiðsluráði fyrir þessi hálfónýtu blikkhús, sem það hefur tekið á leigu fyrir mörgum árum.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að hann teldi eðlilegt, að ríkið hefði einkasölu. Veit þá hv. frsm. meiri hl. ekki, hvað stendur í þessu frv. og um hvað er deilt? Í þessu frv. er einmitt gert ráð fyrir því, að ríkið hafi ekki einkasölu. Ríkið hefur haft einkasölu um 20 ára skeið, en með þessu frv. er gert ráð fyrir, að hún verði lögð niður, ríkið láti einkasöluna úr sínum höndum í hendur eins stéttarsambands. Ef hv. frsm. er á því, að ríkið eigi að hafa einkasölu á þeim vörum, sem það bannar borgurum sínum innflutningsrétt á, þá ætti hann að vera á móti þessu frumvarpi.

Ég lagði einmitt höfuðáherzlu á það í minni framsöguræðu í gær, að það, sem breytt væri með þessu frv., væri ekki einkasalan sjálf, það væri haldið áfram einkasölurétti til innflutnings á kartöflum og grænmeti, en hún færðist úr höndum ríkisins í hendur lítils hóps manna, og það er það, sem ég tel óhæfu, þess vegna hefði hæstv. dómsmrh. getað alveg sparað sér að fara mörgum orðum um það, að ef menn væru á móti einkasölum yfirleitt, þá hlytu þeir að vera jafnt á móti einkasölu grænmetisverzlunar ríkisins eins og einkasölu framleiðsluráðsins. Á því er mikill munur, vegna þess að framleiðsluráðið er bundið við hagsmuni nokkurs hluta framleiðenda. Það er bundið við hagsmuni, en það er ríkið ekki. Ríkið hefur byggt alla sína löggjöf um þessi mál á því, að sá aðili, sem fer með einkasölu núna, er samkvæmt lögum skyldugur til þess að líta jafnt á hag neytenda sem framleiðenda. Framleiðsluráð

landbúnaðarins hlýtur af eðlilegum ástæðum að líta fremur á hag framleiðenda, sinna framleiðenda, það eru því miður ekki allir framleiðendur í landinu, það er minni hluti þeirra.

Ef svo er rætt annars vegar um grænmetisverzlun ríkisins sem einkasölu, einokun eða hvað sem hv. þm. vilja kalla það, þá er það ekki nema sjálfsagt. Grænmetisverzlun ríkisins hefur farið með þennan einkasölurétt í nær 20 ár. Sömu menn hafa veitt þessari einkasölu forstöðu í 13 ár, ef ég man rétt. Hefur þá þessu mikla valdi, sem hæstv. dómsmrh. útbreiddi sig svo mikið um, verið misbeitt? Það væri eðlilegt, að það væri rætt hér í sölum hv. Alþ., þegar á að leggja þessa stofnun niður, en það fæst ekki. Hér eru ekki bornar fram neinar ásakanir á þá menn, sem hafa farið með þessa einkasölu, þessa einokun, þessa einræðisherra, sem hæstv. dómsmrh. kallar svo. Ekki ein einasta, sem menn vilja standa við. Því hefur verið fleygt fram hér af yfirmanni þessarar einkasölu, að hún hafi brotið lögin um sölu á kartöflum 1943 með því að styrkja ekki ræktun. Þetta hefur verið hrakið og er staðleysa. En ef grænmetisverzlun ríkisins og forstöðumenn hennar hafa brotið af sér í 13 ára starfi, hví hefur þá ekki komið fram, í hverju það er? En þá mætti líka spyrja: Af hverju hefur þá ekki hæstv. landbrh. eða þeir landbrh., sem verið hafa yfirmenn þessarar stofnunar, skorizt í leikinn? Af hverju hafa þeir ekki tekið í taumana? Og þegar hæstv. dómsmrh. segir: Ef ég yrði alveg sannfærður um það, að hlutur neytenda yrði verri, eftir að þetta frv. verður samþ., en hann hefur verið undanfarið — væri þá ekki eðlilegast að ætlast til þess af honum, að hann sýndi fram á, að hann hefði ekki verið góður? Hefur grænmetisverzlun ríkisins í starfi sínu brotið rétt á neytendum? Hefur hún leikið neytendur grátt? Mér þykir það ótrúlegt, af því að það hafa ekki komið fram ásakanir í þá átt, svo að mér sé kunnugt. Svo má auðvitað lengi deila um það, hver hlutur neytenda verður að samþykktu þessu lagafrv. Reynslan ein getur skorið úr því, en það má að vísu færa að því ýmsar líkur, hver hann verður. Einkasöluréttur-inn er hinn sami, en hann er í höndum framleiðenda, hann er í höndum þeirra manna, sem hafa hag af því, að verð á kartöflum sé sem hæst og að það sé sem minnst flutt inn af kartöflum. Ákvörðunarréttur um hvort tveggja, verðið og innflutninginn, er í höndum þessara sömu manna. Þess vegna eru líkur til þess og engin móðgun við þessa menn, sem líta á hagsmuni sinna umbjóðenda fyrst og fremst, að gera ráð fyrir því, að hagur neytenda verði ekki betri, heldur verri. Svona er mín röksemdafærsla í þessu máli, og ef hæstv. dómsmrh. segir, að þetta séu engin rök, af því að það sé engin reynsla fyrir um það, að hlutur neytenda verði verri með þessari löggjöf, þá hann um það.

Það eru einmitt þau neytendasamtök, sem eru til, sem hafa mótmælt frv. Vegna hvers? Ekki eru þau pólitísk, ekki eru þau að berjast fyrir vinstri samvinnu og vinstri stefnu í landinu, eins og hæstv. dómsmrh. var að væna okkur um að væri nú aðalatriðið fyrir okkur, sem andmælum þessu frv. Neytendasamtökin í Reykjavík hafa mótmælt þessu frv. með rökum, vegna þess að þau telja líklegt, að hlutur neytenda verði verri. Flokksbræður hæstv. ráðh. hér á hv. Alþ. og í bæjarstjórn Reykjavíkur hafa mótmælt þessu frv., vegna þess að þeir óttast, að hlutur neytenda í Reykjavík verði verri.

Ég hafði með tilliti til hv. meðnm. minna í landbn. og þá fyrst og fremst hv. formanns mælzt til þess, hvort hann vildi ekki fallast á eða þeir, að þessari 2. umr. málsins yrði frestað og n. tæki málið til athugunar í því hléi og þar með mínar brtt. Hann gaf engin svör um þetta, lofaði hins vegar að taka brtt. til athugunar fyrir 3. umr. að þessari 2. umr. lokinni. Ef þess er ekki neinn kostur, að þessari umr. verði frestað og n. snúi sér að því að athuga till., mun ég taka till. aftur til 3. umr., sérstaklega eftir yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. um það, að hann og þá væntanlega líka hans flokksmenn, flokksbræður, vildu líta á þær gaumgæfilega og athuga, hvort þeir gætu fylgt þeim.

Ég mun svo ekki tefja umr. um þetta mál lengur að þessu sinni. Ég held ekki uppi umr. hér í hv. d. til þess að tefja framgang mála. Ég vil fá tíma til þess að gera grein fyrir minni afstöðu til mála, og það hef ég gert í höfuðatriðum til þessa máls, og verður svo að ráðast, hvað verður um mínar till., sem fyrir liggja.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 416 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 429 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:4 atkv.

Á 80., 82. og 83. fundi í Ed., 5., 8. og 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 85. fundi í Ed., 15. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 387, 416, 429, 452).

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það atvikaðist þannig, að hv. form. landbn., 1. þm. N-M. (PZ), var veikur og bað mig að mæta fyrir sig í landbn., þegar hún tæki til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir að nýju. Nú er þessi hv. þm. ekki viðstaddur, og tel ég mér þá skylt í annað sinn að mæta í þessu máli fyrir hans hönd að vissu leyti og gera grein fyrir brtt., sem landbn. flytur á þskj. 452.

Nefndin tók málið til athugunar á ný, og það varð samkomulag allra nm. að bera fram áðurnefndar brtt. Það kom í ljós við umr. málsins, að í 2. gr. voru ákvæði, sem talið var að mætti misskilja eða væru þannig orðuð, að vafasamt væri, að þau yrðu skilin á þann hátt, sem ætlazt var til. Það hefur sem sé aldrei verið til þess ætlazt, að framleiðsluráð fengi neitunarvald, þegar um það væri að ræða, að skortur væri á kartöflum í landinu eða garðávöxtum og þyrfti að flytja inn eða álitið væri að þyrfti að flytja inn. Þó að bændastéttin sé hófsöm og treysta mætti því, að hún mundi ekki beita því, sem mætti telja að falizt gæti

í frv., eins og það liggur fyrir, þ. e. a. s. neitunarvaldi, þá er réttara, og það var álit landbn., að orða þetta tvímælalaust, og því er lagt til, að breytingar verði gerðar á tveim atriðum í 2. gr. og það skýlaust látið koma fram, að hér á aðeins að vera um ráðgefandi vald að ræða.

Breytingarnar eru:

a) Að í stað orðanna „leita samþykkis framleiðsluráðs“ í 1. málsl. komi: leita álits og till. framleiðsluráðs. — En það mun vera alveg hárrétt orðað, miðað við það, sem ætlazt var til í upphafi að framleiðsluráð hefði aðstöðu *til að gera, að gera till. og segja sitt álit* um það, hvort framleiðslan í landinu væri nægileg til þess, að ekki þyrfti á innflutningi að halda, og það verður að teljast eðlilegt, að fulltrúar bændanna, sem framleiða, séu um þetta spurðir og gefi sínar upplýsingar.

b) Að í stað orðanna „notkunarþörfinni að *dómi framleiðsluráðs*“ í 2. málsl. komi: neyzluþörfinni — en „að dómi framleiðsluráðs“ falli niður, því að dómsorð á framleiðsluráð ekki að hafa í þessu efni, og úr því að farið var að breyta, þótti viðfelldnara að segja „neyzluþörfinni“ en „notkunarþörfinni“.

Þá er 2. brtt., að f-liður orðist svo í 4. gr.: „*Framleiðsluráði er heimilt* að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félög á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.“

Hér er um að ræða, að eggjaframleiðendum er veitt eftir till. sama aðstaða og gróðurhúsamenn eða garðyrkjumenn eiga að hafa. Þetta er samkvæmt fram kominni ósk eggjaframleiðenda, sem lá fyrir bréflega í n., enda eðlilegt, að þeir njóti sömu aðstöðu og hinir, sem ég nefndi.

Þá er 3. till. við 5. gr., orðið „matjurtum“ í 1. málsl. falli brott. Það lítur út fyrir, að það hafi orðið af vangá við afgreiðslu málsins í Nd., sem gerði nokkrar breytingar að því er matjurtirnar snerti, að þetta orð varð eftir, og er í ósamræmi við lögin og talið sjálfsagt að leiðrétta það, þó að ekki hefði nú sennilega af þessu hlotizt neinn skaði. En úr því að farið var að gera brtt., þótti rétt að gera þessa leiðréttingu, til þess að þarna væri ekki ónýtt orð sem leifar af því, sem áður var í frv.

Hv. 6. landsk., sem hefur lagt fram brtt. á þskj. 429, er samþykkur þessum brtt. frá n., hún er einhuga um að leggja þær til, og ég geri ráð fyrir því, að hann taki aftur þær sérstöku brtt. sínar á þskj. 429, sem verða óþarfar, þegar þessar brtt. koma fram, sem hann hefur líka sætt sig við.

Að öðru leyti leggur meiri hl. landbn. til, að frv. verði ekki breytt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég gat þess við 2. umr., að ég mundi marka mína afstöðu til þessa máls eftir því, hvort ég teldi, að frv. hefði í sér fólgnar búsifjar fyrir neytendur frá því, sem verið hefur, eða ekki, og mundi ekki treysta mér til að verða með frv., ef það gerði hag neytenda að einhverju leyti verri en hann hefur verið. En ég tók það skýrt fram, að ég teldi þá breytingu út af fyrir sig, að *afnumin væri ríkiseinkasala og forstaða* stofnunarinnar fengin fjölmennu ráði bænda, ekki horfa neytendum til ills, heldur út af fyrir sig, svo langt sem hún næði, mundi hún leiða til þess, að meira frjálsræði og sanngirni yrði í störfum þessarar stofnunar en verið hefur. Hinu lýsti ég jafnframt, að ef hægt væri að fá samkomulag um að afnema einkasöluna alveg, hvort heldur ríkiseinkasölu eða einkasölu í því *formi*, sem ráðgert er í þessu frv., þá mundi ég verða því samþykkur. Að athuguðu máli er það ljóst, að enginn meiri hl. er fáanlegur til þess á Alþingi að afnema einkasöluna, heldur er ágreiningurinn um það eitt, hvort hún eigi að vera í höndum eins stjórnskipaðs embættismanns eða undir yfirstjórn hins fjölmenna framleiðsluráðs, og eins og ég sagði áður, þá er ég, úr því að um þá tvo kosti er að velja, því sammála, að betur fari á og meiri sanngirni sé að vænta af framleiðsluráðinu en þessum eina stjórnskipaða embættismanni, sem þessi mál hefur að öllu haft undir sínni stjórn fram að þessu.

En við athugun á frv. kom í ljós, að 2. gr., eins og hún er óbreytt, felur í sér verulegar kvaðir á neytendur frá því, sem verið hefur, ekki fyrst og fremst varðandi grænmetið, vegna þess að einkasöluforstjórinn hefur haft það alveg í hendi sér, hvort leyfður skyldi innflutningur á grænmeti eða ekki, og það horfir þess *vegna* ekki í ófrelsisátt, þó að framleiðsluráðið tái þau úrslitaráð, sem einkasöluforstjórinn hefur haft áður. Ég tók það fram við 2. umr., að ef breytingin í gr. væri ekki meiri en þessi, þá væri ekki hægt að segja, að hér væri hallað á neytendur frá því, sem verið hefur. En í ljós kom, að það synjunarvald á innflutningi og *útflutningi allra landbúnaðarafurða, einnig* annarra en grænmetisafurða, sem í frvgr. er fengið þeirri stofnun, sem hér um ræðir, er algerlega nýtt. Slík heimild hefur ekki áður verið í lögum, og ég og nokkrir fleiri þm. d. vorum ákveðnir í því, að ef þessu ákvæði fengist ekki breytt, þá mundum við ekki treysta okkur til þess að *fylgja frv. Nú hefur málum svo skipazt*, að landbn. með þessa vitneskju í huga hefur orðið sammála um að færa greinina í það horf, sem ég tel aðgengilegt, að framleiðsluráð hafi hér umsagnarrétt. Það er mjög eðlilegt, að fulltrúar bændanna eigi rétt á því að láta uppi sitt álit um þetta. Hitt gat ekki komið til mála, að fela *þeim* úrslitaákvörðunarvaldið í svo viðtæku málefni. Það gleður mig mjög, að hv. þm. S-Þ. (KK) sagði, að aldrei hefði verið meiningin að sækjast eftir svo viðtæku valdi, enda ber að játa, að n. féllst ljúflega á breytinguna, þegar málið hafði verið athugað, og er þá ánægjulegt, að allir geta vel við unað, aðrir en þeir, sem vilja halda við einveldi „einvaldsklónna úr Hornafirði“.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Það er nokkuð um liðið, síðan þetta mál var síðast til umr. hér í hv. deild,

enda hafa komið fram í því viss gögn, síðan það var rætt hér síðast. Landbn. hafa síðan borizt erindi frá Sambandi eggjaframleiðenda, frá Sambandi smásöluverzlana, og til Alþ. hefur enn fremur verið send ályktun um málið frá Bændafélagi Eyfirðinga. Mun ég víkja nánar að öllum þessum erindum, sem nú liggja fyrir í málinu, en lágu ekki fyrir síðast þegar það var til umr. hér.

Ég gerði við 2. umr. þessa máls grein fyrir meginskoðun minni í því, en hún er í stuttu máli sú, að málið sé mjög illa undirbúið, óhæfilega illa og ranglega undirbúið, vegna þess að um undirbúning þess hafa ekki fjallað þeir aðilar, sem eru hinir réttu aðilar í þessu máli. Það hefur að vísu verið fjallað lengi um þetta mál og af ýmsum, það hafa verið settar í það stjórnskipaðar nefndir, en í engum þeirra nefnda hafa neytendurnir í landinu átt nokkurn fulltrúa. Aðilar að afurðasölumálum sem þessum eru vitanlega framleiðendur þeirra vara, sem um er að ræða, í öðru lagi kaupendur þeirra sömu vara í landinu, neytendurnir, og í þriðja lagi þeir aðilar, sem fjalla um og fara með sölu og dreifingu varanna. Um þetta mál hafa að vísu fjallað menn, sem hafa nokkurt umboð frá framleiðendum í landinu, en hafa aðeins umboð fyrir nokkurn og það minni hluta framleiðenda á þessum vörum. Um það hafa líka fjallað fulltrúar þeirra, sem hafa árum saman og um langan tíma farið með sölu og dreifingu þessara vara í landinu, um áratugaskeið. En þessir aðilar hafa ekki orðið sammála um málið, og liggur það ljóslega fyrir í þeim skjölum, sem þessu máli fylgja. Það liggur ljóslega fyrir, að engir þeirra, sem hafa starfað að sölu og dreifingu kartaflna og grænmetis í landinu á undanförnum árum, eru samþykkir þessu frv., eins og það liggur fyrir, og eru það þó menn, sem hafa mesta reynslu og yfirsýn um sölufyrirkomulagið á þessum vörum. Það liggur þvert á móti fyrir, að einmitt þeir, sem hafa starfað að verzlun með þessar vörur í umboði grænmetisverzlunar ríkisins, mótmæla þessu frv. og telja það fyrirkomulag, sem stungið er upp á með því, vera sízt til bóta og margir mjög til hins verra. Þetta liggur fyrir frá fjölda kaupfélagsstjóra í landinu. Það liggur einnig fyrir frá Sambandi smásöluverzlana, og skal ég víkja nokkru nánar síðar að þeirra áliti, sem liggur nú fyrir sérstaklega í bréfi frá því sambandi. En neytendurnir, þeir sem eiga að kaupa vöruna í landinu, hafa aldrei verið að spurðir um þeirra afstöðu um breytt fyrirkomulag á þessum málum, þrátt fyrir það að þetta mál sé talið hafa verið á döfinni í mörg ár. Það er þetta, sem ég tel rangan undirbúning málsins. Því er það aðaltill. mín, að málið verði tekið upp að nýju og fái réttan undirbúning, áður en það komi að nýju fyrir Alþ., þann undirbúning, að fulltrúar frá öllum þessum aðilum, sem hlut eiga að máli, fái kost á að fjalla um málið og gera sínar till. um það. Þessi megintill. mín liggur fyrir í þeirri till. til rökstuddrar dagskrár, sem ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 416, en þar er gert ráð fyrir, að 5 manna nefnd, skipuð fulltrúum frá framleiðsluráði landbúnaðarins, Alþýðusambandi Íslands, Neytendasamtökunum, S. Í. S. og grænmetisverzlun ríkisins, fjalli um þetta mál og endurskoði gildandi löggjöf um sölu á kartöflum og grænmeti. Með því að samþykkja þessa till. væri tryggt, að allir þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, fengju að fjalla um málið. Ég væri að sjálfsögðu til viðtals um breytingu á þessari till. minni, ef einhverjir vildu fylgja henni í meginatriðum, en teldu, að fleiri aðilar eða aðrir ættu að koma þarna og eiga kost á að fjalla um þessi mál.

En með því að ég bjóst varla við því eftir það, sem komið hefur fram í þessu máli, og það kapp, sem hefur verið lagt á að koma þessu máli fram, að þessi till. mín, hin rökstudda dagskrártill., yrði samþ., þá bar ég fram brtt. við frv. á þskj. 429, og ég gerði við 2. umr. málsins grein fyrir þeim, svo að ég mun nú ekki hér endurtaka það, sem ég sagði þá um þessar till. Þessar till. komu svo til athugunar hjá landbn. eftir 2. umr., og lágu þá fyrir um þær umsagnir t. d. frá Sambandi eggjaframleiðenda, sem mælti mjög eindregið með mínum till. að því er það samband varðaði. Það samband sendi landbn. erindi um þetta, þar sem það áréttaði enn það, sem komið hafði í ljós af þess hálfu við umr. í n. áður, að það ákvæði í frv., sem eggjaframleiðendur varðar helzt, er að dómi þessa Sambands eggjaframleiðenda algerlega óframkvæmanlegt og því þýðingarlaust að hafa það í frv. Þetta kemur skýrt fram í erindi Sambands eggjaframleiðenda. En þetta ákvæði felst, ef ég man rétt, í 5. gr. frv., að heimilt sé að leggja verðjöfnunargjald á egg. Þetta atriði frv. telja eggjaframleiðendur sjálfir gersamlega þýðingarlaust í frv., með því að það sé óframkvæmanlegt.

Hv. meiri hluti n., sem við athugun frv. eftir 1. umr. taldi sig geta samþ. frv. án nokkurra breytinga, gat nú, er nefndin fór að athuga brtt. mínar og það, sem fyrir lá um þær, talið sig fallast á að breyta nokkrum atriðum í frv. Efnislega er það í raun og veru aðeins ein breyting. Það er brtt. mín við 2. gr. frv. um, að þau orð í 2. gr. frv., sem gera framleiðsluráð að æðsta valdi um innflutning allan á kartöflum og garðávöxtum, yrðu felld niður. Ég sýndi fram á það við 2. umr. málsins, að með þessu ákvæði væri framleiðsluráð sett yfir landbúnaðarráðherra og ætti eitt að meta, hvenær þörf væri á að flytja kartöflur til landsins, en þetta framleiðsluráð bæri síðan enga ábyrgð gagnvart neinum nema þá sínum umbjóðendum, þó að af því hlytist stór skaði, að ekki væru fluttar inn þessar vörur og alger skortur yrði á þeim í landinu. Ég sýndi fram á, hver óhæfa það væri að hafa það í löggjöf að veita nokkurri stofnun annarri en ríkisstjórn sjálfri slíkt vald, og nú hefur hv. meiri hluti fallizt á þetta. Hv. frsm. segir nú, að það hafi aldrei verið tilætlunin, að framleiðsluráð fengi slíkt vald, en samt var þetta skýrum orðum í frv. Ja, ég hef nú af þessum ástæðum og fleiri ástæðum ástæðu til að ætla, að hv. frsm., hv. þm. S-Þ., hafi alls ekki lesið þetta frv., a. m. k. ekki nógu gaumgæfilega, því að hann er svo

skýr maður, að hann hefði séð það við fyrsta yfirlestur, að það var einmitt einræðisvald um þessi mál, sem fólst í ákvæðum þessarar greinar frv. Og verð ég að segja, að það er þá ekki að ófyrirsynju, að hv. n. hefur fengizt til að athuga þessi ákvæði, þegar hún hefur nú komizt að þeirri niðurstöðu, að það hafi aldrei verið tilætlunin, að í þeim fælist það, sem nú er játað að í þeim felist. (KK: Þannig getur það verið, þegar rétt orð eru ekki valin.) Hér er ekki spurning um orðaval. Hér er spurning um það, hver hafi æðsta vald. Hvernig það er orðað um þetta æðsta vald, hvort það er sagt æðsti dómur eða æðsta vald, það má segja, að það er spurning um orðaval, en hitt er alveg víst, að sá, sem hefur síðasta orð, dóm um eitthvert mál, hefur þar með vald. Með þessu ákvæði var framleiðsluráði landbúnaðarins, sem fer með umboð fyrir minni hluta framleiðenda í landinu, gefið einræðisvald til þess að ákveða um innflutning til landsins, alveg óháð því, hvað landbrh. eða ríkisstj. segðu um þessi mál.

Ég held, að það væri heppilegt, að hv. meiri hl. læsi nú þetta frv. enn betur en hann hefur gert enn þá, því að það eru enn þá í því mörg ákvæði, sem eru lítt frambærileg, bæði að formi og efni, þó að þetta atriði hafi nú verið leiðrétt. Meginefni frv. stendur óraskað, það, að framleiðsluráði, litlum hóp manna, sem hefur umboð fyrir minni hluta framleiðenda, er falin yfirstjórn á einkasölu, sem hefur nákvæmlega sömu réttindi og meðan hún var ríkiseinkasala. Ég held því fram, að slíka einkasöluaðstöðu geti Alþingi ekki gefið neinum nema þá ríkisstj. sjálfri.

Það skipulag hefur verið ríkjandi um nær 20 ár, að ríkisvaldið sjálft hefur farið með einkasölu á þessum vörum, og það liggur fyrir næg reynsla um það, hvernig þetta hafi gefizt. Menn geta verið með eða á móti ríkiseinkasölum, en það liggur fyrir reynsla um það, hvernig þessi ríkiseinkasala hefur gefizt, og það liggur hvergi fyrir í skjölum þessa máls og hefur hvergi komið fram í umræðum um þetta mál, að framkvæmd þessarar einkasölu hafi verið óhæf. Það hefur hvergi komið fram, að neytendum hafi verið sýnd ósanngirni af stjórn þessarar einkasölu. Þó að hæstv. dómsmrh. kalli forstjóra hennar í hverju orði einræðisherra eða einræðisklærnar frá Hornafirði, þá hefur það hvergi komið fram í neinum skjölum þessa máls né heldur í blöðum hæstv. ráðh., sem þó er ekki vel við einkasölur, að framkvæmd þessarar einkasölu hafi verið óhæf í garð neytenda. Það hefur ekki heldur komið fram með neinum rökum, að hún hafi verið óhæf í garð framleiðenda. En það var meginatriðið í þeirri löggjöf, sem gildir um þessa stofnun, að hún eigi að sýna framleiðendum og neytendum jafna tillitssemi, taka tillit til hagsmuna beggja aðila. Það er erfitt hlutverk og illt að eiga að framkvæma það, en það virðist svo sem þetta hafi tekizt furðanlega vel, því að ásakanir á framkvæmd þessarar ríkiseinkasölu, þessarar ríkiseinokunar, geta menn sagt, eru ekki miklar. Ég hef spurt eftir þeim, ég hef lýst eftir þeim hér, og þær hafa ekki komið fram. Það hafa komið fram órökstuddar, ósannar ásakanir á stjórnendur þessarar stofnunar úr þeirri átt, sem sízt skyldi ætla, frá yfirmanni þessarar stofnunar, en þær hafa reynzt ósannar. Og það eru einmitt þessar ásakanir, sem gefa mér og öðrum bendingu um það, að hér sé ekki allt með felldu, að einmitt yfirmaður þessarar stofnunar skuli bera fram rangar sakargiftir á hendur þessari ríkisstofnun, sem undir hann hefur heyrt.

Þetta mál hefur þegar sætt mikilli andstöðu bæði innan þings og utan. Hæstv. dómsmrh. sagði í umræðum hér við 2. umr., að hann hefði ekki getað séð, að málflutningur gegn þessu frv. væri málefnalegur. Nú er það staðreynd, að margir mætir og mikilsmetnir flokksbræður þessa hæstv. ráðh. hér á Alþingi hafa sýnt þessu frv. fulla andstöðu, tveir hv. þm. Reykjavíkurbæjar hafa greitt atkv. gegn því, hv. þm. Ak., og sjálf bæjarstjórn Reykjavíkur hefur lýst fullri andstöðu gegn frv. Eitt blað Sjálfstfl., aðalblað Sjálfstfl. hér í bænum, Vísir, skrifaði forustugrein um þetta mál sérstaklega, nokkru eftir að bæjarstjórn Reykjavíkur hafði látið það til sín taka, og í þessari forustugrein var kveðið svo að orði, að blaðið teldi það skyldu þm. Reykjavíkur allra að standa á móti þessu frv. Samband smásöluverzlana hér í bænum hefur lýst andstöðu við frv., svo að það er einmitt úr herbúðum hæstv. ráðh., hv. Sjálfstfl., sem andstaðan gegn þessu frv. kemur. Nú má vera, að minn málflutningur hér og andstaða gegn þessu frv. sé ekki nógu málefnalegur, og þætti mér það þá illt, ef það yrði allsherjardómur um minn málflutning hér í þessu máli sem öðrum, að hann styddist alls ekki við málefnaleg rök. En einstakir hv. þm. hafa verið svo elskulegir í minn garð stundum að viðurkenna, að ég a. m. k. reyndi að hafa í frammi málefnalegan málflutning. Ég hef reynt að mynda mér skoðun á þessu máli sem öðrum eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í því, og hef miðað mína afstöðu og mínar till. í því við þá niðurstöðu, sem ég hef komizt að. Það er langt frá því, að fyrir mér vaki í þessu máli að taka þátt í flokkspólitískri togstreitu, sem kann að vera innan eins flokks meðal manna, sem skyldir eru þessu máli. Það kemur mér ekki við. En mér kemur það við, hvaða löggjöf er sett á Alþingi um sölu á afurðum, sem eru framleiddar á þeim svæðum, sem ég þekki bezt til, og keyptar af öllum þorra manna í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Og það er vegna þess, að ég hef sannfærzt um, að það skipulag, sem stungið er upp á með þessu frv., er langtum háskalegra en það einkasölufyrirkomulag, sem verið hefur, hvað sem menn geta um það sagt, að ég er andvígur þessu frv.

Ég hef spurt: Hvar eru rökin með þessu frv.? Og þau rök hafa ekki komið fram, nema ein, ef rök skyldi kalla. Það er þetta: Framleiðsluráð landbúnaðarins vill þetta mál fram. — Það eru einu rökin, og það á að vera nóg. Það eru svona álíka rök og það voru í trúarbragðastyrjöldum að hrópa: Guð vill það. — Það er hrópað núna: Framleiðsluráð vill það. — Það hafa engin rök verið færð fyrir því, hvers vegna

það væri betra skipulag en það, sem nú er, ef framleiðsluráðið færi með einkasölu á þessum vörum. Það vantar. Svo er talað um, að bændastéttin vilji það, framleiðsluráðið sé fyrir Stéttarsamband bænda og tali í nafni allra bænda. En það vill svo til, að einmitt nú síðustu daga hefur hv. Alþingi borizt rödd einmitt frá bændum. Bændur eru ekki aðilar að þessu máli nema að nokkru leyti. Þeir eru ekki framleiðendur þessara vara nema að minni hlutanum.

En svo hefur borizt rödd til hv. Alþ., sem ekki verður vefengt, að er frá bændum. Bændafélag Eyfirðinga sendi Alþingi fyrir fáeinum dögum símskeyti um ályktun, sem það hefði gert í þessu máli, og sú ályktun liggur nú frammi í lestrarsal Alþingis. Ég vildi, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þessa ályktun í þessu máli, með því að hún er komin frá félagi í einu stærsta landbúnaðarframleiðsluhéraði landsins, því héraði, sem eftir Reykjavík og nágrenni hefur mesta framleiðslu á þeim vörum, sem hér er nú verið að ræða um sölu á. Þessi samþykkt er gerð á aðalfundi Bændafélags Eyfirðinga 7. þ. m. og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Bændafélags Eyfirðinga, haldinn 7. marz 1956, skorar á Alþingi að fella frv. það, sem nú liggur fyrir Ed. um breytingu á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins. Fundurinn lítur svo á, að breytingar, sem fram koma í þessu frv., séu ekki líklegar til hagsbóta fyrir kartöfluframleiðendur, og telur því fráleitt að kollvarpa því skipulagi, sem verið hefur á þessum málum um nokkurt árabil, eins og ákveðið er í lögum nr. 21 2. apríl 1943, um verzlun með kartöflur."

Bændafélag Eyfirðinga mun, að því er mér er tjáð, ná yfir allar sveitir Eyjafjarðarsýslu og vera skipað bændum, ekki sízt hinum áhugasömustu og beztu bændum í þessu mikla landbúnaðarhéraði. Ég þekki ekki forustumenn þess, en mér er sagt, að þeir séu valinkunnir menn margir hverjir og ekki verði þetta félag vænt um það, að því gangi til pólitísk togstreita með því að láta þetta álit sitt í ljós. Þar munu vera menn, sem eru mikils metnir í bæði Framsfl. og Sjálfstfl., frömuðir um landbúnaðarmál og menn, sem hafa hið bezta vit á þeim og vita þá ekki sízt, hvað þeir eru að segja um þessi mál, því að þarna fer fram, eins og ég sagði áðan, einhver mesta framleiðsla á kartöflum, sem á sér stað í einu héraði. Þetta er álit þessa félags, og var, að því er mér er tjáð, till. um þessa ályktun borin fram af stjórn félagsins og samþykkt einróma á fjölmennum aðalfundi félagsins, svo að hér er ekki um það að ræða, að hér sé aðeins lítill hluti. (Gripið fram í.) Ja, mér er sagt, að það hafi verið margir tugir manna á þeim fundi. En annars vænti ég, að hv. 1. þm. Eyf. þekki svo vel þetta félag og þá menn, sem hér eru að láta álit sitt í ljós á þessu máli fyrir hönd bænda í Eyjafirði, að hann gæti þá gert nánari grein fyrir, ef ég fer hér að einhverju leyti með rangt mál eða ofsegi í einhverju vafaatriði.

Þetta er álit þessa bændafélagsskapar, en það liggur ekki fyrir álit bænda, nema þá fulltrúafunda einhverra eins og framleiðsluráðs og búnaðarþings, þar liggja fyrir óskir um, að framleiðsluráðið fái einkasölu með kartöflur og grænmeti. Ég get vel skilið það, að stofnun eins og framleiðsluráð landbúnaðarins óski eftir að fá sem mest vald, ég hef ekkert við það að athuga. Það eru fleiri stofnanir en það, sem óska eftir að fá sem mest vald. En það verður að líta á það, hvort þær óskir eru skynsamlegar fyrir alla aðila. Ég neita því, að það geti verið hagsmunamál framleiðenda allra að gefa þessari einu stofnun einkasöluna með allar þær framleiðsluvörur, sem hér ræðir um. Það telja a. m. k. ekki allir bændur, að það sé hagsmunamál bænda, sbr. þá ályktun Bændafélags Eyfirðinga, sem ég hef nú lesið. Það liggur fyrir, að þau neytendasamtök, sem til eru, mótmæla þessu frv. og telja sínum hagsmunum stefnt í háska með samþykkt þess. Neytendasamtökin í Reykjavík, fjölmennur, en að vísu ungur félagsskapur, mótmælti, og verzlunarstéttin, bæði kaupfélagsstjórar og kaupmenn, er síður en svo hrifin af þessu. Hún er alls ekki með því. Það liggur fyrir skjallega frá bæði kaupfélagsstjórum og kaupmönnum, sem hafa farið með smásöluverzlunina á þessum vörum, að þeir geta vel sætt sig við það fyrirkomulag, sem hefur verið. Það liggur fyrir í bréfi frá Sambandi smásöluverzlana, sem ég hef hér fyrir framan mig, að það, samband smákaupmanna, viðurkenndi, að þeir, sem nú fjalla um innflutning og heildsölu garðávaxta og gróðurhúsaafurða, hafi haft samráð við þá um framkvæmd málanna, og þeir bera engar kvartanir eða ásakanir fram á þessa ríkisstofnun. Það getur verið skiljanlegt, að stofnun eins og framleiðsluráð landbúnaðarins óski eftir fullkomnu valdi yfir þessari ríkiseinkasölu. En spurningin er: Er það viturlegt? Ég spyr sjálfan mig meira að segja, hvort það sé viturlegt fyrir framleiðsluráðið. Það væri hægt að hugsa sér, að stofnun eins og Alþýðusamband Íslands færi fram á að fá algert einræðisvald frá ríkisvaldinu til þess að ákvarða kaup og kjör í landinu. Það hefur ekki gert það, og ég tel ekki beinlínis líklegt, að það fari fram á það. En ég teldi það ekki viturlegt af því. En hér er framleiðsluráð landbúnaðarins í nafni bænda að fara fram á það að geta eitt ákveðið kaup og kjör þeirra framleiðenda, sem vinna að framleiðslu kartaflna og grænmetis, því að það ákvarðast af verðinu og verðið ákveður framleiðsluráðið. Og ef framleiðsluráðið fær svona einkasöluaðstöðu, þá getur það fullkomlega ákveðið sjálft kaup og kjör sinna meðlima að þessu leyti sem framleiðenda. Það, sem framleiðsluráðið fer hér fram á, væri alveg sambærilegt við það, að Alþýðusamband Íslands færi fram á að fá úr höndum ríkisvaldsins með lögum rétt til þess að ákveða sjálft um kaup og kjör sinna meðlima, — eða að t. d. iðnrekendur í landinu færu fram á að fá sjálfir að ákveða um innflutning á iðnaðarvörum, og þar með réðu þeir vitanlegu öllu verði á iðnaðarvörum í landinu, þeim sem þeir framleiða. Félag iðnrekenda hefur ekki farið fram á slíkt

eins og þetta framleiðsluráð landbúnaðarins. Og ég teldi ekki viturlegt af því að fara fram á það, og ég held, að það séu þar svo vitrir menn, að þeir fari ekki fram á að fá vald til þess að taka t. d. fyrir innflutning á iðnaðarvörum og sitja sjálfir einir að markaðnum. En þetta vald er framleiðsluráðinu fengið með því, að það fái einkasölu á kartöflum og grænmeti. Þessi stéttarsamtök gera ýmsar kröfur á hendur ríkisvaldsins, á hendur Alþingi, en ekkert stéttarsamband hefur enn þá gert þessa kröfu, sem framleiðsluráð landbúnaðarins er hér að gera fyrir hönd Stéttarsambands bænda.

Það hefur verið sagt hér, að í þessu máli felist stefna eða yfirlýsing — væntanlega af hálfu Stéttarsambands bænda heldur en Framsfl. Og stefnan er þá þessi, að ákveðin stéttarsambönd geti fengið rétt til þess að ákveða sjálf verð á sínum vörum, sitt framleiðsluverð, taka fyrir alla samkeppni um sölu á þeim vörum og þar með ákveða sín kjör.

Það er mikið talað nú um ný bandalög pólitísk. Ef til vill er þetta stefnuyfirlýsing fyrir það, sem koma skal, að ákveðin stéttarsambönd eigi að geta fengið þennan rétt. Það er það ekki af minni hálfu. Ég tel ekki þá kröfu viturlega, ég tel hana fráleita, ég tel, að ekki komi til mála, að nokkurt stéttarsamband nokkurrar stéttar í landinu geti fengið slíkt vald. Og ég tel það alveg óþarfa af mönnum, þó að þeir vilji stéttarsamböndum vel, að láta undan slíkum kröfum, þó að þær séu bornar fram, þótt menn séu svo óvitrir að bera þær fram.

Það er ef til vill tilgangslaust að ræða lengur eða skemur um þetta mál. Það bendir ýmislegt til þess, að enn eigi þrátt fyrir allt að beita þingvaldi til þess að knýja það fram, gegn öllum mótmælum, gegn öllum rökum og án þess að bera fram nokkur rök fyrir því, því að það er óhrakið, að fyrir þessu máli, eins og það liggur fyrir, hafa ekki verið borin fram nein rök, hvorki meginefni þess né í einstökum atriðum.

Þótt mínar brtt., sem hv. meiri hl. landbn. hefur fallizt á, en þó orðað öðruvísi en ég hef orðað þær, væru samþykktar, þá tel ég ekki ráðna þá bót á þessu frv., að ég geti fylgt því, og langt þar frá. Ég tel það höfuðatriði þessa máls, eins og ég sagði í upphafi máls míns nú, að það hefur fengið rangan undirbúning, ótilhlýðilegan undirbúning. Það hefur ekki verið fjallað um það af þeim aðilum, sem eiga fullan siðferðislegan rétt til þess að fjalla um undirbúning löggjafar á þessu sviði. Þó að ég geti fallizt á brtt., sem bornar eru fram á þskj. 452 frá landbn., svo langt sem þær ná, og þótt ég hefði kosið orðalag þeirra öðruvísi, þá get ég ekki fylgt þessu frv. Ég mun að vísu greiða atkv. með þessum brtt., en ég tel það skyldu mína að greiða atkv. gegn þessu frv., jafnvel þótt sú smáræðisbót fengist á því ráðin að formi til, sem í þeim felst.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég gerði alls ekki ráð fyrir því, að ég mundi taka til máls undir umr. um þetta mál. Ég er ekki í landbn., og eins og hv. þm. vita, blanda ég mér sjaldan í umr. um mál, nema því aðeins að ég hafi flutt þau eða sé falin framsaga af nefnd. Það er því aðeins út af því, að hv. síðasti ræðumaður, 6. landsk. þm. (FRV), minntist á samþykkt bændafundar í Eyjafirði, sem haldinn var á Akureyri fyrir skömmu, sem mótmælir þessu frv., að ég vildi aðeins gefa nokkrar upplýsingar.

Það er rétt, sem hv. 6. landsk. þm. sagði, að það munu einhverjir bændur vera í þessu félagi úr flestum hreppum Eyjafjarðarsýslu. En þetta er samt ekki félag, sem bændur eru almennt í. Og auk bænda í Eyjafjarðarsýslu eru allmargir Þingeyingar í þessu félagi, að vísu úr vestustu sveitum Þingeyjarsýslu, sem liggja að Eyjafirði, og svo Akureyringar, og það er Akureyringur, sem a. m. k. skrifar undir það skeyti, sem Alþingi hefur verið sent frá þessum fundi, Jón Guðmann. Ég spurði hv. 6. landsk. þm., þegar hann var að tala um, að það hefðu verið margir á þessum fundi, hvað margir hefðu verið þar, því að það veit ég ekki. Hann sagði, að þar hefðu verið margir tugir. Það kann að vera, að það hafi skipt tugum, en ýkja fjölmennur var sá fundur áreiðanlega ekki, en bændur í Eyjafjarðarsýslu einni eru mörg hundruð. En það er annar félagsskapur og reyndar þó tveir, sem allir bændur í Eyjafjarðarsýslu eru í, hver einasti, það eru búnaðarfélögin, og það er Stéttarsamband bænda. Eyfirzkir bændur kusu fulltrúa á aðalfund Stéttarsambandsins, sem báðir eru yfirlýstir fylgismenn þessa máls og annar þeirra meira að segja stendur mjög framarlega að þessari lagasetningu. Sama er að segja um Búnaðarfélagið. Báðir fulltrúar Eyfirðinga á búnaðarþingi hafa samþykkt þar að mæla með þessu frv., svo að þrátt fyrir þennan fund, sem haldinn var m. a. af Akureyringum, — þar voru Akureyringar, a. m. k. Jón Guðmann, og þar voru Þingeyingar eða menn úr Þingeyjarsýslu, — held ég, að það verði tæplega hægt að telja, að þessi fundur hafi haft umboð til þess að mótmæla þessu frv. fyrir hönd allra eyfirzkra bænda og ekki meiri hluta þeirra. A. m. k. kæmi það algerlega í bága við það, sem eyfirzkir bændur hafa gert með sínu fulltrúavali bæði í Stéttarsambandi bænda og í Búnaðarfélaginu.

Það, sem hv. þm. var að tala um stéttarsambönd í þessu sambandi, að t. d. Alþýðusambandið gæti heimtað einræði í kaupgjaldsmálum o. s. frv., þá er þetta nú ekki rétt röksemd, því að framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ekkert einveldi í verðlagsmálum landbúnaðarins, eins og hv. þm. veit. Það er eins konar gerðardómur, sem þar hefur úrslitavaldið, svo að þetta er ekki sambærilegt. Ég ímynda mér, að það yrði gengið að því af öðrum stéttum þjóðfélagsins, ef Alþýðusambandið byði það fram eða óskaði þess, að kaup verkamanna og annarra launþega væri ákveðið af gerðardómum. Auk þess er hér ekki um hreina einkasölu að ræða. Það getur hver maður framleitt fyrst og fremst kartöflur handa sjálfum sér, og auk þess getur hann selt þær, án þess að það fari í gegnum þessa grænmetisheildsölu, eða þannig skil ég frv. Það er aðeins talað um heildsölu þarna, en menn geta selt kartöflur eins og þeim sýnist í smásölu, að því er mér virðist af frv., og væri þá þetta hliðstætt því, að

ekkert væri amazt við því, þó að verkfall væri, að menn, sem ekki kærðu sig um að taka þátt í verkfallinu, færu í vinnu fyrir það kaup, sem um semdist á milli þeirra og vinnuveitandans. Ég er ekki neitt sérstaklega að mæla fyrir þessu frv. og ætlaði mér alls ekki að blanda mér í slíkt, þó að ég, úr því að ég tók til máls á annað borð, leiðrétti algeran misskilning á þessu máli, sem hv. þm. fór með. Og eins vildi ég gefa skýringar, þar sem eyfirzkum bændum var blandað í þetta, að það er ekki annað hægt að sjá á því, hvernig þeir hafa valið sér fulltrúa, en að þeir séu yfirleitt frekar meðmæltir þessu en mótfallnir þrátt fyrir samþykki þessa fundar, sem þm. gat um.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Þetta mál hefur verið svo mikið rætt hér á Alþ., að helzt mætti segja, að það hefði verið notað til þess að æfa við það orðaleikfimi. **(Forseti:** Ekki hér í þessari hv. deild.) Það er ekki hægt að segja það, að enn sé svo orðið hér í þessari hv. d., en verið gæti, að til þess leiddi, ef haldið væri lengi áfram umr., og ég ætlaði að taka fram, að ég vildi ekki stofna til þess hér í þessari d. eða taka þátt í umr. málsins með það fyrir augum. En ég hef aðeins talað hér vegna þess, að frsm. landbn. er fjarverandi og bað mig að hlaupa í sitt skarð.

Það hefur verið gengið svo langt af þeim, sem hafa mælt gegn þessu frv., að rangfærð hafa verið orð hæstv. landbrh., sem hann á að hafa viðhaft í hv. Nd. og hv. 6. landsk. (FRV) minnti á í ræðu sinni áðan, og því hefur verið haldið fram, að landbrh. hafi látið ámælisorð falla um rekstur grænmetisverzlunarinnar, en því fer fjarri. Allir viðurkenna, að þeir ágætu menn, sem fyrir grænmetisverzluninni hafa staðið, hafa unnið sín verk vel, og hér er ekkert um það að ræða, að verið sé að breyta þessari verzlun vegna þess, að þeir hafi vanrækt sitt starf, heldur er hér um skipulagsbreytingu að ræða til þess að búa betur í hendur, að því er þeir, sem málið flytja, telja, fyrir framtíðina, án þess að miðað sé við einstaka menn, því að við einstaka menn má í raun og veru aldrei miða, þegar verið er að skipuleggja.

Hv. frsm. minni hl. sagði eða það mátti skilja á orðum hans, að helzt væri það framleiðsluráð eitt, sem að þessu stæði. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) hefur nú minnt frsm. á Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands, sem eru tvenn landssamtök bændastéttarinnar, og þessi landssamtök hafa bæði óskað eftir þeirri breytingu, sem nú er verið að leggja til að gerð verði og felst í frv. Framleiðsluráð er aðeins lögleitt framkvæmdaráð fyrir Stéttarsambandið, og afstaða þess byggist á þeim óskum, sem Stéttarsambandið hefur falið því að bera fram og vinna að.

Hv. frsm. minni hl. minntist á það réttilega, að ýmis mótmæli hefðu komið fram gegn þessari breytingu, en fyrr mætti nú vera, þegar málið hefur verið gert að eins miklu kappsmáli og það hefur verið gert af andstæðingum þess, að ekki væri hægt að fá fram undirtektir einhverra. Hann vitnaði í það, að kaupfélagsstjórar og kaupsýslumenn hefðu lýst því yfir, að þeir teldu breytinguna ekki til bóta og væru henni andvígir. Um þetta hefur nú verið ágreiningur hjá þessum mönnum, og vafasamt er, að málið hafi verið lagt fyrir þá, þegar þeirra umsagnar var leitað, svo greinilega, að þeir hafi fullkomlega áttað sig á, hvað um var að vera, heldur byggt umsögn sína á því, að þeim hafði fallið mjög vel við þá forstöðumenn grænmetisverzlunarinnar, sem þeir höfðu haft viðskipti við og alls ekki er miðað við, eins og ég tók fram áðan, þegar þetta frv. er borið fram, heldur skipulagið. En úr því að nefndir eru kaupfélagsstjórar og kaupsýslumenn, vil ég nefna það og segja frá því, sem snertir mitt hérað, að þar, í mínu héraði, er mesta framleiðslusvæðið um kartöflur Svalbarðsströnd, og hún er ein mesta kartöflframleiðslusveit landsins. Þar var í mörg ár kaupfélagsstjóri, sem fyrir örstuttu er að vísu fluttur þaðan til Húsavíkur, og hann fékk alveg sérstakt hrós fyrir það, hvað honum tókst vel að koma í verð þessari framleiðslu bænda, líka á þeim tímum, þegar grænmetisverzlunin átti örðugt með því skipulagi, sem hún hefur, og þessi kaupfélagsstjóri mælir með breytingunni. Ég tel það mjög mikils vert, að þetta sé sagt hér, úr því að verið er að vitna í umsagnir. Ég hygg, að fáir í landinu, sem með þessi mál hafa farið fyrir bændur, hafi haft meira verkefni í því efni en einmitt þessi kaupfélagsstjóri.

Nú hefur hv. frsm. minni hl. vitnað í og lesið hér upp fundarsamþykkt frá bændafélagi í Eyjafirði. Hv. 1. þm. Eyf. hefur upplýst eftir þeim nánustu fréttum, sem hann hefur haft, hvaða líkur eru til þess, að þar sé um mikinn fjölda að ræða, sem þátt hefur tekið í afgreiðslu málsins, og úr því að komin er fram og hér inn í umr. yfirlýsingin frá bændafélaginu, þá tel ég mér skylt líka að geta þess, að Alþ. hefur borizt 14. marz samþykkt frá Garðyrkjufélagi Borgarfjarðar, sem skorar á Ed. Alþ. að samþ. frv. Þetta garðyrkjufélag mun ná yfir Borgarfjarðar- og Mýrasýslur og er fjölmennt félag. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar það símskeyti, sem þeir hafa sent, á þessa leið:

„Fundur Garðyrkjufélags Borgarfjarðar, haldinn að Logalandi 13. marz 1956, beinir þeirri eindregnu áskorun til Ed. Alþ. að samþykkja frv. til laga um afurðasölulöggjöf á grænmeti o. fl., sem nú liggur fyrir deildinni.

Garðyrkjufélag Borgarfjarðar."

Það má því segja, að þó að það hafi heyrzt mótmælaraddir, þá vanti ekki heldur meðmæli. Sannleikur málsins mun vera þetta, eins og ég sagði áðan, að vinsældir grænmetisverzlunarinnar byggjast á því, hve vel hún hefur verið rekin af þeim ágætu mönnum, sem fyrir henni hafa staðið, og það vefst fyrir ýmsum að skilja það, að hér er aðalatriðið að breyta um skipulag og búa betur í haginn fyrir þá, sem við þessi mál eiga að vinna eftirleiðis.

Forseti (GíslJ): Út af ummælum hv. þm. S-Þ. (KK), að þessi mál hafi verið rædd hér mjög mikið í þinginu, vil ég taka það fram, að hér í þessari hv. d. hafa umr. um málið ekki staðið óeðlilega langan tíma. Hv. frsm. minni hl. hefur borið hér fram mjög margar brtt., sem eðlilegt er að hann hafi þurft nokkurn tíma til þess að

skýra, og hafði ég enga ástæðu til þess að áminna hann fyrir að hafa tekið til þess of langan tíma. Hins vegar vildi ég gjarnan geta lokið þessum umr., ef hægt væri, án þess að það sé nokkur fyrirskipun.

Frsm. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Ég þakka hæstv. forseta, að hann ætlar mér það ekki, að ég haldi hér uppi umr. aðeins til þess að tefja tíma hv. d., það hefur ekki verið mín venja, og ég vil ekki taka þá aðferð upp í þessu máli, þó að ég vildi gjarnan koma í veg fyrir framgang þess hér á hv. Alþingi.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) kvaðst vilja leiðrétta eitthvað hjá mér af því, sem ég hefði sagt um Bændafélag Eyfirðinga. Ég gat nú ekki heyrt á ræðu hans, að hann leiðrétti neitt, sem ég leyfði mér að segja um það félag og þess samþykkt. Hann staðfesti, að í þessu félagi væru menn úr Eyjafjarðarhéraði öllu, Akureyri, líka úr Þingeyjarsýslum, og bendir það til þess, að þetta sé margmennt félag og í því séu, eins og ég sagði að mundu vera, helztu áhrifamenn um landbúnað í þessu mikla landbúnaðarhéraði. Ekki get ég séð, að það spilli, þó að þarna hafi verið Þingeyingar líka á fundi. Þingeyingar austan Eyjafjarðar eru einhverjir mestu kartöfluframleiðendur og ágætir kartöfluframleiðendur, að því er mér hefur verið tjáð, og þeir munu þá hafa vit á þessum málum ekki síður en kaupfélagsstjórinn, sem hv. þm. S-Þ. vitnaði til. Hann hefur nú fundið einn kaupfélagsstjóra á landinu, sem hann treystir sér til að benda á, sem mælir með hinu fyrirhugaða nýja skipulagi. (**KK:** Ég nefndi hann sem dæmi þarna.) Af mörgum? (**KK:** Þeir munu nú vera til.) Eru þeir finnanlegir fleiri en einn, gott væri það, en ekki hefur nú verið nefndur nema þessi eini. Þarna munu hafa verið á fundi einmitt miklir kartöfluframleiðendur, t. d. frá Svalbarðsströnd, sem eru í þessu Bændafélagi Eyfirðinga.

Mér virtist aðalrök hv. 1. þm. Eyf. í sambandi við þetta atriði vera þau, að fulltrúaval bænda í Eyjafirði til búnaðarþings og þings Stéttarsambands bænda benti til þess, að bændur í Eyjafirði væru með þessu frv. Ég efast nú um, að við fulltrúaval til þessara ágætu þinga hafi verið barizt um þetta mál, að það hafi nokkuð komið fram í fulltrúavali til þessara þinga, hver afstaða manna væri til þessa máls. Ég held því, að þetta sanni ekkert hjá hv. þm., þó að einstakir menn, tveir menn, sem hann nefndi og eru fulltrúar á búnaðarþingi, skildist mér, hefðu þá afstöðu til þessa frv. að vilja samþykkt þess.

Ég held, að það, sem er að í þessu máli, sé, að bændasamtökin hafi ekki rætt þetta mál og að það liggi því miður ekki fyrir samþykktir bændasamtakanna sjálfra. Það eru einstakir fulltrúar þeirra, sem bera fram ákveðnar kröfur, en það hefur ekki verið hægt að benda á neina bændafundi, sem hafi samþykkt áskoranir til Alþ. um breytt skipulag í þessum málum, þvert á móti. Auðvitað sannar þessi ályktun Bændafélags Eyfirðinga ekki fullkomlega neitt mitt mál í þessu heldur, það viðurkenni ég, en ég tel alveg víst, að þar hafi verið á fundi menn, sem hafa fullkomlega vit á þessu máli. Hversu margir þeir hafa verið, er mér aukaatriði. Ég tel víst, að þarna hafi verið á fundi forustumenn bændastéttarinnar í öllu Eyjafjarðarhéraði og þeir hafi sannarlega vit á þessu máli og megi um það dæma, ekkert síður en þeir tveir fulltrúar, sem búnaðarfélög í Eyjafirði kunna að hafa kosið til búnaðarþings, og þess vegna megi taka mark á áliti þessa fundar ekki síður en áliti þessara tveggja manna. En hér sem fyrr eru rökin ekki önnur en þessi: Fulltrúar bænda í framleiðsluráði vilja þetta, þeir vilja fá þetta. — Og þó að engin rök séu færð fyrir því, að hér sé breytt um til hins betra um skipulag, eins og hv. þm. S-Þ. komst nú að orði, engin rök færð fyrir því, hvorki af honum né öðrum, heldur aðeins stagazt á því, að framleiðsluráðið vilji þetta, þá sannar það auðvitað ekkert um ágæti þess fyrirhugaða skipulags, þó að framleiðsluráðið vilji það. En hitt veit maður, að vissir menn verða alltaf hræddir, ef ákveðin samtök, stór samtök, gera samþykktir og krefjast einhvers, og halda, að það sé ekki hægt annað en fylgja því, hvernig sem það er. Og svo getur komið fram frv. eins og þetta, sem er einsdæmi að öllum frágangi og er þannig, að ég veit, að sumir mætir hv. þm. kinoka sér við að lesa það, áður en þeir samþykkja það. Þeir halda, að þeir verði að samþykkja það, en þeir geta ekki lagt það á sig að lesa það, því að þeir vita, að það er svo illa orðað og illa frá því gengið að formi til, að það er þeim ekki samboðið að samþykkja það.

Hv. 1. þm. Eyf. talaði mikið um, að kröfur Stéttarsambands bænda í þessu máli væru nú ekki sambærilegar við það, að Alþýðusamband Íslands fengi hjá löggjafanum vald til þess að ákveða sínum meðlimum kaup og kjör, og taldi, að verð á þessum framleiðsluvörum væri í höndum gerðardóms. Verðákvörðunin á þessum vörum á samkvæmt þessu frv. að vera í höndum framleiðsluráðs f. h. Stéttarsambands bænda, matið á þessum vörum á að vera í höndum framleiðsluráðs og ákvörðunin um og sölumeðferð öll á þessum vörum í heildsölu á að vera í höndum framleiðsluráðs, eins stéttarsambands, sem þó getur alls ekki talað í nafni allra framleiðenda, allra þeirra stétta, sem að framleiðslunni vinna. En auk þess á svo þetta framleiðsluráð að fara með einkasölu, nákvæmlega sömu einkasölu og ríkið hefur áskilið sjálfu sér og haft um tugi ára. Þessi aðstaða er að mínum dómi fullkomlega sambærileg við það, að Alþýðusambandið fengi með löggjöf rétt til þess að ákveða verð á vinnu sinna meðlima. Það er vitanlegt, að innlend framleiðsla á kartöflum og grænmeti hrekkur ekki til, það verður að flytja inn. Sá, sem fer með innflutninginn, ræður miklu hæði um verðið og hvers konar vara hlýtur að vera á markaðnum og ganga út. Allt þetta á að vera í höndum framleiðsluráðs. Það er óhæfa, og hafa engin rök verið færð fyrir því til að verja það. Það er hægt að færa gild rök fyrir því, að ríkið geti tekið í sínar hendur einkasölu á þessum vörum til þess að vernda jafnt framleiðendur og neytendur, en það hafa engin rök verið færð fyrir því, að þetta sama vald beri einni stétt að fá.

Hv. þm. S-Þ. sagði, að ég hefði farið rangt með það, að landbrh. hefði ásakað forstöðumenn

grænmetisverzlunar ríkisins fyrir lélegan eða slæman rekstur á grænmetisverzlun ríkisins. Það var ekki um þetta að ræða. Ég hef aldrei sagt slíkt, ég hef sagt og styðst þar við bæði þingtíðindi og blaðaumsagnir, þótt ég heyrði ekki sjálfur orð hæstv. ráðh., að hæstv. ráðh. hafi borið grænmetisverzlun ríkisins þeim sökum, að hún hefði látið undir höfuð leggjast eitt höfuðverkefni, sem henni var fengið með lögunum um grænmetisverzlun ríkisins, að stuðla að ræktun úrvalskartaflna, sem er stórt atriði í lögunum, sem þessi ríkisstofnun á að fara eftir. Það var svo upplýst, að þessi ásökun var röng, úr lausu lofti gripin, og mun þetta vera einsdæmi, að ráðh. beri stofnun, sem undir hann heyrir, þeim sökum, að hún hafi látið undir höfuð leggjast að framfylgja þeim lögum, sem hún á að starfa eftir undir hans stjórn, og þetta benti mér til þess, ég fór nú ekki um það harðari orðum en það, að það væri ekki allt með felldu í þessu máli, það væru hér einhver persónuleg eða pólitísk atriði, sem ekki styddust við málefnaleg rök.

Hér er þrástagazt á því, að þetta frv. sé borið fram samkvæmt óskum framleiðsluráðsins f. h. Stéttarsambands bænda. Ég hef margsagt og segi enn: Ég get vel skilið þessar óskir af hálfu þessa stéttarsambands. En það eru líka til óskir frá öðrum aðilum, og það, sem vantar í undirbúning þessa máls, er, að það hafi verið litið á óskir og rétt annarra aðila, neytendanna í landinu, þeir eru líka til, og það verður aldrei góð meðferð á þessum málum, nema þar eigi sér stað samvinna milli framleiðenda og neytenda, seljenda og kaupenda, og enn fremur þeirra, sem fara með söluna. Hér á að fara eingöngu og einhliða eftir óskum nokkurs hluta framleiðenda, langt frá því að vera allra, en virða að vettugi mótmæli neytenda og jafnvel líka mótmæli verzlunarstéttarinnar, sem hefur farið með sölu þessarar vöru. Og það má ómögulega líta á óskir þessara aðila og taka þá til samstarfs og undirbúnings á breytingum, ef breytinga er þörf á því skipulagi, sem verið hefur. Það liggur ekki fyrir, að þessi stofnun, grænmetisverzlun ríkisins, sé óhæfilega rekin, heldur þvert á móti. Hér er lýst yfir af hv. þm. S-Þ. og fleirum, að þetta sé vinsæl stofnun, hún hafi aflað sér vinsælda með tuttugu ára starfi, jafnvel almennra vinsælda. Þegar það liggur ekki fyrir, að þessi stofnun, þessi einkasala, hafi verið illa rekin eða hafi brotið af sér gagnvart framleiðendum né neytendum, mætti þá ekki þola það um nokkurra mánaða skeið, að þessi stofnun væri til í höndum þeirrar sömu ríkisstj. og undir eftirliti þeirrar ríkisstj., sem hún hefur verið, og málið væri tekið til endurskoðunar, litið á óskir framleiðenda, framleiðsluráðsins f. h. Stéttarsambandsins og óskir neytenda og álit verzlunarstéttarinnar, bæði kaupmanna og kaupfélaga, sem hafa farið með söluna á þessum vörum? Það er þetta, sem ég legg til með minni rökstuddu dagskrá, og ég get ekki fallizt á, að það sé ekki sanngjörn tillaga, eftir að staðið hafa deilur um þetta mál og stefnt að ófriði um þessi mál, að þá sé ekki heppilegra að bíða nokkra mánuði, leyfa þessum fulltrúum þessara aðila, sem sannanlega eiga hlut að máli, að koma saman. Þeir hafa ekki gert það. Það hefur ekki verið kallað á fulltrúa neytenda né heldur smásalanna til undirbúnings þessa máls. Ég held, að þó að það geti verið skiptar skoðanir bæði meðal framleiðenda og meðal kaupsýslumanna um það fyrirkomulag, sem er, og einhverjir geti fundið því eitthvað til foráttu, sem er furðulega lítið, þar sem um ríkiseinkasölu er að ræða, þá gætu þessir aðilar allir sætt sig við það um nokkurra mánaða skeið, að málið væri tekið til endurskoðunar, og þá kæmi fram skýrt fyrir hv. Alþ. álit fulltrúa þessara aðila.

Það er því mín megin- og aðaltillaga í þessu máli, að þessu máli verði frestað og ekki stefnt út í ófrið um þessi mál, sem öllum hlýtur að vera til skaða, bæði framleiðendum og neytendum, og gerðar ráðstafanir til þess, að fulltrúar þessara aðila geti fjallað um málið og veitt því betri undirbúning en liggur fyrir með þessu frv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, var það aldrei meining mín að fara að rökræða þetta mál, og var það að gefnu tilefni, sem ég kvaddi mér hljóðs.

Hv. 6. landsk. þm. (FRV) vill ekki taka neitt mark á því, sem fulltrúar bænda, sem kosnir eru af bændastéttinni í heild sinni, leggja til og samþykkja, heldur á fundum, sem nokkrir bændur kunna að halda og senda sínar ályktanir.

Mér skilst á flokksblaði hv. þm., að það sé verið að stofna til einhverrar vinstri fylkingar stórrar, Alþýðusambandið og víst hans flokkur og fleiri kannske. Við skulum nú setja svo, að þessi fylking næði meiri hluta á Alþ.; þá væri vitanlega ekkert mark takandi á því, þó að þeir væru kosnir eða einhver flokkur næði meiri hluta á Alþ., það væri ekkert mark takandi á því samkvæmt þessari kenningu, það þyrfti eiginlega að kalla þjóðina saman á þing, þar sem allir mættu eða allir gætu mætt og greitt atkvæði. Það er það eina, sem mark er takandi á eftir hans kenningu. En ég verð nú að halda því fram, að það hljóti að álítast, að eyfirzkir bændur séu yfirleitt sammála fulltrúum sínum, þegar það var vitað, þegar þeir voru kosnir, hvaða skoðanir þeir hefðu á þessu máli, því að þetta er ekkert nýtt mál. Ég hef hér fyrir framan mig samþykktir Stéttarsambands bænda, sem það hefur gert í þessu máli, fyrst 1948, svo 1951 og öll árin síðan, og annar fulltrúinn frá Eyjafirði í Stéttarsambandi bænda og á búnaðarþingi hefur öll þessi ár, að því er ég held, átt sæti í Stéttarsambandinu og alltaf verið jafnvel í forustuliði þeirra, sem hafa viljað fá þessa breytingu. Það er öllum eyfirzkum bændum kunnugt, og þeir hafa kosið hann samt sem áður. Því verð ég að leggja eins mikið upp úr og þessum bændafundi, sem haldinn var á dögunum a. m. k. Það er þá ekki heldur hægt að taka mark á þingkosningum, ef ekki er hægt að taka mark á þessu. Og hver er svo aðaltillaga hv. þm.? Það er einmitt um það, að skipaðir verði fulltrúar vissra samtaka til þess að semja frv. um þetta mál. Það felst í rökstuddu dagskránni, sem hann flytur. Er þá nokkurt mark takandi á þeim? Nú semdu þeir frv. og svo væri haldinn fundur, bændafundur eða neytendafundur, einhvers staðar og

þeirra frv. mótmælt, á þá ekki að fara eftir því, sem þeir fundir samþykktu? Til hvers er þá að skipa þessa fulltrúa í n., ef ekki er mark takandi á því, sem fulltrúar ákveðinna stétta og starfshópa samþykkja?

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 416 felld með 10:2 atkv.
Brtt. 429,1 felld með 10:3 atkv.
— 452,1.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 452,1.b samþ. með 13 shlj. atkv.
— 429,2 kom ekki til atkv.
— 429,3 felld með 10:3 atkv.
— 452,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 429,4.a—b felld með 10:2 atkv.
— 429,4.c felld með 9:3 atkv.
— 429,4.c varatill. felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, BrB, FRV, JJós, LJóh.
nei: VH, AE, BSt, IngF, JK, KK, SÓÓ, GíslJ.
4 þm. (GÍG, HG, HermJ, PZ) fjarstaddir.
Brtt. 429,4.d felld með 11:3 atkv.
— 429,4.e kom ekki til atkv.
— 429,4.f—g felld með 11:2 atkv.
— 452,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 429,5.a kom ekki til atkv.
— 429,5.b. felld með 10:2 atkv.
— 429,6 felld með 11:2 atkv.
— 429,7 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv. og endursent Nd.

Á 88. fundi í Nd., 16. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 485).

Á 89. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta mál, sem áður hefur verið nokkuð minnzt á í þessari hv. d., er þá komið til okkar aftur, ofur lítið breytt, og á meðan hafa ýmsir þeir hlutir gerzt, sem varpa dálítið skærara ljósi á, hvers konar mál þetta er og hvernig afstaða það er, sem ýmis samtök í landinu hafa tekið til þessa frv., sem hérna liggur fyrir, þannig að við ættum að vita það öllu betur en áður, hvernig viðhorf manna, bæði bænda og kaupstaðabúa, er til þessa máls.

Ég vil þá fyrst rifja upp nokkuð það almenna í sambandi við þetta mál og þá fyrst og fremst þá afstöðu, sem Framsfl. hefur tekið með þessu máli, og leyfa mér að skora á hv. Framsóknarflokksmenn, ekki sízt nú eftir nýafstaðið flokksþing þeirra og þær ákvarðanir, sem þar hafa verið teknar, og með tilliti til þeirra kosninga, sem fram fara í vor, að gefa nú skýrar og ótvíræðar yfirlýsingar um, hver þeirra stefna sé í þeim málum, sem skyldust eru þessu. Ég skil ekki í, að Framsfl. ætti að hafa þar neitt að dylja, og það er nauðsynlegt, að það komi fram, hvaða breyting er að verða hjá honum í þessum málum og hvernig hann hugsar sér að standa hvað svipuð mál snertir. Það, sem hér er um að ræða, er það, að einkasala, sem hingað til hefur verið hjá ríkinu og hefur átt að hafa það hlutverk að taka jafnt tillit til neytenda og til framleiðenda, á að leggjast niður. Í staðinn á að koma einkasala, sem ákveðinn hópur framleiðenda á að hafa með höndum. Ég vil leyfa mér að spyrja Framsfl., hvort hann hafi tekið ákvörðun um það í sambandi við sitt flokksþing nú, að það verði að afhenda skipaútgerð ríkisins í hendur Eimskipafélagsins og Sambandsins. Það er algerlega hliðstætt mál við það, sem hér er lagt til. Hérna er lagt til að taka úr höndum ríkisins fyrirtæki, sem á að rækja þjónustustörf við almenning, þjónustustörf jafnt við framleiðendur og við neytendur. Það á að fá þetta fyrirtæki í hendur nokkrum hópi manna, sem telja sig fulltrúa viss hluta af framleiðendum, og láta þá fá einkaréttindi í því sambandi. Skipaútgerð ríkisins hefur haft það verk með höndum að vinna almenn þjónustustörf fyrir landsmenn. Hins vegar hafa komið fram hér á Alþ. tillögur um að leggja skipaútgerð ríkisins niður og afhenda hana þeim einkafélögum, sem eru fyrst og fremst fulltrúar þeirra, sem skipin eiga, og svo að segja skipta skipum ríkisins upp á milli þessara einkafélaga.

Ég vil leyfa mér að spyrja Framsfl.: Er það hans meining nú á þessu þingi eða eftir næstu kosningar að fara þannig að með skipaútgerð ríkisins? Og það væri æskilegt að fá að vita það, hvort þetta er einn liðurinn í samningum Framsfl. og Alþfl., sem nú standa yfir í sambandi við það kosningabandalag, sem talað er um, að það eigi að skera niður einkasölur ríkisins og afhenda þetta í hendurnar á nokkrum hluta af þeim, sem hafa hagsmuni á móti framleiðendum. Ég vil í því sambandi leyfa mér að spyrja hv. þingmenn Framsfl. hér í d., hvernig standi á því, að frv. Alþfl. viðvíkjandi olíueinkasölu skuli ekki koma hér fram aftur úr nefnd, hvort það standi e. t. v. á Framsfl. að samþykkja það, sem einu sinni áður fyrr var eitt af aðalstefnumálum Framsóknar- og Alþýðuflokksins, fyrir 1930, olíueinkasalan, hvort það standi á Framsfl. að fallast á þetta og hvort þetta sé þá einn þáttur í þeirri pólitík að svipta ríkið þeim einkasölum, sem það hefur, og fá þær í hendur einstökum mönnum. Ég vil enn fremur leyfa mér að spyrja að því í þessu sambandi, hvort það sé meiningin hjá Framsfl., að það eigi að taka svona skipulag upp eða halda því við á þeim sviðum, þar sem íhaldið nýtur góðs af því núna. Við skulum taka sem dæmi fiskhringinn, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda. Þar er sem stendur einkasala, sem nokkrir auðmenn í Reykjavík ráða, og það hefur stundum a. m. k. viljað hvessa eitthvað frá hálfu Framsóknar gagnvart fiskhringnum, gagnvart þeirri einkasölu, sem Kveldúlfur & Co. hefur þar. Það hefur að vísu venjulega þagnað í Framsfl., þegar hvesst hefur í því sambandi, ef stungið hefur verið upp í hann, ef t. d. Samband íslenzkra samvinnufélaga hefur fengið úthlutað í sinn hluta einhverju af fisksölum úti í heimi. Ég vil leyfa mér að spyrja Framsfl. í tilefni af því máli, sem hérna liggur fyrir: Hvað er meiningin að gera í sambandi við fiskhringinn og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda? Er meiningin, að þar eigi að viðhafa þá reglu, að einn lítill hluti framleiðendanna og jafnvel ekki einu sinni framleiðenda eigi að fá að ráða á þessum sviðum? Sú stefna, sem Fram-

sfl. leggur til með þessu frv., er sams konar stefna og það, sem Kveldúlfur hefur verið að framkvæma á sviði fisksölunnar, að láta lítinn hóp manna, sem jafnvel telur sig framleiðendur, þó að þeir séu það ekki, fá að ráða, þannig að þeir gúkna bæði yfir hagsmunum framleiðendanna, þeirra almennu og smáu, og ég tala nú ekki um náttúrlega yfir hagsmunum neytendanna. Það er ekki að ófyrirsynju, að um það er spurt, hver sé afstaða Framsfl. í þessu efni. Hann hefur verið að rífa sig með það öðru hverju, að hann væri eitthvað á móti einkaeinokun, a. m. k. ef Kveldúlfur ætti í hlut. Er hann á móti einkaeinokun líka, ef það eru einhverjir gæðingar Framsfl., sem eiga í hlut, eins og þeir, sem eiga að fá þessa einokun í sínar hendur? Eða er það eins og hv. þm. N-Þ. sagði nú nýlega, að það væri ekki hægt að gera það, sem þyrfti að gera, vegna þess að það mundi bitna á sjálfstæðismönnum? Er það þannig, að það eigi að taka einkasölur af ríkinu og fá þær í hendur einstökum aðilum, ef þeir aðilar eru framsóknarmenn, en kannske taka þær af einstökum aðilum, ef það eru sjálfstæðismenn? Má ég spyrja: Hver er reglan, hver er hugsjónin, sem liggur þarna til grundvallar? Ef þetta mál er gott á þessu sviði, er þá ekki Kveldúlfseinkasalan í fiskhringnum góð líka? Má ég spyrja: Hvaða regla er það, sem á að gilda þarna? Ef menn eru komnir inn á það svið, að það eigi að vera einokun til handa einstökum aðilum, á reglan þá að vera sú, að svo framarlega sem það eru framsóknarmenn, sem hafa einkasölur eða geti fengið þær, skuli þeir fá þær, ef það eru sjálfstæðismenn aftur á móti, sem hafa hreppt þær, þá skuli þeir missa þær? Á að umskipuleggja helmingaskiptaregluna á einhvern hátt, fyrst stjórnarsamstarfið er að slitna núna eða a. m. k. er verið að burðast við að reyna að slíta það?

Ég vil segja það, að mér finnst, fyrst á annað borð þetta mál hefur dregizt svo lengi sem orðið er, að Framsfl. skuldi þingheimi og þjóðinni nokkra almenna yfirlýsingu um sína afstöðu í þessum málum.

Ég hef áður lagt á það áherzlu, að það séu fleiri fyrirtæki, sem við höfum þó helzt haft hugmynd um að Framsfl. stæði frekar með, sem hlytu að vera í hættu, ef þessi regla á upp að takast, sem hér er til lagt. Hvernig væri með ferðaskrifstofu ríkisins? Er meiningin að láta einkaferðaskrifstofu nú fá þann einkarétt, sem hún hefur? Og hverju ætla hv. þm. Framsfl. hér í d. að svara sjálfstæðismönnum, ef þeir, eins og t. d. hv. 7. þm. Reykv., borgarstjórinn í Reykjavík, koma fram með sitt frv. nú frá 2. umr. viðvíkjandi ferðaskrifstofunni og fara að vitna í, að þetta sé hin nýja regla Framsfl. að taka einkasölur af ríkinu og fá einkasölur í hendur einstökum mönnum? Hverju ætla hv. þingmenn Framsfl. að svara?

Enn sem komið er, er það ekki orðið þannig með lög á Íslandi, að það standi í lögum, að þetta skuli gilda, þegar framsóknarmenn eiga í hlut, og hitt skuli gilda, ef sjálfstæðismenn eiga í hlut. Enn sem komið er, eru það almennar reglur, sem gilda í þessum málum, og þess vegna er það ekki undarlegt, þó að við viljum reyna að fá þann þögla Framsfl. til þess að segja eitthvað um þetta mál í þessari hv. d. og um sína afstöðu til þess. Það gekk mjög erfiðlega að toga það út úr hæstv. landbrh. og hv. frsm. landbn. þessarar d., hv. þm. Dal., hvað þeir ættu við með rökstuðningnum, sem þeir notuðu í þessu máli. Eins og hv. þm. muna, var sá rökstuðningur sá frá hálfu hv. þm. Dal., að hann sagði, að það væri ekki að marka umsagnir, sem kæmu um svona mál, ríkiseinkasölu og annað slíkt, ef það væru forstjórar og stjórnendur ríkiseinkasalanna, sem flyttu það. Nú hefur það verið svo, þegar við höfum verið að ræða hér um skipaútgerð ríkisins eða ferðaskrifstofuna, að það, sem við þingmenn höfum fyrst og fremst byggt á, þegar við höfum verið að ræða þau mál, hafa verið upplýsingar frá stjórnendum þessara ríkisfyrirtækja, mönnum, sem hafa stjórnað þessum ríkisfyrirtækjum, venjulega með prýði, árum og jafnvel áratugum saman. Nú kemur fulltrúi Framsfl. og segir: Það er ekkert að marka, þegar þessir menn leggja á móti því, að svona einkasölur skuli lagðar niður. Það eru bara þeirra hagsmunir, sem valda því. — Ég minnti hv. þm. Dal. á þessi ummæli hans, þegar hann loksins mætti hér aftur á fundum til að standa fyrir máli sínu, og gat hann þá raunverulega ekkert við því sagt, var að reyna að tala um, að út úr þessu væri snúið og hann hefði nú ekki meint neitt ljótt í garð þessara manna. Ég las ummæli hans upp úr þingtíðindunum, og þau standa ómótmælt. M. ö. o.: Þingmenn Framsfl. hafa í sambandi við umræðurnar um þetta mál reynt að grafa undan tiltrú þingmanna til þeirra manna, sem stjórna ríkisfyrirtækjunum, reynt að grafa undan því, að við gætum treyst þeim umsögnum, sem trúnaðarmenn ríkisins veita í þessu efni. — Ég var að ræða um hv. þm. Dal. (Gripið fram í.) Jæja, annars hefði ég endurtekið það, ef hv. þm. hefði ekki heyrt það, en mér þykir mjög vænt um, að hann skuli hafa heyrt það, og þá vonast ég til þess, að hann í fyrsta lagi gefi yfirlýsingu um, að hann hafi ekkert meint af því, sem hann sagði, þegar hann talaði um stjórnendur grænmetisverzlunar ríkisins, og í öðru lagi, að hann muni framvegis taka fullt tillit til þess, sem fram komi frá hálfu starfsmanna og trúnaðarmanna ríkisins, þegar þeir séu til þess kvaddir af nefndum Alþingis að flytja rök um, hvort ákveðin fyrirtæki ríkisins fullnægi þeim tilgangi, sem með þeim var ætlað, starfi vel og annað slíkt. Og ég vona, að hv. þm. Dal. sleppi þá ekki heldur tækifærinu til þess að gefa okkur um leið upplýsingar um, hvað það er, sem Framsfl. ætlast fyrir viðvíkjandi skipaútgerðinni og ferðaskrifstofunni, og hvernig sé með afstöðu Framsfl. viðvíkjandi olíueinkasölunni og öðru slíku.

Það er ekkert undarlegt, þó að okkur verði nú á að spyrja hv. þingmenn Framsfl., hvort það, sem þeir meina með endurbótum, sem þeir segjast leggja svo mikla áherzlu á, sé fyrst og fremst fólgið í því að rýra og skemma allar þær endurbætur, sem Framsókn og Alþfl. komu í gegn í það skipti fyrir rúmum 20 árum, þegar þeir voru saman í meiri hluta hér á Alþingi. Þetta er eitt af þeim málum, sem hefur þó staðið af sér allar þjóðstjórnar- og afturhalds- og

íhaldshríðir síðan. Ef Framsfl. ætlar nú að leggja grænmetisverzlun ríkisins að velli, sem stofnuð var í tíð meiriblutastjórnar Framsfl. og Alþfl., þá sýnir það nokkurn veginn, hvaða stefnu sá flokkur er að taka, og það er þá til lítils að vera að tala um, að hann sé fylgjandi endurbótum í slíkum málum, svo að maður fari ekki að rifja upp hans verk í sambandi við almannatryggingarnar, húsnæðismálin eða aðra slíka hluti, þar sem hann hefur verið að skemma þá endurbótalöggjöf, sem knúin hefur verið í gegn á undanförnum áratugum. En um einmitt þau mál, sem ekki sízt Alþfl. hefur lagt alveg sérstaklega upp úr að framkvæmd væru, eins og þær einkasölur, sem komið hefur verið á, er sérstaklega upplýsandi fyrir þá kjósendur, sem nú eiga fyrir tilstilli Framsfl. bráðum að fá að segja sitt álit á flokkunum, að fá að vita um það, hvort þetta séu aðalendurbæturnar, sem við eigum í vændum eftir kosningarnar, að það verði rifið niður sem mest af þeim einkasölum ríkisins, sem þessir vinstri flokkar einu sinni höfðu barizt fyrir og komið á, og fengið í hendur einstökum mönnum til einkaafnota eins og þeim þóknast. Það er þess vegna vonandi, að hv. þm. Framsfl. verði nú, eftir að þeirra flokksþing hefur starfað, ekki alveg jafnþögulir í þessum málum og þeir voru, á meðan verið var að ræða þetta feimnismál þeirra hér í deildinni við þrjár umr., þegar þeir fengust helzt aldrei til þess að segja eitt einasta orð.

Þetta er nú viðvíkjandi því almenna í sambandi við þetta mál, og maður mætti ætla, að eftir nýafstaðið flokksþing Framsfl. væri þó flokkurinn búinn að koma sér niður á, hver hans stefna væri í þeim málum, sem snerta afskipti ríkisins af hinum og þessum höfuðdeilumálum í þjóðfélaginu, og afstaða hans til þess, hvort rýra skuli þau umbótamál, sem fram hafa verið knúin á undanförnum árum, eða hvort það skuli endurbæta þau. Ég býst við, að þetta mál verði nokkuð góður prófsteinn í því sambandi, og ég er hræddur um, að fáist hv. þm. Framsfl. ekki til þess að gefa ótvíræðari yfirlýsingar um afstöðu sína í þessum málum, þá þýði það það, að þeir hugsa sér að halda áfram á slíkri braut sem þessari og jafnvel freklega, þegar kosningum væri lokið.

Nú var það sagt við okkur hér í þessari hv. deild, þegar þetta mál var lagt fyrir, að þetta væri krafa bænda í landinu, og við vorum spurðir að því, hvernig við dirfðumst að standa á móti því, sem bændasamtökin heimtuðu í þessu sambandi. Við lásum upp við þær umr., sem fram fóru í þessari hv. deild, þegar þetta mál var hér síðast, margar umsagnir, m. a. frá kaupfélagsstjórum og það valinkunnum framsóknarmönnum úr öllum fjórðungum landsins og alveg sérstaklega þeim fjórðungum landsins og þeim svæðum, þar sem kartöflurækt er hvað mest, sem allir lögðu meira eða minna á móti því, að þetta frv. yrði samþykkt. Við lásum það upp hér. Þm. Framsfl., þeir fáu, sem töluðu seint og lítið, vildu sem minnst um þetta ræða. Þeir hliðruðu sér hjá því að taka afstöðu til þess, sem þessir fulltrúar bændasamtakanna úti um land, kaupfélaganna, bændakaupfélaganna, hefðu sagt um málið. Það var auðséð, að það var eitthvert vald þarna á bak við, einhver klíkuskapur, sem var að verki, sem þyddi, að það átti að pína þetta mál fram, hvað sem það kostaði, hvað sem snerti öll rök í málinu. Ég ætla ekki a. m. k. að svo stöddu að fara að tefja menn á því að lesa upp aftur umsagnir kaupfélagsstjóranna, eins og Jakobs Frímannssonar og ýmissa fleiri, um þetta mál. Ég skal gera það, ef ég sæi, að hv. þm. Framsfl. væru farnir að gleyma því, hvað sagt hefði verið um það.

En það er hins vegar máske ekki úr vegi, að það sé minnzt á, hvað komið hefur frá samtökum bænda, ekki kaupfélögum, heldur bændafélögum, síðan þetta mál var til umræðu hér í þessari deild. Það átti upphaflega að knýja þetta mál fram í janúarmánuði, og hefði gengið að vilja Framsfl. hér í deildinni, þá hefði þetta vafalaust farið þannig, að málið hefði verið sett hér í gegn í einum hvelli á nokkrum dögum í janúar, það hefði verið fullyrt, að öll bændastéttin stæði á bak við þetta, og bændur úti um land og þeirra samtök hefðu yfirleitt ekki fengið tækifæri til þess að segja neitt um málið. Hins vegar vildi nú svo til, að af ýmsum ástæðum dróst nokkuð afgreiðslan á þessu máli, og þess vegna hafa bændur, m. a. í ýmsum kartöfluframleiðsluhéruðum landsins, fengið tækifæri til þess að halda fundi og athuga málið og segja sitt álit um það. Ég skal leyfa mér að lesa hér upp samþykkt, sem aðalfundur Bændafélags Eyfirðinga, sem haldinn var á Akureyri 7. marz, hefur gert um þetta mál. Menn taka eftir því, að það er fyrst 7. marz og það er aðalfundurinn. Bændur eiga ekki þægilegt með að koma mjög títt saman á fundi, en þeir nota auðsjáanlega það tækifæri, að það er aðalfundur í þeirra félagsskap, til þess að ræða líka þetta mál, sem vissir þm. Framsfl. hafa fullyrt að væri bændum í aðalkartöfluframleiðsluhéruðunum gífurlegt hagsmunamál og áhugamál. Þeir nota tækifærið, þegar þeir koma saman á sinn aðalfund, til þess að ræða þetta mál, en eins og menn vita, er Eyjafjörðurinn allmikið kartöfluræktarhérað, og þegar þeir koma saman á sinn fund, hvað samþykkja þeir þá? Samþykkja þeir að lýsa ánægju sinni yfir því, sem Framsfl. sé að reyna að pína hér fram í þessum efnum? Nei, þeir samþykkja það ekki. Samþykkt fundarins hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Bændafélags Eyfirðinga, haldinn á Akureyri 7. marz 1956, skorar á Alþingi að fella frv. það, sem nú liggur fyrir Ed. um breytingu á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins. Fundurinn lítur svo á, að breytingar, sem fram koma í þessu frv., séu ekki líklegar til hagsbóta fyrir kartöfluframleiðendur, og telur því fráleitt að kollvarpa því skipulagi, sem verið hefur á þessum málum um nokkurt árabil, eins og ákveðið er í lögum nr. 31 2. apríl 1943, um verzlun með kartöflur.“

Þannig hljóðar þessi samþykkt, sem gerð er af aðalfundi Bændafélags Eyfirðinga. Sem sé aðalfundur þessa Bændafélags Eyfirðinga skorar á Alþingi að fella frv., og hann álítur það fráleitt að kollvarpa því skipulagi, sem verið hefur á þessum málum um langt árabil. Þetta segja bændur í Eyjafirðinum, þegar þeir koma saman

á sinn aðalfund. Það er fjarri því, að þeir taki undir með því, sem vissir hv. þm. Framsfl. hafa verið að berjast fyrir hér í deildinni, að þeir þvert á móti skora á Alþingi að fella frv. Það er ekki verið að biðja um að gera einhverjar smábreytingar á því. Það er ekki verið að biðja um að lagfæra það. Það er beinlínis skorað á Alþingi að fella það, að steindrepa það, og þeir taka fram, að það sé alveg fráleitt að ætla að fara að kollvarpa því skipulagi, sem núna sé.

Svo koma þessir hv. þm., eins og hv. þm. Dal., sem telja sig sérstaka fulltrúa bænda hér í d., og staðhæfa við okkur, að þeir tali í nafni allrar bændastéttarinnar og sérstaklega bænda á kartöfluræktarsvæðunum, þegar þeir halda því fram, að það sé vilji bændastéttarinnar að fá þetta frv. í gegn.

Ætli það sé nú ekki vissara fyrir Framsfl. að taka ofur lítið rólegar á þessum málum, að reyna ekki að pína þetta fram með því offorsi, sem sýnt hefur verið í sambandi við þetta mál, að taka ekki tillit til neinna röksemda, neinna mótmæla, sem fram koma?

Það er í raun og veru slembilukka, ef svo mætti segja, að þessi aðalfundur Bændafélags Eyfirðinga skuli yfirleitt hafa haft tækifæri til þess að fá að segja Framsfl. sitt álit á þessu máli. Hefðu þm. Framsfl. ráðið hér um afgreiðsluna á þessu, hefði málið verið löngu afgreitt, áður en aðalfundur kom saman. Og hann hefði þá kannske ekkert annað getað gert en að mótmæla því, að þessu fyrirkomulagi hefði verið kollvarpað. Nú hefur hann hins vegar fengið tækifæri til þess að segja sitt álit, áður en málið er afgreitt endanlega. Og hver segir okkur, að það kunni nú ekki svo að vera, að víða um land mundu bændafélög ef til vill gera svipaðar samþykktir og Bændafélag Eyfirðinga hefur gert, ef þau fengju tækifæri til þess, ef þeirra aðalfundir færu fram, áður en svona mál væru útkljáð, ef þeir fengju að ræða málið frá öllum hliðum og kynna sér það?

Ég held þess vegna með mál eins og þetta, að það sé rétt að láta afgreiðslu þess bíða. Ég held, að það sé rétt m. a. að lofa bændasamtökum landsins, bændafélögunum sjálfum á hinum ýmsu stöðum í landinu, að segja sitt álit endanlega um það. Við sáum örlitinn vott um, hvernig afstaðan mundi vera hér austanfjalls hjá bændum þar, *þegar allmikill bændafundur var haldinn á* Selfossi, þar sem þetta mál var rætt, og það er kunnugt, að framsóknarmenn eru þar mjög sterkir og Árnessýsla ekki mjög langt frá Reykjavíkurvaldinu, þannig að það var handhægara að beita Reykjavíkurvaldinu yfir á Selfoss en yfir á Akureyri, þannig að það var þess vegna reynt að knýja fram á þeim bændafundi á Selfossi samþykkt með þessu frv. Og hvernig gekk? Það varð þrívegis að skora á menn af hálfu fundarstjóra að rétta upp hendurnar, þangað til það fengust, ja, ég man nú ekki lengur, hvað það voru margar, eitthvað í kringum 20 hendur á loft og eitthvað þrír á móti, á fundi, sem taldi á annað hundrað bændur af öllu svæðinu frá Selvogi og alla leið austur í Vík í Mýrdal. Svona var nú áhuginn. Svona var nú eldmóðurinn fyrir þessu mikla hagsmunamáli bændastéttarinnar, og það þarf þó ekki að segja okkur, að íslenzkir bændur kunni ekki að standa saman um sín hagsmunamál. Það kunna þeir sannarlega og skilja fyllilega vel. Þeim verður aldrei borið það á brýn, íslenzkum bændum, að þeir skilji ekki, hvað eru hagsmunamál þeirra, og að þeir standi ekki vel saman um þau. En það er vegna þess, að þeir finna, að þetta er ekki þeirra hagsmunamál, sem þarna er um að ræða, að þeir eru svona tregir í þessu máli, að á Selfossi þarf að þriendurtaka það til að fá kannske ⅓ hluta bændafundar til að rétta upp hendur með, og á Akureyri komu fram bein mótmæli á móti frv.

Ég held þess vegna, af því að Framsfl. á það til að taka sér nokkuð oft í munn orðið lýðræði, að hann ætti að lofa fólkinu í landinu, samtökunum í landinu, bæði bænda- og neytendasamtökunum, að fá að segja til um skoðun sína á þessu máli, áður en það er afgreitt frá Alþingi. Eða má ég spyrja: Hvað er það, sem liggur svo á, að það þurfi endilega nú að leggja niður, einmitt á þessu þingi, þá grænmetisverzlun ríkisins, sem búin er að starfa í tvo áratugi? Hvað er það, sem kallar svona að? Eru þetta einhver síðustu helmingaskiptaviðskiptin á milli Framsóknar og Sjálfstfl., áður en þeir skilja í bili? Og má ég þá spyrja: Hvað er það, sem Framsfl. ætlar að hjálpa Sjálfstfl. til að drepa, fyrst Sjálfstfl. er nú að hjálpa Framsfl. til að drepa þetta? Ja, ég veit ekki, hvort það eru kannske einhver frv., sem eru stöðvuð hérna í deildinni nú í augnablikinu, sem verið sé að semja um. Við fáum nú að sjá það næstu dagana, hvernig það muni vera, en það kæmi okkur ekkert á óvart, þó að það væri nú eitthvað nýtt í sambandi við helmingaskiptaregluna, sem væri verið að framkvæma í þessu sambandi.

Mér sýnist þess vegna alveg augljóst eftir þær upplýsingar, sem við höfum nú fengið frá Bændafélagi Eyfirðinga um afstöðu bænda þar nyrðra í þessu máli, upplýsingar, sem aldrei hefðu komið til okkar, ef þessu máli hefði verið flýtt hér í gegn í deildinni, að bændur landsins standa ekki á bak við þessa tilraun til þess að drepa grænmetisverzlun ríkisins. Það er vilji einhverra annarra aðila, það er vilji einhverra valdhafa ofan frá, sem þarna er pínd ur í gegn, það eru viðskipti, sem einhver valdhafaklíka *Framsfl. hefur ákveðið* að framkvæma við einhverja aðila hér í Reykjavík og samþykkt um hefur verið pínd í gegn eða flaustrað í gegn hjá Stéttarsambandi bænda og þess almenna þingi, án þess að almennur vilji bænda væri á bak við.

Kaupfélagsstjórarnir, sem við margsinnis höfum vitnað hér í, segja sjálfir, að þeir hafi ekki orðið varir við neinn áhuga hjá bændum fyrir þessu máli. Einn talar um kannske einn eða tvo menn, og það hafa ekki einu sinni verið kartöflframleiðendur. Það er eitthvað óhreint mél í pokanum í sambandi við þetta mál.

Þetta liggur þá fyrir okkur viðvíkjandi afstöðu þess bændafélags, sem látið hefur Alþingi í té sína skoðun á þessu máli, og við höfum fulla ástæðu til þess að halda, að eyfirzkir bændur séu ekki einir um þá afstöðu.

En hvað svo viðvíkjandi öðrum kartöflufram-

leiðendum? Það er viðurkennt, að um það bil helmingur allra kartöflframleiðenda sé í bæjunum, kaupstöðunum, kauptúnunum, þorpunum í landinu, þar sé framleitt meira af kartöflum en í sveitunum. Hvað segja þeir kartöflframleiðendur? Hér í Reykjavík mun vera upp undir 30% af kartöfluframleiðslunni í landinu, og hér í Reykjavík hefur komið fram eindregin andstaða gegn þessu frv., ekki bara frá vondu fólki, frá alls konar sjálfstæðismönnum, samstarfsmönnum Framsóknar, eða sósialistum eða einhverjum þaðan af verri, — nei, frá Framsóknarflokknum sjálfum, frá sjálfum samtökum framsóknarmanna í Reykjavík hafa komið fram mótmæli gegn þessu frv. Ekki einu sinni hérna í Rvík, ef almenningur í Framsfl. fær að segja eitthvað um þetta, tekur hann undir við það, heldur þvert á móti. Hann leggst á móti því, alveg eins og bændur norður í Eyjafirði. — Framleiðendurnir í bæjum og kauptúnum og þorpum, sem framleiða helminginn af öllum þeim kartöflum, sem eru framleiddar, eru andvígir þessu frv. Það er vitanlegt, vegna þess að frá þeirra sjónarmiði horfir málið þannig, að það sé verið að taka úr höndum ríkisins einkasölu, sem þeir á ýmsan hátt hefðu þó aðstöðu til þess að hafa máske einhver áhrif á, og fá hana í hendur eins hluta af framleiðendunum. En hvernig er svo með hinn helminginn af þeim, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þessi mál, neytendurna, þá menn, sem eiga að borða kartöflur og borga þær? Þeir hafa hingað til litið svo á, neytendurnir, að fyrir þá væri viss trygging í því, að ríkið hefði einkasölu á kartöflunum, ef á annað borð ætti að vera einkasala þar, að það væri frekar ríkið, sem hefði það, heldur en einn ákveðinn hópur framleiðenda. Hvernig líta nú neytendurnir á þetta? Jú, neytendurnir líta þannig á þetta, að þeir eru mjög tortryggnir og það af eðlilegum ástæðum. Þeir eru á móti því, að ákveðnum hópi manna, ákveðnum hópi, sem hefur sérstakra hagsmuna að gæta sem framleiðendur, sé gefin þarna einkasala, vald gagnvart og yfir neytendunum.

Frá sjónarmiði neytendanna er það eðlilegt, að þeir vilji eitt af tvennu: Ef eigi að vera einkasala, þá hafi ríkið hana, og því ríkisfyrirtæki, sem sé falið að annast hana, sé fyrirlagt að taka jafnt tillit til neytenda sem framleiðenda, eins og grænmetisverzlun ríkisins hefur verið fyrirlagt að gera og hefur yfirleitt vel framkvæmt. Neytendur álíta, að eitt eigi að vera af tvennu, einkasala ríkisins á þessu, ef einkasala eigi að vera á annað borð, eða þá algerlega frjáls verzlun, þannig að menn megi þá flytja inn kartöflur, ef þeim þóknast. Og ég er nú hræddur um, að það auki frekar á tortryggni neytenda, það sem nú gerist í öðrum málum, sem snerta innlenda framleiðslu, heldur en að það eyði þeirri tortryggni. Við skulum taka sem dæmi smjörið í augnablikinu. Það er skortur á smjöri í landinu. Má ég spyrja: Væri það nokkuð óeðlilegt, þó að það yrði flutt inn eitthvað ofur lítið af smjöri, á meðan skortur er á því? Væri það nokkuð óeðlilegt, a. m. k. þegar ástandið er þannig undir stjórn íhalds og Framsóknar, að hvaða óþarfi sem vera skal er fluttur inn í landið? En það er ekki flutt inn smjör, þó að menn standi smjörlausir, og hv. þm. Framsfl. vita ósköp vel, af hvaða ástæðum það er. Getur nokkur maður láð neytendum, þó að þeir hugsi sem svo: Eftir að einkasala er komin í hendurnar á þeirri klíku, sem Framsfl. nú virðist berjast fyrir að fá hana í hendurnar á, verða þá fluttar inn kartöflur, þó að það vanti kartöflur?

Ég þykist vita, að það verði komið með öll möguleg loforð, ekki sízt þegar búið er að ákveða kosningar, það verður svo sem lofað og kannske séð um, að nógar kartöflur verði um kosningarnar. En þegar á að fara að framkvæma þetta til lengdar, þá er ég hræddur um að verði annað upp á teningnum og að neytendum muni þykja anzi hart að farið við þá. A. m. k. er það staðreynd, að frekar hefur sá aðili, sem nú á að fara að fá völdin í þessum efnum, amazt við kartöfluinnflutningi, þegar grænmetisverzlun ríkisins hefur álitið hann nauðsynlegan, heldur en hitt.

Hér er sem sé um að ræða hagsmunamál, þar sem neytendur landsins eru settir frammi fyrir því, að sú einkaeinokun, sem þarna eigi að skapa, geti neitað þeim um aðra eins nauðsynjavöru og kartöflur, ef það þarf að flytja þær inn. Það getur þess vegna enginn láð þeim mönnum, sem vilja a. m. k. taka jafnmikið tillit til neytenda og framleiðenda í þessum efnum, að þeir mótmæli algerlega samþykkt svona frv. eins og þessa.

Ég hef bent á það við þær umræður, sem hér fóru fram áður í hv. deild, hver fyrirætlunin mundi vera með ákvörðuninni um verðjöfnunargjaldið viðvíkjandi kartöflunum, sem þá var í einni grein frv., og þessir hv. þm., sem hafa fylgt þessu máli fram með svona miklu offorsi, þorðu á endanum ekki annað en að fella þann þátt burt. Það var svo sem auðséð, að upphaflega var meiningin að láta neytendur máske ekki aðeins þurfa að skorta kartöflur, heldur líka láta þá þurfa að borga alveg sérstakt verðjöfnunargjald til þess að bæta upp og borga hærra verð fyrir þær kartöflur, sem færu til fóðurs. Maður sá alveg, hvers konar einokunaraðstöðu var verið að reyna að skapa með þessu móti. Ákvæðið um verðjöfnunargjaldið var tekið út úr frv. Mönnum þótti ekki fært að hafa það þar. En ákvæðið um einokunina, höfuðatriðið í frv., stendur.

Hér í Reykjavík, þar sem meira en þriðjungur þjóðarinnar býr, hefur sjálf bæjarstjórn Reykjavíkur sem fulltrúi almennings tekið þetta frv. til meðferðar, og það kemur nú satt að segja ekki mjög oft fyrir, að bæjarstjórn Reykjavíkur tekur til meðferðar mál, sem rætt er á Alþingi, til þess að láta sérstaklega í ljós sína skoðun á því, og það, sem kemur þó máske enn þá sjaldnar fyrir í slíku sambandi, er, að bæjarstjórn Reykjavíkur verði sammála um afstöðu sína gagnvart slíkum málum. Bæjarstjórn Reykjavíkur gerði hins vegar samþykkt um þetta mál, sem var gerð með samhljóða atkvæðum, það var ekkert mótatkvæði, og sú samþykkt, sem gerð var á bæjarstjórnarfundi 1. marz, hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á hæstv. Alþingi að samþykkja ekki frv. það, sem fyrir ligg-

ur um grænmetisverzlun landbúnaðarins, og telur, að með frv. sé hagsmuna neytenda ekki gætt sem skyldi.“

Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að þessi samhljóða samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur hafi á bak við sig vilja alls þorra Reykvíkinga, framsóknarmanna líka, eins og fram hefur komið í þeirra eigin félagi, þannig að þarna liggja fyrir mótmæli frá fulltrúanum fyrir stærsta hóp neytendanna, sem til er í landinu, sem sé f. h. Reykvíkinga, gegn þessu frv.

Þegar það tvennt liggur þess vegna fyrir, að annars vegar eru bændur í Eyjafirði, í því héraði, sem ásamt Þingeyingum hafði forgöngu um samvinnufélagsskapinn í landinu, í því héraði, þar sem samvinnufélagsskapurinn er einna sterkastur á Íslandi, samþykkt gerð í þeim bæ, þar sem Framsfl. er einna sterkastur af öllum bæjum á landinu, að Reykjavík undantekinni, hlutfallslega langsterkastur á Akureyri; frá Bændafélagi Eyfirðinga, aðalfundi þess, höldnum á Akureyri, liggur fyrir samþykkt, þar sem skorað er á menn að fella þetta frv., af því að það sé fráleitt að samþykkja það, og frá Reykjavík, frá bæjarstjórn Reykjavíkur, liggja fyrir f. h. neytenda í höfuðstað landsins mótmæli gegn því, að þetta frv. verði samþ., þá þykist ég nokkurn veginn sjá, að fái almenningur í landinu að segja sitt álit á þessu máli, þá er hann á móti því. Ef þetta mál er sett í gegn, þá er það með hrossakaupum hér á Alþingi, með baktjaldamakki hér, engu betra en því, sem skóp þetta frv. í upphafi. Þegar fyrir liggja þess vegna mótmæli víðs vegar að gegn þessu frv. og gegn samþykkt þess, álit þeirra manna, sem gerst ættu til að þekkja um hugi bænda, eins og kaupfélagsstjóranna, sem vitnað hefur verið hér í, og þessi algera tregða bænda eins og á Selfossi, bændafundarins þar, að samþykkja nokkuð í þessum málum, þá ætti það að vera nokkurn veginn ljóst, að hér er ekki um mál að ræða, sem bændastéttin sem slík stendur á bak við, heldur aðeins lítill valdhafahópur, sem er að reyna að sölsa undir sig og sína klíku völd, sem ríkinu hingað til einu hafa verið fengin. Frá sjónarmiði neytenda er hér um hreint gerræði að ræða, og takist þetta gerræði, þá er auðséð, að það kemur fleira til með að fylgja á eftir. Ég held þess vegna, að nú ætti að láta þetta frv. fá að hvíla sig, láta það fá athugun fram yfir kosningarnar, fyrst Framsfl. er nú búinn að manna sig upp í að ákveða að láta stofna til kosninga í sumar. Svona verk eins og samþykkt þessa frv. hæfa satt að segja líka frekar því, sem á að gera eftir kosningar, heldur en á undan þeim. Það er venjulega, að það er máske hægara fyrir Framsfl. að fá ill verk gerð eftir kosningar en áður, og ég held, að það væri skynsamlegra af honum, af því að ég veit, að hann geymir nú máske fleiri slík ekki góð verk í poka sínum þar til eftir kosningar, að lofa þessu að fylgjast með þeim. Þetta er það slæmt mál, að það á heima með gengislækkun og öðru slíku.

Þess vegna er það mín till., að þessu máli sé nú vísað frá. Það væri máske heppilegast, að hv. landbn. þessarar d. fengi það enn einu sinni til athugunar. Það hefur nú komið í ljós alltaf, þegar þetta frv. hefur verið rætt, að nokkrar lagfæringar hafa verið gerðar á því, og sýnir, að hv. þingmönnum Framsóknar er sem sé ekki alls varnað. Það er hægt að fá þá til að taka tillit til staðreynda, ef þær eru hamraðar nógu oft inn í þá og ef þeir finna, að nógu mikill fjöldi af þeirra eigin fylgismönnum sé orðinn sannfærður um þessar staðreyndir. Ég tók eftir því, að þegar samtök framsóknarmanna hér í Reykjavík voru farin að mótmæla allkröftuglega þessu frv., þá byrjuðu framsóknarþingmenn hér í þessari hv. d. að hugsa, og þeir fóru að hugsa um það, hvort það væri nú ekki e. t. v. rétt að breyta einhverjum ofur litlum stafkrók í frv. Og eftir að hafa hugsað nokkra daga og nokkrar nætur um þetta mál, komust þeir að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera rétt að fella niður verðjöfnunargjaldið, og það gerðu þeir. Á endanum tókst sem sé að berja það inn í þá, þeir hafa kannske ekki sannfærzt um, að það væri vitlaust að hafa þetta í eða að það væri ranglátt, það efast ég um, en að það væri ópraktiskt, að það væri ekki rétt að reiða svona hátt til höggs, og þess vegna hættu þeir við það. — Ef hv. þingmenn Framsfl. hér í d. gátu nú vitkazt ofur lítið við það, að þeirra eigin flokksmenn hér í Reykjavík mótmæltu, þá hef ég þá trú út frá því sjónarmiði, að þeim sé ekki alls varnað, að þeir mundu e. t. v. vitkast eitthvað ofur lítið meira, þegar þeir vissu, að bændur norður í Eyjafirði, svo góðu framsóknarkjördæmi, mótmæltu svona skarplega eins og þeir hafa gert. Hver veit þess vegna nema hv. þingmenn Framsfl. hér í d. fengjust aftur til að hugsa, ef þetta mál færi nú t. d. til landbn., og fengjust nú e. t. v. til þess að fjarlægja einhvern agnúa til á frv.? Ég held þess vegna, að það væri mjög heppilegt, að landbn. tæki nú málið enn þá einu sinni til athugunar, enda held ég, að það væri rétt, áður en endanleg afstaða er tekin í málinu, að það kæmi alveg greinilega fram. Og því vil ég alveg sérstaklega skjóta til þingmanna Sjálfstfl. hér í þessari hv. d., að það kæmi alveg greinilega fram, ef það er meining Framsfl. að knýja þetta mál fram í því formi, sem það nú er, hvort Sjálfstfl. væri þá fylgjandi því, sem hann segist almennt vera svo mjög fylgjandi, að koma á frjálsri verzlun, frjálsri verzlun með kartöflur til dæmis. Ég leyfi mér bara að bera þá spurningu fram, af því að ég þykist vita, að eitt af því, sem muni verða eitt það stóra mál Sjálfstfl., þegar hann leggur til kosninga nú, verði eins og vant er frelsi í viðskiptum. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þingmenn Framsfl., hvort þeir væru kannske með því þá að gefa frjálsa verzlunina með kartöflur. Það virðist nú satt að segja ekki farið fram á mikið, að Íslendingar mættu flytja inn kartöflur, að þeir mættu kaupa kartöflur frjálst. Ég held, að það sé ekkert voðalegt frelsi, sem farið er fram á með því. Og ef Sjálfstfl. er fylgjandi frjálsri verzlun með lúxusbíla eða hvern fjandann sem er, þá finnst mér nú, að ef hann vill framkvæma sína hugsjón um frjálsa verzlun, þá gæti hann þó a. m. k. gert það hvað kartöflur snertir, það sé ekki til mikils mælzt. Og ég vil segja það, að við erum fyllilega reiðubúnir að taka það til athugunar, ef það á að berja það hér í gegn að leggja niður einkasölu

ríkisins til þess að skapa einkasölu einstakra manna, hvort það sé þá ekki betra að gefa verzlunina algerlega frjálsa.

Þetta vildi ég biðja hv. þingmenn að hafa til athugunar við umr. um þetta mál, en mín tilmæli til hæstv. forseta eru þau, að landbn. fái tækifæri til þess að athuga þetta mál, áður en það verður afgreitt hér endanlega frá hv. deild.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta mál var mikið rætt hér í d. og um það mjög skiptar skoðanir, og fóru þannig leikar eftir miklar umræður, að fram fékkst á frv. ein lítils háttar breyting, — þó veit ég ekki, hvort hún er svo mjög lítils háttar fyrir neytendur, því að í frv. var ákvæði um það, að setja skyldi á verðjöfnunargjald, sem greitt yrði af öllum matjurtum, ef framleiðsluráð teldi það nauðsynlegt, til þess að hægt yrði að jafna verðið milli söluvara annars vegar og vinnslu- eða fóðurvara hins vegar. Það er enginn vafi á því, að þetta verðjöfnunargjald hefði getað orðið til þess að hækka verð á kartöflum til neytenda, og óljóst var mjög í frv., hvort það væri ekki þannig hugsað, að þetta ætti að vera til þess að lækka verð á úrgangskartöflum og fóðurkartöflum, en hækka aftur kartöflurnar til manneldis. Engar skýringar fengust fram á því, en allar líkur benda til þess, að þannig hafi þetta verið hugsað og þannig eitt af mörgum atriðum frv., sem beint var stefnt og greinilega var stefnt gegn hagsmunum neytendanna, enda frv. allt því markinu brennt. Það má segja það til lofs hv. landbn., að hún féllst þó eftir alla orrahríðina á að breyta þessu á þann veg, að þetta atriði yrði fellt út úr frv. Það var undanhald, sem mátti heita virðingarvert. En hins vegar neitaði hún um að gera nokkrar aðrar lagfæringar á frv., bæði efnislegar og formlegar, og hefðu þær þó skipt tugum, þær breytingar, sem þurft hefði að gera á frv., ef vel hefði átt að vera, svo að það væri sómasamlega úr garði gert sem löggjöf og nokkurn veginn gætt að jöfnu hagsmuna framleiðenda og neytenda. En þannig fór frv. frá þessari hv. d. til Ed., að það var greinilega gengið þar á hag og rétt neytendanna og málinu sem sé ætlað að leysast á þann veg, að grænmetisverzlun ríkisins yrði lögð niður og allt hennar starf fært í hendur framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Svo var komið, að ýmsir þingmenn kaupstaðanna, alveg án tillits til flokka, voru orðnir sannfærðir um það, að þeir vildu ekki standa auglíti til auglitis við þann vanda, t. d. fyrir kosningar, að hafa greitt atkv. með slíku frv. og geta þannig verið ábyrgir fyrir því, ef framleiðsluráð kynni að vera sparsamt á það að flytja inn kartöflur, meðan væri verið að svæla upp lélegum kartöflum og koma þeim út á góðu verði í neytendurna í kartöfluleysi, og vildu því ekki leggja atkvæði sitt við það ástand, sem þessi einkasöluaðstaða framleiðsluráðsins gæti skapað, þau vandræði, sem það gæti leitt yfir neytendurna. Fór svo, að hv. þm. Ak. og hv. borgarstjórinn í Reykjavík sáu sér ekki fært að greiða frv. atkv., og ýmsir fleiri úr kaupstöðum fóru á þá leið við atkvgr. og snerust gegn málinu, þrátt fyrir það að vitað sé, að þetta sé hörkusamningamál milli stjórnarflokkanna. Handjárn brustu þarna, sem sjaldan kemur þó fyrir, af því að atkvæðahræðslan varð yfirsterkari og alls ekki að ástæðulausu.

Þegar frv. kom svo til Ed., var það þar rætt í landbn., n. þar klofnaði um málið, og þar voru bornar fram mjög margar brtt. við frv., brtt., sem allar voru svo sjálfsagðar, að maður getur ekki látið sér detta í hug annað en að þær hefðu verið samþykktar einróma, ef menn hefðu verið með óbundnar hendur, þeir sem um málið fjölluðu. Þannig fóru þó leikar, að nefndin, eftir að hún hafði frestað afgreiðslu um sinn og hugsað sig betur um, féllst á að gera tvær smávægilegar breytingar á frv., treysti sér ekki til að standa gegn brtt. eins og þeirri, að í stað þess að í frv. stóð, að það skyldi leita samþykkis framleiðsluráðs, skyldi koma nokkru hlutlausara orðatiltæki, að leita umsagnar. Það þorði þó landbn. ekki að hunza. Og sú breyting var samþykkt þar og enn fremur, að orðin „að dómi framleiðsluráðs“ í sömu mgr. féllu niður, sem einnig var alveg augljóslega sjálfsagt mál. En hinar till. allar, sem voru jafnsjálfsagðar, ef gæta átti hagsmuna neytenda, voru samt allar felldar. En af því að þessar tvær smábreytingar gengu í gegn í Ed., er málið nú komið hingað aftur til frekari íhugunar fyrir hv. deild, og væri nú vonandi, að d. notaði þann umhugsunarfrest, sem enn þá gefst, til þess að hugleiða, hvort það sé rétt t. d. neytendanna vegna að samþykkja þetta frv. eins og það nú liggur fyrir. Það væri og umhugsunarvert, hvort það er svo mikið hagsmunamál fyrir bændastéttina sem látið hefur verið í veðri vaka, að það sé gerandi að knýja þetta mál fram sem hatrammt deilumál milli neytenda og framleiðenda, svo að ég álít, að hvort tveggja formælendur og andstæðingar frv. hafi ástæðu til þess að hugsa sinn gang, áður en þeir stuðla að því, að málið verði afgreitt á þessu þingi. Það hefur verið boðið upp á það, að málinu yrði frestað til næsta þings og þá athugað, hvort ekki væri hægt að finna lausn á þessu máli, þannig að bæði neytendur og framleiðendur mættu vel við una, ef vilji væri til að leysa málið sem samkomulagsmál. En það virðist liggja svo mikið á að afgreiða þetta, að á slíkt er ekki hlustað, og rökstudd dagskrá um þetta efni hefur verið felld hér áður í deildinni.

Það hefur verið mjög um það spurt, hvaða sannanir sé hægt að færa fram fyrir því, að bændastéttin sjálf leggi mikla áherzlu á samþykkt þessa frv. Við höfum ekki orðið varir við það, að nokkurs staðar hafi heyrzt samþykktir frá bændum um að samþykkja frv. Hins vegar liggja fyrir þinginu mótmæli gegn samþykkt frv., eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Reykv., minnti hér á áðan. Það hafa í fyrsta lagi borizt mótmæli frá neytendasamtökunum í Reykjavík. Það hafa í annan stað borizt mótmæli frá Bændafélagi Eyfirðinga. Og það hefur í þriðja lagi borizt mótmælasamþykkt frá bæjarstjórn Reykjavíkur. Og samþykktin, sem gerð var á hinum fjölmenna bændafundi á Selfossi, þar sem samþykki við frv. var marið í gegn í þriðju atrennu með 22 eða 24 atkv. gegn 4 eða 5, held ég, — það voru í raun og veru mótmæli bænd-

anna, þar sem sama blað sagði frá því, að þarna hefðu verið saman komnir hátt á annað hundrað bændur alla leið frá Vík í Mýrdal vestur í Selvog, eða af öllu Suðurlandsundirlendinu. Slíkar undirtektir bændasamkomu eins og þeirrar voru greinileg mótmæli gegn frv. og alger sönnun þess, að þetta væri síður en svo áhugamál bændastéttarinnar. En þrátt fyrir allt þetta hafa menn hingað til látið daufheyrast.

Nú vil ég vekja athygli þó á einu atriði og skal eiginlega halda mér við það eina atriði. Það er upplýst mál, að eitt af því, sem framleiðsluráð landbúnaðarins á að sjá um nú og hefur séð um að undanförnu, er mat á kartöflum og grænmeti. Þetta var ekki svo fráleitt, að framleiðsluráð landbúnaðarins sæi um þetta, meðan sölumeðferðin var á höndum annars aðila, sem sé grænmetisverzlunar ríkisins. En er það réttmætt, og er það öryggisráðstöfun fyrir neytendurna, að nú verði það þannig, að mat á kartöflum, sölumeðferð á kartöflum og allt það, sem snertir sölumeðferð þessarar vöru, sé í höndum sama aðila? Er það ekki alveg auðsætt mál, að þegar grænmetisverzlun landbúnaðarins tekur við öllu saman, sölunni og hefur matið á hendi, þá á auðvitað að setja matið í hendur annarra aðila? Vitanlega er það alveg nauðsynleg afleiðing af þessari breytingu, að framleiðsluráð landbúnaðarins tekur að sér sölumeðferðina, að þá á það að láta af hendi valdið til þess að meta þessar vörur til neytendanna, og á auðvitað að falla undir valdsvið eiðsvarinna matsmanna, sem eru til þess kvaddir, eins og þegar verið er að skapa öryggi um vörugæði á öðrum sviðum.

Ég mun því bera fram brtt. og þá einu brtt. nú til þess að sannprófa, hvort d. er alveg staurblind á auðsæ rök og lagfæringu, mikla nauðsynjalagfæringu að því er snertir hagsmuni neytendanna. Till. mín er um það, að á eftir b-lið í 4. gr. frv. komi nýr stafliður, sem verði c-liður, svo hljóðandi:

„Mat á kartöflum skal ekki vera í höndum framleiðsluráðs, heldur verði skipaður sérstakur eiðsvarinn matsmaður kartaflna og annars grænmetis.“

Ég held, að það sé þess vert að taka eftir því, hvort hv. alþm. telja það rétta málsmeðferð og telja hagsmunum neytenda vera borgið með því, að allar hliðar þessa máls séu í höndum eins og hins sama aðila, framleiðsluráðs landbúnaðarins, og einnig matið, eftir að það hefur tekið við sölumeðferðinni. En ef menn komast að þeirri niðurstöðu með atkvæði sínu, þá held ég, að það sé auðsætt mál, að eitthvað annað hafi stjórnað afstöðu þeirra en heilbrigð skynsemi. Þar sem þess eru dæmi, að nefndin við fyrri meðferð málsins hafði þó tekið eina brtt. til greina, þá teldi ég nú fyllstu ástæðu til þess, að afgreiðslu málsins yrði frestað um sinn og málið sent aftur til meðferðar í n., m. a. til þess, að hún athugaði, hvort hún teldi ekki rétt að gera þessa breytingu og færa réttinn til matsins úr höndum framleiðsluráðsins, eftir að búið væri að lögfesta, að sá aðili skyldi fara með sölumeðferðina.

Ég beini þeim tilmælum sem sé til hæstv. forseta og til hv. landbn., að hún athugi þetta atriði út af fyrir sig, og vil óska þess, að hún gæti séð sér fært að mæla með þessari till. og helzt að gera hana að sinni till.

Annars þarf ég ekki að taka það fram, að ég tel málið allt vera þess eðlis, að það ætti að vísa því frá til nánari athugunar á því, hvort ekki finnist friðsamlegar leiðir til lausnar þessu máli, svo að bæði neytendur og framleiðendur gætu sómasamlega við unað, en þetta verður aldrei til annars en að vekja illindi á milli þessara tveggja aðila.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 485, 497, 522).

Einar Olgeirsson: Ég sé það, að hv. þm. Dal. (ÁB) hefur ekki kvatt sér hljóðs í málinu og að hann sem frsm. landbn. muni ætla að láta sig hafa það að reyna að koma málinu í gegn án þess að koma fram með rök fyrir sínu máli eða svara nokkrum af þeim fyrirspurnum og ádeilum, sem fluttar hafa verið á það. Hér las ég upp yfir honum þær samþykktir, sem gerðar hafa verið, frá því að þetta mál var síðast til umr. í þessari hv. d. Ég las upp yfir honum mótmæli gegn þessu frv., sem voru samþykkt af Bændafélagi Eyfirðinga. Ég las upp yfir honum mótmæli gegn frv., sem voru samþykkt einróma af bæjarstjórn Reykjavíkur. Sem sagt alls staðar að af landinu koma mótmæli gegn þessu frv. Engu að síður virðist nú ákveðið að berja þetta frv. fram. Hér liggur að vísu ein brtt. fyrir frá hv. 3. landsk. viðvíkjandi matinu, og ég býst við, að það mætti þó ekki minna vera en að sú till. væri samþykkt, ef málið ætti að ná fram að ganga. Hins vegar kann nú að vera, að það séu komnir á einhverjir samningar um þetta mál á milli stjórnarflokkanna tveggja. Það er sem sé vitanlegt, að kærleiksböndin á milli þeirra virðast ekki alveg slitnuð enn þá. Við sáum hér á einu máli, sem íhaldið hefur haft mikinn áhuga fyrir og Framsókn þykist hafa barizt á móti, að það var auðsjáanlega komið á samkomulagi um að hleypa því í gegn hér í d. áðan. Og grunur minn er sá, að það sé nú búið að gera sams konar samkomulag um þetta mál. Ég skil það út af fyrir sig vel, að íhaldinu þyki nokkur fengur að því að fá þetta mál fram. Þetta mál er alveg í samræmi við þess reglur og þess stefnu í þessum málum: afnema einkasölu ríkisins og búa til einkasölu handa einstökum mönnum. Þetta er það, sem gert er í sambandi við fiskhringina og annað slíkt og Framsókn hefur stundum verið að lýsa yfir hér í d. að hún væri á móti. Líka hefur það komið fyrir, að Framsfl. hefur staðið vörð um nokkrar af ríkiseinkasölunum eða nokkur ríkisrekin fyrirtæki, svo sem skipaútgerð ríkisins eða ferðaskrifstofu ríkisins. Hins vegar hef ég hvað eftir annað bent hér á það, að ef Framsfl. ætlar nú að fara inn á þá braut, sem hann er að fara með þessu frv., þá virðist hann vera að hverfa frá þeirri reglu og frá þeirri stefnu, sem hann hefur fylgt í afstöðu sinni til skipaútgerðar ríkisins og til ferðaskrifstofu ríkisins. Ég held

þess vegna, að það sé gott, að það fái nú alveg að koma hér fram, hver sé stefna Framsfl. í þessum málum. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

„Þar sem d. lítur svo á, að skipaútgerð ríkisins, ferðaskrifstofa ríkisins og grænmetisverzlun ríkisins eigi að vera í eigu ríkisins áfram og reknar af því, telur d. ekki ástæðu til að samþ. frv. og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég hef sýnt fram á það, að hv. þm. Framsóknarflokksins hér í þessari hv. deild hafa samþykkt það með þögninni, að það séu að öllu leyti sambærilegar grænmetisverzlun ríkisins og skipaútgerð ríkisins eða ferðaskrifstofa ríkisins. Þeir hafa ekki getað mótmælt því með einu orði. Ég held, að það sé þess vegna bezt, að það liggi fyrir, hvort það er allsherjarstefnubreyting hjá þeim í þessum málum eða ekki. Ef þeir fella þessa rökstuddu dagskrá mína, þá lýsa þeir því þar með yfir, að þegar þeir eru búnir með sínar blekkingarkosningar, eigi skipaútgerð ríkisins og ferðaskrifstofa ríkisins að fara sömu leiðina og grænmetisverzlun ríkisins á að fara núna, ef þeir fá að ráða. Og ég tel heppilegt, að það fái að koma fram alveg skýrt og greinilega, hver sé afstaða Framsfl. í því efni. Hins vegar álít ég, að það, sem væri rétt að gera nú, sé, að hv. d. lýsi því yfir, að hún sé þeirrar skoðunar, að skipaútgerð ríkisins, ferðaskrifstofa ríkisins og grænmetisverzlun ríkisins eigi að fá að vera til áfram eins og þær hafa verið fram að þessu, og um það fjallar mín rökstudda dagskrá. Ég lýsi því svo jafnframt yfir, að ég er fylgjandi þeirri brtt., sem hv. 3. landsk. flytur hér, og álít, að ef mín rökstudda dagskrá yrði ekki samþykkt og málinu þannig vísað frá, þá eigi að samþykkja þá brtt., það megi ekki minna vera en að það tillit sé tekið til neytendanna í bæjunum, að sú till. viðvíkjandi matinu sé samþykkt.

Ég minni á, að áður fékkst þó fram sú breyting hér, að verðjöfnunargjaldið var numið úr lögunum eða var tekið út úr frv., og þessi brtt. viðvíkjandi matinu er svo sjálfsögð, að ef ekki væri rekið á eftir þessu frv. með þeim krafti, sem stjórnarflokkarnir gera, og samið um það á bak við tjöldin, í skiptum fyrir ýmislegt annað, þá mundi það teljast sjálfsagt og eðlilegt að samþykkja þá till. hv. 3. landsk.

Ég vil svo hins vegar lýsa því yfir, að ég álít langeðlilegast eftir allt, sem upplýst er í þessu máli, eftir öll þau mótmæli, sem fram hafa komið, bæði frá bændum og borgarbúum, að Alþingi taki það tillit til vilja fólksins í landinu í þessu efni, að það vísi þessu máli frá og samþykki þess vegna mína rökstuddu dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 23. marz, var enn fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 522 felld með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, BergS, EggÞ, EOl, GilsG, GJóh, HV, KGuðj, LJós.

nei: MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, KJJ, SB.

GTh, GÞG greiddu ekki atkv.

5 þm. (BÓ, EmJ, JPálm, JR, JörB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Ég sé, að í þessari till. til rökstuddrar dagskrár er minnzt á skipaútgerð ríkisins og ferðaskrifstofu ríkisins, en hins vegar held ég, að það sé áreiðanlegt, að þessar stofnanir séu alls ekki nefndar í frv., sem hér liggur fyrir, og virðist mér því dagskráin að nokkru leyti út í hött, og ég sé ekki, að með atkvgr. um þetta frv. sé verið að taka neina afstöðu til þeirra stofnana. Með þessari athugasemd segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Það virðist svo sem hv. þm. Framsfl. hafi ekki fylgzt rétt vel með í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál, og þeim sé þess vegna ekki ljóst, að hér er verið að greiða atkv. um stefnu. Enginn þeirra hefur mótmælt því, að það væri algert samræmi á milli þeirra þriggja stofnana og þeirra örlaga, sem þarna er um að ræða. Þess vegna er þessi dagskrá góðum rökum studd, og þess vegna segi ég já við henni.

Brtt. 497 felld með 19:9 atkv.

Frv. samþ. með 18:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 550).

51. Sjúkrahúsalög.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953 [104. mál] (þmfrv., A. 124).

Á 21. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Ég flyt þetta mál ásamt hv. 2. þm. Rang., hv. þm. Borgf. og hv. þm. Ísaf. Eins og tekið er fram í grg. fyrir frv. þessu, hefur verið litið svo á, að ríkissjóðsstyrkurinn, sem bæjar- og sveitarfélög fá samkv. lögum til þess að koma upp sjúkrahúsum, nái einungis til kostnaðar við húsbygginguna sjálfa. Af því leiðir, að þeir aðilar, sem brjótast í að koma upp sjúkrahúsum, verða einir að standa straum af kostnaði við kaup á öllum útbúnaði, áhöldum og lækningatækjum, sem nauðsynleg eru við starfrækslu sjúkrahúsa.

Allir vita, að útbúnaður sjúkrahúsanna, ef hann á að vera í samræmi við þær kröfur, sem nú eru gerðar, er mjög verulegur hluti af heildarkostnaðinum við að koma upp sjúkrahúsum. Með aukinni tækni og framförum á sviði læknavísindanna má gera ráð fyrir því, að kostnaður vegna áhaldakaupa komi til með að vaxa. Ég hef ekki aflað mér upplýsinga um hlutföllin á milli kostnaðar við húsbyggingu og vegna útbúnaðar hjá þeim aðilum, sem reist hafa sjúkrahús síðari árin, en get þó upplýst, að röntgentæki fyrir fjórðungs-

sjúkrahúsið á Akureyri kostaði eitt út af fyrir sig milli 400 og 500 þús. kr. og helztu eldunartæki um 150—200 þús. kr. Gefur þetta nokkra vísbendingu um það, að allur kostnaðurinn við kaup á tækjum og áhöldum til nýs sjúkrahúss sé ekki neitt smáræði.

Ástæðan fyrir því, að ríkissjóðsstyrkurinn hefur ekki verið látinn ná til búnaðar sjúkrahúsanna, mun vera sú, að með því á að fyrirbyggja, að bæjar- og sveitarfélög legðu í óþarflega mikinn kostnað vegna kaupa á tækjum. Með því væri skapað aðhald fyrir þessa aðila.

Þetta sjónarmið má að því leyti viðurkenna, að mjög misjafnlega er unnt að kosta til búnaðar sjúkrahúsanna, sem fer eftir efnum og ástæðum, og erfitt fyrir heilbrigðismálastjórnina að fylgjast með því, að fullrar ráðdeildar sé gætt. En á það verður einnig að líta, að tækin eru ekki síður nauðsynleg til starfrækslunnar en sjálfur húsakosturinn og því hæpin afstaða að undanskilja þau með öllu ríkisstyrk. Þá er sú hætta og fyrir hendi, að þeir, sem eru að koma upp sjúkrahúsum, geti ekki án aðstoðar ríkisins búið þau eins vel út og nauðsynlegt mætti teljast.

Á Alþ. hafa áður komið fram till. um, að allur útbúnaður sjúkrahúsanna verði styrkhæfur, en þær ekki náð fram að ganga af þeirri ástæðu, sem getið hefur verið um.

Með frv. þessu er nú leitazt við að fara meðalveginn. Fylgt er þeirri meginreglu, að bæjar- og sveitarfélögin kosti útbúnað sjúkrahúsanna, þó að því undanskildu, að ríkið taki að sínum hluta þátt í kostnaði vegna kaupa á ákveðnum tækjum, sem nauðsynleg eru, og kostnaði vegna lagfæringar á lóð. Í frv. er lagt til, að ótvírætt sé kveðið á um það, að ríkissjóður greiði að sínum hluta, þ. e. a. s. ⅔ hlutana, þegar um almenn sjúkrahús er að ræða, og ⅝, þegar um fjórðungssjúkrahús er að ræða, kostnað við lagfæringu á lóð, kaup á meiri háttar eldunartækjum og matreiðsluvélum, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélum í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, kostnað við kaup á aðalröntgentæki, enda sé búnaður þess við hæfi sjúkrahússins.

Á undanförnum árum hefur verið gert stórt átak í þá áttina að bæta sjúkrahúsakostinn í landinu. Um nauðsyn þess hafa allir verið sammála, enda í fullu samræmi við aukna menningu þjóðarinnar og batnandi fjárhagsafkomu. Það hlýtur ætíð að vera ein af frumskyldum þjóðfélagsins að fyrirbyggja vanheilsu með öllum hugsanlegum og mögulegum ráðum og rétta þeim ógæfusömu hjálparhönd, sem orðið hafa sjúkdómum að bráð. Í því skyni verður að leggja allt það af mörkum, sem nauðsynlegt er og fjárhagsgetan leyfir. Í baráttunni fyrir aukinni heilbrigði þjóðarinnar þarf að leggja áherzlu á margt, eins og t. d. góða menntun læknastéttarinnar, fullkomna og árvaka heilsugæzlu, en ekki hvað sízt á það, að fyrir hendi sé nægur og góður sjúkrahúsakostur. Á því sviði hefur ríkisvaldið haft margvíslega forgöngu. Má t. d. benda á landsspítalann og heilsuhælin, sem ríkið hefur rekið. Á síðari árum hafa verið gerðar miklar umbætur á ríkisspítölunum og næstum lokið við að koma upp hjúkrunarkvennaskóla, sem er bráðnauðsynleg stofnun til þess að tryggja rekstur sjúkrahúsanna.

Það hefur verið hlutverk sveitar- og bæjarfélaganna að hafa forgöngu um að koma upp almennum sjúkrahúsum úti um land og annast rekstur þeirra. Samkv. lögum hefur ríkissjóður greitt ákveðinn hluta af stofnkostnaðinum, þ. e. a. s. byggingarkostnaði, og með lögum frá Alþ. í fyrra var rekstrarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúsanna stórum aukinn frá því, sem verið hafði. Rekstur sjúkrahúsanna hefur verið stór útgjaldaliður hjá mörgum sveitarfélögum, og er mjög vafasamt, svo að ekki sé meira sagt, að hægt hefði verið að halda áfram rekstri stærri húsanna, ef styrkurinn hefði ekki verið samþykktur í fyrra, eins og nú er komið öllu verðlagi í landinu.

Sveitarfélögin hafa ekki brugðizt þeirri skyldu að sinna heilbrigðismálunum að sínum hlut, eftir því sem efni hafa leyft. Í öllum bæjum og stærstu kauptúnunum eru núna rekin sjúkrahús. Víða úti um land eru nú risin upp ný sjúkrahús, sem miðað við allar aðstæður mega teljast hin fullkomnustu. Sem dæmi um framtakssemi eins einasta sýslufélags á þessu sviði má benda á nýja sjúkrahúsið á Blönduósi, sem enn er í smíðum. Akureyringar hafa komið upp fjórðungssjúkrahúsi, sem mun kosta sem næst 13 millj. kr., þegar það er fullgert með öllum útbúnaði. Og komin eru upp ný sjúkrahús á Akranesi og í Keflavík. En fram hjá þeirri staðreynd verður ekki komizt, að framkvæmdirnar í heilbrigðismálunum hafa gengið nærri fjárhag sveitarfélaganna þrátt fyrir myndarlegan stuðning ríkisins, svo nærri, að af geta hlotizt vandræði. Tekjumöguleikar sveitarfélaganna eru takmarkaðir og í mörg horn að líta. Þegar staðið hefur til að reisa nýtt sjúkrahús eða endurbæta gamalt, hafa menn af eðlilegum ástæðum viljað vera stórhuga og stórtækir, og þá hefur verið stofnað til skulda, sem erfitt getur reynzt að ljúka.

Frv. þessu er ætlað, eins og gerð hefur verið grein fyrir, að hlaupa undir bagga með sveitarfélögunum og gera þau þannig færari um að koma upp fullkomnum heilbrigðisstofnunum. Með því eru lagðar auknar álögur á ríkissjóðinn, en útgjöld, sem frekar en mörg önnur byggjast á mikilli þörf og sanngirni.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um það; að ákvæði frv., verði það að lögum, nái einnig til sjúkrahúsa, sem tekin hafa verið í notkun síðan 1. jan. árið 1952. Byggist það á því, að síðustu árin hafa verið tekin í notkun fullkomin sjúkrahús á Akranesi, í Keflavík og á Akureyri, en kostnaður þeirra er enn ekki nema að mjög litlu leyti greiddur og endanlegu uppgjöri vegna byggingar þeirra ekki lokið, að því er ég bezt veit.

Ég óska svo eftir því, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbrmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, n. 432).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og orðið sammála um afgreiðslu þess.

Höfuðatriði þessa frv. er það, að ríkissjóður skuli framvegis greiða nokkurn hluta af kostnaði við kaup á tækjum til sjúkrahúsa. Eins og kunnugt er, hefur verið litið svo á, að ríkissjóðsstyrkurinn til sjúkrahúsanna næði eingöngu til kostnaðar við að koma upp sjálfri sjúkrahúsbyggingunni. Flm. þessa frv. hefðu upphaflega talið eðlilegt og æskilegast, að ríkissjóður greiddi að sínum hluta eða að sama hluta og hann greiðir til byggingar sjúkrahússins allan kostnað við að búa sjúkrahúsin þeim nauðsynlegu tækjum, sem alltaf þurfa að vera fyrir hendi í fullkomnu sjúkrahúsi. Hins vegar var vitað, að ýmsir forráðamenn heilbrigðisþjónustunnar mundu leggjast á móti svo róttækri breytingu, svo að að lokum komum við okkur saman um að taka út úr ákveðin tæki, sem framvegis yrðu styrkhæf.

Það var gerð mjög ýtarleg grein fyrir þessu máli við 1. umr., svo að það er ekki ástæða fyrir mig til þess að fara um það mörgum orðum. En heilbr.- og félmn. mælir með því, að frv. verði samþykkt, þó með þeirri breytingu, að ríkissjóðsstyrkurinn verði eigi hærri en ⅔ hlutar af kostnaðarverði tiltekinna tækja og lóðar.

ATKVGR.
Brtt. 432 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 439).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 81. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 439, n. 517).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Frv. þetta um breytingar á lögunum um sjúkrahús frá 1953 er um að auka dálitlu við þátttöku ríkisins í því að koma upp fullbúnum sjúkrahúsum á vegum sveitarfélaga og landsfjórðunga. Lögin hafa verið framkvæmd þannig, að þátttaka ríkisins í stofnkostnaði hefur eingöngu verið miðuð við byggingu sjúkrahúsanna. Ríkið hefur greitt, ef bæjarfélög hafa staðið að sjúkrahúsabyggingum, ⅔ byggingarkostnaðar húsanna, en ef önnur sveitarfélög hafa reist húsin, þá hefur ríkið greitt ⅔ af kostnaðinum. Hafi aftur á móti verið reist fjórðungssjúkrahús, hefur ríkið greitt ⅔ kostnaðar. Auðvitað mál er það, að sjúkrahúsalóðir geta þurft lagfæringar, til þess að þær hæfi húsi og þeim, er þar eiga að hafa dvöl. Þær eru í raun og veru hluti af húsinu. Enn fremur þarf sjúkrahús mikinn innri búnað, sem kostar mikið fé. Þessi búnaður má ekki vera af svo miklum vanefnum, að sjúkrahúsið sé ekki fært um að veita sjúklingum og starfsfólki forsvaranlega vist. Það er hefndargjöf, að ríkið hjálpi til að byggja sjúkrahús, en svo vanti áhöld í húsið, af því að hlutaðeigendur hafa ekki fjármagn til þess að kaupa þau. Um þetta eru til dæmi deginum ljósari.

Nú er lagt til með frv. þessu, að aðstoð ríkisins nái einnig til lagfæringar á byggingarlóðum sjúkrahúsa svo og til alls, sem er múr- og naglfast, þar með talin öll meiri háttar eldunartæki, matreiðsluvélar, sem nota á til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsum sjúkrahúsa. Þegar um sjúkrahús 20 sjúkrarúma og þar yfir er að ræða, koma einnig til greina samkvæmt frv. aðalröntgentæki, enda sé það tæki miðað við hæfi sjúkrahúss þess, sem hlut á að máli. Styrkurinn vegna kaupanna á innbúnaðinum fari þó ekki yfir ⅔ kostnaðarverðs, þ. e. kaupverðs. Loks er ákveðið, að frv., ef að lögum verður, nái með ákvæði sínu til sjúkrahúsa, er tekin hafa verið í notkun í ársbyrjun 1952 eða síðan þá.

Frv. þetta var lagt fram í Nd. Þar voru samkv. till. heilbr.- og félmn., er hafði frv. til meðferðar, gerðar á því tvær breytingar, önnur mjög smávægileg orðabreyting, hin breytingin að hafa greiðslu ríkisins á kostnaðarverði hins tiltekna innbús ekki yfir ⅔ hluta kostnaðar, hvaða sjúkrahús sem í hlut eiga. Frv., svo breytt, var afgreitt ágreiningslaust út úr Nd., að því er ég bezt veit.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar hefur rætt frv. Hún telur rétt, að ákvæði þess verði gerð að lögum, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 554).

52. Sala jarðeigna í opinberri eigu (frv. HermJ).

Á 76. fundi í Ed., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja tvær eyðijarðir [162. mál] (þmfrv., A. 405).

Á 77. og 78. fundi í Ed., 28. febr. og 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 2. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það fylgir þessu frv. nægileg grg. Það er ástæðulaust að hafa um það langa framsögu. Þessar jarðir, Kleppustaðir í Hrófbergshreppi í Strandasýslu og eyðijörðin Engjanes í Árneshreppi, eru báðar þannig, að það eru engar minnstu líkur til þess, að þær verði teknar til ábúðar, og þess vegna er eðlilegt, að þær geti fallið undir jarðir, sem liggja þeim nærri, til afnota. Það kemur fram í grg., að sýslumaðurinn mælir með því á þessum grundvelli, sem ég hef minnzt á, og með þeim rökum, að jarðirnar verði seldar, en ég hef beðið eftir því, að meðmæli kæmu einnig frá hlutaðeigandi hreppsnefndum, ekki viljað flytja málið með öðru móti, og þau liggja einnig fyrir, eins og sést af þeim fskj., sem grg. fylgja, og eru meðmæli frá oddvitum beggja hreppa með því, að jarðir þessar verði seldar.

Ég held það sé ástæðulaust að vísa málinu til nefndar, en geri ekki athugasemd við það, ef það verður talið nauðsynlegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 405, n. 504).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Nefndin hefur athugað þetta frv. Hún hefur sent það til umsagnar landnámsstjóra og jarðeignadeild ríkisins, og fylgir hér með prentað á þskj. 504 álit landnámsstjóra, sem útskýrir málið mjög vel, svo að það er ekki þörf á því að bæta þar neinu við.

Þó skal ég nú geta þess svona persónulega frá sjálfum mér, að ég skil ekki, hvað hreppstjórinn á Eyri ætlar að gera við Engjanesið, sem liggur mjög langt frá honum, og hann getur varla notað það til annars en að hirða rekann, sem þar kann til að falla. En jörðin byggist áreiðanlega aldrei sem sjálfstæð jörð og hefur aldrei verið eiginlega nein jörð, þó að einhverjir hafi einhvern tíma dregið þar fram lífið, og þess vegna er svo sem ekkert á móti því, að honum sé seld hún. Hann er a. m. k. nær því en menn héðan úr Reykjavík að nytja sér rekann, þó að hann sé langt frá honum.

En svo barst nefndinni bréf frá skógræktarstjóra í gegnum ríkisstj., sem óskaði eftir því að beiðni skógræktarstjóra, að skógrækt ríkisins væri heimilt að selja til ábúandans að Skriðufelli þann hluta Skriðufells, sem hann hefur búið á, hluta úr jörðinni Skriðufelli, sem skógræktin keypti fyrir alllöngu til þess að geta friðað Þjórsárdal. Það var þó nokkuð mikið vafamál, hvernig átti að taka á þessu máli. Í fyrsta lagi er vafamál, hvort skógrækt ríkisins þarf nokkra heimild frá Alþingi til að selja þær jarðeignir, sem hún hefur umráð yfir. Það er vafasamt. En með því að taka það hér inn í frv., vil ég slá því föstu, að skógræktin hafi eftirleiðis ekki heimild til að selja af sínum jarðeignum, án þess að það fari í gegnum Alþingi.

Það, sem þarna er um að ræða, er hluti af jörðinni Skriðufelli, sem skógræktin telur að hún þurfi ekki á að halda, hvorki til að friða þann skóg, sem er í landi jarðarinnar, sem verður að mestu utan við þetta, né heldur til að varna uppblæstri, eins og hún gerir með friðun Þjórsárdals.

Þegar búið er að slá því föstu að heimila ríkisstj. að selja þennan jarðarhluta og gera það í gegnum Alþingi, þá er eftir að koma sér saman um, á hvern hátt kaupverðið skuli ákveðið. Þar sem skógræktin heyrir undir ríkisstj., ákveðinn ráðh., þá var látið liggja opið, hvort jörðin væri seld fyrir verð, sem ráðh. og skógræktarstjórinn kæmu sér saman um við viðkomandi mann, ráðh. sem yfirmaður skógræktarinnar samþykkti söluverðið, eða þá eftir matsverði dómkvaddra manna.

Með þessari brtt., ef að lögum verður, tel ég slegið föstu þrennu: Fyrst því, að þær jarðeignir, sem hálfopinberar stofnanir, heyrandi undir ríkisstj., kunna að komast yfir og eignast á einn eða annan hátt, verði ekki aftur seldar nema með lögum frá Alþingi; því öðru, að þegar um það sé að ræða, þá geti verið, hvort sem vera vill, að verðið sé ákveðið af ríkisstj. eða þeim ráðh., sem viðkomandi hálfopinber stofnun, í þessu tilfelli skógræktin, heyrir undir, eða að matsverði dómkvaddra manna.

Í samræmi við þetta verður fyrirsögn frv. að breytast, og við höfum gert till. um það. Ef svo færi, að hv. deild væri ekki sammála okkur um að taka Skriðufell þarna inn í, heldur liti hinn veginn á málið, að heimild um sölu Skriðufells sé óþörf hér, skógræktarstjórinn geti einn ráðið því, það séu engin lög um það, hvort hann selji þær jarðeignir, sem skógræktin á, og fyrir hvaða verð, þá þarf náttúrlega aftur að breyta fyrirsögninni, ef sú till. okkar yrði felld.

En ég held nú, úr því að það er verið með lög um sölu á hvað litlum landskika sem er, sem ríkissjóður á, þá sé rétt að láta það sama ganga yfir þær opinberu stofnanir, sem eru að nokkru leyti sjálfstæðar, en þó í raun og veru, þegar allt kemur til alls, ríkiseign og stjórnað af ríkinu.

ATKVGR.

Brtt. 504,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 504,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um sölu jarðeigna í opinberri eigu.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 537).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 91. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 92. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. *vísað til* 2. umr. *með* 19:1 atkv. *og til* landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 537, n. 577).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og er þess efnis að heimila sölu á tveimur ríkisjörðum í Strandasýslu og auk þess landspildu, sem skógrækt ríkisins á í landi Skriðufells í Gnúpverjahreppi.

Landbn. mælir með því að heimila sölu á þessum jörðum, og vil ég mælast til þess, að frv. gangi sína eðlilegu leið að þessari umr. lokinni.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nú ekki svo sem nýtt að efni til, en ég var í landbn., þó að hv. frsm. meiri hl. n. tæki það nú ekki fram, algerlega mótfallinn því. Í fyrsta lagi er ég mótfallinn því, að það virðist ekki þurfa neitt annað, ef einstaklinga eða hópa manna langar til þess að ná í einhvern hluta af ríkiseignum, en að hafa hugkvæmni til þess að bera það fram, þá er hér á hinu háa Alþ. algerlega ugglaust fylgi þess, og finnst mér þetta afskaplega röng stefna, því að í raun og sannleika á hið háa Alþ. að athuga og vernda eignir ríkisins.

Viðvíkjandi þessu frv., sem hérna liggur fyrir, er það dálitið nýtt á móti öðrum jörðum, sem einstaklingar hafa viljað fá keyptar af ríkinu og hafa fengið á undanförnum árum, því að það hefur aldrei staðið neitt á því. Það venjulega er, að það sé til þess, að þeir fái ábúðarjarðir ellegar að þeir fái landspildur til ræktunar, en þessar tvær jarðir eru hvor tveggja eyðijarðir og eftir umsögn landnámsstjóra ekki til þess að vera ræktunarlönd.

En það er annað í þessu máli, að a. m. k. önnur þessara jarða liggur að heiðalöndum, og ég held, að það sé ákaflega vafasöm stefna, að jarðir, sem eru komnar í eyði og eru aðallega sem beitilönd *og liggja að almenningi eða afréttarlöndum, séu* seldar einstaklingum, enda kemur það fram í þessu, að jafnvel hefur ekki sézt jafneinkennilega orðað um sölu jarða og umsagnir og er í þessu frv. Með leyfi hæstv. forseta, langar mig nú til þess að lesa hérna upp frv. og svo úr grg. og taka jarðirnar fyrir sína í hvoru lagi.

Fyrst er það að selja ábúanda Kleppustaða í Hrófbergshreppi í Strandasýslu eyðijörðina Aratungu í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta. Svo kemur grg.: „Elín Sigurðardóttir, kona Björns Sigurðssonar, ábúanda og eiganda Kleppustaða í Hrófbergshreppi, hefur með bréfi, dags. 27. apríl 1955, til sýslumannsins í Strandasýslu farið fram á að fá keypta eyðijörðina Aratungu í sama hreppi. Jörð þessi er gömul kirkjuhjáleiga. Um þessa jarðarsölu segir sýslumaðurinn m. a.: „Tel ég þau Kleppustaðahjón vel að því komin að fá jörðina keypta, enda er engum hægara að nytja hana en þeim.“ Þá eru þetta orðin hjón. Ábúandinn á að fá keypta jörðina, konan sækir um söluna, og þegar sýslumaðurinn *mælir með því, þá eru* það ábúendurnir. Hvernig stendur á þessu, að það er ekki maðurinn þá eða hjónin bæði, sem sækja um þetta? Mig langaði til að vita það hjá formanni landbn. Það hefur eitthvað þótt athugavert við þetta, og það koma símskeyti til að segja um hreppsnefndina, sem ég ætla að lesa upp, með leyfi forseta:

„Hreppsnefnd Hrófbergshrepps er því samþykk, að lagaheimild verði veitt til sölu jarðarinnar Aratungu. — Oddviti Hrófbergshrepps.“

Ekkert nafn. Oddvitinn skrifar undir, en ekkert nafn. Er það ábúandinn á Kleppustöðum, en konan sækir um að fá Aratungu keypta? Ja, mér finnst dálítið undarlegur og dálítið vafasamur þessi feluleikur um þetta. Konan sækir um að fá keypta jörðina, sýslumaðurinn bendir á, að ábúandinn hafi vel til þess unnið að fá hana keypta, og einmitt þessi jörð, eftir því sem landnámsstjóri segir, er ekki til ræktunar, en hún er gott beitiland, og hún liggur fremst í dal, og manni finnst eftir þessu, þar sem maður er ókunnugur þar, að hún liggi að afréttarlöndum. Er það heppilegt fyrir bændur í einni sveit, ef jörð leggst í eyði og liggur að heiðalöndum, að selja einum einstaklingi, sem gæti náttúrlega, ef þetta væri mikils virði, girt landið af? Ég held, að það yrði a. m. k. ekki til bóta fyrir sveitina í heild.

Svo er það hin jörðin, sem hérna kemur, sú næsta, að selja Guðjóni Guðmundssyni hreppstjóra á Eyri í Ingólfsfirði í Strandasýslu eyðijörðina Engjanes. Að dómi landnámsstjóra er þessi jörð búin að vera alls óræktanleg að mörgu leyti, og hann mælir með, að hún verði seld þess vegna. En eftir því sem er sagt, liggur hún milli Ófeigsfjarðar, alveg niður að sjó milli hreppanna, og er í umsögninni, að það sé ekki hægt að nytja hana nema af búendum í Árneshreppi. Um þetta segir sýslumaður Strandasýslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Engar líkur eru til þess, að þessi jörð komist í ábúð, svo að séð verði. Með tilliti til þess, að jörð þessi verður vart nytjuð af öðrum en þeim, sem búa í Árneshreppi, vil ég eftir atvikum mæla *með því, að Guðjón hreppstjóri fái hana keypta.*

Hreppsnefndin í Hrófbergshreppi hefur sam-

þykkt, að leitað verði lagaheimildar til að selja jörðina Aratungu.“

En svo kemur um hina jörðina:

„Hreppsnefnd Árneshrepps hefur og samþykkt, að leitað verði lagaheimildar til að selja eyðijörðina Engjanes, með þeim fyrirvara þó, að jörðin verði ekki seld án vitundar hreppsnefndarinnar.“

M. ö. o.: Hreppsnefndarmönnunum í Árneshreppi finnst það varhugavert, að einum einstaklingi sé selt þetta, enda setja þeir það í símskeyti, sem þeir senda hv. þm. Str., sem ég, með leyfi forseta, vil lesa upp:

„Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkti á fundi sínum í gær, að lagaheimild verði veitt til sölu eyðijarðarinnar Engjaness í Árneshreppi, enda verði jörðin ekki seld á vitundar hreppsnefndarinnar.“

Ég er efins í því, þó að margt hafi verið gert hér um jarðasölu á Alþingi, að það hafi nokkurn tíma verið með þessum forormum, sem þarna eru. Og í öðru lagi: Þetta er alveg ný leið, sem farið er inn á, þ. e. að selja einstaklingum beitiland þeirra jarða, sem eru að fara í eyði og liggja þannig, að það mundi verða líklegt, að það væri hreppsbúunum öllum til góðs, að þær væru ekki seldar, nema þá ef hreppurinn keypti þær. Og ég er viss um, að það er víða svo á landinu, að þegar um svona jarðir er að ræða, sem eru að fara í eyði, nálægt afréttarlöndum eða almenningi, þá er það fráleit stefna að selja þær einstaklingum.

Það þriðja, sem er í þessu frv., get ég nú verið stuttorður um. Það hefur ekki þótt þurfa mikils við, að það er heimilað skógrækt ríkisins að selja Birni Jóhannssyni bónda á Skriðufelli land jarðarinnar Skriðufells milli Hvammsár og Sandár. Hefur þetta bara verið flutt sem brtt. og engar umsagnir með.

Mér fannst, að ég yrði að gera grein fyrir því, að ég vildi ekki fylgja þessu máli, vegna þess að mér finnst, jafnlítið og gert hefur verið að því að leggja fram rök fyrir því að selja, hvort sem það eru jarðir eða stofnanir í opinberri eigu, að Alþingi sé of liðugt að samþykkja slík mál.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég vildi segja nokkur orð varðandi það, sem hv. 6. þm. Reykv. (SG) minntist á hérna áðan. Hann sagðist vera yfirleitt mótfallinn því að selja ríkiseignir til einstaklinga, og kemur mér sú skoðun hans ekki neitt á óvart, vegna þess að hann hefur oft getið þess hér áður.

Ég vil geta þess í sambandi við sölu þessara jarða, að hreppsnefndir viðkomandi hreppa hafa mælt með sölunni og einnig sýslumaður, og auk þess hefur landnámsstjóri, sem er einhver kunnugasti maður hér á landi varðandi þörf bænda fyrir jarðnæði, mælt með sölu þessara jarða.

Hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, að þarna væri um land að ræða, sem væri inn til dala og því hluti af afréttarlandi, sem fjöldi bænda mundi þurfa á að halda. Ég vil benda honum á, að þarna er fjalllendi út frá hverri jörð og því ekki ástæða til að ætla, að það sé skortur almennt á beitilandi eða afréttarlöndum á þessum slóðum, allra sízt þar sem hreppsnefndin mælir með sölu þessara jarða.

Varðandi það, að umsagnir hreppsnefndar og sýslumanns séu ekki nógu skýrar, vil ég geta þess, að hérna er aðeins um heimild að ræða, og þar sem dómkvaddir menn eiga að meta verð á þessum jörðum, hefur sýslumaður það vitanlega í hendi sér, hvernig þetta verður virt, og getur í gegnum það haft áhrif á þessa sölu, og sömuleiðis mun hreppsnefndin ekki verða algerlega útilokuð frá því að leggja þar hönd að verki, ef einhver ágreiningur kann að rísa upp um sölu þessara jarða. Ef einhver óánægja kynni að vera um þessa hluti heima fyrir, þá er hægt fyrir þann ráðh., sem fer með þessi mál, að heimila ekki söluna, nema því aðeins að fyrir liggi, að það sé nokkurn veginn samkomulag um sölu þessara jarða.

Þá gat hv. þm. þess, að sér fyndist óeðlilegt, að það væri konan, sem skrifaði sýslumanni og sækti um sölu jarðarinnar, en ekki ábúandinn. En það finnst mér ekkert undarlegt, þar sem hér á landi ríkir jafnrétti á milli kvenna og karla, þannig að mér finnst það ekki vera neitt atriði í málinu.

Þegar litið er á þessi mál almennt út frá því séð, að þarna er ekki um nein veruleg nytjalönd að ræða, þá þarf maður ekki að vera neitt hikandi við að samþ. þessi heimildarlög. Það væri annað, ef málið horfði þannig við, að það væru líkur til þess, að þessar jarðir mundu einhvern tíma geta komizt í byggð, að þær hefðu yfir þeim skilyrðum að búa, en svo mun ekki vera eftir þeim umsögnum, sem hér liggja fyrir frá hendi landnámsstjóra, heldur hitt, að þetta eru til þess að gera frekar lítil lönd, sem engar líkur eru til að verði reist á býli síðar, þó að þróunin kunni að breytast nokkuð frá því, sem er í þessum efnum, og því ástæðulaust að ætla, að þarna verði gengið á rétt nokkurra í þessum efnum.

En það er alveg rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að það fylgir engin sérstök umsögn sölu þess skógræktarlands, sem farið er fram á að verði heimiluð samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir. En með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa hérna umsögn skógræktarstjóra og hans greinargerð fyrir því máli, sem hann ritar í bréfi þann 10. febrúar í vetur til hæstv. landbrh., þar segir m. a.:

„Ástæðurnar fyrir þessum tilmælum eru þær, sem hér skal greina:

Árið 1938 keypti skógrækt ríkisins jörðina Skriðufell af Búnaðarbanka Íslands til þess að koma á friðun Þjórsárdals, sem var lokið við á því ári. Frá því að þetta gerðist, hefur Jóhann Ólafsson búið á Skriðufelli fram til 1953 eða 1954, er Björn, sonur hans, tók við búi. Þeir feðgar hafa viljað byggja upp jörðina og þegar byggt upp nokkuð af henni, en þar sem skógrækt ríkisins hefur mjög takmörkuð fjárráð til slíkra hluta, hefur hún lítið lagt af mörkum til þessa, a. m. k. á móts við það, sem átt hefði að vera. Samt sem áður hefur skógrækt ríkisins ávallt haft nokkurn kostnað af því að eiga þessa jörð og hafa hana í byggð.

Eftir nákvæma íhugun hef ég komizt að þeirri

niðurstöðu, að bezta lausn á því að vera laus við óþarfa kostnað framvegis ásamt því að leggja ekki hömlur á framtakssemi ungs bónda væri að gefa ábúanda kost á hluta úr jörðinni til fullrar eignar, en án þess að slíkt bryti í bága við friðun dalsins.

Með því að gefa Birni Jóhannssyni kost á að kaupa land jarðarinnar milli Hvammsár, Sandár, Selgils og Þrengslagils mundi aðalskóglendi jarðarinnar vera undanskilið svo og allur Þjórsárdalurinn."

Mér skilst, að út frá þeim rökum, sem skógræktarstjóri færir fyrir þessu máli, þá sé á allan hátt, bæði fyrir viðkomandi ábúanda og jafnvel skógræktina sjálfa, skynsamlegt að heimila sölu á þessu landi, og ég vil mælast til þess, að hv. þm. samþ. þær söluheimildir, sem hér er farið fram á í þessu frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir þær athugasemdir, sem fram hafa komið við þetta mál frá hv. 6. þm. Reykv. (SG).

Ég sé ekki betur en að hv. þd. mætti fara að fara ofur lítið gætilegar að í þeim málum, sem það varða að selja ríkisjarðirnar. Það hefur nú gengið svo undanfarið, að það hefur verið samþ. — að vísu gegn nokkrum atkvæðum, en venjulega ekki umræðumikið — að selja ábúendum þær ríkisjarðir, sem þeir hafa búið á, og það má margt færa því til gildis að gera það, a. m. k. ef það væri tryggt um leið, að slíkar jarðir lentu ekki í braski, ef það væri yfirleitt þannig að gert viðvíkjandi þeim þjóðjörðum, sem seldar eru, að manninum, sem þar býr á, og hans afkomendum væri tryggt að geta haft tiltölulega góðan aðgang að sinni jörð þar eftir. Svo er hins vegar yfirleitt ekki. Hættan í sambandi við slíkt er, að slíkar jarðir lendi venjulega í braski eftir nokkurn tíma og verði sprengdar upp í verði og verði smám saman illbúandi fyrir búandann á þeim.

Það er vitanlegt, að við eigum enn þá eftir að finna út þá aðferð við jarðeignarétt á Íslandi, sem tryggir þeim manni, sem vinnur við jörðina, fullkomlega notkunarréttinn af henni og hans afkomendum þannig yfirráðaréttinn, án þess að þeir geti gloprað jörðinni úr höndum sér til þeirra, sem á ýmsum tímum hafa aðstöðu til þess að kaupa hana.

Eins og ég gat um og eins og hv. 6. þm. Reykv. kom inn á, gat þetta verið umdeilt mál, þegar um var að ræða þjóðjarðir, þar sem ábúendur eru, sem sjálfir vilja kaupa, og þá sérstaklega ef þannig væri frá því gengið, að þeim og þeirra afkomendum væri tryggður notkunarrétturinn af jörðinni.

En hvaða ástæða er til þess að selja eyðijarðir? Ég mundi nú satt að segja vera þeirrar skoðunar, að núna, þegar svona margar jarðir fara í eyði í landinu, ætti ríkið ekki aðeins að selja þær eyðijarðir, sem það á, heldur að kaupa upp helzt allar jarðir, sem í eyði fara, eignast þær. Ég býst við, að það væri tiltölulega viðráðanlegt fyrir ríkið að gera það núna. Það þyrfti ekki að leggja fram margar milljónir króna til þess að kaupa upp allar seljanlegar eyðijarðir á Íslandi, en væri eðlilega með það farið, mundi það verða dýrmætt fyrir okkar eftirkomendur, þegar þessar jarðir fara að byggjast aftur eða notast á annan hátt, því að einhvern tíma kemur að því.

Ég hef áður fyrir alllöngu komið inn á það hér á Alþ., að ríkið ætti að eignast allar óbyggðirnar, og ég hef gert það í trúnni á það sama, að ríkið ætti helzt að kaupa allar eyðijarðir á Íslandi nú, að ég hef þá trú á þróuninni í okkar landi, að sá tími komi, jafnvel þó að það kunni að líða hálf eða heil öld þangað til, að þetta, sem í dag út af þeim þjóðfélagsháttum, sem ríkja hjá okkur, verður frekar lítils virði í peningum, verði dýrmætt fyrir okkur seinna meir. Við þurfum að hugsa um þetta land, þegar býr í því hálf milljón eða ein milljón manna, og um óbyggðir þess og eyðijarðir þess, þegar farið verður að nýta þetta allt saman öðruvísi og betur en nú er gert. Og þó að það sé máske víða svo nú, að menn kunni ef til vill að sækjast eftir jörðum og jafnvel leggja þær í eyði til þess að fá laxveiðiréttindi í sambandi við þær eða annað slíkt, þá verður það ekki aðalatriðið í framtíðinni.

Ég held þess vegna, að öll sú stefna, sem miðar að því að selja þær eyðijarðir, sem ríkið á nú, sé ákaflega óheppileg. Það ætti að stefna í þveröfuga átt, og það væri ekki sérstaklega dýrt að gera það nú sem stendur. Ég vil þess vegna eindregið taka undir þá tillögu hv. 6. þm. Reykv., að þetta frv. sé fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:4 atkv.
2. gr. samþ. með 15:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég tók eftir því í sambandi við þetta mál, að hreppsnefnd annars hreppsins a. m. k. setti það sem skilyrði, að hreppsnefndin a. m. k. vissi af því, ef jörðin væri seld. Nú er það ekki ljóst í grg. þessa máls, hvort það er aðeins átt við þá sölu, sem þarna er verið að heimila, eða hvort þetta á að vera kvöð áfram, og ég verð nú að segja, að mér finnst það almennt séð rétt, að sú kvöð sé lögð á, ef verið er að selja ríkisjarðir, að viðkomandi hreppsnefnd hafi forkaupsrétt, þegar jarðirnar séu seldar aftur. Ef það á endilega að gera, sem ég er nú fyrir mitt leyti búinn að tala á móti, ef það á að vera að selja jarðir, þá ætti þó a. m. k. að tryggja, að þegar þessar jarðir fari að ganga kaupum og sölum, þá hafi þó viðkomandi hreppsnefnd forkaupsrétt til þeirra, ef jörðin er aftur seld. Það má vel vera, að í því sambandi, sem hér er um að ræða, komi þetta ekki eins mikið að sök, af því að þetta er í allafskekktri byggð, en alls staðar þar sem þéttbýli er mundi þessi regla a. m. k. vera mjög þýðingarmikil.

Ég sé, að það þýðir ekki að reyna að fella þetta frv., og vil þess vegna leyfa mér að bera fram svo hljóðandi brtt., að aftan við 1. gr. bætist:

Sú kvöð skal fylgja þessum jörðum við sölu framvegis, að hreppsnefnd viðkomandi hrepps hafi forkaupsrétt, ef jörðin verður aftur seld.

Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 612) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Út af framkominni brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. vil ég geta þess, að það er ekki heimilt að selja jarðir nema því aðeins að bjóða viðkomandi hreppi eða hreppsnefndum þær til kaups áður, og fari svo, að þær jarðir verði síðar seldar, sem hér er verið að heimila sölu á, þá getur ábúandi ekki selt þær samkvæmt þeim lögum, sem nú gilda, nema því aðeins að leitað verði samþykkis viðkomandi hreppsnefndar, og að því leyti er þessi till. hv. þm. óþörf.

ATKVGR.

Brtt. 612 tekin aftur.

Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 614).

---

53. Lögreglumenn.

Á 36. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1940, um lögreglumenn [125. mál] (þmfrv., A. 209).

Á 39. fundi í Nd., 6. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 9. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. á þskj. 209 um breyt. á l. um lögreglumenn, nr. 50 1940. Efni frv. er, að svo verði fyrir mælt, að lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn skuli annast löggæzlu á sumrin í þorpum, þar sem fjölmenni dvelur um stundarsakir vegna síldveiðanna. Gert er ráð fyrir, að nánar verði ákveðið í reglugerð um fyrirkomulag þessarar sumarlöggæzlu í þorpunum.

Nú er það svo, að í ýmsum sjávarþorpum á Norður- og Norðausturlandi safnast saman fjöldi aðkomufólks um síldveiðitímann á sumrin, aðallega í júlí og ágústmánuði. Hér er um að ræða bæði aðkomufólk, sem stundar vinnu í landi við síldarsöltun eða síldarbræðslu, þar sem hún er, og áhafnir síldveiðiskipa og flutningaskipa. Á slíkum stöðum er oft fjöldi skipa í höfn vegna löndunar eða þegar veður eru óhagstæð og ekki hægt að vera við veiði á miðunum. Þá er oft margt manna í landi af skipum. Vegna þessa aðkomna fjölmennis reynist óhjákvæmilegt að hafa lögreglumenn á þessum stöðum til þess að halda uppi löggæzlu um síldveiðitímann, þótt ekki séu þar starfandi fastir lögreglumenn aðra tíma ársins. Sumarlöggæzlan mun yfirleitt hafa verið framkvæmd þannig, að fengnir hafa verið menn í sumarleyfi úr lögregluliði Reykjavíkur til þess að annast löggæzluna þennan tíma. Hafa þá hlutaðeigandi hreppar greitt kostnaðinn við löggæzluna, en fengið endurgreiddan hluta af honum úr ríkissjóði, og hefur verið veitt til þess nokkurt fé á fjárlögum undanfarin ár, þannig að hverjum stað hefur verið ætluð tiltekin upphæð. Kostnaðurinn við sumarlöggæzluna hefur hins vegar, a. m. k. sums staðar, orðið miklu hærri en fjárveitingar Alþingis, og að því leyti sem þær hafa ekki hrokkið, hafa hrepparnir orðið að borga brúsann. Löggæzla þessi hefur reynzt nokkuð dýr og kostnaður við hana farið vaxandi. Er hér a. m. k. sums staðar um háan og óvæntan útgjaldalið að ræða fyrir fámenn og getulítil hreppsfélög, og ekki verður talið sanngjarnt, að þessi byrði sé á þau lögð, þar sem sumarlöggæzlunnar er þörf fyrst og fremst af utanaðkomandi ástæðum, eins og ég hef áður gert grein fyrir. Þess vegna virðist mér nauðsynlegt að finna leið til þess að losa hreppana við þessi útgjöld, og þykir mér rétt, að það sé gert með lagasetningu í eitt skipti fyrir öll.

Í lögum nr. 50 frá 1940, um lögreglumenn, er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli greiða nokkurn hluta lögreglukostnaðar í kaupstöðum, sem hafa samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnar allt að tveim lögreglumönnum á hverja 1000 íbúa. Þar sem svo stendur á, getur ríkisstj. ráðið yfir tilsvarandi hluta af lögregluliði kaupstaðanna. Er m. a. heimilt að láta lögreglumenn ríkisins starfa að eftirliti með umferð á vegum og eftirliti með áfengislöggjöf og senda þá í önnur byggðarlög til að halda uppi reglu á samkomum.

Þá er og heimilt samkvæmt þessum lögum að bæta varalögreglumönnum við hið fasta lögreglulið, og er gert ráð fyrir því, að ríkið greiði allan kostnað við þá ráðstöfun, þó innan ákveðinna takmarka.

Mér sýnist þess vegna eðlilegt, að lögreglumönnum ríkisins og varalögreglumönnum verði falið að annast þá sumarlöggæzlu í þorpum vegna síldveiðanna, sem ég hef rætt um nú. Mér sýnist ekkert vera því til fyrirstöðu, ef sú breyting er gerð á lögunum um lögreglumenn, sem í frv. mínu felst. Það má að vísu vel vera, að þetta hefði kostnað í för með sér umfram þann, sem nú er greiddur af ríkinu samkvæmt lögum um lögreglumenn, en þá væri líka hægt að fella niður sérstakar fjárveitingar í fjárlögum til sumarlöggæzlu á tilteknum stöðum, og mér þykir ekki ólíklegt, að sumarlöggæzlan kynni að verða eitthvað ódýrari á þennan hátt en með því fyrirkomulagi, sem tíðkazt hefur. Um það skal ég þó ekkert fullyrða að svo stöddu. En mér virðist öll sanngirni mæla með því, að ríkið annist þessa löggæzlu, sem hér er um að ræða, á sumrin og beri kostnaðinn af henni, hver sem hann reynist, en ekki hrepparnir, því að það er ekki eðlilegt af ástæðum, sem ég hef nefnt. Hins vegar skal ég geta þess, að ef bent væri á einhverja aðra viðunandi leið í þessu máli, þá vil ég að sjálfsögðu vera til viðræðu um það.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er sízt komið fram að ófyrirsynju, vegna þess að vitað er, að þau litlu hreppsfélög, sem á vissum árstímum taka við miklum fjölda dvalargesta, eru í fullkomnum vandræðum með að standa undir kostnaði af þeirri löggæzlu, sem þessu er samfara. Að vísu má benda á og nauðsynlegt að hafa í huga, að hreppsfélögin hafa nokkrar tekjur af dvöl þessara manna og þeim atvinnurekstri, sem er ástæðan til þess, að þeir koma á þessa staði. En þótt svo sé, þá er alveg víst, að hreppsfélögin eru í fjárhagslegum örðugleikum með að ráða við þetta og allur aðbúnaður til löggæzlu á þessum stöðum er ófullnægjandi. Að því leyti tel ég, að þetta frv. stefni í rétta átt.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að þetta er ekki bundið þeim mörkum, sem kemur fram í frv. Það er t. d. vitað, svo að við nefnum dæmi, að staður eins og Ólafsvík hefur svipaða aðstöðu á aðalvertíðinni, eins er með Sandgerði og nokkra fleiri staði, þannig að ef ætlun hv. Alþingis er að gera hér á bætur, þá þarf heimildin að vera rýmri en í þessu frv. er. Á þetta vil ég benda nú þegar, til þess að hv. n., sem málið fær til meðferðar, geti íhugað það, meðan á meðferðinni stendur.

Þá vil ég einnig minna á það, að í fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir, er tekin upp nokkur fjárhæð til aukinnar löggæzlu og tollgæzlu, og er ætlunin, að ráðnir verði menn til viðbótar, sem geti, helzt í sameiningu, annazt tollgæzlu og löggæzlu eftir því, sem nánar yrði ákveðið síðar. Að mínu viti er sú fjárhæð, sem í þessu skyni hefur enn verið tekin upp á fjárlagafrv., of lítil; það þarf þar að bæta við. Ástæðan til þess er m. a. sú, sem kemur fram í þessu frv., að það er óhjákvæmilegt að bæta verulega við löggæzlu víðs vegar úti um landið, bæði í þeim verstöðvum, sem við höfum rætt um nú, hv. flm. og ég, en eins er vitað mál, að löggæzla víða í sveitahéruðum er allsendis ófullnægjandi. Með þeim greiðu samgöngum, sem orðnar eru, verður að vera möguleiki til þess að hafa þar öflugri löggæzlu en enn hefur verið komið á. Að vísu má segja, að heimamenn geti með nokkurri æfingu og fjárhagslegum styrk frá ríkinu áorkað verulega í þessu efni, og hefur nú þegar verið gerð merkileg tilraun í þá átt, t. d. í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, en víst er þó, að ekki er hægt að treysta á þetta eitt saman. Fleira þarf til að koma, t. d. á stað eins og Selfossi, þar sem risin er upp allmikil byggð, bær, má segja, og þar að auki er samgöngumiðstöð milli margra þéttbýlla staða og stórra sveitarfélaga. Slíkur staður getur ekki til frambúðar verið jafnlöggæzlulítill og hann er nú, en byggðarlaginu sjálfu er um megn að gera þær ráðstafanir, sem þarf. Allt þetta hefur verið til athugunar í ráðuneytinu, og þess vegna höfum við beitt okkur fyrir að fá þessa viðbótarfjárhæð í fjárlögunum til manna, sem gætu í sameiningu annazt löggæzlu og tollgæzlu. En ég vek athygli á því, að þar þarf að gera betur en enn hefur verið ákveðið eða gerðar tillögur um í frv.

Ég vildi benda á þetta nú þegar, til þess að hv. allshn. við athugun þessa þarfa frv., sem hér liggur fyrir, athugi málið út frá nokkru hærri sjónarhól en þar kemur fram, vegna þess að hér er um stærra viðfangsefni að ræða en einungis þau sjávarþorp, sem frv. fjallar um, eða þau sjávarþorp, sem ég minnti á. Hér er um að ræða löggæzluvandræði, sem eru komin upp víðs vegar um landið, stafa ekki sízt af hinum stórbættu samgöngum og eðlilegt er að ríkið þess vegna láti mun meira til sín taka en ætlazt var til, meðan segja mátti, að vandræðin stöfuðu eingöngu af innanhéraðsmönnum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 209, n. 510).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get í sjálfu sér látið nægja að vísa til nál. á þskj. 510 viðvíkjandi þessu máli. N. er sammála um þær breyt., sem lagt er til að verði gerðar á frv. Það verður með því móti nokkru víðtækari löggæzla, sem heimil er samkvæmt þessum breytingum. N. hafði samráð við hæstv. dómsmrh. um málið, og var hann fýsandi þess, að frv. yrði þannig úr garði gert, það yrði enn víðtækara en það var upphaflega. Ég get því látið nægja að vísa til þessa og vænti, að hv. d. fallist á afgreiðslu málsins í þeim búningi, sem n. leggur til.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessa frv., og ég get fyrir mitt leyti vel sætt mig við þær brtt., sem n. leggur fram við frv.

ATKVGR.
Brtt. 510 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 536).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr þar.
Á 94. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í Nd. upphaflega af hv. þm. N-Þ. (GíslG), en var þá alltakmarkaðra en það er nú. Ég benti á það strax við 1. umr. þá, að frv. hefði þarft nýmæli að geyma, þó að það yrði að gera nokkru víðtækara en í upphafi var ætlunin. Síðan var af n. hálfu haft samráð við mig um breyt. á frv., og frv. í núverandi mynd er í rauninni samið í dómsmrn. og ætti að geta

orðið til verulegra umbóta frá því, sem verið hefur, sérstaklega þegar litið er til þeirra auknu fjárveitinga til löggæzlu, sem fengust á fjárlagafrv. Ég hika því ekki við að segja, að frv., eins og það nú er orðið, er veruleg réttarbót, og vil eindregið mæla með því, að það nái fram að ganga. Ég legg til, að því verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 536, n. 601).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta er upprunalega borið fram í Nd. af hv. þm. N-Þ. (GíslG), en tók allmiklum breytingum í allshn. þeirrar d., þar sem allir nm. voru sammála.

Frv. þetta er borið fram til þess að gera auðveldara fyrir að halda uppi reglu á stöðum, þar sem um stundarsakir vegna síldveiða, þorskveiða eða annars safnast saman fjöldi fólks, en bæjarfélögin hafa ekki mátt til þess að halda uppi löggæzluþjónustu, sem samsvarar mannfjölda á þessum stuttu tímum.

Allshn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og fær ekki betur séð en að það sé til bóta, eins og því var breytt í hv. Nd., og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 615).

---

54. Sýsluvegasjóðir (frv. JS o. fl.).

Á 8. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. maí 1947, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði [56. mál] (þmfrv., A. 61).

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af okkur flm. til þess að ráða nokkra bót á þeim fjárhagsörðugleikum, sem sýsluvegasjóðirnir eiga nú við að búa. Með bráðabirgðaákvæðum, sem voru sett með lögum nr. 10 frá 1953, var sýslunefndunum heimilað, þar til nýtt fasteignamat hefði farið fram, að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi. Þessu álagi var ætlað að mæta þeim hækkunum, sem höfðu orðið þá um allmörg ár fram til áramóta eða ársloka 1952.

Þessi hækkun bætti mikið úr, en hefur þó reynzt allvíða ófullnægjandi vegna vaxandi útgjalda sýsluvegasjóðanna, bæði til viðhalds og nýbyggingar vega. Við þetta bætist svo, að kaup vegavinnumanna og annar kostnaður við vegagerð stórhækkaði á s. l. sumri, og af þessu leiðir, að sýsluvegasjóðirnir geta nú ekki lengur staðið undir þeim útgjöldum, sem þeim er ætlað að bera, og ekki sinnt því hlutverki, sem þeir eiga að gegna. Það verður þess vegna ekki komizt hjá því að hækka vegaskattinn móts við áðurgreindar kauphækkanir og aukinn kostnað.

Í lögunum um samræmingu á fasteignamati frá síðasta Alþingi var svo gert ráð fyrir, að þegar hið nýja fasteignamat gengi í gildi, færi jafnframt fram endurskoðun á gjöldum til sýsluvegasjóða og öðrum hundraðsgjöldum af fasteignum. Við flm. teljum varlegast að gera ráð fyrir, að þessari endurskoðun verði ekki lokið fyrr en einhvern tíma á árinu 1957.

Allir kunnugir vita, að sýsluvegirnir þola ekki að bíða eftir tekjum í tvö ár, með þeim afleiðingum, að vegaviðhaldinu hraki stórkostlega, og enn fremur, að ýmsar nauðsynlegar vegabætur verði lagðar á hilluna. Það er þess vegna lagt til, að sett verði ný bráðabirgðaákvæði, sem heimili sýsluvegasjóðum tekjur á móti auknum útgjöldum, þar til áðurgreind endurskoðun hefur farið fram.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að mæla frekar fyrir þessu litla frv., en legg til, að því verði vísað að umr. lokinni til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 20 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 519).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta hefur dvalið dálítinn tíma hjá samgmn., en á meðan það var hjá n., sendi hún það til umsagnar vegamálastjóra, sem hefur látið álit sitt í ljós, og er það birt með áliti n. á þskj. 519.

Nefndinni þótti hagkvæmara, að sá háttur yrði á hafður, þegar um hækkun þessa heimildarbráðabirgðaákvæðis er að ræða, að hækka 50% um 40%, þ. e. a. s. upp í 70%, heldur en að viðhafa sérstakan útreikning árlega til að finna út þann meðaltalskostnað, sem yrði á hækkun varðandi vegagerð hverju sinni, því að væri sá háttur viðhafður, mundi ekki fyrir fram vera vitað, hversu hár þessi skattur gæti orðið á ári hverju. En ég ætla, að n. hafi í þetta sinn áætlað heimild-

ina það ríflega, að það þurfi ekki að koma að sök í þessum efnum á næstunni. Ætlunin er, að þessi skattur, fasteignaskatturinn, verði endurskoðaður, þegar það fasteignamat, sem samþ. var hér á síðasta þingi, öðlast gildi, svo að það getur varla dregizt mjög lengi, þar til þessi skattur kemur aftur til meðferðar í þinginu og endurskoðunar, og sú hækkun, sem nú er, er það ríflega, að ekki ætti að þurfa að fá hækkun á honum, þó að um nokkra kauphækkun yrði að ræða frá því, sem nú er.

Annars hygg ég, að þróunin í þessum vegamálum og kostnaður við vegi hljóti að verða sú í framtíðinni með fækkandi fólki í sveitum, að þeir vegir, sem notaðir verða, verði að takast upp í þjóðvegatölu, því að það verður útilokað fyrir það fáa fólk, sem í dreifbýlinu býr, að leggja neitt verulega af mörkum til þessara hluta, svo að það geti komið að stórnotum eða gert nokkur átök í þessum efnum. Það var á sínum tíma hægt, en þar sem fólkið þyrpist æ meira og meira í þéttbýlið og vegirnir eru engu síður fyrir þá, sem þar búa, heldur en í dreifbýlinu, þá verður óhjákvæmilegt, að sá kostnaður, sem verður að leggja í vegna vegagerðar í framtíðinni, verði að öllu leyti greiddur af því opinbera, enda hefur þróunin verið sú á undanförnum árum, að það hafa aldrei liðið mörg ár á milli þess, sem hefur verið bætt nýjum vegum í þjóðvegatölu, og ég tel, að næsta skrefið í þessum efnum verði það, að allir þeir vegir, sem aðkallandi eru á næstunni og um ófyrirsjáanlega framtíð, verði að takast upp í þjóðvegatölu.

Ég sé hér á dagskránni, að það er búið að vísa til nefndar einu máli, sem er einnig um breytingar á sýsluvegasjóðslögunum, og ef deildin ætlaði sér að afgreiða það mál, þá tel ég heppilegra, að þetta frv. yrði sameinað því og síðan látið ganga til Ed., því að það mundi spara nokkurn tíma. En eftir því sem mér skilst, þá er nú ekki sýnt, að það frv. fái fljótan byr hér í d., og þess vegna tel ég að svo stöddu, að það sé rétt, að þetta mál hafi sinn eðlilega framgang, þar til séð verður, hvernig hinu frv. reiðir af.

ATKVGR.
Brtt. 519,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 519,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Á 92. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 535).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 94. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 535, n. 585).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um samþykktir um sýsluvegasjóði er hingað komið frá hv. Nd. Tekjur sýsluvegasjóðanna eru bundnar við verð fasteigna. Það er öllum vitanlegt, að mat fasteigna hefur engan veginn hækkað í samræmi við annað verðlag í landinu, heldur þvert á móti nálega staðið í stað, á sama tíma sem kaupgjald og allur kostnaður hefur mjög hækkað. Af þessu leiðir, að tekjur sýsluvegasjóðanna hafa engan veginn hækkað í samræmi við aukinn tilkostnað.
1953 var heimilað með bráðabirgðaákvæði að hækka gjöld til sýsluvegasjóða um 50% eitt ár í senn. Í þessu frv. er lagt til að heimila hækkun um 70%. Sýsluvegir eru mjög ófullkomnir víða og þörfin ákaflega brýn fyrir aukið fé í sýsluvegasjóðina.
Samgmn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til meðferðar og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt. Þess er þó að geta, að einn nm., Guðmundur Í. Guðmundsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgr. í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 618).

---

55. Hvíldartími togaraháseta (frv. HG og GÍG).

Á 3. fundi í Ed., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum [26. mál] (þmfrv., A. 26).

Á 5. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið flutt á undanförnum þing-

um af okkur Alþýðuflokksmönnum og fleirum reyndar að efni til. Efni þess er, að lögfesta skuli 12 stunda hvíld á botnvörpuveiðum, þannig að það verði fjórar sex stunda vökur í hverjum sólarhring, helmingur háseta vinni í einu, en hinir hafi rétt til hvíldar. Þetta frv. hefur ekki náð fram að ganga og hefur verið vísað frá með þeim rökstuðningi, að um þetta væri eðlilegt að gerðir yrðu samningar milli útgerðarmanna annars vegar og sjómanna hins vegar.

Ég álít, að það sé fjarri öllu lagi af Alþingi að vísa málinu frá sér á þennan hátt. Við alla algenga vinnu í landi er nú kominn 8 stunda vinnudagur, en á ýmsum veiðum er heimilt að ætla sjómönnum að vinna 16 tíma á dag og því framfylgt. Það lægsta, sem hægt er að fara fram á í þessu efni, er, að þeim verði tryggt, að vinnudagurinn sé ekki lengri en 12 tímar á sólarhring, á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Að vísa þessu frá löggjafarsamkomunni með þeim rökstuðningi, sem hefur verið notaður til þessa, er beinlínis að hvetja til átaka milli útgerðarmanna og sjómanna um þessi efni, en öllum ætti að vera áhugamál, að ekki þyrfti að koma til vinnustöðvana eða slíkra átaka í sambandi við þetta mál.

Ég leyfi mér að mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn., og verð að mega vænta þess, að hv. n. taki málið til athugunar í fyllstu alvöru, því að enginn vafi er á því, að vilji menn halda vinnufriði í landinu og á sjónum í kringum landið, þá er mikilsvert, að þetta frv. verði lögfest.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 479, 478).

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 479 ber með sér, hefur sjútvn. þessarar hv. d. orðið ásátt um að mæla með frv. um hvíldartíma háseta á íslenzkum togurum á þskj. 26, en flm. eru hv. 4. þm. Reykv. og hv. 10. landsk. Nm. hafa allir áskilið sér rétt til að koma fram með brtt. eða fylgja öðrum, sem fram kynnu að koma. Mál þetta er ekki nýtt af nálinni, en hefur verið borið fram á mörgum undanförnum þingum í svipaðri eða sömu mynd og nú.

Upphaf þessa máls hér á Alþingi er það, að 1921 voru sett lög um hvíldartíma háseta á togurum og þar ákveðnar 4 sex stunda vökur, þannig að hvíld var þá sex stundir á sólarhring. 1928 var lögum þessum breytt og þá ákveðnar 3 átta stunda vökur eða 8 stunda hvíld á sólarhring. Hinn 20. sept. 1954 er undirritaður samningur milli togaraeigenda og Sjómannafélags Reykjavíkur um hvíldartíma á íslenzkum togurum, og er þar ákveðið, að vera skuli 12 klst. hvíldar- og matartímar á sólarhring á öllum togveiðum.

Í frv. því, er fyrir liggur á þskj. 26, stendur, að hver háseti skuli hafa 12 stunda hvíld á sólarhring hverjum. Hv. þm. Vestm. og ég höfum borið fram brtt. á þskj. 478, þess efnis, að 12 stundir skuli vera til hvíldar og matar á sólarhring, og er það í fullu samræmi við samninginn frá 1954, er ég gat um áðan. Samningur þessi ætti að nægja, án þess að lagasetning frá Alþingi kæmi til, og því hefur gengið treglega að koma þessu máli fram. Ég álít, að Alþingi ætti að hafa sem minnst afskipti af vinnudeilumálum, en leiða slíkt hjá sér í lengstu lög, því að slík afskipti þingsins gætu dregið dilk á eftir sér, ef það færi að skipta sér of mikið af deilum um kaup og kjör, vinnutíma og þess háttar við hin ýmsu störf þjóðfélagsþegnanna, þó að því verði ekki neitað, að komið hafi til kasta ríkisstj. til að reyna að sætta, þegar í óefni er komið. En varlega skyldi Alþingi ganga fram til afskipta í slíkum málum.

Eins og nál. á þskj. 479 ber með sér, mæla allir nm. með frv. að áskildum breytingum, og tekst vonandi svo til um afgreiðslu þessa máls, að allir megi vel við una.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur verið flutt á allmörgum undanförnum þingum. Hefur jafnan farið þannig fyrir því, að það hefur komizt til n., en ekki hlotið þar afgreiðslu. Að þessu sinni hefur frv. átt meiri skilningi og velvild að fagna en áður hér á hv. Alþingi, því að nú hefur sjútvn. orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt. Fyrir þessa afgreiðslu vil ég leyfa mér að þakka hv. n., og ég vildi mega vænta þess, að þessar undirtektir n. séu tákn þess, að málið megi loks ná fram að ganga á þessu þingi.

Tveir hv. nm., þeir hv. þm. Hafnf. og Vestm., hafa borið fram eina brtt. við frv. Í 1. gr. þess segir, að lágmarkshvíldartími háseta skuli vera 12 klst. á sólarhring hverjum. Þessu vilja þeir breyta þannig, að hásetar skuli hafa minnst 12 klst. á sólarhring hverjum til hvíldar og matar. Þarna er sem sagt lagt til, að sú breyting verði gerð á frv., að matartíminn teljist til hvíldartímans. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að það er alveg fordæmalaust, að þannig sé á málum haldið, að matartími teljist til þess venjulega hvíldartíma. Í öllum þeim samningum, sem eru, og reglum um hvíldartíma, lágmarkshvíldartíma, er það grundvallaratriði, að matartími telst ekki með í hvíldartímanum. Hér er því með þessari brtt. verið að hnika til frá því, sem venja er. Með hliðsjón af því, að hér er um óvenjulega skipan að ræða, og auk þess með hliðsjón af því, að vinnutími sjómanna er lengri en allra annarra starfsmanna og hvíldartími þeirra því styttri, þá sé ég mér fyrir mitt leyti ekki fært að vera með þessari brtt. og mun greiða atkv. á móti henni, þó að ég telji hins vegar, að enda þótt breytingin kunni að verða samþykkt, sé það mikill fengur í frv. út af fyrir sig, að ég mun verða með því, hvað sem brtt. líður.

Frsm. (Ingólfur Flygenring): Herra forseti. Út af því, sem síðasti ræðumaður tók fram, hv. 10. landsk., verður að líta á eitt, sem veldur ekki litlu, þegar talað er um hvíldartímann. Það er getið um það í samningunum eða tekið fram í samningunum, að hvíldartíminn skuli vera með matartímanum 12 stundir, eða vinnutími verður

ekki lengri en 12 stundir. En þess ber að gæta, að þegar veður hamlar veiðum og það stundum í lengri tíma, jafnvel dag eftir dag, svo sem kunnugt er, þá er hvíldartíminn miklu lengri. Þetta er að sínu leyti dálítið hliðstætt við það, þegar bóndi eftir óþurrkatíð er að reyna að bjarga heyjum og hefur vinnutíma lengri í það skiptið til þess að ná upp því, sem tapazt hefur, að það er ekki nema sanngirni í því og er ekki að jafnaði átalið, þykir þvert á móti sjálfsögð nauðsyn. Svo er með þetta, að ef við förum enn lengra niður með hvíldartímann og töpum öllum þeim dögum að auki, þar sem ekkert er hægt að starfa, þá er hætt við, að það fari illa fyrir okkur. Við yrðum að fjölga mönnum á skipunum, en samkeppnin er nú erfið á því sviði, þar sem kunnugt er, að þær fiskveiðaþjóðir, sem mest keppa við okkur, hafa annaðhvort lítið eða ekki ákvarðaðan hvíldartíma, og þess vegna komast þær af með að hafa miklu færri menn á jafnstórum skipum sínum, sem afla á sömu miðum. Við megum því gæta okkar þannig líka. Ég er ekki að mæla bót þeim þrældómi, að það séu ekki nein takmörk fyrir því, hvað hvíldin sé, en ég tel um þann áfanga, sem náð er, að það sé svo vel gengið frá því sem verið getur, og ég legg þess vegna til, að þessi brtt. okkar hv. þm. Vestm. verði samþykkt.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil aðeins láta ánægju mína í ljós vegna þess, að nú skuli líta svo út sem þetta frv. verði nú loks að lögum, að loks verði samkomulag um, að það nái samþykki. Það er nú raunar svo, að þetta er þegar komið í framkvæmd með samningum milli sjómanna og útgerðarmanna, en samt sem áður hefur það sína þýðingu, að það verði lögfest.

Það er langt síðan þetta frv. var fyrst flutt hér á Alþingi af Sósfl. Það var flutt ár eftir ár og mætti jafnan harðri andstöðu. Sósfl. reyndi að fá Alþfl. til þess að taka þátt í flutningi þessa frv. Það tókst ekki. En síðar var flutt samhljóða frv. af Alþfl., og hefur svo verið núna á undanförnum þingum, að það hafa legið fyrir tvö frv., annað frá Alþfl. og hitt frá Sósfl., algerlega samhljóða. Þetta er náttúrlega út af fyrir sig dálítið kátbroslegt, en þrátt fyrir það hefur þetta frv. verið flutt í raun og veru sameiginlega af tveimur flokkum, þó að það kæmi svona einkennilega fram, að frv. voru tvö, en voru sem sagt algerlega samhljóða orði til orðs. Og það er svo enn á þessu þingi, að það eru flutt tvö frv. af þessum flokkum, algerlega samhljóða, annað þeirra hefur verið flutt hér í Ed. af Alþfl., og er nú mælt með því, að frv. nái fram að ganga.

Ég vil sem sagt lýsa mikilli ánægju minni vegna þess, að þetta skuli nú ná fram, og geri raunar ráð fyrir því, að þær kosningar, sem í hönd fara, hafi haft sín áhrif í þá átt, og vona ég, að frv. verði samþykkt óbreytt, án þess að sú brtt., sem horfir til þess að gera það lakara, verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 478 samþ. með 10:4 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 487).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 89. fundi í Nd., 19. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa ánægju minni yfir þeim miklu straumhvörfum, sem orðið hafa í afstöðu hv. þingmanna til þessa merkilega baráttumáls íslenzkra togarasjómanna, og það er mjög gleðilegt til þess að vita, að það virðist sem hv. alþm. ætli nú að samþykkja lög um hvíldartíma sjómanna í samræmi við það, sem er í gerðum samningum á milli togaraháseta og togaraeigenda.

Á undanförnum tíu árum, réttara sagt í tíu skipti, hafa þm. Sósfl. flutt frv. um þetta mál hér á Alþ., en af ástæðum, sem ég skal ekki fara hér inn á frekar, hafa hv. alþm. ekki séð sér fært að samþykkja þetta mál og borið því alltaf við, að þetta ætti að vera samningsatriði á milli togaraháseta og togaraeigenda. Enn fremur hafa svo þm. Alþfl. flutt frv. um sama mál, og það frv. þeirra Alþýðuflokksmanna hefur hlotið samþykki í Ed. með breytingu, sem er þó heldur til hins verra en hitt. Þrátt fyrir það vil ég endurtaka það, að ég er því fyllilega samþykkur, að lög um þetta atriði verði samþ., og ég vonast til þess, að þegar þetta mál verður athugað í n., þá komi einnig til athugunar frv. það, sem ég flutti hér í þessari hv. d. og minni hl. í sjútvn. hefur fyrir löngu skilað áliti um, en meiri hl. n. hefur ekki séð sér fært að taka ákvörðun um það. Nú hafa á þessu sem sagt orðið mjög snöggar breytingar, og það gleður mig sannarlega, og það mun gleðja alla þá, sem fyrir þessu máli hafa barizt, þessu mikla hagsmunamáli togarasjómanna, sem á sínum tíma var eitt mesta deilumál, sem hér kom inn á Alþingi, en enginn mun nú leyfa sér að draga í efa, að það hafi verið og sé enn eitt af þörfustu málum, sem Alþ. hefur samþykkt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 487, n. 594).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 487, er

komið frá hv. Ed. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft það til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 637).

---

56. Gjafabréf fyrir hálfum Þykkvabæ í Landbroti o. fl.

Á 95. fundi í Nd., 26. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu [197. mál] (þmfrv., A. 567).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): *Herra forseti.* Landbn. flytur þetta frv. eftir beiðni hæstv. landbrh. Eins og frv. ber með sér, er með því til þess ætlazt, að ábúandinn á hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti njóti sömu réttinda og aðrir bændur í þessu landi, þegar um ræktun og byggingar á jörðinni Þykkvabæ er að ræða, en eins og gjafabréfið hljóðar nú, hefur hann ekki heimild til slíkra hluta. Í gjafabréfinu stendur, að því megi ekki breyta né út af bera, nema því aðeins að samþykki Alþingis komi til. Þess vegna er nú leitað samþykkis Alþ. fyrir því, að ábúandinn megi veðsetja jörðina fyrir lánum teknum í Búnaðarbanka Íslands, og felur frv. það í sér, að *þessi jörð, sem er gjafajörð,* njóti að því leyti sömu réttinda og ættaróðul í þessu landi, en um þau gilda sérstök lagaákvæði.

Verði þessi háttur ekki upp tekinn, mun veitast erfitt að halda þessari jörð í byggð, ef ekki fást nægjanlegar heimildir til þess að mega veðsetja landið fyrir þeim lánum, sem notuð eru til ræktunar og uppbyggingar á jörðinni. Þess vegna vænti ég þess, að hv. Alþ. samþ. þetta frv., sem fyrir liggur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hér er um að ræða að breyta gjafabréfi, sem var eitt af þeim merkilegustu og sett var eða gefið var í upphafi þessarar aldar af manni, sem auðsjáanlega hafði lagt sig eftir því að reyna að ráða bót á því vandamáli, sem eignarrétturinn á jörð er fyrir manninn, sem býr á henni og vinnur á henni í uppvaxandi kapítalistisku þjóðfélagi. Það er auðséð, að sá maður og hans kona, sem gefa þessa jörð í upphafi, hafa ætlazt til þess með því að setja í gjafabréfið þau ströngu ákvæði, sem í því eru, að þessi jörð og þeir afkomendur þeirra eða aðrir, sem á henni byggju, yrðu lausir við að þurfa nokkurn tíma að selja sína jörð, veðsetja hana eða á nokkurn hátt að láta hana sogast inn í þá hringiðu auðvaldsskipulagsins, sem þessi bændahjón sáu að var að rísa upp hér á Íslandi. Það er alveg auðséð, að sú hugsjón, sem hefur vakað fyrir þeim bónda, sem gaf þetta gjafabréf, var, að það væri hægt að tryggja hreppsnefndinni eignarréttinn á jörðinni ævarandi, en ábúandanum, mönnunum, sem ynnu á jörðinni, notkunarréttinn af henni um alla framtíð.

Þessi framsýni og merkilegi bóndi er að reyna á sínum stað og hvað sína jörð snertir að leysa fyrir framtíðina vandamál, sem allir bændur Íslands eiga að glíma við. Það er vandamál meira að segja fyrir þá bændur, sem hafa börnin sín til að taka við jörðunum, hvernig þeir eiga að fara að því, þegar börnin eru mörg og eitt þeirra verður að taka við og fara að borga hinum út og jörðin öðlast þannig svo og svo hátt kaupverð, sem kemur til með að verða manninum, sem býr á jörðinni, fjötur um fót. Og það var þetta, sem þessi bóndi vildi geta losað þessa jörð við og tryggt sínum afkomendum og öðrum, sem á henni byggju, að þeir þyrftu aldrei að sogast inn í að verða að gera verðmæti jarðarinnar sjálfrar að fjármagni og þræla sjálfir undir vöxtunum af slíku fjármagni, kannske oft og tíðum ævilangt.

Ég álít þess vegna, hvað sem verður ofan á um þetta mál nú, að það sé rétt fyrir menn að staldra við og hugsa ofur lítið um þessi mál og hvort það sé ekki hægt að finna betri leiðir en fundnar eru með þessu. Skal ég þó viðurkenna, að till. viðvíkjandi ættaróðulunum, eins og hún var upphaflega hugsuð, var mjög lofsverð tilraun í þessa átt, en tilraun, sem rak sig ákaflega fljótt á auðvaldsskipulagið sjálft með þess veðum og veðsetningu, sölum og kaupum, þannig að meira að segja þeim lögum um ættaróðulin var breytt tiltölulega fljótt.

Í þessu gjafabréfi segir í 1. gr. þess, með leyfi hæstv. forseta:

„Jörðin skal vera ævarandi eign hreppsins, og má því ekki selja hana, gefa eða veðsetja, hvorki eignina í heild né heldur neinn hluta hennar, sbr. þó 4. gr.“ — þ. e. greinina, þar sem gefendurnir áskilja sér grafreit í jörðinni.

M. ö. o.: Í þessu gjafabréfi er það alveg greinilega tekið fram, að jörðin eigi að vera ævarandi eign hreppsins og að það megi ekki selja hana, gefa eða veðsetja, og hjónin, sem gjöfina gefa, vita, að það að veðsetja getur fyrr eða seinna þýtt það sama og að selja. Nú vilja menn breyta þessu og segja, að það sé ekkert annað hægt að gera til þess að tryggja þau lán og að ábúendurnir geti fengið lán, — það sé ekkert annað hægt að gera en að veðsetja jörðina.

Ég vil mótmæla því, að það sé ekkert annað

hægt að gera. Það er hægt að breyta þessu kerfi viðvíkjandi veðsetningum og öllu slíku. Það er hægt að hætta því að láta endilega veðsetja jarðir og að veita þeim mönnum, sem búa á jörðunum og vinna á þeim, út á sína persónulegu ábyrgð samsvarandi lán þeim, sem nú eru veitt með veðsetningum á jörðum. Það er hægt að breyta þessu vitlausa kerfi, sem er að gera ókleift að byggja svo og svo margar jarðir, nema þá að það haldi áfram sífelld verðbólga, sem eyðileggur öll lán og gerir skuldirnar að engu. Ég vil láta þetta koma fram hér, vegna þess, að ég þykist vita, að það, sem vakti fyrir þeim framsýnu hjónum, sem þetta gjafabréf gáfu, var að forða jörðum bænda á Íslandi undan veðsetningu, undan því að dragast inn í hringiðu kaupa og sölu, undan því að verða einn þáttur í öllu braski upprísandi kapítalistisks þjóðfélags.

Ég veit, að það er erfitt að finna þarna aðferð til þess að tryggja ábúendum engu að síður lán án veðsetningar. Þó væri hægt að breyta þannig lögum, að um þær jarðir, sem hreppur á, skyldi gilda það, að hreppurinn sem slíkur væri í ábyrgð fyrir þeim lánum, sem þannig væru veitt, eða í bakábyrgð við þann mann, sem persónulega fengi þetta.

Ég held, að áður en við förum að breyta raunverulega til hins verra ákvæðum framsýnna manna, sem vildu afstýra braski auðvaldsskipulagsins og stýra því fram hjá sínum jörðum og sinna afkomenda, þá ættum við að athuga það alvarlega, hvort við getum ekki breytt heldur kerfinu sjálfu, sem vaxið hefur upp á Íslandi á þessum 4—5 áratugum, síðan þetta gjafabréf var gefið út. Það var sú tíð, að helmingurinn af öllum jörðum bænda á Íslandi var veðsettur, eða það var veðsett fyrir jafnmiklu og fyrir helmingnum af því, sem þær voru virtar að fasteignamati, og var fasteignamatið þá rétt, á árunum eftir 1930. Þó að það líti nokkuð öðruvísi út í dag, þá skapast þetta vandamál alltaf aftur við eðlilega kapítalistiska þróun. Það er að vísu hægt að afstýra þessu vandamáli eins og ýmsum öðrum í sambandi við það að auka í sífellu á verðbólgu og smækka skuldirnar þannig. En ég býst ekki við, að það sé það, sem menn hugsi sér almennt að gera.

Ég vil geta þess, að þetta er ekki vandamál bara fyrir bændur á Íslandi. Þetta sama vandamál eigum við við að stríða viðvíkjandi húseignunum í öllum kaupstöðum landsins, og þróunin hefur verið sú undanfarið að hrinda þeim öllum inn í það vægðarlausa brask, sem allt sogar til sín, með þeim afleiðingum, sem við stöndum frammi fyrir og ég hef oft gert að umræðuefni hér.

Það er alveg rétt, eins og tekið er fram í grg., að það hefur gerbreyting átt sér stað á umliðnu tímabili, en það er einmitt sú gerbreytingin, sem eigandinn að þessari jörð, gefandinn að þessari gjöf, vildi forða sinni jörð og ábúendum hennar frá, þannig að það er ekki í samræmi við hans vilja, sem við værum að gera með því að heimila veðsetningu á henni. Hér stendur, að það geti engan veginn talizt viðunandi að útiloka jörðina frá þeim lánsfjármöguleikum, sem landbúnaðurinn á nú völ á. Við þurfum ekki að útiloka þessar jarðir frá því, við getum breytt lögunum um lánsfjármöguleikana og veitt slíkum jörðum með sérstökum skilyrðum, persónulegri ábyrgð ábúandans og bakábyrgð hreppsins, þau réttindi, sem aðrir fá nú út á sínar jarðir.

Ég held þess vegna, að við ættum frekar að breyta lánsfjárskilyrðunum í anda þess framsýna manns, sem gaf þetta gjafabréf fyrir 43 árum, heldur en, þó að Alþ. hafi lagalegan rétt til þess, að breyta nú ákvæðum gjafabréfsins eða brjóta á móti þeim til þess að láta veðsetja þessa jörð og láta hana e. t. v. þannig sogast inn í veðsetningu, kaup og sölu, því að hver tryggir, að þessi jörð verði ævarandi eign hreppsins, þegar einu sinni er búið að veðsetja hana og þegar bankar þar með eru búnir að fá réttinn til þess að ganga að jörðinni?

Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég hef oft verið dálítið undrandi á ræðubrögðum hv. 2. þm. Reykv., en sjaldan þó meir en af þessari langloku, sem hv. þm. flutti hér, sem var alveg utan við efnið og auðheyrt, að hann skilur ekkert í því, sem hér er verið að fara fram á.

Málið er ósköp einfalt og er eingöngu það, að ágætur bóndi, Helgi Þórarinsson, hefur á sínum tíma gefið þessa jörð með vissum skilyrðum. Börn hans óska nú eftir í samræmi við gjafabréfið, að nokkrar breytingar séu gerðar, til þess að jörðin hafi sömu möguleika til að fá lán og aðrar jarðir í landinu, og ég er í raun og veru alveg undrandi á því, að nokkrum hv. þm. detti í hug að vera á móti þessu. Ég segi það alveg eins og það er. Þetta er málið og ekkert annað, og það er sonur Helga Þórarinssonar, Þórarinn Helgason, sem lengi bjó þar í Þykkvabæ, en er nú fluttur hingað, sem hefur sérstaklega óskað eftir þessu, og ég hef tekið þetta mál upp fyrir hann, vegna þess að hann veit og skilur, að jörðin má til að fá möguleika til lánsfjáröflunar á þennan hátt. Ég fyrir mitt leyti segi það eins og er, að þótt þetta komi fram nú á allra síðustu dögum þingsins, þá legg ég nokkra áherzlu á það, að þetta litla frv. verði afgr., því að þótt hér sé ekki nema um einn bónda að ræða, þá er það alveg nægilegt til þess, að það sé þörf á því að lagfæra það, sem hér er um að ræða.

Í sjálfu sér þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að mínum dómi. Allar bollaleggingar hv. 2. þm. Reykv. um nýja lánsfjármöguleika yfirleitt út á jarðir snerta þetta ekki að mínum dómi nokkurn skapaðan hlut. Það getur vel verið, að það verði breytt mjög um það kerfi, sem gildir um þessi efni, og þá auðvitað kemur þessi jörð inn í það. En hví á núna að vera að meina þessari jörð að fá eðlileg lán til ræktunar og annarra hluta eins og öðrum jörðum, sem svipað er ástatt um? Ég leyfi mér að spyrja. Það er ekkert annað, sem hér er farið fram á, ekki nokkur skapaður hlutur annar. Og það er sonur Helga Þórarinssonar, það eru börn hans, sem óska eftir þessu, og það er tekið fram í gjafabréfinu, að Alþingi Íslendinga geti breytt þessu, og hvernig er þá hægt að hugsa sér, að því sé breytt á eðlilegri hátt en eftir till. frá börnum sjálfs gefandans? Ég leyfi mér að spyrja. Það er ekk-

ert annað, sem hér er um að ræða. Og ég verð að segja það, að eftir að hafa hlustað á þessa ræðu hv. 2. þm. Reykv., þá leyfi ég mér að leggja miklu meiri áherzlu á það en áður, að þetta frv. verði afgr. frá Alþ., áður en því er slitið nú, og vona, að það verði.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það væri æskilegt, að hæstv. landbrh. væri inni. Ég held, að það sé dálitið óviðkunnanlegt, að hæstv. landbrh. rjúki hér upp í stólinn og sé að saka þm. um að flytja hér langlokur, þegar hann sjálfur virðist vera í því ástandi, að hann skilji yfirleitt varla, hvað sagt er, og ég kann betur við, að þó að ráðuneytið sé að segja af sér á morgun, þá reyni þeir að haga sér nokkurn veginn sómasamlega seinasta daginn, sem þeir eru hérna.

Sú ræða, sem ég hélt um þetta mál, var síður en svo af einhverri óvild í garð þess, sem þarna á í hlut, og það var ákaflega fjarri því, að ég væri að tala gegn því, að sá maður, sem á jörðinni býr, gæti fengið lánsfjármöguleika. Það, sem ég var að ræða um, og það, sem hæstv. landbrh. máske einhvern tíma, þegar hann var yngri, hugsaði dálitið alvarlega um, þó að hann sé búinn að gleyma því nú, var það vandamál, sem jarðeignarétturinn er fyrir þá vinnandi bændur, eftir að sú hætta er komin upp í þjóðfélaginu, að jarðirnar geti lent í braski eða geti, þegar bændur eru fátækir og illa staddir, lent í greipum bankanna. Það, sem ég var að reyna að skýra fyrir hv. þm., var, hver hefði verið hugsunarháttur þess manns, sem gaf þetta gjafabréf. Það var hugsunarháttur, sem var ríkjandi á þessum árum, 1913 og þar í kring. Það var hugsunarháttur, sem var mótaður af hugsjón ungmennafélaganna. Það var hugsunarháttur, sem var mótaður af afstöðu þeirra manna, sem upprunalega beittu sér fyrir að stofna tímaritið Rétt og þeirri stefnu, sem það þá fylgdi. Það var afstaða frjálshuga bænda á Íslandi, sem þorðu að horfa skýrum augum á vandamál jarðeignaréttarins fyrir hinn vinnandi bónda og með þessu gjafabréfi, sem hérna var gefið, alveg sérstaklega mótuðu sinn hugsunarhátt í reynd, þannig að þetta gjafabréf og þetta afrek, sem Helgi Þórarinsson þá vann, var umtalað á þessum tímum sem fyrirmynd um, hvernig framsýnir bændur vildu haga málum á Íslandi. Það, sem ég þess vegna vildi leggja áherzlu á, er, að það sé leitt, að málum hafi verið hagað þannig, að nú neyðist meira að segja börn þessara manna til að fara fram á, að það sé brotið á móti þeim vilja, sem þeirra foreldrar skráðu í sitt gjafabréf, vegna þess að það hefur ekki verið tekið tillit til þess í lánsfjárlöggjöfinni, að það væri hægt að haga lánum á þann veg, að ekki þyrfti að veðsetja jarðir.

Hví er óhugsandi, að maður, sem býr á einni jörð, geti fengið lán, eins mikið og hver annar, án þess að hann þurfi að veðsetja jörðina, persónulegt lán til sín sem ábúanda? Hví er það óhugsandi? Menn eru orðnir svo vanir því sem sjálfsögðu, að bændur verði að veðsetja sínar jarðir. Veðböndin eru orðin svo sjálfsagður fjötur, að menn geta helzt ekki hugsað sér annað ástand en það, að einn bóndi, og jafnvel þegar um er að ræða jörð, sem hann á ekki sjálfur, megi samt veðsetja hana. Ég vil spyrja: Hvernig halda menn, að þetta hefði verið, ef þróunin hefði verið sú á Íslandi, að okkar króna hefði verið að hækka í gildi í staðinn fyrir að lækka, ef engin verðbólga ætti sér stað? Ég veit, að það gerir öll þessi mál auðveldari og hættuminni fyrir bændur, á meðan krónan er kannske skriðin niður í einn fjórða hluta eða einn tíunda hluta af því, sem hún var fyrir nokkrum áratugum, það gerir það auðveldara fyrir þá, sem hafa tekið lán út á jörð, að þurfa að borga það í verðminni peningum seinna meir. En þetta skapar hættu fyrir bændur, hvenær sem það ástand er komið, að verðgildi peninga haldist jafnt.

Ég veit, að menn hafa ekki lifað það síðan fyrir meir en 20 árum, að það væri kreppa hér á Íslandi, að búfjárafurðir féllu í verði, að erfitt væri að selja þær, að skuldirnar þess vegna raunverulega hækkuðu í verði og að veðbandafjötur gæti þess vegna orðið tilfinnanlegur, og menn halda þess vegna, að slíkir tímar geti aldrei komið aftur. En það var einmitt til þess að sporna við því, að slíkt gæti gerzt, að þetta gjafabréf var gefið á sínum tíma, forða jörðinni og ábúendum hennar frá öllum þeim sveiflum, sem brask auðvaldsskipulagsins, sem kaup, sala og veðsetning á jörðum þýðir fyrir manninn, sem vinnur á jörðinni. Og ég verð að segja, að það kemur vissulega úr hörðustu átt, þegar svo er komið, að aðalforustumenn Framsfl. og landbrh. hans hér á þingi gerast til þess að ráðast og það með ósvífni að mönnum fyrir að halda fram skoðun, sem einu sinni, á meðan Framsókn var ung og óspillt, var þó ein af hennar skoðunum og hennar róttækustu manna.

Það fer fjarri því, að með því, sem ég var að vekja hér eftirtekt á, væri verið að gera eitthvað til þess að svipta ábúanda þessarar jarðar lánsfjármöguleikum. Á nákvæmlega sama hátt og hægt er að samþykkja hér frv. til laga um þessa breytingu á gjafabréfinu, er hægt að samþ. frv. til laga um breytingu á lánunum, sem bændur fá. Það er alveg jafnt hægt að opna þann möguleika, að þegar svo standi á, að jörð samkvæmt sérstökum fyrirmælum sé ævarandi eign hrepps, þá skuli sá bóndi, sem á henni býr, fá sama rétt til lána og aðrir bændur gegn sinni persónulegu ábyrgð, og jafnvel hægt að mæla svo fyrir, að hreppsnefndin, sem er eigandi jarðarinnar undir slíkum kringumstæðum, verði bakábyrg.

Spurningin er einfaldlega þarna um það, hvort menn vilja berjast fyrir því, að hugsjón þess manns, sem gaf þetta gjafabréf, megi rætast eða hvort menn vilja beygja gjafabréfið og þar með hans vilja látins undir það ástand, sem hann vildi forða sínni jörð og sínum afkomendum frá. Ég hef ekki sagt eitt orð um, hvort ég tæki afstöðu með eða á móti þessu. Ég hef aðeins viljað vekja athygli hv. þm. á því, hvað við erum þarna að gera, og ég hélt, að það verðskuldaði frekar alvarlega íhugun þeirra manna, sem vilja ræða þessi mál alvarlega, heldur en þá frekju og framhleypni, sem hæstv. landbrh. hér hefur gert sig sekan um.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það voru aðeins tvö atriði, sem ég vildi svara hv. 2. þm. Reykv. út af því, sem hann sagði hér áðan. Hann talaði um það, að þetta gjafabréf hefði verið mjög merkilegt og byggt á mikilli framsýni á sínum tíma, og ég vil taka undir þau ummæli hjá honum, að þetta gjafabréf hefur verið gert af mikilli framsýni og einmitt gefendurnir að þessari jörð hafa verið það framsýnir, að þeir hafa gert ráð fyrir, að það þyrfti ef til vill að breyta gjafabréfinu eitthvað, og því aðeins sett það í gjafabréfið, að því skyldi breytt af Alþingi og ekki öðrum. Þetta kalla ég framsýni og fyrirhyggju, og það er eftir þeirra fyrirheiti og að þeirra óskum, að ég hygg, sem þessu gjafabréfi verður breytt nú, því að ég get ekki hugsað mér, að það hafi verið meining þessara merku hjóna, að þeirra ábýlisjörð færi fyrr eða síðar í auðn. Ég hygg, að þau hafi unnað landbúnaðinum það mikið og vel, að þau hafi ætlazt til þess, að jafnan væri vel setin sú jörð, sem þau áttu, og því aðeins hafa þau látið setja það í gjafabréfið, að því skyldi breytt af Alþingi, ef á þyrfti að halda, og það hefur líka sýnt sig nú, að það er þörf að breyta þessu gjafabréfi, og ég ætla, að við séum að gera þeirra vilja, um leið og við fylgjum þessu frv. hér í þessari hv. deild.

Þá minntist hv. þm. á, að það væri ekki gott, ef jarðir, sem svona væru gefnar, færu í brask. Sá er þó munur á með þessa jörð og fjölda annarra, að hún er gefin heilli sveit, en ekki einstaklingi, og ég ætla, að þar sem heill hreppur á um þetta mál að fjalla, sé ekki að óttast, að þessi jörð liggi oft undir hamarshöggi, því að það er vissulega þeirra, sem eiga, og þeirra, sem var gefin jörðin, að sjá um, að svo verði ekki, og ég ber engan kvíðboga fyrir þeim hlutum. Ég hygg, að við séum einmitt að gera bæði að vilja gefendanna og einnig að vilja hreppsins, sem á jörðina, um leið og við samþykkjum þetta frv. hér í þessari hv. deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 104. fundi í Ed., 28. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég vildi eindregið mælast til þess, að þetta mál gæti fengið að ganga áfram nefndarlaust. Þetta er ákaflega einfalt mál. Það er þannig, að í gjafabréfi þessara heiðurshjóna var ákveðið, að ekki mætti veðsetja jörðina, en allar breytingar verður hins vegar að gera á löggjafarþinginu. Hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps hefur óskað eftir þessari breytingu og landbrn., og landbn. Nd. hefur flutt málið fyrir ráðuneytisins hönd. Ég vil því mælast til þess, að þetta fái að ganga áfram nefndarlaust.

Andrés Eyjólfsson: Herra forseti. Vegna þess að ég hef haft ýmis önnur gjafabréf og sjóði með höndum árlega, vil ég aðeins taka undir það, sem hv. þm. V-Sk. sagði. Mér finnst þetta sjálfsagt mál og eðlilegt, og ég sé enga ástæðu til þess, að það gangi til nefndar, vona, að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 664).

Önnur mál.

I. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Í gær var hér í fyrirspurnatíma rætt nokkuð um bátagjaldeyri og bátagjaldeyrisskírteini, og það var upplýst m. a., að ekki væri enn þá hafið að selja bátagjaldeyrisskírteini fyrir 1955 og ekki fullselt fyrir 1954. Nú í dag bregður svo við, að sala á bátagjaldeyrisskírteinum hefur verið stöðvuð, þannig að þeir, sem vilja kaupa bátagjaldeyrisskírteini hjá þeirri skrifstofu, sem hefur með það að gera, geta ekki fengið þau keypt. Nú er það svo, að hæstv. ríkisstj. hefur afhent skrifstofu ákveðinna samtaka þessi bátagjaldeyrisskírteini til meðferðar. Ég hef oft áður, sérstaklega í upphafi, gagnrýnt þá aðferð, sem höfð var í því sambandi, því að venjulega minnti sú skattheimta helzt á þann hátt, sem einvaldskonungar höfðu í Frakklandi fyrir byltinguna, þegar aðalsmönnum var leyfilegt að skattleggja þegnana eftir vild og hirða sjálfir skattana. Upphaflega var enginn lagabókstafur einu sinni fyrir þessu, en nú telur hæstv. ríkisstjórn sig hafa nokkurn lagabókstaf fyrir því, en engu að síður er farið allt öðruvísi með innheimtuna á þessum skatti eða tolli en með allt annað, sem snertir fjárhag ríkisins. Ég vildi leyfa mér, þó að það sé hér utan dagskrár, að spyrja og þá líklega fyrst og fremst hæstv. viðskmrh., hvort þetta sé með vitund ríkisstjórnarinnar gert, að svona sé farið að, og hverju þetta muni sæta. Það er allundarlegt, ef menn, sem hefur frá hálfu ríkisstjórnarinnar verið úthlutað ákveðnum leyfum, sem þeir eiga að selja, og það kallað frílisti, geta allt í einu stöðvað alla slíka sölu og verið svo um leið að kvarta yfir, að ekki fáist nóg handa útveginum. Ég veit, að formlegra hefði verið að bera fram skriflega fyrirspurn, en það mundi hafa þýtt, að mál eins og þetta kæmi ekki til umr. fyrr en miðvikudaginn eftir tæpan hálfan mánuð, svo að það hefði auðvitað litla þýðingu að bera slíka skriflega fyrirspurn fram í svona máli. Ég vildi þess vegna leyfa mér að æskja þess, ef hæstv. viðskmrh. gæti gefið okkur upplýsingar um það, hverju þetta sæti og hvort búast megi við, að þessu verði kippt nú þegar í lag. Ég er sem sé hræddur um, að ef einhver stöðvun verður í þessu, þá kunni það að gefa undir fótinn alls konar orðrómi um, að það stæði fyrir dyrum að breyta bátagjaldeyrisskilyrðunum, annaðhvort bæta við nýjum vörutegundum, hækka álag eða annað þess háttar. Það er vitanlegt, að allur slíkur orðrómur mundi valda truflunum í viðskiptum. Þess vegna væri bezt, ef hægt væri nú þegar að upplýsa, hvernig á þessu stæði, og kippa þessu í lag, ef unnt væri.

Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hér var rætt mikið um bátagjaldeyrinn í gærdag. Mætti þess vegna ætla, að ekki væri ástæða til þess að fara nú utan dagskrár að ræða um hann.

Það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan um stöðvun á sölu á bátagjaldeyri, held ég að geti tæplega komið til greina, vegna þess að ég hef ekki orðið var við, að innflytjendur hafi kvartað um, að þeir hafi ekki fengið keyptan bátagjaldeyri. Hins vegar vil ég benda hv. 2. þm. Reykv. á að lesa þingsköpin. Þau mæla fyrir um, hvernig fyrirspurnir skuli lagðar fram hér í hv. Alþ., og þegar hann hefur gert það, þá mun ég vitanlega svara þessu eða einhver annar hæstv. ráðh.

Einar Olgeirsson: Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að hvað snertir fyrirspurnirnar, sem ákveðið er um í þingsköpunum, þá leggja þær á herðar ráðh. ákveðna skyldu til þess að svara. Réttur þm. til þess að kveðja sér hljóðs og þar með líka ef þeir álíta, að þeir þurfi að koma fram með fyrirspurn utan dagskrár, er í engu skertur með núverandi þingsköpum. Hitt er rétt, að það er þá bara komið undir velvilja viðkomandi ráðh., hvort hann kýs að svara þeim fyrirspurnum, sem fram koma utan dagskrár. Hann er hins vegar skyldur til þess, þegar þær eru fluttar samkvæmt þingsköpum, en meira að segja þá skyldu hafa ráðh. látið undir höfuð leggjast að rækja.

Hér var rætt um bátagjaldeyri í gær, og það var kvartað yfir, að það gengi illa með hann, og jafnvel talað um og það réttilega, að þetta kerfi væri að brotna saman. Nú í dag, strax í morgun, bregður svo við, að þeir menn, sem vilja kaupa bátagjaldeyrisskírteini hjá skrifstofu bátaútvegsins, fá þessi bátagjaldeyrisskírteini ekki keypt. Og ef hæstv. ráðh. hefur talað við einhverja slíka menn í morgun, þá mun hann hafa orðið var við það. Það getur hins vegar verið, að hann hafi ekki talað við þá. Það hefur ekki verið kvartað

undan þessu nema þá viðvíkjandi einstökum löndum undanfarna daga. Nú í morgun hins vegar virðist þetta allt í einu vera almennt og er tekið sem eins konar reiðarslag hér, því að menn búast þá við öllu mögulegu og óvæntu. Við verðum að gá að því, að það er gengið þannig frá þessum bátagjaldeyrisskírteinum, að Alþ. hefur raunverulega ekkert um þau að fjalla. Það er ekki til lagabókstafur um þau beinlínis, heldur er reglugerðin um þau og þar með alla þá álagningu, sem í þeim felst, gefin út samkv. að mörgu leyti mjög hæpinni heimild í lögum. En það sem enn verra er, það er hægt er að breyta hvaða dag sem vera skal án þess að spyrja Alþingi þeim reglum, sem gilda um bátagjaldeyrisskírteinin. Það er hægt með sama rétti og ríkisstj. nú hefur tekið sér til þess að gefa þau út að hækka þau úr 60 upp í 100 eða hvernig sem vera skal og að teygja þau yfir fleiri vörutegundir.

Ég held þess vegna, að það sé mjög slæmt, að það skuli ekki einmitt fást nú undireins alveg greið svör um það, að ekki sé fyrirhuguð nein breyting í þessu sambandi, að ríkisstj. hafi ekki á prjónunum að breyta nú næstu dagana reglugerð um þetta. Það hefði verið mjög æskilegt að fá þá yfirlýsingu. Það hefði kveðið niður allan ótta um slíkt. En hitt hefði þó náttúrlega verið enn betra, ef hæstv. ráðh. hefði getað sagt, að þetta hlyti að vera bara einhver töf hjá viðkomandi skrifstofu. En sannleikurinn er, að meira að segja það væri engin afsökun. Almenningur í landinu og þeir, sem hafa viðskipti við menn, eiga ákveðinn rétt, og það stendur ekki á bönkunum að afgreiða. Það er sú skrifstofa, sem á að sjá um að afgreiða þetta, og þeir menn, sem á þessari skrifstofu eru, segja bara: Nei, nú afgreiðum við ekki skírteinin. — Það eru einhver takmörk fyrir, hvernig hægt er að meðhöndla almenning, ekki síst af mönnum, sem fá sérréttindi eins og aðalsmenn til þess að skattleggja almenning. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að við óskum hér eftir skýringum á þessu. Ég tek hins vegar hæstv. ráðh. alveg trúanlegan, að hann viti ekki neitt um þetta. En þá er ástandið í þjóðfélaginu orðið þannig, að aðalskattheimtumenn þjóðfélagsins nú á tímum, sem sé þeir aðalsmenn, sem hafa með það að gera að innheimta þarna þessi sérstöku fríðindi, haga sér eins og þeim þóknast og láta ekki einu sinni ríkisstj. vita. Mér finnst þetta ástand vera farið að nálgast ískyggilega mikið stjórnleysi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem mig langaði til þess að beina til hæstv. viðskmrh.

Ég verð að segja, að mér komu þessar upplýsingar hv. 2. þm. Reykv. á óvart. Ég hafði ekki heyrt um þessa staðreynd, fyrr en hann skýrði frá henni hér áðan í ræðustólnum. Hitt kom mér enn meir á óvart, að þessar staðreyndir skyldu vera framandi fyrir hæstv. viðskmrh., og dettur mér þó ekki í hug að vefengja þau ummæli hans, að honum hafi verið þetta ókunnugt eins og mér og væntanlega einnig flestum öðrum hv. þingmönnum. En það vil ég undirstrika sérstaklega, að það er furðulegt ástand, ef það getur gerzt, að jafnmikilvægar ákvarðanir og hér er um að ræða séu teknar án þess að ríkisstj. hafi hugmynd um. Það virðist ekki vera mikið trúnaðarsamband á milli þessarar voldugu stofnunar, sem hefur með innflutningsréttindi bátaútvegsins að gera, og hæstv. ríkisstjórnar, þegar slíkt getur gerzt.

Það, sem mig langar til að spyrja hæstv. viðskmrh. að í þessu sambandi, er eftirfarandi: Ef þetta er rétt, að sölunefndin hafi stöðvað sölu á B-skírteinum, telur ríkisstj. það vera heimilt samkv. þeim reglum, sem um málið gilda? Getur nefndin haldið fast við þessa ákvörðun sína, hafi ákvörðun þegar verið tekin? Það er atriði, sem hæstv. ráðh. ætti að geta upplýst eða hlýtur að hafa ákveðna skoðun um og sannarlega skiptir þingheim og allan almenning miklu máli.

Á 15. fundi í Nd., 7. nóv., utan dagskrár, mælti

forseti (SB): Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár. Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á, að það er ekki ætlazt til þess, að fyrirspurnir séu yfirleitt bornar fram í deildum. Til þess er sérstakur tími í hv. sameinuðu Alþingi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að vekja athygli hv. þdm. á ákveðnum hlut, sem hefur gerzt og ég raunar hef nokkuð oft gert hér að umræðuefni. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar er svo mælt fyrir, að engan skatt megi leggja á nema með lögum, og þegar talað er um skatt í þessu efni, er átt við tolla og allt annað slíkt. Í þeim lögum, sem samþykkt voru um skipan innflutningsmála, gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., er tekið fram í 1. gr., að ríkisstj. hafi heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunni að verða vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum, svo sem til stuðnings atvinnuvegunum eða einstökum greinum þeirra. Samkvæmt þessari mjög svo víðtæku heimild í 1. gr. hefur verið gefin út reglugerð um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, og í þeirri reglugerð er ákveðnum aðilum í landinu veittur einkaréttur til þess að selja innflutningsleyfi fyrir ákveðnar vörutegundir.

Nýlega vakti ég athygli á því, og þá í sameinuðu þingi, að það hefði verið stöðvuð sala á þessum skírteinum, og mér virtist þá hæstv. ríkisstj. koma þetta nokkuð á óvart. Nú vildi ég leyfa mér hér utan dagskrár, af því að þetta mál þolir enga bið, að spyrjast fyrir um það, og vil taka það fram, að þó að þær almennu skriflegu fyrirspurnir, sem ráðherrum er skylt að svara, séu hugsaðar fyrir sameinað þing og ætlaðar fyrir það, þá hafa þingmenn alltaf rétt til þess að bera fram fyrirspurnir, hvar sem þeir vilja og hvenær sem þeir vilja, þótt ráðherrum hins vegar beri ekki skylda til að svara þeim, nema þær séu bornar fram í Sþ. Hins vegar hefur komið fyrir, að ráðherrum hefur haldizt uppi að svara ekki slíkum fyrirspurnum.

Nú vildi ég, af því að síðan ég bar fram þessa fyrirspurn á fimmtudaginn var, er það nú orðið opinbert, að þeir, sem hafa með bátagjaldeyrisskírteinin að gera, eru búnir að hækka gjaldið

fyrir skírteinin, leyfa mér að spyrja hæstv. viðskmrh., fyrst hann er hér: Er þetta gert með leyfi ríkisstj. og í samráði við hana, eða er það komið svo, að þeir menn eða þeir aðilar, sem ríkisstj. afhendir einkarétt til innflutnings eða til að veita innflutningsleyfi fyrir ákveðnum vörum, fái frá ríkisstj. einkarétt til að leggja á eins og þeir vilja? Það er vitanlegt mál, að formlega mun þetta horfa þannig við, að þessir menn hafa fengið þennan einkarétt frá ríkisstj. samkvæmt þessari mjög hæpnu lagaheimild og reglugerðarákvæðunum, svo að eftir að lögin um verðlagseftirlitið og verðlagsákvörðunina voru raunverulega afnumin að mestu leyti, virðast þessir menn hafa rétt til þess að leggja á eins og þeim þóknast. Hins vegar hefur hingað til verið gengið út frá því, að þessir menn ákvæðu ekki prósenttöluna, sem þeir legðu á, þegar þeir seldu skírteinin, nema í samráði við ríkisstjórnina. Og nú vil ég leyfa mér að spyrja: Er komið svo, að þessir embættismenn, sem ríkisstj. hefur útnefnt til þessa, geti leyft sér að leggja á eins og þeir vilja, eða eru einstakir embættismenn ríkisstj. farnir að taka sér það vald að leggja á í trássi við hana eða til þess að beygja hana á eftir undir þeirra ákvarðanir? Það er ekki að ófyrirsynju, að það er spurt, hvers konar stjórnarfar þetta sé.

Ég sé að vísu í Morgunblaðinu, að hæstv. forsrh. ræðir um þetta við Morgunblaðið án þess að segja samt nokkuð um, hvort ríkisstj. hafi lagt blessun sína yfir þetta, og færir þar ýmis rök fyrir, að hann álíti, að það sé nú kannske ekki óeðlilegt, að þessir aðilar hækki sitt gjald. Ég vil hins vegar benda honum á um leið, að ekki er alveg óhugsandi, að sjómenn líti margir svo á, sem á bátum vinna, að þeim beri hækkað fiskverð, þegar gjaldið á bátagjaldeyrisskírteinunum er hækkað, og það geti haft sinar afleiðingar viðvíkjandi kaupkröfum og öðru slíku. M. ö. o.: Það er ekkert óeðlilegt, þó að við þingmenn viljum gjarnan fá að vita, hvað sé raunverulega lög og stjórn í þessu landi. Og ég þykist hafa alveg sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á þessu og bera fram fyrirspurnir um þetta, því að ég hef hér í mörg ár varað við því fyrirkomulagi, sem var tekið upp viðvíkjandi bátagjaldeyrinum, fyrst meðan hann var algerlega ólöglegur og var innheimtur í um tvö ár, án þess að nokkur lagabókstafur væri fyrir því, og síðan nú, eftir að hann að vísu byggist á nokkuð hæpinni lagagrein, en á aðferðum, sem nú sýna sig að gefa einstökum aðilum í landinu ótakmarkað vald til skattálagningar á almenning. Þegar það svo stendur í stjórnarskránni, 40. gr., að ekki megi leggja skatt á nema með lögum, þá vil ég vekja athygli hv. deildar á því, hvar komið er, þegar ríkisstj. er búin að afhenda einstökum aðilum í landinu vald til þess raunverulega að leggja á tolla eða skatta eins og þeim þóknast, jafnvel án þess að ríkisstj. fái þar við ráðið.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. 2. þm. Reykv. gat um, hefur því nú verið lýst yfir opinberlega, að álag á bátagjaldeyri hefur verið hækkað mjög verulega, eða um 16—17% á sterlingspund og dollar og um 40% á clearing-gjaldeyri. Þegar spurzt var fyrir varðandi þetta mál hér á Alþ. á fimmtudaginn var, hafði hæstv. viðskmrh. furðulega litlar upplýsingar að gefa um málið, og var helzt á honum að skilja, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki neina hugmynd um, hvað hér væri á ferðinni. Nú mun hún þó hafa aflað sér einhverra upplýsinga um þetta mál, og kemur það m. a. fram í Morgunblaðinu í gær í viðtali, sem blaðið átti við hæstv. forsrh.

Enn er reynt að halda því fram í málgögnum hæstv. ríkisstjórnar, að það séu útgerðarmenn einir, sem hafi tekið þessa ákvörðun um stórhækkað bátagjaldeyrisálag án alls samráðs við hæstv. ríkisstj. og jafnvel algerlega að henni forspurðri. Ég verð að taka undir það með hv. 2. þm. Reykv., að mér þykir það næsta furðulegt, ef svo er. En sé svo, að þetta sé gert að hæstv. ríkisstj. forspurðri og af útgerðarmönnum einum, þá langar mig til að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ríkisstj., hvort hún hefur ekki hugsað sér að gera eitthvað í þessu máli, hvort hún ætlar að láta það með öllu afskiptalaust.

Ég fæ ekki betur séð, ef hún gerir það, heldur en hún taki þá á sig fulla ábyrgð á þessari ráðstöfun og samþykki hana þar með með þögninni. Jafnframt vil ég mjög eindregið beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún telji ekki algerlega sjálfsagt og óumflýjanlegt, ef þessi ráðstöfun verður látin haldast, að sjómenn fái sinn hlut í auknum bátagjaldeyri með hækkuðu fiskverði.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla enga að hrella með fyrirspurnum. Ég ætla aðeins að skýra frá því, að samkvæmt simtölum manna úr verkalýðshreyfingunni víðs vegar um land núna um þessa helgi, síðan þessi tíðindi spurðust, að fámennur hópur útgerðarmanna hér suður í Reykjavík hafi breytt bátagjaldeyrisálaginu, að því er virðist eftir upplýsingum hæstv. forsrh. á eigið eindæmi, vildi ég láta það í ljós, einnig af því, sem fram kom á verkalýðsfélagsfundi hér á Suðurnesjum í gær, sem ég var á, að það eru talin mikil firn, að svona hlutir skuli geta gerzt, og mér er af þessu ljóst, að verkalýðshreyfingin lítur mjög alvarlegum augum á það, sem hér er um að ræða.

Ég fæ ekki betur séð en að þarna virðist það vald liggja í höndum fárra manna að breyta skráningu á íslenzka genginu án afskipta Alþingis og án samráðs, að því er virðist, við ríkisstjórn landsins. Ég hygg, að þetta séu alvarlegri hlutir en menn geri sér ljósa í fljótu bragði, og virðist þó svo sem fólk úti um land í verkalýðshreyfingunni hafi vaknað eins og við vondan draum, þegar þessi frétt barst, og þykir mér allar líkur benda til þess, að verkalýðshreyfingin láti til sín taka út af þessu, ef hæstv. ríkisstj. ekki á einhvern hátt ber þarna klæði á vopn, svo að ekki hljótist ófriður af.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mér kemur ekki á óvart, þó að menn hreyfi þessu máli og óski skýringa. Ég sé mér ekki fært í stuttu máli að gefa gleggri skýringar en ég gerði í stuttu viðtali, sem Morgunblaðið átti við mig og er prentað í blaðinu í gær. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, aðeins lesa upp meginkjarna málsins úr því, því að ég hygg, að það skýri betur

aðstöðuna en ég að öðru leyti mundi gera í jafnstuttu máli. Þar segir:

„Þegar bátagjaldeyriskerfið var upp tekið snemma árs 1951, fengu útgerðarmenn fríðindi í sambandi við hálft andvirði bátaafurða, að undantekinni síld og þorskalýsi, og leyfi til þess að selja gjaldeyri með álagi, sem þeir réðu sjálfir. Þessi heimild til þess að ráða álaginu var fyrst og fremst miðuð við það, að gjaldeyririnn seldist. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var þessi réttur til að ráða álaginu miðaður við það, að útgerðarmenn bæru sjálfir ábyrgð á, hvort gjaldeyririnn seldist eða ekki. Jafnframt var þeim skammtaður takmarkaður listi yfir vörur, sem ekki mátti kaupa fyrir annan gjaldeyri en hinn svokallaða bátagjaldeyri.

Þetta hefur í meginatriðum varðandi vörulista, álag og helmingsréttindi staðið til síðustu áramóta. Hins vegar hafa útgerðarmenn og einkum þó fiskkaupendur oft á þessu tímabili talið, að þeir yrðu að fá aukin réttindi til þess að fá staðizt hækkandi verðlag á fiskinum innanlands, þar sem fiskverð erlendis hefði ekki hækkað eða a. m. k. ekki tilsvarandi. Þessum kröfum var þó synjað, og höfðu menn þá jafnan í huga, að ef í harðbakka slægi, gætu breyttar aðstæður gefið bátagjaldeyriseigendum síðferðislegan rétt til þess að hækka álagið.

Um síðustu áramót ákvað svo ríkisstjórnin í von um bætt aflabrögð vegna friðunarráðstafana og í því skyni að berjast gegn því, að ný kauphækkunaralda risi, að minnka bátagjaldeyrisfríðindin um 10% yfir vetrarvertíðina, þ. e. a. s. að lækka þann hluta aflamagnsins, sem gjaldeyrisfríðindin næðu til, úr 50% niður í 45% af heildarafla bátanna, að frádregnu lýsi og síld. Þannig stóð málið, þegar gjaldeyriseigendur nú fyrir skömmu tilkynntu ríkisstjórninni, að þeir ætluðu að hækka álagið á bátagjaldeyri.

Rökin, sem útgerðarmenn og gjaldeyriseigendur færðu fyrir þessu, voru í aðalatriðum þessi:

1) Sú verðlagsstefna stjórnarinnar, sem lá til grundvallar skerðingu bátagjaldeyrisréttindanna, fór út um þúfur, þegar kaupgjald í landinu hækkaði eftir verkfallið á s. l. vori.

2) Að enda þótt verulegur hluti hraðfrysta fisksins væri þá kominn í hús, þá hefðu saltfiskur og skreið að mestu verið óverkuð. Hin mikla kauphækkun hefði þess vegna lent á þeirri framleiðslu.

3) Hækkandi fiskverð innanlands undanfarin tvö ár réttlætti a. m. k. að nokkru leyti hækkun álagsins, þó að ekki annað kæmi til.

4) Það væri vitað, að bátaflotinn kæmist ekki af með núgildandi fríðindi á næsta ári vegna kauphækkunarinnar á s. l. vori.

5) Yrði álagið ekki hækkað nú, mundu innflytjendur með hliðsjón af framangreindum ástæðum reyna að kaupa upp bátagjaldeyrinn og hækka svo vörurnar eftir áramótin í samræmi við það ástand, sem þá hefði skapazt.

Ýmis fleiri rök færðu útgerðarmenn fyrir málstað sínum, um leið og þeir tilkynntu ríkisstjórninni, að þeir mundu ekki hækka álagið að nýju varðandi bátagjaldeyrisfríðindin á framleiðslu ársins 1955, en eins og kunnugt er, er sala þess gjaldeyris ekki byrjuð enn þá.

Ríkisstjórnin viðurkennir að vísu þörf gjaldeyriseigenda fyrir auknar tekjur, en hún taldi eftir öllum atvikum rétt, að málið biði nánari athugunar og rannsóknar, enda þótt sá gjaldeyrir, sem hér ræðir um, nemi ekki nema 12—15% af innfluttum vörum til landsins."

Ég sé enga ástæðu til að leyna hv. alþm. því, að ríkisstj. var mjög eindregið andvíg þessu. *Hún hlaut eðli málsins samkvæmt að reyna að* hindra þessa hækkun, og lagði á það ríka áherzlu, færði fram sín rök gegn þessari hækkun, það fór ekkert skriflegt á milli um þetta, en það var *þó séð um, að þau væru í meginefnum bókuð í* fundarbækur þeirra manna, sem um þessi mál fjalla. Og ríkisstj. lauk þeim rökum með því að benda gjaldeyriseigendum á, að þeir mundu skapa sér óvinsældir almennings í landinu og gera ríkisstjórninni einnig örðugleika, ef þessi hækkun væri látin fram fara, og taldi eftir öllum atvikum rétt, að málið biði, a. m. k. fyrst um sinn, meðan yfir stendur allsherjarrannsókn á atvinnuástandinu í landinu.

Ég verð hins vegar að viðurkenna, að mér er kunnugt um, að á undanförnum árum, ég held frá 1953, hafa þeir, sem fiskinn kaupa, hvað eftir annað leitt athygli að því, að þeir taki á sig meiri áhættu en eðlilegt sé, þegar þeir hafa þurft að hækka fiskverðið vegna innanlandsverðlags á fiski, án þess að tilsvarandi hækkanir yrðu í útlöndum. Og ég minni menn á þær upplýsingar, sem ég gaf hér á Alþ. s. l. miðvikudag, þar sem það kom fram, að fiskverð til sjómanna hafði á þessum tíma, sem bátagjaldeyrisskipanin hefur staðið, hækkað úr 75 aurum upp í kr. 1.22 kg af slægðum þorski með haus og aðrar tegundir hlutfallslega.

Spurningin var nú aðeins sú, hvort ríkisstj. treysti sér að girða fyrir þessa hækkun með algeru banni. Þeim embættismönnum, sem um þetta mál hafa fjallað fyrir hönd ríkisstj., í samráði við hana og með samþykki hennar, — ég undirstrika það, það er ekki verið að leggja sök hér á neinn annan, — var öllum ljóst, að þessi kvíðbogi, sem fiskkaupendur, hraðfrystihúsin, saltfiskskaupendur og skreiðarkaupendur, höfðu árlega látið í ljós, var barinn niður, ef það er rétt orð, eða úr honum var dregið með ábendingu um, að ef ástæður allar breyttust, hefðu gjaldeyriseigendur þó þennan varnagla að hækka álagið, þó ævinlega með það fyrir augum, að ekki mætti girða fyrir söluna á gjaldeyrinum.

Ég játa manna fúsastur, að þessi hækkun er mjög óæskileg. Ég minni menn þó á, að það hlaut að vera öllum ljóst, að sú kauphækkun, sem fór fram í aprílmán. s. l., var líkleg til að draga dilk á eftir sér í þessum efnum sem öðrum. Ég tók til athugunar, hvort hægt væri á síðferðislegum grundvelli, eins og menn segja, að setja hér lög eða fara fram á, að þingið setti lög á einni nóttu, sem hindruðu þessa hækkun, en komst að þeirri niðurstöðu í samráði við þá menn, sem beint höfðu átt viðræður við útgerðarmenn um s. l. áramót, að þetta mundi ekki vera talið kleift eða a. m. k. mjög hæpið, að það yrði þá ekki skoðað sem brigðmæli af stjórninni.

Ef það er nú rétt, að að óbreyttu verðlagi á fiski til sjómanna og að óbreyttu kaupgjaldi í

landinu verði ekki hægt að halda áfram bátaútveginum með þeim fríðindum, sem þeir hafa notið, og óbreyttu álagi, eins og það var, þar til það nú hækkaði, þá má segja, að það sé kannske ekki meginatriði, hvort þessi hækkun fór fram nú eða t. d. um næstu áramót. Það má segja kannske, að það sé ekki meginatriði.

Ég skil vel þá andúð, sem kennir hjá mönnum gegn slíkri ráðstöfun. Ég skil það einkar vel, vegna þess að það hefur nú orðið mitt hlutskipti að eiga viðræður við þessa menn, sem gjaldeyrinn áttu, og leggja fram ýmis gagnrök gegn þeirra rökum. Og mér finnst þá ekkert undarlegt, þó að aðrir menn hugsi í þessum efnum á svipaðan hátt og ég gerði, þegar ég var að berjast gegn þessu. Ég minni þó menn bara á, að það kemur dagur eftir þennan dag. Sú stjórn, sem þá verður, og Alþingi allt getur þurft að horfast í augu við það, hvernig á að halda sjávarútveginum gangandi eftir áramótin við það kaupgjald, sem hann á nú að búa, og við það afurðaverð, sem hann nýtur á erlendum markaði. Það er þess vegna rétt, þegar menn dæma þessar aðgerðir, að þeir hafi það hugfast, hvort líklegt sé, að útvegurinn verði rekinn eftir næstu áramót á ódýrari grundvelli fyrir vörukaupendur eða neytendur í landinu en þetta nýja, hækkaða álag ber með sér. Ég tel rétt, að menn hugleiði þetta, áður en þeir dæma þá hart. Ég reyndi að hindra þetta og vildi með öllu móti afstýra því, meðan málið er í athugun, taldi ekki lagalega aðstöðu til að banna það og viðurkenni visst réttmæti þeirra raka, sem fram voru færð.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér finnst, að hæstv. forsrh. hefði átt að gefa okkur betri skýringar á þessum málum en aðeins að lesa upp fyrir Alþingi viðtal við Morgunblaðið og endurtaka að miklu leyti það, sem þar var í. Spurningin, sem hérna liggur fyrir, er ekki bara það, hvort við höfum ýmsar skoðanir á, hvernig sé hægt að reka útgerð, hvaða verðlag þurfi að vera á fiski, hvað kaupgjald eigi að vera hátt eða lágt í landinu, heldur hitt, hver er réttur manna til þess að leggja skatta á almenning. Og það er það svar, sem ég hefði gjarnan viljað fá greinilegra en ég þykist þó finna út úr þessu.

Ég ætla ekki hér að fara að deila um spursmálið um kauphækkanirnar og annað slíkt, en ég vil aðeins benda hæstv. forsrh. á, að þegar ríkisstj. gefur Landssambandinu og fleirum eða þeirra skrifstofum rétt til þess að ákveða verðlag í landinu, þá gaf hún þeim ekki rétt til þess að ákveða verðlagið á vöxtunum frá hálfu bankanna eða verðlagið á olíunni, heldur verðlag gagnvart almenningi. Og það má lengi deila um, hvort það hefði þá ekki verið nær að gefa þeim vald til þess að lækka vextina hjá bönkunum, vald til þess að lækka verðið á olíunni og annað slíkt, heldur en að gefa vald til þess að hækka verð á vörum, sem almenningur kaupir. En það, sem er aðalatriðið og ég hér held mér við, er þetta: Hverjir eru það, sem ráða verðlagi á þeim vörum, sem ríkisstj. gefur einokun á, hefur einkavald á? Ríkisstjórninni er sett ákveðið vald, þegar hún fær sjálf einkasölu, t. d. á tóbaki eða slíku. En ef hún býr til einkasölur án beinnar lagaheimildar og afhendir einstökum mönnum í þjóðfélaginu, þá er sem sagt ótakmarkað, hvað á má leggja. Og mér sýnist af því, sem hæstv. forsrh. segir og sumpart vitnar í Morgunblaðið, að hann gangi út frá því, að þessir aðilar, sem ríkisstj. hefur falið þennan einkarétt, hafi ótakmarkaðan rétt til álagningar. Hann sagði, að þeir réðu verðlaginu sjálfir. Hann segir, að þeir hafi tilkynnt ríkisstjórninni, að þeir ætluðu að hækka. M. ö. o.: Þessir menn þurfa ekki annað en tilkynna ríkisstj., að þeir ætli að hækka, þeir geta það, svo lengi sem ríkisstj. grípur ekki til þess ráðs að taka af þeim þetta vald. Mér sýnist þessar yfirlýsingar hæstv. forsrh., ef ég misskil þær ekki, þýða það, að ríkisstj. líti svo á sem þeir menn, sem hafa fengið valdið yfir A- og B-skírteinunum í hendur, hafi rétt til að hækka þau, eftir því sem þeir sjálfir álita nauðsynlegt. Ríkisstj. gæti verið á öðru máli, ríkisstj. gæti talið rétt, að málið biði, ríkisstj. gæti reynt að hindra, eins og hæstv. forsrh. hefði gert, en valdið sé ekki hennar, valdið sé þessara manna, þeir hafi þennan lagalega rétt. Hæstv. forsrh. segir, að þeir hafi tilkynnt, að þeir mundu ekki hækka 1955. En mér skilst, að það sé bara þeirra viljayfirlýsing í augnablikinu, þeir hefðu þann rétt. Ef þeir álitu, að eitthvað, hvort sem það væri olíuverð, vextir, kaupgjald eða eitthvað annað, hefði hækkað, þá hefðu þeir þar með rétt til að hækka eins og þeim þóknaðist. Og það eina, sem ríkisstj. gerir, er að sögn hæstv. forsrh., að hún hafi látið bóka hjá þessum mönnum í þeirra fundargerðir, að hún væri þarna á annarri skoðun, en það eru þessir menn, sem ráða. Það væri næstum hægt að fara að segja t. d. við tollstjóra hér í Reykjavík, að hann mætti fyrir hönd starfsmanna ríkisins, ef þeim fyndist þeir fá slæm laun og aðrir hefðu fengið kauphækkanir, bara fara að hækka tollana og innheimta það handa starfsmönnum ríkisins. Það er ekki mjög mikill munur á aðferðunum. Það er bara sá munurinn, að það er orðið svona nokkuð hefðbundið að setja ákveðna og fasta tolla, en þetta bátagjaldeyrisgjald, sem ekki er neitt annað en tollur og skattur á almenning, er afhent einstökum mönnum, þannig að þeir mega leggja á þetta eins og þeir vilja, án þess að nokkur samkeppni komi til greina, að því er mér skilst. A. m. k. hefur ekki verið minnzt hér á, að til væru þeir möguleikar, að það væru tvennir aðilar, sem væru þarna í, þó að lögin og reglugerðin að vísu geri nú visst ráð fyrir því.

Ég vil þess vegna vekja athygli hv. þingmanna á, að með þessu, eftir þeim upplýsingum, sem hér koma fram hjá hæstv. forsrh., þó að þær séu ekki alveg beinar, meira að segja hafi honum dottið í hug að fara kannske að setja lög á einni nóttu, — ég vil benda á, að ríkisstj. þarf engin lög á einni nóttu til þess að tala við þessa menn. Þeir lifa og allt þeirra vald byggist á einni lítilli reglugerð, sem ríkisstj. hefur sjálf gefið út. Ég vil vekja athygli á því, að samkv. þessum skilningi mínum, ef ég skil hæstv. forsrh. rétt, er ekki aðeins yfirstjórn Alþingis á skattlagningu landsmanna búin að vera, heldur er stjórn ríkisstjórnarinnar sjálfrar á skattlagningu, á tollheimtu líka búin að vera. Það er þá nákvæmlega

sams konar ástand og franskir aðalsmenn höfðu fyrir frönsku stjórnarbyltinguna að mega skattleggja sjálfir almenning eins og þeim þóknaðist. Og mér finnst ákaflega langt gengið, ef á að fara að innleiða þess háttar fyrirkomulag hérna. Ég held, að það hefði verið nær að hafa það þá frá byrjun eins og ég hef alltaf bent á í sambandi við bátagjaldeyrinn, að þessa hluti ætti heldur að setja í lög; ef einni ríkisstj. finnst, að það þurfi að innheimta skatta af almenningi, þá beri henni heldur að sjá til þess, að það sé gert með því að leggja ákveðinn toll á ákveðnar vörur, ef hún vill heldur toll en beina skatta, og að láta þá þá venjulegu starfsmenn, embættismenn ríkisins, innheimta þá tolla og borga út úr ríkissjóði til þeirra manna, sem þurfa að fá slíkan styrk. Þetta fyrirkomulag getur ekki gengið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil nú þakka hæstv. forsrh. fyrir það, að hann las fyrir okkur hér upp úr Morgunblaðinu, en annars má hann vita það, að stjórnarandstaðan hlýtur auðvitað að lesa Morgunblaðið, þegar á fyrstu síðu þess skartar viðtal við sjálfan forsrh. um svo óvenjulegt mál sem hér er um að ræða. Svo sinnulaus er stjórnarandstaðan ekki, að hæstv. forsrh. megi efast um það.

En það, sem hæstv. forsrh. að öðru leyti hafði okkur að segja, var það, að hann og öll hans ríkisstj. hefði að undanförnu verið að berjast hinni góðu baráttu móti útgerðarmönnunum og hefði beðið ósigur, hefði ekki við neitt ráðið. Það var það, sem hann sagði okkur í viðbót við Morgunblaðið. Og ég álít, að það séu dapurleg örlög hæstv. ríkisstjórnar að hafa beðið slíkan ósigur. Hann hafði meira að segja brýnt útgerðarmennina, þegar hann var að verjast þeim, og sagt þeim: Það kemur ríkisstjórninni ykkar mjög illa, ef þið gerið þetta. — Og þeir gerðu það samt. Þeir virðast m. ö. o. vera búnir að segja sinni góðu ríkisstj. upp trú og hollustu, og mætti þá vænta, að fleiri væru farnir að hrynja af hæstv. ríkisstjórn.

Það er alveg áreiðanlegt, að stjórnarblaðið Vísir, sem skrifaði um þetta mál núna um helgina og sagði, að þetta væri bein gengislækkun, hefur alveg hitt naglann á höfuðið, og öll þjóðin viðurkennir, að þetta stjórnarblað hafi rétt fyrir sér. Og það er það, sem þjóðinni þykir það furðulegasta. Ef gengisskráning er ekki lengur í höndum íslenzku ríkisstjórnarinnar og hennar barátta gegn því, að genginu sé breytt af ákveðnum hagsmunahópum í þjóðfélaginu, endar á þann veg, að ríkisstj. beri lægri hlut, þá þykir þjóðinni það áreiðanlega alvarleg tíðindi.

Ég held nú, að mörgum sé svo farið, að þeir geti ekki tekið þetta sem góða og gilda vöru samt. En svo mikið er víst, að því verra er, að útgerðarmennirnir skuli hafa gert þetta, sem það er staðreynd, að um s. l. áramót ákváðu sjómannasamtökin í landinu að segja ekki upp samningum sínum við útgerðarmenn. Síðan, eftir að kaupgjaldsbreytingar höfðu átt sér stað, fóru þeir bónarveg að útgerðarmönnum og samtökum þeirra, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, og vildu fá án samningsuppsagnar samkomulag um tilsvarandi kjarabót til handa sjómönnum og verkalýðurinn hefði fengið. Þessu neituðu útgerðarmenn. Þegar svona er í pottinn búið, þá er það alveg áreiðanlegt, að það mælist því verr fyrir af sjómannasamtökunum, að útgerðarmennirnir skuli hafa gert þetta og komizt áfram með þetta þrátt fyrir ríkisstjórnina, sem segist hafa beitt sér gegn því. Ég er alveg viss um, að það er alveg ómögulegt að hugsa sér, að sjómannasamtökin láti vera að segja upp samningum sínum eftir það, sem á undan er gengið, og eftir það, sem útgerðarmennirnir hafa nú gert, og það hlífir þeim ekkert, þó að það sé upplýst, að ríkisstj. hafi verið að berjast við þá og ekki ráðið við þá. Það gerir aðeins hlut ríkisstjórnarinnar verri.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það gerir hlut ríkisstj. hvorki betri né verri, þó að útgerðarmenn eins og aðrir borgarar í þessu þjóðfélagi reyni að vernda sína pyngju. Ég geri ráð fyrir, að hv. síðasti ræðumaður, sem er formaður Alþýðusambandsins, gangi þess ekki dulinn, að ýmsir aðrir þjóðfélagsþegnar hafa líka gert tilraunir til að auka sínar tekjur gegn ráðum ríkisstj. og þótzt jafngóðir borgarar fyrir því og jafnvel jafngóðir stuðningsmenn ríkisstj. sumir þeirra.

Annars vil ég benda mönnum á, að ég tel ekkert nýtt hafa komið fram í þessu máli, þó að útgerðarmenn eða gjaldeyriseigendur hækki álagið, því að þetta er réttur, sem þeir hafa áskilið sér frá öndverðu og stöðugt hefur verið að stinga upp höfðinu nær framkvæmdinni, eins og það mætti orðast, með hækkandi verðlagi á fiski, m. a., eins og ég áðan gat um, til sjómanna úr 75 aurum á þessu tímabili og upp í kr. 1.22 kg af slægðum þorski með haus.

Ég tel, að ríkisstj. hafi engan ósigur beðið, þó að menn, sem telja sig hafa rétt til að auka tekjur sínar, hagnýti þann rétt, enda þótt ríkisstj. áliti, að þeir hafi ekki nægjanlega skynsamleg rök fyrir því að gera það.

Ég vara menn við því að hafa of mikið á orði, að slík hækkun á bátagjaldeyrinum sé of skyld gengislækkun. Við skulum forðast í lengstu lög að rugla saman þessum fríðindum, sem útvegurinn nýtur á takmörkuðum hluta gjaldeyrisins, sem ekki nemur meiru en 12—15% af kaupaþörfum okkar frá útlöndum og í meginefnum hefur verið miðaður við vörur, sem menn að vísu vilja kaupa, en ekki er talið með öllu ókleift fyrir almenning að vera án, — við skulum gjalda varhuga við að rugla þessu um of saman við gengisfellinguna.

Bátagjaldeyririnn er böl, en hann er þó gersamlega smávægilegt böl eða óþægindi samanborið við gengisfallið. Ég tel, að við eigum allir, hvar sem við stöndum í fylkingu, að reyna að forðast nýtt gengisfall. Hér varð nýtt gengisfall. Ég sá, að nokkrir góðir stjórnarandstæðingar voru að stinga saman nefjum, þ. á m. einn samstarfsmaður minn, sem sat í stjórn, ef ég man rétt, þegar gengið féll 1949, af því að pundið féll og íslenzka krónan var látin falla með því. Svo féll gengið aftur 1950 undir forustu þeirrar stjórnar, sem síðar sat og var skipuð þeim sömu flokkum og nú bera ábyrgð á stjórninni. Ég segi:

Við eigum allir að reyna að sameinast um að forða því böli, að gengið þurfi að falla að nýju.

Ég viðurkenni, að ég hef ævinlega borið kvíðboga fyrir því, að kauphækkanir í landinu leiddu til gengisfalls, og ég viðurkenni, að þarna eru viss lögmál að verki, sem enginn okkar ræður við. En við skulum þó ekki telja okkur trú um, að sá voði sé kominn inn fyrir dyrnar, meðan hann getur enn ekki opnað þann lás, sem við nú höfum lyklavöldin að að nokkru leyti eða í vissum skilningi þó.

Ég vil leiða athygli hv. 2. þm. Reykv. að því, að þær vörur, sem bátagjaldeyririnn nær til, eru ekki seldar í neinni einokunarverzlun, það geta allir flutt þær inn, sem bátagjaldeyrinn kaupa. Eigi hann hins vegar við, að það sé bátagjaldeyririnn sjálfur, sem einokunin sé á og samkeppnislaus með öllu, eins og hann segir, þá skýzt honum yfir mjög veigamikinn þátt í því máli, en hann er sá, að ef vörurnar, sem eru keyptar fyrir bátagjaldeyrinn, eru óhóflega dýrar, þ. e. a. s. ef álagið á bátagjaldeyrinn verður óhóflegt, þá seljast þessar vörur ekki; þá kaupa menn heldur aðrar vörur í staðinn fyrir vörurnar, sem bátagjaldeyririnn nær til, svo að þar er einnig visst aðhald að verki. Loks vil ég, að menn séu minnugir þess, að ríkisstj. skerti réttindi útvegsins um síðustu áramót um 10%, af því að hún ætlaði sér þá að reyna að hindra verðhækkanir í landinu og vildi byrja með því að lækka tekjufríðindi útvegsins, og sú skerðing hefur ekki verið afnumin.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að sú tilkynning, sem gjaldeyriseigendur hafa gefið ríkisstj. um það, að þeir ætli ekki að hækka gjaldeyrisálagið, meðan stendur á sölu gjaldeyris fyrir framleiðsluna 1955, er það bindandi, að ef ætti að rifta þeirri tilkynningu, þá mundi ég a. m. k. hiklaust standa gegn því með nýjum lögum, ef með þyrfti. Ég tel hins vegar, að sá siðferðislegi réttur, sem þeir fengu og hafa talið sig byggja á, sé þess eðlis, að ég mundi ekki treysta mér á þessu stigi málsins að rísa gegn þeirri framkvæmd, sem nú var viðhöfð um hækkunina. En eftir tilkynninguna, sem nú hefur verið gefin, mundi ég — og það endurtek ég — alveg hiklaust telja, að þeir hefðu misst þann siðferðislega rétt, sem þeir kunna að hafa haft til þeirrar hækkunar, sem nú var framkvæmd.

Forseti (SB): Því hafði verið lýst yfir, að þegar hv. 3. landsk. og hæstv. forsrh. hefðu gert sínar athugasemdir, væri þessum umræðum lokið. Við þá yfirlýsingu verður staðið. (Gripið fram í.) Um þingsköp? Hv. 2. þm. Reykv. tekur til máls um þingsköp, gerir stutta athugasemd.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil benda hæstv. forseta á, að í þingsköpunum er greinilega tekið fram í 31. gr., þegar búið er að ræða um fyrirspurnir í Sþ.:

„Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stjórnarskrárinnar um að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum."

54. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra."

Það er tvímælalaus réttur hvers einasta þingmanns í þessari deild að bera fram, hvort sem það er fyrirspurn eða biðja um skýrslu ráðherra um hvaða mál sem hann vill. Ráðherra ræður, hvort hann svarar, forseti ræður, hvort hann gefur orðið án þess að bera það undir þingmenn. En ef forseti er á því af einhverjum ástæðum, að það væri ekki rétt, þá ber honum a. m. k. að bera það undir þingdeild og láta þingdeildina skera úr, hvort það er rétt.

Forseti (SB): Ég vil aðeins vekja athygli hv. 2. þm. Reykv. á því, að hv. þm. hafa fengið þetta tækifæri. Það hafa talsmenn allra þriggja stjórnarandstöðuflokkanna fengið tækifæri til þess að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. (Gripið fram í.) Ég vil endurtaka það, að talsmenn allra stjórnarandstöðuflokkanna hafa fengið tækifæri til þess að bera fram fyrirspurnir og hafa fengið skýrslu frá hæstv. ráðherra. Það er öllum hv. þdm. vitað, að það er ekki til þess ætlazt, að fsp. séu fyrst og fremst bornar fram í þingdeildum, heldur séu þær bornar fram, eins og þingsköp gera ráð fyrir, í Sþ. Það er þess vegna ekki verið að ganga á rétt hv. þm. með því að skera þessar umr. niður. Ég sé enga ástæðu til að vera að beita hv. þdm. neinni hörku í þessum efnum, enda hefur það ekki verið gert. Og ég vænti, að hv. þdm. líti með sanngirni á þetta. Þessar umr. verða ekki leyfðar lengur. Umr. utan dagskrár er lokið. Verður gengið til dagskrár.

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., utan dagskrár, mælti

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Við útvarpshlustendur á Íslandi erum ýmsu vanir af hinu svonefnda hlutlausa ríkisútvarpi. Það hefur verið áberandi, a. m. k. hin síðari ár, hvernig vissir hátíðisdagar, eins og 1. maí og 17. júní, hafa stundum verið misnotaðir í áróðursskyni af stjórnarvöldum landsins og öðrum háttsettum aðilum, sem hafa haft aðstöðu til þess og látið sér sæma að nota slíka daga til áróðurs fyrir sínum málum og hugmyndum. Þó held ég, að flest met hafi verið slegin í gærkvöld, þegar undir því yfirskini, að verið væri að flytja fréttaauka, var lesinn útdráttur úr ræðu, sem hæstv. forsrh. hafði haldið í gærdag á fundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Sá útdráttur, sem lesinn var í ríkisútvarpið í gærkvöld undir því yfirskini, að hér væri um fréttir eða fréttaauka að ræða, sýnist mér prentaður orðrétt í Morgunblaðinu í dag. Maður hlaut að búast við því, að þegar tilkynnt var um slíkan fréttaauka frá hæstv. forsrh., mundi þar vera um að ræða einhver tíðindi varðandi ný úrræði hæstv. ríkisstj. að því er varðaði sjávarútveginn, en eins og allir, sem á hlýddu, hafa gert sér ljósa grein fyrir, var ekki um slíkt að ræða, heldur mjög ómengaðan áróður fyrir stefnu hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega stefnu hæstv. ráðherra sjálfs í sjávarútvegsmálum og hatrammar ádeilur á stjórnarandstöðuna. Ég vil aðeins, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér örfáar setningar úr þessum „fréttaauka", eins og

hann birtist í Morgunblaðinu í dag, en ég hygg, að hann hafi verið lesinn svo orðrétt í ríkisútvarpinu í gærkvöld. Þegar hæstv. forsrh. hefur minnzt á gengisfellinguna 1950, kemst hann svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„... að þetta hefði sætt mikilli gagnrýni stjórnarandstöðunnar, sem þó engin önnur úrræði hefði borið fram og allra sízt bent á, hvernig skyldi innheimta þá skatta, sem ella hefði þurft að leggja á þjóðina. Rétt væri, að vonirnar, sem tengdar væru við gengislækkunina, hefðu ekki að fullu rætzt“ o. s. frv.

Og síðar segir í þessum útdrætti úr ræðu ráðh.:

„Allar hefðu þessar ráðstafanir ríkisvaldsins sætt gagnrýni stjórnarandstöðunnar, fyrst gengislækkunin, síðan bátagjaldeyririnn. Þegar svo bátagjaldeyrisfríðindin voru skert um síðustu áramót, var deilt á stjórnina fyrir, að hún væri að ráðast á útvegsmenn og sjómenn, og þegar útvegsmenn hækkuðu álagið nýverið, var deilt á stjórnina fyrir að þola slíka hækkun á notaþörfum almennings.“

Svona er haldið áfram alla ræðuna út í gegn að *heita má, að deila mjög eindregið og einhliða* á stjórnarandstöðuna og bregða henni um margvíslegar vammir og skammir.

Mér þykir það mjög leitt, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér, en ég taldi þrátt fyrir það fulla ástæðu til þess að hreyfa þessu máli, og ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., ef einhver þeirra ráðherra, sem við eru staddir, gæti upplýst það, hvaða aðili hafi samþykkt, að svona einhliða áróðursræða væri flutt í ríkisútvarpið undir því yfirskini, að verið sé að segja landsmönnum hlutlausar fréttir.

Á 20. fundi í Sþ., 7. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég sé, að það muni vart verða úr því, að þær fsp., sem ég hef lagt fram, verði ræddar nú, enda óvíst, að sú fyrri þeirra, viðvíkjandi landhelgismálunum, hefði verið rædd á þessum fundi. Ég vil þess vegna leyfa mér hér utan dagskrár að segja nokkur orð um þetta, án þess að það skoðist sem nokkur fsp.

Mér er það ljóst, að það muni ekki verða úr því, að fsp. um landhelgina sé svarað, sökum þess að forsrh. sé erlendis, og ég verð að segja, að mér finnst það út af fyrir sig dálítið varhugavert, að forsrh. landsins skuli fara utan og það jafnvel hugsanlega til samninga við aðrar þjóðir, án þess að Alþingi og þjóð sé látin vita áður. Ég kann ekki við slíkar leyniferðir, og við höfum slæma reynslu af því hér á Alþingi, þegar slíkar ferðir eru farnar. Í tveim blöðum í bænum, Þjóðviljanum og Morgunblaðinu, hafa verið fluttar fréttir af samningum viðvíkjandi landhelginni, stuðzt við ýmist Fishing News eða fréttaritara í París, og í blaði forsrh., Morgunblaðinu, er sett að fyrirsögn spurningin um sættir, hvort sættir séu að komast á á milli Englendinga og Íslendinga viðvíkjandi löndunarbanninu og að Íslendingar skuldbindi sig til þess að gera ekki ráðstafanir viðvíkjandi stækkun friðunarlínunnar. Ég vil láta það alveg hiklaust og ótvírætt í ljós, að hverjir þeir samningar sem fram kunna að vera að fara um þessa hluti nú séu á engan hátt bindandi fyrir Alþingi eða þjóðina og gerðir að Alþingi og þjóðinni forspurðri. Ég álít, — og það held ég áreiðanlega að meiri hl. þjóðarinnar áliti, — að landhelgin sé ekkert samningamál fyrir okkur, friðunarlínan sé ekkert samningamál fyrir okkur, þar sé um að ræða rétt okkar Íslendinga sjálfra og okkar Íslendinga einna til þess að taka ákvarðanir. Og ég vil minna á, að þegar upphaflegu lögin voru samþykkt um friðunarlínuna, var því lofað, að það yrði aldrei neitt gert nema í samráði við alla flokka þings, og þó að þau loforð hafi ekki verið haldin, stendur samt sem áður sú stefna, að um þetta á að vera samráð allra aðila á Alþingi.

Ég vil enn fremur taka það fram viðvíkjandi þeim fréttum, sem fram hafa komið, og ég hef gert það hér áður viðvíkjandi löndunarbanninu, að okkur Íslendingum er enginn hagur í því, að þessu löndunarbanni sé aflétt. Brezka auðvaldið ætlaði að gera okkur illt, þegar það setti þetta löndunarbann á, en það hefur orðið okkur til góðs, og nú sem stendur hafa engir aðrir aðilar á *Íslandi áhuga fyrir því að aflétta löndunarbanninu* en þeir, sem vilja geta smyglað gjaldeyri út, eða þeir, sem vilja reyna að koma á atvinnuleysi á Íslandi.

Það er bezt, að þetta löndunarbann Breta fái að standa sem lengst sem dæmi um, hvernig sú Atlantshafsbandalagsþjóð hagar sér gagnvart minnstu þjóðinni í því bandalagi, hvernig hún reynir að kúga það, þó að vopnin snúist í höndum hennar. *Ég álít þess vegna vera alveg fjarri* lagi að láta fara að gera einhverja samninga við Breta, jafnvel þó að Evrópuráðið kunni að reyna að gangast fyrir slíku, og sízt af öllu að við förum að binda okkar hendur nokkurn skapaðan hlut í sambandi við slíka samninga.

En ég álít það óviðfelldið, svo að vægt orð sé notað, að það fáist ekki einu sinni talað um svona mál, og ef forsrh. landsins er erlendis í svona erindum, þá sé ekki talað einu sinni við Alþingi áður. Það er vika síðan ég bar þessa fyrirspurn fram og nægileg tækifæri af hálfu forsrh. til þess að koma með og gefa skýrslu hér á Alþingi um þessa hluti, og þau tækifæri hafa ekki verið notuð. *En því vil ég lýsa yfir*, að sé verið að gera einhverja samninga, sem eiga að binda Ísland í þessum efnum, þá álít ég það algert brot, ekki aðeins á öllum lögum gagnvart okkur þm., heldur líka á stjórnarskránni hvað snertir 21. gr., um kvaðirnar á landi og landhelgi. Mér þykir mjög leitt, að þetta mál skuli ekki fást rætt. Þetta er áreiðanlega það mál, sem þjóðin er mest sammála um af öllum málum, og mér þætti hart, ef það ætti nú líka að fara að koma aftan að henni í þessu sjálfstæðismáli, sem hún er öll sammála um, eins og gert hefur verið í öðrum sjálfstæðismálum, sem hún er meira skipt um.

Ég vil þess vegna mótmæla því, að nokkuð sé gert í þessum landhelgismálum, án þess að þing og þjóð hafi áður tækifæri til þess að leggja sinn dóm á aðgerðir í þeim málum. Ég kynni illa við, ef það ætti að taka þær aðferðir upp að láta okkur þm. standa frammi fyrir fullgerðum staðreyndum í þessum efnum og handjárna svo þingmennina á flokkatryggð á eftir.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til hv. þingmanna að ræða ekki mikið þetta mál að þessu sinni, þar sem enginn ráðherra er nú viðstaddur og þetta tekur mjög til þeirra. Ég skal af minni hálfu greiða fyrir því, að unnt verði að ræða þetta mál í þinginu og hæstv. stj. verði þar til þess að gefa upplýsingar og taka þátt í umræðum um málið. En á ræðum án þess að vita nokkuð með vissu um, hvað málinu líður, græðist lítið. (EOl: Þarna kemur einn ráðherrann.) Já, þessi mál heyra nú ekki að vísu undir hann, en vel má vera, að hæstv. stj. öll viti meiri eða minni deili á því.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál, ég heiti því. Mér þótti vænt um að sjá, að það er þó a. m. k. einn hæstv. ráðh. hér á landinu enn þá, og það væri a. m. k. von til þess, að koma mætti skilaboðum til eins ráðherra eða svo, ef þingmenn hefðu eitthvað við þá að tala. En ég veit ekki, hvenær það væri, sem þingmenn þyrftu að ræða lítils háttar við hæstv. ráðherra, ef það væri ekki þegar þannig stendur á, að erlend blöð eru að skýra frá því hvað eftir annað, að verið sé að semja um það mál, sem einna mikilvægast er allra mála fyrir okkur Íslendinga, semja um sjálfa landhelgina. Ég verð að taka mjög eindregið undir það með hv. 2. þm. Reykv., að það er ekki aðeins óviðfelldið, heldur hygg ég, að það sé nálega einsdæmi í veröldinni, ef það er rétt, sem nú virðist uppvíst, að hæstv. forsrh. hafi farið utan til viðræðna um slíkt mál sem þetta, án þess að nokkurs staðar sé frá því skýrt opinberlega, að hann hafi farið úr landi. Sé hæstv. forsrh. aðeins í einkaerindum, þá er að sjálfsögðu ekkert við slíku að segja, en ef hann er í erindagerðum hæstv. ríkisstj., þá finnst mér það satt að segja furðulegt, ef hann ferðast sem hver annar laumufarþegi.

Þegar ég heyrði fyrst, að Fishing News og önnur brezk blöð væru að impra á því, að nú væri verið að semja um löndunarbannið annars vegar og fiskveiðilandhelgi Íslands hins vegar, þá hélt ég, að þetta væri eins og hvert annað fleipur, sem stundum hefur getið að lesa í brezkum blöðum, og gat satt að segja ekki trúað því, að um neina slíka samninga væri að ræða. Ég hélt, að það væri almenn skoðun Íslendinga og einnig hæstv. ríkisstj., að friðunarmál okkar Íslendinga væru ekki samningsatriði við Breta, og ég trúi því ekki fyrr en ég má til, að menn hafi aðra skoðun á þeim efnum.

Eins og ég áðan sagði, ætla ég ekki að fjölyrða um málið, þar sem þessar umræður fara fram utan dagskrár. Væntanlega verður tækifæri til þess að ræða það á formlegan hátt, áður en langt um líður. En ég vil endurtaka það, að mér virðist það furðuleg vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj., ef hæstv. forsrh. er nú erlendis, svo að segja á laun, án þess að þjóðin hafi hugmynd um, til þess að gera samninga við Breta um landhelgismálið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég er hæstv. forseta þakklátur fyrir það, að hann hefur hér heitið því, að þetta mál skuli verða rætt hér á Alþingi, og ég vænti þá, að slíkar umræður gætu t. d. farið hér fram í þinginu á morgun, því að það er full ástæða til þess að hraða umræðum um þetta mál, eins og það stendur nú, og í trausti þess skal ég aðeins segja hér örfá orð. Ég verð að segja, að það eru heldur einkennileg vinnubrögð í þessu máli, að eftir að fsp. hefur komið fram á Alþingi, fsp., sem eðlilega heyrir undir forsrh., um landhelgismálið, ef það er rétt, þá þjóti hann af landi brott án þess að svara Alþ. um þá fsp., sem lögð hefur verið fram, engar upplýsingar gefnar um það hér af hálfu ríkisstj., hvort svo er eða ekki. Sannast sagna virðist ákaflega einkennilegt, að forsrh. fari erlendis nú á þessum tíma, þegar aðeins nokkrir dagar eru til jóla og ekki ýkja margir dagar eftir fyrir Alþ. til þess að ljúka æði miklum störfum, nema stórmál kalli til. Það er því alveg full ástæða til þess að spyrja þann hluta ríkisstj., sem enn er eftir í landinu, og það munu væntanlega vera fimm ráðherrar, því að þeir hljóta líka að vita, hvað er að gerast í þessu máli, — spyrja þá um það, hvað stendur til í þessum efnum. Á að virða algerlega að vettugi vilja þingsins? Hér liggja fyrir tillögur, sem hvorki meira né minna en 16 alþm. standa að, um breytingar á friðunarlínunni kringum landið. Allir þingmenn af Austfjörðum og allmargir af Vestfjörðum og Norðurlandi standa að tillögum um þetta. Hins vegar virðist svo helzt ætla að verða ofan á, að samið verði við erlenda aðila um þessi mál og þá á þá lund, að komið verði gersamlega í veg fyrir, að nokkrar þær breytingar, sem þingmenn almennt óska eftir og landsmenn almennt óska eftir á friðunarlínunni, geti náð fram að ganga. — En ég skal sem sagt ekki hafa orð mín fleiri að þessu sinni í fullu trausti þess, að hæstv. forseti sjái um, að þetta mál verði rætt hér á þinginu og ríkisstj. hljóti þá að gefa skýrslu hér um málið, væntanlega á morgun.

Á 27. fundi í Sþ., 5. jan., utan dagskrár, mælti

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., sem jafnframt fer með sjávarútvegsmál, hvenær vænta megi tillagna af hálfu ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til þess, að létt verði af þeirri stöðvun bæði á vélbátaflotanum og togurum, sem nú er hafin. Einnig vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki hafi verið ætlun hans, að þingmenn andstöðuflokka ríkisstjórnarinnar fengju í hendur álitsgerð hagfræðinganefndarinnar, sem greint var frá hér á seinasta þingfundi. Ég óskaði þess fyrir hönd Alþfl., að þingmönnum hans og öðrum þm. andstöðuflokkanna gæfist kostur á að kynna sér þetta álit, og mér var sagt þá, að það væri ekki til, en engin svör við því, hvort þessir þingmenn mundu fá það í hendur. Nú hef ég það fyrir satt, að þetta álit hafi þá þegar verið til og muni hafa verið látið í té ýmsum þingmönnum stjórnarflokkanna, a. m. k. um það bil sem jólaleyfi var veitt.

Ég vildi gjarnan, að hæstv. ráðh. vildi upplýsa, um leið og hann svarar minni aðalfyrirspurn, hvernig á þessu stendur. Það er tvímælalaust

þingréttur þeirra þm., sem eru í andstöðu við hæstv. ríkisstj., að fá í hendur þau gögn og þær upplýsingar, sem hagfræðinganefndin hefur látið ríkisstj. í té, til þess að þeir geti skapað sér skoðun á ástandinu og gert sér grein fyrir, hvað þeir telja líklegastar leiðir til úrbóta, þó að hæstv. ríkisstjórn, eins og ég vel skil, vilji ekki skila tillögum sínum í hendur andstöðunnar, fyrr en hún hefur gengið frá þeim að fullu og getur lagt þær fyrir þingið. — Mér væri þökk á að fá upplýsingar um þetta tvennt frá hæstv. ráðherra.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég sé, að hæstv. forseti vill endilega, að ég svari einhverju. Það er tæplega, að mér þyki taka því. Ég álít, að hv. 4. þm. Reykv. geti lesið sín blöð, og þá sér hann allan sannleikann, eins og hann liggur fyrir, og þarf ekki að vera að spyrja.

En ef hann trúir mér betur en sínum blöðum, þá er frá því að segja, að ríkisstj. tilkynnti þann 30. des. útvegsmönnum, að hún sæi ekki fram á, að hægt væri að ljúka hinu umfangsmikla máli fyrir áramót, og gerði þá að tillögu sinni, að útgerðin yrði ekki stöðvuð, heldur yrði haldið áfram við óbreytt bátagjaldeyriskerfi og af ríkisstjórnarinnar hendi gefið fyrirheit um að viðurkenna það álag, sem nú er á því, til janúarloka í von um, að fyrir þann tíma mætti auðnast að binda endi á þetta mál, sem allir eru nú svo dæmalaust undrandi yfir að skuli ekki löngu vera búið að ráða til lykta.

Hins vegar get ég gefið honum þær upplýsingar, að togararnir halda yfirleitt áfram veiðum og hafa ekki gert neinar ákvarðanir um stöðvun, a. m. k. ekki í bili. Þeir, sem ekki hafa orðið að stöðva vegna fjárhagsvandræða, halda áfram sínum rekstri, eftir því sem ég bezt veit.

Ég vil svo segja þessum hv. þm., að ég tel ekki, að mér beri nein skylda til að afhenda honum nein þau plögg, sem ég fæ í hendur frá mönnum, sem ég hef kvatt eða ríkisstj. hefur kvatt sér til ráðuneytis og tekið fram í öndverðu, þegar þessi nefnd var sett, að þeirra störf skyldu skoðuð sem algert einkamál. Ég tel mig ekki hafa neina skyldu til þess að lána þau plögg eða tilkynna öðrum um það frekar en mér sýnist. Ég mundi að sjálfsögðu gera það, ef einhver í ríkisstj. óskaði eftir því, en ekki þó að stjórnarandstaðan vilji fá fregnir af þessu fremur en öðru, sem gerist í stjórnarherbúðunum.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ekki fæ ég neitað því, að mér þótti lítið að græða á svörum hæstv. forsrh. og nokkur tregða á því að veita þau svör, sem veitt voru. Þó fékk ég þær upplýsingar, sem mér þykja í sjálfu sér betri en ekki, að togararnir mundu halda áfram veiðum, þ. e. a. s. þeir, sem ekki stöðvuðust vegna fjárhagsörðugleika. Hvað mikið upplýst er með þessu svari, get ég ekki fullyrt að svo stöddu.

Um vélbátaflotann fékk ég engar upplýsingar frá hæstv. ráðh. aðrar en þær, að hann gerði sér von um, að málinu yrði ráðið til lykta einn veg eður annan fyrir janúarlok, ætla ég, að ég hafi tekið rétt eftir.

Hæstv. ráðh. vísaði mér til Alþýðublaðsins til þess að fá þar upplýsingar um, hvernig ástatt væri hjá útgerðinni. Það er óþarfi að vera að vísa mér þangað. Ég les það, sem í því stendur. En að sjálfsögðu hefur hvorki Alþýðublaðið né ég haft neina aðstöðu til þess að vita, hvernig raunverulega er hagur vélbátaútgerðarinnar, skulum við segja, og reyndar útgerðarinnar allrar og þeirra fyrirtækja, sem við hana skipta, sem ekki skiptir minna máli, eins og hraðfrystihús, vinnslustöðvar og önnur slík fyrirtæki, sem við hana skipta. Mér hefur skilizt, að einmitt í skýrslu hagfræðinganefndarinnar væru upplýsingar um þessi atriði, sem að sjálfsögðu er nauðsynlegt að hafa til þess að geta skapað sér rökstudda skoðun á málinu og metið, hverjar leiðir eru líklegastar til úrlausnar. Því verð ég að segja, að ég er alveg á öndverðri skoðun við hæstv. forsrh., þegar hann fullyrðir, að ríkisstj. beri engin skylda til að láta þingmönnum, sem eru í stjórnarandstöðu, í té hreinar hagfræðilegar upplýsingar og skýrslur. Ég hef aldrei farið fram á það, að ríkisstj. gerði grein fyrir því, hvaða tillögur hún mundi gera til lausnar á málinu, fyrr en hún væri viðbúin að leggja þær fyrir þingið, en upplýsingar, hreinar tölulegar, hagfræðilegar upplýsingar um ástand og hag útgerðarinnar og fyrirtækjanna, sem við hana skipta og á henni lifa, er tvímælalaus réttur þingmanna að fá jafnóðum og þær eru til, og það er brot á öllum venjulegum þingræðisreglum að leyna slíkum skýrslum, eftir að búið er að taka þær saman fyrir ríkisfé. — Ég endurtek það, sem ég sagði, ég skil það vel, að ráðh. vilji ekki leggja fram neinar tillögur, fyrr en þær eru fullgerðar, en þær upplýsingar, sem nefndin hefur safnað, og þær skýrslur, sem hún hefur gert, eiga þm. tvímælalausan rétt á að fá. Einnig eiga þm. rétt á að vita, hvort þessi nefnd er einhuga, ekki um sínar tillögur, heldur um matið á ástandinu, hvernig það er nú, og það væri æskilegt að fá um það upplýsingar hjá hæstv. ráðherra einnig.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér sýnast nú þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. hefur gefið, þó að af skornum skammti séu, nægja til þess að sýna þeim þingmönnum, sem ekki hefðu verið sannfærðir um það fyrir fram, fram á, að þessi hæstv. ríkisstj. er ekki fær um að stjórna landinu. Það er orðið alveg auðséð, að það er ekki orðið nokkur stétt í landinu, sem ber traust til hennar. Maður veit, hvernig er hjá verkamannastéttinni, fjölmennustu stéttinni, það hefur sýnt sig. Og nú er svo komið, að atvinnurekendastéttin, sem þessi hæstv. ríkisstj. þó fyrst og fremst hefur talið sig fulltrúa fyrir, virðist ekki að neinu leyti hlíta hennar ráðum eða ríkisstj. vera fær um að ná samkomulagi við hana. Meira að segja hæstv. forsrh., sem sjálfur er tvímælalaust einhver mesti áhrifamaður hjá atvinnurekendum í sjávarútveginum, getur nú sem forsrh. þessarar stjórnar ekki einu sinni útkljáð þessi mál svo, að togararnir annars vegar gangi, þannig að það sé á einn eða annan hátt staðið undir því, að þeirra rekstur geti haldizt, og hins vegar er bátaflotinn bókstaflega stöðvaður af sjálfum atvinnurekendunum í þeirri atvinnugrein, ákvörðun tekin af samtökum atvinnurekenda um að stöðva bátaflotann. Það hefði eitthvað sungið

í, ef það hefði verið af okkar völdum, sem þetta hefði verið ákveðið. En þegar það eru samtök, sem flokkur hæstv. forsrh. er mjög sterkur í, þá er ekki sagt sérstaklega mikið við því, og svo er jafnvel látið skína í, að það eigi kannske að láta bátaflotann stöðvast mikið til í janúar og þegar hann byrji kannske í febrúar, þá stöðvist hann út af vinnudeilum, af því að fiskverðssamningunum er sagt upp.

Ég verð að segja, að mér finnst þetta ekki nein vinnubrögð í að stjórna einu landi. Ég held, að það hefði mátt hafa ráð um að reyna að semja þannig á milli jóla og nýárs, að hægt væri að koma flotanum af stað, semja bæði þannig, að búið væri að semja við sjómennina og að búið væri að tryggja það, sem þyrfti af hálfu ríkisins. En það sér hver maður, að með því að láta þetta ganga svona, tapast meira með hverri vikunni sem þannig líður heldur en það, sem það kostar þjóðina á eftir að halda þessu uppi. Ég fæ þess vegna ekkert annað séð en að þetta leiði í ljós, hvílíkt algert öngþveiti stjórnarfarið er komið í, og er raunverulega undarlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki þegar vera búin að taka afleiðingunum af því.

Þá er viðvíkjandi þessu svokallaða áliti hagfræðinganefndarinnar. Það er nú orðið svo undarlegt, að hæstv. ríkisstj. er farin að afsaka sig með því, eftir að hún þó sjálf er búin að setja upp eða þeir flokkar, sem að henni standa, sérstakt kerfi, Framkvæmdabankann, til þess að hafa eftirlit með þjóðarbúskapnum og safna skýrslum um hann, þá er farið að afsaka sig með því, að það sé ekki hægt að finna ráð til þess að leysa vandamál sjávarútvegsins, vegna þess að það vanti skýrslur viðvíkjandi sjávarútveginum, og það verði að láta útveginn meira eða minna stöðvast allan saman, vegna þess að það sé ekki að neinu leyti búið að vinna úr þessum skýrslum. Það urðu nokkrar umræður um þessi mál hérna fyrir jólin, og hæstv. forsrh. komst í nokkrar mótsagnir í sínum umsögnum um það, en eitt er víst, að þetta ástand er hreinasta hneyksli, að skýrslur um ástand þjóðarbúskaparins skuli yfirleitt ekki liggja þannig fyrir á hverjum tíma, að meira að segja sjálf ríkisstj. geti gert sér nokkurn veginn hugmynd um, hvernig þjóðarbúskapurinn stendur.

Það er rétt, að þetta er búið að vera alllengi í vitleysu hér á Íslandi. Það eru lélegri hagskýrslur um þjóðarbúskap hér og koma seinna en í nokkru öðru nágrannalandi okkar, og hvað snertir afkomu atvinnugreina og einstakra fyrirtækja, þá er hægt í flestum löndum að gera sér alveg grein fyrir þeim og það nokkurn veginn nákvæmlega í hagskýrslum, sem hver einasti maður á opinberlega aðgang að. Hérna aftur á móti virðist það vera svo, að meira að segja skýrslurnar um, hvernig þjóðarbúskapurinn standi og hinar einstöku greinar í honum, við skulum segja frystihúsareksturinn annars vegar og togara- og bátarekstur hins vegar, þetta virðist helzt eiga að vera leyndarmál, sem aðeins stjórnarflokkarnir eigi að hafa hugmynd um. M. ö. o.: Það, sem menn, hvort sem væri á Norðurlöndum eða í Bandaríkjunum, gætu flett upp ákveðnum opinberum skýrslum um, hver einasti borgari þjóðfélagsins, á hér að vera sérstakt leyndarmál fyrir stjórnarflokkana, sömu stjórnarflokkana sem síðan krefjast stórframlaga af almenningi til þess að úthluta til þeirra aðila, sem þeir segja að tapi, á sama tíma sem þeir veita gróðanum frá viðkomandi atvinnuvegum til annarra.

Ég held þess vegna, að það sé viðbára, sem sýnir aðeins, í hverju óefni yfirleitt hagskýrslurnar eru hér, að ríkisstj. skuli geta afsakað sig með þessu og geti þar að auki reynt að halda þessu sem leyndarmáli.

Ég verð nú að segja það, að þó að mikið sé sótzt eftir þessu hagfræðingaáliti um þessar rannsóknir, og náttúrlega væri mjög fróðlegt að fá það í hendur, sérstaklega til þess að sjá, hvernig mennirnir rannsaka, þá hef ég ákaflega litla trú á sjálfri rannsókninni á þessu. Ég hef nokkrum sinnum séð slíkar rannsóknir áður, þegar þær hafa verið lagðar hér fyrir okkur, eins og í sambandi við till. um gengislækkun, og þær hafa alltaf sýnt sig að vera ákaflega takmarkaðar, það hefur vantað ákaflega mikið í þær. Það er eins og það séu ákveðin svið, sem þessir hagfræðingar vilja alls ekki rannsaka, heldur haldi sér bara alveg fast í ákveðna „teoríu“, sem þeir víki ekki frá, og það er eðlilegt, ef við skulum segja t. d., að hagfræðingarnir, sem eiga að rannsaka þjóðarbúskapinn núna, sleppa allri rannsókn á því, hvaða afleiðingar það tiltæki ríkisstj. hefur haft að láta hækka húsnæði, veigamesta liðinn í kaupgjaldinu, eins fram úr öllu hófi og gert hefur verið, láta festa fé í gömlum íbúðum, sem ganga í brasksölu, svo að það skiptir tugum eða jafnvel hundruðum milljóna, ef þeir sleppa allri rannsókn á því, á afleiðingunum yfirleitt af öllum þeim tiltækjum, sem ríkisstj. hefur haft í því að sleppa öllu lausu, og ef þeir svo þar að auki rannsaka ekki að neinu leyti gróðann hjá heildsölunum, gróðann hjá frystihúsunum eða gróðann hjá bönkunum, þá get ég náttúrlega vel skilið, að niðurstöðurnar verði nokkuð einkennilegar. Þess vegna held ég, að það sé það minnsta, sem hæstv. ríkisstj. gæti gert, að birta öllum þingmönnum þessar rannsóknir, hvernig þær eru og hve víðtækar þær eru. Um niðurstöðurnar verð ég að segja það, að ég hef enga trú á þeim, — það er farið nú þegar að kvisast manna á milli, því að það má ríkisstj. vita, að hennar þingmenn þegja ekki svo sérstaklega vel, hvorki í þessu máli né öðrum, og þó að þeim sé trúað fyrir þessum málum, þá berst þetta út, og ef ríkisstj. finnst betra að láta allt mögulegt kvisast í þessum efnum og myndast alls konar orðróm og fara svo að bera á móti honum, þá getur hún fengið að hafa þann háttinn á, — en í þessum niðurstöðum hagfræðinganna, sem nú liggja fyrir, er því, að því er sagt er þegar í bænum, haldið fram, að það komi ekki til greina að breyta neitt um þá svokölluðu „frjálsu verzlun“, og verður þó að setja hana innan gæsalappa, eins og hún er nú, ég meina innflutningshöft íhaldsins, — það komi ekki til greina að breyta neinu þar, það komi ekki heldur til greina að setja neinar verðlagsákvarðanir, það eigi að ganga út frá þessum „teoríum“, sem núna undanfarin ár eru að leiða íslenzkan þjóðarbúskap út í hreina

vitleysu og strand. Ef það er rétt, að þetta séu einhverjar höfuðniðurstöður hjá hagfræðingunum, þá skal mig náttúrlega ekkert undra, þó að hæstv. ríkisstj. vilji liggja á þessu áliti og hindra, að það komist út. En eitt er víst, að það er a. m. k. ekki hægt að ætla að fara að telja neinum þeim, sem þekkir yfirleitt bæði rannsóknaraðferðirnar og niðurstöðurnar í þeim plöggum, sem undanfarið hafa komið út, trú um, að það sé þörf að bíða eftir hvorki þeirri rannsókn né þeim niðurstöðum, þangað til eitthvað sé gert í þessum málum.

Ég vildi sem sé mælast til þess, af því að það verður óhjákvæmilegt á einn eða annan hátt hér á Alþingi, að umr. um þessi mál verði teknar upp, hæstv. ríkisstj. getur ráðið því sjálf, hvort þær verða teknar upp almennt, ýmist utan dagskrár, í sambandi við dagskrármál eða með sérstökum hætti, sem stjórnarandstaðan hefur náttúrlega alltaf möguleika til að knýja fram, hvort hún vill afhenda a. m. k. rannsóknarhluta hagfræðingaálitsins til þingmanna, sem trúnaðarmál þá, meðan það væri nauðsynlegt, þannig að menn hafi a. m. k. að einhverju leyti sameiginlegt álit ríkisstj. og hennar sérfræðinga að leggja til grundvallar við þær umr., sem fram færu. Annars hafa menn eigið álit á þessum málum, þær hugmyndir, sem menn skapa sér við að reyna að rannsaka þetta eitthvað sjálfir, og það, sem kvisast út um þetta.

Það kom greinilega í ljós, þegar ýtarlegasta og lengsta sérfræðingaálitið var lagt fyrir við afdrifaríkustu aðgerðina hér, 1950, þ. e. gengislækkunina, að þar voru beinar skekkjur í, rökleysur, það var reiknað vitlaust, og það var ekki nóg, að þær væru þannig í hugsuninni í þessu, heldur var þetta líka þannig hreint reikningslega, að það gleymdist að taka tillit til ákveðinna hluta, eins og t. d. að vissu leyti falls sterlingspundsins, þannig að það var sýnt fram á það einmitt Benjamín Eiríkssyni, sem þá var ráðunautur ríkisstj., að hann hefði gert vitleysur í sinni stóru höfuðbók, þegar þetta var tekið fyrir, og hann treysti sér sjálfur ekki einu sinni til þess að mótmæla því. En niðurstöðurnar voru þvingaðar fram með flokkspólitísku valdi hér á Alþingi engu að síður.

Ég held nú, að það væri ekkert lakara fyrir ríkisstjórnina, þó að hún gæfi þingmönnum almennt tækifæri til þess að ræða þessa hluti við hana, áður en hún semur innbyrðis um lausn á þessum málum. Ef hún hins vegar er jafnvel í vandræðum að semja innbyrðis og ef hún ætlar að láta þjóðarbúskapinn stöðvast á meðan, þá sé ég ekki betur en henni væri þá nær að segja alveg af sér og gefast upp við þetta.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að það gefist hér tækifæri til skjótra umræðna um þessi mál og helzt á þeim grundvelli, að a. m. k. þær rannsóknir, sem hún ætlar að byggja á, liggi fyrir þingmönnum almennt, það er betra að ræða þetta á þeim grundvelli, en ef ekki, þá a. m. k. ýtarlegar umr. öðruvísi en svona utan dagskrár.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. En það gengur eiginlega alveg fram af mér, hvernig menn, sem eru í sjálfu sér mestu heiðursmenn og vitibornir menn eins og þeir, sem hér hafa talað, geta verið að leika á Alþingi eins og þeir væru á kjósendafundum og væru 20 árum yngri en þeir eru eða 30, þegar æskan hleypur með mann í gönur. Hér standa menn upp, látast ekkert skilja í þessu, alveg dolfallnir, þeir vita ekki, hvaðan á þá stendur veðrið, að það skuli ekki vera búið að leysa þessa deilu með togaraflotann, með bátaflotann. Öllum er kunnugt um, að þessi útvegur verður vegna þeirra kvaða, sem á hann hafa verið lagðar, að fá miklu meiri opinberan styrk í einu formi eða öðru en hann hefur haft. Menn eru að furða sig á, að ekki skuli hafa tekizt að leysa þá hluti fyrir ákveðinn dag. Og menn þurfa að hlusta á það á Alþingi, að ríkisstj. eigi að segja af sér, vegna þess að hún hefur ekki fallizt á kröfur, sem slíkir menn gera, því að það eru fleiri kröfuhafar til en verkalýðurinn í landinu. Það heldur hver á sínu máli, svo lengi sem hann treystir sér og þangað sem hann kemst. Og því er haldið fram, að ríkisstj. eigi helzt að fara frá völdum, af því að hún sé ekki á nýársdag eða þegar klukkan slær sex á gamlaársdag búin að leysa þessa deilu, og helzt líka vegna þess, að það hefur komizt upp núna, að hagskýrslurnar á Íslandi séu heldur seinvirkar. Það má tala um margt í þessu og það má spyrja um þetta: Hvað er ríkisstj. komin langt í sínum athugunum á þessum efnum? En maður eiginlega tapar lönguninni til að ræða við menn, þegar engin alvara sýnist vera í umr. Þetta er of stórt alvörumál, of stórt vandamál, sem við er að etja, til þess að menn geti búizt við því, að Alþingi sé vettvangur til að tala um það eins og ungum stjórnmálamönnum hættir við að gera í hita dagsins á kosningafundum.

Ég hef áður sagt frá því hér á Alþingi, að það var vist í þingbyrjun eða um það bil, sem ríkisstj. fól sínum embættismönnum að byrja að vinna að málinu. Ég vil ekki þurfa að margtaka það fram, að um marga þá liði eða þætti þessa máls, sem mikið veltur á um ákvarðanir á hverjum tíma, er ákaflega örðugt að byggja á gömlum hagskýrslum og jafnvel ekki þótt nýjar væru. Það er svo breytilegt um allt okkar atvinnuárferði og í langtum ríkari mæli um okkar atvinnurekstur en flestra okkar nágrannaþjóða, að það verður eiginlega allt að miðast við horfur frá degi til dags. Það hefði ekki verið nokkur vandi fyrir ríkisstj. að ýta flotanum úr vör, ef hún hefði viljað þóknast kröfum útgerðarmanna í nægjanlega ríkum mæli til þess, í ríkari mæli, skulum við segja, en henni hefur sjálfri þótt sanngjarnt að gera. En ætli það hefði þá ekki komið hljóð úr horni? Annan daginn er ríkisstj. ekkert annað en handbendi atvinnurekendanna í landinu. Ég sé það stundum í blöðum, sem hinir svokölluðu verkalýðsflokkar gefa út, að ríkisstj. sé með ofstjórn og það sé það, sem þjái þjóðina. Ég veit ekki, hvaðan þessi ofstjórnaralda er runnin, ef hún er ekki frá þessum flokkum sjálfum. En ég segi það, að ef stjórnin á að ganga lengra en hún telur nauðsynlegt og þá með því að leggja þyngri kvaðir á almenning en hún telur eðlilegt í því skyni að hindra

stöðvun atvinnurekstrarins, þá hygg ég, að hún fengi að heyra hljóð úr horni. Ætli yrði þá ekki sagt, að þessir þjónar auðvaldsins væru ekki að hika við að troða enn í þanda pyngju auðmannanna á kostnað alþýðunnar, þó að hitt hljóðið komi jafnan úr strokknum, ef einhver stöðvun verður, af því að ríkisstj. vill ekki þjóna einni stétt fremur en annarri, þá sé það ekki annað en dugleysi?

Ég býst ekki við, að menn ætlist til, að ég verji löngum tíma af starfstíma þingsins til þess að svara, meðan svona er á mig yrt. Hitt er rétt að menn viti, og enda hefur verið frá því skýrt á opinberum vettvangi, að ríkisstjórnin hefur sleitulaust unnið að þessum málum, frá því að frestað var fundum þings hinn 20. des. og fram á þennan dag, þó að enn hafi ekki auðnazt að ná samkomulagi, og ég treysti mér ekki að fullyrða um, hvað slíkt samkomulag kann að vera langt undan. Okkar vonir hljóta að standa til, að það sé skammt undan, a. m. k. allra þeirra, sem setja þjóðarhag umfram það að hafa aðstöðu til þess að deila á einhvern eða rífast.

Ég tel þetta mál þess eðlis, að menn verði að skilja, að hér er úr vöndu að ráða og auk þess mikið í húfi, svo mikið, að öllum ber frekar að reyna að leggja gott til sjálfs málsins en að nota þá aðstöðu, meðan þetta ástand stendur yfir, til þess að skapa úlfúð og illdeilur um það. Það er nógur tíminn að ráðast á aðgerðirnar, þegar þær liggja fyrir.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forsrh. talaði hér um, að það væri nú eiginlega varla við því að búast og væri nú undarlegt, að menn væru að vonast eftir því, að hann gæti gefið hér yfirlýsingar um að vera búinn að leysa vandamál bátaútvegsins strax eftir 1. jan. Má ég spyrja: Rangminnir mig, að hæstv. forsrh. hafi fyrir nokkrum vikum, þegar ég utan dagskrár kom fram með fyrirspurn viðvíkjandi því, hvort það væri rétt, að sala bátagjaldeyrisskírteina hefði verið stöðvuð, og tveim dögum seinna upplýstist, að bátagjaldeyrisskírteinin hefðu verið hækkuð í verði, að hæstv. forsrh. hafi sagt, að ríkisstj. gæti eða vildi ekkert við þessu gera, en að þetta mundi þá þýða um leið, að þarna væri fengin sú hækkun handa bátunum, sem ætti að duga þeim líka eftir nýárið? Endilega minnir mig, að svörin hafi fallið eitthvað í þessa áttina, að hæstv. forsrh. hafi fyrir nokkrum vikum gengið út frá því, þegar Landssambandið tók sér rétt til þess að hækka þessi skírteini, að þar með væri líka öruggt, að bátagjaldeyririnn á grundvelli þess gæti haldið áfram eftir nýár. Það má vera, að mig rangminni um þetta, þá bið ég afsökunar á því, en einhvern veginn stóð það í mér, að hæstv. forsrh. hefði þá gengið út frá því, að þetta mál væri raunverulega leyst. Nú er hann sá, sem af öllum þm. hefur einna mest samband við einmitt þessa menn sjávarútvegsins, ekki síst sem þm. G-K., þar sem allir áhrifarikustu bátaútvegsmennirnir og hraðfrystihúsaeigendurnir eru, þannig að það er þá ekki að undra, þó að þm. væru kannske illa að sér í þessum málum, ef hæstv. forsrh. veit þessa hluti ekki betur.

Ég er hræddur um, að það sé ekki svo öruggt, sem hæstv. forsrh. segir í þessum hlutum frá degi til dags, að hann mætti ekki fyllilega í öllum rólegheitum og án alls yfirlætis ræða þessi mál við okkur þm. Hann fór að tala eins og hann væri á kosningafundi og að því mundi vera skellt á sig, ef hann væri nú með einhverjar álögur á landsfólkið til þess að leysa þessi vandamál, að hann væri að láta auðvaldið rífa til sín frá alþýðu manna. Ég vil minna hæstv. forsrh. á, að vandamál bátaútvegsins og togaraútvegsins verða ekki leyst, svo að vel sé, nema rífa af auðmannastétt landsins það, sem hún hefur hrifsað til sín af þessum útvegi, sem er burðarásinn í atvinnulífi landsmanna. Það eru álögur auðmannastéttarinnar og ríkisbáknsins, sem hún veldur, sem þarna eiga sök á því, hvernig komið er, það er sjálft hringavaldið, heildsalavaldið, bankavaldið hér, sem búið er að leggja slíkar byrðar á útveginn, að hann er að kikna undan honum. Það er það hóflausa brask, sem innleitt hefur verið á þessum síðustu árum hér, sem er að íþyngja útveginum, þannig að hann er að brotna saman undir því, þannig að það er þetta farg auðvaldsins, sem þarf að létta af honum, svo að ég fari, fyrst hann fór að tala í kosningafundatón, að taka þá undir eitthvað dálítið svipað. En ég sé það hins vegar, og það var alveg greinilegt af þessari stuttu ræðu hæstv. forsrh., að hann vill ekki ræða þessi mál, áður en þau eru leyst. Hann vill ekki gefa Alþingi tækifæri til þess að koma fram með sínar till. um að leysa þessi mál, áður en lausnin er fundin á málunum. Hann vill ekki gefa þingmönnum tækifæri til þess að koma fram með sínar till. um að leysa þessi mál. Hann talar hér um, að hann vilji ekki eyða starfstíma þingsins í að halda ræður um þetta.

Má ég spyrja hann: Til hvers er þingið hér? Til hvers er það kallað saman? Er það eins og stundum hefur verið áður, að það á að láta það sitja vikurnar og jafnvel mánuðina, á meðan allt er stöðvað í þjóðfélaginu í kringum það, og það eigi að kalla það starfstíma þingsins. Ég hélt, að þingið væri einmitt komið saman til þess að starfa, til þess að starfa að lausn þessara mála, til þess að ræða þessi mál og til þess að finna sameiginlega lausn yfir þessi mál. En hæstv. forsrh. virðist hafa allt aðrar hugmyndir um þessa hluti. Hann endar sína ræðu með því að segja: Ja, þið í stjórnarandstöðunni getið látið ykkur nægja að ráðast á þetta, þegar lausnirnar liggja fyrir. — M. ö. o.: Bak við þingið á fyrst að leysa þessi mál, eins og kallað er. Ég þykist jafnvel vita, að forsrh. hefði helzt viljað, að þingið hefði alls ekki komið saman og að ríkisstj. hefði bara í friði fengið að vinna að lausninni, án þess að þingið ónáðaði hana nokkurn skapaðan hlut. Það er hans hugmynd um lausn á þessum málum að semja um þetta að tjaldabaki, þannig að áhrif fólksins í landinu og Alþ. komi hvergi þar nærri. En það er bara ekki sú lausn, sem þingið og þjóðin vill í þessum málum. Til þess er þingið komið saman, að það eigi að starfa að því að reyna að finna lausn í þessum málum, og það á að ræða þessi mál, áður en lausnin er fundin, því að það hefur sýnt sig, að

þegar þessi mál hafa verið leyst á undanförnum árum, þá hefur það verið tóm endileysa, sem leiðir af sér nýja baráttu í þjóðfélaginu og tómt öngþveiti, af þeirri einföldu ástæðu, að þessi ríkisstj. hefur ekki vald í þjóðfélaginu til þess að stjórna því, og því fyrr sem hún tekur tillit til þeirra staðreynda, því betra. Þess vegna held ég, að það sé rétt fyrir hæstv. ríkisstj. og sérstaklega fyrir hæstv. forsrh. að gera sér ljóst, að það er ekki ætlun okkar þm. að bíða eftir því að ráðast á lausnirnar í þessum málum, þegar þær eru fundnar og eru knúðar í gegnum Alþingi á einum degi eða einni nóttu, en láta máske útgerðina stranda þangað til. Það eru ekki þau vinnubrögð, sem hæfa Alþingi, og reynslan af slíkum vinnubrögðum á undanförnum árum er ekki svo góð, að Alþingi áliti, að slíkt eigi að halda áfram. Ég held þess vegna, að hæstv. forsrh. eigi nú að breyta til um þær aðferðir, sem hann hefur haft undanfarið, hann eigi ekki að láta sér detta í hug, að Alþingi sætti sig við að bíða, þangað til búið sé að tjaldabaki, einhvern tíma kannske í febrúar, þegar bátaútvegurinn væri búinn að liggja kyrr allan janúar, að fara að koma þá með lausnir, við skulum segja nýtt gengisfall eða eitthvað slíkt. Það má hæstv. forsrh. vera viss um, að það sættir þjóðin sig ekki við, og ég held, að það, sem gildi í þessum málum, sé að finna lausnir, sem þjóðin sættir sig við, lausnir, sem leiða ekki til sífellds nýs kapphlaups nýrra kauphækkana eða annars slíks. Þingið er komið saman til þess að starfa. Starfstíma þingsins á að verja til þess að ræða lausnirnar, áður en lausnirnar eru fundnar með baktjaldamakki ríkisstj. Það er Alþingi, sem á að hjálpa til þess að vinna að því að finna þessar lausnir, og mér sýnist ekki hafa gengið svo giftusamlega í hæstv. ríkisstj. hingað til að finna þær, að hún ætti að hafa á móti því, að Alþingi fengi tækifæri til þess að leggja sitt orð í belg.

Á 39. fundi í Nd., 6. jan., utan dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er einn þeirra mörgu þingmanna, sem flutt hafa á þessu þingi till. um breytingar á friðunarlínunni, og raunar líka hef ég flutt brtt. um landhelgina.

Nú sé ég í báðum stjórnarblöðunum í dag, Morgunblaðinu og Tímanum, að skýrt er frá, að fram sé komin till. frá Efnahagssamvinnustofnun Evrópu til lausnar á deilu Íslendinga og Englendinga út af löndunarbanninu í Bretlandi, sem Bretar byggja á ágreiningi um friðunarlínuna. Morgunblaðið segir orðrétt, að tillaga þessi sé þess efnis, að Bretar skuli aflétta löndunarbanninu gegn því, að Íslendingar láti staðar numið og færi ekki landhelgislínu sína — það er alls staðar notað orðið „landhelgislína“ — út fyrir núverandi fjögurra mílna landhelgi. Tíminn flytur þessa frétt á svipaða lund, segir, að skeyti NTB frá London sé á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Fulltrúar allra greina brezka fiskiðnaðarins hafa lýst yfir, að þeir séu fúsir að samþykkja í meginatriðum miðlunartillögu frá nefnd Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu um lausn á fiskideilu Breta og Íslendinga.“ Og frá efni till. frá Efnahagssamvinnustofnuninni segir Tíminn á þá leið, að Íslendingar skuli samkvæmt henni lofa því að færa ekki út fiskveiðitakmörk sín úr þeim 4 mílum eins og þau séu nú í, en á móti vilji Bretar fella niður bann sitt gegn löndun fisks úr íslenzkum togurum. Í fyrirsögninni segir Tíminn: „Bretar samþykkir miðlunartillögunni í fiskideilunni.“

Það er látið svo sem þessi miðlunartill. sé alkunn, og verð ég þó að segja, að mér er ekki mikið um hana kunnugt fyrr en nú, að ég sé þetta í báðum stjórnarblöðunum. Nú skal ég ekki draga dul á það, að mér leikur mikil forvitni á að fá að vita nánar um þetta þýðingarmikla mál, og það getur ekki verið annað en hæstv. ríkisstj. geti gefið fyllri upplýsingar um þetta en blöðin skýra hér frá. Till. mín er m. a. borin fram af lífsnauðsyn útvegsmanna og sjómanna á Vestfjörðum og fjallar einmitt um það, að 4 mílna friðunarlínan verði færð út. Það er enn fremur augljóst mál, að víða annars staðar fyrir ströndinni er hægt eftir sömu reglum og friðunarlínan var dregin að færa friðunarlínuna út til mikils hagræðis, bæði norðanlands og sunnan og austan, án þess að farið væri út fyrir grundvallarreglurnar, sem línan var dregin eftir, og er ég alveg sannfærður um, að loforð af hendi íslenzkra stjórnarvalda um að gera ekki heldur þær lagfæringar mundi koma sér mjög illa og fá lítinn hljómgrunn í þeim landshlutum.

Tíminn tekur það fram, að íslenzka ríkisstj. hafi ekki enn lýst yfir afstöðu sinni til þessarar tillögu, og má vera, að afstaða íslenzku ríkisstj. sé ekki ráðin, en það ríður á því, að Alþingi Íslendinga fái að vita um afstöðu stjórnarinnar, undireins og hún liggur fyrir og áður en Bretum er sent svar stjórnarinnar, og eðlilegast er, að Alþingi fái að vita um ljóslega, hvernig málið stendur nú. Það er því ósk mín til hæstv. ríkisstj., þess ráðherra, sem hefur þessi mál til meðferðar fyrir hennar hönd, að Alþingi verði gefnar góðar og glöggar upplýsingar um aðdraganda þessa máls og hvernig málið stendur nú. Ég vil vona, að það verði ekki gefin sömu svör og í gær, að við skulum bara lesa blöðin. Það hef ég þegar gert, en mér nægir það ekki. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. verði fúsari til svara í dag en í gær.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér að taka undir þá fsp., sem hv. 3. landsk. þm. hefur komið hér fram með viðvíkjandi því, hvað sé að gerast í samtölunum eða jafnvel samningum viðvíkjandi friðunarlínunni og fiskveiðideilunni við Englendinga. Ég verð að segja, að mér finnst fara að horfa heldur óvænlega fyrir Alþingi að fá að fylgjast með í því, sem er að gerast hjá hæstv. ríkisstj., þegar ekkert virðist duga til þess að fá fram svör um önnur eins mál og þessi. Ég bar fram í desember fyrirspurn í Sþ. í tilefni af fréttum, sem þá komu í dagblöðunum um samninga, sem ættu sér stað viðvíkjandi þessum málum. Þessi fsp. var á dagskrá, eins og lög stóðu til, og samkvæmt lögum er viðkomandi ráðherra skyldur til að svara slíkri fyrirspurn viku eftir að hún er borin fram samkvæmt þingsköpum, sem eru lög. Hæstv. ríkisstj. lét sér sæma að brjóta þessi lög, sem sé brjóta lög á

Alþingi, brjóta ótvíræðar fyrirskipanir laga um, að ríkisstj. beri að svara um þessa hluti, og þessari fsp. hefur ekki verið svarað enn þá. Svo koma allt í einu í dag fréttir í báðum stjórnarblöðunum um þessi mál, og þá er gengið út frá þessari till., sem Efnahagssamvinnustofnunin sé með, eins og einhverjum sjálfsögðum, alkunnum hlut, sömu till. sem dregið var algerlega í efa að væri nokkur fótur fyrir, þegar önnur blöð fluttu þetta fyrir tæpum mánuði.

Í gær, þegar rætt var hér um þýðingarmikið mál viðvíkjandi sjávarútveginum, gaf hæstv. forsrh., sem um leið er sjútvmrh., það svar, að það mætti ekki eyða dýrmætum starfstíma þingsins í að vera að ræða svona mál eins og sjávarútvegsmál eða stöðvun bátaflotans, það væri hægt fyrir þingmenn að deila á málið, þegar lausnin væri fundin. Ég veit ekki, hvort þetta á að vera lausnarorðið hjá hæstv. ríkisstj., að ríkisstj. eigi í friði að fá að gera þá samninga, sem henni þóknast, síðan láta Alþingi standa frammi fyrir gerðum staðreyndum, láta þingmenn sinna flokka standa frammi fyrir því annaðhvort að gera uppreisn í flokkunum, sem þeir eru yfirleitt mjög ófúsir á, eða þá samþykkja þvert ofan í vilja sinn gerðir ríkisstjórnarinnar, af því að þetta séu þegar orðnar staðreyndir. Ég veit ekki, hvort það er meiningin að viðhafa sömu aðferðina í þessu spursmáli núna viðvíkjandi landhelginni. En ég vil aðeins láta það koma fram, að þetta eru algerlega óviðunandi vinnubrögð, og ef þessir stjórnarflokkar, sem nú sitja að völdum, hafa þá hugmynd, að þeir séu einhverjir sérstakir lýðræðis- eða þingræðisflokkar með því að haga sér svona, þá vil ég segja þeim, að það hafa engir flokkar á Íslandi traðkað eins þingræðið undir fótum og þessir flokkar eru að gera nú með framkomu sinni gagnvart Alþingi.

Ég vil svo mega vænta þess, að hæstv. ríkisstj. gefi nú svör við þessu máli, viðvíkjandi því, hvort standa yfir samningar milli ríkisstj. og Breta út af löndunarbanninu í Bretlandi og friðunarlínunni hér heima, hvort það hafa komið fram till. viðvíkjandi einhverri svokallaðri lausn á þessum málum frá Efnahagssamvinnustofnuninni, hvort það liggi fyrir einhverjar yfirlýsingar frá hálfu Breta og þeirra brezku hringa, sem hafa sett bann undanfarið á okkar landanir þar í Bretlandi, án þess að það yrði okkur að nokkru tjóni, og hvort það hafi yfirleitt verið lið máls á því af hálfu einhverra fulltrúa íslenzku ríkisstj., t. d. sendiherra hennar erlendis, að það kæmi til mála, að íslenzk ríkisstj. léti Breta fara að skipta sér af því, hvers konar lög eru sett á Alþingi, hvort það væri m. ö. o. meiningin eins og í tíð danskra yfirráða hér á Íslandi að binda Alþingi eins og Danir gerðu áður með samningnum við Breta, án þess áður einu sinni að gefa Alþingi tækifæri til þess að ræða þessi mál. En ég vil alveg sérstaklega leyfa mér að spyrja, hvort nokkur sendiherra Íslands hafi tekið þátt í slíkum samningum, og það veit ég að hæstv. utanrrh. ætti að geta upplýst, ef a. m. k. einhver sendiherra hefur tekið þátt í slíkum samningum með vitund ríkisstjórnarinnar.

Ég álít óhjákvæmilegt, að það sé nú þegar gefin skýrsla um þessi mál, og ég held, að hæstv. forsrh. hefði vel mátt eyða dýrmætum starfstíma sínum og þingsins í að koma hér í dag. Hann hefur séð þessar fréttir í dag, hann veit um þær fsp., sem áður hafa komið fram, og ég vildi mælast til þess, fyrst hann er ekki við, að þá verði aðrir hæstv. ráðh., annaðhvort utanrrh. eða aðrir, við því að gefa upplýsingar um þetta mál, sem hér er nú búið að spyrjast fyrir um af tveimur þingmönnum og áður er búið að leggja fram löglegar fsp. um í sameinuðu þingi, án þess að svör hafi fengizt þar við.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að láta í ljós furðu mína á því, ef svo á að vera nú eins og í gærdag, að hæstv. ríkisstj. ætli alveg að skjóta sér hjá því að ræða við alþm. um þau mál, sem eru efst á dagskrá og vissulega ofarlega í hugum allra Íslendinga nú. Eins og hv. alþm. vita, var gerð hér á Alþingi í gær fsp. um mjög mikilvægt málefni, og hæstv. forsrh. lét sér sæma að svara með hálfgerðum skætingi, þegar hann loksins fékkst hingað upp í ræðustólinn, og nú í dag, þegar gerð er fsp. um mál, sem ekki snertir Íslendinga síður, þó að nokkuð með öðrum hætti sé, þar sem er landhelgismálið, þá virðist svo sem enginn hæstv. ráðh., þeirra sem þó eru hér staddir, ætli að svara aukateknu orði. Mér virðist, að það sé full nauðsyn á því fyrir Alþingi, að skýr svör fáist við því í fyrsta lagi, hvort hæstv. ríkisstj. standi í einhverri samningsgerð varðandi friðunarlínuna eða landhelgismálið, og í öðru lagi, hvort þau mál hafi verið eða séu á dagskrá hjá einum eða öðrum alþjóðlegum aðilum, Efnahagssamvinnustofnun Evrópu eða öðrum.

Þetta eiga alþm. að fá að vita alveg ákveðið og skýlaust og þjóðin öll. Það er með engum hætti sæmandi hæstv. ráðh. að þegja um slíkt mál sem þetta. Sú friðunarlína, sem ákveðin var á sínum tíma 4 sjómílur, er að sjálfsögðu byggð á löggjöfinni um vísindalega friðun landgrunnsins, og með þeirri löggjöf var svo til ætlazt, að hægt væri innan ramma hennar að ákveða friðunarlínuna hverju sinni eftir því, sem möguleikar væru á, og alls ekki ætlunin að slá henni fastri um aldur og ævi miðað við 4 sjómílur.

Ég held, að meginþorri þjóðarinnar líti þannig á, að okkur sé lífsnauðsyn að nota hvert tækifæri til þess að færa friðunarlínuna út, og það sé þess vegna með öllu óverjandi, ef nokkur ádráttur er gefinn eða nokkrir samningar gerðir um að binda þessa línu við 4 sjómílur, eins og nú er gert.

Hannibal Valdimarsson: Ég vil ekki trúa því enn þá, að hæstv. ríkisstj. gefi engin svör um þetta mál. Það eru óvenjulega vel setnir ráðherrastólarnir í dag, það eru fjórir ráðherrar hér viðstaddir, það vantar aðeins tvo, það er óvenjulegt, og þetta mál er þess eðlis, að það getur ekki verið, að þeir tveir ráðherrar, sem fjarverandi eru, sitji inni með alla vitneskjuna um þetta mál. Þetta mál er þess eðlis, að hæstv. ríkisstj. hlýtur öll að hafa um það fjallað, og hver einn einasti ráðherra getur þess vegna áreiðanlega gefið þingheimi einhverja vitneskju um málið.

Það getur því ekki verið annað en að annaðhvort sé hér eitthvað á seyði, sem eigi að þegja um, eða það sé orðin nú upptekin stefna hjá hæstv. ríkisstj. að þegja við öllum meiri háttar málum, sem Alþingi óskar eftir að fá vitneskju um, og hvorugt er viðunandi.

Tíminn, blað utanrrh., segir, að hann hafi það eftir góðum heimildum, að í þessari till. frá Efnahagssamvinnustofnun Evrópu sé það efni, að brezkir togaraútgerðarmenn felli niður bann sitt gegn löndun fisks úr íslenzkum togurum, en í staðinn á Ísland að heita því að færa ekki út fiskveiðatakmörk sín úr þeim 4 mílum, sem þau eru nú. Morgunblaðið orðar þetta á óheppilegri hátt, segir ekki frá efni till., en talar í allri sinni frásögn um landhelgi Íslands og landhelgislínuna, en bæði blöðin segja frá þessu í tilefni af því, að í gær eða fyrradag hafi verið fundur með fulltrúum brezku ríkisstj. og öllum greinum fiskiðnaðarins og niðurstaðan sé sú, að Bretar hafi tilkynnt, að þeir vilji fallast á þessa lausn málsins. Þetta er það, sem við fáum út úr stjórnarblöðunum.

Við erum ekki að biðja um neitt annað en að fá vitneskju um það, hver sé aðdragandi þessa máls, þessarar tillögu, sem hér er efnislega skýrt frá, og hvernig málið standi nú. Það er eingöngu vegna mikilvægis málsins, sem ég bið um þetta, og mér þætti það allalvarlegt, ef nokkuð það væri búið að gera í þessu máli, sem bindi okkur við 4 sjómílna fiskveiðilínuna, friðunarlínu, en það er áfangi, sem íslenzka þjóðin hefur látið í ljós nú þegar að hún vilji ekki una við og geti ekki unað við vegna atvinnuástands í heilum landshlutum.

Ég varð undrandi í gær, þegar færzt var undan því af hæstv. forsrh. að ræða sjávarútvegsmálin, eins og þau standa í dag, og ég hefði talið fulla ástæðu til þess, að þingmenn hefðu bara einn og einn úr sætum sínum risið upp og mótmælt þeim undirtektum hæstv. forsrh. að neita að ræða um það mál. En ég er enn meira undrandi í dag, ef enginn ráðh. fæst til þess að gefa góðfúslega upplýsingar um þetta mál. Þögnin er eitt af því versta núna, af því að grunsemdir vakna um það og hafa þegar vaknað, vegna fyrri frétta líka, að eitthvað sé búið að gera í þessu máli, sem þjóðin megi ekki fá að vita um fyrr en um seinan.

Á 42. fundi í Nd., 16. jan., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er nú liðinn hálfur janúar og bátaflotinn liggur bundinn í höfn og við erum hér á Alþingi ekki enn farnir að ræða nein þau mál frá hæstv. ríkisstj., sem gætu leyst þau vandamál, sem binda hann og eru smám saman að stöðva togarana. Það hefur nokkrum sinnum, ýmist utan dagskrár eða öðruvísi, komið til umræðu hér við hæstv. ríkisstj., hvort hún hyggist ekki að gefa okkur einhverja skýrslu um sínar hugmyndir í þessum efnum, og nú er svo komið, að hér í þessari hv. d. hefur verið fundur ríflega annan hvern dag í síðustu viku, og svipað er ástatt í efri deild, og þegar við svo minnumst þess, að hæstv. forsrh. sagði hér fyrir nokkru við okkur, að hann vildi ekki eyða dýrmætum tíma þingsins í umræður um mál, sem varða þó alla þjóðina, þá vildi ég mega upplýsa hæstv. ríkisstjórn um, að við værum reiðubúnir að taka á móti skýrslu frá henni og að það væri óhætt fyrir hana að eyða dýrmætum tíma þingsins í að lofa þinginu að heyra og fylgjast með í því, sem hún nú er að ræða. Sannleikurinn er, að við sitjum hér svo að segja starfslausir, eftir að sá háttur er tekinn upp, að allar nefndir að heita má eru hættar yfirleitt að skila nefndarálitum og öll mál þess vegna stöðvuð í nefndum, — þá sitjum við hér uppi starfslausir, Alþingi, á meðan við bíðum eftir, hvort hæstv. ríkisstj. finnur einhverja lausn. Og ef hæstv. ríkisstj. finnur ekki neina lausn í þessum málum, sem hún treystir sér sem heild til að leggja fyrir Alþingi, þá held ég að væri tími kominn til fyrir hana að skýra þingheimi frá sínum vandræðum.

Hér hefur verið óskað eftir skýrslum, hagfræðingaskýrslum og öðru slíku. Ekkert hefur verið látið í té, ekki nokkur skapaður hlutur, sem þingmenn gætu byggt á. Ég veit, að hæstv. ráðherrum er illa við að svara miklum fyrirspurnum utan dagskrár, en ég vildi þó mega kasta fram, hvort ekki væri nein von á, að hæstv. ríkisstj. segði Alþ. frá, hvað við blasir í sjávarútvegsmálunum, — við sjáum að vísu allmikið af því, en vitum þó ekki allar orsakir, — og hvort hún er nokkuð nær því en í byrjun mánaðarins að koma sér niður á tillögur um lausn í þessum málum og hvort henni finnst ekki tími til kominn að fara að tala við þingið um þessi mál. Ég held, að vegna sóma þingsins, hvað sem annars er um hæstv. ríkisstj., sé ekki annað fyrir hendi en fara að ræða þessi mál, og ef hæstv. ríkisstj. gerir ekki gangskör að því og gefur okkur tækifæri til þess, þá verðum við á annan hátt að skapa það tækifæri sjálfir.

II. Tollgæzlumál.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., utan dagskrár, mælti

fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Af sérstökum ástæðum gat ég ekki verið nema mjög lítið á fundi Nd. í gær, en hef orðið var við, að þar var rætt nokkuð um tollgæzlu. Ég hef þess vegna farið fram á það við hæstv. forseta að fá að gefa hér stutta yfirlýsingu utan dagskrár um tollgæzlumál í tilefni af þeim umr., sem hér fóru fram í gær. Ég mundi hafa gefið þær upplýsingar, sem ég nú ætla að gefa, í gær, ef ég hefði verið viðstaddur umr. í hv. Nd.

Mér þykir ástæða til að taka þetta fram:

Fjmrn. er ljóst, að tollgæzlan er eigi svo öflug sem skyldi. Og forráðamönnum tollgæzlumála er þetta einnig ljóst og hafa á þetta bent. Hafa þessi mál þráfaldlega verið rædd af hálfu fjmrn. við forráðamenn tollgæzlunnar í Reykjavík sérstaklega og athugaðar ýmsar leiðir til úrbóta. Hafa sumar þeirra nú þegar komið til framkvæmda, og vonum við, að þær beri einhvern árangur nú á næstunni.

Út af þrálátum orðrómi um, að ólöglega innfluttar vörur væru á boðstólum í verzlunum í Reykjavík, hefur fjmrn. óskað þess, að tollstjóri inn léti athuga, hvort slíkt hefði við rök að styðjast og hægt væri að koma fram ábyrgð á hendur hlutaðeigendum. Hafa athuganir þegar verið gerðar, en ráðuneytinu er tjáð af forráðamönnum tollgæzlunnar, að mikil vandkvæði muni reynast á því að sanna, að um ólöglegan innflutning sé að ræða, m. a. vegna þess, að öruggar lagaheimildir vantar til þess að láta menn, sem hafa vörur á boðstólum, gera fyrir þeim alveg fullnægjandi grein.

Á vegum fjmrn. er nú verið að semja frv. til breytinga á núgildandi lögum um tollheimtu og tolleftirlit til þess að reyna að styrkja framkvæmd tollgæzlunnar. Munu þessar till. m. a. fela í sér auknar skyldur manna til að gera grein fyrir þeim vörum, sem þeir hafa til sölu í verzlunum sínum, og auknar skyldur skipafélaga til þess að sjá tollgæzlunni fyrir stórum bættri aðstöðu frá því, sem nú er, til vöruskoðunar og eftirlits með innfluttum vörum. En aðstaðan er mjög erfið í þessu tilliti, eins og sakir standa. Verður frv. um þetta mál lagt fyrir Alþ. það, sem nú situr, í því trausti, að það fái góðar undirtektir.

Þá stendur yfir athugun á auknu samstarfi löggæzlu og tollgæzlu, og er einnig gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til tollgæzlu á frv. því til fjárlaga, sem nú liggur fyrir.

Ég vildi gefa hv. Alþ. þessar upplýsingar strax, hefði gert það í gær, ef ég hefði haft aðstöðu til að fylgjast með umr. En vitaskuld verður tækifæri til þess að ræða þessi mál öll í heild, þegar nefnt frv. kemur fram, en ég vona, að ekki verði mjög langt að bíða eftir því.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Af því að ég var annar þeirra þm., sem minntust á þetta mál í gær, vil ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið, og það, að nú verður hafizt handa um að taka fyrir ósóma, sem hér hefur allt of lengi gengið. Hæstv. ráðh. gat þess, að hann mundi bera fram frv. til þess að fá auknar og nægilegar heimildir til þess að geta skoðað þetta mál niður í kjölinn, og er þá kannske ekki ástæða til að fjölyrða um þetta, fyrr en það frv. kemur fram. En ég verð þó að láta undrun mína í ljós yfir því, að tollyfirvöldin eða þeir menn, sem með þessi mál fara og eiga að fjalla, telja sig ekki hafa aðstöðu til að fá upplýst nokkuð um þetta smygl. Þó er það á almannavitorði, að í verzlunum eru ákveðnar vörutegundir, sem allir vita að hefur verið smyglað og ekki hefur verið hægt að flytja inn með löglegum hætti, a. m. k. síðustu 2 árin. Þessi vörutegund kemur jafnt og þétt í verzlanirnar, og hún er boðin alveg feimnislaust til sölu. Ég veit, að tollyfirvöldunum er kunnugt um þetta. Ég skal ekki fullyrða, að þeir hafi nægilegar heimildir til þess að skoða þetta ofan í kjölinn. En ef þeir hafa það ekki, þá vil ég fyrir mitt leyti segja, að ég álít nauðsynlegt, að þær heimildir séu gefnar, því að svona ástand eins og hér hefur verið nokkuð lengi undanfarið í þessu efni eru mjög niðurlægjandi fyrir alla aðila.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Að sjálfsögðu verður tækifæri til þess að ræða þessi mál í einstökum atriðum, þegar þau koma hér fyrir síðar, eins og ég hef lýst yfir. Ég man ekki svo nákvæmlega eftir þeim athugunum, sem farið hafa fram í þessu efni, að ég geti greint frá þeim án gagna. Ég hygg, að það hafi verið í fyrravetur, að umr. urðu talsvert miklar um þessi mál hér í hv. Alþingi og manna á meðal, og þá gerði fjmrn. sérstakar ráðstafanir til þess að láta fara fram ýtarlegar athuganir einmitt út af því, að menn þóttust sjá í búðunum vörur, sem ekki gætu verið með eðlilegu móti tollafgreiddar. Ég hygg, að ég fari rétt með það, að eftir þeim skýrslum, sem við fengum í rn. um þessar athuganir, hafi ekki tekizt að sanna brot í þeirri herferð, sem þá var gerð, a. m. k. ekki nema þá í mjög örfáum tilfellum. Og það mun hafa verið fyrir það, að þegar farið var að athuga sambandið á milli innflutningsleyfa annars vegar og innflutnings hins vegar, kom í ljós, að einhver leyfi höfðu verið veitt fyrir þessum vörum það nærri þeim tíma, sem rannsóknin fór fram á, að ekki var hægt að sanna, að vörur þessar gætu ekki verið með löglegu móti í búðunum. Annars skal ég að sjálfsögðu, áður en þetta mál kemur fyrir, athuga, hvernig þetta reyndist þá.

Af þessari nýju herferð, sem fyrirskipuð var í sumar, hafa ekki komið jafnglöggar fréttir og af þeirri fyrri, en það er kvartað yfir því, að mjög erfitt sé að ganga úr skugga um þetta, vegna þess að það verður eftir gildandi lögum að vera alveg tollgæzlunnar verk að sanna, að þessar vörur séu ekki réttilega tollafgreiddar, en ekki hinna að sanna, að þær hafi verið það. Það þarf að styrkja lagaákvæðin, til þess að athuganir á þessu geti farið eins skörulega fram og vera ber.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þar eð ég vakti máls á þessu máli á fundi Nd. Alþ. í gær, vil ég með örfáum orðum þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér áðan, og fyrirheit hans um, að ríkisstj. muni á næstunni gera gangskör að því að reyna að uppræta þann ósóma, sem hér hefur allt of lengi viðgengizt undanfarin ár, að boðnar væru til sölu í verzlunum vörur, sem auðsjáanlega eru tollsviknar. Hins vegar vil ég taka undir það með hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), að ég á dálítið bágt með að trúa því, að ekki væri unnt, ef af festu væri að gengið, að sanna tollsvikin í miklu fleiri tilfellum en hefur tekizt. Mér vitanlega hefur það mjög sjaldan tekizt. Mjög fá slík mál hafa komið fyrir sakadóm, að því er mér er tjáð, þó að jafnmikið hafi kveðið að slíkri verzlun og raun ber vitni. Ég vil því mjög eindregið hvetja hæstv. ríkisstj. til þess að láta einskis ófreistað í þeim efnum að útrýma þessum ósóma.

Talið er, að mest kveði að smyglinu hér í Reykjavík, þ. e. um Reykjavíkurhöfn, en hitt á sér án efa stað í stórum stíl, að vörum sé smyglað í land í höfnum utan Reykjavíkur, og það hefur áreiðanlega farið vaxandi á síðari árum, einkum eftir að fór að færast í vöxt á allra síðustu árum, að skip lönduðu vörum í höfnum utan Reykjavíkur. Er skemmst að minnast frásagnar,

sem flogið mun hafa um allt land nú fyrir skemmstu, að gripinn var á miðri einni af heiðum Vestfjarða bíll, sem hlaðinn var smygluðu áfengi, á leiðinni frá litlu þorpi, þar sem skip hafði komið við, til eins fjölmennasta kaupstaðarins á Vestfjörðum. Það tókst fyrir tilviljun að hafa hendur í hári þessara smyglara, en um það, hversu mörgum hefur tekizt að komast undan með svipuðum hætti, veit auðvitað enginn. Það er því ekki aðeins nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að efla tollgæzluna hér í Reykjavík, heldur einnig og kannske ekki síður utan Reykjavíkur.

Ég vil svo að síðustu endurtaka, að ég fagna því, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa í hyggju að gera ráðstafanir til þess að uppræta þetta ófremdarástand.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það þarf áreiðanlega ekki að hvetja mig í þessu efni, því að ef nokkur maður í landinu hefur áhuga á því að koma í veg fyrir smygl, þá er það áreiðanlega ég og það af skiljanlegum ástæðum. En hér er á marga lund við ramman reip að draga, og skal ég ekki fara mjög út í það nú, eins og ég sagði áðan, því að málið kemur allt fyrir síðar. Skal ég búa mig undir að geta þá gefið nánari upplýsingar um þessi efni. Ég vil aðeins segja út af því, sem hv. 1. landsk. þm. (GÞG) sagði, þar sem hann talaði um, að það væri mikið af vörum, sem væru auðsjáanlega tollsviknar, að þetta gæti verið rétt, að mikið sé af slíkum vörum, en ég hef þráfaldlega rekið mig á, að menn hafa sagt við mig: Þarna eru vörur, sem við álítum að hljóti að vera tollsviknar, því að þessar vörur eru yfirleitt ekki leyfðar. — Ég hef gert gangskör að því, að þetta væri athugað, en þá hefur oftast nær komið upp úr dúrnum, að málið er alls ekki svo einfalt, vegna þess að þessar vörur gætu verið komnar inn með réttu móti. Oftast nær er það svo, að svarið er, þegar búið er að athuga málið, að vörurnar gætu verið það, og þá skilst mér, að þeir, sem þessi mál hafa með höndum, standi ráðalausir uppi, vegna þess að mönnum er ekki skylt að sanna, að þeir hafi greitt tollinn. Yfirleitt er tollgæzlulöggjöfin byggð á því, að tollgæzlan fari fram, þegar varan kemur inn í landið, en ekki í búðunum, eftir að varan er komin inn.

Því fer náttúrlega víðs fjarri, að öll sú vara sé tollsvikin, sem sumir álíta að sé það, þegar þeir ganga um bæinn og líta í gluggana. Það er svo frjáls innflutningur hér nú, að það eru tiltölulega mjög fáar vörutegundir, sem eru algerlega bannaðar og ekki geta verið í búðunum með eðlilegum hætti. Sem sagt, það hefur gengið ákaflega illa að eltast við vörurnar í búðunum. Við munum leggja til, að sett verði lagaákvæði til styrktar því starfi og þá ekki síður varðandi sjálfa tollgæzluna, sem sagt eftirlit með því, að varan komist ekki inn í landið ótolluð.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég vil taka mjög undir með þeim hv. þm., sem hér hafa talað og fagnað þeim tón, sem hefur verið í ræðum hæstv. fjmrh. um það, að nú skuli rösklegar gengið til verks en verið hefur um að hindra, að tollsvik eigi sér hér stað í stórum stíl. Og ég vil líka fagna þeim ummælum, sem hæstv. ráðh. hafði um hönd áðan, þegar hann lýsti því yfir, að ef nokkur maður væri áhugasamur um það í þessu landi, að tollsvik væru ekki rekin hér í stórum stíl, þá væri það hann. Ég minnist þess í þessu sambandi, að í þingbyrjun 1953 bar ég hér fram í Sþ. fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um þessi mál og hvað ríkisstj. hefði aðhafzt í því efni að hindra þessi tollsvik. Hæstv. fjmrh. brást þá allt öðruvísi við en nú. Hann brást mjög illa við þessari fsp., valdi mér hin hraklegustu orð fyrir að vera með órökstuddar dylgjur í þessu efni, eins og hann þá komst að orði, taldi, að mjög lítið væri um það, að vörur væru fluttar til landsins tollsviknar, og notaði ýmis orð í því sambandi, þannig að hæstv. forseti Sþ. sá sig tilneyddan til þess að minna á sæmilegt orðbragð í þingsölum.

En nú hefur hæstv. fjmrh. tekið upp allt annan tón í þessum efnum og er nú hógvær og kurteis, eins og vera ber, og segist vera áhugasamur um, að þetta ástand verði lagfært. Hann segir hins vegar, að það sé mjög erfitt um vik, þar sem tollgæzlan hafi ekki lagaheimild né möguleika til að rannsaka, hvort vörur séu tollsviknar, eftir að þær eru komnar í búðir. Þetta er alveg rétt og mjög skiljanlegt. En ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig getur það gerzt með eðlilegum hætti, að vörur komi til landsins í jafnstórum stíl og hér virðist vera um að ræða, þegar tollgæzlan hefur alveg takmarkalausar heimildir til þess að hindra, að varan komi til landsins? Hvernig getur það gerzt, eins og tveir hv. þm. hafa lýst yfir, að vörur væru hér boðnar í búðum, sem alls ekki er leyft að flytja til landsins, og í mjög stórum stíl? Ég vil enn fremur bæta því við þær umræður og upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, að það er ýmislegt annað, sem hefur verið tollsvikið hér í stórum stíl og ekki er beinlínis boðið á markaði, en er ákaflega við hægt að sjá. Það er t. d. erlendur bjór, sem ekki er leyfilegt að flytja til landsins. Ég býst við, að það viti fleiri en ég, að hann er hér mjög víða í mjög stórum stíl í landinu og sérstaklega hér í Reykjavík. Hvernig stendur á því, þrátt fyrir þá heimild, sem tollgæzlan hefur í lögum til að fylgjast með því, að þessar vörur séu ekki fluttar í land, að þær komast í land í jafnríkum mæli og hér um ræðir? Allir vita, að áfengi hefur verið smyglað hér til landsins í mjög stórum stíl. Menn hafa rætt um það sín á milli, að það væri komin upp eins konar áfengisverzlun númer tvö í landinu við hliðina á áfengisverzlun ríkisins, ólögleg að öllu leyti. Og er ekki aðgæzlu tolls og lögreglu eitthvað ábótavant, að þessar vörur og aðrar skuli geta komið til landsins? Þegar tollalögin voru sett á sínum tíma, var talið nægilegt að setja ákvæði um, að þessar vörur skyldi ekki mega flytja til landsins, og gefa tollgæzlunni heimild til þess að sjá um, að svo yrði ekki. Hitt var talið óþarft, að gefa henni heimild til þess að fara í verzlanir og leita þar að tollsviknum vörum. Ég verð að líta svo á, að þetta ætti að vera óþarft, ef árvekni tollgæzlunnar er nógu mikil um það, að vörurnar komi ekki á land.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 8. landsk. (BergS) sagði, að hann hefði borið fram fsp. um þessi mál fyrir nokkru og þá hefði ég tekið henni illa. Þetta er algerlega rangt hjá hv. 8. landsk. þm. Ég tók fsp. mjög vel, eins og vænta mátti, og gaf ýtarlegar upplýsingar um það, hvað gert hefði verið í þeim málum, sem hann spurði um, og ef hann er farinn að ryðga í þessu, þá getur hann lesið þetta upp í þingtíðindunum sér til glöggvunar.

Á hinn bóginn svaraði ég dónalegu orðbragði hv. 8. landsk. þm., sem hann viðhafði þá, alveg viðeigandi orðum. Þau orðaskipti voru alveg óviðkomandi efni fsp. hans og voru út af aðdróttunum ýmsum í sambandi við málið, sem mér fundust óviðeigandi. En það er alveg misskilningur hjá hv. þm., að ég hafi tekið fsp. illa.

Þá hugleiddi hv. 8. landsk. þm. nokkuð, hvernig það gæti átt sér stað, að smyglaður varningur væri á boðstólum í landinu í stórum stíl.

Í fyrsta lagi er nú það, að hv. 8. landsk. þm. hefur vitanlega engan mælikvarða á smyglaðan varning, það er ekki hægt að vita það, því miður, í hvað stórum stíl hann kann að vera á boðstólum. Því miður er ekki hægt að vita, hverju af þeim varningi, sem er hér á boðstólum, er smyglað og hverju ekki smyglað. Hitt vitum við eða þykjumst vita, að það sé talsvert mikið um smygl. Hvernig á því stendur, að smygl getur átt sér stað, það efni væri í langan fyrirlestur og kemur til umræðu síðar. En vitanlega verður aldrei hægt að koma alveg í veg fyrir smygl, hversu hart sem að þessum málum er staðið. Það eru því miður til svo margar leiðir til þess að hafa í frammi smygl, sem mjög erfitt er að loka algerlega. Auðvitað er sjálfsagt að gera allt, sem auðið er, til þess að gera þetta. Hér kemur líka spurningin um það, hvað eigi að leggja mikið í kostnað við tollgæzluna. Það kann vel að vera, að það hafi verið of lítið lagt í kostnað við tollgæzluna, of fátt fólk haft við hana og þurfi að fjölga því. Það er eitt af því, sem við nú höfum í undirbúningi.

Þá sagði hv. þm., að hér væri bannað að flytja inn bjór, en samt sem áður væri hér á boðstólum erlendur bjór í stórum stíl. Ja, ég verð nú að segja, að mér er þetta ekki kunnugt, menn bjóða a. m. k. ekki mér þennan erlenda bjór. Svo mikið er víst. Það kann nú vel að vera, að menn bjóði hann mörgum öðrum fyrr en röðin kemur að mér. Út af þessu vil ég segja við hv. 8. landsk., að ég væri honum ákaflega þakklátur fyrir það, ef hann vildi gefa okkur í fjmrn. upp, hvar hann hefði orðið var við erlendan bjór, og þá skyldi ég láta fara fram rannsókn á því, hvernig á því stæði, að hann hefði verið á boðstólum. Að vísu er mér kunnugt um það, og það mun vera hér mjög gamall „praksis", að sjómenn fá að hafa með sér í land eitthvað af áfengi, þ. á m. erlendan bjór. Það mætti segja mér, að ef hv. 8. landsk. vildi nú hafa samvinnu um þetta, þar sem við höfum áhuga á því báðir, að smygl eigi sér ekki stað, og segði mér, hvar hann hefði orðið var við erlendan bjór, og ég léti fara fram rannsókn út af því, að þá segði hlutaðeigandi, að hann hefði fengið bjórinn hjá einhverjum sjómanni. Þannig mundi það mál vafalaust enda, eða því geri ég ráð fyrir, nema því aðeins að þessar birgðir af erlendum bjór, sem hv. 8. landsk. hefur orðið var við og hann sagði að væru í stórum stíl, væru það miklar, að ekki væri hægt að smjúga út um þessa smugu. Ég vil fara fram á það við hv. 8. landsk., að hann hafi samvinnu við okkur í ráðuneytinu á þann hátt, að hann gefi okkur upplýsingar, ef hann verður var við erlendan bjór, það þarf ekki að vera í heyranda hljóði hér í þingsalnum, en segi okkur, hvar hann hefur orðið var við erlendan bjór í stórum stíl, og þá mun ég að sjálfsögðu láta fara fram rannsókn á því máli. Við í fjmrn. erum fegnir öllu slíku samstarfi af hendi þeirra, sem ekki vilja, að smygl viðgangist.

III. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 63. fundi í Ed., 9. febr., utan dagskrár, mælti

dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er vegna þess, að nokkur mál, sem ég hef lagt fyrir þessa hv. d., sýnast ætla að fá trega afgreiðslu úr nefndum. Ég vildi aðeins beina því til nefndarformanna, hvað þeim mundi líða.

Það er þá fyrst frv. til laga um prentrétt, sem sent var til hv. allshn. mjög snemma á þessu þingi og mér væri nokkur forvitni á að vita, hvort n. byggist við að afgreiða. Ég veit að vísu, að hv. formaður muni vitna til þess, að hv. þm. Seyðf. sé fjarstaddur, en hann muni athugasemdir hafa að gera við einstök ákvæði frv. Þetta er rétt, en búast má við honum heim a. m. k. innan viku, svo að hann mundi hafa fullt færi á að koma sínum brtt. að, jafnvel þótt n. afgreiddi málið frá sér einhvern næstu daga, hvort sem hún vill vera því sammála eða ekki eða óskar á því frekari athugunar. En hér er um slíkt mál að ræða, að eðlilegt virðist, að n. láti eitthvað uppi um það til leiðbeiningar í framtíðinni, ef hún getur ekki fallizt á meginatriði frv. óbreytt, sem mér er með öllu ókunnugt um.

Þá er það frv. til laga um sálfræðiþjónustu í barnaskólum, sem snemma á þinginu var sent til hv. menntmn. Enginn efi er á því, að hér er um merkilegt nýmæli að ræða og full þörf er á slíkri þjónustu. Mér er ekkert launungarmál, að ég tel, að í þessu frv. felist einungis vísir að því, sem verða muni síðar, en ekki fullkomin framtíðarlausn. Ég veit ekki, hvaða skoðun hv. n. hefur á málinu, en ég tel það a. m. k. merkara en svo, að verjanlegt sé að láta það falla þegjandi niður.

Loks er frv. til laga um ríkisborgararétt, sem lagt var fyrir þingið, eftir að það kom saman að loknu jólafríi, og mun nú vera hjá hv. allshn. Það er ekki hægt að segja, að málið hafi dregizt óhæfilega, en ég vildi þó fremur ýta á eftir afgreiðslu þess.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Tvö af þeim málum, sem hæstv. ráðh. var að kalla eftir, eru hjá allshn. Þar er ég formaður og vil gjarnan

skýra honum frá, hvernig málið stendur, enda þótt honum sé um annað þeirra kunnugt áður.

Ég hef sagt honum það áður, að Lárus Jóhannesson hrl., þm. Seyðf., væri á móti frv. um prentrétt eins og það væri. Það eru nú komnar til hans um málið, ekki n., umsagnir bókaútgefenda og lögfræðinga hér í bænum, ég veit ekki hvað margra, hann hefur verið að vinna í því, og meðan hann er með þær, væntanlega ekki með sér í ferðalaginu, en heima í sinni skrifborðsskúffu eða á einhverjum öðrum stað, þar sem hann geymir þær vel, kannske bara í sínu höfði, ég skal ekkert segja um það, verður það mál ekki tekið fyrir. Ég vinn ekki að því að taka það fyrir, fyrr en hv. þm. Seyðf. kemur heim, svo að hann geti komið að þeim athugasemdum, sem bókaútgefendur og lögfræðingarnir í bænum hafa við það að gera og hann hefur hjá sér.

Hvað frv. um ríkisborgararéttinn snertir, þá er það að vísu rétt, að það er búið að vísa því til n., en n. hefur ekki enn þá fengið eitt einasta gagn, sem á að fylgja því, hvorki frá stjórnarráðinu né neins staðar frá. En fyrr en hún fær þau gögn, getur hún ekki tekið það til meðferðar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. (PZ), formaður hv. allshn., er, sem við vitum, allra manna minnugastur, en þó hefur honum nokkuð skotizt í því, sem sjaldan verður, að hann hafi sagt mér frá því, að hv. þm. Seyðf. (LJóh) hefði einhver plögg frá lögfræðingum hér í bænum varðandi þetta mál. Það hef ég ekki heyrt fyrr. Hitt sagði þm. mér, að hv. þm. Seyðf. hefði athugasemdir að gera við frv., það játa ég fúslega. En ég vildi nú beina því til hv. þm., að ef hann hefur ríka löngun til þess að vinna að málinu og leysa sína þingmannsskyldu af hendi, eins og ég treysti honum allra manna bezt til, svo ötulum manni, þá mundi vera hægt að fá afrit af þessum skjölum frá lögfræðingunum, sem athugasemdirnar hafa samið, svo að n. gæti kynnt sér þær og þá ef til vill dómsmrn. og semjandi frv. En um þessar athugasemdir hef ég ekki heyrt fyrr. Ég er sízt á móti því, að þær séu skoðaðar og málið sé athugað til hlítar, en mér finnst ekki verjanlegt, eftir að þing er búið að sitja hér frá því snemma í október, að málið skuli enga efnisathugun hafa fengið hjá hv. n. Það finnst mér linlega á haldið.

Um ríkisborgararéttinn stendur öðruvísi á. Það frv. er tiltölulega nýkomið til hv. n. Ég er mér þess ekki meðvitandi, að ég hafi vanrækt að láta n. fá nokkur gögn. Ef svo er, þá er sjálfsagt að bæta úr því. En ég hef ekki heyrt það fyrr.

Varðandi hv. menntmn. er það þannig, að hún hefur af miklu meiri röskleika afgreitt þau mál, sem til hennar hafa komið, og ég veit, að hún hefur mikið athugað málið um sálfræðilega þjónustu, en mér finnst tími til þess kominn, að þeirri athugun ljúki.

Ingólfur Flygenring: Herra forseti. Út af athugasemdum hæstv. dómsmrh. um sálfræðifrv., þá er það rétt, sem hann tók fram, að n. hefur tekið þetta fyrir og hefur verið í miklum vafa um, hvernig beri að afgreiða það. En það er alveg sjálfsagt að gera því skil með einhvers konar áliti þegar í þessari viku eða á mánudaginn kemur.

Forseti (GíslJ): Ég mun að sjálfsögðu, að gefnu tilefni, hafa samráð við nefndaformennina um þessi mál og sjá, hvort hægt sé að þoka þeim eitthvað áfram.

Á 66. fundi í Nd., 10. febr., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef flutt á þskj. 69 frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju. Því var útbýtt í þessari hv. d. 25. okt., það var umr. um það 31. okt., og 1. nóv. var því vísað til hv. fjhn. Síðan eru nú liðnir rúmir þrír mánuðir. Ég vildi leyfa mér að óska eftir því, að hv. fjhn. færi nú að afgreiða þetta mál.

Mér er ekki grunlaust um, að ég eigi hér ekki einn hlut að máli um mál, sem hafi farið til n. í þessari hv. d. og ekki séu komin þaðan aftur. Ég vil láta þá skoðun í ljós, að sú þróun mála, sem er að verða hér í þinginu á síðustu tveim, þrem árum, að nefndir séu beinlínis notaðar til þess að svæfa mál og skila aldrei áliti um þau, er að verða alveg óþolandi. Þetta hefur farið hríðversnandi þessi síðustu tvö, þrjú ár. Það var stundum nokkurn tíma legið á málum hér áður fyrr, en venjulega var þó svo, að nefndir skiptust þá um þetta, og meiri hl., sem var á móti þeim, lagði þá til að vísa þeim frá, en nú virðist orðin alveg föst regla hjá stjórnarmeirihlutanum að afgreiða ekki mál stjórnarandstæðinga úr nefnd.

Ég vildi leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að hann hlutaðist til um, að hér yrði gerð breyting á og að bæði hv. fjhn. og aðrar n. deildarinnar, sem ekki hafa enn þá skilað nál. um mál, sem eru búin að vera hjá þeim mánuðum saman, taki sig til og vinni eins og ætlazt er til af nefndunum. Það er síður en svo til þess að auka veg þingsins að taka upp þennan hátt, auk þess sem hann er ákaflega óviðfelldinn og lítt karlmannlegur af meiri hlutanum, að geta þá ekki einfaldlega lagt til að vísa málum frá, vísa þeim til stjórnar eða fella þau, í staðinn fyrir að liggja á þeim og þora aldrei að segja sitt álit um þau. Ég vildi eindregið óska eftir því, að hæstv. forseti bæði í fyrsta lagi hv. fjhn. og síðan aðrar þær nefndir d., sem hafa ekki skilað neinum álitum um mál, sem til þeirra hafa farið, að taka upp önnur vinnubrögð.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Ég vil mjög eindregið taka undir þessi ummæli hv. 2. þm. Reykv. um að fá mál úr nefndum. Við þm. Þjóðvfl. eigum fjölmörg mál í nefndum, ýmsum nefndum þingsins, og höfum átt allt frá fyrstu dögum þings í haust. Ég vil sérstaklega minna á frv. um olíuverzlun ríkisins, sem var flutt í þingbyrjun og vísað þá þegar til hv. fjhn. og hefur ekki komið enn þá. Enn fremur liggur mál hjá hv. landbn. um að styrkja ræktun skjólbelta o. s. frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að telja upp öll þessi mál, en ég vil mælast til þess við forseta, að hann ýti á eftir þeim n., sem hér eiga hlut að máli, eða að öðrum kosti að hann taki málin

frá nefndunum og taki þau hér til 2. umr., ef nefndir eru ófáanlegar til að skila um þau áliti.

Forseti (HÁ): Hv. þdm., formenn nefnda og aðrir nefndarmenn hafa heyrt fram bornar óskir þessara tveggja ræðumanna um að hraða afgreiðslu mála úr nefndum. Forseti verður að vænta þess, að við þessu verði orðið, eftir því sem unnt er.

Á 48. fundi í Sþ., 21. marz, utan dagskrár, mælti

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Í byrjun þessa þings fluttum við þm. Þjóðvarnarflokksins till. til þál. um endurskoðun herstöðvasamningsins frá 1951 og uppsögn hans að lögákveðnum endurskoðunartíma loknum og brottför hers úr landi. Snemma á þinginu var þessari till. vísað til hv. utanrmn. Þá hafa og hv. þm. Alþfl. flutt þáltill. snemma á þinginu um endurskoðun sama samnings, og var þeirri till. einnig vísað til hv. utanrmn. Nú hefur það gerzt á nýafstöðnu flokksþingi Framsfl., að sá flokkur hefur í stefnuyfirlýsingu sinni eða stjórnmálasamþykkt samþykkt að vinna að því, að samningur þessi verði endurskoðaður og herinn fari úr landi. Það hefur frá upphafi legið fyrir, að þm. Þjóðvfl. og þm. Sósfl. hafa verið andvígir þessum samningi, og það hefur einnig legið fyrir, frá þingbyrjun a. m. k., að þm. Alþfl. hafa viljað fá a. m. k. fram mjög verulegar breytingar á þeim samningi. Það virðist því augljóst, að nú sé öruggur þingmeirihluti fyrir því að æskja endurskoðunar á samningi þessum, og ég vildi því beina þeirri fyrirspurn til utanrmn., hvort hún muni ekki hafa senn lokið athugun á þeim þáltill., sem fyrir liggja um þetta efni, og nál. muni ekki vera að vænta bráðlega, þar sem senn líður væntanlega að þinglokum. Ég vildi jafnframt beina því til hæstv. forseta, ef einhver doði væri á n. og ekki alveg víst um, hvort hún væri vakandi í störfum, að athuga, hvort ekki muni vera hægt að fá hana til þess að hefjast handa um að afgreiða þessi mál; þau eru ekki mörg málin, að ég hygg, sem til hennar hefur verið vísað, og því störfin ekki ýkja mikil. Það virðist ekki með öllu eðlilegt, ef þingnefndir liggja á málum, sem öruggur framgangur virðist vís á Alþingi.

Forseti (JörB): Ég skal koma þessari fyrirspurn hv. þm. til formanns utanrmn.

Á 104. fundi í Ed., 28. marz, utan dagskrár, mælti

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. forseti sér sér fært að gefa heilbr.- og félmn. nokkurt tóm til að taka fyrir þau mál, sem til hennar hefur verið vísað. Þess hefur verið farið á leit við mig sem formann n. alveg sérstaklega, að reynt yrði að greiða fyrir þessum málum. Þess vegna vil ég spyrjast fyrir um þetta.

Forseti (GíslJ): Út af fsp. hv. form. heilbr.- og félmn. er það eina, sem ég get upplýst, að það munu verða fundir hér til kl. 12, það er síðan fundur í hv. Sþ. kl. 1½, og eftir þann fund verður síðasti fundur haldinn hér í þessari deild. Ef hins vegar liggja fyrir mál, sem enginn ágreiningur er um á þeim síðasta fundi, mundi ég að sjálfsögðu sem forseti taka tvo fundi til þess að ljúka þeim málum. Sé hins vegar ágreiningur um málin, þá treysti ég mér ekki til þess að láta þau ganga fram á þeim fundi vegna þess, hve tíminn er skammur, því að hugsað mun vera að hafa fund aftur í hv. Sþ. kl. 5¼.

Á 107. fundi í Ed., s. d., utan dagskrár, mælti

forseti (GíslJ): Það hafa verið boðaðir flokksfundir nú þegar, og er beðið eftir því, að þessum fundi ljúki, enda mun það verða síðasti fundurinn í dag og síðasti fundurinn á þessu þingi í þessari hv. deild. Eins og ég gat um í morgun, mun ég ekki taka til umr. hér nein þau mál á þessum fundi, sem deilu kunna að valda. Nú hefur hv. heilbr.- og félmn. skilað áliti í 83. máli, um félagsheimili. Hefur báðum nál. verið útbýtt, og er n. auðsjáanlega klofin og sýnilegt, að ekki verður tími til þess að afgreiða það mál á þessu þingi, þar sem slita á þingi nú kl. 5. Sama má raunverulega segja um 192. mál, hnefaleika. N. er að vísu ekki klofin og þó ekki fullkomlega sammála, enda þyrfti tvo fundi um málið. Ég mun því taka 1. og 2. málið út af dagskrá, enda yrði að halda tvo fundi um málið, ef ætti að taka það fyrir, og til þess gefst ekki tími, því að beðið er eftir því, að hv. þingmenn komi á flokksfund.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða út af ummælum hæstv. forseta að segja, að ég harma það, að hann hefur tekið upp viðvíkjandi afgreiðslu máls þann sið, sem hann beitir nú um 83. málið. Ég óskaði þess, að málið væri tekið á dagskrá í gær, þannig að það gæti farið til n. þá og mætti ljúkast, því að ég vil undirstrika það, sem ég hef áður bent á, að það liggur fyrir, að meiri hl. hefur samþ. þetta frv. óbreytt eins og það er hingað komið, og telja má fullvíst, að þingvilji sé fyrir því, að málið fái afgreiðslu hér í deildinni. Ég harma því, að hæstv. forseti beitir forsetavaldi sínu til að kæfa þetta mál.

Forseti (GíslJ): Út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. vil ég taka fram, að það er byggt á algerum misskilningi, að þetta mál hefði átt að takast á dagskrá í gær. Það var ekki tilbúið frá skrifstofunni til þess að taka það þá á dagskrá. Það var þá komið að fundartíma, og var ekki hægt að taka það á dagskrá í gær, svo að skoðun hans um það er byggð á algerum misskilningi, auk þess sem ég hef upplýst, að þessi hv. deild hefur óskað eftir, að frv. til l. um félagsheimili væri endurskoðað, og það getur ekki orðið annað en mjög hörð og löng deila um það atriði, svo að það væri alveg þýðingarlaust að taka málið nú á dagskrá til umræðu.

IV. Lausnarbeiðni ráðuneytisins.

Á 51. fundi í Sþ., 27. marz, utan dagskrár, mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Í morgun kl. 10 gekk ég á fund forseta Íslands og lagði fram lausnarbeiðni fyrir mig og ráðuneyti mitt. Ég afhenti þá forsetanum svo hljóðandi greinargerð:

„Í sáttmála þeim, sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn gerðu með sér, þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, segir m. a.:

„Það er samkomulag, að forsætisráðherra beiti ekki þingrofsvaldi nema með samþykki beggja stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar eða ráðherra þeirra. Ákveði annar hvor stuðningsflokkurinn að hætta stjórnarsamstarfi, skal stjórnin segja af sér.“

Nú hefur mér borizt tilkynning frá ráðherrum Framsóknarflokksins, þar sem segir m. a.:

„Lokið er stuðningi Framsóknarflokksins við núverandi ríkisstjórn.“

Með tilvísun til þessarar ákvörðunar Framsóknarflokksins og ofangreindra ákvæða í stjórnarsáttmálanum leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja til, að þér, herra forseti, fallizt á að veita núverandi ráðuneyti lausn.“

Forseti samþykkti lausnarbeiðnina síðdegis í dag og mæltist jafnframt til þess, að ríkisstjórnin starfaði áfram fram yfir kosningar, og féllst ríkisstjórnin á það.

Í dag hefur forseti Íslands átt tal við formenn allra þingflokka, og að þeim viðræðum loknum var haldinn fundur í ríkisráði kl. 6 síðdegis. Var á fundinum gefið út forsetabréf um þingrof frá 24. júní n. k. að telja og fari almennar kosningar til Alþingis fram þann dag.

Þetta vildi ég leyfa mér að tilkynna hæstv. Alþingi.

V. Minning Jakobs Möllers.

Á 10. fundi í Sþ., 7. nóv., mælti

forseti (JörB): Jakob Möller fyrrum sendiherra andaðist á heimili sínu hér í bæ s. l. laugardagsmorgun, 75 ára að aldri. Hann átti um alllangt skeið sæti á Alþingi, sat á 28 þingum alls, og var fjármálaráðherra hátt á fjórða ár. Ég vil nú minnast nokkrum orðum þessa þjóðkunna manns.

Jakob Ragnar Valdimar Möller fæddist á Stóra-Bergi á Skagaströnd 12. júlí 1880. Foreldrar hans voru Ole Möller kaupmaður á Hólanesi, síðar á Blönduósi og Hjalteyri, og kona hans, Ingibjörg Gísladóttir bónda á Neðri-Mýrum í Engihlíðarhreppi Jónssonar. Jakob Möller lauk stúdentsprófi við menntaskólann í Reykjavík árið 1902, var síðan um stundarsakir við verkfræðinám í Kaupmannahöfn, stundaði nám í læknaskólanum í Reykjavík á árunum 1906—1909, en hvarf þá frá námi að öðrum störfum. Bankaritari í Landsbankanum var hann 1909—1915, ritstjóri dagblaðsins Vísis 1915—1924, eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum 1924—1934, stjórnmálaritstjóri Vísis 1935—1939, framkvæmdastjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur 1937—1945, að undanskildu því tímabili, er hann var ráðherra, frá apríl 1939 fram í desember 1942. Sumarið 1945 var hann skipaður sendiherra Íslands í Danmörku og gegndi því embætti þar til honum skömmu eftir áramótin 1950—1951 var veitt lausn sakir aldurs. Eftir það átti hann heimili hér í Reykjavík til æviloka.

Jakob Möller lét mikið að sér kveða um landsmál, bæjarmálefni Reykjavíkur og ýmiss konar félagsstarfsemi, enda voru honum falin margvísleg trúnaðarstörf í þeim efnum. Þingmaður Reykvíkinga var hann á árunum 1920—1927 og 1931—1945. Reikningsglöggur var hann í bezta lagi og fjallaði jafnan innan þings sem utan um fjárhagsmálefni öðrum málum fremur. Í þriggja flokka ríkisstj., sem sat á árunum 1939—1942, skipaði hann sæti fjármálaráðherra, og með fjármál og dómsmál fór hann um sjö mánaða bil í fyrsta ráðuneyti Ólafs Thors. Af margs konar trúnaðarstörfum öðrum, sem honum voru falin á vegum ríkisins, skulu þessi talin: Í bankaráði Íslandsbanka sat hann 1922—1924, í Þingvallanefnd 1933—1934, í eftirlitsráði með opinberum rekstri 1935—1936, í eftirlitsnefnd með opinberum sjóðum 1935—1939, í stjórn byggingarsjóðs verkamanna 1935—1945, í landsbankanefnd 1936—1945, í bankaráði Landsbankans 1944—1945. Einnig átti hann sæti í nokkrum milliþinganefndum, m. a. nefndum þeim, sem unnu að samningu launalaganna frá 1945 og almannatryggingalaganna frá 1946. Í bæjarstjórn Reykjavíkur átti hann sæti á árunum 1930—1945 og jafnframt í bæjarráði frá stofnun þess. Mun mjög hafa gætt á þeim árum tillagna hans og ráða um ákvarðanir bæjarstjórnar og framkvæmdir bæjarfélagsins, og ýmsum nefndarstörfum á þess vegum sinnti hann á þessu tímabili. Að bindindismálum vann hann um langt skeið og var allmörg ár í framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands. Leiklistarmál lét hann sig miklu skipta, var sjálfur góður leikari á yngri árum og gerðist síðar ötull áhugamaður um byggingu íslenzks þjóðleikhúss. Í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga var hann löngum í hópi þeirra, sem gerðu stærstar kröfur.

Jakob Möller var gæddur fjölhæfum gáfum, vel máli farinn og rökfimur. Hann var óáleitinn hversdagslega, prúður og hæglátur í fasi, en þætti honum réttu máli hallað, reyndist hann fullhugi mikill og harðskeyttur baráttumaður, varðist djarflega og greiddi þung högg og stór. Hann var hjálpfús og hollráður þeim, sem til hans leituðu, og komu þeir mannkostir hans mörgum að haldi, er hann var fulltrúi Íslands erlendis.

Ég vil biðja þingheim að minnast þessa mikilhæfa manns með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

VI. Varamenn taka þingsæti.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11 okt. 1955.
Magnús Jónsson, f. h. þingflokks Sjálfstæðisflokksins, hefur í dag ritað mér á þessa leið:
„Þar sem Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang., er nú erlendis og mun ekki um skeið geta setið á Alþingi, er þess hér með óskað, að varamaður hans, Sigurjón Sigurðsson bóndi í Raftholti, taki á meðan sæti hans á Alþingi."
Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.
Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs Alþingis." — [Fundarhlé.]

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Þeir nm., sem staddir eru hér á landi, sem er meiri hl. nefndarinnar, hafa rannsakað mál þetta. Að vísu liggur ekki fyrir kjörbréf Sigurjóns Sigurðssonar bónda í Raftholti sem varamanns Ingólfs Jónssonar, 1. þm. Rang. Aftur á móti liggur fyrir yfirlýsing formanns yfirkjörstjórnar Rangárvallasýslu við síðustu kosningar um, að Sigurjón Sigurðsson hafi verið kosinn varaalþingismaður fyrir Rangárvallasýslu af hálfu Sjálfstæðisflokksins, og enn fremur liggur fyrir yfirlýsing frá Hagstofu Íslands um sama efni.
Með tilliti til þessara skjala leyfa þeir nm., sem hér eru, sér að leggja einróma til, að kosning Sigurjóns Sigurðssonar bónda í Raftholti verði tekin gild og honum heimiluð seta á Alþingi í forföllum Ingólfs Jónssonar, 1. þm. Rang.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Sigurjón Sigurðsson, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 29. fundi í Sþ., 24. jan., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. jan. 1956.
Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:
„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sækja 4. þing Norðurlandaráðs og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu tvær vikur, er þess hér með óskað með skírskotun til 144. gr. kosningalaganna, að varamaður minn, Tómas Árnason deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."
Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.
Forseti efri deildar,
Gísli Jónsson.
Til forseta sameinaðs Alþingis."
Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að gera svo vel að rannsaka kjörbréf varaþingmannsins og mun veita 10 mín. fundarhlé, á meðan rannsókn á bréfinu fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund nú í hléinu, og hefur verið lagt fyrir fundinn kjörbréf Tómasar Árnasonar hdl., sem kjörinn hefur verið varaþingmaður Framsfl. í Eyjafjarðarsýslu við síðustu alþingiskosningar. Nefndin er sammála um að leggja til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 30 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Tómas Árnason, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., utan dagskrár, mælti

forseti (HÁ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. jan. 1956.
Þar sem ég er á förum til útlanda til að sækja 4. þing Norðurlandaráðs og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu tvær vikur, er þess hér með óskað með skírskotun til 144. gr. kosningalaganna, að varamaður minn, Kristinn Gunnarsson forstjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi.
Emil Jónsson.
Til forseta neðri deildar."
Ég leyfi mér að bjóða Kristin Gunnarsson velkominn til starfa hér hjá okkur í deildinni.

Á 67. fundi í Nd., 13. febr., utan dagskrár, mælti

forseti (HÁ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. febr. 1956.
Sökum þess að ég geri ráð fyrir að verða fjarverandi um þriggja vikna tíma, óska ég, að fyrsti varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík verði kvaddur til að taka sæti á Alþingi í fjarveru minni.
Björn Ólafsson.
Til forseta neðri deildar."
Fyrsti varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er frú Kristín Sigurðardóttir, og býð ég hana velkomna til starfa hér.

VII. Kosningar.

1. Fulltrúar í Norðurlandaráð.
a. Kosning í Ed.

Á 16. fundi í Ed., 11. nóv., var tekin á dagskrá **kosning tveggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.**

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Ed., 14. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, A og B, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Gísli Jónsson alþm. (A),
Bernharð Stefánsson alþm. (B).
Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Lárus Jóhannesson alþm. (A),
Karl Kristjánsson alþm. (B).

b. Kosning í Nd.

Á 17. fundi í Nd., 11. nóv., var tekin á dagskrá
kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Nd., 14. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.
Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista var *GilsG*; á B-lista voru SB, ÁB, EmJ. — A-listi hlaut 5 atkv., B-listi 22 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:
Sigurður Bjarnason alþm.,
Ásgeir Bjarnason alþm.,
Emil Jónsson alþm.
Við kosningu varamanna kom fram einn listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Magnús Jónsson alþm.,
Halldór Ásgrímsson alþm.,
Gylfi Þ. Gíslason alþm.

2. Stjórn Minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.

Á 35. fundi í Nd., 15. des., var tekin til meðferðar
kosning tveggja manna í stjórn Minningarsjóðs Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum til 6 ára, frá 1. jan. 1956 til 31. des. 1961, samkv. 3. gr. skipulagsskrár sjóðsins, staðfestrar 6. ágúst 1913.

Fram kom einn listi með tveimur nöfnum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sigurður Jónsson verkfræðingur,
Jón Gauti Pétursson bóndi.

3. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands, til fjögurra ára, frá 1. jan. 1956 til 31. des. 1959, samkv. 7. gr. l. nr. 2 1888.

Samkv. þeirri einu tillögu, sem fram kom, lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:
Jóhannes Elíasson stjórnarráðsfulltrúi.

4. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 24. og 25 fundi í Sþ., 15. og 16. des., var tekin á dagskrá
kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, samkv. reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt. 1912, 3. gr.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Þorkell Jóhannesson háskólarektor (A),
Matthías Þórðarson fyrrv. þjóðminjavörður (B),
Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari (A).

5. Framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs.

Á 24. og 25. fundi í Sþ., 15. og 16. des., var tekin á dagskrá
kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands til sex ára, frá 1. jan. 1956 að telja til 31. des. 1961, samkv. 7. gr. l. nr. 2 1888.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var kosningin tekin til meðferðar.
Fram kom aðeins ein tillaga. Samkv. því lýsti forseti yfir því, að kjörin væri án atkvgr.:
Gunnlaug Briem.

6. Landsbankanefnd.

Á 24., 25., 38. og 39. fundi í Sþ., 15. og 16. des., 8. og 15. febr., var tekin á dagskrá
kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd, allra til sex ára, frá 1. jan. 1956 að telja til 31. des. 1961, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 34. gr. l. nr. 10 1928, um Landsbanka Íslands, og l. nr. 40 1940, um breyt. á þeim lögum.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var kosningin tekin til meðferðar.
Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Eysteinn Jónsson, Andrés Eyjólfsson, Guðmundur R. Oddsson; á B-lista Bjarni Snæbjörnsson, Ingólfur Jónsson; á C-lista Gils Guðmundsson. — A-listi hlaut 22 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:
Eysteinn Jónsson fjmrh.,
Bjarni Snæbjörnsson læknir,
Andrés Eyjólfsson alþm.,
Ingólfur Jónsson viðskmrh.,
Gils Guðmundsson alþm.
Við kosningu varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Þórarinn Þórarinsson ritstjóri (A),
Gísli Jónsson alþm. (B),
Helgi Jónasson alþm. (A),
Ingólfur Flygenring alþm. (B),
Brynjólfur Ingólfsson stjórnarráðsfulltrúi (C).

7. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á 39. og 44. fundi í Sþ., 15. febr. og 7. marz, var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna nefndar samkv. 15. gr. A. XI. í fjárlögum fyrir árið 1956 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 15. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Þorkell Jóhannesson háskólarektor (A),
Þorsteinn Þorsteinsson fyrrv. sýslumaður (B),
Helgi Sæmundsson ritstjóri (A).

8. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 24., 25., 39. og 44. fundi í Sþ., 15. og 16. des., 15. febr. og 7. marz, var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1955, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 15. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jörundur Brynjólfsson alþm. (A),
Jón Pálmason alþm. (B),
Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi (A).

9. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á 25., 26. og 44. fundi í Sþ., 15. og 16. des., 7. marz, var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í stjórn síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1956 að telja til 31. des. 1958, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 1 1938 og l. nr. 43 s. á.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 15. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Eysteinn Jónsson fjmrh. (A),
Sveinn Benediktsson framkvæmdastjóri (B),
Jón Kjartansson bæjarstjóri (A),
Sigurður Ágústsson alþm. (B),
Þóroddur Guðmundsson fyrrv. alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Karl Kristjánsson alþm. (A),
Júlíus Havsteen sýslumaður (B),
Hólmsteinn Helgason (A),
Georg Pálsson (B),
Tryggvi Helgason (C).

10. Síldarútvegsnefnd.

Á 24., 25., 39. og 44. fundi í Sþ., 15. og 16. des., 15. febr. og 7. marz, var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1956 að telja til 31. des. 1958, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 74 1934.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 15. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Björn Kristjánsson, Erlendur Þorsteinsson; á B-lista Jón L. Þórðarson, Jónas Rafnar; á C-lista Gunnar Jóhannsson. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 20 atkv., C-listi 7 atkv., en tveir seðlar voru auðir. Samkv. þessum úrslitum lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Björn Kristjánsson fyrrv. alþm. (A),
Jón L. Þórðarson framkvæmdastjóri (B),
Erlendur Þorsteinsson fyrrv. alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jakob Frímannsson kaupfélagsstjóri (A),
Guðfinnur Einarsson útgerðarmaður (B),
Birgir Finnsson forstjóri (A).

11. Flugráð.

Á 24., 25., 39. og 44. fundi í Sþ., 15. og 16. des., 15. febr. og 7. marz, var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í flugráð og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1956 að telja til 31. des. 1959, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 119 1950, um stjórn flugmála.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 15. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Þórður Björnsson fulltrúi (A),
Bergur G. Gíslason framkvæmdastjóri (B),
Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti (A).

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með samtals þremur nöfnum. Samkv. því hlutu kosningu án atkvgr.:

Guðbrandur Magnússon forstjóri (A),
Örn Johnsen framkvæmdastjóri (B),
Jón Axel Pétursson framkvæmdastjóri (A).

12. Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs.

Á 52. fundi í Sþ., 28. marz, var tekin til meðferðar

kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um atvinnuleysistryggingar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn

skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri (A),
Kjartan J. Jóhannsson alþm. (B),
Óskar Hallgrímsson rafvirki (A),
Jóhann Hafstein alþm. (B),
Eðvarð Sigurðsson ritari Dagsbrúnar (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með fimm nöfnum samtals. Samkv. því hlutu kosningu:
Guttormur Sigurbjörnsson erindreki (A),
Ingólfur Flygenring alþm. (B),
Magnús Ástmarsson prentari (A),
Sigurður Ó. Ólafsson alþm. (B),
Hannes Stephensen formaður Dagsbrúnar (C).

13. Milliþinganefnd í samgöngumálum.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fimm manna milliþinganefndar samkv. þingsályktun 15. marz 1956 um skipulag á samgöngum innanlands.**

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Páll Þorsteinsson alþm. (A),
Matthías Bjarnason ritstjóri (B),
Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri (A),
Ragnar Jónsson verzlunarstjóri (B),
Karl Guðjónsson alþm. (C).

14. Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fimm manna nefndar samkv. þingsályktun 27. marz 1956 um tæknilegar og viðskiptalegar umbætur í sjávarútvegsmálum, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jóhannes Elíasson stjórnarráðsfulltrúi (A),
Davíð Ólafsson fiskimálastjóri (B),
Kristinn Gunnarsson forstjóri (A),
Gísli Jónsson alþm. (B),
Lúðvík Jósefsson alþm. (C).

15. Milliliðagróðanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fimm manna rannsóknarnefndar samkv. þingsályktun 27. marz 1956 um rannsókn á milliliðagróða.**

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Skúli Guðmundsson alþm. (A),
Sigurður Bjarnason alþm. (B),
Gylfi Þ. Gíslason alþm. (A),
Magnús Jónsson alþm. (B),
Bergur Sigurbjörnsson alþm. (C).

VIII. Starfsmenn þingsins.

Þessir menn voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Sigríður Jónsdóttir, Snæbjörn Jóhannsson, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson, Halldóra B. Björnsson.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Umsjón og eftirlit: Ólafur Siggeirsson.
Fastavinna um þingtímann: Ólafur Tryggvason, Jóhannes H. Jónsson, Jón Ó. Ásmundsson.
Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Kirsten Thorberg, Sigfríður Bjarnar, Gerður Ísberg, Stefanía Einarsdóttir, Ólöf Klemenzdóttir, Hebba Herbertsdóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Þorlákur Haldorsen, Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson, Magnús Guðmundsson, Ásmundur Guðmundsson (frá 6. jan.), Þórður Jónsson (að hálfu).

Þingsveinsstörf:
Sigursteinn Hjaltested, Magnús Ólafsson, Magnús Jónsson (8.—11. okt.), Sigurður Kr. Haraldsson (10. okt. til 31. jan.), Guðlaugur Jónsson (til 11. nóv.), Jón Steingrímsson (18. okt. til 31. jan.), Guðmundur Sigurðsson (14. nóv. til 11. jan.), Ingvi Jóhannsson (frá 3. febr.), Ólafur Þór Jónsson (frá 13. febr.).

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Gréta Jónsdóttir.

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

IX. Þingfrestun og setning þings af nýju.

Á 34. fundi í Ed., 16. des., mælti

forseti (GíslJ): Þá er fundarefni þessa fundar lokið og einnig störfum þessarar hv. d. á þessu ári. Ég vil vænta þess að fá leyfi til þess að undirskrifa fundargerðir síðustu fjögurra funda

og mun taka það sem samþykkt, ef enginn mælir því gegn.

Ég vil nota tækifærið til þess að þakka hv. dm. fyrir góða samvinnu á þeim tíma, sem liðið hefur hér í þessari hv. d. á þessu ári. Ég vil leyfa mér að óska öllum hv. þm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs og sömuleiðis öllu starfsfólki þingsins. Ég vænti þess, að þeir hv. þm., sem nú hverfa heim, fái góða heimkomu og að við sjáumst allir hér aftur á hinu nýja ári, heilir og hressir.

Ég óska ykkur svo öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil leyfa mér fyrir hönd dm. að þakka hæstv. forseta góðar óskir og bera honum frá okkur öllum beztu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Ég vona, að við hittum hann allir heilan, þegar þing tekur næst til starfa. Ég vil biðja fundarmenn að taka undir. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (GíslJ): Ég þakka fyrir heillaóskir til mín og endurtek jóla- og nýársóskir til hv. þm.

Á 38. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd., áður en þingi verður frestað, vil ég óska utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu. Öllum hv. þdm. óska ég svo gleðilegra jóla og nýárs, um leið og ég þakka þeim góða samvinnu á árinu. Vil ég láta þá ósk í ljós, að við megum allir heilir hittast á nýju ári.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér, og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þdm., að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Jafnframt vil ég leyfa mér að þakka fyrir okkar hönd fyrir gott samstarf, það sem af er þinginu, og óska honum gleðilegra jóla og góðs nýárs og að við megum sjá hann heilan hér aftur, þegar við hittumst. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau. Endurtek ég svo árnaðaróskir mínar til hv. þm. og segi fundinum slitið.

Á 26. fundi í Sþ., 17. des., mælti

forseti (JörB): Þetta verður síðasti fundur Alþingis að þessu sinni. Ég vil þakka hv. þm. fyrir ágætt samstarf á þessu þingi. Ég vil óska þeim gleðilegra jóla og gleðilegs og farsæls komandi árs. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar ferðar heim og góðrar heimkomu. Ég vona, að við megum allir heilir hittast eftir áramótin eða næst er Alþ. kemur saman. Starfsfólki þingsins óska ég gleðilegra jóla og gleðilegs nýárs og þakka því unnin störf.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér, og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þm., að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil jafnframt þakka honum fyrir ágætt samstarf, það sem af er þessu þingi, óska honum gleðilegra jóla og góðs nýárs, óska honum góðrar heimferðar og heimkomu og vænta þess, að við megum sjá hann aftur heilan á húfi hér, þegar við hittumst aftur eftir áramótin. Ég vil biðja hv. þm. um að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (JörB): Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir góðar óskir og hlý orð í minn garð og einnig hv. þm. fyrir að hafa tekið undir þær. Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þingmanna.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég að tilskildu samþykki Alþingis veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 75. löggjafarþings, frá 17. des. 1955, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 5. jan. 1956.

Gert í Reykjavík, 17. des. 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 75. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag að telja, og verður það kvatt til funda að nýju eigi síðar en 5. jan. 1956.

Leyfi ég mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Forseti (JörB): Ég vil leyfa mér fyrir hönd Alþingis að þakka hæstv. forsrh. fyrir hans góðu óskir í garð okkar þm. Segi ég svo fundi slitið.

Á 27. fundi í Sþ., 5. jan., mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hinn 30. des. 1955 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 75. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 5. jan. 1956, kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 30. des. 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis.

Ég vil aðeins leyfa mér að óska hæstv. forseta og hv. þingmönnum gleðilegs árs með þakklæti fyrir það liðna.

Forseti (JörB): Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. góðar óskir hans til mín og hv. alþingismanna. Enn fremur vil ég óska hv. alþingismönnum góðs árs og þakka þeim fyrir liðið ár og býð þá velkomna til Alþingis til starfa áfram.

X. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 107. fundi í Ed., 28. marz, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (GíslJ): Þessu þingi er nú að verða lokið. Er þetta síðasti fundur þessarar hv. deildar að þessu sinni. Það hafa verið afgreidd hér mörg lög, sem munu marka tímamót í sögu þjóðarinnar og verða nýr og merkur áfangi á framfarabraut hennar, ef framkvæmd þeirra tekst vel og viturlega, og er það ósk mín, að svo megi verða.

Það kjörtímabil, sem hófst að loknum kosningum 1953, hefur nú fyrir rás viðburðanna verið stytt um eitt ár og nýjar kosningar boðaðar á þessu ári. Þessi fundur er því jafnframt síðasti fundur deildarinnar á yfirstandandi kjörtímabili. Að honum loknum hverfum við allir deildarmenn af þingi, sumir væntanlega aðeins um stundarsakir, aðrir ef til vill fyrir fullt og allt.

Ég hef sérstaka ástæðu til að þakka samstarf um mörg liðin ár, bæði í deildinni, í nefndum og sem forseti þau ár, sem ég hef gegnt því starfi. Ég flyt einnig öllu starfsliði þingsins þakkir fyrir störf þess, en þó alveg sérstaklega leyfi ég mér að flytja skrifstofustjóra Alþingis, sem nú lætur af störfum á þessu ári, þakkir fyrir hans framúrskarandi lipurð og samvizkusemi í öllu hans starfi um áratugi. Veit ég, að allir hv. alþm. taka undir það með mér og óska honum og hans fjölskyldu allrar blessunar á komandi árum.

Ég óska öllum hv. dm., þeim er utanbæjar búa, góðrar heimfarar og góðrar heimkomu, óska öllum hv. þm. og fjölskyldum þeirra og starfsliði þingsins gleðilegs sumars. Þeim hv. þm., sem hingað koma aftur að loknum kosningum, óska ég allrar blessunar og að þeim megi auðnast að leysa á viturlegan og drengilegan hátt sérhvern þann vanda, sem að höndum ber á hverjum tíma, þjóð og landi til blessunar. Ég endurtek þakklæti mitt til allra hv. þingmanna fyrir gott samstarf. Lifið heilir.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil leyfa mér og tel víst, að ég megi mæla það fyrir hönd allra deildarmanna, að þakka hæstv. forseta fyrir ágætt samstarf og röggsama fundarstjórn, bæði á þessu þingi, sem nú er að enda, og fyrri þingum. Ég veit ég mæli það einnig fyrir hönd allra þingmanna, þegar ég árna honum og fjölskyldu hans alls hins bezta. Ég vil biðja hv. þdm. að rísa úr sætum og taka undir þakkir mínar og árnaðaróskir til hæstv. forseta. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (GíslJ): Ég þakka ummæli hv. 4. þm. Reykv. og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau, endurtek þakklæti mitt til hv. þingbræðra minna. Þessum fundi er slitið.

b. Í neðri deild.

Á 100. fundi í Nd., 28. marz, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður síðasti fundur hv. þingdeildar á þessu þingi og væntanlega einnig á þessu kjörtímabili, leyfi ég mér að þakka hv. þdm. ánægjulega samvinnu við mig sem forseta á því kjörtímabili, sem nú er að líða. Ég óska utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og öllum hv. þm. allrar farsældar.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér, og ég veit, að ég mæli það fyrir munn allra hv. þdm., að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil jafnframt fyrir hönd allra hv. þingdeildarmanna þakka honum fyrir réttláta og röggsama fundarstjórn og gott samstarf við okkur þm., bæði nú á þessu þingi og á þessu kjörtímabili. Ég vil svo óska hæstv. forseta alls góðs og biðja hv. þm. um að rísa úr sæti og taka undir árnaðaróskir mínar til hans. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð og hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau. Ég endurtek árnaðaróskir mínar í garð hv. þingmanna og segi fundinum slitið.

XI. Þinglausnir.

Á 54. fundi í Sþ., 28. marz, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 8. okt. til 17. des. 1955 og frá 5. jan. til 28. marz 1956, eða alls 155 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	100
— efri deild	107
— sameinuðu þingi	54
Alls	261 þingfundur

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	32		
b. — — efri deild	23		
c. — — sameinað þing	2		
		57	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	50		
b. — — efri deild	19		
		69	
			126

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 14 frumvörp, sem nefndir fluttu, þar af 12 að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:
Stjórnarfrumvörp 39
Þingmannafrumvörp . 17
——— alls 56 lög.

b. Felld:
Stjórnarfrumvörp 3

c. Afgreidd með rökst. dagskrá:
Stjórnarfrumvarp 1
Þingmannafrumvörp . 6
——— alls 7

d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:
Þingmannafrumvörpum .. 2

e. Ekki útrædd:
Stjórnarfrumvörp 14
Þingmannafrumvörp . 44
——— alls 58

126

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi 59
b. — — —neðri deild 3
——— 62

Þar af:
a. Ályktanir Alþingis 34
b. Ályktanir neðri deildar .. 2
c. Felld 1
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar 2
e. Ekki útræddar 23
——— 62

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 20, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema 11

Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar, að undantekinni einni, sem útbýtt var á lokadegi þingsins, og annarri, sem tekin var aftur.

Mál til meðferðar í þinginu alls 199
Tala prentaðra þingskjala alls .. 675

Síðan mælti

forseti (JörB): Ég vil svo leyfa mér að þakka hv. þm. fyrir samstarfið á þessu þingi. Sérstaklega þakka ég þeim, hvað þeir hafa gert mér auðveld störfin og á allan hátt af sinni hálfu reynt að greiða fyrir því, að þau gætu gengið sem greiðast og verið sem minnst til tafar störfum þingsins. Ég vil árna hv. þm. allra heilla í framtíðinni og óska utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu.

Þá vil ég þakka starfsfólki þingsins fyrir vel unnin störf. Sérstaklega vil ég beina þakklæti minu til skrifstofustjóra Alþingis, sem þannig er nú ástatt um, að hann mun ekki gegna störfum hér í Alþingi lengur sem skrifstofustjóri. Hann hefur nú starfað í þessari stofnun í nær 40 ár og mestan þann tíma sem skrifstofustjóri Alþingis. Ég þarf ekki að fjölyrða um það, hvernig þingmönnum hefur fallið samstarfið við hann, því að það vita allir frá fyrstu tíð, hve einkar vel og samvizkusamlega hann hefur rækt sitt starf og af sérstakri kostgæfni og alúð greitt götu þingmanna í einu og öllu. Þetta hefur farið því betur úr hendi hjá honum, þar sem hann er sérstökum hæfileikum gæddur sem smekkmaður, sem listfengur maður á íslenzkt mál, og hefur þess vegna á allan hátt verið hinn bezti starfsmaður í Alþingi. Persónulega vil ég færa honum sérstakar þakkir fyrir samstarfið alla þá stund, sem við höfum verið hér saman. Ég veit, að ég mæli þetta fyrir munn allra hv. alþm., og ég vil árna honum og vandamönnum hans alls hins bezta og heilla í framtíðinni.

Einar Olgeirsson: Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér, og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þm., að taka undir þær þakkir, sem hæstv. þingforseti hefur borið fram til skrifstofustjóra Alþingis, og ítreka ánægju okkar þingmanna og þakkir fyrir allt samstarfið við hann öll þau ár, sem við höfum átt sæti hér á Alþingi.

Ég vil svo, og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þm., þakka hæstv. þingforseta fyrir góð orð og óskir í okkar garð. Við alþm. þökkum hæstv. þingforseta okkar fyrir skörungsskap hans og réttsýni í fundarstjórn. Við þökkum honum fyrir ágætt samstarf við hann, bæði nú á þessu þingi og fyrrum. Við óskum honum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og árnum honum allra heilla í framtíðinni.

Ég leyfi mér að biðja hv. þm. um að taka undir þessi orð mín og árnaðaróskir og þakkir til hæstv. þingforseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (JörB): Ég vil leyfa mér að þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hans hlýju orð í minn garð og hv. þm. fyrir að taka undir þau.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef í dag gefið út bréf, er hljóðar svo:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 75. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, miðvikudaginn 28. marz 1956. Mun ég því slita Alþingi í dag.

Gert í Reykjavík, 2. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, er ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi er nú slitið.

Ég vil leyfa mér að biðja þingmenn að minnast ættjarðarinnar.

Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Ólafur Thors,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.